Neðri deild Alþingis.

Deildarsetning.

Ár 1915, miðvikudaginn 7. júlí, var fyrsti fundur neðri deildar Alþingis settur, eftir að sameinað þing hafði lokið störfum sínum að þessu sinni og þeir þingmenn til efri deildar gengnir, er þar áttu sæti.

Sátu þessir þingmenn neðri deild:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dalamanna.
3. Björn Hallsson, 1. þm. Norðmýlinga.
4. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
5. Eggert Pálsson, 2. þm. Rangæinga.
6. Einar Arnórsson, 2. þm. Árnesinga.
7. Einar Jónsson, 1. þm. Rangæinga.
8. Guðmundur Eggerz, 2. þm. Sunnmýl.
9. Guðmundur Hannesson, 1. þm. Húnv.
10. Hannes Hafstein, 1. þm. Eyfirðinga.
11. Hjörtur Snorrason, þm. Borgfirðinga.
12. Jóhann Eyjólfsson, þm. Mýramanna.
13. Jón Jónsson, 2. þm. Norðmýlinga.
14. Jón Magnússon, 2. þm. Reykvíkinga.
15. Matthías Ólafsson, 1. þm. V.-Ísfirð.
16. Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga.
17. Sigurður Eggerz, þm. V.-Skaftfellinga.
18. Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.
19. Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
20. Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísfirðinga.
21. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyfirðinga.
22. Sveinn Björnsson, 1.þm.Reykvíkinga.
23. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Skaftf.
24. Þórarinn Benediktsson, 1. þm. S.-M.

Ókomnir voru til þings:
Magnús Kristjánsson, þm. Akureyr., og Pjetur Jónsson, þm. Suður-Þingeyinga.

Ráðherra kvaddi Sigurð Gunnarsson, þingmann Snæfellinga, til að stýra fundi, sakir aldurs. Tók hann við fundarstjórn og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara þá Svein Björnsson, 1. þm. Reykvíkinga, og Þorleif Jónsson, þm. Austur-Skaftfellinga.

Ljet aldursforseti því næst ganga til kosninga um forseta deildarinnar.

Forseti deildarinnar var kosinn

Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga, með 20 atkvæðum.

Pjetur Jónsson, þm. Suður-Þingeyinga, hlaut 1 atkvæði og 3 seðlar voru auðir.

Fyrri varaforseti var kosinn

Pjetur Jónsson, þm. Suður-Þingeyinga, með 22 atkvæðum; 1 seðill var auður.

Þá var kosinn annar varaforseti.

Í fyrstu hlaut Guðmundur Hannesson, 1. þm. Húnvetninga, 11 atkvæði og Benedikt Sveinsson, þm. Norður-Þingeyinga, 10 atkvæði. Var því kosningin endurtekin, og hlaut þá kosningu sem annar varaforseti

Guðmundur Hannesson, 1. þm. Húnvetninga, með 12 atkvæðum.

Benedikt Sveinsson hlaut þá 11 atkv.

Því næst voru kosnir skrifarar deildarinnar. Kosningu hlutu þeir

Eggert Pálsson, 2. þm. Rangæinga, með 14 atkvæðum, og

Björn Hallsson, 1. þm. Norðmýlinga, með 8 atkvæðum.

Auk þeirra hlutu þessir atkvæði:

Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson og Þorleifur Jónsson, 2 atkvæði hver, Guðmundur Eggerz, Sveinn Björnsson og Þórarinn Benediktsson sitt atkvæðið hver, en 6 seðlar voru auðir.

Þá las forseti upp brjef frá ráðherra, dags. í dag, þar sem hann tilkynnir, að hann hafi í hyggju að leggja fyrir deildina á fundi hennar næsta dag þessi frumvarp:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.
4. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913.
5. Frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45 s. d.
6. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m.
7. Frv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum.
8. Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.
9. Frv. til laga um afhending á landi til stækkunar kirkjugarðsins í Reykjavík.
10. Frv. til laga um sparisjóði.
11. Frv. til laga um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, innstæðufje í bönkum og í sparisjóðum og á póstávísunum.
12. Frv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út.

A.

Frumvörp, samþykt af Alþingi sem lög.

I.

Stjórnarfrumvörp.

---

1. Fjárlög fyrir árin 1916 og 1917.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917. (A. bls. 1—83).

Ráðherra: Að þessu sinni vil jeg ekki fara að ræða frumvörpin hvert út af fyrir sig, en geymi mjer rjett til þess síðar. Jeg vil leyfa mjer að biðja hæstvirtan forseta að taka þau á dagskrá og deildina til meðferðar.

Jeg skal svo leyfa mjer að gefa stutt yfirlit yfir fjárhag landsins við síðustu áramót. Eins og menn geta sjeð í fjárlögunum 1914—1915, er tekjuhallinn áætlaður kr. 316,723,85. En að svo komnu verður ekki sagt um, hvernig rætast muni úr um fjárhag landsins. Það kemur ekki fyllilega í ljós fyrr en eftir næstu áramót, þegar gjöldin eru öll innheimt.

Árið 1914 voru tekjur landssjóðs kr. 2,309,862,01. En í fjárlögunum sýnast tekjurnar hafa verið áætlaðar kr. 1,956,235, svo að mismunurinn er kr. 353,627,01.

Þessi tekjuauki stafar aðallega af því, að tollarnir hafa reynst meiri en þeir voru áætlaðir.

T. d var útflutningsgjald áætlað hvort árið	kr.	150,000,00
en varð	—	195,111,53
Mismunur	kr.	45,111,53
Áfengistollur var áætlaður	—	10,000,00
en varð	—	30,539,31
Mismunur	kr.	20,539,31
Tóbakstollur var áætlaður	—	205,000,00
en varð	—	224,451,75
Mismunur	kr.	19,451,75
Mestu munar á kaffi- og sykurtollinum. Hann var áætlaður	—	415,000,00
en varð	—	525,010,34
Mismunur	kr.	110,010,34
Vörutollur var áætlaður	—	300,000,00
en varð	—	345,222,53
Mismunur	kr.	45,222,53

Svo eru ýmsar aðrar tekjur, sem hafa farið nokkuð fram úr áætlun, svo sem pósttekjur, símatekjur og aukatekjur. Ábúðar- og lausafjárskattur og húsaskattur hafa yfirleitt farið lítið fram úr áætlun.

Þá skal jeg snúa mjer að *útgjöldunum 1914*. Þau verða alls

kr. 2,580,816,63

En í fjárlögunum sýnast þau hafa verið áætluð kr. 2,119,144,63
Mismunurinn á milli áætlunarupphæðarinnar og tekjuupphæðarinnar verður því kr. 461,672,00
En þess ber hjer að gæta, að í útgjöldunum 1914 hafa verið greiddar 100,000 kr. sem hlutafje Eimskipafjelags Íslands og 100,000 kr. tillag til Landsbankans, samkvæmt lögum nr. 50, 10. nóv. 1913. Ef maður dregur þessar 200,000 kr. frá, þá yrðu útgjöldin fram yfir áætlun kr. 261,672,00
En af þessari upphæð, sem útgjöldin fara fram yfir áætlun, hafa verið greiddar eftir ýmsum lögum 258,054 kr. 34 au., svo að gjaldaáætlun fjárlaganna og útgjöldin standast nokkurn veginn á, þegar frá eru reiknaðar greiðslur eftir öðrum lögum.

Ef þessar 200,000 kr. eru dregnar frá gjöldunum 1914, þá verða þau kr. 2,380,816,63
En tekjurnar voru, eins og jeg nefndi áðan kr. 2,309,862,01
Mismunur verður því kr. 70,954,62

Samkvæmt frv. til laga um samþykt á landsreikningunum fyrir árin 1912 og 1913 hefir hreinn tekjuafgangur eftir fjárhagstímabilið 1912—1913 orðið kr. 291,884,63
og ef maður hugsar sjer, að af þeirri upphæð yrði borgaður tekjuhallinn 1914, yrðu samt eftir kr. 220,930,01
Það er nú aðgætandi, að fyrst og fremst veit maður ekki, hvernig fjárhagur landsins verður framvegis, og svo er farið fram á fjárveitingu í fjáraukal. 1912—13 og 1914—1915, sem nemur samtals kr. 241,091,43, og ef það er dregið frá tekjuafganginum, sem er eftir reikningnum 1912—1913, þá verður tekjuhallinn kr. 20,063,42.

Í sambandi við þetta skal jeg leyfa mjer að gjöra örstutta grein fyrir verðbrjefaeign landssjóðs og skuldum, sem hann stóð í við áramótin síðustu. Jeg skal geta þess, að hjer er ekki talin víxilskuld, sem landssjóður var í við Íslandsbanka, en hins vegar ekki heldur talin innieign í banka í New-York, en sú innieign er meiri en skuldin við Íslandsbanka. Verður væntanlega innan skamms gjörð grein fyrir störfum »Velferðarnefndarinnar«, er svo er nefnd, og í sambandi þar við verslunarráðstöfunum landssjóðs vegna styrjaldarinnar miklu. Jeg sný mjer þá að eignum þeim og skuldum, sem jeg nefndi. Það eru þá fyrst eignir viðlagasjóðs:

1. Innritunarskírteini fyrir 3 ½ % ríkisskuldabrjefum í veðbandi fyrir I. og III. flokki veðdeildar Landsbankans kr. 225.000,00
2. Innritunarskírteini fyrir 4% ríkisskuldabrjefum (í sama veðbandi) kr. 90.000,00.
3. 4½ % bankavaxtabréf af I. og II. flokki (í veðbandi fyrir III. fl. veðdeildar Landsb.) kr. 110,000,00
4. Skuldabréf sveitafjelaga og einstakra manna 3, 3½, 4 og 4½% kr. 1,480,057,93

Þetta verður samtals kr. 1,905,057,93

Þá eru næst verðbrjef, keypt fyrir lánsfje:

1. Bankavaxtabrjef, keypt fyrir lánið 1909 kr. 777,000,00
2. Bankavaxtabrjef, keypt fyrir lánið 1912 kr. 249,000,00

Samtals kr. 1,029,000,00

Öll verðbrjefaeign verður þá kr. 2,931,657,93

Svo má hjer enn fremur telja einskonar hlutabrjef í Landsbankanum, keypt 1. júlí 1914 fyrir 100,000 kr., og loks hlutabrjef í Eimskipafjelagi Íslands, svo að verðbrjefaeign landssjóðs er þá alls kr. 3,131,657,93

Þá kem jeg að hinum liðnum, skuldum landssjóðs:

1. Lánið frá 1908 (4% vextir, afborg-

ast á 15 árum). Það var við síðustu áramót kr. 333,333,33

2. Lánið frá 26. júlí 1909 til kaupa á bankavaxtabriefum III. flokks (vextir 4½%, afborgast á 30 árum) kr. 1,225,000,000

3. Lánið frá 1. nóv. 1912 (4½% vextir, afborgast á 15 árum. Hafnarlán Reykjavíkur) kr. 433,333,32

4. Lánið frá 1. jan. 1913, tekið hjá lífsábyrgðarstofnun danska ríkisins til kaupa á bankavaxtabrjefum III. flokks (vextir 4½%, afborgast á 30 árum) kr. 237,499,99

5. Lánið frá 1. nóv. 1913 til ritsímabygginga (vextir 4½%, afborgast á 30 árum) kr. 491,874,27

Skuldirnar verða þá samtals kr. 2,721,040,91

Eins og jeg gat um áðan, var verðbrjefaeign kr. 3,131,657,93, svo að verðbrjefaeign landssjóðs fram yfir skuldir hefir numið við síðustu áramót kr. 410,617,02.

Það verður því ekki sagt, að landssjóður eigi ekki fyrir skuldum, heldur þvert á móti, því að hann á töluvert fram yfir skuldir.

Þetta yfirlit yfir eignir og skuldir landssjóðs í árslok 1914 verður lagt fram á skrifstofuna, og geta þingmenn kynt sjer það þar betur.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja meira að sinni. Að eins skal jeg geta þess, að það er ástæða til að ætla, að tekjarnar verði nú nokkuð minni en undanfarin ár, vegna stríðsins, því að búast má við að töluvert minna verði flutt inn í landið af sumum vörutegundum en í venjulegu árferði. Væri sjálfsagt ástæða fyrir þingið að athuga það, þegar það gengur frá fjárlögunum.

Á 3. fundi í Nd., laugardaginn 10. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr. (A. bls. 1—83).

Ráðherra: Þegar jeg tók við ráðherraembættinu, hafði fráfarandi stjórn að miklu leyti undirbúið fjárlögin. Hún hafði þó ekki lokið þeim að fullu, svo að jeg gat yfirfarið þau, án þess þó að mjer ynnist tími til að rannsaka hvern einstakan lið þeirra nægilega. En þar sem jeg hefi lagt fjárlögin fyrir H. H. konunginn og fengið samþykki hans til þess að leggja þau fyrir Alþingi, ber jeg vitaskuld alla stjórnskipulega ábyrgð á innihaldi þeirra.

Sennilega er ekki jafn vandasamt að semja nokkur lög á þessu landi og fjárlögin. Stjórnin er þar eins og á milli tveggja elda. Takmarkað fje er til umráða, en hins vegar eru þarfirnar margar, sem kalla að. Lögmæltum stofnunum verður að halda uppi, og nauðsynlegar framkvæmdir má ekki hefta að óþörfu. En þar sem getan er svo takmörkuð, er hætt við að mörg nauðsynleg verk verði að bíða framkvæmda, lengur en æskilegt væri.

Nú eru þar að auki, að ýmsu leyti, sjerstaklega erfiðir tímar, vegna styrjaldarinnar miklu, sem nú stendur yfir. Má búast við því, að ýmsar verklegar framkvæmdir hjer á landi tefjist að miklum mun hennar vegna, eða stöðvist jafnvel alveg í bili.

Ófriðurinn hefir einnig áhrif á verslun landsins. Hún getur ekki fyllilega gengið í sama horfinu og áður. Má ganga að því vísu, að minna verði flutt til landsins af ýmsum vörum, meðan á styrjöldinni stendur, án þess að annað komi í staðinn, en það hefir aftur áhrif á tekjur landssjóðs, þar sem tollarnir, aðaltekjugreinin, verður að sama skapi minni.

Svo er aðgætandi, að atvinna lands-

manna, að öðru leyti, bíður að sjálfsögðu mikinn hnekki af ófriðnum. Þó að afurðir landsins, allar eða flestar, sjeu í háu verði, er útlenda varan stórum mun dýrari en venjulega. Allar, eða nálega allar, lífsnauðsynjar hafa hækkað gífurlega í verði. Þessi dýrleiki kemur aðallega niður á þeim, sem lifa eingöngu á handafla sínum, svo sem verkafólki í kaupstöðum, og á miklum hluta þeirra manna, sem lifa á fastákveðinni kaupupphæð, svo sem mikill hluti starfsmanna landsins. Má búast við því, að gjaldþol manna verði alment minna, meðan á þessu stendur.

Þetta alt veit jeg að Alþingi muni taka til greina, þegar það ræður fjárlögunum til lykta.

Íslensk fjárlög eru enn vandasamari og erfiðari viðfangs fyrir það, að fjárhagstímabilið er hjer tvö ár, en ekki eitt, eins og annarstaðar. Það liggur í augum uppi, að verra er að sjá yfir tvö ár en eitt, og auk þess getur margt skipast svo á tveim árum, sem engan óra fyrir nú.

Þetta fjárlagafrv., sem hjer liggur fyrir, hefir dálítinn tekjuhalla, eins og vant er að vera um fjárlagafrv. frá stjórnarinnar hendi. Hann er þó ekki gífurlegur, og ekki hærri en venjulega hefir verið gjört ráð fyrir í fjárlagafrv. stjórnarinnar nú undanfarið. Og þinginu ætti ekki að blöskra sá tekjuhalli, því að venjan hefir verið sú, að það hefir skilað fjárlögunum með miklu meiri tekjuhalla en stjórnin hefir áætlað í sínum frv.

Tekjur landssjóðs eru nú áætlaðar 4,203,700 kr., og hygg eg, að sú áætlun sje ekki óvarlegri en venjulega. Venjan hefir verið sú, að tekjurnar hafa verið áætlaðar miklum mun lægri en þær hafa reynst í framkvæmdinni. Jeg vil ekki leiða neinar getur að því, hvort þær reynast hærri eða lægri nú en áætlað er. Það fer að líkindum mest eftir því, hver áhrif styrjöldin reynist að hafa á viðskifti landsins.

Ef litið er yfir fjárhagstímabilin frá 1902—1903 og til þess fjárhagstímabils, sem nú stendur yfir, má sjá, að tekjurnar hafa jafnan farið langt fram úr áætlun, stundum um og yfir $^1/_2$ miljón, og stundum yfir 1 miljón. Ef þær fara nú fram úr áætlun, sem því samsvarar, þá er engu að kvíða. En um það verður ekkert sagt með vissu.

Útgjaldabálkurinn er nokkru hærri en tekjurnar, eða 4,333,341 kr. 92 au. Tekjuhallinn verður því hjer um bil 130 þús. kr.

Það á ekki við að fara út í einstök atriði frv. við þessa umræðu. Eins og vant er, eru það samgöngumálin og þar næst kirkju- og kenslumálin, sem taka mest fje.

Það er eins um gjöldin og tekjurnar, að þau hafa venjulega verið áætluð of lágt. Það má vel vera að svo verði einnig nú. Í því sambandi er og þess að gæta, að oft eru sett lög, sem hafa útgjöld í för með sjer, en ekki er tekið tillit til í fjárlögunum að öðru leyti en því, að í einni (nú 21.) gr. þeirra er sagt, að ef slík lög verði samþykt, skuli fjárhæðirnar breytast samkvæmt þeim. Það verður því alls ekki sjeð, hve mikið fje þarf að greiða út, þó að menn hafi fjárlögin fyrir sjer. Svo koma venjulega fjáraukalög á eftir, því að alt af getur eitthvað nýtt komið til, sem óhjákvæmilegt er að greiða. Og útgjaldaliðir í fjárlögum reynast oft of lágir, svo að nauðsynlegt er að fara fram úr veittum upphæðum.

Á þessu tímabili, sem jeg nefndi áðan, hefir verið svipað hlutfall milli tekna og gjalda. Þar með er ekki meint, að tölurnar hafi verið jafnar. Svo virðist sem tekjurnar hafi alt af farið tiltölulega meir fram úr áætlun en út-

gjöldin. Og þess vegna hefir tekjuhallinn hjer um bil aldrei orðið minni. Í fjárlögunum 1904—1905 er tekjuhallinn t. d. áætlaður 400,500 kr., en þó varð á því fjárhagstímabili lítils háttar tekjuafgangur. 1912—1913 er gjört ráð fyrir svipuðum tekjuhalla, en þá verður 291,884 kr. tekjuafgangur. Ef tekjuáætlun fjárlaganna hefði ávalt verið svo há, að ekki hefði goldist meira inn en ráð var fyrir gjört, þá býst jeg við að fjárhagsástand landsins væri nú alt annað en glæsilegt. En eins og jeg sagði, hefir jafnan rætst betur úr en búist var við.

Af því að tekjurnar hafa jafnan farið langt fram úr áætlun og tiltölulega meira en gjöldin, hefir leitt, að viðlagasjóðurinn hefir hækkað. Við áramót 1903—1904 er hann ekki nema rúmlega 1 miljón 105 þús. kr. En eins og jeg skýrði frá, þegar jeg lagði fjárlagafrv. fyrir deildina, nemur verðbrjefaeign viðlagasjóðs nú rúmlega 1 miljón 905 þúsundum króna. Sjóðurinn hefir með öðrum orðum vaxið um 800 þúsundir króna síðan 1903.

Þessi sjóður hefir verið skoðaður sem eins konar varasjóður. En það er í rauninni ekki fyllilega, því að hann stendur í föstum lánum, og er því ekki handbært fje. Lán úr sjóðnum hafa verið veitt með góðum kjörum, 4—4 % rentum. Landssjóður hefir oft orðið að taka lán með hærri rentum. Frá sjónarmiði landssjóðs er þetta því engan veginn góður kaupskapur. En það getur þó haft rjett á sjer fyrir því, að lána sveitarfjelögum fje með góðum kjörum, þegar þau verja því til þjóðþrifa fyrirtækja.

Það sætti aðfinslu á þinginu 1913, að væntanlega útdregin bankavaxtabrjef voru talin til tekna í fjárlögunum. Svo er enn gjört hjer. Jeg býst við að mjer verði leyft að minnast á það við þessa umræðu, þó að það sje einstakt atriði. Þingið 1913 gat þó fallist á þetta fyrirkomulag, vegna þess, að afborganir af lánum landsins eru líka taldar með útgjöldunum. Jeg get því ekki sjeð neina ástæðu til að breyta þessu.

Í rauninni mætti segja, að ef fjármál landsins eru í góðu lagi, þá sje alt fengið. Ef þau eru í ólagi, er lítið hægt að gjöra á öðrum sviðum. Svo er þessu farið um einstaklingana, og eins er það um þjóðfjelagið í heild sinni. Enginn getur komið neinu í framkvæmd, ekki aflað sjer andlegs forða, auk heldur bætt ytri kringumstæður sínar, nema hann hafi fje til þess. En til þess að afla sjer fjár þarf forsjálni og fyrirhyggju, auk heppni og annara skilyrða, sem menn ráða ekki alls kostar yfir. Mjer skilst, að þingið þurfi einmitt nú að sýna sjerstaklega gætni í öllum fjármálum. Það er ekki unt að vita, hvað þessi »krisis« stendur lengi yfir. Hyggilegast er, að vera við öllu búinn.

Þegar jeg tók við embætti því, sem jeg hefi nú, gat jeg ekki gjört mjer grein fyrir, hve lengi jeg myndi halda því, og það get jeg ekki enn. Ástæðan til þess, að jeg tók við þessu embætti, var sú, að jeg vildi leysa eitt eða öllu heldur tvö mál, sem jeg áleit komin vera í óvænt efni, en taldi þá hins vegar hægt að fá viðunanlega lausn á. Nú er þessum tveim málum ráðið til lykta á fullkomlega viðunanlegan hátt frá mínu sjónarmiði, þótt ekki líti allir svo á, því miður.

Það er ekki óviðeigandi, að jeg lýsi því hjer með örfáum dráttum, hver mál jeg mun reyna að styðja til framgangs. Í þessi tvö mál, sem jeg nefndi áðan, og sambandsmálið yfirleitt, hefir verið varið miklum tíma, en árangurinn hefir, því miður, til þessa orðið næsta lítill af tíma þeim, sem til sambandsmálsins

hefir gengið, eða enginn. Eins og nú er ástatt, meðan styrjöldin stendur yfir, þykir mjer ólíklegt að sambandsmálið verði tekið upp aftur, enda er tvísýnt, að það geti borið nokkurn árangur. Jeg býst ekki við, að það sje ráðlegt að hreyfa því máli næstu árin við hinn málspartinn, og gæti ef til vill verið rjettast að halda því óhreyfðu lengi. En hitt getum við verið sammála um, að margt er að gjöra í landinu sjálfu, bæði »administrativ« og verkleg fyrirtæki og framkvæmdir. Í verklegum framkvæmdum getur þingið þó ekki gjört svo mikið. Það getur að vísu ráðstafað því fje, sem innheimtist, en það út af fyrir sig nær skamt til að koma öllum fyrirtækjum í gang. Mest í þeim efnum verður að byggjast á framtakssemi einstaklinganna. Og því verður ekki neitað, að einstakir menn hafa gjört mjög mikið að framkvæmdum á síðustu árum. Þarf ekki annað til að sannfærast um um það, en að líta á botnvörpuskipastól þann, sem á síðustu árum hefir risið upp hjer og er alt af að aukast, eða að líta í búnaðarskýrslarnar og sjá allar þær jarðabætur, sem gjörðar hafa verið. Jeg vil ekki segja, að allar þessar framkvæmdir hefðu orðið án tilstyrks þings og stjórnar. Þær hafa ekki einungis orðið fyrir íhlutun og atbeina góðra einstakra manna, heldur og fyrir tilstyrk og uppörfun stjórnarinnar og Alþingis, svo sem með styrk til Búnaðarfjelagsins, sem komið hefir að góðu haldi.

Nú er því áríðandi, að bæði löggjafarvald og stjórn snúi sjer að innanlandsmálunum, að ræktun landsins, fiskveiðamálum, sjávarútveginum, samgöngumálum og mentamálum. Hjer er mikill akur að rækta og þingi og stjórn er skylt að leggja sitt fram til þess.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja frekar að þessu sinni. Jeg vænti þess, að háttv. deild taki frumv. til meðferðar á venjulegan hátt og að væntanleg nefnd ljúki störfum sínum svo fljótt sem unt er. Seta þingsins fer mikið eftir því, hvernig sú nefnd starfar. Á undanförnum þingum hefir þótt nokkur brestur á að fjárlaganefnd neðri deildar lyki störfum sínum á hæfilegum tíma, og hafa meðal annars heyrst raddir um það frá háttv. efri deild. Jeg skal ekki segja, að nefndin hafi setið lengur að störfum en þörf hefir verið á, því að störf hennar eru bæði vandasöm og vanþakklát. Jeg hefi bestu vonir um, að nefnd sú, er nú verður kosin, leysi störf sín að minsta kosti ekki síður af hendi en áður hefir verið.

Jón Magnússon: Jeg leyfi mjer að stinga upp á að þessari umræðu verði frestað og 7 manna nefnd kosin í málið.

ATKVGR.:

Sjö manna nefnd samþ. í einu hlj.

Í nefndina kosnir hlutfallskosningu:

Skúli Thoroddsen,
Björn Kristjánsson,
Pjetur Jónsson,
Sveinn Björnsson,
Eggert Pálsson,
Þórarinn Benediktsson,
Sigurður Sigurðsson.

1. umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var frumvarpið tekið til frh. 1. umr. (A. bls. 1—83; þgskj. 333, n. 337, 338).

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg gjöri ráð fyrir að mönnum þyki ekki kveða mikið að sparnaði í tillögum nefndarinnar. Samt sem áður er hann alls ekki svo lítill, þegar þess er gætt, að til nefndarinnar er stefnt öllum fjár-

beiðslum frá einstökum mönnum, stofnunum og hjeruðum.

Jeg skal nú fyrst snúa mjer að því, hver áhrif það hefir á fjárhaginn, ef tillögur nefndarinnar verða samþyktar allar, og engar aðrar.

Tillögur nefndarinnar um tekjurnar hafa litla þýðingu, því að þar er að eins um áætlun að ræða. Þær eru sumpart fólgnar í hækkun teknanna, sem nemur 64500 kr., og lækkun þeirra, sem nemur 60 þús. kr.

Í gjöldunum hafa tillögur nefndarinnar þýðingu, ef samþyktar verða. Þau hefir nefndin lagt til að lækka um 213950 kr., en hefir ekki heldur sjeð sjer fært að sneiða hjá allmiklum hækkunum, sem nema alls 198515 kr. Mismunur því 15435 kr. og að viðbættum tekjumismun eftir áætlun nefndarinnar 19935 kr. Ekki eru þessar upphæðir þó nákvæmlega upp á eyri. Tekjuhallinn eftir áætlun nefndarinnar lækkar því um 19935 kr. eða úr 129642 kr. í 109707 kr.

Þetta er þá í stuttu máli árangurinn af starfi nefndarinnar, sem fengist hefir við að moða úr fjárbeiðslum og klípa úr fjárlagafrumv. stjórnarinnar. Til þess að tekjuhallinn verði minni þyrnir í augum fyrir landstjórnina, leggur nefndin til, að stjórninni sje beint heimilað að fresta nýjum símalagningum, ef illa rætist úr um fjárhaginn.

Hæstv. ráðherra skýrði frá fjárhagsástandinu við upphaf 1. umr., en hann veik þá ekki að því, sem hefði þurft að skýra, þ. e. hver skildingaráð stjórnin að líkindum hefir í byrjun næsta fjárhagstímabils, þ. e. peningaforði landssjóðs, sem er sá hluti af landssjóði, sem ekki er bundinn í viðlagasjóði. Þetta atriði hefi jeg reynt að kynna mjer og hefi þó orðið að byggja á áætlun um fjárhaginn í árslok 1914. Nefndin hefir einungis fengið að láni hjá hæstv. ráðherra yfirlit yfir tekjur og gjöld fyrir árið 1914, en enga skýrslu um peningaforðann í árslok þá.

Peningaforði landssjóðs í árslok 1913 er talinn kr. 1362497. Þar frá dregst tekjuhalli 1914 80954 kr., tillag til Landsbankans 100000 kr., tillag til Eimskipafjelagsins 100000 kr., ný lán úr viðlagasjóði, umfram það, sem afborgað hefir verið, nettó 50258 kr. Eftir standa þá 1032285 kr. Að vísu hefi jeg þó rekið mig á að einn liðurinn í tekjuyfirlitinu, sem nefndin hafði fyrir 1914, er oftalinn, sem sje fiskveiðasektir, en $^2/_3$ af þeim eiga að fara í landhelgissjóð, eða 40 þús. kr., og lækkar þá útkoman ofan fyrir 1 miljón. En ekki eru þeir skildingar allir komnir í landssjóð, því að alt af er nokkuð mikið af tekjum óinnheimt við áramót, en útgjöldin láta ekki bíða eftir sjer. Það mun því sönnu næst, ef stjórnin á að hafa nægilegt handbært fje fyrir hendi, án dýrrar lántöku, þá þarf hinn svo kallaði peningaforði landssjóðs að líkindum að nema ekki minna en þriðjungi á móts við árstekjurnar. Jeg byggi það á fremur lauslegum áætlunum, að væntanlegur tekjuhalli ársins verði ca. 200 þús. kr. Tekjurnar í ár kunna að verða eitthvað minni en í fyrra, og eins munar ætíð talsvert um umframgreiðslur, bæði á hinum einstöku liðum fjárlaganna og svo nýjum lögum og lögum, sem jeg hefi ekki rannsakað sjerstaklega. En þó er víst, að fjáraukalögin fyrir 1914 og 1915 nema allmikilli upphæð, eða, eins og þau fóru hjer úr deildinni, um 90000 krónum.

Það er því ekki hægt að segja, að ástandið sje slæmt, en líklegt, að ekki verði mikið fje fyrir hendi, af því að mikið fje verður sjálfsagt óinnheimt. Þess vegna telur nefndin, að fara verði sem allra varlegast, ekki svo mjög af því, að ástandið sje slæmt, en tekjurnar

geta alt af brugðist, þótt varlega sjeu áætlaðar, með því líka að tekjuauka er ekki við að búast þetta ár, en það hefir ætíð áður hjálpað. Í öðru lagi má gjöra ráð fyrir því, að dýrtíðarráðstafanirnar verði því valdandi, að grípa verði til mikils fjár í senn, en á hinn bóginn litlar líkur til að lán fáist, þó heimild sje veitt til lántöku.

Bjarni Jónsson: Jeg man eftir því, að fyrir tveim til þrem árum, þá varð mjer það á að minnast nokkurum orðum á fjárlaganefndina við framhald fyrstu umræðu fjárlaganna. Þá varð sá undarlegi hlutur, að jeg fekk miklar ákúrur fyrir þetta, og því læt jeg mjer þessa dýrkeyptu reynslu að varnaði verða og minnist ekki á fjárlaganefndina, þó að þess sje nú reyndar full þörf.

Það verður vafalaust margs að minnast hjer í dag, þar sem húsmóðirin, sem er deildin hjerna, þarf að finna að við ekki færri en þrjár ágætis eldabuskur, sem hún hefir haft í þjónustu sinni síðan síðast. Jeg skal ekki taka mjer það vandasama verk fyrir hendur að tala um alt, sem þessum stjórnum hefir á orðið. Það sem jeg ætla einkum að líta á, er fæðing hinnar yngstu starfskonunnar. Jeg ætla ekkert að tala um, hvernig hún hefir eldað, heldur um hvernig hún fæddist, því að það er svo með stjórnir öðruvísi en öll önnur dýr veraldarinnar, að þær eru sjálfráðar hvernig þær fæðast, og bera þá vitanlega ábyrgð á því, að það verði eigi með ósæmilegum hætti.

Hinn 20. október 1913 þröngvuðu ráðherrar annars ríkis konungi Íslands til þess, að setja skilyrði fyrir staðfesting stjórnarskrárinnar. Mjer dettur ekki í hug að trúa því, að konungur hafi sett slíkt skilyrði af sjálfsdáðum. Ráðherra Íslands, sem þá var, brást þá Alþingi, er hann ljet eigi þá þegar hart mæta hörðu og sagði af sjer. En kjósendur rjettu þó hlut vorn í kosningunum 1914, og næsta þing fór svo með málin, að öllu var borgið. Sá ráðherra, sem næstur fór með málið, gjörði vilja þingsins, og kom djarfmannlega og þó stillilega fram við konungsvaldið, og sagði af sjer, þegar konungsvaldið vildi eigi gjöra vilja þingsins.

Þá var þessu máli svo komið, að annarhvor aðilinn varð að láta undan, konungurinn eða þingið.

Nú veit jeg eigi, hvort íslenskir þingmenn telja konungsvaldinu heimilt að ganga á móti þingviljanum, en jeg tel því það gersamlega óheimilt Því er raunar svo háttað eftir bókstaf laganna, að konungur hefir neitunarvald; en sú er reynsla allra þjóða, að slíkt getur leitt til hinna mestu vandræða. Því er það nú orðið að óskrifuðum lögum meðal þjóðanna, að konungsvaldið láti undan þingum, og það má telja óviturlegt, ef nokkurt þing lætur undan og heykist á rjettu máli.

Það, sem liggur til grundvallar fyrir þingbundinni stjórn, er kjósandavaldið, en þingmenn eru umboðsmenn kjósandanna og bera ábyrgð fyrir þeim, en konungurinn er ábyrgðarlaus og í raun-inni ekki annað en nokkurs konar þýðingarlaust skjaldarmerki.

Hjer er nú ekki einungis um það að ræða að láta undan konungsvaldinu, því að konungurinn hafði ekki reynt að ganga á rjett okkar, heldur er málið þannig vaxið, að það eru yfirráðakröfur annars ríkis, sem verða þess valdandi, að konungur fór eigi að vilja þingsins. En kröfur vor Íslendiaga rýrðu að engu vald konungsins sjálfs yfir Íslandi. Það var því öllu sjálfsagðara að láta ekki undan, þegar málið var þannig vaxið, því að alt undanhald gat orðið til þess, að litið yrði á rjett vorn öðrum augum framvegis en hingað til. Þingið ljet sjer

eigi heldur koma til hugar að beygja sig, og það beygði sig ekki fyrir konungi sínum, heldur valdhöfum annars ríkis. Og kröfur þessa ríkis voru ekki á neinum öðrum rökum bygðar en að rjetti okkar hafði verið haldið með röngu í 100 ár.

Nú stóð svo, þegar Sigurður Eggerz fór frá, að allar leiðir voru opnar. Auðvitað var sjálfsagt að fara beinustu leiðina. En beinasta leiðin var, að bíða fram til þings, því að það var auðsætt hverjum meðalhyggnum manni, að konungur mundi gjöra vilja þingsins, heldur en að fella stjórnarskrána og eiga það á hættu, að fá enga löglega stjórn. Konungur hefði aldrei gjört þetta að kappsmáli, síst nú á þessum hættulegu tímum. Hann hefði sagt við hina dönsku ráðherra sína, að framvegis ætlaði hann að stjórna Íslandi og Íslendingum með Íslandsráðherra einum, og án nokkurar íhlutunar danskra stjórnvalda.

Að jeg hefi rjett fyrir mjer í þessu, er auðsætt hverjum manni, þegar litið er á það, hverjir tímar nú eru. Á þessum tímum hefði konungurinn ekki vogað sjer að leggja út í deilur við Íslendinga. Það er ekki langt síðan að ein slík deila endaði með skilnaði. Og það hefði mátt búast við, að hjer hefði farið eins, að sambandsslit hefði orðið milli ríkjanna, en undir því hefði konungur aldrei átt, og því hlaut hann að láta undan.

Þegar nú hæstv. ráðherra tókst stjórnina á hendur og bauðst til að leiða málið til lykta, með þeim hætti, sem danskir ráðherrar vildu, þá vann hann þjóð sinni óþarft verk, og það verk er þannig vaxið, að óvítt má það ekki vera. Þeir verða að vita það, sem fást við stjórnmál hjer á landi eftirleiðis, að slíkt verk má eigi oftar vinna, þótt þetta þing sje, því miður, svo saman sett, að það vill ekki víta verkið á þinglegan hátt. Jeg mun því nefna hjer í nokkrum liðum ástæður mínar til að telja það vítavert.

Þá skal jeg fyrst geta þess, að með þessu verki er slegið úr höndum oss það vopnið, sem var nægilegt til þess, að vinna fullan sigur í þessu deilumáli okkar við Dani, og vopnið var það, að enginn meiri hluta maður tæki við stjórn, nema fram gengi þær kröfur, sem Sigurður Eggerz gjörði fyrir hönd Íslendinga, og ollu því, að hann lagði niður völdin.

Hefði þetta verið gjört, og enginn látið bilbug á sjer finna, þá hlaut konungsvaldið að láta undan, eins og jeg hefi áður tekið fram, því að ekki dettur mjer í hug, að nokkur maður úr minni hlutanum hjer á þinginu hefði þorað að taka við völdunum. Þetta vopn, sem jeg nú hefi nefnt, ónýtti hæstv. ráðherra, og því víti jeg verk hans.

Þá er annað, sem jeg tel vítavert, og það er þetta: Þingið hafði sett ákveðið skilyrði fyrir staðfestingu stjórnarskrárinnar. Það er því bein óhlýðni við Alþingi, að undirskrifa staðfestinguna, án þess að skilyrði þingsins væri öll tekin til greina, eða með nokkrum öðrum skilyrðum, hvort sem í þeim felst rjettindamissir eða ekki; það kemur í þessu sambandi ekkert málinu við. Jeg er ekki málaflutningsmaður Dana, þó að mjer væri brigslað um það um daginn, og því segi jeg ekkert um það hversu mikil rjettindi eru mist. En jeg víti stjórnina fyrir að óhlýðnast þannig Alþingi Íslendinga. Það er þingið, sem á að ráða, en ekki ráðherrann, og þingið ætti að refsa fyrir óhlýðni við sig, og mundi gjöra það nú, ef það þekti sinn vitjunartíma. En þótt þingið í heild sinni vilji eigi víta þessa aðferð, þá víti jeg hana.

Þessi óhlýðni við þingið verður enn berari, þegar þess er gætt, að stjórnin sýndi því eigi svo mikla virðingu að

kalla það saman á aukafund, til þess að reyna, hvort það vildi ganga að þessum nýju skilmálum, og þó höfðu margir þingmenn gjört það að kröfu sinni, að svo yrði gjört. Það mátti eigi minna vera en spurt yrði að því, hvort Íslendingar vildu láta undan í þessu höfuðmáli sínu, en svo mikið var ekki við haft. En þótt sumir þingmenn hafi nú gefið ró reiðinni og fyrirgefið stjórninni, þá víti eg þetta.

Þá kem jeg að 4. liðnum, sem stjórnin hefir gjört vítavert í þessu máli. Skilyrðin fyrir staðfestingu stjórnarskrárinnar voru stefnumál, sem kosið var um. Meiri hluti kjósanda vildi engin loforð gefa Dönum í þessu máli, enga samninga við þá gjöra í þessu máli og engar skuldbindingar undir gangast. Það er því auðsætt, að þessari stefnu mátti eigi breyta, án þess að spyrja kjósendur, með því að efna til nýrra kosninga, því að hvar er tryggingin fyrir kjósendur annars, að haldin sjeu við þá kosningaloforð, ef einstakir þingmenn hafa leyfi til að breyta um stefnu milli kosninga. Tryggingin er ekki til, ef svo er, og þá er ekki til neins að trúa neinum manni fyrir að fara með mál sín, ef hann hefir leyfi til þess að snúast skyndilega í lið með andstæðingunum. En hverir eru það, sem eiga valdið. Það eru kjósendurnir í landinu. Meiri hluta stjórn er gagnslaus og ótæk, og í raun og veru engin meiri hluta stjórn, hafi hún ekki meiri hluta kjósanda að baki sjer. Með atferli eins og þessu, sem hjer hefir verið haft í frammi, að nokkurir þingmenn úr meirihlutanum breyti um stefnu milli kosninga og gangi í lið með andstæðingum sínum í minni hlutanum, er í eðli sínu stjórnarbylting, og er fátt eða ekkert vítaverðara, og því víti jeg það.

Það er auðvitað, að þingmenn eiga ekki að vera bundnir við að fylgja kjósendum sínum, hvað sem líður sannfæring þeirra; en geti þeir ekki fylgt þeim lengur í einhverju stefnumáli, þá er ekki til fyrir þá nema eitt ráð, og það er að segja af sjer þingmensku. Gjöri þeir það ekki, þá eru kjósendur dregnir á tálar. Það hefir verið gjört í þessu máli, og það víti jeg.

Það var svo langt frá því, að þing væri rofið, að alt var gjört til þess, að láta kjósendur eigi vita um hvað fram fór. Þeim var meinað að láta uppi álit sitt á þingmálafundum. Þetta má heita að níðast á kjósendum. Og þótt aðrir láti sig þetta litlu skifta, þá leyfi jeg mjer að víta það.

Þessi atriði, sem nú eru talin, eru öll því vítaverðari, sem afleiðingar þeirra eru skaðsamlegri en vanalegar smáyfirsjónir stjórna. Það er miklu vítaverðara, heldur en þó að stjórnin taki fje úr landssjóði, sem henni er ekki heimilað af þinginu. Afleiðingin af óhlýðni við Alþingi er í fyrsta lagi sú, að öðrum er bent til kvæða að gjöra hið sama. Og hver verður afleiðingin af því, að Alþingi lætur sjer lynda, að einstakir menn snúi vopnin úr höndum þess; hún verður sú, að virðing erlendra mótstöðu manna okkar á þingi og þjóð er skert. Og þetta gjörir öll vor mál erfiðari í framtíðinni. Eða heldur nokkur, að Danir muni óttast mjög í næsta skifti, sem Alþingi vill halda á rjetti sínum? Nei, sannarlega ekki. Þeir senda bara heim til þess að vita, hvort ekki sjeu nokkrir menn í meiri hlutanum, sem vilja ganga í minni hlutann og mynda nýjan meiri hluta.

Önnur afleiðingin verður sú, að virðing landsmanna á þinginu eyðist, og uggur hlýtur að vakna hjá alþýðu um það, að landsvelferð geti orðið ljett á metunum oft og einatt.

Þriðja afleiðingin er sú, að menn venjast á að hlaupa í brott frá stefnu og

skifta um meiri hluta á þinginu, án leyfis kjósanda. Ef þessu heldur áfram, verður mönnum ekki meira um að skifta um stefnu, án leyfis kjósanda, en þyrstum manni að renna niður mjólkursopa. Og jeg vil spyrja: Hver verður þá virðing kjósanda fyrir þinginu, þegar farið verður að telja það sómasamlegt að dylja kjósendur þess, sem verið er að gjöra í þeirra nafni? Þá verður þess ekki langt að bíða, að ráðherrann okkar verði talinn af kjósendum að vera ranglátur ráðsmaður.

Þess er fyrst að krefjast, að ekki sje viðhöfð nein launung í opinberum málum. Kjósendur eiga heimtingu á að fá að vita, hvað gjörist, því að þeir eiga fyrir því að verða, ef eitthvað ber út af.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar mikið hjer eftir. Jeg hefi gjört mjer það að skyldu, að vera stuttorður og setja orð mín skýrt fram og skilmerkilega. Þótt jeg þykist sjá inn í sálir margra manna hjer, að þeir telji mig ekki fara rjett með, þá kemur sá dagur, að þeim verður kent það með harðri hendi, að svo er. Íslenskir kjósendur eru ekki svo skyni skroppnir, að þeir láti lengi bjóða sjer annað eins og þeim hefir nú verið boðið. Jeg skal engu spá um það, að það verði við næstu kosningar, því að nú hefir þessi stefnuleysisstefna náð miklu tangarhaldi á hugum manna. En því vil jeg spá, að sá tími kemur, að ný bára rís, sem skolar henni burt og öllu, sem henni fylgir.

Þótt jeg hafi talið nokkur atriði, sem við koma fæðingu stjórnarinnar, þá er mjer ekki skylt að rekja feril hennar síðan, enda er hann stuttur. Að eins vil jeg minnast á eitt atriði út af skírnarræðu þeirri, sem haldin var yfir henni hjer á dögunum. Á jeg þar við öryggistillögu þá, sem borin var upp hjer í deildinni, og þar sem látið var í ljós, að vilji þingsins væri óbreyttur frá í fyrra, þótt öðruvísi hafi farið í ríkisráði Dana, en það hafði ætlast til. Þetta var nóg til þess að slá varnaglann, því að engin viðurkenning var fengin fyrir því, sem gerðist í ríkisráðinu, af Íslendinga hálfu. Allir vita, að ráðherrann einn hafði ekki vald til að gefa þá viðurkenningu, sjerstaklega þar sem hann var ekki skipaður í umboði þingsins. Það, sem hann gjörði, var því ekki bindandi fyrir landið. Tillagan var nægileg til að vernda allan vorn rjett, snúa sigurinn úr hendi Dana og koma fram þeirri upphaflegu tilætlun, að Íslendingar fengju því framgengt, að uppburður sjermálanna fyrir konungi yrði viðurkent íslenskt sjermál, sem ekki kæmi öðrum við en þeim og konunginum. Undirtektirnar undir tillöguna urðu eins og allir vita. Að rjettu lagi hefði stjórnin átt að segja: »Þessa tillögu mun eg samþykkja og bið alla mína fylgismenn að gjöra hið sama. Jeg er ekki »infallibilis«. Þótt jeg sje sannfærð um, að fyrirvaranum hafi verið fullnægt; má vera að mjer skjátlist það. Þess vegna er allur varinn bestur, að samþykkja tillöguna, því að það getur aldrei sakað«. — Jeg tel illa farið, að stjórnin skyldi ekki gjöra þetta. Henni gat ekki orðið það til neins meins, þar sem allir þeir, er að tillögunni stóðu, báru það fram, að í henni ætti ekki að felast neitt vantraust. Það var ljett fyrir stjórnina að gjöra þetta, og mjer sárnaði að hún skyldi ekki gjöra það.

Þótt svo kunni að vera, að einhverjar varnir finnist í þessu máli, þá er það ekki að þakka meiri hlutanum hjer að neinu leyti, því að bæði stjórnin og meiri hluti þings hafa gjört sitt til að leiða málstað vorn í vafa, í staðinn fyrir að leiða hann til ljóss og sigurs. Jeg er ekki að segja, að við sjeum varnarlausir gagnvart Dönum, þótt tillagan

væri feld, einkum þar sem jeg fjekk alla flokka til að lýsa því yfir, að vilji þeirra væri óbreyttur í þessu efni frá því í fyrra, og þar sem alþjóðarjettur gjörir ekki kröfu til að þingvilji komi fram í sjerstöku formi. Þar við bætist, að Danir vissu, að hverju ráðherrann mátti ganga og að hverju ekki. Þeir hafa því ekki verið *bona fide*, heldur *mala fide* í þessu máli. En hvað sem því líður, þá er það vítavert af stjórninni, þar sem allir voru í rauninni sammála um kjarna málsins, að hún vildi ekki styðja að því, að yfirlýsingin væri gefin í sterkara formi. Þá hefði engum dottið í hug að vjefengja rjett landsins.

Ráðherra: Jeg skil ekki annað en að jeg geti verið mjög stuttorður, því að háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði ekki annað en það, sem komið hafði fram af hendi hans við umræður um annað mál, sem hjer lá fyrir deildinni fyrir nokkru, tillöguna út af staðfestingu stjórnarskrárinnar. En úr því að háttv. þm. Dal. (B. J.) þykir svo mikið undir því komið, að rifja upp aftur það, sem hann sagði þá, vil jeg svara örfáum orðum því helsta, sem hann tók fram.

Sumt af því, sem hann ljet um mælt, voru spádómar einir, t. d. um það, hvernig farið hefði, ef stjórnarskráin hefði ekki verið staðfest. Hann sagði, að það myndi hafa, eða hefði getað leitt til sambandsslita. Látum svo vera, en þá vil eg skjóta því til háttv. deildar, hvort við myndum hafa verið við því búnir, að svo yrði í sumar. Háttv. þm. Dal. (B. J.) sjer allar leiðir opnar. Við höfðum vitanlega rjett til að segja *já og nei*, en nei-ið gat leitt til þess, sem hann tók fram.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að jeg hefði unnið vont verk, og mjer virtist öll hans ræða ganga út á það, að leitast við að sýna fram á, að minar gjörðir væru vítaverðar, og, að því er mjer skildist, refsiverðar. Hann talaði í því sambandi um þingrefsingu. Mun hann þar hafa átt við vantraustsyfirlýsingu eða ákæru til landsdóms, eða öllu heldur hvorttveggja. Vantraustsyfirlýsing þarf ekki að vera refsing. Með henni má vinna ráðherranum þægt verk, þar sem hann losast við þann vanda, sem staða hans hefir í för með mjer. Landsdómsákæra er ekki heldur refsing út af fyrir sig, þótt hún vitanlega geti leitt til refsingar. Ef meiri hluti þings liti á þetta mál eins og háttv. þm. Dal., þá myndi það vitanlega leiða til slíkrar ákæru. Það voru eitthvað 4—5 liðir, sem háttv. þm. Dalamanna tók fram. Jeg skal taka það fram nú þegar, að jeg tel óþarft nú við 1. umr fjárlaganna að ræða um það, hvort vilja þingsins hafi verið fullnægt með staðfestingarskilmálum stjórnarskrárinnar eða ekki, vegna þess, að bæði neðri deild og efri deild hafa látið uppi skýran og ótvíræðan vilja sinn og álit á því máli. Í báðum deildum hefir verið samþykt, í neðri deild með rökstuddri dagskrá og í efri deild með sjerstakri tillögu, að fyrirvara Alþingis í fyrra væri fullnægt. Þess vegna tel jeg óþarft að fara frekar út í efni málsins nú.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að jeg hefði slegið biturt vopn úr hendi Íslendinga með því að taka við staðfestingu stjórnarskrárinnar. Þetta vopn var það, að jeg hjelt ekki leiðinni opinni fyrir skilnaði í sumar. Háttv. þm. Dal. (B. J.) vill halda því fram, að við hefðum getað sagt við konungsvaldið, að meiri hluti þings tæki ekki við neinni stjórn, nema hann fengi vilja sínum framgengt. Jeg er á því, að þetta hefði getað verið tvíeggjað vopn, og jeg vil aftur spyrja háttv. þm. Dal., þingið og alla Íslendinga, hvort þeir hefðu verið undir þetta búnir. Jeg leit

svo á í vetur, að við værum það ekki. Og háttv. þm. Dal. var enginn skilnaðarmaður í vetur nje þeir hinir, sem hallast nú á sömu sveif og hann í þessu máli.

Í öðru lagi sagði háttv. þm. Dal., að jeg hefði sýnt þinginu óhlýðni. Sú óhlýðni átti að vera í því fólgin, að jeg hefði farið út fyrir þau skilyrði, sem þingið setti fyrir staðfestingu stjórnarskrárinnar.

Hann sagði, að jeg hefði tekið við staðfestingu stjórnarskrárinnar með öðrum skilyrðum en þingið 1914 hefði ætlast til, en hann fór ekkert út í það, hver þau önnur skilyrði væru. Til þess hefi jeg því að svara, að mikill meiri hluti þingsins hefir lýst ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar og talið fyrirvaranum fullnægt. Alþingi er skipað sömu mönnum nú og 1914, og þar sem það hefir lýst svo afdráttarlaust yfir ánægju sinni með það, sem orðið hefir, þá finst mjer að það ætti að nægja. Jeg get ekki gjört að því, þótt háttv. þm. Dal. sje á annari skoðun. Hann hefir vitaskuld fulla heimild til þess. En það verð jeg að segja, að frá minu sjónarmiði er það undarlegt, ef þingið þyrfti að fara að refsa mjer fyrir óhlýðni við sig, eftir að meiri hluti þess hefir lýst því yfir, að hann væri að öllu leyti ánægður með gjörðir mínar. *(Bjarni Jónsson:* Jeg er á öðru máli en meiri hlutinn). Háttv. þm. Dal. (B. J.) heldur því fram, að meiri hlutinn eigi að ráða í hverju máli, en þá verður hann að hugsa hugsunina til enda og beygja sig fyrir þeirri niðurstöðu, sem meiri hlutinn kemst að. *(Bjarni Jónsson:* Þetta er ekki sá rjetti meiri hluti). Þetta er ekki sá rjetti meiri hluti, segir háttv. þm. Dal. Jeg er ekki svo markglöggur, að jeg geti dregið þann rjetta og ranga meiri hluta í sundur. Í þinginu eru 40 höfuð, og meiri hlutinn hygg jeg að sje eftir því 21. Jeg þekki ekki annan mælikvarða á meiri hlutann en þann »matematiska« mælikvarða. Það getur verið, að háttv. þm. Dal. hafi einhvern annan mælikvarða eða vog til að vega á vit og góðan vilja þingmanna, og geti síðan reiknað meiri hlutann út eftir því. Jeg verð að játa, að jeg er svo illa staddur, að jeg þekki ekki þau áhöld.

Úr því að háttv. þm. Dal. (B. J.) talar um að jeg eigi skilið að fá refsingu af þinginu, þar sem jeg hafi slakað til frá skilyrðum þeim, sem þingið setti, þá er það ekki illa til fundið að skýra frá því, að sumir, sem ekki eru vanir að telja okkar rjett meiri en hann er, t. d. prófessor Knud Berlin, álíta, að aðrir hafi slakað til meira en jeg fyrir hönd Íslendinga. Háttv. þm. Dal. lítur svo á þetta mál, sem hann gjörir, vegna þess, að honum er þetta svo viðkvæmt mál. Jeg er ekki að lasta hann fyrir það. En viðkvæmnin getur leitt mann of langt. Hún getur glapið manni sýn, og jeg er hræddur um að það eigi sjer stað um háttv. þm. Dal.

Þriðja stórbrotið, sem jeg hefi átt að drýgja, var það, að jeg hefði ekki kvatt saman aukaþing. Jeg hefi við hinar löngu umræður um eftirvarann sagt frá því, hvers vegna jeg gjörði það ekki. Jeg vil þó bæta því við það, sem jeg sagði þá, að ýmsir líta svo á, að úr því að meiri hluti þingsins hafi sagt, að skilyrðunum fyrir staðfestingu stjórnarskrárinnar væri fullnægt, þá sje sönnun fengin fyrir því, að ekki hafi verið ástæða til að kalla saman aukaþing. Jeg var sjálfur á þeirri skoðun, að fyrirvaranum væri fullnægt, og þá var ekki hugsanarjett af mjer að kalla saman

aukaþing með þeim aukakostnaði og drætti á framgangi mála, sem það hefði haft í för með sjer.

Fjórða stórbrotið var það, að jeg hafi brotið vilja meiri hluta kjósenda á bak aftur. Þetta er bygt á því sama, sem sje því, að jeg hafi ekki fullnægt skilyrðum þingsins. Allar röksemdir sínar byggir háttv. þm. Dal. á þeirri forsendu, að sú skoðun, sem þingið lýsir nú yfir, sje röng. Jeg verð að segja, að þingrof í þessu tilfelli hafi verið úrhæfis. 1914 fóru kosningar fram síðast, og þeir, sem þá voru kosnir, voru aðallega kosnir til að ráða stjórnarskránni til lykta. Það hefir heyrst sú skoðun, að þingið 1915 væri annað en þingið 1914. Það er dálítið undarlegt, þar sem þingmennirnir eru allir hinir sömu, nema einn, sem komið hefir í staðinn fyrir annan, sem dáið hefir. *(Bjarni Jónsson:* Hjartað er breytt). Jeg veit ekki í hverju það liggur. Jeg get raunar fallist á, að háttv. þm. Dal. og sumir aðrir sjeu nú öðru vísi en þeir voru 1914. Að því leyti get jeg kannast við, að breyting hafi orðið á þinginu, en að öðru leyti ekki. Hvort sem lítil eða mikil trygging er fólgin í því fyrir þjóðina, að hafa kosið þessa menn, til þess að fá stjórnarskránni heppilega til lykta ráðið, þá er það sams konar trygging, sem gjörist í öðrum löndum með þingbundinni konungsstjórn. Það er sú trygging, að vilji meiri hluta kjósenda komi fram í þinginu og ráði úrslitum málanna. Þó eiga kjósendur að vita það, að þingmenn eru ekki bundnir við vilja kjósenda sinna, heldur við sannfæringu sína eingöngu. Háttv. þm. Dal. segir, að ef þingmaður breytir stefnu sinni, þá eigi hann að fara til kjósendanna og segja:

»Nú hefi jeg skift um skoðun; nú gefst ykkur kostur á að velja mig eða hafna mjer«.

Þetta er náttúrlega gott og blessað, en þegar svo stendur á sem hjer, að að allmargir þingmenn geta ekki viðurkent, að þeir hafa breytt skoðun sinni, þá getur háttv. þm. Dal. (B. J.) ekki gert þá kröfu til þeirra, að þeir segi af sjer þingmensku.

Meiri hlutinn segir, að skilyrðum Alþingis sje fullnægt, en minni hlutinn neitar því. Annars er þetta útrætt mál hjer í þinginu, og jeg álít það óþinglegt að fara að rifja það upp aftur og endurtaka umræður þær, er orðið hafa um það.

Þótt þessi kenning hv. þm. Dal. (B. J.), að þingmenn sjeu ekki annað en sendimenn kjördæma sinna, sje að nokkru leyti rjett, þá má ekki færa hana út í ytstu æsar, því að svo er beinlínis fyrir mælt, að þingmenn eigi að greiða atkvæði eftir sannfæringu sinni. Og háttv. þm. Dal. (B. J.) veit það mjög vel, að Alþingi hefir ráðið fjölda stórmála til lykta, án þess að kjósendur væru áður spurðir um skoðanir þeirra.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um, að það væri »óparlamentarisk« aðferð, að minni hluti og hluti úr meiri hluta styddu stjórn til valda. Jeg veit ekki hvaðan háttv. þm. Dal. kemur þessi viska, og hann hafði ekki fyrir því, að færa nein rök að þessari kenningu. Jeg held því fram, að hún sje röng og mitt »nei« er jafn gott og »já« háttv. þm. Dal. *(Bjarni Jónsson:* Meirihlutabrotið hafði skift um skoðun). Jeg segi, að þeir hafi ekki gjört það og hefi þar að baki mjer yfirlýsta skoðun meiri hluta Alþingis. Þetta veit háttv. þm. Dal. ósköp vel, og því er það rangt hjá honum að vera að tala um að jeg hafi ætlað að gjöra stjórnarbyltingu. Til þess hefði jeg þurft að breyta stjórnarskipunarlögum landsins. Jeg fæ ekki sjeð hvernig það hefði átt að gjörast á annan hátt.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um það,

að þingsál.till. (fyrirvarinn) hefði átt að snúa sigurinn úr höndum Dönum. En jeg verð að telja það mjög tvísýnt, jafnvel þótt það hefði verið rjett, að jeg hefði vikið frá vilja Alþingis, að hún hefði nægt til þess að bjarga rjetti okkar. Annars skal eg geta þess, að Danir sjálfir hafa ekki sjeð þenna sigur sinn. Það var að eins eitt blað »Vort Land«, sem sagði eitthvað í þá átt í vor, en það var áður en ríkisráðsumræðurnar voru birtar. — Knútur Berlín hefir nýlega skrifað grein, og ekki vill hann viðurkenna, að Danir hafi unnið neinn sigur. Það eru að eins örfáir Íslendingar, sem þessu halda fram. Háttv. þm. Dal. hafði von um að geta komið einhverjum vörnum að og gleður mig að svo er. *(Bjarni Jónsson:* Þær eru ekki stjórninni að þakka). Þær eru jafn góðar hvaðan sem þær koma, jafnvel þótt þær komi frá hv. þm Dal. (B. J).

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að það hefði verið vítavert af þingmönnum að samþykkja ekki þingsályktunartillöguna. Jeg hefi aldrei heyrt það fyrr, að það væri vítavert að greiða atkvæði eftir sannfæringu sinni. Fyrst þeir háttv. þm., sem dagskrána samþyktu, litu svo á, að tillagan væri óþörf og landsrjettindunum væri í engan voða tefit, þá var sjálfsagt fyrir þá að greiða atkvæði eins og þeir gjörðu. Jeg hefði talið það miklu vítaverðara, ef þeir hefðu samþ. tillögu háttv. þm. Dal.

Jeg heyrði ekki alla ræðu háttv. þm. Dal., en aðalatriðunum hygg jeg að jeg hafi svarað. Annars bjóst jeg ekki við þessari eftirhreytu af eftirvaranum, — hélt að málið hefði verið útrætt á þessum tveim dögum, sem það stóð yfir um daginn. Háttv. þm. Dal. hefir sýnst annað og viljað láta ljós sitt skína einu sinni enn og sýna mælsku sína.

Þórarinn Benediktsson: Það hafa þegar verið haldnar margar hátíðarræður á þessum eldhúsdegi Alþingis, og skal eg ekki lengja umræðurnar mikið. En mjer er svo sagt, að á þessum degi sje mönnum heimilt að bera fram fyrirspurnir til stjórnarinnar, viðvíkjandi ýmsum atriðum, sem þingmenn vilja fá upplýst. Eins og kunnugt er, var á seinasta þingi kosin nefnd, svokölluð Velferðarnefnd. Hún átti að vera stjórninni til aðstoðar í því að firra landið vandræðum, sem kynni að leiða af veraldarstríðinu fyrir það. Mjer og öðrum þingmönnum er lítið kunnugt um störf þessarar nefndar, eða hvernig því fje hefir verið varið, sem hún að sjálfsögðu hefir haft með höndum til þeirra dýrtíðarráðstafana, sem hún hefir gjört. Jeg veit raunar, að hún hefir útvegað vörur frá Ameríku og gjört ýmislegt fleira, sem talsvert fje mun hafa gengið til. En engin skilagrein hefir verið gjörð fyrir þessu. Jeg tel það sjálfsagt, að þingið fái skýrslu um það, hve miklu fje úr landsjóði nefndin hefir varið og hvernig hún hefir varið því. Hæstv. ráðherra sagði um daginn, að þinginu mundi gefin slík skýrsla, og hefi jeg alt af verið að vonast eftir henni, en hún er ókominn enn þá. Nú mun vera í ráði að kjósa nýja velferðarnefnd, og býst eg við, að jeg tali þar fyrir munn margra, þegar jeg vænti þess, að fá að vita um störf gömlu nefndarinnar áður en kosning fer fram. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra, hve nær þessi skýrsla komi, og hvort hún komi ekki áður en hin nýja velferðarnefnd verður kosin, og hvort ekki verði lögð reikningsleg skilagrein fyrir þingið.

Ráðherra: Það er eðlilegt, að Alþingi vilji fá skýrslu um störf þessarar nefndar. Eins og háttv. þm. S.-M. (Þ. B.) tók fram, þá lýsti jeg því yfir um daginn, að slík skýrsla mundi bráðlega koma. Jeg get nú upplýst háttv. þm. (Þ. B.) um það, að skýrslan liggur hreinskrifuð fyrir nú og er að eins eftir að prenta hana.

Sveinn Björnsson: Jeg ætla að nota þennan hátíðisdag til þess að gjöra örlitla fyrirspurn til stjórnarinnar. Á seinasta þingi var samþykt þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumv. til laga um hlutafjelög. Vegna þess, að þetta hefir ekki verið rækt og jeg tel málið svo mikilsvert, að það megi ekki niður falla, get jeg ekki látið hjá líða að gjöra þessa fyrirspurn.

Ráðherra: Jeg er ekki viss um, að jeg svari þessari fyrirspurn háttv. 1. þm. Reykv. (S. B.) rjett. Gjöri jeg það ekki, þá getur fyrv. ráðherra, þm. V.-Sk. (S. E.) bætt við. Eftir því, sem jeg best veit, þá liggja engin skjöl fyrir um þetta mál í Stjórnarráðinu, en fyrv. ráðherra hefir skýrt mjer frá því, að hann hafi leitað til manns í Kaupmannahöfn, Magnúsar Jónssonar cand. jur. & polit., og farið þess á leit við hann, að hann semdi frumv. um þetta efni, til þess að leggja fyrir þingið. Mjer var ekki kunnugt um þetta, fyrr en svo seint, að tíminn varð of naumur til þess, að jeg gæti gjört nokkuð í málinu. Meira get jeg ekki sagt, en ef til vill hefir háttv. fyrirrennari minn einhverju við að bæta.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi eiginlega engu að bæta við ummæli hæstv. ráðherra. Jeg skal taka það fram, að þegar jeg var í Kaupmannahöfn, þá átti jeg ítarlegt tal um þetta mál við mann þann, sem hæstv. ráðherra nefndi, cand. jur. Magnús Jónsson. Hann hefir notið styrks úr ríkissjóði til þess að kynna sjer hlutafjelagalöggjöf og er sjerlega gáfaður og samviskusamur maður. Jeg sagði honum, að íslensk löggjöf í þessu efni yrði auðvitað að vera miklu óbrotnari en útlend, og skildi hann það og lofaði að undirbúa málið gegn 500 kr. borgun. Með símskeyti heimilaði jeg formanni stjórnarskrifstofunnar í Khöfn, eftir að jeg var kominn heim, að greiða þessar 500 kr., og bjóst jeg því við, að frumv. mundi tilbúið í maímánuði, eins og okkur Magnúsi Jónssyni hafði talast til. Jeg áleit þetta hyggilegasta aðferð, þar sem völ var á þessum manni, að nota hann. Því jeg er í engum vafa um, að þekking hans mun koma oss að miklu haldi í þessu máli, sem er allvandasamt. Nú hefir hæstv. ráðherra upplýst það, að frumv. hafi ekki komið, og er jeg satt að segja hissa á því, en veit ekki hvað veldur.

Magnús Kristjánsson: Það er eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, ekki svo gott að vita, hvert á að beina fyrirspurnum sínum, þar sem 3 ráðherrar hafa setið að völdum á fjárhagstímabilinu. Mig langaði til að fá upplýsingar um það, hvort ekki sje rjett að jörðin Hrafnagil í Eyjafjarðarsýslu hafi verið seld, og sje svo, hvers vegna hún hafi verið seld svo lágu verði, sem jeg hefi heyrt, þar sem mjer er kunnugt um það, að lík jörð að stærð og gæðum þar í nágrenninu hefir verið seld fyrir 28,000 kr. Mjer virðist verðmunurinn svo afskaplegur, að jeg verð að telja það stórt vafamál, hvort heppilegt hafi verið að selja jörðina. *(Sveinn Björnsson:* Hver var verðmunurinn?)

Jeg veit það ekki með vissu, en mjer er kunnugt um það, að Espihóll var seldur fyrir 28,000 kr. og verðmunurinn var mjög mikill, því heyrt hefi jeg að Hrafnagil hafi verið selt fyrir 4,500 krónur.

Hvað sem þessu líður, þá er það mjög óþægilegt að þessi jörð var seld, því ef frumv. það, sem nú er á ferðinni hjer í þinginu, um breyting á skipun prestakalla í þessu hjeraði, yrði samþykt, gæti svo farið, að mjög erfitt yrði um ábýlisjörð handa sóknarprestinu, ef sá núverandi fjelli frá eða flyttist burt. Sömu óþægindin munu koma í ljós þegar núverandi Saurbæjarprestur lætur af prestskap, þótt engin breyting verði önnur, því þá er Hrafnagil ekki hentugt prestssetur, ef sameiningin kemst á, en hins vegar ekki ólíklegt, að núverandi Grundarprestur óski helst að sitja á eignarjörð sinni, Hrafnagili. Hvernig sem á málið er litið, virðist því þessi ráðstöfun óheppileg.

Þetta er ekki stórmál, en fyrst menn mega koma með fyrirspurnir, þætti mjer gott að fá upplýsingar um þetta.

Ráðherra: Jeg get ekki svarað fyrirspurn háttv. þm. Ak. (M. K.). Mjer er sagt að jörðin hafi verið seld í stjórnartíð fyrirrennara míns, og getur hann væntanlega svarað háttv. þm. Ak. (M. K.).

Sigurður Eggerz: Þetta er í annað skifti, sem beint er fyrirspurn til mín, en jeg vænti þess að hæstv. forseti gjöri dagsins vegna undantekningu og lofi mjer að tala oftar. Jeg man ekki glögt sem stendur um sölu á þessari jörð — en man þó það, að hún var seld í minni stjórnartíð og jeg var í talsverðum vafa um, hvað gjöra skyldi. Jeg leitaði til biskups og annara um málið og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri nema um tvent að gjöra, annað hvort að selja jörðina eða veita prestinum lán til þess að byggja upp hús á jörðinni, en afleiðingin af því hefði orðið sú, að hætt hefði verið við, að jörðin yrði þá áfram prestssetur í því sameinaða prestakalli, en til þess liggur hún afarilla.

Jeg fór því þá leiðina að selja jörðina; og það var ekkert nýtt fordæmi, heldur má vísa til margra slíkra. Þegar ekki hefir verið búist við því, að jarðirnar verði prestssetur framvegis, þá hafa þær verið seldar, t. d. Stafafell og margar fleiri. — Um verðið er það að segja, að það var eftir mati dómkvaddra manna. Jeg er að vísu ókunnugur þarna, en jeg talaði við mann um þetta, sem er kunnugur í Eyjafirði, sem sje landritarann, og þótti honum verðið sæmilegt. Og jeg má líka fullyrða, þótt jeg hafi ekki skjölin í höndum, að biskup var á sama máli. Jeg man nú ekki í svipinn hvert verðið var, hvort það voru citthvað 7—8 þús. kr., en um það má fá upplýsingar með því að síma til stj.ráðsins. Jeg held, sem sagt, að hjer hafi ekki að neinu verið farið eftir öðrum reglum en áður tíðkaðist.

Magnús Kristjánsson: Jeg skal játa það að fyrirspurn minni hefir verið svarað eftir föngum, en þó ekki svo, að mjer sje algjörlega fullnægt. Mig langaði til að vita upp á víst hvað verðið hefði verið. Mig minnir að það væri ekki nema 4500 kr., en ekki er jeg þó viss um það. Hæstv. fyrv. ráðherra (S. E.) gat þess, að þetta væri ekki nýtt, því að slík sala hefði farið fram á fleiri jörðum, þegar svipað hefði verið ástatt. Jeg er því ókunnugur, en þó er mjer nær að halda, að ekki sjeu mörg dæmi til, sams konar þessu.

Jeg veit að það er til lítils að hreyfa þessari sjerstöku sölu nú, því að hún er um garð gengin, en hins vegar gæti

þetta verið til viðvörunar fyrir stjórnina framvegis. Það er betra að slíkt sje athugað, því að jeg verð að segja það, að þetta er svo gífurlegur munur, að manni blöskrar hann á tveim svo líkum jörðum á sama stað. Það væri því æskilegt, að stjórnin kynti sjer slík mál vel framvegis og jafnframt að hún væri varkár um það, að þeir menn væru matinu vaxnir, sem það eiga að framkvæma, því að í þessu tilfelli virðist sumum vafi á að svo hafi verið.

Bjarni Jónsson: Mjer kemur ekki við þetta jarðasölumál, en skrítið þykir mjer, ef það á nú að sannast hjer á þingi, að Hrafnagil sje 28 þús. kr. virði. Jeg hefi aldrei heyrt að það væri það, og eftir því sem sýslunefnd segir — og jeg hefi reyndar komið þar líka, þá er fjarri því. Og þótt nokkur áhöld kunni að vera um þá jörð og Espihól, þá er bæði Hrafnagil minna, og svo er jarðasala hjer á landi oft svo vaxin, að ekki er mikið að fara eftir henni. Jeg segi þetta ekki af því, að mjer samhent stjórn sat að völdum þegar þetta gjörðist, heldur af hinu, að jeg veit dæmi til að kot hjer á Álftanesi hefir gengið kaupum og sölum fyrir 18—20 þús. kr., og var það þó ekki lífvænlegt til ábúðar. Þegar farið er að skifta jörðum við húsaskrokka í kaupstöðum, þá er oft það verð nefnt, að jeg vil ekki marka sannvirði Hrafnagils eftir því. Sú jörð er hæfilega metin á 4—8 þús. kr.

Hæstv. ráðherra svaraði mjer stillilega, eins og jeg talaði líka í hans garð, og mun jeg halda um það uppteknum hætti.

Það var auðvitað alveg rjett hjá honum, að það sem jeg vítti og afleiðingarnar af því, er alt saman afleiðing af því, að jeg tel ekki fylgt skilyrðum þingsins 1914, og hefi jeg áður sagt í hverju það liggur. En þegar þetta er borið saman við önnur orð hæstv. ráðherra, þar sem hann segir að þingmenn sjeu sannfærðir um að þeir hafi ekki breytt skoðun sinni málinu, þá mótmæli jeg því. Því að í vor voru margir þingmenn í okkar flokki, sem þá sögðu að þessi kjör væru önnur en þingið krafðist, og þess vegna vildu þeir hafa aukaþing. Þetta sýnir það, að þeir hafa þá ekki til fullnustu verið búnir að skifta um og öðlast þá skoðun, sem nú hafa þeir. Það er rjett, að málið er nú útkljáð á þessu þingi, en jeg gjörði grein fyrir því í fyrri ræðu minni, hvers vegna jeg þarf ekki að beygja mig fyrir því. Það eru fleiri en hæstv. ráðherra, sem hafa vikið frá sinni skoðun í þessu máli, og eru því ekki rjettir dómarar í sjálfra sín sök. Þótt höfuðin sjeu hin sömu, eru hjörtun önnur.

Hæstv. ráðherra taldi það ríkt kveðið að orði hjá mjer, að kalla þetta stjórnarbyltingu. Jeg sagði að það væri það í eðli sínu og þess vegna líka í afleiðingunum. Hjer rjeð ekki þingið, heldur konungsvaldið. Það tók upp þann undarlega sið, að vjefengja að rjett væri farið með skýr og vafalaus skilyrði þingsins, og þetta hlýtur að hafa verið eftir einhverjum brjefum hjeðan að heiman, sem send hafa verið á bak við rjetta hlutaðeigendur. Það er sem sje einkennilegt við Íslendinga, eins og aðrar úrættaðar mentaþjóðir, eins og t. d. Forn-Grikki, að með þeim eru ýmsir menn því fegnastir, ef þeir geta spilt fyrir sínu eigin landi og þjóð. Þetta var alþekt í Rómaborg allan keisaratímann, að þar gengu Grikkir í hópum og spiltu fyrir löndum sínum, og sama er nú um oss í Kaupmannahöfn. En þá tekur þó skörin að færast upp í bekkinn, er menn svífast þess jafnvel ekki, að rangherma eftir löglegum fulltrúum þjóðar sinnar við konung sinn. Út af þessu spratt svo það, er konungur

kvaddi menn af báðum flokkum til skrafs og ráðagjörða við sig um málið. Þetta var svo einkennileg aðferð, að við henni átti í rauninni ekki nema eitt svar. Ef hann hefði viljað fá menn til tals við sig í öðru skyni, t. d. því, að vita hvort þeir vildu ekki taka að sjer stjórnina, þá var ekki nema sjálfsagt að sinna því, en þegar svona stóð á, átti enginn að fara. En þar sem mennirnir þó fóru, þá liggur stjórnarbyltingin í því, að með því urðu fleiri konungkjörnir, en vera áttu, og sitja nú nokkrir af þeim hjer í neðri deild. Þetta er því ekki ofhart að orði kveðið, og jeg vona að það sje rjett, að hjer sje í raun og veru raskað stjórnarfyrirkomulagi landsins.

Hæstv. ráðherra sagði, að aukaþing hefði verið óþarft og þingrof ekki getað átt sjer stað, þegar stjórnin var sannfærð um að gjörðir hennar væri í samræmi við tilætlun þingsins. Jeg hefi áður sagt, að í vor voru margir þm. flokksins á öðru máli og vildu því hafa aukaþing.

Þá skal jeg stuttlega minnast á það, sem hann sagði um þingsál.till. á dögunum. Honum þótti tvísýn björg í henni. Jeg trúi varla að hann segi þetta í alvöru, því að það er þó einsýnt, að ef Alþingi hefði lýst yfir því, að skilyrðum þess hefði eigi verið breytt með þess vilja, þá var þar með snúið vopnið úr höndum danskra ráðherra, sem leika vildu á það.

Það er viðurkent að alþjóðalögum, að þjóðir verða ekki skuldbundnar, nema annaðhvort að yfirlýstum vilja þeirra, eða með þegjandi samþykki, og einstakur maður gat ekki skuldbundið þingið, hverju sem hann lofaði, heldur þyrfti samþykki þess á eftir. Hann gat ekki heldur fallist á það, að það hefði verið óþarft og rangt af sjer að vera á móti till. Það var ekki rangt af því, að það sje rangt að halda sannfæringu sinni, heldur af því, að enginn getur haft þá sannfæringu, að svo tryggilega sje um hnútana búið, að ekki megi tryggilegar verða. Jeg get því ekki tekið aftur neitt, sem jeg sagði um þetta. Rök mín standa enn óhrakin.

Þá vil jeg að lokum benda á það, að að jeg skil ekki að vopnið, sem hæstv. ráðherra tataði um, hafi verið svo tvíeggjað, sem hann vildi halda. Því að þótt í hart hefði farið, hvað gat þá Íslendingum verið að vanbúnaði? Við lifum ekki á styrk Dana. Nú hefðum við einmitt þurft þess við, að þeir vernduðu okkur, til þess að ein ófriðarþjóðin taki ekki skip vor að ástæðulausu og láti þau sigla hvert af öðru þvert úr leið til Skotlands og leggi þannig hömlur á íslenska verslun. En hvað verður? Auðvitað ekkert annað en það, að þetta litla ríki getur ekki tekið að sjer að verja Ísland, svo að það gjörir ekkert til, þótt samverunni sje slitið. Við erum aldrei varbúnir við því, og þess vegna mátti vita, að konungsvaldið myndi láta undan, og þótt það gjörði það ekki, þá máttum við samt vera óhræddir. Og það er undarlegt að heyra unga menn tala um að alt sje ófært og sjá alstaðar ljón á veginum, einmitt þegar þeir eiga að fara að halda fram drengilega málstað landsins. Þessir menn, sem eiga að bera fram hugsjónir þjóðarinnar til sigurs, þeir gjöra það sannarlega ekki með vonleysi og hræðslu. Og ef þetta fer að verða alment við hvert tækifæri, þá verð jeg að segja það, að jeg vildi feginn hverfa frá því Sisyfosar-verki, að velta upp þeim steini, sem alt af hrapar niður, þegar hann er kominn allra efst á brúnina. Jeg væri uppgefinn á því fyrir löngu, ef jeg vonaði ekki sífelt að þeim fækki, sem nú eru á líku reki og jeg, og aðrir betri komi í okkar stað. En þá er ilmur

daganna horfinn fyrir mjer, ef þessir ungu menn reynast vera dauðir áður en þeir fara að reyna sig í lífinu.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi mega bæta dálitlu við, út af því, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði um Hrafnagilsmálið. Hann talaði um að matsmenn kynnu að vera ekki vel valdir, og fanst mjer sem í þessu lægi ákúra til stjórnarinnar. Það vita nú allir, að ráðherrann velur ekki þessa menn, heldur viðkomandi sýslumaður, og jeg hefi ekki ástæðu til að ætla að þeir sjeu ekki góðir, og það liggur í hlutarins eðli, að stjórnin verður að fara eftir því, sem þeir segja. Þeir staðfesta gjörðir sínar með eiði, en hins vegar er ekki hægt heimta að stjórnin þekki allar jarðir.

Jeg man til þess, að fyrir 2—3 árum var Munkaþverá í Eyjafirði seld fyrir mjög líkt verð og Hrafnagil. Það getur nú verið, að Espihóll hafi verið seldur hærra verði, en það getur líka verið að sú sala hafi verið eins og stundum á sjer stað hjer við Reykjavík, að verðið sje mest nafnið tómt, eða einhver »speculation«. En þar sem jeg nú hafði fyrir mjer bæði orð landritara og mat eiðsvarinna manna, þá var síst ástæða fyrir mig að fara að tortryggja orð þeirra. Jeg þekki ekki matsmenn í Eyjafirði, en eg gjöri ráð fyrir, að sýslumaður hafi ekki valið til þess aðra en valinkunna heiðursmenn, og það þykir og hefir ætíð þótt hart, að vjefengja eiðsvarna menn. Auk þess hafði jeg talað við biskup, og það er talið óhyggilegt að veita prestakallalán, þar sem svo stendur á, að jörðin er óheppileg til að vera prestssetur framvegis. Það eru líka til fordæmi fyrir því, að jarðir hafa fljótt hækkað ákaflega frá söluverði þegar farið hefir verið að »speculera« með þær. T. d. þekki jeg eina vestur Mýrum, sem seld var fyrir 3600 kr., og voru strax á eftir boðin í hana 7000. — Jeg get alls ekki munað söluverðið, sem hjer er um að ræða, en trúi því, sem háttv. þm. Dal. segir um það. En hitt held jeg fast við, að salan hafi fram farið eftir venjulegum reglum og mati.

Matthías Ólafsson: Jeg hefi ekki ætlað mjer að verða langorður um þetta mál. Jeg vildi að eins hafa vikið nokkrum orðum að háttv. þm. Dal. (B. J.), en sje mjer til mikilla leiðinda, að hann er hvergi nærri. Ræðan, sem hann hjelt hjer áðan í háttv. deild, var bygð á algjörlega röngum grundvelli, eða rjettara sagt á engum grundvelli, þar sem hann hjelt því fram að kosningarnar 1914 hefðu snúist um fyrirvarann. Þetta er ekki rjett og algjörlega gripið úr lausu lofti. Kosningarnar 1914 snerust einungis um samþykt stjórnarskrárinnar á grundvelli opna brjefsins frá 20.okt. 1913. Þeir einir voru kosnir, sem lofuðu að greiða stjórnarskrárbreytingunni atkv. vífilengjulaust. Þingið hafði því ekkert umboð frá kjósendum til þess að koma fram með fyrirvarann. Þetta er líka á hvers manns vitorði, að frá því í okt. 1913 þá snerist alt um það, hvort samþykkja ætti stjórnarskrána eða ekki.

Eitt er víst, að öll ræða háttv. þm. Dal. (B. J.) var ekkert annað en barátta við misheyrn og misskilning. En það á ekki að þolast, að slíku sje haldið fram mótmælalaust í hæstv. deild, vegna þess, að það kynnu að finnast menn, er læsu Alþingistíðindin, sem yrðu til þess að trúa þessu, ef það fengi að standa þar ómótmælt. Ef hægt er að fá meiri hluta í ár, þá er hann alveg jafngóður og meiri hlutinn frá því í fyrra. Og að tala um það, að kjósendum hafi verið gjört rangt til með þessu og vilja þeirra verið traðkað, er bara fjarstæða, því þeir hafa alls engan vilja látið í ljósi í þessu efni.

Eitt atriði, er háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, var alveg laukrjett, nefnilega að ekki má vera óvitt, ef ráðherra gjörir eitthvað það, er brýtur bág við vilja þingsins. Ef ráðherra fullnægir ekki ákvæðum þeim, er í lögunum standa, þá ber þinginu að víta slíkt. Mætti í þessu sambandi nefna lög nr. 25, 2. nóv. 1914. Í þeim stendur að grískudocentsembættið skuli veitt samkvæmt tillögum háskólaráðsins. Nú er altalað að háskólaráðið hafi ekki lagt með veitingu þessa embættis, og sje það rjett hermt, þá verð jeg að álíta fulla ástæðu til þess að láta í ljós óánægju sína, og það því fremur, sem þessi stjórnarráðstöfun hefir orkað meira tvímælis út um land alt en flestar aðrar stjórnarráðstafanir, sem nýlega hafa verið gjörðar.

Ráðherra: Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram út af ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) að þessi stjórnarráðstöfun var gjörð í tíð fyrirrennara míns í ráðherraembættinu, háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), og vísa jeg því til hans um þetta.

Sigurður Eggerz: Út af ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), þá vil jeg taka það fram, að það er ekki rjett hjá honum, að embætti þetta hafi verið veitt á móti tillögum háskólaráðsins. Það er rjett hjá honum, eins og hann tók fram, að samkvæmt lögunum, þá á að veita þetta embætti eftir tillögum háskólaráðsins. Það var að eins einn umsækjandi, sem sje háttv. þm. Dal. (B. J.). Jeg sendi umsókn hans til háskólaráðsins, en það neitaði að leggja nokkuð til eða frá um veitingu embættisins. En það kom fram tillaga frá heimspekisdeildinni, þar sem að eins einn maður lagði eindregið með að embættið yrði veitt umsækjanda, en tveir lögðu á móti, og vildi annar þeirra skjóta því til háskólaráðsins. En þar sem nú háskólaráðið vildi ekkert um þetta segja, þá var sjálfsagt að veita þessum manni embættið. Auk þess mun flestum þingmönnum hafa verið kunnugt fyrir fram, að einmitt þessi maður ætlaði sjer að sækja um þetta embætti. Annars get jeg sagt háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) að þetta »eftir tillögum háskólaráðsins« má skýra á fleiri vegu en einn, t. d. getur verið álitamál, hvort ekki er nóg að leita umsagnar háskólaráðsins. En þessarar skýringar þarf reyndar ekki með í þessu tilfelli, þar eð háskólaráðið vildi engar tillögur um þetta gjöra og umsækjandi var að eins einn.

Matthías Ólafsson: Jeg er þakklátur háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) fyrir skýringar þær, sem hann hefir gefið í þessu máli. Háttv. deild hefir nú fengið að heyra að orðasveimur sá, er gengið hefir um veitingu grískudocentsembættisins, er rjettur, þar eð háskólaráðið hefir ekki lagt til með veitingu embættisins. Í því liggur ekkert annað en að Háskólinn vill heldur að rúmið sje autt en að það sje skipað þessum manni. Aðra ályktun er ekki hægt að draga af því. Mjer finst það vera hárfínar lögfræðiskýringar, hvort ráðherra á að veita embættið, eða ekki, þegar hann getur ekki fengið neinar tillögur frá háskólaráðinu, en jeg veit að jeg hefði ekki veitt embættið undir þessum kringumstæðum, og það því síður, sem engar knýjandi ástæður voru til þess.

Sigurður Eggerz: Mjer finst háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) ýta sjer nokkuð langt í skjóli eldhúsdagsins. Mjer finst auðskilið, að þegar háskólaráðið ekki vill gjöra neinar tillögur, þá hefir stjórnin algjörlega óbundnar hendur til veit-

ingar embættisins. Einnig verður að líta á það, hvernig þetta embætti er til orðið. Allir flokkar hjer voru sammála um að stofna bæri þetta embætti, jafnvel helstu menn heimastjórnarflokksins. Nú þegar að allir flokkar telja nauðsynlegt að stofna embættið og það er fullráðið, hvers vegna ætti þá ráðherra að draga veitingu þess. Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) ljet og þá skoðun í ljós í Ed., er talað var um að fresta veitingu embættisins, að hreinasta fjarstæða væri að stjórnin frestaði því, en framkvæmdi ekki strax það, er þingið vildi. Og stjórnin bar svo mikla virðingu fyrir vilja þingsins í þessu efni, að hún áleit það getsakir, að því hefði ekki verið full alvara. Og jeg gat ekki annað gjört en að veita embættið, enda er mikið spursmál, hvort í raun og veru hafi verið þörf á að leita álits háskólaráðsins um þetta, þar eð umsækjandi var að eins einn. En hefði jeg vitað vilja háskólaráðsins í þessu, þá hefði jeg farið algjörlega eftir honum, og hefði það lagt á móti því, að embættið yrði veitt, þá hefði jeg aldrei gjört það.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A bls. 1.—83, þgskj. 333, n. 337, 338, 347, 348, 350, 373, 378, 382, 381, 390, 391, 392, 393, 394, 395, 399, 404, 405, 406, 407, 408, 409, 410, 413, 415, 416, 417, 420, 422, 423, 424, 426, 427, 428, 430, 432, 433, 435, 436, 443, 448, 456, *480* (*Atkv.skrá*), 491, 495, 496, 497.)

Forseti: Í sambandi við þessa umræðu skal jeg geta þess, að stundum hefir verið hagað svo til, að fjárlagafrumvarpinu hefir verið skift í kafla og þingmönnum leyft að taka tvisvar til máls um hvern kafla, og þá ef til vill 6 sinnum eða oftar við sömu umræðu frumvarpsins. Sú tilhögun virðist naumast í fullu samræmi við 36. gr. þingskapanna, er mælir svo fyrir, að engir aðrir en ráðherra og framsögumaður megi tala oftar en tvisvar við hverja umræðu. Til þess að fullnægt sje ákvæði þingskapanna, en þingmönnum þó gefist kostur á að tala tvisvar um hverja grein fjárlaganna, virðist liggja beinast fyrir að taka frumv. til umræðu í heild sinni ásamt öllum breytingartillögum. En ef einhver háttv. þingmanna vill gjöra stutta athugasemd um gæslu þingskapanna að þessu leyti, þá er það heimilt.

Bjarni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að biðja hæstv. forseta að bera þetta undir deildina, þar sem þetta hefir alt af verið venja, að taka fjárlagafrumv. ekki fyrir í einu lagi, og jeg hins vegar býst við því, að þingsköpin sjeu þau sömu og venjulega.

Magnús Kristjánsson: Jeg vildi láta þá skoðun í ljós, að óheppilegt er, að minni ætlun, að taka fjárlagafrumv. fyrir í einu lagi. Jeg verð að líta svo á, að enginn tímasparnaður verði að þessu. Því þó að þingmenn töluðu sjaldnar, ef þetta væri gjört, þá mundu þeir tala þeim mun lengur í hvert skifti, og fengju þó ekki jafngott yfirlit yfir málin eins og annars. Það er margt það í fjárlögunum, sem er óliks eðlis, og hygg jeg því rjettara, ef ekki verður fylgt þeirri reglu, sem verið hefir, að þeim verði að minsta kosti skift í tvent.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson): Mjer finst í raun og veru ástæða til þess að taka fyrir

þá venju, að skifta fjárl. í kafla og ræða hvern kafla sem sjerstakt mál. Þessi aðferð lengir umræð. að óþörfu. Hjer er hvort sem er ekki um mörg mál að ræða, heldur að eins um mörg atriði. Jeg get því ekki annað en hvatt til þess, að þeirri venju, er tíðkuð hefir verið nú að undanförnu, verði breytt, þar sem hún brýtur ekki bág við þingsköpin, því að með því móti yrði þessari umræðu lokið annað kvöld og á þann hátt spöruðust tveir dagar af þingtímanum. Eiginlega finst mjer að það taki mest til mín sem framsögumanns fjárlagan., ef nauðsyn væri á að skifta fjárlögunum í kafla við umræðurnar, og jeg skil ekki í að þingmenn fari að fylgja hinu fram að eins til þæginda fyrir sjálfa sig, því það lengir þingtímann að óþörfu um 2 daga.

Sigurður Eggerz: Jeg fæ ekki sjeð, að það sje athugavert að halda fram gamalli venju og ræða vissa kafla sjer. Með því að taka þá liði út af fyrir sig, er saman eiga, fæst miklu betra og gleggra heildaryfirlit en annars. Aðalatriðið er þó að mönnum verði vel ljóst hvað þeir eru að gjöra; jeg tel það meira vert en flýtirinn. Annars vafasamt hvað mikill tímasparnaður yrði að því að ræða öll fjárlögin í einu, því með því móti yrðu ræður hvers eins þeim mun lengri.

Jeg vil því leggja til, að gamla venjan haldist, og leyfi mjer að fara þess kurteislega á leit við hæstv. forseta, að hann leggi þetta undir úrskurð deildarinnar.

Jón Magnússon: Jeg er alveg samdóma hæstv. forseta um það, að það sje brot á þingsköpunum að haga þessu eins og verið hefir. Með því móti tala margir þingmenn oftar en tvisvar í sömu umræðu, þó að þeir sjeu ekki framsögumenn. Að minsta kosti er sjálfsagt að gjöra það með afbrigðum frá þingsköpunum. Annars fæ jeg ekki skilið það, að þingmenn fái ekki nógu glögt yfirlit yfir fjárlögin, þó að þau sjeu tekin fyrir í einu lagi, og að þingmennirnir sjeu ekki færir um að muna það, sem sagt hefir verið, er harla ótrúlegt.

Benedikt Sveinsson: Mjer þótti miður, er jeg heyrði það, að ræða ætti fjárlagafrumv. með öðrum hætti en verið hefir mörg undanfarin ár. Jeg verð því að taka undir með háttv. þm. Ak. (M. K.) og öðrum þeim þingmönnum, er talað hafa á líkan veg. Og þó að reglan, er gilt hefir, komi ekki fyllilega heim við bókstaf þingskapanna, þá hefir þessi venja komist á, vegna þess að nauðsyn hefir borið til þess. Fjárlögin eru lang yfirgripsmesta málið, er liggur fyrir þinginu og ekki við það hlítandi, að svo margbrotið mál liggi í einu lagi fyrir til umræðu.

Hjer er í raun og veru um *mörg* mál að ræða, t. d.: strandferðir, vegagjörðir, vitamál, búnaðarmál, mentamál, vísindi og listir o. fl. Það er alls óvíst, að það myndi stytta umræðurnar, þó að fjárlagafrumv. yrði tekið fyrir í einu lagi, enda er það undarleg kenning, ef þing ætlar að halda því fram, að það sje skaði, að málin sjeu rækilega rædd. Jeg hugði þó, að þingmenn hefðu málfrelsi og að þeir væru sendir á þing til þess að tala um mál þau, er fyrir liggja, til þess að þau skýrðust við umræðurnar og þingmennirnir gætu á þann veg fengið sem glöggastan skilning á þeim.

En að þenjast yfir öll fjárlögin í einni bendu hygg jeg að verði til þess, að ræður verði svo langar og slitróttar, að

þingmönnum tæki að leiðast að hlýða á þær, svo að bekkirnir verði auðari en verið hefir. Það væri nærri verra að hafa þetta þannig en að taka dagskrá með 10 málum á og ræða þau öll í einu. Það myndi ef til vill spara tímann, en ég efast um, að úrlausn málanna yrði betri með þeim hætti.

Jeg vil því eindregið mæla með því, að sú venja, er tíðkast hefir, haldist nú eins og áður, enda mun það happadrýgst.

Ráðherra: Jeg vil geta þess, að jeg hygg, að ekki sje ráðlegt að víkja frá þeirri venju, er verið hefir, nema knýjandi ástæður sjeu til þess. Ef sú venja er á móti þingsköpunum, þá er rjett að leita afbrigða frá þeim.

Það er bersýnilegt, að miklu ljettara er að tala ekki um fjárlagafrv. í heild, því að það hefir að geyma mörg og óskyld málefni, eins og nokkrir háttv. þingmenn hafa rjettilega tekið fram. Jeg tel það enn fremur mjög mikið vafamál, hvort nokkur tími sparaðist með þessu, þótt talað væri um frumv. alt í heild.

Guðmundur Eggerz: Jeg vil að eins taka það fram, að það er langt frá því, að tíminn styttist við þessa nýju tilhögun, því að ræðumenn myndu þá tala 4—5 klukkutíma í hvert skifti. Auk þess hefir nú verið eytt hálfum tíma til að þrefa um þetta.

Aðalatriðið fyrir mjer, er að fá sem best yfirlit yfir málin, og eins og hæstv. ráðherra hefir tekið fram, verður hver liður miklu betur athugaður eftir gamla fyrirkomulaginu. Auk þessa verður að athuga það, að þingmenn hafa haft lítinn tíma til þess að athuga álit fjárlaganefndarinnar, og þar sem við það bætist sá aragrúi af breytingartillögum, er fram hafa komið, þá vil eg eindregið mæla með því, að gamla fyrirkomulaginu verði haldið.

Sigurður Gunnarsson: Jeg vil að eins taka það fram, út af því, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að það er mjög eðlilegt frá hans sjónarmiði, að taka fjárlagafrv. fyrir í einu lagi. Fjárlaganefndinni eru þessi mál orðin svo þaulkunnug, að hún þarf ekki að kynna sjer þau nánar; en okkur, sem ekkert höfum um þessi mál fjallað, er það engu síður nauðsynlegt að setja okkur sem best inn í þau.

Af þessum ástæðum verð jeg að vera því mjög fylgjandi, að gömlu reglunni verði fylgt, eins og að undanförnu, sem sje þeirri, að ræða frumvarpið í köflum.

ATKVGR.:

Borið undir deildina sem afbrigði frá þingsköpunum, að fjárlagafrv. yrði skift niður í kafla til umr., var það samþykt með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Hannesson,
Guðm. Eggerz,	Jón Magnússon,
Hjörtur Snorrason,	Pjetur Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Þórarinn Benediktss.
Jón Jónsson,	
Magnús Kristjánss.,	
Sigurður Eggerz,	
Sigurður Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Sigurður Sigurðsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Forseti: Samkvæmt atkvæðagreiðslunni um þetta atriði, verður frumvarp-

ið rætt í 3 köflum. Fyrsti kaflinn tekur yfir tekjubálkinn og útgjaldabálkinn aftur að 13. gr, annar kaflinn 13. og 14. gr., og þriðji kaflinn 15.—22. gr. Fyrstu 12 greinarnar í frumvarpinu liggja því nú fyrir til umræðu.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg skal byrja á því að taka það fram, að þessi skifting á umræðunni um fjárlögin er ekki að mínum vilja, þótt jeg hefði ef til vill haft ástæðu til þess, frekar en nokkur annar að óska eftir henni. Ef því niðurstaðan af henni verður sú, að fjárlögin verða afgreidd hjeðan úr deildinni tveim dögum seinna en ella, þá þvæ jeg mínar hendur.

Svo skal jeg leyfa mjer að geta þess fyrst af öllu, að villur hafa orðið í breytingartillögum nefndarinnar. Fyrst og fremst í brtt. við 12. gr., þar sem víxlað er um tölur, og er það aftur leiðrjett með sjerstakri brtt. frá nefndinni. Það er styrkur til Jóns læknis Kristjánssonar, og hafa þar orðið víxl á 17. og 19 lið. Svo er prentvilla í 45. lið, en hún hefir ekki mikla þýðingu. Aftari talan í efri línu á að vera 40,400 kr. Loks á í 92. lið að standa »Eiríksson«, í nafni Gísla pósts.

Viðvíkjandi yfirliti því, sem eg reyndi að gefa á dögunum við framh. 1. umr., vil jeg geta þess, að jeg býst við að jeg hafi þá tæplega lagt nóga áherslu á umframgreiðslur þær, er sjálfsagt má búast við í áætlunartölum fjárlaganna. Þær verða líklega með meira móti.

Þetta sjest glögglega, ef miðað er við reynsluna að undanförnu. Það hefir komið í ljós, bæði við landsreikninginn og fjáraukal. fyrir árin 1912 og 1913, að umframgreiðslur hafa orðið svo miklar, að nefndin hefir fundið ástæðu til að koma beinlínis fram með aths. til stjórnarinnar um að hafa áætlunina betri að þessu leyti eftirleiðis. Einnig hefir verið bent á þetta af yfirskoðunarmönnum. — Jeg segi þetta ekki af því, að jeg hafi umboð fjárl.nefndar til að veita stjórninni ákúrur fyrir þetta, enda hefir fjárlaganefnd einmitt sjálf oft áður klipið af svo kölluðum »kalkulatoriskum« póstum, svo að þeir hafa ekki hrokkið, heldur bendi eg á það af því, að það hefir áhrif á fjárhagsáætlunina, einkum nú, er dýrtíðin gjörir það að verkum, að margur kostnaður verður hærri en ella, og held jeg að sá munur verði meiri en stjórnin hefir tekið til greina. Jeg get t. d. ekki sjeð betur en að upphæðin til ellistyrktarsjóðs og eftirlauna sje áætluð heldur lágt.

Jeg hefi því miður ekki talað við stjórnina um þetta, en mjer þykja 167 þús. kr. bæði árin, eða $83^1/_2$ þús. á ári, vera nokkuð lítil upphæð í 18. gr. — Þar af ganga til *eftirlauna*, samkvæmt athugas. við stjórnarfrumv., um 70,000 kr. á ári, sundurliðað til nafngreindra manna. Svo er það, sem til ellistyrktarsjóðs fer, og mun það vera nálægt 20 þús. kr. á ári. Eftir því hefði fjárveitingin ekki mátt minni vera en 90 þús. kr. á ári eða 180 þús. kr. á fjárhagstímabilinu. Jeg hefi ekki gætt að þessu fyrr en nýlega og ekki haft tíma til að bera mig saman við stjórnina um þetta.

Jeg gat þess við framhald 1. umr., hve brtt. nefndarinnar næmu miklu í hækkunum og lækkunum á upphæðum fjárlaganna og fer ekki út í það.

Þá vil jeg geta þess, að nú hefi jeg hugsað mjer það fyrirkomulag á framsögunni, að tala ekki um hverja brtt. fyrir sig, heldur skírskota þar til nefndarálitsins. Það er heppilegra, að háttv. þm. lesi þess konar athugasemdir heima hjá sjer eingöngu en að þeir þurfi í viðbót að hlusta 25 í hóp á framsöguræðu um einstök atriði, sem ekki bætir neinu verulegu við það, sem í álitinu stendur. Aftur getur það verið, að einhverjum

þyki skýringarnar í nefndarálitinu ekki nógar, og er þá eðlilegt að fyrirspurnir sjeu gjörðar í umræðunum, og er þá hægt að svara þeim sjerstaklega.

Mig hefði langað til að gjöra nokkuð meira í yfirlits-áttina, því að það eru ekki einungis tekjurnar, sem liggja fyrir í þessum kafla, heldur og nokkur hluti af gjöldunum.

Fyrir tekjunum er nú svo gjörð grein í nefndarálitinu, að jeg hygg, að jeg þurfi þar litlu við að bæta. Tekjuáætlunin er svo, að hún er alt af álitamál, en það þykist jeg sjá, að hún er tæplega jafn-ábyggileg nú og hún hefir að undanförnu verið, þegar ekki var hægt að sjá annað en að gott árferði lægi fram undan. En væru ekki óvenjulegir skuggar í lofti, þá væri hún fullkomlega eins varleg og vant er. Annars er það nú svo um tekjuáætlunina, að það, sem lagt er til að hækka á einum pósti, það er þá aftur lækkað á öðrum, svo að breytingin er sama sem engin.

Jeg hefi gjört dálítinn samanburð á frumv. stjórnarinnar og núgildandi fjárlögum, hvað gjöldin snertir. Og það hefir nú orðið svo, að þó að hæstv. stjórn hafi viljað halda sparlega á, þegar hún bjó til frumvarpið, þá hefir hún þó orðið að taka upp í frumv. hækkanir á gjöldum frá núgildandi fjárlögum, sem nema brúttó 540 þús. kr. Þar frá dregst svo ýmislegt, sem hún hefir lagt til að spara, frá því sem nú er veitt, og nemur það um 240 þús. Hækkunin á útgjaldahliðinni verður því alls nettó 300 þús. kr. En ýmsir af þeim liðum, sem stjórnin hefir viljað spara, verða þó því miður ekki til neins sparnaðar. T. d. er lagt til að lækka styrkinn til heilsuhælisins á Vífilsstöðum, en stjórninni er þó vitanlegt, eins og sjest á athugasemdum hennar, að þar verður í staðinn stór hækkun, og svo er um ýmsa fleiri af þessum póstum. Þeir eru bersýnilega of lágt áætlaðir af stjórninni.

Um samanburð á frumv. stjórnarinnar og tillögum nefndarinnar er það að segja, að þar standast mikið til á hækkanir og lækkanir. Sparnaðartillögurnar nema 15 þús. kr. meira en hækkunartillögurnar. En ýmsar hækkanir, sem nefndin gjörir, voru fyrirsjáanlega óhjákvæmilegar, og hefðu helst átt að standa í frumv. stjórnarinnar. Það var engin ástæða til að kasta slíku á bak fjárlaganefndar, eins og t. d. hækkuninni til heilsuhælisins, sem jeg mintist á áðan, og gjört var ráð fyrir í fyrra.

Líkt er ástatt með geðveikrahælið. Sú viðbót var fyrirhuguð áður og nauðsynlegt að byrjað yrði á henni á næsta fjárhagstímabili.

Jeg ætla hjer ekki í neinn meting, heldur vildi jeg sýna það, að sparnaðartillögur nefndarinnar eru raunar talsvert verulegri en mismunur hækkana og lækkana sýnir.

Þá skal jeg að eins minnast í örfám orðum á eina af brtt. nefndarinnar. Hún er um lækkun á Alþingiskostnaðinum. Jeg skal geta þess um hana, að fjárlaganefndir beggja deilda nefndu til sinn manninn hvor, til þess að líta yfir og rannsaka Alþingisreikninginn 1913. Kom það þá í ljós, að hann mun ekki allur hafa getað heimfærst til þess árs, heldur að sumu leyti til fleiri ára. Ýmislegt var þar af, sem þessum rannsóknarmönnum þótti ýmist óþarfakostnaður eða óþarflega hátt reiknaður, og menn vita, að sumpart verður komið í veg fyrir slíkt framvegis. Jeg veit ekki hvort athugasemdir út af þessari rannsókn muni geta legið fyrir þessu þingi, en hugsanlegt er þó, að það gæti orðið, og gætu menn þá glöggvað sig á þeim og gjört sjer ljóst, hvernig því er varið,

að kostnaðurinn varð svo geysihár þetta ár, og ef til vill komið með einhverjar tillögur til bóta á fyrirkomulaginu.

Jeg hafði búið mig undir að minnast á fleiri liði, en þar sem ekki er nema þessi kafli til umræðu, þá sleppi jeg því.

Þá eru þær fáu brtt., sem fram hafa komið við þenna kafla frá öðrum en nefndinni. Jeg hefi ekki orðið var við, að þær sjeu nema við 12. gr., og er sú fyrsta á þgskj. 333 frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Önnur er frá háttv. þm. Snæf. (S. G.) á þgskj. 382, og þriðja frá háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgskj. 393. Þær eru allar þess efnis, að fara fram á styrk handa einstökum hreppum til að leita læknis, á sama hátt og fordæmi eru til á fjárlögum nú. Um brtt. á þgskj. 333 má segja það, að hún er hófleg, og ef farið er út í það á annað borð, að veita slíkan styrk, þá er hægra að ganga inn á hana en sumar aðrar.

Nefndin hefir nú athugað þessar tillögur að nokkru leyti og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje gjörandi að fjölga þeim að svo stöddu, er þessa styrks njóta, nema þá með því, að læknaskipunarnefnd hefði fjallað um þetta mál í heild sinni fyrir land alt. Það eru svo margvíslegar tillögur, sem fram koma um slíkt. Sumir vilja fá styrk til að leita sjer lækna, aðrir til að bæta launakjör læknis síns, og enn aðrir til að reisa lækninum bústað, hvert um sig í því skyni að geta haldið lækni kyrrum í hjeraðinu. Um þetta alt má margt segja, og ef gæta ætti sanngirni og koma samræmi í það alt saman, þá veitti ekki af sjerstakri nefnd, ef eitthvað ætti verulega að bæta úr því. Nefndin hefir því ekki getað fallist á neina af þessum tillögum. Það væri líka hægt að nefna ýmsa hreppa, sem líklega eru verr staddir að þessu leyti en nokkur þeirra, sem hjer er um að ræða, t. d. eins og austur á Hólsfjöllum, þar sem fyrst og fremst er nærri dagleið undir öllum kringumstæðum til næsta læknis, og það yfir öræfi að fara, og svo í öðru lagi er það ekki nema með höppum og glöppum, að nokkur læknir sje í Öxarfirði. Þá mætti og nefna Flatey og Grímsey. Svo að ef litið er á nauðsynina, þá er hjer áreiðanlega nóg efni fyrir fasta þingnefnd.

Þá er ein brtt. um smátillag til sjúklings á fábjánastofnun erlendis. Nefndin hefir athugað þetta og ekki getað fallist á, að það standi í sambandi við neitt það, sem þingið geti talið sem sitt hlutverk. Sama er að segja um styrk til Magnúsar Guðlaugssonar smáskamtalæknis, og vona jeg að jeg þurfi ekki að tala langt mál um ástæður fyrir því.

Ráðherra: Þessi þögn er næsta óvanaleg hjer í hæstv. deild, en »fyrst allir aðrir þegja«, verð jeg líklega að taka til máls. Jeg bjóst nú reyndar við að þeir, sem viðauka- og breytingartill. ættu, myndu taka til máls. Jeg hefi í sjálfu sjer ekki mikið að athuga við breytingartill. fjárlaganefndarinnar, hvað þenna kafla fjárlaganna snertir. Það er tæpast hægt að segja neitt um það, eins og horfir nú, hvort muni ábyggilegra í heild sinni, stjórnarfrumvarpið eða breytingatillögur fjárlaganefndarinnar. Nefndin hefir ákveðið að lækka vitagjaldið, og hefir hún þar vafalaust mikið til síns máls, því að sennilega verða skipaferðir nokkuð minni til landsins næsta ár og ef til vill 1917, sökum ófriðarins, en vanalega, og mun því varlegt að færa þenna tekjulið niður um 10,000 kr. Um hækkun áfengistolls er líklega ekki gott að segja mikið, jeg meina á áfengi löglega innfluttu. (Hlátur). En jeg býst þó við því, að nefndin hafi full rök að færa fyrir þessari hækkun sinni. Sama er

að segja um vörutollinn. Nefndin hefir ákveðið að lækka hann um 50000 kr., þar eð hún gjörir ráð fyrir, sem og má ske er eðlilegt, að vöruflutningur til landsins muni minka að nokkrum mun, meðan stríðið stendur yfir. Jeg álít því ekki þessa lækkun neitt sjerstaklega athugaverða. Hækkun símatekna er að líkindum bygð á því, að nefndin gjörir ráð fyrir að nýjar símalínur bætist við. (*Framsögumaður Pjetur Jónsson:* Nei, alls ekki!) Mjer þótti þetta nú samt líklegt, því að vafalaust má telja að einhverjar nýjar línur verði lagðar á þessu fjárhagstímabili. Hvað snertir breytingartillögu nefndarinnar við 4. gr., þá er þar um harla lítinn mismun að ræða, þar sem nefndin fer fram á að hækka leigur af innstæðu viðlagasjóðs um 500 kr. síðara árið. Enn fremur leggur nefndin til að Búðahreppi sje veitt uppgjöf á 1500 kr. Stjórnin getur eftir atvikum fallist á þessa uppgjöf, og það því fremur, sem landsímastjóri hefir mælt með henni. Hvað snertir 6. lið 4. greinar um arð af innstæðufje í Landsbankanum, þá er það satt, að það var ekki tekið upp í fjárlögin, en það stafaði ekki af gleymsku frá *minni* hálfu, því að jeg mundi eftir honum, en fanst ekki borga sig að taka hann upp, vegna þess, að það hefði raskað öllum útkomum fjárlaganna, sem að miklu var búið að ganga frá, þegar jeg tók við, en jeg held að það sje rjett með farið hjá mjer, að jeg hafi minst á þetta við fjárlaganefndina, svo að jeg eiginlega eigi breytingartillöguna. Hvað snertir 5. gr. 1. lið, um það, að presturinn á Breiðabólsstað í Fljótshlíð megi verja árgjaldinu af brauðinu til jarðabóta, þá skal jeg geta þess, að mjer er ekki kunnugt um, hvort undanfarandi stjórnir hafa tekið þetta upp í sín fjárlagafrumvörp. Jeg sje ekki ástæðu til þess að breyta þessu, þar eð presturinn hefir víst áreiðanlega gjört meiri jarðabætur en hann beinlínis var skyldur til.

Þá skal jeg víkja að breytingartillögunum við 1. grein útgjaldabálksins.

Við 9. grein, 6. lið, hefir fjárlaganefndin hækkað þóknun þá, er Landsbankinn fær fyrir það, að annast útborgun og innborgun fyrir landssjóð, eða með öðrum orðum að gegna landfógetastörfum. Það er ekki ólíklegt, að þetta starf hafi aukist nú upp á síðkastið og kostnaðurinn við það sje því meiri en áður var, og því ekki ástæða til þess að vera þessari hækkun mótfallinn; en hins vegar fær Landsbankinn svo mikið fje fyrir þetta, 5000 kr. á ári, að maður skyldi halda að hann gæti haft þetta á hendi án sjerstakrar frekari borgunar, enda samningur um það. (*Björn Kristjánsson:* Landsbankinn fær ekki fje þetta rentulaust). En reyndar má nú líta svo á, sem þetta sje aðeins að hafa vasaskifti á peningunum, þar sem Landsbankinn er eign landsins sjálfs. Um 10,000 kr. lækkunina við 10. grein, skal jeg ekki segja, hve rjettmæt hún er, það mun koma í ljós á sínum tíma, en ekki er ólíklegt að miðað sje við það, að sumarþing sjeu ódýrari, því á þeim sparast töluvert til ljósmatar og eldsneytis. Nefndin hefir fært upp kostnaðinn við endurskoðun landsreikn.,og er það rjettmætt,því að nú verða eftirleiðis 3 yfirskoðunarmenn. En það, að stjórnin tók ekki þessa upphæð með í frumvarp sitt, stafaði af því, að stjórnarskráin var þá ekki staðfest, er hún samdi frumvarpið, og alls óvíst um hvort svo myndi verða í bráð. Við 11. grein, B 1., hefir nefndin bætt 500 kr. Þetta mun vera samkvæmt loforði frá fandi stjórnar um að taka þessa fjárveiting upp í fjárlagafrumvarpið, eða fjáraukalagafrumvarpið. Fyrverandi landshöfðingi Magnús Stephensen hafði búið til efnisyfirlit yfir framhald stjórn-

artíðindanna og boðið stjórninni það. En þessu vissi jeg ekki af, og gat því ekki tekið það með í reikninginn.

Hvað snertir hagstofuliðinn, þá er það rjett hjá nefndinni, að tillagan um fjárveitingu, til þess að gefa út bók á erlendu máli um landshagi Íslands, er fram komin beint eftir ósk minni, svo að jeg verð henni vitanlega ekki mótfallinn. Þá er 3. liður 11. greinar um endurgjald til embættismanna fyrir burðareyri. Jeg efast um að það endurgjald muni eiga sjer nokkurn tíma stað nema á pappírnum. Jeg sje, að stjórnin hefir ekki talið að minna mundi nægja til þessa en 16000 kr.; en jeg hygg að þetta muni miklu fremur verða áætlunarliður en hitt, sökum þess, að ekki er gott að segja nákvæmlega um, fyrir hvað beri að endurgjalda, eða hvað eigi að teljast borgað beint í embættisþarfir. Eftirlitslaunin vill nefndin færa niður um 500 krónur. Auðvitað er hægt að haga eftirlitinu samkvæmt þessari lækkun, en það verður þá líka minna og eftirlitsferðirnar færri. En þess vegna var þessi fjárveiting höfð svo há í stjórnarfrumvarpinu, að á síðasta þingi, 1914, komu fram töluvert háværar raddir um það, í báðum deildum, að eftirlitið væri ónógt. En ef menn vilja að það sje aukið, þá hlýtur það að kosta peninga. Um þá ráðstöfun nefndarinnar, að bæta við peningaskápum í Rangárvallasýslu, hefi jeg ekkert að athuga. Um 11. grein, 7. lið, er það að segja, að nefndin hefir hækkað fjárveitingu til strandgæslu um 2000 kr. og jafnframt gjört þá breytingu, að landsjóður taki á sig $^2/_3$ hluta kostnaðarins í stað helmings áður. Jeg get gengið inn á að sanngjarnt sje, að landið taki meiri þátt í strandgæslunni en það hefir gjört, og sú ástæða nefndarinnar fyrir hækkuninni, að illa hafi gengið að ná fjenu inn, er víst alveg rjett, en mjer þykir hún á hinn bóginn benda í þá átt, að menn vilji ekki vinna mikið til þess að fá almennilega strandgæslu.

Við 12. grein hafa komið fram ýmsar breytingartillögur frá nefndinni og sumar þeirra eftir tilmælum stjórnarinnar. Um hækkunina á fjárveitingunni til húsbúnaðar holdsveikraspítalans skal jeg ekki segja. Jeg er ekki nógu kunnugur því, hverja nauðsyn ber þar til. Viðvíkjandi viðbótinni til geðveikrahælisins á Kleppi, þá skal jeg geta þess, að tillagan um þá fjárveitingu er fram komin samkvæmt tilmælum stjórnarinnar og tillögum Rögnvalds Ólafssonar húsameistara. Jeg býst við því, að það sje alveg rjett að veita þessa upphæð, því tilgangurinn mun vera sá, að fara nú þegar að viða efni að, grjóti og möl, og þess vegna líkur til að byggingin verði fyrr fullgjör og kostnaðarminni en ella. Þó sá stjórnin sjer ekki fært, þegar fjárlagafrumv. kom, að koma fram með tillögu um það, að landið tæki að sjer Vífilsstaðahælið á næsta ári, þótt hún raunar sæi fram á, að að því myndi líklega reka. Eins og kringumstæðurnar eru nú, fanst stjórninni rjettara, að fjárlaganefndin segði sitt álit um málið og kæmi sjálf fram með fullnaðar tillögu, ef hún teldi sjer það fært. Fjárlaganefndin hefir og farið fram á, að styrkur sá, er veittur væri til sjúklinga, sem þyrftu að leita utan á ljóslækningastofnun Finsens, sje hækkaður um 300 kr. Mjer finst þetta ekki nema sanngjarnt, þar sem landlæknir leggur þetta og til, og þar sem ekki eru tæki til slíkra lækninga hjer á landi. Enda skiftir litlu máli, hvort styrkurinn er 500 eða 800 krónur. Viðvíkjandi styrknum til Jóns Kristjánssonar læknis, þá vildi jeg skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki myndi heppilegra að láta

æknirinn fá 1000 kr. hvort árið, heldur en að láta hann fá 3500 kr. styrk í eitt skifti. Því að jeg býst við því, að úr því nefndin hefir einu sinni tekið þessa fjárbæn upp á sína arma, þá geti hún ekki vel neitað því að styrkja þetta fyrirtæki áfram, ef beiðni skyldi koma fram um það. Og ef litið er á þetta frá sjónarmiði sparnaðarins, þá ljettir þessi tillaga mín þó dálítið á landsjóði, en mundi koma hjer um bil í sama stað niður fyrir læknirinn.

Við 12. grein hefir komið fjöldi af viðaukatillögum, sem allar ganga í líka átt, að undanskildri einni, nefnilega að leita styrks til læknishjálpar. Ef nú þetta alt væri tekið til greina, þá myndi fara svo, að allir, eða flestir hreppar á landinu, álitu sjálfsagt að biðja um styrk til þess að ljetta undir með sjúklingum sínum að leita sjer lækninga. Og þá myndi verða ilt að gjöra upp á milli þeirra, því að takmörkin eru sennilega óvíða svo glögg, að sjá megi hver er mest þurfandi. Loks er ein tillaga á þingskjali 390 frá háttv. þm. Dal. (B. J.) um styrk til smáskamtalæknis eins í hans kjördæmi. Jeg skal ekkert um það segja, hve verðugur þessi maður er þess, að fá styrkinn, en hætt er við, að upp myndu rísa fleiri smáskamtalæknar víðar á landinu, er þættust jafnvel að því komnir að fá viðurkenningu, ef þessum eina manni væri veitt hún. Jeg skal reyndar játa, að það er einungis smáskamtur, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) fer fram á handa skjólstæðing sínum. En margir smáskamtar geta orðið að einum stórum. Það verða menn að hafa vel hugfast, þá er um þessar smáfjárveitingar er að ræða.

Sigurður Gunnarsson: Jeg hafði nú eiginlega ekki ætlað mjer að tala langt mál hjer, en af því að jeg á viðaukatillöguna á þingskjali 392, þá vildi jeg leyfa mjer að segja nokkur orð. Það var einkum tvent, sem knúði mig til þess að koma fram með þessa tillögu, og gaf mjer jafnvel von um að henni yrði tekið vel. Í fyrsta lagi hafa, eins og háttv. þingdeild er kunnugt, komið til fyrri þinga bænir um að stofnað yrði sjerstakt læknishjerað í Hnappadalss. og syðra hluta Snæf.s. Þingið tók þunglega á þessu í fyrstu og alt fram til 1911. Þá var því svo vel tekið, að það komst í gegn um Nd. og til 2. umræðu í Ed., og kunnugir menn málinu sögðu að það hefði einungis verið fyrir slys, að það komst ekki í gegn þar. Nú ríkir sama óskin þar vestra. Þeir, sem kunnugir eru staðháttum á þessum slóðum, munu vita um, hve afarerfitt er fyrir þessa 3 hreppa, Miklaholtshrepp, Eyjarhrepp og Kolbeinsstaðahrepp, að ná til læknis. Þingið hefir líka viðurkent læknaþörfina í þessum hreppum, með því að taka frumvarpinu um sjerstakt læknishjerað á þessum slóðum svo liðlega 1911. Á eina hlið þessum sveitum er hafið, á aðra hlið slæmur og erfiður fjallgarður, og á þriðju hliðina afarlangur vegur til læknis. Jeg vildi ekki koma með frumvarp um að stofna nýtt læknisembætti, sökum sparnaðar nú, en kom í staðinn fram með þessa viðaukatillögu, sem fer fram á að þessum þremur hreppum sje veittur 300 króna styrkur í sameiningu, til þess að leita læknis, en sá styrkur yrði að sjálfsögðu látinn koma hinum fátækustu hreppsbúum að notum. Þetta verða ekki nema 100 krónur á hrepp til jafnaðar, og jeg vona að fjárlaganefninni geti því fundist þessari beiðni stilt við hóf. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að tilætlunin er ekki sú, að 100 krónur falli endilega hverjum hreppi í hlut, heldur að þessum 300 krónum verði skift niður á alla hreppana í rjettu hlutfalli við fólks-

fjölda. — Þetta var þá fyrri ástæðan.

Hin ástæðan er sú, að jeg sje, að í stjórnarfrumvarpinu er farið fram á að veita sams konar styrk, 300—600 kr. ýmsum hreppum, sem ekki eru færri en 5 að tölu, og jeg býst fastlega við, að hægt sje að setja þessa tillögu mína við hliðina á þeim, hvað sanngirni snertir. Það er nú má ske von, að fjárlaganefndinni þyki fullmikið gjört að því að sækja um þess háttar styrk, er hjer ræðir um, eins og hæstv. ráðherra drap á í ræðu sinni, en sje þessi styrkbeiðni feld, þá álít jeg líka rjett að fella í burtu allar sams konar styrkbeiðnir, sem fram eru komnar, að undanskildum styrknum til Öræfinga. Því þeir munu vera allra manna verst settir á landinu í þessum efnum, með öræfi, jökla og alls konar torfærur á allar hliðar. Vona jeg að háttv. fjárlaganefnd taki þessi ummæli mín til athugunar, samræmisins vegna.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Jeg vona að þessi viðaukatillaga mín standi ekki verr að vígi, með að samþykki háttv. deildar, en aðrar sams konar fjárbeiðnir, er fram hafa komið, og fjárlaganefndin hefir ekki hreyft við.

Björn Kristjánsson: Jeg á hjer breytingartillögu á þgskj. 333 og vil fara um hana nokkrum orðum. Eins og háttv. deild mun vera kunnugt, þá hefi jeg hvað eftir annað farið fram á, að endurreist yrði læknishjeraðið í Kjósarsýslu, sem lagt var niður fyrir nokkrum árum. Það mun hafa verið lagt niður sökum þess, að læknirinn, sem gegndi því, þóttist ekki hafa nægar tekjur. Þingvallahreppur tilheyrir þessu hjeraði, og allir þeir, sem til þekkja, vita hvað langt er að leita til læknis til Hafnarfjarðar þaðan. Læknirinn þar hefir og afarmikið að gjöra og af þessum ástæðum er læknis oftast leitað hingað til Reykjavíkur. En menn geta líka getið því nærri, að æði mikið dýrara er að sækja lækni út fyrir hjeraðið en að vitja hjeraðslæknis sjálfs.

Þegar jeg í vor var á fundi uppi í Kjós, stóð svo á, að veikindi voru þar á einu heimili, og þurfti þá að reyna í fleiri daga að ná í meðul, áður en það tækist.

Eins er þessu varið um Þingvallahrepp. Þaðan er læknis að vitja að Skálholti eða niður á Eyrarbakka, en hvorttveggja er jafn miklum erfiðleikum bundið.

Þar sem hæstv. ráðherra óttaðist að heilar lestir af hreppum kæmu á eftir og sæktu um viðlíka styrk, þá vil jeg benda á, að þingið getur ekki lengi staðið á móti því, að stofnuð verði ný læknishjeruð, ef það vill ekki sýna einhvern lit á að jafna mesta misrjettið, sem ýmsar sveitir verða fyrir í þessu efni. Hygg jeg það vera ólíkt »praktiskara«, að veita slíka smástyrki, heldur en að fjölga læknishjeruðum mikið, úr því sem komið er. Sjerstaklega vil jeg benda á í þessu sambandi, að núverandi hjeraðslæknir í því hjeraði, sem Kjósarhreppur telst til, er óvenjulega stór og þungur, svo að það er ekki nema fyrir efldustu hesta að bera hann, einkum í ófærð. Þetta eykur á erfiðleikana að ná í hjeraðslækninn. Það er því margföld ástæða til að taka þessa tillögu til greina.

Fjárl.n. hefir enga ákvörðun tekið um þetta mál. Henni þykir krafan sanngjörn.

Jeg verð að leggja áherslu á, að þessum hreppum báðum sje gjört jafnt undir höfði, því að þeir eiga alveg sömu aðstöðu, að mínu áliti.

Sigurður Sigurðsson: Hjer í lestrarsalnum hefir legið frammi beiðni frá Páli Guðmundssyni á Hjálmstöðum í Laugardal, þar sem hann fer fram á,

að honum verði veittur styrkur af landssjóði, til þess að koma á heilsuhæli ytra vitfirringi eða fábjána, sem hann á. Ástæður þessa manns eru erfiðar, eins og lesa má í vottorði, sem beiðninni fylgir frá hreppstjóranum í Laugardalshreppi. Hann er barnamaður mikill, og misti konuna fyrir rúmu ári síðan. Þetta barn, sem hann sækir um styrkinn fyrir, er elsta barn hans, og er það, eins og gefur að skilja, tilfinnanlegt fyrir bláfátækan barnamann, að elsta barnið skuli vera óhæft til allrar vinnu, og meira en það. Heimilisástæðurnar eru mjög erfiðar, og það því fremur, sem manninum gengur illa að halda stúlku til að hirða þenna vesaling, og er hann því tíðum mannlaus með barnahópinn.

Fjárlaganefndin hefir ekki tekið afstöðu til þessarar beiðni Páls, en leyfði mjer hins vegar að bera fram brtt. í þessa átt. Að því er mjer skildist, lagði háttv. framsm. (P. J.) ekki á móti henni.

Tillaga mín á þgskj. 348 fer fram á, að styrkur verði veittur, 400 kr. hvort árið, til þess að koma sjúklingnum Oddnýju Pálsdóttur á »den Kellerske Anstalt« í Kaupmannahöfn. Í þessu sambandi vil jeg minna á, að það er ekkert einsdæmi, sem hjer er um að ræða. Hjer höfum við fordæmi fyrir okkur. Á aukaþinginu 1902 var heitið styrk í fjáraukalögum, sem þá lágu fyrir þinginu og samþykt voru, til manns í því skyni að koma barni hans á stofnun þessa í Kaupmannahöfn. Þessi styrkur var síðan endurveittur meðan sjúklingurinn lifði, eða fram að árinu 1909. Þetta er alveg samhliða dæmi því, sem hjer liggur fyrir. Auk þess hefir þingið iðulega hlaupið undir bagga með fátækum foreldrum, til þess að gjöra þeim það kleift, að koma börnum sínum til lækninga erlendis, þegar þess hefir ekki verið kostur að fá mein þeirra bætt hjer á neinn hátt Þannig er í fjáraukalögunum fyrir 1914 og 1915 veittur styrkur, að upphæð kr. 684,71, til þess að kosta dreng á ljóslækningastofnun Finsens í Kaupmannahöfn. Og um allmörg ár hafa blind börn verið styrkt til að vera í skólum erlendis, þar sem þau gátu numið handavinnu, meðan enginn stofnum var til hjer á landi, sem þau gátu gengið á og lært þess konar hluti. Jeg vænti að þessi viðaukatill. mín fái góðar undirtektir.

Jeg skal minna á, að hjer á landi munu að vísu vera margir slíkir vesalingar, sem hjer um ræðir, og mætti því ef til vill búast við, að fleiri kæmu á eftir með svipaðar styrkbeiðnir. Samkvæmt manntali 1910 voru hjer um 85 fábjánar, og flestir þeirra unglingar eða börn, enda segja fróðir menn, að mjög fátt af slíku fólki nái háum aldri. Flestir verða ekki eldri en 10—20 ára. Sjúkdómnum er þannig háttað, að flestir, sem hafa hann verða skammlífir, til þess að gjöra.

Fjárlaganefndin minti mig á, að þessum sjúklingi ætti að koma fyrir á Kleppi. En bæði er það, að þangað komast ekki allir, sem nauðsynlegt væri að þangað flyttust, og eins býst jeg við, að læknirinn þar taki ekki þangað sams konar sjúklinga og hjer um ræðir, með öðrum orðum, ekki þá, sem fæddir eru fábjánar. Það er því ekki í önnur hús að venda til að koma af sjer slíkum aumingjum en að reyna að koma þeim fyrir á erlendum lækninga- eða hjúkrunarstofnunum. En þegar fátæklingar eiga í hlut, sem ekki rísa undir þeim kostnaði, sem af því leiðir, þá er ekki nema eðlilegt, að leitað sje á náðir þingsins í því efni.

Jeg vænti að allir háttv. deildarmenn sjái, að öll sanngirni mælir með því, að sinna þessari beiðni. Og jeg vænti þess, að þeir, sem ekki hafa kynt sjer málið,

gjöri það nú. Öll plögg, sem að því lúta, eru hjá mjer, og getur hver, sem þess óskar, fengið þau til yfirlesturs. Málaleitanir þær, sem til þingsins koma, eru flestar lagðar fram í lestrarsalinn, til þess að þingmönnum gefist kostur á að kynna sjer þær. En hversu margar af þessum málaleitunum eru alment lesnar; það væri fróðlegt að vita. Jeg hygg, að óhætt sje að fullyrða, að þær fari fyrir ofan garð eða neðan hjá flestum þingmönnum, nema þeim, sem þær eru beinlínis afhentar til yfirlesturs. Og afleiðingin er sú, að þegar til þess kemur að greiða atkvæði um þær, eða brtt., sem á þeim eru bygðar eða við þær miðaðar, þá hafa menn alment ekki hugmynd um, hvað um er verið að ræða, og greiða þar af leiðandi atkvæði í blindni, hvort sem þeir segja já eða nei.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta atriði, en víkja örfáum orðum að annari viðaukatill., sem við höfum flutt hv. 1. þm.G.-K. (B. K.) og jeg. Þessi till. er á þgskj 333. Háttv. meðflutningsmaður minn (B. K.) hefir gjört svo glöggva grein fyrir því máli, að jeg hefi þar litlu við að bæta. Þó get jeg gefið þær upplýsingar, að Þingvallasveit heyrði áður undir Kjósarumdæmi, meðan læknirinn sat í Kjósinni, en þegar bústað hans var breytt, var hún tekin undan og lögð við Skálholtsumdæmi. Nú er það svo, eins og háttv. meðflutningsm. minn (B. K.) gat um, að það er oft mjög miklum erfiðleikum bundið, og jafnvel frágangssök fyrir Þingvallasveitarmenn, að leita læknis að Skálholti yfir torfærur og vegleysur. En annars er ekki kostur, nema þá að fara til Reykjavíkur eða Eyrarbakka, sem ekki er síður erfitt.

Í sambandi við þær viðaukatillögur, sem fram hafa komið um það, að veita einstökum hreppum styrk til að leita læknis, skal jeg geta þess, að mjer virðist nauðsynlegt, eins og líka einhver mintist á, að það sje athugað, hvort betur mundi svara kostnaði, að fjölga læknisumdæmunum eða styrkja einstaka hreppa, sem harðast verða úti í þessu efni, til að leita læknis. Nú er alllangt síðan þingið byrjaði að veita styrk í þessu skyni. Og úr því það hefir einu sinni sagt a, þá býst jeg við að það eigi erfitt með að láta þar við sitja, og ef það vill vera sjálfu sjer samkvæmt og sýna rjettlæti í gjörðum sínum, þá verði það líka að segja b. Hitt er annað mál, og þarf nauðsynlega að athugast, hvort rjettara er, þegar á alt er litið, bæði á kostnaðarhliðina og fleira, að bæta við nýjum læknisumdæmum, eða heita einstökum hreppum, sem erfiðast eiga aðstöðu, styrk, til þess að vitja læknis.

Jeg skal fúslega játa, að sumar aðrar tillögur um þetta efni eiga töluverðan rjett á sjer. *(Ráðherra:* Ekki nema töluverðan?). Þó vil jeg taka undir með háttv. meðflutningsmanni mínum (B. K.), að ef til vill á tillaga okkar á þgskj. 333 forgangsrjettinn, svo að fremur bæri að taka hana til greina en hinar, án þess þó að jeg vilji á nokkurn hátt leggja stein í götu þeirra, því að eins og jeg gat um, eiga þær einnig töluverðan rjett á sjer, sumar þeirra að minsta kosti.

Annars væri full ástæða til að koma á þessu þingi fram með þingsályktunartillögu um að skora á stjórnina að taka af nýju læknaskipunarlögin til endurskoðunar, og í sambandi við það einmitt þetta atriði, styrkveitingar til einstakra hreppa til að leita læknis.

Guðmundur Hannesson: Jeg verð að segja, þó að jeg síst ætti að spilla því, að menn geti leitað sjer læknishjálpar, að brýn nauðsyn ber til

að athuga vel þessa spurningu, hvort heppilegt sje að veita einstökum hreppum styrk til að vitja læknis. Það er ekki svo að skilja, að jeg sjái ekki, að mikið mælir með því, að hjálpa þeim hreppum, sem verst eru settir í þessu efni. En jeg lít svo á, að þingið hafi ekki svo hugsað, sem vert er, hversu margir hreppar eru á landinu, sem jafnilla eru settir að þessu og þeir, sem hjer er um að ræða. Því að ef styrkur er veittur tveimur, þremur eða fjórum hreppum, þá er erfitt fyrir þingið að neita öðrum hreppum um styrk, sem hafa alveg sömu ástæður fram að bera, og þær jafngildar. Það virðist næstum óhjákvæmilegt að draga það, að ganga lengra út á þessa braut, þangað til öll heildin hefir verið athuguð. Fyrir norðan, þar sem jeg þekki best til, veit jeg um marga hreppa, sem hafa jafnmikla sanngirniskröfu til að verða styrks aðnjótandi í þessu skyni, eins og þeir hreppar, sem hjer er sótt um styrk fyrir. Af þeim hreppum, sem þegar hafa verið teknir í fjárlögin, er að eins einn hreppur, sem mjer virðist vafasamt um að beri slíkur styrkur. Það er Bolungarvík. Vegalengdin þaðan og til læknisins er svo stutt, að í öðrum hjeruðum, sem jeg þekki til, mundi sú vegalengd vera talin einskis virði. Eg skal taka það fram, að jeg er ekki kunnugur þar vestur frá, en miða að eins við vegalengdina eins og hún er sýnd á kortinu.

Mjer hefir dottið í hug önnur leið í þessu máli, og hún er sú, að þeir hreppar, sem eiga erfitt með að ná til læknis, kæmu á fót hjá sjer sjúkrasamlögum. Jeg get ekki sagt með vissu, hve miklu sjúkrasamlagsstyrkur landsjóðs mundi nema, fyrir þessa þrjá hreppa í Snæfellsnessýslu, sem farið er fram á að styrktir sjeu, til þess að leita læknis. Í hreppum þessum eru um 600 íbúar. Vitaskuld nær landsjóðsgjaldið ekki til allrar þeirrar höfðatölu, en óhætt mun að gjöra ráð fyrir, að það nemi 200—300 kr., og er þar komin ámóta upphæð og hjer er farið fram á, án þess að nýja fjárveitingu þyrfti til.

Annar liður er það í þeim kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu, sem vel gæti verið, að jeg leyfði mjer að koma síðar fram með brtt. við. Það er liðurinn um utanfararstyrk lækna. Það er fullkunnugt, að læknar sækjast mikið eftir að fá þenna litla styrk, sem þó hvergi nærri hrekkur til þess, að standast þann kostnað, sem af því leiðir, að fara utan, til þess að afla sjer fræðslu. Þörfin á utanferðum lækna er gífurlega mikil, ekki síst fyrir þá, sem eru í afskektum og fámennum hjeruðum og hafa þar af leiðandi litla æfingu. Og utanferðirðar eru ekki að eins nauðsynlegar fyrir læknana sjálfa, heldur jafnframt, eða jafnvel miklu fremur, fyrir almenning, því að svo best hefir hann gagn af læknunum, að þeir sjeu vel að sjer í sinni ment. Mjer er kunnugt um, að læknar þeir, sem utan hafa farið, hafa notað sjer förina mjög vel. Sumir þeirra hafa jafnvel lesið með sama kappi, eins og þeir væru að lesa undir próf, til þess að hafa sem mest upp úr ferðinni. Nú er að opnast nýr vegur fyrir læknana, til þess að rifja upp fræði sín og fylgjast með nýjungunum í ment sinni, og hann er sá, að dvelja hjer í Reykjavík um tíma. Sjerfræðingar eru hjer orðnir margir og sjúklingafjöldinn eykst ár frá ári. Dvöl hjer í Reykjavík mundi verða stórum ódýrari en utanför, og býst jeg við að hvorttveggja verði notað jöfnum höndum í framtíðinni.

Bjarni Jónsson: Það er nauðsynlegt fyrir mig að tala nokkur orð fyrir brtt. þeim, sem jeg hefi neyðst til að

bera fram, vegna þess, að fjárlaganefndin hefir ekki tekið til greina eina einustu fjárbeiðni úr Dalasýslu. Jeg ætla að geta þess, án þess að jeg vilji fara að gjöra nokkra afsökun á því, að jeg stend upp og lýsi skoðun minni, hvers vegna jeg hefi komið fram með þessar tillögur. Jeg hefi heyrt það úr ýmsum áttum, að það sje syndsamlegt að vera að bera fram brtt. og yfirleitt að tala á þessu þingi.

Jeg mun síðar koma inn á það, að menn hafa hjer ekki málfrelsi nema í orði kveðnu; en nú vil jeg skýra frá því, að jeg hefi það fyrir reglu að bera fram hjer á þingi allar þær beiðnir, sem mjer er falið að bera fram í kjördæmi mínu. Jeg lít svo á, að þeir menn, sem senda mig á þing, eigi rjett á því, að óskir þeirra komi undir atkvæði þingsins. Það er auðvitað mál, að bæði jeg og hjeraðsmenn leggja mismunandi áherslu á tillögurnar, sumar mætti kann ske fella, ef þá hinum væri sint.

Jeg hefi varla brjóst á því, eftir því sem meðvitundarlífi manna hjer er farið, að tala mikið um, hvað jeg tel vangjört eða ofgjört af nefndinni. Þó get jeg ekki komist hjá því að nefna einstaka liði, bæði í nefndarálitinu og frumvarpinu sjálfu. Það er sjerstaklega einn liður, sem settur er í frumv., til þess að ljetta undir með embættismönnum, sem jeg er fremur þakklátur nefndinni fyrir, hvernig hún hefir farið með. Hún hefir sýnt dálítinn lit, með því að færa þenna lið niður um 2000 kr. (*Ráðherra:* Hvaða liður er það?). Það er endurgjald til embættismanna fyrir burðareyri, símskeyti og símtöl. Jeg er ekki vanur að lasta embættismennina, eða telja þá óþarfa. Jeg vil þvert á móti, að þeim sje allur sómi sýndur, og þeim sje borgað fyrir starf sitt, en jeg tel það rangt, að borga þeim fremur en öðrum starfsmönnum landsins burðargjald af brjefum, símtöl o. s. frv. Og þótt jeg vilji ekki rengja þessa menn, þá virðist mjer ekki rjett, að fara í þessu efni eftir frásögn þeirra einna, um hve mörg brjef þeir hafi skrifað, hve oft þeir hafi símað o. s. frv. Vilji menn greiða þeim einhverja uppbót fyrir þetta, þá væri miklu rjettara að taka tillit til þess í kaupgjaldi þeirra.

Jeg hefi, sem kunnugt er, verið nokkur ár — jeg held fjögur — starfsmaður landsins og fengið miklar þakkir fyrir, eins og menn muna. En þar var aldrei um það að tala, að jeg fengi endurgreidd frímerki, sem jeg þurfti mikið á að halda, og ekki var mjer ætlað endurgjald fyrir símskeyti, sem jeg varð oft að senda.

Mjer virðist þetta alveg óþarft, sjerstaklega þegar allir starfsmenn landsins njóta þess ekki, heldur að eins þeir einir, sem kallaðir eru embættismenn og hafa eftirlaun og önnur hlunnindi.

Jeg hefði samt ekki komið með brtt. um þetta, því að jeg vonaði, að þessi slátrari, sem við kusum í þingbyrjun, mundi þegar hlaða þessu ákvæði, en svo hefir mjer gleymst að koma með tillöguna, eftir að jeg hafði sjeð, að nefndin hafði ekki gjört annað en skera dálítið af upphæðinni.

Þá er vert að athuga, hvað nefndin segir um eitt atriði í 12. gr. — að mig minnir. Þar ætla jeg ekki að hrósa nefndinni, heldur lýsa undrun minni yfir því, að sjúklingar, sem í raun og veru eru dauðadæmdir, og verða að lifa í ákveðnu húsi eftir skipun landsstjórnarinnar, skuli þurfa að lifa í stibbu og kolareyk alla sína æfi, vegna þess, að landið hefir ekki efni á að leggja út 22 þús. kr., til þess að koma miðstöðvarhitun í húsið. Þarna eru þeir af þinginu dæmdir til að deyja, — gætu að öðrum kosti, ef til vill, útvegað sjer annað betra hæli. Mjer virðist það

undarlegt, að nefndin skuli voga sjer að ganga fram hjá þessu. Jeg veit ekki hvar skilningur manna ætti að vera opinn, ef ekki fyrir sjúklingum, sem bágt eiga og verða að hýrast á ákveðnum stað, þangað til þeir deyja.

Jeg hefi orðið of seinn að koma með breytingartill. núna, en það er ekki útilokað, að hún komi síðar, ef nefndin sjer sig ekki um hönd og breytir skoðun sinni.

Þá verð jeg að segja nokkur orð um brtt., sem jeg hefi borið fram eftir óskum kjósenda minna. Jeg skal þá geta þess, að jeg hefi leyft mjer að koma fram með tillögu um lítils háttar styrk til Magnúsar Guðlaugssonar smáskamtalæknis á Bjarnastöðum í Dölum. Jeg hefi sjálfur aldrei haft neina trú á smáskamtalæknum, en mjer finst það sjálfsagt, þegar einhver maður hefir reynst bjargvættur sinnar sveitar, að honum sje fyrir það sómi sýndur, hvað sem hann er kallaður Þessi maður er hniginn að aldri, og hagur hans er svo, að hann getur ekki haldið áfram störfum sínum, eða bjargast af.

Það, sem aðallega kom því til leiðar, að jeg ber þessa tillögu fram, er það, að 7 hreppar af 8 í Dalasýslu skoruðu á mig að gjöra það, sem jeg gæti, til þess að Alþingi sýndi einhvern lit á því, að hjálpa þessum manni, eða viðurkenna það, sem hann hefði vel gjört. Og þar sem sama sem heilt kjördæmi fer fram á þetta, þá er ekki hægt að vísa því frá sjer og segja, að óþarfi sje að skýra frá ástæðunum fyrir því, hvers vegna það hafi ekki verið tekið til greina, eins og háttv. framsm. (P. J.) komst að orði. Það er engu líkara en að nefndin haldi, að veitingarvald á fje landsins sje hjá henni einni; við hinir megum engu um ráða og hún þurfi engum að standa reikningsskap gjörða sinna. Það er víst Nesjakonungablóðið í háttv. nefndarmönnum, að einstaklingarnir eigi að ráða yfir lög og sanngirni fram, sem orsakar þenna hugsunarhátt. Jeg ætla að benda á eitt atriði viðvíkjandi þessari bón. Við höfum flestir, eða allir, alla okkar æfi, heyrt alþýðu kvarta um það, hve embættismenn væru margir, og það væri synd að verja svo miklu fje til þeirra. Og þessar raddir eru allháværar enn þá, bæði í blöðunum og hjá þingmönnum og þingmannaefnum, sem vilja koma sjer í mjúkinn hjá kjósendum. Halda menn þá ekki, að ástæða sje til þessarar litlu fjárveitingu, þar sem komið hefir fram áskorun um hana frá heilu kjördæmi og hlutum úr 2—3 öðrum kjördæmum? Þetta er því ekki á móti vilja kjósenda. Rúm 400 manns úr Dala-, Barðastrandar- og Strandasýslu og sunnan af Skógarströnd í Snæfellsnessýslu, hafa skrifað undir þessa áskorun. Meðal þeirra eru margir merkir bændur og prestar, t. d. Bjarni Símonarson á Brjánslæk, vandaður og sannorður maður, sem jeg þekki nærri eins vel og sjálfan mig, því við vorum bekkjarnautar í skóla. Og hvað segja mentuðu mennirnir í þessari grein — læknarnir. Með leyfi hæstv. forseta skal jeg lesa upp brjef Odds læknis Jónssonar, sem bæði er gáfaður maður og besti læknir. Hann segir:

»Jeg vil hjer með lýsa því yfir, að jeg hefi síðan 1894, eða í 21 ár, verið í nágrenni við Magnús homöopata Guðlaugsson, og hefi á öllum þeim tíma oft haft tækifæri til þess að taka eftir lækningatilraunum hans, og hefi jeg ávalt komist að raun um, að hann hefir á öllum þeim tíma komið fram sem mannúðarfullur, samviskusamur, lipur og reynsluæfður maður við smáskamtalækningar sínar.

Jeg vil því að gefnu tilefni mæla hið besta með honum, til þess, að hann mætti njóta einhverra ávaxta þessarar

vinnu sinnar í opinberum ellistyrk (árlegri peningaupphæð), er hann hefir í hyggju að leita um til Alþingis, þar sem hann í elli sinni á stóran, ungan barnahóp, frá 1 til 9 ára, að upp ala, og efni hans eru gengin til þurðar.

Miðhúsum 19. júní 1915.

Oddur Jónsson,
hjeraðslæknir Reykhólahjeraðs«.

Annar læknir skrifar:

»Jeg undirritaður hefi þekt Magnús Guðlaugsson persónulega öll árin síðan 1890, og hafði hann stundum mjer til aðstoðar við handlæknis aðgjörðir, þegar þær báru að hendi nærri bústað hans, og vil hvað það snertir veita honum hrós fyrir framkomu hans. Að öðru leyti er jeg enn fremur að öllu leyti samþykkur því, sem hjeraðslæknirinn í Reykhólahjeraði hefir ritað hjer að framan, og vil mæla með því, að Magnús homöopati Guðlaugsson fái áður umgetinn styrk.

Búðardal, 24. júní 1915.

Sig. Sigurðsson,
fyrverandi hjeraðslæknir í Dalahjeraði.«

Þar sem meðmælin eru svona almenn. og fylgi kjósanda svona mikið, þá sýnist það eigi um skör fram, þótt menn athugi þetta nánar og spyrji sjálfa sig, hvort vert sje að neita heilum hópi kjósanda úr Dalasýslu og mörg hundruð mönnum öðrum um svona litla beiðni. Jeg get ekki vitnað til minnar eigin reynslu á Magnúsi sem lækni, því að hún er engin, en jeg þekki manninn og veit að hann er vel gjörður. Þó get jeg sagt frá því, þegar jeg var staddur í Dölum í vor, til þess að halda þar þingmálafundi, að maður í Glerárskógum veiktist. Læknirinn var nýkominn úr Hrútafirði, og gat því ekki komið sjálfur. En sendimaður hafði með sjer »diagnose« frá Magnúsi og áleit læknir það óhætt, að senda sjúklingnum meðul eftir henni. Þessi maður, Árni Árnason, er ungur og efnilegur, ágætur læknir og vill ekki vamm sitt vita.

Upphæðin, sem farið er fram á, er ekki stór. Það er, eins og einhver fyndinn maður sagði í dag, að eins smáskamtur í elli hans. En hann er ánægður með það og þakklátur fyrir, ef hann fær það, og þótt minna væri. Ef landið er svo aumlega statt, þá má líka færa styrkinn niður um 50 til 100 krónur, ef landið munar um það í fátæktinni. Jeg kveð svona að orði, vegna þess, að jeg hefi heyrt það kveða við, bæði hjer í salnum og utan hans, að það yrði að fara svo afar varlega að, vegna þess að fjárhagurinn væri svo aumur. Við gætum ekki einu sinni borgað 20 þús. kr. í Landhelgissjóð, vegna þess, að landssjóður ætti ekki svo mikið til. Væri jeg Ísland, þá mundi jeg stefna þeim mönnum, sem svona tala, fyrir lánstraustsspjöll. Hvernig ætla menn að fara að taka handa landinu 10 millj. kr. lán, sem þó er nauðsynlegt, til þess að bæta atvinnumál vor og bankamál, ef t. d. stæði í »Times« ákveðinn dag, að þessi og þessi þingmaður, sem væri í miklu áliti, hefði sagt, að landið gæti ekki borgað 20 þús. krónur. Það væru dálagleg meðmæli út um heiminn. Jeg læt svo útrætt um þetta; vænti þess að tillaga mín verði samþykt, jeg býst ekki við, að það verði landinu til neins tjóns, þótt það meti vilja svona margra kjósanda í þessu. Jeg hefi hjer ekki farið út í neinar öfgar, aðeins skýrt frá málinu, bent á vilja kjósanda og lesið upp álit tveggja lækna.

Þá kem jeg að annari brtt., sem jeg ber líka fram samkvæmt áskorunum úr kjördæmi mínu. Eins og menn vita,

þá er landsháttum svo varið í Dölum, að Klofningurinn skiftir sýslunni í tvent, allt fram á Klofningstá. Læknirinn situr, sem kunnugt er, í Búðardal, svo að Saurbæingar, og einkum Skarðstrendingar, verða að sækja hann allerfiða leið, um Svínadal, sem er fannkista og illur yfirferðar á vetrum. Fátækum mönnum verður því oft ókleift að vitja læknis, sakir kostnaðar, og verða því að láta menn deyja drotni sínum. Sama eða líkt er um Fellsstrendinga. Jeg legg því til, að hreppum þessum sje veittur styrkur til þess að vitja læknis.

Jeg skal benda á enn eitt í sambandi við þenna styrk, að ef viturlega hefði verið tekið í annað mál, þá mundi þessi beiðni aldrei hafa komið fram. Þegar símamálið var til meðferðar á síðasta þingi, voru frumv. um síma, þar á meðal frumv. um síma til Búðardals, tekin aftur gegn því skýlausa loforði, að símarnir yrðu teknir upp í næstu fjárlög. Þessu loforði hefði fjárlaganefnd átt að muna eftir, og ef svo hefði verið, mundi jeg ekki hafa komið fram með þessa brtt.

Jeg mun þá hafa tekið fram flest það, sem jeg þarf að segja að sinni. Jeg hefi reynt að setja svo fram mál mitt, að jeg vænti, að háttv. þingmenn hafi skilið.

Guðmundur Eggerz: Í þetta skifti ætla jeg að eins að beina nokkurum orðum til háttv. þm. Dal. (B. J.), þótt jeg raunar byggist við, að aðrir mundu verða fyrri til svars.

Háttv. þingm. var eitthvað að nudda um endurgjald til sýslumanna fyrir burðareyri og símskeyti. Af því að hv. þm. mun vera óljóst um þetta efni, ætla jeg að reyna að gjöra honum það skiljanlegt. Í sumum sýslum nemur þetta endurgjald á 8. hundrað kr., og verða sýslumenn þó að greiða úr sjálfs sín vasa á 3. hundrað kr., fyrir þá sök, að þeir nenna ekki að eiga í stímabraki við stjórnina um endurgreiðslu. Þessar upphæðir ber sýslumönnum að sjálfsögðu engin skylda til að borga, enda má kalla, að hjer sje tekið úr einum vasanum og látið í hinn fyrir stjórnina, hvað frímerki og símskeyti snertir. Embættismenn hafa leyfi til að nota símann ókeypis í embættis þarfir, og gjörir það öll embættisverk greiðari, t. d. innheimtu á tollum. Það er athugandi, að enginn getur skyldað embættismenn til að nota síma, og verst væri það fyrir almenning, en ekki sjálfa embættismennina, ef þeir notuðu ekki símann. Jeg skal benda á það, að símskeytin, sem Velferðarnefndin sendi, námu sum 30—40 kr. til sýslumanna. Jeg er viss um, að háttv. þm. Dal. (B. J.) þætti hart, ef skáldunum væri gjört að skyldu að greiða slíkt fje af launum sínum.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. á þgskj. 393, um styrk til nokkurra hreppa í Dalasýslu til að leita læknis. Háttv. þm. Dal. (B. J.) gjörði alt of mikið úr erfiðleikunum, sem á því væru fyrir þessa hreppa, að ná í lækni. Hann segir till. sína vera borna fram af því, að þessi hjeruð hefðu ekki fengið síma. Jeg skal játa það, að símar eru góðir, en þótt margt megi fá með símanum, þá verður þó ekki hægt að senda lækni með þeim. En jeg gæti nefnt mörg hjeruð, sem eiga miklu verri aðstöðu með að ná í lækni, t. d. í Norðurmúlasýslu, Borgarf. o. fl. Yfirleitt verð jeg að álíta það hála braut, að styrkja þannig hreppa; mjer finst annar vegur miklu nær, nefnilega að hækka laun læknanna í hinum afskektu hjeruðum, þar sem fáment er.

Á þgskj. 390 ber háttv. þm. Dal. (B. J.) fram beiðni um 500 kr. árlegan styrk til Magnúsar Guðlaugssonar á Bjarnastöðum. Mjer þykir leitt að geta ekki

styrkt alla fátæka menn. Hann taldi þenna mann bjargvætt sinnar sveitar. Jeg held, að það sje of djúpt tekið í árinni, en hitt veit jeg, að hann er vel liðinn. En vottorðin, sem háttv. þm. lagði fram, sanna ekki neitt. Við vitum það allir, að skottulæknum er vel trúað af alþýðu manna, svo að ef maður deyr í höndunum á þeim, þá er sagt, að hann hafi átt að deyja, en ef hann deyr í höndunum á lærðum lækni, þá er stundum annað hljóð í strokknum.

Ráðherra: Jeg býst ekki við, að meira þurfi að taka fram um 9. gr., það er tekur til endurgreiðslu á burðareyri og símskeytum til embættismanna. Þó er jeg ekki alls kostar viss um, að háttv. þm. Dal. (B. J.) hafi til fulls látið af skoðun sinni, og þykir mjer því rjett að skýra málið fyrir honum enn, og fara eins að og þegar verið er að kenna *börnum*. Þá má ekki vera of »abstract«, heldur taka einstök dæmi. Mun jeg því taka þann kost, sem hægastur er til skýringa fyrir ungmennum, en sá er að rekja dæmi.

Nú gengur farsótt, og læknir sá, sem hlut á að máli, vill vinda bráðan bug að því, að stemma stigu fyrir sóttinni; í því skyni hentar honum bezt að leita til landlæknis símleiðis. Stjórnarráðið þarf að gjöra snarar ráðstafanir. Sýslumenn þurfa að innheimta toll, og verður það greiðara með síma, eins og háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.) tók fram. Og þannig má lengi rekja. Ef háttv. þm. Dal. (B. J.) vildi vera samkvæmur sjálfum sjer, þá ætti stjórnarráðið, ráðherra, landritari, skrifstofustjórar o. s. frv. að greiða þau símskeyti, er send eru, en það væri sama sem að þessir menn yrðu ekki einungis að vinna, heldur yrðu og að borga með sjer. Mjer er ekki kunnugt um, hvort viðskiptaráðunauturinn hefir sent símskeyti vegna starfsemi sinnar, en ef hann hefir gjört það, þá hefir hann átt rjett til endurgreiðslu.

Annað mál er það, að álitamál getur verið, hvenær nauðsyn er að senda brjef eða skeyti, og er þá stjórnarinnar að skera úr því.

Að öðru leyti skal jeg fræða háttv. þm. Dal. (B. J.) um það, að til eru stjórnarbrjef, sem til taka, hverir starfsmenn megi nota þjónustumerki og símskeyti, og hafa þeir stundum kvartað yfir því, að þeim væri endurgreitt of lítið. Annars er þetta nokkuð sama sem að taka úr einum vasanum og láta í hinn, því að auknar tekjur af síma- og frímerkjasölu koma á móti.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg hefi ekki mikið að segja, sem betur fer.

Jeg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir undirtektir hans undir tillögur nefndarinnar við þenna kafla fjárlaganna, enda hafa nefndin og ráðherra verið í samvinnu.

Hæstv. ráðherra mintist á, að heppilegra mundi, að styrkurinn til Jóns Kristjánssonar til lækningastofu yrði 1000 kr. ársstyrkur, líkt og er um aðra lækna, sem sjerfræðingar eru. En með því að hjer er um að ræða að setja upp lækningastofu, þá hefir nefndinni litist rjettara að veita þenna styrk í eitt skifti fyrir öll, en binda ekki þingið með árlegum styrk. Þó er þetta álitamál, og enginn hagur að, ef síðar yrði tekinn upp árlegur styrkur.

Um styrk hreppanna til að leita læknis, skal jeg kannast við það fyllilega, að till. háttv. þm. Snæf. (S. G.) er engu síður hófleg en aðrar tillögur, sem minst hefir verið á. Aftur á móti, að því er snertir brtt. á þskj. 393, þá getur það ekki

komið til mála, að þeir hreppar, sem þar um ræðir, sjeu eins illa að vígi staddir til að ná í lækni og hinir hrepparnir. En hvað sem því líður, þá víkur málinu svo við, að þessir styrkir ná ekki tilgangi sínum. Það er sjaldnast tilfinnanlegt, hvað kostar að ná í lækni, heldur hitt, að ekki sje hægt að ná í hann, þótt það oft ríði á mannslífi. Upphaflega byrjaði þessi styrkur svo, að Öræfingum var veitt upphæð til þess að launa með lækni, er dveldi hjá þeim tímakorn, viku eða svo, einu sinni á ári, og gátu þeir þá leitað til hans þann tíma.

Jeg held, að rjettast væri, eins og jeg tók fram í dag, að sjerstök nefnd fjallaði um málið og hefði þá auðvitað yfirlit yfir öll hjeruð landsins. Það er engan veginn af tilfinningarleysi, að jeg mæli þessi orð, heldur er hitt, að mjer þykir rjettast, að öll þessi mál sjeu rannsökuð sem best í heild og með rjettlátum samanburði.

Mig furðar ekki á því, þótt háttv. þm. Dal. (B. J.) taki svari sjúklinganna í Laugarnesspítala út af reyknum. Sama konar er tekið fram í nefndarálitinu. En háttv. þm. er sjaldan svo nærgætinn við landssjóðinn, þótt hann sje í þröng. Það hefir verið reynt að útrýma reyknum, en mistekist enn þá. Í þessu sambandi verður þess að gæta, að nefndin hefir alstaðar orðið að klípa af og spara; þó skal jeg ekki segja, hvernig nefndin tæki í málaleitan um þetta, ef margir þingmenn væru um hana.

Að öðru leyti hafa háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.) og hæstv. ráðherra svarað ýmsu, sem jeg hefði viljað svara, og mun jeg því láta staðar numið, þótt ef til vill væri ástæða til að tala meira.

Bjarni Jónsson: Það er ekki nýtt, að jeg standi upp. Jeg þarf alt af að færa einhverjum þakkir, enda er skylt að þakka það, sem vel er til manns gjört. Skal það nú gjört.

Jeg get ekki annað sjeð en það sje alveg óþarft, að fela embættismönnum landsins að ákveða það sjálfir, hvenær þeir eigi að sima, og láta þá svo fá allar sínar greiðslur endurgreiddar. Ef þeir þurfa að sima til stjórnarráðsins, þá er vitanlegt, að þeir fá þann kostnað endurgreiddan, og sími stjórnarráðið til þeirra, þá auðvitað borgar það svarið. En að láta þá mega kalla inn tolla og önnur gjöld með símskeytum, það virðist mjer alveg óþarfi, því að bæði er það, að þeir fá svo mikið fyrir að innheimta gjöldin, að þeir standa sig vel við að bera þann kostnað sjálfir, sem af því leiðir, og svo er líka hitt, að með því er ekki hægt að hafa neitt eftirlit, að þeir sjeu þá ekki að fá sjer hausa eða rikling einhverstaðar að, og gjöri það í embættisnafni. Jeg skil ekki í þeim mönnum, sem vilja að landssjóður hafi nákvæmar gætur á hverjum fimmeyringi, en eru samt fylgjandi bruðli eins og þessu. Og ónotast svo við mig, að jeg skuli mæla þetta í sömu vog og þeir mæla öll önnur og nauðsynlegri gjöld landssjóðs.

Jeg skal nú reyndar segja háttv. deild það, að í alvöru talað, þá tel jeg það ekki stórtjón, þótt þessi liður fengi að standa, en þó er rjett að fella hann, til þess að mæla alt á sömu vogina.

Jeg skal, áður en jeg sest niður, geta þess, að það gleður mig auðvitað, að jeg hefi nú yfirlýsingu stjórnarinnar fyrir því, að jeg eigi heimtingu á að fá greitt úr landssjóði það, sem jeg lagði út fyrir frímerki og símskeyti, meðan jeg var í þjónustu landsins. Það er svo sem auðvitað, að verði þessi liður samþyktur, þá sendi jeg reikning fyrir það til stjórnarinnar.

Þá vildi jeg minnast lítið eitt á styrkinn til hreppanna í Dalasýslu, sem jeg

fer fram á að verði veittur í fjárlögunum, til þess að ljetta undir með mönnum að leita sjer læknis. Þótt jeg fari fram á að styrkur verði veittur 3 hreppum í sýslunni, þá er þó ekki svo að skilja, að þeir sjeu allir jafn illa settir. Í því efni eru Skarðstrendingar langverst settir. Til dæmis um það, hvað glöggur maður háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) er, og hvernig hann borgar Dalasýslu fósturlaunin, er það, að hann sagði, að Fellsstrendingar væru ekkert verr settir en Skógstrendingar, með að ná sjer í lækni frá Stykkishólmi. Þó geta Fellsstrendingar ekki með nokkru móti náð í lækni, sje sjórinn ófær, en Skógstrendingar eiga alt af hægt með það, því að þeir hafa þó landveginn.

Viðvíkjandi styrknum til Magnúsar Guðlaugssonar smáskamtalæknis, þá skal jeg taka það fram, að hann hefir fjölda meðmæla frá ýmsum ágætismönnum í 5 sýslum landsins. Auk þess að hafa meðmæli tveggja lækna, þá hefir hann meðmæli frá öðrum eins mönnum og þessum, sem jeg nú skal leyfa mjer að láta háttv. deild heyra hvað heita, og nefna til dæmis af mörgum:

Síra Bjarna Símonarson prófast í Barðastrandarsýslu, Guðjón Guðlaugsson fyrrum þingm. Strandamanna, Tryggva Bjarnason fyrr. þm. Húnvetninga, Torfa heit. Ólafsson, síra Jóh. L. L. Jóhannesson, síra Svein Guðmundsson í Múla, Rögnvald Magnússon, síra Jón Finnsson og svo síra Lárus Halldórsson á Breiðabólstað á Skógarströnd.

Jeg býst við að það sje nóg að nefna nöfn þessara þjóðkunnu og gáfuðu manna, til þess, að háttv. deild trúi því, að hjer sje ekki farið fram á að veita heiðurslaun að verðleikalausu, og jeg býst við, að flestir verði mjer sammála um, að þessir menn, sem jeg hefi nefnt, þoli samanburð við háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.).

Jeg skal svo ekki lengja frekar umræðurnar, og læt þess að síðustu getið, að jeg tel víst, að tillögur mínar verði allar samþyktar.

ATKVGR.:

(Akv.skrá A. 480).

1. gr. samþ. án atkvgr. með þeim breytingum, sem leiðir af atkvgr. um 2.—6. gr.

1. brtt. 338,1 samþ. með 20 : 2 atkv.

2. brtt. 338,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

3. brtt. 338,3 samþ. með 17 : 1 atkvæði.

4. brtt. 338,4 samþykt með 20 shlj. atkvæðum.

2. gr. svo breytt samþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

5. brtt. 338,5 samþykt með 21 shlj. atkv.

Athugasemdin samþykt með 20 shlj. atkv.

6. brtt. 338,6 samþykt með 18 shlj. atkv.

7. brtt. 338,7 samþykt með 23 shlj. atkv.

4. gr. svo breytt samþ. með 20 shlj. atkv.

8. brtt. 338,8 samþykt með 20 shlj. atkv.

5. gr. svo breytt samþ. með öllum atkvæðum.

6. gr. samþ. í e. hlj.

7. gr. samþ. án atkvgr. með breytingum þeim, sem leiðir af atkvgr. um 8.—19. gr.

8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

9. brtt. 338,9 samþykt með 18 shlj. atkv.

9. gr. svo breytt samþ. með 24 shlj. atkv.

10. brtt. 338,10 samþ. með 22 shlj. atkv.

10. gr. þar með ákveðin.

11. brtt. 338,11 samþ. með 24 shlj. atkv.

12. brtt. 338,12 samþ. með 23 shlj. atkv.

13. brtt. 338,13 a samþ. með 17 shlj. atkv.

13. brtt. 338,13 b samþ. með 18 shlj. atkv.

14. brtt. 338,14 samþ. með 16 shlj. atkv.

15. brtt. 338,15 samþ. með 20 shlj. atkv.

16. brtt. 338,16 samþ. með 21 shlj. atkv.

11. gr. svo breytt samþ. með 23 shlj. atkv.

17. brtt. 382 feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánss.,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Bened. Sveinsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Einar Arnórsson,
Matth. Ólafsson,	Einar Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Guðm. Eggerz,
Sig. Gunnarsson,	Guðm. Hannesson,
Skúli Thoroddsen,	Hjörtur Snorrason,
Þorl. Jónsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þór. Benediktsson.

Sigurður Sigurðsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

18. brtt. 393,1 (6) feld með 17 : 4 atkv.
brtt. 393,2 (7) feld með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Arnórsson,
Matth. Ólafsson,	Einar Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Guðm. Eggerz,
Sig. Gunnarsson,	Guðm. Hannesson,
Skúli Thoroddsen,	Hannes Hafstein,
Þorleifur Jónsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Kristjánsson, Jóhann Eyjólfsson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hl.

18. Brtt. 393,3 (8) tekin aftur.

19. brtt. 333, 1—2 feld með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Hannesson,
Sigurður Eggerz,	Hannes Hafstein,
Sigurður Gunnarss.,	Hjörtur Snorrason,
Sigurður Sigurðss.,	Jón Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þórarinn Benediktss.

Eggert Pálsson, Einar Arnórsson, Einar Jónsson, Guðmundur Eggerz, Matthías Ólafsson og Sveinn Björnsson greiddu eigi atkv. og voru taldir til meiri hlutans.

20. brtt. 350,1 samþ. án atkvgr.

21. brtt. 338,17 samþ. með 20 shlj. atkv.

22. brtt. 390 feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Einar Arnórsson,
Hjörtur Snorrason,	Guðm. Eggerz,
Magnús Kristjánss.,	Guðm. Hannesson,
Matthías Ólafsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Sigurður Gunnarss.	Jón Jónsson,

Skúli Thoroddsen. Jón Magnússon, Pjetur Jónsson, Sigurður Eggerz, Sigurður Sigurðss., Stefán Stefánsson, Sveinn Björnsson, Þorleifur Jónsson, Þórarinn Benediktss.

23. brtt. 338,18 samþ. með 21 shlj. atkv.

24. brtt. 350,2 samþ. án atkvgr.

25. brtt. 338,19 samþ. með 19 shlj. atkv.

26. brtt. 338,20 samþ. með 24 shlj. atkv.

27. brtt. 338,21 samþ. í einu hlj.

28. brtt. 338,22 samþ. með 22 shlj. atkv.

29. brtt. 348 samþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Hannes Hafstein,	Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,	Jón Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Jón Magnússon,
Magnús Kristjánss.,	Pjetur Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Sveinn Björnsson,
Sigurður Sigurðss.,	Þórarinn Benediktss.
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Matthías Ólafsson og Sigurður Gunnarsson greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hlutanum.

Að lokinni atkvæðagreiðslu voru 13. og 14. gr. fjárlaganna teknar til umræðu.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Áður en jeg fer út í einstaka liði í þessum kafla, skal jeg geta þess, að jeg hefi lagt saman allar þær brtt., sem hjer liggja fyrir. Hækkunartillögurnar nema samtals 267000 kr., en aftur eru lækkunartill., sem líka nema allstórri upphæð. Sú 1. er um að fella niður fjárveitingu til símalagninga alveg. En fjárlaganefndin leggur þar til, að stjórninni skuli vera heimilt að fresta framkvæmdum símalagninga, ef nauðsyn krefur að verja til annara útgjalda landssjóðs þeim fjárhæðum, sem annars eru ætlaðar til símanna. Önnur tillagan fer fram á að fella niður fjárveitingu til rannsóknar á járnbrautarstæði, og sú 3. er um að fella niður fjárveitingu til brimbrjótsins í Bolungarvík. Það er góðra gjalda vert að sýna lit á að spara, til þess að vega ögn á móti þeim auknu útgjöldum, sem brtt. einstakra þingmanna valda.

Jeg vil brýna það fyrir háttv. deildarmönnum, að nú er ekki um marga vegi að ræða. Nefndin hefir leitast við að halda svo í útgjöldin, að tekjuhallinn færi ekki fram yfir það, sem gjört er ráð fyrir í frumv. stjórnarinnar. Jeg vona að þeir, sem eru nefndinni sammála um það, að tekjuhallinn megi ekki hærri vera, styðji hana eftir megni með því, að hleypa ekki að brtt., sem fara fram á aukin útgjöld. Í öðru lagi munu þeir, sem vilja ganga lengra heldur en nefndin í að minka tekjuhallann, að sjálfsögðu styðja sparnaðarviðleitni nefndarinnar. Þá er enn þriðji flokkurinn, ef hann skyldi vera til, sem horfir fram á það með fullum kjarki að auka útgjöldin, án þess að hægt sje að benda stjórninni á, hvar hún eigi að taka fje til þeirra. Jeg vona nú, að enginn láti sjer detta í hug að greiða atkvæði áður en hann hefir gjört sjer ljóst, hvað af þessu hann velur og hvaða vegi stjórnin hefir. Til frekari skýringar frá báðum hliðum á tilögum nefndarinnar, skal jeg leyfa mjer að nefna fyrst símana. Stjórnin hefir tekið upp í frumv. sitt 28000 kr. fjárveitingu til þeirra fyrra árið, en 50000 kr. seinna

árið. Hún hefir gjört grein fyrir, hvað eigi að gjöra við þessar 28000 kr., en ekki nefnt, hvaða síma eigi að leggja fyrir hina fjárhæðina, 50000 kr. Eftir því, sem mjer hefir verið skýrt frá, hefir landsímastjóri lagt til, að fjárveitingin til símanna yrði töluvert hærri. Tekjuafgangur landsímans er samkvæmt símalögunum ætlaður til að leggja nýja 3. flokks síma, sem landsmenn eiga heimtingu á, og er sjálfsagt full þörf á að leggja fleiri síma en stjórnin hefir hugsað sjer. En þetta atriði hefir fjárlaganefndin leitt hjá sjer og vill leggja það á vald stjórnarinnar, hvort nokkrir símar verða lagðir eða engir, svo framarlega sem fram kemur brýn nauðsyn til að brúka símafjeð á annan hátt. En ef stjórnin sjer, að ekki þurfi á fjenu að halda til annars, þá ætlast nefndin vitanlega til, að það verði brúkað samkvæmt símalögunum, og landsímastjóri bendir þá til, í hvaða röð símarnir verði lagðir. Það mun hafa verið búist við því í fyrra, að fleiri símar yrðu teknir til greina 1916, heldur en stjórnin hefir gjört ráð fyrir. En nefndin ætlar ekki að blanda sjer í það mál að þessu sinni, þar sem hún beinlínis leggur til, að til þessarar upphæðar verði gripið til annars, ef nauðsyn krefur.

Þá hefir nefndin gripið til þess óyndisúrræðis, að leggja til að fjárveitingar til nýrra vitabygginga yrðu feldar niður að þessu sinni. Þetta fanst nefndinni að vísu hart aðgöngu, en það var ekki hægt að benda á neina aðra fjárhæð til sparnaðar, sem meira munaði um en þessa. Vitarnir gefa auðvitað af sjer miklar tekjur, en samt sem áður hallaðist nefndin að þessu, jafnframt með tilliti til þess, að nú er alt efni til bygginga mjög dýrt, t. d. er járn nú helmingi dýrara en það áður var, en það er mikið notað, sem kunnugt er, til vitabygginga. Það er því ýmislegt, sem með því mælir, að þessum framkvæmdum verði frestað, en ef úr rætist, finst mjer ekki frágangssök, að stjórnin undirbúi vitabyggingar og efni til þeirra 1917, þegar þing kemur saman næst.

Þá er 2. liður í 14. gr. Nefndin hefir líka leyft sjer að leggja til að fresta að þessu sinni styrkveitingum til barna skóla. Það mun þykja nokkuð hart aðgöngu, en fyrir þessu eru færðar ástæður í nefndarálitinu, og læt jeg mjer nægja að vísa til þeirra. Að eins skal jeg taka það fram í sambandi við vitafrestunina, að þetta hvorttveggja getur komið sjer mjög illa, en hjer er einungis um að ræða frestun á því, sem seinna er ætlast til að verði tekið til framkvæmda. Um leið og vjer leggjum til að fresta svo miklum nauðsynjamálum, er ástæða til að minna menn á, að fylla ekki þetta skarð með öðru ónauðsynlegra.

Þá skal jeg snúa mjer að einstökum brtt., sem komnar eru frá öðrum en nefndinni. Við 13. gr. B. hafa komið fram tvær stórar brtt., önnur á þgskj. 422, um brú á Eyjafjarðará, en hin um brú á Jökulsá og er á þgskj. 410. Þetta eru stærstu tillögurnar, og nema þær samtals 153,000 kr., eða miklu meira en helmingi allra hækkunartillagna samanlagðra. Aðrar hækkunartillögur nema samtals 115,000 kr. Jeg þarf ekki að færa rök að því, hvers vegna fjárlaganefndin tók ekki upp þessar brýr. Í rauninni er það óheppilegt, að ekki skuli hafa verið búið að brúa þær áður en þetta ár kom, en úr því að fje hefir ekki verið veitt til þess á undanförnum þingum, er síst að vænta, að fjárlaganefndin leggi það til nú, eftir þeirri stefnu, sem hún hefir tekið í fjármálum.

Þá eru tvær brtt. á þgskj. 391 um fjárveitingu til að brúa tvær ár í Dalasýslu.

Önnur tillagan er um endurveitingu til brúar á Ljá. Nefndinni er ekki vel ljóst um þörfina á þessari fjárveitingu. Hún veit ekki betur en að brúin geti komist á í haust, samkvæmt fjárveitingu síðasta fjárlagaþings. En svo framarlega, sem hún getur ekki komist á eftir skýrslu verkfræðingsins á þessu ári, þá tel jeg sjálfsagt að endurveita þenna styrk.

En hvað hina brúna snertir, brúna á Kjallaksstaðaá, að veita til hennar 7000 krónur, þá segir það sig sjálft, að fjárlaganefndin hefir ekki getað verið með þeirri fjárveitingu.

Þá hefir nefndin ráðist á Stykkishólmsveginn og felt í burtu 8000 króna fjárveitinguna annað árið. Gjörir hún það með tilliti til þess, að í stjórnarfrumv. var ríflega lagt til þessa vegar, og hins vegar hefir nefndin fengið þær upplýsingar hjá landsverkfræðingi, að síðan þessi vegur kom í þjóðvegatölu, hafi verið gjörðar á honum tiltölulega meiri vegabætur en á öðrum þjóðvegum. Af þessum ástæðum virðist sanngirni mæla með því, að tillaga nefndarinnar verði látinn fram ganga.

Þá hefir nefndin einnig gjört það að tillögu sinni, að fjárveitingin á liðnum B. III. 8., aðrar vegabætur og viðhald, sjeu lækkaðar úr 32,000 niður í 16,000 á ári. Lægri upphæðin var í upphaflegum tillögum landsverkfræðingsins til stjórnarinnar, svo hjer hefir ef til vill verið einhver vangá í stjórnarfrumvarpinu.

Aðrar breytingar, er nefndin leggur til á þessum liðum, ganga beinlínis í þá átt, að ná í einhvern sparnað.

Þá er brtt. á þgskj. 406 frá háttv. þingmönnum Norðurmúlasýslu um að fá hækkaðan styrk til brúargjörðar á Miðfjarðará upp í 8500 krónur. Tilætlunin er því sú, að landssjóður kosti brúna að öllu leyti. Nefndin getur ekki litið svo á, að það opinbera beri alla sök á því, að brúin fjell niður. En annað mál er það, að sanngjarnt sje, að landssjóður leggi til mikinn hluta fjárins, er þarf til þess að reisa jafngóða brú og áður var. En nú verður að gæta þess, að brúin legst niður á gamla brúarstæðinu, því nú eru ekki tiltök að að gjöra þar brú aftur, og verður hún þá helmingi dýrari en áður. Enn fremur er þarna sýsluvegur en ekki þjóðvegur, og er því ekki ósanngjarnt, að hlutaðeigandi hjerað beri einhvern hluta af ábyrgðinni á þessu slysi.

Nefndin heldur sjer því við þessa 7000 króna upphæð til brúarinnar, og vill ekki hækka neitt úr því.

Viðvíkjandi öðrum brtt., er komið hafa fram um brýr á sýsluvegi og hreppavegi, get jeg verið stuttorður. Að vísu eru þær hóflegar, en nefndin hefir samt ekki sjeð sjer það fært að taka þær til greina. Hún lítur enn fremur svo á, að fyrst raskað hefir verið áætlun landsverkfræðings um vegagjörðir á fjárhagstímabilinu og dregið úr fjárveitingum til þjóðvega, þá taki ekki tali að brytja það niður í vegi, sem landssjóði eru óviðkomandi. Enn fremur, að hagkvæmara kunni að vera að greina fjárveitingar ekki í sundur á milli áranna, heldur láta stjórnina hafa frjálsar hendur í því efni. En nefndin kemur þó ekki með brtt. í þá átt að þessu sinni. Einnig vill nefndin taka það fram, að hún vill ekki gjöra neinar ákveðnar tillögur um sundurliðun á fjárveitingum til sýsluvega, en ætlast til þess, að stjórnin hafi full umráð á þessu, án þess að því sje skift niður í nefndarálitinu.

Það er margt, sem mælir með þessu, og jeg er viss um, að stjórnin lítur engu síður en þingið rjettlátum augum nauðsyn hvers einstaks vegar. En á hinn bóginn, ef

menn færu nú að leiða inn smásmuglega skiftingu á þessu fje, gæti hæglega farið svo, að upp sneri það, sem niður ætti.

Jeg hygg, að jeg hafi ekki meira um þetta að segja. En þá hafa komið fram brtt. við C-liðinn, strandferðirnar og millilandaferðirnar. En nefnd sú, er um þau mál hefir fjallað, hefir enn ekki komið fram með álit sitt og breytingatillögur. Fjárlaganefndin hefir því látið bíða að taka ákveðna afstöðu til þessa hluta stjórnarfrumvarpsins.

Raunar eru komnar fram brtt. frá þessari nefnd, en jeg hefi heyrt, að formaður nefndarinnar ætli að taka þær aftur í þetta sinn og brtt. komi ekki frá nefndinni, fyrr en við 3. umr. fjárlaganna. Skal jeg því ekki fara fleiri orðum um þenna lið.

Þá er brtt. á þgskj. 394 frá háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. Snæf. (S. G.) um hækkun á styrk til símalagninga. Er þar farið fram á, að sú fjárveiting hækki úr 28500 kr. upp í 49500 kr. fyrra árið. Nefndin hefir ekki getað fallist á þetta, af þeirri einföldu ástæðu, að hún ætlar sjer ekki að hlutast frekar um símalagningu en hún hefir gjört. Það virðist fremur þýðingarlítið, að ráðgjöra meiri símalagningar en stjórnin gjörir, en heimila henni þó jafnframt, eins og nefndin leggur til, að fresta þeim alveg.

En jeg tek það upp aftur, og bið hv. þm. Dal. (B. J.) að hlusta á mig, að jeg kannast fyllilega við, að símanefnd frá 1914 hefir gjört ráð fyrir að ýmsir símar yrðu lagðir 1916, sem stjórnin hefir ekki tekið tillit til, er hún samdi frv. til fjárlaganna. En þar sem stjórnin engu síður hefir lagt til, að allmiklu fje skuli varið í þessu skyni, getur nefndin engan veginn verið með því, að upphæðin verði hækkuð.

Þá hefir einnig komið fram till. um að fella niður alt fje til símalagninga. Nefndin hefir engan veginn getað fallist á þá breytingu, og býst við að nú sitji við þá upphæð, sem nefnd er í stjórnarfrumvarpinu. Enda virðist nefndinni sú breyting enga fjárhagslega þýðingu hafa, ef stjórnin fær heimild til frestunar; yrði því að eins til prýði í fjárlögunum, að því leyti, að lægri tekjuhalli stæði í 20. gr. þeirra.

Loks er ein breytingartillaga eftir við 13. gr., er jeg vil minnast á, við vitana. Hún er frá háttv. þm. Snæf. (S. G.) og fer fram á, að veitt verði í fjárlögunum 100 kr. til leiðarljóss á Svartatanga hjá Stykkishólmi. Við nefndarmenn bárum þetta upp við vitaumsjónarmann, en hann áleit enga ástæðu til þess, að veita fje til hafnarljósa, eins og þessa. Bygði hann það á því, að hlutaðeigandi kaupstaðir og kauptún ættu að annast um þau. Það er líka mjög eðlilegt, þar sem kaupstaðir hafa rjett til, samkvæmt hafnarreglugjörð að taka skipagjald, að þau kosti þá sjálf leiðarljósin inn á höfnina. Öðru máli væri að gegna, ef kaupstaðirnir hefðu ekki hafnargjaldi til að dreifa.

Þá kem jeg að breytingartillögum við 14. gr. Þær eru ekki neitt sjerlega stórvægilegar í fjárhagslegu tilliti.

Það eru þá fyrst tvær breytingartillögur á þgskj. 415 frá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.). Önnur er um 1200 kr. styrk til húsabyggingar á Bergsstöðum í Svartárdal. Jeg hefi lýst yfir því við hátt. flytjanda tillögunnar, að þótt sæmileg grein sje gjörð fyrir nauðsyn þessarar fjárveitingar í erindi, sem lagt hefir verið fram til afnota, að nefndin myndi ekki geta fallist á að veita styrk þenna.

Þá er hin breytingartillagan á sama þingskjali, um það að hækka styrk til kvennaskólans á Blönduósi um 200 kr. á ári næsta fjárhagstímabil. Það kom einnig fram erindi um þetta, en nefndin hefir ekki heldur sjeð sjer fært að

verða við þessari styrkbeiðni. Það hefir verið fært fram sem ástæða fyrir þessu, að eldsneyti hafi hækkað í verði. En ef styrkurinn væri veittur með þetta fyrir augum, þá liti svo út sem landssjóður beri alla ábyrgð á þessari stofnun. Nefndin getur ekki litið þannig á þetta, þar sem kvennaskólinn á Blönduósi er hjeraðsskóli, eða eiginlega sýsluskóli.

Á þgskj. 395 er brtt. við B. I. d. 2. frá háttv. þm. Dal. (B. J.) um hækkun á styrk til bókakaupa handa heimspekisdeild Háskólans, að hann hækki úr 1000 kr. upp í 2000 krónur á ári. Jeg býst við, að hann færi ástæðu fyrir þessari hækkun. Nefndin hefir haft með höndum erindi um þetta og að nokkru leyti tekið það til greina. Hún hafði hugsað sjer, að lækka fjárveitingarnar til bókakaupa til Háskólans talsvert mikið, sökum árferðis nú, en til þess, að hægt væri þó að sinna þessum »klassisku« fræðum og koma þeim á laggirnar, ljet nefndin sjer nægja, að upphæðin til bókakaupa færðist einungis niður um 200 kr.

Þá kem jeg næst að brtt. á þgskj. 407 frá háttv. þm. Ak. (M. K.) um styrk til að reisa húsmæðraskóla á Akureyri, gegn jafn miklu annars staðar að. Nefndinni hafa borist áskoranir ýmsra kvenna frá Akureyri, er styðja sig við skjöl frá konum víðs vegar á Norðurlandi. Nefndinni er kunnugt um, að þessi hreyfing um kvennaskóla nyrðra hefir gripið all mikið um sig, en það var sjerstaklega eftir að kvennaskólinn í Eyjafirði lagðist niður, að sú hreyfing hefir náð tökum á mönnum, að stofna húsmæðraskóla. Þegar sú hreyfing komst á legg fyrir alvöru, voru flestir á því, að slíkur skóli ætti að vera í sveit. Kom þetta mál hjer inn á þingið 1907. Var þá samþykt í Nd. frv. til laga um að stofna húsmæðraskóla í sveit, en varð aldrei út rætt í Ed.

1909 var svo mikil stórpólitík á ferðum, að þingið gaf sjer ekki tóm til að fjalla mikið um þetta mál að því sinni, en þó starfaði nefnd að því allmikið, og var samþykt þingsályktunartillaga um að skora á stjórnina, að taka málið til undirbúnings og leggja það síðan fyrir næsta þing. Hreyfing þessi var jafnframt jafnrjettiskrafa kvenna til sjermentunar. Þær vildu fá húsmæðraskóla, kostaða af landssjóði, að sínu leyti eins og karlmenn hafa bændaskólana.

Árið 1911 var málið ekki lagt fyrir þingið, nje undir búið af stjórninni. En frumvarpi, sem kom fram í Nd. um Eiðaskólann, var snúið upp í það, að gjöra hann að húsmæðraskóla, og var samþykt í Nd., en kafnaði í Ed., eins og hitt, og þó fyrir tímaskort hvorttveggja.

Svona er gangur þessa máls, og þó að það hefðist ekki fram, vegna þess, að stórpólitíkin sat í fyrirrúmi, þá fjekk það þó nægilegt fylgi til þess, að alt bar vott um, að málið þótti mikils vert, og líklegt var því að sigur væri fyrir höndum, áður en langt um liði. En mönnum var það alt af ljóst, að skólinn ætti að vera í sveit, og hann ætti aðallega að búa sveitakonur undir húsmóðurstöðu. Því að á hinn bóginn var mönnum það auðsætt, að húsmæðraskóli í kaupstað gæti ekki eins náð þeim tilgangi, er til var ætlast, gæti aldrei orðið sannarlegt heimili.

Hjer hefir því einlægt verið að ræða um húsmæðraskóla í sveit.

Það er af þessari ástæðu, að fjárlaganefndin og jeg fyrir mitt leyti getum ekki fallist á að veita styrk til að reistur verði húsmæðraskóli á Akureyri. Það yrði að eins til ruglings í málinu. Mjer er það líka vel kunnugt, að kon-

ur myndu ekki alment verða ánægðar með úrslit málsins ef skólinn yrði þar í framtíðinni.

En til þess að sýna, að nefndin er ekki alveg á móti því að hugsa um kvenfólkið og hlynna að því, hefir hún lagt til, að 1000 króna árlegur styrkur yrði veittur til kenslu í matreiðslu á Akureyri á næsta fjárhagstímabili. Vakir það fyrir nefndinni, að þessi styrkur eigi að bæta úr fyrst um sinn, á meðan ekki er kleift að koma málinu í það horf, sem alt af hefir verið talið sjálfsagt og nefndin er fyllilega með. Einnig hefir nefndin lagt til að veita styrk til sams konar kenslu á Eyrarbakka.

Þá er að síðustu brtt. frá háttv. þm. Snæf. (S. G.) um 500 kr. árlega hækkun á styrknum til unglingaskólanna. Af samtali við hann veit jeg, að þetta er miðað við það, að unglingaskólinn missi ekki neins í við þá ívilnum, er einstakir nafngreindir unglingaskólar fá, ef tillaga nefndarinnar verður samþykt. Er það aðallega í sambandi við athugasemdina um skólann á Núpi, að hann fær nokkru hærra en áður af hinni sameiginlegu upphæð, ef athugasemdin er samþykt.

Þetta hygg jeg, að nefndin láti alveg laust og bundið.

Jeg hugsa að það hafi ekki þýðingu, að orðlengja frekar um þetta að sinni.

Sigurður Eggerz: Fyrir hönd strandferðanefndarinnar lýsi jeg yfir því, að hún tekur aftur brtt. þær, er hún hefir komið fram með. Nefndin hefir enn ekki getað lagt fram álit sitt í þessu vandasama og flókna máli. Tekur hún það nú fyrir, vegna breyttra atvika, til nýrrar íhugunar og leggur fram álit sitt og væntanlegar brtt. ekki fyrr en við 3. umræðu fjárlaganna.

Guðmundur Hannesson: Okkur þingmönnum Húnvetninga bárust mýmargar beiðnir, er kjósendur okkar báðu okkur að koma á framfæri. Jeg veit ekki hvort kjósendur okkar verða okkur þakklátir fyrir það, að við höfum lagt aðalábersluna á fáeinar þeirra, sem okkur þóttu sjálfsagðastar, en því meiri ástæða er til þess fyrir háttv. deild, að taka tillit til þeirra, enda eru þær allar vel undirbúnar og hvervetna að ræða um brýna nauðsyn.

Við 13. gr. er á þgskj. 408 viðauktill. um brú á Hamarsá á Vatnsnesi. Þessi brú er að vísu á hreppavegi, og það mun hafi mestu ráðið hjá fjárlaganefndinni um það, að hún fjellst ekki á þessa styrkveitingu. En það er nú svo, að aðgreiningin á hreppavegi og sýsluvegi er oft og tíðum markleysa ein. Það eru margir sýsluvegir, sem ekki eru meira virði, en hreppavegirnir. Munurinn er bara á pappírnum. Aftur er annar mælikvarði ólíku áreiðanlegri, er um slíkt er að ræða og hann er sá, *hve mikið sveitirnar vilja á sig leggja*, borga úr eigin vasa. Það sýnir best þörfina og alvöruna. Þessi á, sem brúa þarf, er þverá, sem skiftir hreppi í tvent og getur orðið alveg ófær, t. d. á haustum, þegar menn þurfa að fara þarna um með fje. Hún rennur saman úr þrem ám, sem koma ofan úr þröngum dölum upp til fjalla, og verður þá oft að gjöra annaðhvort að fara yfir þverárnar uppi í fjalli, eða sjóleiðis fyrir framan ármynnið, ef það er þá fært. Í þessum eina hreppi hafa nú safnast um 1000 kr. til brúargjörðarinnar, en sýslunefndin hefir veitt 1700, og hjer er að eins farið fram á 1200 kr. styrk, og minna er ekki unt að komast af með til þess að koma brúnni á.

Þá kemur 2. l. á brtt. 408, við 14. gr.; þar

sem farið er fram á styrk til húsabygginga á Bergsstöðum í Svartárdal. Þetta er nú í rauninni ekki annað en styrkur til landssjóðs sjálfs, þar sem presturinn var þarna settur á jörð, þar sem heita mátti að húsin væru fallin, og eins og gengur, hrekkur álagið ekki mikið til að byggja upp, til þess að viðunandi sje. Jörðin er að vísu gamalt prestssetur, en er svo illa í sveit komið, eftir sameiningu brauða, að ekki kemur til tals, að prestssetur verði þar til frambúðar, og getur presturinn því ekki notað prestakallalán. Aftur hefir ekki fengist nein jörð handa honum, sem lægi nær miðju prestakallsins. Ef presturinn byggir nú á jörðinni upp á sinn kostnað, hlýtur hannn að tapa tilfinnlega fje á því, fje sem rynni í landssjóð. Öll sanngirni mælir því með því, að landssjóður veiti þenna lítilfjörlega styrk, sem engan veginn hrekkur til húsabótanna, enda fordæmi fyrir slíkri fjárveitingu. Verði honum neitað, má búast við því, að presturinn flýi burtu, ef hann á þess kost að fá annað kall.

Það gleður mig, að háttv. fjárlagan. hefir tekið til greina lítilfjörlega hækkun til Blönduósskólans. Það væri ósanngjarnt, að setja hann hjá, þegar stjórnin hækkar framlagið við alla aðra skóla til eldsneytiskaupa nú í dýrtíðinni. Satt að segja hefir skóli þessi svo lítið fje til umráða, að hann kemur ekki að hálfum notum fyrir þá sök. Húsið er stórt og allvandað, og sjálfsagt ætti að þykja, að alt annað gæti verið eftir því, en vegna fjárskorts verður alt hálfverk; fátæktin skín út úr flestum útbúnaði skólans.

Jeg verð að segja, að jeg skil ekki þá skólapólitík, sem kemur fram í meðferðinni á þessum skóla. Að fara fyrst að basla við að reisa skóla á þessum stað, byggja stórt og myndarlegt hús, og ónýta svo mikinn kostnað með því, að hafa hann ekki í sæmilegu lagi. Það er satt, að margir mundu heldur hafa kosið honum annan stað, en það fór nú einu sinni svona, að kvennaskólinn veslaðist upp hjá Eyfirðingum, bæði inni í sveitinni og á Akureyri, en Húnvetningar hjeldu aftur á móti við þessum skóla sínum með miklum dugnaði og fjárframlögum. Í raun og veru er ekkert því til fyrirstöðu, að hann geti verið skóli fyrir alt Norðurland, ef vel er lagt til hans, og hann er ódýrastur allra skólanna, og enn fremur má telja honum það til gildis, sem margir leggja mikla áherslu á, og það er það, að hann er í raun og veru í sveit. Hann er alllangan spöl frá kaupstaðnum, og ræktað land gæti verið þar alt í kring, en hann hefir verið vanhirtur við það, sem gæti verið með sæmilegri styrksviðbót.

Þó að þessar litlu brtt. mínar yrðu samþyktar, þá væri sú fjárhæð ekkert líkt því, sem Húnavatnssýsla ætti kröfu til og krefjast, en hins vegar veit jeg um stefnu fjárlaganefndar, og hefi því ekki viljað fara fram á meira.

Guðmundur Eggerz: Jeg heyri að hjer tala ýmsir háttv. þm. fagurt fyrir sín kjördæmi, og jeg get ekki sagt að jeg hafi sjálfur orðið var við hrossakaup, en það er ef til vill af því, að jeg er svo heppinn, að jeg hefi enga fjárbeiðni meðferðis fyrir mitt kjördæmi. T. d. talaði hv. 1. þm. Húnv. (G. H.) af mikilli andagift um eina brú, og hefði jeg þó líklega haft meiri ástæðu til að tala um brú á Grímsá, sem er jökulvatn og ein af verstu ám yfirferðar, enda hefir fjöldi manns druknað í henni. *(Bjarni Jónsson:* Hvar er hún á landinu?). Það getur verið, að háttv. þm. Dal. (B. J.) viti ekki hvar hún er, en það eru þó ekki nema 2 ár síðan að kvenmaður druknaði í henni, og ári þar áður 2 aðrir. Það er tvisvar búið að

áætla, hvað brú yfir hana muni kosta, svo að talsverð sanngirniskrafa virðist vera á því, að fara nú að koma því máli í framkvæmd. En ástæðan til þess, að jeg ber það ekki fram hjer, er sú, að jeg ætla að efna það, sem jeg hefi lofað kjósendum mínum, sem sje að stuðla að því, að *fjárlögin verði afgreidd hjer frá þinginu tekjuhallalaust.* Jeg hefi tekið það fram, að jeg hygg að það stæði nær að brúa Grímsá, en þessa Hamarsá, því að það hefir sagt mjer kunnugur maður, að á sumardag sje hún ekki meiri en svo, að varla væri hægt að drekkja þar ketti í poka. En jeg hefi líka heyrt það úr öllum áttum, að það væri hrein og bein *skylda* þingsins að sjá svo um, að ekki yrði tekjuhalli á fjárlögunum, og það því fremur, sem tekjuáætlunin mun vera sett fullhátt. Hún er sem sje hjer um bil alstaðar sett nokkru hærra en 1914—15, og nú er þó heimsstyrjöld yfirstandandi, og það getur meðal annars haft þær afleiðingar, að vöruflutningur teppist til og frá landinu, svo að við það tapist tolltekjur og útflutningsgjöld, sem eru aðaltekjur landsins, og eru þá engin ráð, nema taka lán, ef það þá fæst. Reyndar heyrast hjer líka einstöku raddir um það, að flónska sje að amast við tekjuhalla, og koma þær auðvitað helst frá þeim, sem mestar kröfurnar gjöra fyrir sín kjördæmi. Það mætti ef til vill benda á það, að gjaldaukinn, sem slíkir menn fara nú fram á hjer, nemur þegar 270 þús. kr., og ef það yrði samþykt alt saman, þá væri tekjuhallinn þar með kominn upp í 368 þús. kr. Jeg vona nú reyndar, að einhverju af því verði slátrað, og vildi jeg nefna í því sambandi háttv. þm. Dal. (B. J.), þar sem hann t. d. fer fram á 47 þús. kr. útgjaldaauka. Það eru þessir þingmenn, sem koma með stærstar brtt., sem mest stuðla að tekjuhallanum.

Eins og fjárlögin koma nú frá nefndinni, er tekjuhallinn 110 þús. kr. *Þetta er 110 þús. kr. of mikið.* Það er sagt að það sje ógurlegur vandi að gjöra þau úr garði tekjuhallalaust. Jeg get ekki sjeð það, og jeg vil leyfa mjer að benda háttv. deild á það, hvernig á að fara að því að leysa þann Gordionshnút. Ef brtt. þær, sem jeg hefi flutt, verða samþyktar, þá sparast við þær 38 þús. kr., en þær heyra undir annan kafla, og skal jeg því ekki tala um þær að sinni. Einnig má taka tillögur nefndarinnar, 30. lið, sem sje brýrnar á austurós Hjeraðsvatna og Miðfjarðará. Þær voru ekki teknar upp í fjárlagafrumvarpið, og það var vel, og ef þær verða feldar, þá sparast þar 32 þús. kr., og þarna eru þá strax komnar 70 þús. kr. alls. Enn er gjört ráð fyrir því, að byggja hús yfir listaverk Einars Jónssonar fyrir 10 þús. kr. Jeg vil sleppa því, þegar svona þröngt er í búi. Svo held jeg að mætti taka burt eitthvað af því, sem ætlað er til símalagninga, upp í það, sem þá er eftir af þessum 110 þús. kr.

Jeg vona nú að sumir háttv. þm. vilji hjálpa mjer til þess arna, og þá ekki hvað síst háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.). Jeg vona að hann finni, að þess er þörf, og jeg man að jeg las eftir hann einhvern tíma í vetur góða grein í merku blaði, þar sem talað var um »landssjóðslekann«. Sagt að menn legðu sig í líma fyrir sitt eigið kjördæmi, en hugsuðu eigi um það, að þeir ættu fyrst og fremst að vera þingmenn alls landsins. Jeg hefi nú lagt saman fjárveitingarnar, sem hann fer fram á í sínum brtt., og þær eru samtals 9700 kr., og ef nú allir 40 þingmennirnir kæmu fram með viðlíka brtt., þá væri því samfara nær 400,000 kr. útgjaldaauki að samþykkja þær. Og allar lúta brtt. þessa háttv. þm. að hans eigin

kjördæmi. Jeg vænti nú svo góðs af honum, að hann taki þær aftur, þegar hann sjer, að jeg hefi ekki farið fram á neitt fyrir mitt kjördæmi. Það er ekki nema eitt nauðsynlegt í þessu máli, og það er að skera niður allar brtt., sem fara fram á gjaldahækkun, nema menn geti þá jafnframt komið sjer saman um að láta þær ganga upp á móti einhverju öðru.

Málið tekið út af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. ágúst, var framh. 2. umr. um 13. og 14. gr. fjárlaganna.

Bjarni Jónsson: Jeg vil geta þess, að enn sem fyrr er jeg ekki alls kostar samþykkur gjörðum fjárlaganefndarinnar. Hefi jeg þó látið marga hluti fara fram hjá mjer, án þess að bera fram brtt. við þá, og er það fyrir þá sök, að jeg hefi sjeð, að það mundi ekki verða til neins.

Jeg vil þó geta þess um einn liðinn, símaliðinn, að jeg er sammála nefndinni um skilyrðið, sem hún setur þar á eftir, að fresta megi framkvæmdunum að nokkru leyti eða öllu, ef svo fara sakir, að stjórnin verður í fjárþröng. En það eitt þykir mjer að, að nefndin hefði átt að binda fjárveitingar til vegabóta og annarra fleiri framkvæmda þessu sama skilyrði. Því að jeg tel rjett, að þingið fari öldungis eins með fjárlögin nú og áður, án þess áð gjöra ráð fyrir neinum sjerstökum slysum eða óvenjulegum tekjuskakka, en sjái hins vegar um, að stjórnin geti heft eitthvað af þeim framkvæmdum, sem kosta svo mikið fje, að verulega um munaði, ef bjarga þyrfti landinu úr voða, sem af ófriðnum stafaði. Um annan voða er ekki að ræða. Jeg tel næga tryggingu í slíkum heimildum, og þær miklu skynsamlegri, en að vera að klípa 200 kr. hjer, 300 kr. þar, 500 kr. hjer og 5000 kr. þar, sem aldrei getur numið svo miklu, að það komi að neinu liði.

Jeg vil benda nefndinni á, að hún ætti að koma víðar með slíkar athugasemdir. Vona jeg, að hún taki það til athugunar til 3. umræðu. Sjerstaklega ætti þetta heima um vegagjörðirnar, því að það getur aldrei orðið að neinu stórtjóni, þó að þeim væri frestað um sinn, en hins vegar munaði mikið um það fje, sem við það sparaðist í bili. Ef þessar frestunarheimildir væru gefnar víða, gæti það orðið að verulegu gagni, en í einum lið þýðir það sáralítið.

Ýmislegt gæti jeg talað um, sem mjer þykir heldur verr en betur um brtt. nefndarinnar. Mjer dettur í hug ein tillaga hennar um að kaupa peningaskápa handa 6 símastöðvum, 1200 kr. fyrra árið. Þar sem nefndin vill spara alstaðar þar, sem því verður við komið, þá hefi jeg þá trú, að þessir peningaskápar hefðu vel mátt vera ókeyptir þetta fjárhagstímabil. Sjerstaklega þar sem jeg sje að upphæðin er svo hlægilega lítil, að fyrir hana er ekki hægt að fá betri skápa, en þó að venjulegir smiðir væru fengnir til að smíða skápa úr trje. Eldheldir skápar eru dýrari en svo, að þeir fáist fyrir þetta verð. Það kemur ekki til nokkurra mála. *(Sveinn Björnsson:* Jú). Nei. (*Sveinn Björnsson:* Jú). Það má vera, að þeir sjeu seldir sem eldheldir, en þeir eru það ekki, þegar bruna ber að höndum.

Þá eru laun umsjónarmanns vitamálanna. Jeg er ekki að hafa á móti því, að þessum manni sje goldið sæmilega fyrir verk sín, en mjer þykir það undarlegt, að undir eins og það steðjar að verkfræðingum landsins, að krefjast fjár

úr landssjóði, þá rýkur Alþingi upp til handa og fóta og fleygir í þá fjenu. En þegar um laun þeirra manna er að ræða, sem fást við vísindi og uppeldismál, þá er alt öðru máli að gegna. Það væri gaman að bera launakjör þeirra saman við launakjör hinna, sem leggja vegi, eða halda vendi laganna yfir landinu, og lesa út úr þeim samanburði hugsunarhátt fólksins, hvað það telur mest virði og hvað minst. Þetta er ekki sjerstaklega mælt til fjárlaganefndarinnar, þó að henni sje reyndar skylt að reyna að leiðrjetta þenna hugsunarhátt. Einkum þegar laun verkamanna landssjóðs eru alt af talin blóðpeningar, að minsta kosti laun þeirra, sem eitthvað kenna.

Þá þykir mjer líka aðstoðarmanninum við vitana gjört tiltölulega lægra undir höfði en umsjónarmanninum. Það er ekki eingöngu, að hann hafi miklu lægri laun, sem ef til vill má til sanns vegar færast, heldur er honum jafnframt gjört að skyldu að veita ókeypis leiðbeiningar þeim mönnum, sem vilja fá sjer rafmagnstæki til heimilisnota. Hann á að gjalda þess, að hann er góður rafmagnsfræðingur, en hann á engin not að hafa af því. Það var aldrei nema rjett að gjöra honum að skyldu að veita þessar leiðbeiningar, en að láta hann gjöra það ókeypis, það þykir mjer nokkuð mikið á manninn lagt, þar sem hann hefir ekki meira kaup en hann hefir.

Jeg vona, að nefndin athugi þetta betur til þriðju umræðu.

Þá er það 40. brtt. nefndarinnar við 13. gr. E. IV., að liðirnir a., b., d. og e. falli burtu, sem mjer þykir einkennileg. Það eru vitarnir, sem eiga að falla í burtu, bæði Akranesvitinn, Malarrifsvitinn, Bjarnareyjarvitinn og Selvogsvitinn. Nú er það svo, að af öllu því, sem gjört er til samgöngubóta á þessu landi, er, eins og allir vita, langmest vert um vitana. Þeir geta bókstaflega bjargað lífi manna, ekki fárra manna, heldur margra skipshafna. Það eru vitabyggingar og lendingarbætur, sem síst má fresta framkvæmdunum á, því að líf fjölda manna er í veði, ef þar er ekki að gjört. Þá er munur, þó að flutningabrautir sjeu látnar ógjörðar.

Enn vantar mjög mikið á, að svo mörgum vitum hafi verið komið upp, að sæmilegt megi heita að sigla um landhelgina. Margir þingmenn hjer hafa verið sjómenn, og vita vel hvað það er, að sigla úfinn sjó í myrkri, og taka illa lendingu. Og þeir vita, að þeir menn verða ekki taldir í tugum, sem látið hafa lífið fyrir þá sök eina, að þeir vissu ekki fyrir, hvar þeir áttu að lenda. Jeg tel óráðlegt, að fella vitana burtu. En í sambandi við þá athugasemd, sem jeg gjörði áðan, skal jeg taka það fram, að jeg tel rjett að gefa stjórninni heimild til að fresta þessu, ef í öngþveiti kemur. En jeg tel alveg sjálfsagt, að samþykkja þetta í fjárlögunum, ef svo fer, sem mikil ástæða er til að vona, að styrjöldin hafi ekki nein háskasamleg áhrif á fjárhag þessa lands.

Þetta eru þær athugasemdir, sem jeg vildi gjöra við brtt. fjárlaganefndarinnar við 13. gr., að því leyti, sem jeg kem ekki aftur að þeim, er jeg minnist á símana.

Aftan við 14. gr. B. XIII. a., þar sem talað er um styrkinn til unglingaskólanna, vill nefndin hnýta athugasemd, þar sem skólanir á Núpi, Hvítárbakka, Ísafirði og Seyðisfirði eru sjerstaklega nafngreindir, og þeim heitið 1500 kr. styrk á ári.

Það er merkilegt, að sú meinlega vitleysa skuli sitja í mönnum ár eftir ár, að vilja veita hæstan styrk þeim skólunum, sem best geta komist af án styrks. Bæði á Ísafirði og á Seyðisfirði geta menn gengið heiman að frá sjer í skólana. Það er því ekki nema hús-

rúmið og kenslan, sem menn þurfa að kosta. En í sveitunum þurfa menn að hafa nemendurna á vist í sjálfum skólunum. Erfiðleikarnir eru hjer ekki saman berandi.

Jeg vil skora á fjárlaganefndina, að kippa þessu í lag til 3. umræðu, því að hjer er um svo bersýnilegt ranglæti að ræða, að það er ekki sæmandi fyrir þingið, að senda annað eins frá sjer.

Nú vil jeg nefna með örfáum orðum nokkrar brtt., sem jeg á við 13. gr.

En fyrst vil jeg geta þess, að brtt. háttv. þm. Snæf. (S. G.) á þgskj. 338 mun jeg ljá atkvæði mitt. Hún er um það, að halda uppi leiðarljósi á Svartatanga við Stykkishólm. Á þessu er hin mesta nauðsyn, en kostar hins vegar svo lítið, að sjálfsagt er að gjöra þetta orðalaust.

Brtt. frá strandferðanefndinni á þgskj. 435 ætla jeg að sje tekin aftur. *(Ýmsir þingmenn:* Já, hún bíður til 3. umr.). Jeg skal þá ekki tala mikið um það mál að sinni. Jeg verð þó að geta þess um brtt. mína á þgskj. 392, sem er við sama liðinn, að hún fer fram á 12000 kr. styrk til flóabátsins á Breiðafirði, ef sú verður raunin á, sem til er stofnað, að báturinn verði keyptur. En um leið hefi jeg farið fram á, eftir beiðni hjeraðsbúa, að þingið veiti auk þess 10000 kr. styrk úr landssjóði til þess að kaupa bátinn. Sá hluti tillögunnar getur komið undir atkvæði nú, þó að hinu verði frestað. Það skaðar raunar ekki, að það bíði líka til 3. umr., ef hæstv. forseta þykir umhendis að bera það upp nú.

Þá kem jeg að símatill., sem jeg hefi borið fram. Eins og menn muna, tók jeg á þinginu í fyrra aftur frumv. um þenna síma, vegna þess að símastjórinn skrifaði þinginu brjef, sem prentað er í Þingtíðindunum frá í fyrra, þar sem hann skýrir frá því, að fyrirhugað sje að leggja þenna síma á árinu 1916. Það er því loforð símastjórnarinnar og þingsins fyrir því, að síminn skuli verða lagður á næsta ári, og þar sem nú er nægilegt fje fyrir hendi, þá sje jeg ekki, hvernig þingið getur látið undið höfuð leggjast, að efna loforðið.

Það stendur í símalögunum, jeg ætla í 7. gr., að afganginum af rekstri símans ár hvert skuli varið til þess að leggja 3. flokks síma, og í annari grein stendur, að vextir og afborganir af símalánum teljist ekki til reksturskostnaðar. Það er því beinlínis lögskipað, að tekjuafgangurinn skuli ganga til 3. flokks símanna, og engin heimild til að ráðstafa því fje á annan hátt, ekki fremur en hægt er að taka laun embættismanna og verja þeim til brúargjörða. Jeg skil ekki hvað fjárlaganefndin hefir ætlað að spara með því, að nefna ekki þessa upphæð í fjárlögunum. Henni verður hvort sem er ekki varið til annars, nema þá að samin væru sjerstök lög, um frestun eða breytingu á 7. gr. símalaganna. *(Sveinn Björnsson:* Fjárlögin eru líka lög.) Ekki þess konar, að með þeim verði hnekt öðrum lögum eða þeim breytt. Jeg vona, að háttv. deild sjái, að hjer er ekki farið fram á annað en það, sem sjálfsagt er, og veiti því þess vegna góðar undirtektir. Háttv. frsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) viðurkendi í gær, að jeg hafi hermt hjer rjett frá. En honum er málið vel kunnugt, því að hann sat ásamt mjer í símanefndinni í fyrra.

Jeg hefi áður minst á, hversu merkilegur þessi sími, frá Búðardal og yfir í Saurbæ, er fyrir norðurhluta Dalasýslu, einkum til þess að ná í lækni. Ef mönnum er það ekki ljóst, get jeg reynt að skýra það með dæmi. Ef riðið er eftir Skarðströndinni 4—5 tíma reið að

Tjaldanesi, geta menn hringt þaðan að Búðardal, til þess að vita hvort læknirinn er heima, og ef svo er, beðið hann að mæta sjer. Það liggur í augum uppi, að ef læknirinn er t. d. staddur í Bæjarsveitinni, þá er ekki til neins að fara til Búðardals til að ná í lækni. Ef svo stendur á, geta menn reynt að hringja til Magnúsar Pjeturssonar í Hólmavík, og ef hann skyldi vera vant við látinn, þá er um þriðju leiðina að velja, sjóleiðina yfir að Reykjanesi til Odds Jónssonar. Með því að hafa símann, geta menn oft sparað sjer tveggja daga ferð, og hana ef til vill árangurslausa, og eins gjört mönnum kleift að ná í lækni, sem að öðrum kosti hefði verið ómögulegt. Sje nú sá sjúki annaðhvort kona í barnsnauð eða annar sá, er skjótra aðgjörða þarf við, getur þetta í mörgum tilfellum riðið á lífi hans. Jeg vona að mönnum sje þetta nokkurn veginn ljóst, þó að menn sjeu ef til vill ekki nákvæmlega kunnugir vegalengdunum, sem hjer er um að ræða.

Svo er það sjerstaklega brúin á Ljá, sem jeg vildi biðja bæði fjárlaganefndina og aðra að veita tregðulaust. Hjer er að eins að ræða um endurveitingu á fje, sem að líkindum verður ekki hægt að að nota í ár. Landsverkfræðingurinn segir, að minsta kosti, að vafasamt sje, að hægt verði að byggja brúna í haust, vegna þess hve ilt er að ná í steinlím. En ef það verður hægt, nær það ekki lengra; þá verður vitanlega eldri fjárveitingin tekin, en þessi ekki. Jeg vildi benda á þetta, til þess að láta menn vita hvernig á þessu stæði.

Hin brúin, sem jeg fer fram á fjárveitingu til, er fyrirhuguð á sýsluveginum á Fellsströndinni, á Kjallaksstaðaá. Það er mikið vatnsfall og ilt yfirferðar, þó að það sje raunar ekki jökulvatn, eins og sumar bergvatntsár eru nú kallaðar af hv. 2. þm. S.-M. (G. E.).

Þetta eru nú mínar tillögur, og vildi jeg sjerstaklega biðja menn að láta ekki kjördæmi mitt fara á mis við símann, sem því var heitinn í fyrra, og eins að láta ekki brúargjörðina þurfa að falla niður, þó að ekki verði hægt að koma henni í framkvæmd á þessu ári.

Hjer er till. á þgskj. 405 um 8500 kr. fjárveitingu til brúargjörðar norður á Langanesströndum. Jeg heyri sagt, að brú hafi verið gjörð yfir þessa á þar norður frá í fyrra, en að hún hafi dottið í ána. Má jeg spyrja, hvað olli því falli? Mundi það hafa verið vanræksla verkfræðingsins, eða þeirra manna, sem gjörðu brúna eftir hans fyrirsögn? Og til hvers er nú farið fram á þessa fjárveitingu? Er það til þess að byggja brú út í ána, en ekki yfir hana, til þess að hún geti hrunið í annað sinn?

Jeg vildi, áður en jeg sest niður, gjöra örlitla athugasemd, út af því, að mönnum hefir þótt það sæta býsnum og ósköpum, hversu margar brtt. eru við fjárlögin nú. Þrír eða fjórir þingmenn hafa staðið upp og skelt á lærin: Að hugsa sjer, svona og svona margar brtt., og svona og svona margra þúsunda kr. hækkun! Það er býsna gaman að heyra þetta, af því, að þegar litið er til fjárlagaþinganna nú undanfarið, þá verður þetta ekki eins voðalegt. Á þinginu 1909 voru brtt. 254, á þinginu 1911 194, á þinginu 1913 180 en á þinginu 1915 nú 160. Brtt. eru með öðrum orðum langfæstar nú. Og svo standa menn upp, berja sjer á brjóst og tala um firn og ósköp, aldrei hafi slíkt komið fyrir áður. *(Ráðherra:* En upphæðin?) Jeg hefi ekki reiknað það saman. En það væri sjálfsagt gustuk að gjöra það, til þess að friða samviskur manna. Upphæðin er líka áreiðanlega með lægsta móti.

Ráðherra: Jeg þarf ekki að vera margorður um þenna kafla fjárlaganna.

Jeg vil þó drepa á afstöðu mína til brtt. þeirra, er fram hafa komið, og skal þá fyrst minnast brtt. nefndarinnar. Hún leggur til að færa niður útgjöldin í stjórnarfrv., 13. gr. B. I, um 57 þús. kr. Aftur á móti fer hún fram á 32 þús. króna ný útgjöld á liðnum. Verði till. hennar samþyktar, sparast á þessum lið 25 þús. kr. Í brtt. við B. I. er farið fram á 200 kr. hækkun á skrifstofukostnaði landsverkfræðings. Þessi hækkun byggist á því, að kol og ljósmeti hefir hækkað allmjög í verði, og hefi jeg ekkert við hana að athuga; upphæðin skiftir litlu og menn geta ekki starfað í myrkri og kulda.

Við B. II. hefir nefndin lagt það til, að styrkurinn til Skagfirðingabrautar verði numinn burtu annað árið. Enn fremur leggur hún það til við B. III, að afnuminn sje styrkurinn til Stykkishólms- og Öxnadalsveganna. Jeg er þeirrar skoðunar, að það sje allhæpið, hvort rjett sje að lækka nú mikið fjárframlag til vegagjörða í landinu. Þess ber að gæta, að til þessa þarf lítið sem ekkert erlent efni, og vegagjörð veitir mjög mörgum mönnum, sem þess þurfa með, atvinnu yfir sumarið, langt fram á haust. En sje nefndin hrædd um að tekjur landsins hrökkvi ekki til þessa, þá teldi jeg það miklu betra úrræði, að setja sams konar athugasemd við þessa liði og nefndin hugsar sjer við símaliðina, að fresta mætti framkvæmdum verkanna, ef nauðsyn þætti. Þá er brtt. við B. III, 8, að færa þann lið í 16 þúsund krónur hvort árið, í stað 32 þús, er í stjórnarfrumv. standa. Vitanlega er jeg alveg samdóma nefndinni í þessu. Í stjórnarfrv. stóðu 32 þús. kr., en það stafaði af ritvillu í handritinu, sem of seint var orðið leiðrjetta, þegar hennar varð vart, — hefði raskað öllum útreikningnum, sem búið var að leggja mikla vinnu í. Þetta voru niðurfærslur nefndarinnar.

Þá kem jeg að hækkunum.

Nefndin hefir lagt til, að veittar yrðu 25 þús. krónur, til þess að brúa eystri ós Hjeraðsvatna. Jeg get fallist á þessa tillögu; brúin, sem nú er, er sögð vera mjög hrörleg og jafnvel lífi manna hætta af því búin. Ef til vill er það með hliðsjón af þessari brtt., að nefndin hefir lagt til, að veitingin til Skagfirðingabrautar fjelli burt. Þá eru brtt. viðvíkjandi brú á Miðfjarðará. Það vildi svo slysalega til með þessa brú, að eigi hafði verið nægilega tryggilega um hana búið, svo að áin sópaði henni burtu í vöxtum. Hjeraðið hafði lagt fram fje til hennar að sínum hluta, og virðist sanngjarnt, að landssjóður taki einhvern þátt í því að gjöra hana af nýju. Nefndin hefir lagt til, að 7000 krónur sjeu veittar í þessu skyni. Aftur á móti hefir komið fram brtt. frá háttv. þm. N.-Múl. (J. J. og B. H.), um að upphæðin verði 8500 kr. Jeg get ekki, að svo stöddu, tekið afstöðu til þessarar brtt. Verð fyrst að heyra rök þau, er háttv. flutningsmenn færa fyrir henni. Þá leggur nefndin til, að veittar sjeu 8000 krónur til þess að gjöra dragferju á Skjálfandafljót, og get jeg verið því samþykkur.

Þá kem jeg að brtt. einstakra þm. við 13. gr. B. Jeg hefi þegar minst á brúna á Miðfjarðará. Enn fremur hafa komið fram tillögur um að veita fje til brúargjörða á fleiri ár: Eyjafjarðará, Hörgá, Jökulsá, Kjallaksstaðaá, Ljá, Ólafsfjarðarós og Hamarsá. Yrðu allar þessar fjárveitingar samþyktar, þá mundi það hækka liðinn um kr. 167,500. Það er þó nokkuð öðru máli að gegna um brúna á Ljá en hinar brýrnar, því að þar er að eins um endurveiting að ræða. Verði sú brú ekki gjörð í sumar, þá er auðvitað sjálfsagt að veita fje til þess

að hún verði gjörð síðar, þar sem hún stendur í gildandi fjárlögum. Það er um allar þessar breytingartillögur að segja, að það væri auðvitað skemtilegast að geta brúað sem flestar ár árlega, en eins og nefndin tekur fram, þá leyfir fjárhagurinn ekki, að teknar sjeu fleiri brýr á þessu tímabili en stjórnin hefir stungið upp á og taldar eru í vegafjárveitingunum, og auk þess þær, sem nefndin hefir mælt með.

Annars vil jeg geta þess, að jeg hefi enn ekki tekið afstöðu til þessara tillagna. Jeg vil fyrst heyra rök háttv. flutningsm. fyrir þeim. Vera má, að þau verði svo góð, að óhjákvæmilegt verði að sinna þeim að einhverju leyti.

Um 13. gr. C. þarf jeg ekki að tala nú, því að brtt. við þann lið hafa verið teknar aftur að sinni.

Þá kem jeg að 13. gr. D. Þar hefir nefndin gjört nokkrar breytingartillögur. Enn fremur hefir hún gjört þá athugasemd við liðinn, að nýjar símalagningar skuli ekki koma til framkvæmda, svo framarlega sem fjárhagurinn virðist ekki leyfa það. Mjer virtist það ekki fært, þegar frumv. var samið, að láta það vera svo úr garði gjört, að þar væri ekki stungið upp á neinum nýjum símalínum. Jeg hefi nefnilega litið svo á, að það sje beint lögmælt, að tekjuafganginum af símunum sje varið til þess að leggja nýja síma. Raunar hefir tekjuafgangurinn verið hærri á pappírnum en stjórnin leggur til að varið sje til nýrra símalagninga. En símareikningurinn er ekki nákvæmur, að því leyti, að þar eru ekki með taldir til gjalda vextir af lánum. Jafnframt er það spursmál, hvort ekki myndi rjett, að gjöra þar líka fyrir fyrningu símanna, því að þótt símaþráðunum sje alt af við haldið, þá fúna samt staurarnir smám saman. Ritsímalögin marka reyndar að nokkru, hvað talið skuli til útgjalda símans, og þeim verður auðvitað að hlýða.

Nefndin hefir lagt til dálitla hækkun við rekstur stöðvanna í Reykjavík og á Borðeyri, og jeg hefi ekkert við það að athuga. Sama máli gegnir um viðgjörð á símakerfinu á Akureyri. Þar sem landið hefir einkarjett á rækslu símanna, þá er það auðvitað sjálfsagt, að það kosti til þess, að þar sje alt í góðu lagi, enda er það fjárhagslegt tap fyrir landið, ef stöðvarnar geta ekki afgreitt menn eftir þörfum.

Jeg get ekki verið sammála háttv. þm. Dal. (B. J.) um fjárveitinguna til þess að kaupa stöðvunum peningaskápa. Mjer virðist það sjálfsagt, að varðveita verðmæta muni landsins, eins á þessum stöðvum og öðrum, og fáist eldtraustir skápar ekki fyrir minna verð en nefndin stingur upp á, þá er sjálfsagt að afla þeirra samt. Þar sem nefndin hefir komið fram með athugasemdina við þennan lið, þá er þar opnuð leið til sparnaðar á 78,500 kr., ef á þarf að halda.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir borið fram breytingartill. við símaliðinn, um símalagningu til Búðardals. Það er rjett, að þingið 1914 gaf ádrátt um lagningu þessa síma 1916. En þar sem Búðardalssíminn mundi hlíta sömu athugasemd, sem aðrar nýjar línur, ber ekki að skoða svo, sem breytingartill. háttv. þm. Dal. (B. J.) fari fram á einsýn útgjöld.

Fyrir utan brtt. háttv. þm. Dal., sem jeg mintist á, hefir ekki komið fram önnur brtt. við þenna lið en tillaga háttv. þm. V.-Skaft. (S. E.), sem fer fram á það, að fella liðinn burtu. Það skiftir ekki miklu máli, hvort þessi tillaga verður samþykt eða ekki. Þó að hún verði samþykt, þá lít jeg svo á, að það útiloki ekki, að símar verði lagðir á fjárhagstímabilinu, vegna laganna frá 1913. Mjer skilst það svo, að stjórnin

geti, samkvæmt þeim, gjört undanþágu, ef nauðsyn krefði og fje væri fyrir hendi.

Þá kem jeg að vitamálunum. Það er athugavert, að vitafræðingurinn hefir nú 3700 kr. laun. Þess vegna mun eigi fært að sundurliða svo laun hans, sem fjárlaganefndin leggur til. Í stað 3600 ætti því að koma 3700, og í stað 400 kr. persónulegrar launaviðbótar 300 kr. persónuleg launaviðbót. Í stjfrv. var þessi sundurliðun eigi höfð, heldur settar 4000 kr. alls. En það skiftir máli, ef mannaskifti yrðu, að 300 kr. sjeu nú settar sem persónuleg launaviðbót, því að þá fengi eftirmaður vitaverkfræðingsins 3700 kr., en ella 4000 kr.

Viðvíkjandi aðstoðarmanni hans, þá skal jeg geta þess, að jeg hefi nýlega átt tal við vitamálastjórann, og skýrði hann mjer frá því, að hann teldi það mjög tvísýnt, að þessi maður fengist til þess að halda stöðu sinni, ef hann væri skyldaður til þess, að veita mönnum ókeypis leiðbeiningar þær, sem farið er fram á. Fyrir utan hinn fasta starfa sinn, hefir hann haft þá atvinnu, að leiðbeina mönnum um rafmagnsstöðvar o. s. frv., og býst því við, að tími hans verði of upptekinn, ef hann á að veita þessa ókeypis tilsögn, sem nefndin talar um. Jeg lofaði að skýra háttv. Alþingi frá þessu.

Þá hefir nefndin sundurliðað kostnaðinn við einstaka vita, í reksturskostnað og laun vitavarða. Annars skal jeg geta þess, viðvíkjandi till. nefndarinnar við þessa grein, að það er leitt, ef svo kynni að fara, að fje yrði fyrir hendi, að stjórnin hefði þá ekki heimild til þess, að reisa nema 1 vita af 5, eins og nefndin stingur upp á. Jeg teldi það rjettara, að samþykkja tillögur frumvarpsins í þessu efni, en hnýta svo aftan í sams konar athugasemd og um símana. Auðvitað kæmi það varla til mála að reisa vitana fyrra árið, því að þá verður enn ekki sjeð, hvernig fjárhagnum reiðir af. En síðara árið gæti svo farið, ef ófriðnum linti, að hægt yrði að framkvæma verkin, og þá væri ilt, ef heimildina vantaði.

Við þennan lið er ekki nema ein brtt. frá háttv. þm. Snæf. (S. G.), sem jeg vænti að hann gjöri grein fyrir.

Þá kem jeg að 14. gr. og mun, eins og við 13. gr., fyrst minnast á brtt. nefndarinnar, en síðan athuga brtt. þær, er einstakir þingmenn hafa borið fram.

Fyrst skal jeg geta þess, að jeg felst fúslega á brtt. nefndarinnar um uppbót á brauðum og eftirlaunum prestsekkna. Eru þær eftir tillögum biskups og stjórnin getur ekkert á móti þeim haft. Sama er að segja um B. I., launaviðbót til Sigurðar Sivertsen dócents og Björns M. Ólsen prófessors.

Þá hefir háttv. nefnd ætlað að spara á liðnum til bókakaupa háskólans. Stjórnin hafði þar lagt til 2000 kr. fjárveitingu, en nefndin vill færa hana niður í 1800 kr.

Mjer virðist þetta ákaflega smásmuglegt hjá háttv. nefnd, að láta sig muna um þetta lítilræði; landssjóð munar það engu. Í sambandi við þetta skal jeg geta um brtt., sem fram er komin samkvæmt tilmælum heimspekisdeildar Háskólans um lítilfjörlegan styrk til bókakaupa síðara árið. Það stendur nokkuð sjerstaklegar á um þessa deild en aðrar deildir Háskólans Þegar hann var stofnaður, höfðu þær þegar starfað í mörg ár og lagt sjer til talsvert af bókum. Heimspekisdeildin var ný, og því eðlilegt, að hún þyrfti að afla sjer talsvert fleiri bóka. Hjer við bætist, að stofnað var, samkvæmt frv., sem samþ. var á síðasta þingi, nýtt embætti við þessa deild, kennaraembætti í klassiskum fræðum. En af klassiskum bókmentum mun ekki vera mikið í söfn-

um landsins. Mjer virðist það óhjákvæmilegt af Alþingi, fyrst það hefir sagt a að segja þá b, og sjá um, að kensla í þessum greinum sje möguleg. Hvort veitt er einu hundraðinu meira eða minna, munar litlu, og mjer virðist það hálf nánasarlegt, að vera að klípa af þessari smáupphæð, sem engan munar um, nema þann, sem á að njóta hennar.

Það er rjett hjá nefndinni, að gleymst hefir að taka upp í frv. fjárveitingu til söngkennara við Mentaskólann, og er jeg henni þakklátur fyrir að hafa leiðrjett það.

Jeg þekki lítið til Akureyrarskólans, en býst við, að kennarinn, sem nefndin vill hækka launin við, sje illa launaður, og mun ekki leggjast á móti þessari lítilfjörlegu viðbót, sem farið er fram á.

Nefndin leggur til, að lagfæring á lóð kennaraskólans falli burt. Það má vera, að þetta geti beðið.

Þá leggur nefndin til að veita fje til að gefa út siglingafræði á íslensku. Þetta tel jeg þarfa fjárveiting, því að jeg tel rjettast, að allar kenslubækur í skólum hjer sjeu á íslensku.

Um húsmæðraskólana er það að segja, að jeg tel sjálfsagt, að þeir sjeu styrktir að sínu leyti eins og bændaskólarnir.

Tillögur nefndarinnar um barnaskólahús og um sundkenslu hjer munu vera á rökum bygðar. Um styrkinn til Björns Jakobssonar get jeg ekki sagt með vissu, en býst þó við, að sú tillaga sje á rökum bygð.

Það hefir þegar verið minst á ýmsar tillögur frá einstökum mönnum. Jeg skal sjerstaklega taka það fram um brtt. á þgskj. 415, hækkun á fjárveitingu til Blönduósskóla, að það er athugavert um þann skóla, að hann hefir aldrei gefið neina skýrslu til stjórnar nje þings.

Á sama þgskj. er brtt. um styrk til húsabóta á Bergsstöðum. Um þessa brtt. get jeg ekki dæmt, því að engin gögn hafa legið fyrir stjórninni um þetta.

Mjer skilst þá, að nefndin vilji spara í þessari grein um 121 þús. kr., og er stærsti liðurinn fólginn í barnaskólahúsunum. Þar á móti nema hækkunartillögur einstakra þingmanna um 8600 kr.

Magnús Kristjánsson: Það er brtt. á þgskj. 407, sem jeg ætla að leyfa mjer að minnast á nokkurum orðum. Það er sú eina brtt., sem jeg á við fjárlögin, svo að það gefur að skilja, að mjer er hún áhugamál og að jeg vænti velvildar háttv. deildar, að því er hana snertir. Vona jeg, að háttv. deild taki eftir því, sem jeg segi um tillöguna, því að rjettast er að heyra málið rætt frá báðum hliðum.

Háttv. framsm. (P. J.) gjörði þessari tillögu talsvert hærra undir höfði en öðrum, því að hann talaði um hana langt mál, þótt ekki vildi hann veita henni stuðning. Hjer liggur nú fyrir þinginu áskorun frá hjer um bil 2000 konum á Norðurlandi um, að þingið veiti 10 þús. kr. styrk til að stofna húsmæðraskóla á Akureyri, og jafnframt er farið fram á 3000 kr. árlegan rekstrskostnað. Svo langt hefi jeg þó ekki þorað að fara. Jeg fer að eins fram á 5000 kr. styrk á ári til byggingar, gegn jafn miklu annars staðar frá, því að jeg gjöri ekki ráð fyrir, að hægt verði að koma skólanum upp á einu ári, en býst ekki við, að þingið 1917 verði svo illa skipað, að það neiti um lítinn styrk, ef með þarf.

Jeg ætti ekki að þurfa að fjölyrða um, hver þörf er á þessari fjárveitingu. Næg sönnun fyrir því ætti það að vera, að leitað hefir verið samskota nyrðra og undirtektir orðið góðar, sumar kon-

ur gefið 100 kr. og jafnvel meira. Þetta sýnir, að hjer er um alvörumál að ræða.

Það skal þegar tekið fram, að þessi skóli er ekki ætlaður bænum eingöngu. Gjört er ráð fyrir mörgum heimavist um handa konum, sem heima eiga utan bæjar, og þeim eru ætluð sjerstök hlunnindi, einkanlega þeim efnaminni.

Jeg skal nú ekki fara frekari orðum um þetta í bráð, en vil lítillega taka til athugunar ummæli háttv. framsm. (P. J.). Aðalástæðan hjá honum og nefndinni gegn þessari fjárveitingu átti að vera sú, að hjer hefði fyrr legið fyrir þinginu frumv. um stofnun húsmæðraskóla í sveit. Háttv. framsögum. vildi halda því fram, að þetta mál hefði kafnað í hinu pólitiska moldviðri, sem gengið hefir fjöllunum hærra, en sannleikurinn er sá, að margir munu hafa litið svo á, að það fyrirkomulag, sem þá var stungið upp á, væri afar óhentugt frá fjárhagslegu sjónarmiði. Það hljóta líka allir að sjá, hve ákaflega mikill munur er á því, hvað slíkir skólar mundu kosta landið, hjá því, sem hjer er farið fram á. Það þarf ekki annað en minna á bændaskólana, fyrir utan það, hver munur er á að hafa skólana þar, sem hægastar eru samgöngur og best er að afla mentameðala. Háttv. framsögum. hefir ekki treyst sjer til að neita því, að stofnkostnaður tveggja slíkra skóla mundi ekki nema minna en 100 þús. kr. og reksturskostnaður árlega fyrir hvorn þeirra 10 þús. kr. eða meira. Þetta mun ekki heldur vera of í lagt, þegar þess er gætt, að bæði þarf að kaupa jörð, áhöfn o. fl., auk sjálfrar byggingarinnar. Ef nú báðir skólarnir kosta minst 100 þús. kr. og að auki 10 þús. kr. í árlegan reksturskostnað, þá er hjer um mikla fjárupphæð að ræða, og virðist mjer þetta ekki koma vel heim við sparnaðarstefnu þá, sem nefndin þykist fylgja fram. Þess er vert að gæta í þessu sambandi, að miklu fleiri geta notið kenslunnar, ef skólarnir eru í kaupstöðum en í sveitum. Mjer virðist því ræða háttv. framsögum. (P. J.) miklu fremur vera meðmæli með tillögu minni heldur en hitt, jafnvel þótt hann hafi ekki ætlast til þess.

Af því að jeg ætla mjer ekki að taka oft til máls, þá vona jeg að menn afsaki, þótt jeg rifji þetta mál nokkuð upp fyrir mönnum. Hugmyndin er ekki ný. Málið var talsvert mikið rætt norðanlands, einkum í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, og um það haldinn sameiginlegur fundur. En þá voru einkum Þingeyingar svo einstrengingslegir, að þeir vildu ekki, að skólinn væri annarstaðar en í sveit, svo langt frá kaupstað, að engin kaupstaðarkona gæti gengið í hann.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) veik heldur kuldalega að þessari tillögu minni. Honum fórust orð einhvern veginn á þá leið, að nær væri að styrkja skólann á Blönduósi, heldur en eitthvert kák með skólanafni á Akureyri. En þótt Blönduósskólinn sje góður, þá getur víst enginn neitað því, að hann hefði átt að vera annarstaðar. Það var í trássi við guð og menn, að sá skóli var stofnaður, og þar með eyðilagður sá skóli, sem staðið hafði í Eyjafirði um 30 ár. En svona fór fyrir ofurkapp Húnvetninga, og þætti mjer ekki ólíklegt, að þeir væru nú farnir að sjá, að þetta hafi ekki verið vel ráðið. Jeg verð að álíta, að kvennaskóli Eyfirðinga hafi verið hart leikinn í þeim viðskiftum, mest fyrir hugsunarleysi þingsins, sem þá átti um málið að fjalla.

Þetta mál hefir dýpri þýðingu en margur kann að halda í fyrstu. Það er kunnugt, að konur hafa sótt um styrk til að koma upp þessum skóla, og finst þeim þingið vera skylt til þess og vilja nú vita, hvort því hafi verið al-

vara með hin auknu rjettindi til handa konum, eða hvort þau bara sjeu í orði en ekki á borði. Og það hlýtur að hafa viðtæka þýðingu og afleiðingar, hvernig þingið nú hagar sjer, hvort það hefir viðsýni til að ráða hjer rjett fram úr. Ef konur sjá, að alt er skamtað úr hnefa eins og áður, þá gæti svo farið, að þær nú þegar teldu sig knúðar til að kasta sjer alvarlega inn í hina illvígu landsmálabaráttu, sem jeg teldi miður farið, og svo fjarri hinu sanna kvenneðli. En ef þær sæju, að sanngjarnlega væri tekið í mál þeirra, þá hugsuðu þær sem svo, að þær þyrftu ekki að blanda sjer inn í þingmál nje flokkadrætti að svo stöddu; þær geti borið traust til karlmannanna, geti þá rækt heimili sín, sem eðlilegast er, eins og jafnan er ríkast í eðli allra góðra kvenna.

Jeg hefi ekki reynt að gjöra þetta mál að flokksmáli, ekki farið í liðsbón enn sem komið er, treysti því, að þingið sje svo vel skipað, að í öllum flokkum sjeu þeir menn í meiri hluta, sem hafi sanngirni og viðsýni til að líta rjett á þetta mál og telji sjer bæði ljúft og skylt að verða vel við jafneðlilegri og sanngjarnri kröfu, sem þessi er af hálfu kvennanna.

Atkvæðagreiðslan um þessa tillögu sker úr því, hverjir af ykkur, háttv. þingmönnum, eru viðsýnir í velferðarmálum þjóðarinnar og hverjir ekki.

Þá er eitt enn, sem jeg vildi minnast á. Sparnaðarstefnan getur verið góð, ef henni er haldið innan vissra takmarka, en hún getur, eins og alt annað, farið út í öfgar. Hjer hefir nú farið svo, sem svo oft áður, að einn kallar það sparnað, sem annar kallar ekki sparnað. Háttv. fjárlaganefnd talar um að allir eigi að spara, en þó kemur hún með ýmsar tillögur, sem vitanlega eru miklu ónauðsynlegri en þetta, sem hún þó leggur til að verði felt.

Jeg ætla nú ekki að segja mikið meira, en vil að eins geta þess, að ef mínar tillögur verða feldar, þá mun jeg við 2. eða 3. umræðu athuga, hvort það, sem samþykki nær, sje alt svo nauðsynlegt, að ekki megi við því hrófla. Jeg hefi nú lýst minni skoðun. Jeg teldi það mjög illa farið, ef tillögur mínar yrðu leiddar á höggstokkinn í dag, en þó myndi jeg taka því með allri stillingu, því jeg er þess fullviss, að þær rísa brátt upp aftur.

Guðmundur Hannesson: Þegar eg bað um orðið, hafði jeg von um, að menn mundu haldast inni í salnum, en jeg sje að nú standa flest sæti auð, svo að það er líklega ekki til neins fyrir mig, að vera að tala yfir auðum stólum. Jeg ætla þó að segja fáein orð.

Jeg vil fyrst minnast á brtt. á þgskj. 448, um brú á Hamarsá á Vatnsnesi. Jeg hefi átt tal við Jón Þorláksson landsverkfræðing um þetta mál. Honum þótti það sómaboð, að einn hreppur og sýslufjelagið skyldu bjóðast til að leggja fram $^3/_4$ kostnaðarins, og sagðist hann ekki skilja í því, að þingið neitaði að leggja fram það, sem á vantaði. Þótt áin sje ekki nema lækur þegar þurkar ganga, þá er hún samt oft ófær á vorin í leysingum, og það sýnir best, hvort ekki er þörf á brúnni, að hreppurinn skuli vilja leggja svona mikið í sölurnar.

Þá er næst brtt. mín, um að veita prestinum á Bergsstöðum, síra Birni Stefánssyni, styrk til að byggja upp á jörðinni. Þar stendar svo á, að húsin eru nálega fallin, og er því alveg nauðsynlegt að byggja upp, ef fólki á að vera við vært. Presti þykir, sem von er, ósanngjarnt að ætlast sje til þess af sjer, að hann byggi fyrir eigið fje, þar sem jörðin verður tæplega prestssetur til frambúðar, eftir því sem henni er sveit komið. Landssjóður á jörðina og ber

að sjá fyrir sómasamlegum húsum á henni, svo þetta er ekki annað en styrkur til landsins sjálfs.

Jeg skal ekki vera margorður um kvennaskólann á Blönduósi, enda hefir þessi 200 kr. styrkveiting fengið góðar undirtektir. En út af því, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, skal jeg taka það fram, að jeg álít þetta skólamál Norðlendinga vera hálfgjört klúður. Og jeg skal fúslega játa, að væri alt ógjört, sem gjört hefir verið í því máli, þá myndi jeg greiða atkvæði með því, að skólinn yrði settur í Eyjafirði, en ekki í Húnavatnssýslu. En úr því að Eyfirðingar hafa ekki haft dug í sjer til að halda við sínum skóla, en aftur Húnvetningar sýnt dæmalausan dugnað í því máli, þá finst mjer það fásinna að fara nú að draga af fjárveitingu til skólans. Jeg sje ekki annað en það sje sjálfsagt, að efla Blönduósskólann, úr því sem komið er. Húnvetningar hafa reist þarna skólahús, sem er eitthvað 25 þús. króna virði, og það verður ekki sagt, að staðurinn sje illa valinn, þótt skólinn væri ef til vill betur settur í Eyjafirðinum. Ef til vill reynir Eyjafjarðarsýsla að koma sjer saman við hinar sýslurnar, og þær reisi svo í sameiningu skóla í Eyjafirðinum, sem kepti við skólann á Blönduósi. En þá nægja ekki þessar 10 þús., sem farið er fram á. Þá nægja ekki 25 þús. kr. Fjárveitingin yrði þá að vera að minsta kosti 50—100 þús. kr., ef sá skóli ætti að verða nokkur veruleg framför frá skólanum á Blönduósi. Eg held því, að tillaga háttv. þm. Ak. ætti ekki að fara lengra en til þessarar umræðu, og segi jeg þetta ekki af því, að jeg vilji ekki unna Eyjafirði alls góðs, heldur af hinu, að jeg sje að þessi fjárstyrkur verður þeim að engu liði.

Þá vildi jeg minnast ofurlítið á símana, og tillöguna um að skera niður allar fjárveitingar til þeirra. Í fjárlögunum er einn sími, sem jeg vil minnast á. Það er síminn til Kálfshamarsvíkur á Skagaströnd. Á aukaþinginu í fyrra var gefið loforð um, að þessi sími skyldi lagður 1916. Íbúar hjeraðssins vildu samt ekki láta sjer þetta lynda, þótti þessi bið of löng og ætluðu að leggja hann fyrir eigið fje; höfðu jafnvel útvegað sjer fje að láni í þessu augnamiði, þó ekki yrði úr því, sökum þess að jeg og ýmsir aðrir löttu þess í því trausti, að síminn yrði lagður 1916, eins og lofað var, bæði af aukaþinginu og landssímastjóra. Það má heita að þingið sýni prett, ef það samþykir ekki þessa fjárveitingu. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar.

Sigurður Gunnarsson: Það hefir nú ef til vill ekki mikla þýðingu að, jeg standi upp, því nú er ekki nema helmingur þingmanna inni, en af því jeg á hjer nokkrar brtt., þá neyðist jeg til að gjöra ofurlitla grein fyrir þeim.

Jeg minnist þess, að háttv. framsm. fjárlaganna sagði, að nefndin hefði farið svo langt í sparnaðartillögum sínum, sem fært hefði verið, án þess þó, að nauðsynlegar framkvæmdir væru rifnar upp með rótum. Þetta er satt, að nefndin hefir gengið að minsta kosti svo langt, sem fært var í því að draga úr eða fella niður nauðsynlegar fjarveitingar; verður enda álitamál, hvort hún hefir ekki farið öllu lengra en fært var að rjettu lagi. Sjerstaklega mæli jeg þetta með tilliti til nefndarinnar um vegi, síma og vitabyggingar. Úr þessum framkvæmdum vill hún draga mjög. En þetta, sem jeg nú hefi nú talið, er, eins og allir vita, öflugustu lyftistengurnar undir því, að framleiðslan í landinu og viðskiftalífið haldist í lagi. Og skal jeg

bæta því við, að aldrei er þess brýnni þörf en á þessum erfiðu ófriðartímum. Þó skal jeg játa, að nefndin hefir tekið liðlega í eina fjárbón mína, er fer í þá átt, að bæta samgöngur við fjölbygt hjerað, með því að veita fje til þess að mæla upp skipaleiðina að Skógarnesi. Úr þessu hefir ekki orðið hingað til, en nú hefir nefndin tekið málið upp á sína arma, og er jeg henni þakklátur fyrir það.

En er jeg sný mjer að 13. gr. og brtt. nefndarinnar við hana, þá sje jeg að nefndin leggur til, að framlagið til Stykkishólmsvegarins, 8000 kr. síðara árið, falli burtu. Jeg skal þegar benda á, að þetta er ekki gjört eftir tillögum stjórnarinnar nje heldur landsverkfræðingsins. Því það sjest af athugasemdum stjórnarinnar, hvað hún leggur til og hvernig hún lítur á málið. Þar segir svo: »Vegur þessi liggur nær eingöngu eftir blautum mýrum, mjög illum yfirferðar, alt vestur að Gröf í Miklaholtshreppi, og er óhjákvæmilegt að halda honum áfram þangað. En úr því er þolanlegur vegur vestur að Hjarðarfelli«. Þetta er alt öldungis rjett hjá stjórninni, og skil jeg því ekki, hví fjárlaganefndin leyfir sjer að leggja til, að fjárveiting þessi falli burtu. Jeg treysti því, að háttv. fjárlaganefnd sjái, að jeg hefi rjett fyrir mjer og sansist á, að fjárveitingin eigi að standa eins og hún er í stjórnarfrv.

Þá skal jeg víkja ofurlítið að vitunum. Nefndin leggur til, að bygging vitans á Malarrifi sje frestað. Þótt jeg álíti, að það sje mjög nauðsynlegt, að fá þenna vita bygðan sem fyrst, eins og fleiri vita, þá skal jeg ekki vera mótfallinn þessari brtt. nefndarinnar, ef hún þá aftur á móti tekur liðlega í það, að fjárveitingin til Stykkishólmsvegarins fái að standa óhögguð. Flest efni í vita er afar dýrt sem stendur, en vegagjörðin heimtar ekkert útlent efni.

Þá er brtt. á þgskj. 383. Þar fer jeg fram á að fá 100 kr. styrk til tveggja leiðarljósa á Svartatanga. Háttv. framsm. nefndarinnar (P. J.) ber því við, að þetta sjeu ekki leiðar- heldur hafnarljós, og hefir það eftir umsjónarmanni vitamálanna. Þetta er hinn mesti misskilningur. Þegar skip sigla inn flóann, þá lýsir Elliðaeyjarvitinn þeim inn að eynni. En þegar komið er inn fyrir eyjuna, þá er skarpur krókur á skipaleiðinni, og nýtur vitans þá ekki, en þá taka leiðarljós þessi við, sem nauðsynleg leiðbeining fyrir skipin inn undir höfnina. Kostnaðurinn við að gæta þessara ljósa er ekki lítill, því helst þarf að hafa fastan mann mikinn hluta ársins. Jeg legg áherslu á það, að þessi ljós eru ekki hafnarljós, heldur, eins og jeg sagði, leiðarljós.

Það er ekki nema sanngjarnt að veita þenna styrk, því að þingið hefir á þremur undanförnum fjárhagstímabilum veitt styrk til þessara leiðarljósa, og væri nú undarlegt, að fara að kippa að sjer hendinni.

Um brtt., sem jeg á hjer, ásamt háttv. þm. Dal. (B. J.), viðvíkjandi styrk til flóabáts á Breiðafirði, ætla jeg ekki að tala í þetta sinn, því að það stendur enn á áliti strandferðanefndarinnar, en væntanlega verður hægt að athuga þann lið við 3. umr. Að eins skal jeg taka það fram, viðvíkjandi þessari brtt. á þgskj. 392, að kjósendur mínir hafa falið mjer, auk þess að fá ársstyrkinn hækkaðan að mun, að fara fram á, að fá landssjóðsábyrgð fyrir 10,000 kr., til að kaupa vjelbát, en ætlast ekki til, að það sje beinn styrkur. Aftur á móti hafa Dalamenn falið þingmanni sínum að fá beinan styrk. En, eins og jeg drap á áðan, er nú ekki tækifæri til að fara ítarlega út í það mál.

Jeg vænti þess, að fjárlaganefnd og strandferðanefnd hafi kynt sjer ítarlega

öll skjöl og skilríki, sem snerta það mál. Dalamenn og Snæfellingar hafa átt ítarlegt tal við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, hr. Emil Nielsen, um málið, og munu væntanlega njóta aðstoðar hans um útvegun á bátnum og um fyrirkomulag útgjörðarinnar. Það er áreiðanlega víst, að það mun verða miklu meira gagn að slíkum bát, sem hjer er um að ræða, heldur en að bát, sem einstök verslun á, og getur verið einráð um allar áætlanir, og yfirleitt, hvernig útgerðinni er hagað, og slíkur bátur auk þess mjög óhentugur.

Út af því, sem háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.) sagði í gær, jeg held reyndar meira í gamni en alvöru, þegar hann fór að leiða þm. Snæf. fram á sjónarsviðið í sambandi við þm. Dalamanna, og þá fjáreyðslu, sem við stofnuðum til með brtt. okkar, skal jeg benda honum á það, að þótt þessi fjárveiting til uppmælingar á skipaleið inn að Skógarnesi sje látin standa, og þótt mjög yrði hækkaður styrkur til flóabáts á Breiðafirði, og þótt Svartatangaljósið gengi í gegn, þá sparaði fjárlaganefndin 10—11,000 kr. til Snæfellsnessýslu í fjörlögunum, ef Malarrifsvitanum yrði frestað, eins og hún leggur til. Ef fjárl.n. sparaði svipaðar upphæðir í öllum kjördæmum landsins, yrði það álitleg upphæð. Þetta var raunar útúrdúr, sem hefir litla þýðingu.

Þá er að eins eftir ein brtt, sem jeg á við 14. gr., og skal jeg leyfa mjer að fara um hana örfáum orðum. Hún er á þgskj. 428, og miðar að því að hækka lítilsháttar aðalupphæð fjárveitingarinnar til unglingaskóla á landinu. Fjárl.n. hefir gert breytingu í vil einstökum skólum, svo sem Núpsskólanum, og skal jeg síst draga úr því. En ef þær breytingar ganga fram, og er jeg fyrir mitt leyti fylgjandi því, þá lækkar upphæðin til unglingaskólanna í heild sinni, ef gjört er ráð fyrir, að framvegis verði sama tala unglingaskóla sem nú er, eða að minsta kosti ekki færri. Hinu má heldur gjöra ráð fyrir, að þeim fjölgi. Jeg tel ekki ráðlegt, að nú verði minna fje lagt til unglingaskólanna en á síðasta fjárhagstímabili, enda hygg jeg, að háttv. fjárlaganefnd hafi ekkert á móti þessari lítilfjörlegu hækkun við nánari íhugun. Það er að eins farið fram á, að hækka þenna lið um 500 kr., og mundi það jafna hallann.

Það eru ekki nema 13. og 14. gr., sem eru til umr. í þetta sinn, og þess vegna skal jeg ekki fara lengra út í fjárlögin að sinni. Jeg skal fúslega játa, að það er mikið vandaverk, sem fjárl.-nefndin hefir með höndum, en þótt margt sje eflaust vel ráðið hjá nefndinni, get jeg ekki betur sjeð, en að frá henni komi ýmsar tillögur til hækkunar, sem alls ekki sýnast vera bráðnauðsynlegar, og allra síst á sama þinginu, sem vill draga mikið úr framlögum til mestu framfaramála landsins.

Jeg gæti t. d. nefnt ýmsar styrkveitingar, sem hljóða upp á nafn, og virðast síður en svo vera nauðsynlegar.

Jón Jónsson: Háttv. framsögum. (P. J.) og fleiri hafa minst nokkuð á brtt., sem við þingmenn Norðmýlinga höfum komið fram með. Jeg verð að segja, að þessi brtt. er í alla staði hófleg og sanngjörn. Hjer ræðir um að endurreisa brú, sem bygð var í fyrra sumar, en hrundi í vatnavöxtum síðastliðið vor. Fjárlaganefndin hefir lagt til, að mikill hluti kostnaðarins verði greiddur úr landssjóði, gegn því, að viðkomandi hjerað greiði nokkurn hluta, eða það, sem á vantar, þegar landssjóðsstyrkinn þrýtur.

Eins og kunnugt er, var á þinginu

1913 veittur 6000 kr. styrkur til að byggja 2 brýr; aðra á Miðfjarðará, þá sem hjer um ræðir, en hina á Hölkná. Landsverkfræðingurinn gjörði kostnaðaráætlun, og áleit, að 9000 myndi nægja, til að byggja þessar brýr á þeim stöðum, sem hann ákvað. Þar með var því slegið föstu, að brúarstæði á þeim stöðum væri örugt. Það mun hafa verið fyrir vangá eða einhverja óstjórn á verkinu, að brúin fór eins og hún fór. Nú þegar þarf að flytja brúna á annan stað og hún verður dýrari þar, heldur en á hinum staðnum, þá kemur það til álita, hvort sá aukakostnaður eigi að bitna á hlutaðeigandi hjeraði.

Það verður ekki með sanni sagt, úr því að brúarstæðið á fyrri staðnum var talið örugt af landsverkfræðingnum, að það sje sanngjarnt, að láta hjeraðsbúa tvíborga þenna kostnað. Við vitum, að landsverkfræðingurinn er opinber starfsmaður þjóðarinnar, og því verður landssjóður að svara til, ef verk hans fara eitthvað í ólagi, en ekki einstök hjeruð. Í nefndaráliti fjárlagan. sjer maður, að verkfræðingur landsins hefir verið svo sanngjarn að segja, að landinu beri að borga þessa brú. Hann játar, að brúin hafi farið svona, vegna þess, að hvorugur verkfræðingurinn gat verið við staddur, og maður sá, sem átti að sjá um verkið, hafði ekki fullkomna verkfræðilega þekkingu. Þetta sýnir, að verkfræðingur landsins hefir svo miklum störfum að gegna, að hann getur ekki komist yfir að líta eftir þeim öllum. Þegar svo verkið fer í handaskolum, vegna eftirlitsleysis af hendi þeirra, sem eiga að hafa yfirumsjón með því, fæ jeg ekki betur sjeð, en að landssjóður eingöngu eigi að bera afleiðingarnar.

Háttv. framsm. (P. J.) sagði, að landsverkfræðingurinn ætti ekki einn sök á því, að brúin bilaði. Jeg veit ekki, á hverju hann byggir það. Mjer finst ekki hægt að kenna það öðrum en þeim, sem á að stýra verkinu. Mjer hefir verið sagt frá því, að menn úr hlutaðeigandi hjeruðum hafi bent á, að það dygði ekki að ganga frá brúnni eins og gjört var, á þessum stað. Hafi svo verið, þá er því síður ástæða til að láta hjeraðið bera kostnaðinn.

Þá sagði háttv. framsm. (P. J.), að menn ættu ekki að vera að setja fyrir sig smámunalega þátttöku í kostnaðinum. Það er nú sjálfsagt rjett, að það sje ekki vert að setja fyrir sig smámuni, en hjer stendur alveg sjerstaklega á, og við myndum ekki hafa farið fram á þetta, ef ekki hefði verið svona í garðinn búið. Við getum ekki kannast við, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar eigi sök á því, hvernig fór, og því eigi þeir ekki að bera kostnaðinn. Mjer er þetta í rauninni ekkert kappsmál, enda býst jeg við, að þingmenn láti sjer í ljettu rúmi liggja, hvernig fer um þessa brú. Jeg gjöri ráð fyrir, að menn hafi yfirleitt ekki miklar vonir um að þær mörgu brtt., sem fram eru komnar, nái samþykki deildarinnar. Enda væri það rjettast af þingmönnum, að koma fram með sem fæstar brtt. við fjárlögin. Það er að vísu óþægilegt fyrir þingmenn, þegar kjósendur óska þess, að þeir útvegi þetta og þetta handa sínum kjördæmum, og þeir telja það jafnan sjálfsagða kurteisi, að leitast við að verða við óskum kjósanda. En þetta er rangt. Þingmenn eiga ekki að vera að daðra við kjósendur, heldur eiga þeir að fara eftir sínu eigin höfði, og fylgja fram fram þeirri stefnu í fjármálum, sem þeir álíta rjettasta. Við verðum að fara að hefja okkur yfir hreppapólitik í fjármálum hjer á þinginu og taka upp skynsamlega stefnu. En það verður ekki gjört, nema einstakir þingmenn takmarki kröfur sínar til landssjóðsins, og naumast meðan svo stendur, að hver einstakur þing-

maður hefir tillögurjett í fjármálunum til aukinna útgjalda. Það er barnalegt, að vera að gjöra sjer það að leik, að bera fram brtt., og í því efni á maður ekki að fara fram á annað en það, sem maður getur haldið fast við. (*Guðm. Eggerz:* Þetta segja nú allir).

Jeg ætla mjer ekki að fara að sundurliða þær tillögur, sem hjer liggja fyrir. Þær eru að vísu ekki mjög margar, en þær myndu hafa töluverð áhrif á tekjuhallann, ef þær næðu fram að ganga. Sjerstaklega eru það brýrnar, sem hafa verulegan kostnaðarauka í för með sjer. Jeg taldi mjer skylt að minnast á þessa brú á Miðfjarðará, því að mjer finst það rangt, að láta hlutaðeigandi sýslu eða hrepp bera kostnaðinn, þegar svona alvarlega tókst til. Jeg segi ekki að sýslan eða hrepparnir geti það ekki, en það er bara stefnan í málinu, sem jeg er að halda fram. Hún á að vera sú, að landssjóður einn bæti úr því, sem miður fer fyrir handvömm starfsmanna hans.

Matthías Ólafsson: Jeg tek ekki til máls af því, að jeg eigi brtt. við fjárlögin. Jeg hefi ekki komið fram með neina brtt., og stafar það meðfram af því, að jeg hefi verið svo önnum kafinn, að jeg gat ekki gefið mjer tíma til að kynna mjer brtt. nefndarinnar, og hins vegar er mjer ekki ljúft að standa í því beinatrogi, sem þingmenn standa nú í dag eftir dag. Þó jeg hafi ekki komið með neina brtt. sjálfur, langar mig til að gjöra örstutta athugasemd út af einni brtt., sem fram hefir komið. Það er 40. brtt. sjálfrar fjárlaganefndarinnar, þar sem hún leggur það til, að fella niður fjóra vita, sem stjórnin ætlaðist til að bygðir yrðu á næsta fjárhagstímabili. Með þessu hygst nefndin að spara upp undir 50000 kr. Þetta er að vísu mikill sparnaður, en jeg efast um að það sje hyggilegur sparnaður. Ef eitthvað þarf að spara, þá verðum við að athuga, hvað helst megi spara. Það er aldrei svo þröngt í búi, að það sje ekki óhyggilegt að spara á sumum sviðum. Og á þessu sviði má einna síst spara. Jeg hefi heyrt, að vitamálastjórnin hafi farið fram á, að það yrðu bygðir átta vitar á fjárhagstímabilinu. Henni er það kunnast, hve þörfin er mikil og hvar hættan er mest.

Menn kunna nú ef til vill að segja, að hættan sje ekki meiri en á liðnum öldum, en með þeim hugsunarhætti yrði lítið um framfarir hjer á landi. Auk þess hafa siglingar aukist mjög hraðfara á seinustu árum, svo að hættan er að því leyti meiri nú en áður, og því dugar ekki að vitna til liðinna tíma í því efni. Stjórnin hefir nú fallist á að taka 5 nýjar vitabyggingar upp í fjárlögin, og því finst mjer það harla undarlegt af fjárlaganefndinni, að hún skuli leggja til að fella fjóra þeirra, en taka að eins eina upp. Sparnaðurinn er að vísu nokkuð mikill í orði, en eins og jeg drap á áðan, held jeg að það sje ekki hyggilegur sparnaður. Jeg held að hitt sje hyggilegra, eins og hv. þm Dal. (B. J.) sagði áðan, að láta nú eins og ekki sje þröngt í búi, enda er það ekki enn þá, hvað sem verður. Við getum gjarnan hugsað um, hvað geti komið fyrir, og best er að vera við öllu búinn. En þá er líka ráð að láta fjárveitingar bíða til seinna ársins og gefa stjórninni heimild til að fresta framkvæmdum, ef nauðsyn krefur. Það getur verið, að styrjöldin minki tolltekjur okkar, og annað er ekki að óttast en afleiðingar af ófriðnum. Það getur enginn sagt neitt um, hvernig þær verða; það getur verið, að þær verði miklar

og slæmar, en það getur líka farið svo, að þær verði ekki meiri en hingað til, og þá er ekkert að óttast. Nú er hjer góðæri bæði til lands og sjávar, og er því ekki ástæða til að draga úr nauðsynlegum framkvæmdum þess vegna.

Jeg hefði helst kosið, að háttv. fjárlaganefnd vildi taka þennan lið aftur, en vilji hún það ekki, get jeg ekki látið vera að koma með brtt. til 3. umr., og vona jeg, að sú tillaga fái fylgi háttv. deildar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala um fleiri brtt. Þetta er sú tillagan, sem mig tekur sárast, ef fram gengi.

Ráðherra: Mjer þykir það leiðinlegt, að háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) er ekki inni, því að jeg ætlaði að leyfa mjer að gjöra nokkrar almennar athugasemdir út af ræðu hans.

Eins og eðlilegt er, var aðalatriðið í því, sem hann sagði, brúin á Miðfjarðará, sem svo slysalega vildi til um, að hún fjell þegar hún var nýlega fullgjörð. Mjer virtist hann halda því fram, að landssjóður ætti að bera ábyrgðina á því, hvernig fór. Ef það er rjett skilið hjá mjer, þá er afleiðingin sú, að landssjóður ætti að endurreisa brúna að öllu leyti á sinn kostnað. Þessi brú, sem hjer er um að ræða, er á sýsluvegi, og var bygð á kostnað landssjóðs að miklu leyti, en að hinu leytinu með framlagi úr sýslusjóði. Landið mun hafa lagt ókeypis til hina verkfræðilegu vinnu við að koma brúnni á. Nú er spurningin, hver á að bera áhættuna. Þetta merkir ekki einungis brúna á Miðfjarðará, heldur einnig sjerhverja aðra brú eða mannvirki á þessu landi, sem eins er ástatt um. Nú skulum við hugsa okkur, að einhver feill hefði verið í framkvæmdum verkfræðingsins, sem gjörði brúna. Þá er spurningin: Ætti landssjóður einn að bera ábyrgðina eða að eins að einhverju leyti og sýslan að einhverju leyti eða sýslan eingöngu?

Eins og jeg tók fram áðan, var þetta mannvirki gjört með styrk úr landssjóði og með ókeypis verkfræðilegri aðstoð. Mjer skilst, að landssjóður hafi verið búinn að gjöra það, sem honum bar, þegar hann var búinn að leggja fram fje til brúarinnar og láta verkfræðing sinn vinna verkið ókeypis. Starfsmaðurinn verður þá að skoðast í svona tilfelli aðallega sem starfsmaður sýslunnar. Og þá skilst mjer, að afleiðingin af því verði sú, að sýslan eigi að bera áhættuna. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að sá, sem slíka aðstoð lætur í tje ókeypis, eigi að bera ábyrgð á því, ef verkamanninum skjátlast. Jeg skal taka það til dæmis, að jeg hefði vinnumann, sem væri smiður, og lánaði hv. 2. þm. N. M. (J. J.) þenna smið ókeypis til að smíða baðstofu hjá honum. Nú skulum við segja, að smiðurinn gjörði eitthvert smíðafeil, svo að verkið yrði ónýtt. Ætti jeg þá að bera ábyrgðina og kosta verkið af nýju, að eins fyrir það, að jeg gjörði honum þann greiða að ljá manninn, smiðinn? Það get jeg ekki gengið inn á. Jeg held að það sje nokkuð líkt um sambandið milli sýslufjelagsins og landsjóðs, að þessu leyti. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji spilla fyrir brúnni á Miðfjarðará, heldur sem almenna athugasemd, sem gildi, hvað sem fyrir kann að koma. Svo skal jeg minnast á hitt tilfellið, að ekki hafi verið neitt feil í gjörðum verkfræðingsins. Þá er það ljóst, að því síður væri hægt að ætlast til þess, að landsjóður bæri ábyrgð á verkinu. Þetta vildi jeg taka fram, svo að það sæist að minsta kosti í þingtíðindunum, að það hafi ekki verið gengið inn á það af stjórnarinnar hálfu, að landsjóður ætti að bera áhættu af því verki, sem hjer er um að ræða og sama konar verkum.

Hitt skal jeg standa við, að í svona tilfelli er það ekki nema sanngjarnt, að landsjóður hlaupi undir bagga.

Guðmundur Eggerz: Jeg ætla að taka í sama strenginn og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að mjer þykir leitt, að háttv. fjárlaganefnd hefir felt niður fjárveitingar til vitabygginga. Jeg lít þannig á, að síst hefði átt að taka þá stefnu að spara fjárveitingar undir þessum lið. Að minsta kosti tel jeg vitann á Malarrifi mjög nauðsynlegan. Eins og kunnugt er, hafa skip, er fara vestur og norður um land, eða þá þau, er koma að norðan, mikið gagn af þessum vita. Sömuleiðis hafa skip þau, sem koma sunnan með landi, gagn af vitunum, er Reykjanessvitanum sleppir, með því að þá yrði minni hætta á því, að þau lendi norður á Mýrunum, sem oft vill verða. Líka er það, að undir Jökli eru mörg fiskiskip, sem hafast þar við nálega allan ársins tíma.

Jeg bendi á þetta, til þess að sýna fram á, að frá sjónarmiði sjómannastjettarinnar er nauðsyn á, að þessi viti sje í sem bestu lagi, en til þess að tekjuhallinn aukist ekki, mun jeg gjöra brtt. um að fella burtu fjárveitinguna í 13. gr. B. III. til Langadalsvegar, 7000 kr. hvort árið.

Jeg veit að engum manni blandast hugur um, að vitabyggingar eru lífsnauðsyn fyrir sjómenn vora, og því ekki hægt að bera þenna veg í Húnavatnssýslu saman við þær, sjerstaklega þar sem skiftar skoðanir eru um það, hvort halda eigi áfram með þenna veg, eins og nú er ætlast til. Jeg vil geta þess, að sýslunefnd í Skagafjarðarsýslu hefir óskað, að stjórnin ljeti athuga annað vegarstæði, nefnilega frá Blönduósi um Kolugafjall að Sauðárkróki. Sýslunefndin áleit að þetta gæti orðið heppilegt, af því að vegurinn yrði þá að mun styttri, Auðvitað skal jeg játa, að með þessu lagi yrði vegurinn lagður yfir fjall, en á síðastliðnum vetri var gjörð snjómæling þarna á fjallinu, og þótti víst ekki bein ástæða til að óttast of mikil fannalög.

Þar sem því þannig stendur á, að ekki er enn rannsakað til hlítar, hvar heppilegast verður að leggja veginn, þá virðist ekki miklu vera slept, þó að þessi fjárveiting væri feld niður á þessu fjárhagstímabili. Ef svo fullnaðarrannsókn um þetta vegarstæði — hvort vegurinn skyldi heldur liggja frá Blönduósi um Kolugafjall til Sauðárkróks, eða fram Langadal yfir Vatnsskarð að Víðimýri og þaðan út á Sauðárkrók — kæmi fram á næsta fjárlagaþingi, þá mætti að sjálfsögðu taka veg þenna af nýju upp í fjárlögin.

Út frá þessu, er jeg nú hefi sagt, mun jeg koma fram með breytingartillögu við 3. umræðu fjárlaganna, er fari í þá átt, að þessi fjárveiting verði feld, en Malarrifsvitinn verði tekinn upp í fjárlögin. Og vænti jeg þess, að allir, er bera hag sjómannastjettarinnar fyrir brjósti, greiði atkvæði sitt með þeirri breytingartillögu, þar sem hún að eins fer fram á það, að þessi viti, sem öll sanngirni mælir með að verði bygður, sitji fyrir vegi, sem óvíst er, hvort haldið verður áfram eins og nú horfir við. Jeg álít að sjómannastjettinni væri annars gjört mjög rangt til. Og flestir munu kannast við það, að betra sje að fara um illan veg, en að sigla í myrkri úti á hafi eða velkjast nálægt brimgörðum, án þess að neitt sje til að sýna mönnum, hvar þeir sjeu staddir.

Sigurður Eggerz: Mjer er það fullljóst, að á slíkum tímum, sem nú eru, er erfitt að búa til fjárlög, er bæði taki tillit til sjálfsagðs sparnaðar og hins vegar dragi þó ekki úr nauðsyn-

legum framkvæmdum. Jeg veit að það er erfitt að vega salt á milli þessa, en það erfiði verður háttv. deild að takast á hendur.

Af þessum ástæðum sje jeg það fyllilega, að brýna nauðsyn ber til, að ýms þörf og annars óhjákvæmileg fyrirtæki verða að sitja á hakanum, að þessu sinni. Enda hefi jeg komið fram með breytingartillögu á þgskj. 427, er fer í þá átt að verja ekki fje til símalagninga á þessu fjárhagstímabili.

Nú skyldi enginn ætla, að breytingartillaga þessi sje runnin af þeim rótum, að jeg álíti ekki símalagningar nauðsynleg og sjálfsögð fyrirtæki, en ástæðurnar til þess, að jeg rjeðst á þenna lið fjárlagafrumvarpsins eru fleiri en ein.

Fyrsta ástæðan er sú, að vegna stríðsins hefir orðið gífurleg verðhækkun á því efni, er þarf til símalagningar, og það svo mikil, að t. d. kopar myndi nú kosta margfalt meira en venjulega.

Önnur ástæðan er sú, að ef litið er til síma, er gjörðir hafa verið hjer á landi, þá dylst engum, að þær framkvæmdir hafa í raun og veru verið miklu hraðskreiðari en allar aðrar framkvæmdir okkar á þeim tíma. Að vísu segja menn, að símar borgi sig svo vel, að síst sje ástæða til að draga úr þessum framkvæmdum; en þar til er því að svara, að jeg gjöri ráð fyrir því, að margar af þeim símalínum, sem eftir er að leggja, muni síður borga sig en þær, sem þegar hefir verið lokið.

Þá er ein ástæða enn til þess, að jeg hefi komið fram með þessa brtt., og hún er sú, að svo framarlega sem símar standa í fjárlögunum, þá ber jeg kvíðboga fyrir því, að brtt. þær, er gjörðar verði við liðinn, verði bæði margar og miklar, því að sannleikurinn er sá, að flestir þingmenn hafa einhvern símaspotta í pokahorninu, er þeir eiga að útvega.

Jeg verð að taka það fram, að þessi brtt. mín er ekki sprottin af eigingirni, því að mitt kjördæmi lagði mikla áherslu á að fá síma frá Vík í Mýrdal og austur á Síðu, er kostaði um 40,000 krónur. Mælir það fremur með símalagningu þessari en flestum öðrum, að sú hugsun vakir fyrir landssímastjóranum og raunar mörgum fleirum, að ákjósanlegt sje, að símalína verði lögð alla leið austur til Hornafjarðar, til þess að nokkurn veginn fullkomið símasamband komist á bæði sunnan og norðan lands.

Um leið og jeg bendi á þetta, skal jeg geta þess, að símaverkfræðingur hefir athugað símalínustæði á þessum slóðum, og telur hann enga hættu á því, að ekki muni takast að gjöra símalínuna örugga fyrir ám og söndum; hefir hann athugað síðasta hlaupið á Skeiðarársandi og ekki talið, að það myndi hafa valdið tjóni á símalínu þar.

Jeg hefi bent á þetta til þess að sýna mönnum fram á, að, skoðað frá mínu kjördæmi, er mjer þetta áhugamál, og verði símar látnir standa í fjárlögunum, þá yrði jeg þess vegna að koma fram með brtt. við þann lið, og eins og jeg hefi áður sagt, yrði jeg ekki sá eini, er það gjörði.

Fjárlaganefndin virðist líka vera fylgjandi þessari sparnaðarstefnu, því að í athugasemd við símaliðinn hefir hún tekið það fram, að stjórninni skuli veitt heimild til að fresta frekari símalagningu, ef þröngt verði í búi. Að vísu er þessi athugasemd bót í máli, en ef skeyta á mikið af slíkum athugasemdum við hina ýmsu liði fjárlaganna, þá fer vald stjórnarinnar um það, hvað gjört skuli og hvað ekki, að verða allmikið. Ef símar eiga að standa í fjár-

lögunum, þá er rjett af Alþingi að gjöra ákvæði um, hvaða símar skuli lagðir, ef nægilegt fje yrði til þess, og í hvaða röð. Það teldi jeg viturlegra, heldur en leggja heimild upp í hendur stjórnarinnar um það, hvaða símar skuli lagðir og í hvaða röð.

Það hafa komið fram andmæli gegn brtt. minni frá háttv. þm. Dal. (B. J.) Hann telur það ekki heimilt, samkvæmt 7. gr. símalaganna frá 1912, að ekki verði lagðir nýir símar fyrir tekjuafgang landssímans, meðan fleiri síma gjörist þörf. En þá skal jeg taka það fram, að svo framarlega sem heimilt er að leyfa stjórninni þá takmörkun í þessu efni, er fjárlaganefndin leggur til, þá er jafn heimilt að leggja engan síma.

Ef skilja á símalögin svo, að allur tekjuafgangur gangi til nýrra símalagninga, þá má ekki verja neinu af tekjuafganginum til annara fyrirtækja, en svo er þó gjört í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar. En jeg lít svo á, að hún hafi rjett fyrir sjer í þessu, og þessi heimild sje til að láta hjá líða, að leggja nýja síma. Byggi jeg það einmitt á þessum orðum í 7. gr. símalaganna 1912:

»Þá er lokið er lagning og kaupum á talsímum og talsímakerfum o. fl., samkvæmt 5. gr., skal kaupa og leggja talsíma, er til 3. flokks teljast, og enn fremur aukaþræði í eldri línur, eftir því, sem nauðsyn krefur . . .«

Þrátt fyrir staðhæfingar háttv. þm. Dal. (B. J.), get jeg ekki skilið annað en orðin »ef nauðsyn krefur« eigi við hvorttveggja, talsíma, er til 3. flokks teljast og aukaþræði í eldri línur. Þar sem því að nauðsyn krefur, að láta vera í þetta sinn, að leggja síma yfirleitt, sökum þess, að brýn nauðsyn er á því, að verja þessu fje til annara fyrirtækja, heimilar 7. gr. símalaganna, að símaliðurinn sje feldur í burtu. — *(Bjarni Jónsson:* Jeg skil íslenskuna rjett, og þetta er hrekkvís skýrsla.) Mjer skal vera það ljúft að votta það hjer í háttv. deild, að háttv. þm. Dal. (B. J.) ber gott skyn á íslenska tungu; jeg skal ekki draga úr því, en hann hefir ekki vit á lögskýringum. En jeg veit ekki hvaða ástæðu háttv. þm. Dal. hefir til þess að væna mig hrekkvísi, þar sem það yrði til gagns fyrir kjördæmi mitt, ef unt væri að skilja þetta á annan veg. Enda eru það fleiri lögfræðingar en jeg, sem finst eðlilegt að skýra lögin á þenna hátt.

Með því að fella burt þennan lið úr fjárlögunum, spöruðust 78,500 krónur. En þó að jeg komi fram með þessa breytingartillögu, sem orkað getur tvímælis, þá er það þó ekki meining mín, að vilja draga úr því, að einhver verklegur svipur verði á fjárlögunum. —

Þegar maður horfir framan í sum andlit, tekur maður ekkert eftir þeim, af því að þau eru svo venjuleg, þó að maður sjái þau dag eftir dag; en þó að maður sjái önnur að eins í svip, verður maður að taka eftir þeim og gleymir þeim því ekki, af því að í þeim eru einhverjir þeir drættir, er verða manni minnisstæðir. Þá er maður lítur nú framan í fjárlagaandlitið, ef svo má að orði kveða, þá verður maður ekki var þessara stóru og sterku drátta, er hljóta að vekja athygli vora.

Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gjört ráð fyrir, að ráðist verði í mörg stórfyrirtæki, enda er það eðlilegt, miðað við kringumstæður allar. En þar sem mjer virðist vera helst til langt farið í þessu efni, hefi jeg komið fram með brtt. á þgskj. 410, er bætir úr þessu.

Sú brtt., er hjer ræðir um, fer fram á, að veittar verði nú í fjárl. 78,000 kr. til brúargjörðar á Jökulsá á Sólheima-

sandi. Þetta mál er ekki nýtt hjer á þingi. Á þingi 1911 voru samþykt lög þess efnis, að brú yrði gjörð á Jökulsá, *jafnskjótt og fje væri veitt í fjárlögunum* til þessa fyrirtækis. Þessi lög er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo, að þingið hafi ætlast til að þessi brúargjörð gengi á undan öðrum stórfyrirtækjum á landinu. Ástæðan fyrir því, að lögin beri að skýra þannig, er sú, að þegar lögin voru á ferðinni í Nd. á þinginu 1911, komu ýmsar brtt. fram um að bæta hinum og þessum brúm við, en þær voru allar feldar. Þetta virðist ljóslega benda á það, að þingið hafi markað sjerstöðu með brúargjörð á þessari á.

Á síðasta fjárlagaþingi (1913) hafði þetta mál fylgi bæði í Ed. og Nd., en ekki nægilegt til þess, að fje yrði lagt fram til fyrirtækisins.

Það er ef til vill ekki þörf á að fara mörgum orðum um hinar knýjandi ástæður, sem til brúargjörðarinnar eru, því að þetta mál er orðið svo kunnugt, bæði frá umræðunum um lögin 1911 og sömuleiðis frá síðustu fjárlagaumræðum. En jeg get samt ekki stilt mig um, að minnast á nokkrar þeirra.

Jeg skal þá fyrst minnast á þá ástæðuna, er mun verða ljettvægust fundin hjer í háttv. deild, en er þó ástæða engu síður.

Eins og kunnugt er, kemur Jökulsá undan Mýrdalsjökli; er hún erfið og ill yfirferðar, og það svo mjög, að enginn fær yfir hana komist nema fuglinn fljúgandi, þegar hún er sem verst. En fyrir austan hana liggja ýmsir fegurstu hlutar þessa lands, t. d. Mýrdalur og Síðan. Svo framarlega sem brúin yrði reist, yrði það til þess, að mikill ferðamannastraumur leiddist austur í þessar bygðir. En það er ekkert vafamál, að fyrir hvaða land sem er hefir það meiri þýðingu en fiesta grunar, að útlendingar sjái merkustu og fegurstu svæði þess. Það vekur meiri eftirtekt á landinu en margur ætlar.

Ef þetta hefði verið aðalástæðan, hefði jeg ekki leyft mjer að koma fram með þessa brtt. hjer í háttv. deid, er fer fram á, að veita 78000 kr. til þessa fyrirtækis. En ástæðurnar eru fleiri og veigameiri.

Ein ástæðan er sú, að Jökulsá rennur í miðju læknishjeraði, og oft hefir það borðið við, að ómögulegt hefir verið að ná í lækni til kvenna, er legið hafa í barnsnauð.

Þá er það enn eitt, að yfir þessa á verða tvær blómlegar sveitir í Rangárvallasýslu að sækja verslun sína til Víkur, sem sje Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar, og geta menn ímyndað sjer, hvern trafala þessi voðagripur muni gjöra þeim. Enn er það, að Skaftfellingar eiga að sækja til fiskróðra vestur yfir ána, og komast þeir oft ekki yfir hana, þó að veður sjeu góð og fiskur nógur. Loks má geta þess, að mikið er fjárrekstra á þessuri leið til Reykjavíkur, og hefir það stundum viljað til, að þeir hafa orðið að bíða við ána í viku eða upp undir hálfan mánuð, og ættu menn að geta gjört sjer í hugarlund, hver hnekkir þeim miklu landbúnaðarsveitum er í því, hve fjeð rýrnar á þessu, og hve mikill kostnaður hlýtur að vera því samfara.

Jeg vil enn fremur minna þá, sem ekki eru kunnugir þarna, á það, að þótt þeir ef til vill haldi það ekki, þá er umferðin yfir ána mjög mikil. Það er auðvitað oft, að enginn kemst yfir hana, en mjer er nær að halda, að varla komi sá dagur á árinu, að ekki eigi einhver leið yfir hana, eða reyni að komast það. Vor og haust er umferðin einkum gríðarmikil. Ef brú kæmist á Jökulsá, þá væri Mýrdalurinn, þessi mikla framfarasveit, sem t. d. háttv. 1. þm. Árn. (S.

S.) hefir oft lýst ánægju sinni yfir og talið þar mestar búnaðarframfarir á öllu landinu,— þá væri þessi sveit komin í náið samband við sjálft Suðurlandsundirlendið, og með tímanum yrði akbraut alla leið til Reykjavíkur. Og því fremur er þörf á þessu, þar sem þessi blómlegu framfarahjeruð eiga við hið bagalegasta hafnleysi að stríða, því að þótt margir kunni að vera, sem ekki vita, hvílíkt illfygli Jökulsá er, þá eru þó hinir margir, sem hafa farið meðfram strandlengjanni á skipum og þekkja til þess, hvernig er að lenda á höfninni í Vík. Og það liggur í augum uppi, hve illa sett það hjerað er, sem ekki getur notið þeirrar blessunar, sem fylgir samgöngunum á sjóuum, ef því er líka bægt frá eðlilegum samgöngum á landi.

Jeg þykist nú hafa talið allmargar ástæður fyrir því, að brúa þessa á, sem nálega ættu að nægja hver fyrir sig. Og jeg hefi bent á það, að Alþingi hefir gefið beint loforð um það með lögum og örugga von um, að það skuli verða gjört. Og jeg get ekki lýst því, hver gleði varð þá á hverjum einasta bæ þar eystra yfir þessum stórtíðindum, — yfir því, að þingið skyldi hafa sýnt þann skilning á erfiðum kringumstæðum manna, sem það gjörði þá. Jeg er viss um, að þær blessunaróskir hafa verið óteljandi, sem þingið fjekk fyrir þau lög. En því meiri urðu vonbrigðin, þegar fjárveitingin kom ekki á síðasta fjárlagaþingi, en í stað þess var veitt fje til að brúa hinar og þessar smáspræn-ur, sem kann ske hefir verið einhver þörf á, en engin í samanburði við þessa.

Og enn er *aðalástæðan* eftir, og sú ástæða ætti að vega svo mikið, að menn hugsuðu sig ekki tvisvar um. Sú ástæða er *mannhættan*, sem stafar af ánni. Síðan sögur fara af, hefir hún *drepið 40 manns*, og þótt menn jafnvel vilji nú að eins líta á þetta frá fjárhagslegu sjónarmiði, og gleyma öllum sorgum og böli, sem af því hefir leitt, þá er mjer spurn, hvers virði öll þessi mannslíf sjeu. Þótt að eins sje litið á þetta köldum hagsýnisaugum, þá hlýtur það að borga sig að brúa ána, af þessari ástæðu einni. En fyrir okkur, sem kunnugir erum þarna, og vitum, hver áhrif áin hefir á hugi manna í kringum hana, hefir það mál einnig aðra hlið. Mjer hefir oft verið fylgt yfir Jökulsá, og jeg hefi tekið eftir því, að sumum konuandlitunum, sem annars eru ódeig, hefir brugðið, þegar mennirnir þeirra eru að leggja af stað — út yfir ána. Því að það er sannleikur, að það veit enginn nokkurn tíma nema það sje í síðasta sinn, að hann fer þá för. Og jeg get því fremur borið um þetta, þar sem jeg hefi sjeð mann drukna í Jökulsá, frá konu og mörgum börnum, og var við, þegar farið var heim með líkið. Það mun hafa verið síðasta fórnin.

Í mannúðarinnar nafni verður Alþingi fyrst og fremst að hugsa um það, sem myndi firra menn jafnstórkostlegri hættu og hræðslu, sem þessi brú myndi gjöra. Og á þessu máli hefi jeg svo mikinn áhuga, að jeg vildi óska, að það væri í höndum einhvers meira áhrifamanns, en jeg er, svo að meiri vissa væri fyrir því, að því yrði framgengt, því að með því myndi þingið vinna betra verk en margan grunar. Fáir þeirra, sem hjer eru, þekkja þá góðu menn, sem þarna búa, og enginn veit, nema áin kunni þá og þegar að taka þá af sonum landsins, sem það vildi ef til vill síst missa.

Í nafni mannúðarinnar hefi jeg fullan rjett til að spyrja hið háa Alþingi, hve lengi þessi gröf eigi að standa opin!

Stefán Stefánsson: Þegar jeg leit yfir fjárlagafrumv. stjórnarinnar, þá skal jeg játa það, að töluvert fanst mjer vanta á, að jeg gæti verið ánægður. Að vísu er þar gjört ráð fyrir fjárveitingu til vegar í Öxnadal, sem jeg er hæstv. stjórn þakklátur fyrir, en annað er þar ekki sjáanlegt í þágu míns kjördæmis. Jeg er þakklátur fyrir þessa fjárveitingu, meðfram af því, að í síðustu fjárlögum voru veittar 5 þús. kr. til framhalds akbrautarinnar um Moldhaugnaháls og inn Þelamörk, sem var samkvæmt tillögu minni á þinginu 1913, og þá meiningin, að því yrði aðallega varið til þess, að gjöra við ýmsar torfærur á leiðinni, frá vegarendanum inn að Bægisá, en svo hefir þessu fje verið varið beint til áframhalds brautarinnar, sem er auðvitað gjört að ráði Jóns landsverkfræðings Þorlákssonar, er kom af því, að hann taldi engan efa á, að næsta þing myndi veita nóg fje til þess að gjöra veginn góðan alla leið að Bægisá. Þessa vegna verð jeg að telja það sjerstaklega illa farið, að háttv. fjárlaganefnd skuli leggja það til, að fella niður þessa 7 þús. króna fjárveitingu, því að með því er ætlast til, að það dragist enn um óákveðinn tíma, að Þelmerkingar, Öxndælir og Hörgdælir fái sæmilegan akveg á þessari leið.

Annarar upphæðar sakna jeg líka, sem sje til framhalds akvegarins í Svarfaðardal. Styrkur til þess vegar hefir áður staðið í fjárlögunum, og kom mjer það því algjörlega á óvart, að hann skyldi ekki standa þar enn, þar sem mikið vantar á, að sá vegur sje fullgjörður. En nú er mjer sagt, að þar sem í 13. gr. B. VI. er gjört ráð fyrir fje til akfærra sýsluvega, 20 þús. kr. hvort árið, þá muni það fje að sjálfsögðu að einhverju leyti ætlað til þessa vegar, og á því sje það bygt, að ekki er ætluð sjálfstæð fjárveiting í þessu skyni, og í því góða trausti, að þetta reynist svo, þá hefi jeg ekki flutt neina tillögu um fjárveiting til Svarfdælabrautar. En um Öxnadalsveginn vil jeg taka það fram, að jeg vildi óska, að háttv. deild sæi sjer fært að láta þessar 7 þús. kr., sem stjórnin hefir gjört ráð fyrir, halda sjer í fjárlögunum, því auk þess, sem vegagjörð þessi er bráðnauðsynleg, og hlýtur þar af leiðandi að verða gjöður á næstu árum, þá er því fremur óheppilegt, að þurfa að flytja burtu öll vegagjörðaráhöld og tæki, sem þarna eru við höndina, í stað þess að nota þau við framhald vegarins á næsta sumri.

Þá höfum við, jeg og háttv. samþm. minn (H. H.), leyft okkur að flytja tvær brtt. við 13. gr. Önnur er um það, að veittar verði 75 þús. kr. til brúar á Eyjafjarðará, sem oft hefir til tals komið. En áður en jeg fer að tala um þetta, verð jeg að biðja háttv. deild afsökunar á því, að jeg get ekki talað öðru eins tilfinningamáli og háttv. síðasti ræðumaður, þm. V.-Sk. (S. E.), en hitt vona jeg eigi síður, að svo sterk rök mæli með þessari brúargjörð, að hún verði ekki látin dragast lengur, heldur tekin nú inn í fjárlögin.

Árið 1908 var gjörð rannsókn á brúarstæði á Eyjafjarðará á tveim stöðum, bæði inn við Gilsferju og úti á Hólmavöðum, og var það álit verkfræðingsins, að brú við Gilsferju mundi ekki kosta nema 50 þús. kr., en á Hólmavöðum aftur á móti 75 þús., með vegagjörð yfir Hólmana. Þetta munar nú auðvitað talsverðu, eftir því hvort brúin er höfð utar eða innar, en munurinn svarar þó engan veginn til þess mikla munar, sem er á vegalengdinni og óþægindunum, sem af henni leiða, ef brúin er höfð innar frá, og því er það, að almenningur hefir meir og meir hneigst að því, að brúin sje sett á svo

nefndum Hólmavöðum, þar sem áin rennur í 3—4 kvíslum, og að þar verði svo upphækkaður vegur á milli brúnna.

Til stuðnings því, hvenær er ætlast til að byggja þessa brú, má benda á það, að verkfræðingur landsins (Jón Þorláksson) hefir í tillögum sínum til landsstjórnarinnar um fjárveitingar til vega 1916 og 1917 eindregið lagt það til, að Eyjafjarðará verði fyrst brúuð af öllum stórám landsins, og gjörir þar ráð fyrir 75 þús. kr. tillagi úr landssjóði á næsta fjárhagstímabili og að ekki komi til mála að byggja aðrar brýr á undan henni. Þetta er og eðlilegt, þegar þess er gætt, að þarna er meiri umferð en yfir nokkra aðra stórá, sem á póstleið liggur og enn er óbrúuð, enda er áin alófær vikum saman fram eftir sumrinu, nema að taka á sig þenna langa og tafsama krók inn á ferjuna að Gili, eða, þegar því verður við komið, að fá sig og sinn farangur fluttan yfir um fjörðinn milli Svalbarðsstrandar og Akureyrar.

Einmitt vegna þessara miklu erfiðleika og farartálma verða líka ekki svo sjaldan slys að því, að menn hafa ekki viljað fara þenna langa, 2—3 tíma krók inn á ferjuna, heldur farið yfir um á svokallaðri Leiru innan við Akureyrarpoll, og er ekki langt á það að minnast. Því að nú fyrir 2 árum síðan voru þar nær druknaðir ofan um ís þrír dugnaðarbændur úr sömu sveitinni, og mátti það heita hepni ein, að svo varð ekki. Og mig minnir, að það væri sama árið, að tveir ungir og efnilegir menn druknuðu á leið austur yfir Leiruna; voru þar á ferð í dimmri þoku og stefndu til sjávar. Svona getur altaf viljað til, að vandræði hljótist af því, að brúin kemst ekki á. En þótt menn sleppi við stóru slysin, þá er þó á hverju ári að brúarleysinu meiri og minni farartálmi og stök óþægindi. Þessi svonefnda Leira, sem liggur á milli Hólmannna og sjávar, er sem næst 2 kilometra leið og oft ekki árennileg, því að úr því að sjór er hálffallinn, sjást þar ekki nema örlitlar smáeyrar á stöku stað. Menn sjá þess vegna, hver nauðsyn er á þessari brú, enda hefir málinu verið hreyft á hverjum einasta þingmálafundi í Eyjafirði nú undanfarið um mörg ár, og því er það, að menn una því altaf verr og verr, eftir því sem lengra líður, að brúin sje ekki bygð.

Jeg skal ekki fara út í mikinn samanburð á nauðsyninni fyrir brú á Jökulsá og Eyjafjarðará, en það hljóta þó allir að renna grun í, hve umferðin er miklu meiri yfir Eyjafjarðará. Um hættuna veit jeg ekki nógu nákvæmlega, en þó hygg jeg, að ekki sjeu fá slysin, sem Eyjafjarðará hefir valdið, ef farið væri lengra aftur í tímann.

Jeg hefi ekki sett á breytingartillögu okkar athugasemd um það, að fjárveitingin skuli því að eins koma til greina, að fjárhagur leyfi, en jeg hefi þegar sent þann viðauka til skrifstofunnar, og vona jeg að hann komi þaðan áður en atkv. verða greidd.

Eitt af því, sem mælir með því, að byrja á þessari brúargjörð þegar að sumri, er það, að nú er í Eyjafirði mikið af verkfærum, sem þurft hefir að nota við brautargjörðina inn að Saurbæ, og væri því þægilegast og kostnaðarminst, að geta notað þau framvegis í sama hjeraðinu. Það er kostnaðarauki að flytja alt slíkt hjeraða á milli, og það máske að óþörfu. Hitt er einlægara, að nota það áfram í sama hjeraði, á meðan svo er, að þess er þar full þörf, eða rjettara sagt enn meiri þörf en á nokkrum öðrum stað. Meðfram þess vegna höfum við flutningsmenn lagt til að vinna verkið fyrra árið. — Hygg jeg það svo ekki hafa neina þýðingu að tala meira um málið, því öllum háttv.

þingdeildarmönnum er það svo kunnugt frá fyrri þingum, þar sem það hefir verið svo margoft rætt, og ekki nema hið sama að segja um það og áður.

Hin breytingartillaga okkar á þgskj. 423 fer fram á tillag til brúar á Ólafsfjarðarós, alt að 1 þús. kr. Þetta er samkvæmt eindreginni ósk fjarðarbúa á þingmálafundi í vor, enda er mjer ánægja að flytja þessa tillögu fyrir þá, því allur undirbúningur þess máls sýnir svo lofsverðan áhuga þeirra. Í fyrra var sem sje kosin 5 manna nefnd, og leitaði hún samskota í sveitinni í þessu skyni, og þótt menn þar sjeu hvorki miklum efnum búnir, eður margmenni mikið, þá varð henni þó svo vel ágengt, að hún fekk, bæði í peningum og lofaðri vinnu, 2785 kr. Þessu framlagi lofuðu og greiddu að sumu leyti að eins 136 menn, bæði til þessarar brúar og vegar frá Ólafsfjarðarhorni inn sveitina að Þverá. Þetta verður að teljast mjög mikið á sig lagt, og jeg efast um, að nokkur sveit hafi orðið til þess að lofa slíkum framlögum, og binda sig til þess að greiða þau árlega um næstu 4 ár. Vegurinn er að miklu leyti á hreppavegaleið, en það, sem fyrst verður að gjöra, er að byggja þessa brú, og er þegar gjörð allgreinileg áætlun um það, hvað hún muni kosta, ásamt uppdrætti, sem hvorttveggja hefir legið og liggur hjer fyrir þinginu, og er þar gjört ráð fyrir að hún muni kosta 3400 kr. og farið fram á með tillögunni, að $^1/_3$ af þeirri upphæð fáist veittur úr landssjóði. Brúna verður að byggja á einu ári, og þess vegna er líka naumast hægt að búast við, að farið sje fram á minni styrk, enda ætti ekki upphæðin í sjálfu sjálfu sjer að verða til þess, að málaleituninni verði ekki sint. Fjeð verður að leggja fram alt í einu, og sveitarmenn treysta sjer þar af leiðandi ekki til þess að leggja út alt það fje, sem þarf til byggingarinnar. Öll vegagjörðin frá Ólafsfjarðarhorni og að Þverá er áætlað að muni kosta 20100 kr. Þessa leið vilja menn gjöra akfæra, og halda svo áfram veginum yfir Lágheiði og tengja þannig saman norðausturhluta Skagafjarðarsýslu og Ólafsfjörð. En þegar komið er að Þverá, þá tekur sýsluvegur þar við, og um Lágheiði er vafalaust hentugasta vegarstæðið, til þess að fá góðar og eðlilegar samgöngur milli Fljóta og Ólafsfjarðar, sem óefað væri mjög hentugt fyrir báðar þær sveitir. Það virðist æði hart aðgöngu, að sinna ekki þessari fjárbeiðni, þar sem jafn fáir menn ráðast í það stórvirki, að byggja brýr og leggja akfæran veg, er kostar 20100 kr. Jeg vona þess vegna, að háttv. þm. hugsi sig vel um, áður en þeir ráða við sig að greiða atkvæði á móti þessari tillögu. Þetta er í fyrsta skifti, sem Ólafsfirðingar kvaka til þingsins, og finst mjer svo drengilega á stað farið, að vert sje, að þingið hlaupi hjer undir bagga. Á þingmálafundi, sem haldinn var tveim dögum áður en jeg fór að heiman, var samþykt að fara fram á 500 kr. styrk til vegagjörðarinnar hvort árið. En þeirri beiðni hefi jeg ekki hreyft, vegna þess, að jeg heyrði það á þingmönnum, að ekki væri talsmál um að báðar þessar fjárbeiðnir yrðu teknar í einu á þessu fjárhagstímabili, sem nú fer í hönd.

Þá skal jeg leyfa mjer að víkja að 2. lið brtt. á sama þgskj., þar sem farið er fram á að veita alt að 800 kr. til brúargjörðar á Hörgá innan við Myrká. Það eru nokkur ár síðan að Hörgdælir fóru að hugsa til þessarar brúargjörðar, og hafa jafnvel safnað nokkru fje meðal sveitarmanna í því skyni. Að vísu eru tvær brýr á Hörgá. Önnur á póstleiðinni hjá Möðruvöllum og hin á Helguhyl innar í dalnum, spölkorn innan við ármót Hörgár og Öxnadalsár, og skiftist

þá dalurinn í tvent, Hörgárdal og Öxnadal. Innar í Hörgárdalnum er engin brú á ánni, sem þráfaldlega er mjög tilfinnanlegt, bæði fyrir venjulega umferð um sveitina, og eins hvað snertir alla fjárrekstra vor og haust, vegna þess að vestan í Hörgá rennur Myrká, sem er þverá og afarill yfirferðar margoft, svo að teppast allar ferðir á stóru svæði, sem þá er innilokað af Myrká að norðan og Hörgá að austan. Það hefir því komið til álita, hvort hyggilegra mundi vera að brúa Myrká, eða gjöra brú á Hörgá innan við Myrká. Þegar á þetta var litið af þeim verkfróða manni, sem falið var að athuga brúarstæði á ánum, þá gaf hann það álit, eftir að hafa leitað mjög grandgæfilega að tryggu brúarstæði, að ekki væri álitamál um það að setja brúna á Hörgá litlu innar en Myrká fellur í hana, því auk þess sem brúarstæði á Myrká væri mjög vafasamt, þá yrði sú brú miklum mun dýrari, en hins vegar myndi brú á Hörgá koma að líkum notum, því að þá væri þó hægt að hafa greiðar samgöngur að mestu leyti við þann hluta Hörgárdalsins, sem er innilokaður af báðum ánum. Hörgdælir hafa nú þegar lagt nokkurt fje af mörkum í þessu skyni, eins og jeg áður gat um, og einnig leitað til sýslusjóðs um fjárframlag til brúarbyggingarinnar, og hefir málinu verið þar vel tekið. En samt vantar enn mikið á það, að nægilegt fje sje fyrir hendi, og var þess vegna álitið rjett að snúa sjer til þingsins um 800 kr. styrk, sem búist er við að svari 1/4 af byggingarkostnaðinum. Jeg vona því, að háttv. þingdeild taki þessu sem best, er jeg hefi nú farið fram á. Jeg álít, að þessi litla brtt. mín á þgskj. 423 breyti ekki svo verulega til um niðurstöðu fjárlaganna, að neinn muni setja slíkt fyrir sig. En jafnframt verð jeg að taka það fram með brúna yfir Ólafsfjarðarós, að þar er svo laglega af stað farið hjá sveitarmönnum sjálfum, að jeg álít sjálfsagt að þingið styðji þá til þessara framkvæmda.

Loks vil jeg geta þess, að þeir hafa allmikinn undirbúning gjört, til þess að byggja kirkju í Ólafsfjarðarhorni, og skólahús, hvorttveggja úr steinsteypu. Þessir menn eru því vel verðugir þess, eins og líka Hörgdælir, að styrkbeiðni þeirra sje sint. Og í báðum tilfellum virðist mjer mjög hóflega í sakirnar farið.

Bjarni Jónsson: Mjer varð það á í síðustu ræðu minni, að gleyma alveg að minnast á 14. gr., og á jeg þar þó eina brtt. Jeg get nú reyndar skírskotað til umsagnar hæstv. ráðherra. Hann hefir rækilega sýnt fram á, hve vanhugsuð þessi brtt. nefndarinnar er, að vilja lækka styrkinn til bókakaupa fyrir Háskólann um 200 krónur. Það sýnist þó sannarlega ekki veita af 2000 krónum til Háskólans fyrir bækur. Jeg skal skýra frá því um þessa fjárbeiðni, að því er snertir klassisku fræðin, að Háskólinn hafði áætlun sína tilbúna áður heldur en að það embætti var stofnað. Síðan áleit Háskólinn og heimspekisdeildin nauðsynlegt, að tillaga kæmi fram um þetta sjerstaklega, þar sem það var ekki komið fyrr. Þær 1000 krónur, sem í frv. standa, eru sjerstaklega ætlaðar til bókakaupa í íslenskum fræðum. Jeg bar því fram beiðni um 1000 kr. styrkveiting til bókakaupa í grískum og latneskum fræðum. Jeg skal reyndar játa það, að ef mönnum er hugþekkara að veita að eins 500 kr. í þessu skyni, þá myndi mega hjálpast við það í vetur. Þær 500 krónur yrðu þá að eins skoðaðar sem byrjun til bókakaupa, svo að ef fjárlaganefndin er fús á að taka þær upp í frumv. sitt, þá skal jeg taka brtt. mína aftur, en að eins með því móti.

En svo er mál með vexti, að í bókasafni landsins eru engar bækur, er á nokkurn hátt fullnægja þeirri þörf, sem hjer er um að ræða. Jeg hefi hugsað mjer, í þakklætisskyni fyrir gott umtal, að halda almenna fyrirlestra í vetur um latneska og gríska bókmentasögu. En hjer eru engar sæmilegar handbækur til um grískar bókmentir, nema dálítið um heimspekina grísku, en jeg hafði hugsað mjer að byrja á bókmentasögunni og skáldskapnum elsta, en taka heimspekina og heimspekissöguna ekki fyrr en þá ef til vill næsta ár. Til þess að þetta sje hægt, þá vantar að minsta kosti einar 2—3 stórar og góðar handbækur um þessi efni. Jeg sótti ekki um þessa stöðu við háskólann sem vísindamaður, en hefi ætlað mjer að halda fyrirlestra fyrir almenning, sem ættu að vera bæði frásögn og skýringar um starf annara manna í þessum greinum, sem jeg tel fróðlegt fyrir almenning að vita, ef mjer skyldi takast að setja það bærilega fram. Því þótt jeg ekki gjöri kröfu til þess að vera vísindamaður, eða að jeg geti farið að gefa mig til muna að vísindastarfsemi, er jeg hefi náð þessum aldri, þá treysti jeg mjer þó til þess, að geta nokkurn veginn sómasamlega skýrt frá skoðunum annara manna um þessi efni. Sama er að segja um handbækur og hjálparrit við latneska bókmentasögu; það vantar tilfinnanlega. Enn fremur hefði jeg viljað gefa mönnum hugmynd um samanburðarmálfræði. Gæti jeg ef til vill tekið svo saman fræði annara, þar að lútandi, að einhverjum mætti að gagni koma, en hjer vita menn varla, hvernig þeirri fræðigrein er varið. Til þess þarf líka nokkur dýr verk, því hjer er að eins til ein samanburðarmálfræði, sem er þó ekki nema útdráttur úr öðru stærra verki, svo mjer skilst að á fje þurfi að halda til þessara kaupa. Sama er að segja, ef jeg vil fara í gegnum einhver verk með mönnum. Jeg hefi t. d. hugsað mjer að fara í gegnum Cicero: De oratore næsta vetur. Til þess þarf jeg að minsta kosti að hafa 2—3 útgáfur af glöggum textakrítíkurum, eða með öðrum orðum, bókum eftir sjerfræðinga í þessum efnum, er hafa nákvæmlega farið í gegnum þessi verk og skrifað svo skýringar sínar neðanmáls, eða þá aftan við bókina. Þetta er nauðsynlegt, ef kenslan á ekki að verða fullkomið kák.

Jeg gæti talið upp margt fleira nauðsynlegt, handbækur í listasögu Grikkja og Rómverja o. fl. o. fl. Enn fremur heila flokka af ljósmyndum af snildarverkum þessara þjóða, til þess að geta gefið mönnum sem glöggasta hugmynd um, hvernig þau líta út. Líka væri vinnandi vegur að fá kerfi til þess að sýna með myndavjel, og gefa mönnum á þann hátt sem glegsta hugmynd um þessi listaverk. Þó ekki væri keyptur nema helmingurinn af því, er jeg nú hefi talið, þá myndu 500 krónur vera farnar til þess fyrir löngu. Og sannarlega veitti ekki af 1000 krónum. Það er bláber nauðsyn og ekki annað. En vildi þingið veita þetta fje, þá mætti vafalaust komast að góðum kaupum hjá Birni Ólsen, sem á gott safn hjer að lútandi. Jeg slæ þessu fram af því, að hjeðan í frá mun hann eingöngu fást við kenslu í íslenskum fræðum. En hann á einmitt ágætar myndir af listaverkum þessara þjóða, frá því að hann var á ferðalagi um Grikkland og Ítalíu. Jeg held þess vegna rjett að samþykkja þessa tillögu mína, en hrjósi mönnum hugur við því, þá mætti, eins og jeg hefi þegar tekið fram, kaupa hið allra nauðsynlegasta fyrir 500 kr. í haust, ef von væri um það, að fjárveiting til þessa fengist áfram síðar.

Jeg þarf ekki að nefna það, að jeg

mæli ekki með þessu af eigingirni. Þvert á móti gæti jeg sagt, að jeg hefði sjálfur mestan hag af því, ef þingið feldi þessa tillögu. Háværar raddir hafa heyrst um það, bæði utan þings og innan, að jeg kynni ekkert í þeim fræðum, sem jeg hefi nú tekið að mjer að kenna. En gæfi þingið mjer svo ákveðna traustsyfirlýsingu, með því að fella þessa tillögu, að jeg væri það miklu lærðari en allir hálærðir vísindamenn, að jeg þyrfti engar bækur, en gæti lesið alt úr lófa mjer, þá mætti jeg vel við una. Og jeg vil lýsa yfir því, að jeg tek það sem traustsyfirlýsingu, ef till. verður feld. *(Ráðherra:* Er það þá vantraust, ef tillagan verður samþykt?). Nei, engan veginn. Með því er jeg ekki settur neðar en bestu menn, sem við þessi og önnur fræði fást. Mjer er ekki kunnugt, að nokkur háskólakennari í heiminum kenni bókalaust. Hitt væri virðuleg traustsyfirlýsing, eins og jeg sagði.

Þetta vildi jeg sagt hafa um þenna lið.

Jeg gleymdi að geta þess áðan, þegar jeg talaði um brtt. fjárlaganefndarinnar, að mjer líkar miður að hún skuli hafa fært niður styrkinn til útgáfu kenslubóka við Háskólann, frá því sem hann var ákveðinn í stjórnarfrumv. Jeg held að þær 1000 kr. á fjárhagstímabilinu sjeu slæmur gróði, því að þessi styrkur er svo örlitill, að hann er sama sem ekkert, ef tveir eða þrír menn taka sig til og fara að gefa út kenslubækur. Það sannar ekkert, þó að hann hafi ef til vill hrokkið hingað til. *(Ráðherra:* Hann hefir ekki verið nægur). Það gleður mig að fá þær upplýsingar. En það, sem jeg vildi segja, var það, að menn mega ekki láta það villa sig, þó að kenslubækur komi dræmt út, fyrst á eftir að stofnunin er kominn á fót. Það er ekkert áhlaupaverk að semja kenslubækur. Menn geta ekki gengið að því eins og að ríða síldarnet. *(Guðm. Eggerz:* Það er nú ekkert áhlaupaverk.) Það segir sýslumaðurinn af því að hann kann það ekki. Jeg vil mælast til þess við fjárlaganefndina, að hún taki aftur þessa brtt. Jeg vona að háttv. framsm. (P. J.) gjöri mjer þá ánægju, þegar hann talar næst, að lýsa því yfir, að svo hafi verið gjört.

Jeg verð að vera mönnum hlustahrelling í nokkrar mínútur enn, vegna þess, að nokkrir háttv. þingmenn hafa komið of nálægt brtt. minum við 13. grein.

En áður en jeg sný mjer að því efni, vil jeg minnast á brtt. frá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) um styrk handa sira Birni Stefánssyni til húsabóta á Bergsstöðum í Svartárdal í Húnavatnssýslu. Mjer skilst þetta sjálfsögð sanngirniskrafa, og í fullu samræmi við það, sem áður hefir verið gjört. Jeg mun því greiða tillögunni atkvæði, og vil leyfa mjer að mæla með því að hún fái samþykki.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) talaði alllangt mál um brú þá, sem fleygt hefir verið í vatnið norður á Langanesströndum. Hann taldi það sjálfsagðan hlut, að landssjóður, sem á sínum tíma borgaði mikinn hluta af þeim 7000 kr., sem brúin kostaði, veitti nú 8500 kr. til þess að láta aftur í ána. Þessi brú er þó á sýsluvegi; það hafði jeg ekki getað gjört mjer ljóst, er jeg talaði áðan. Virðist mjer þessi krafa keyra úr hófi. Jeg hefi nú hvert árið eftir annað biðlað til þingsins, að veitt yrði fje til brúargjörðar á Kjallaksstaðaá, en ekki fengið neina áheyrn. Þykir mjer sennilegt, að þingið sinni nú þessari beiðni fremur en hinni, og veiti okkur 7000 kr. í eitt skifti, og viti hvort við fleygjum þeim í ána. Þegar við höfum gjört það, skal jeg ganga inn á að

Langanesstrandabrúin verði látin ganga fyrir í næsta skiftið.

Sami þm. (J. J.) talaði um að þingmenn gjörðu sig seka um barnaskap, með því að vera að bera fram fjárbænir fyrir kjósendur sína, og kallaði það kjósendadaður. Jeg skildi ekki hvort hann var að ráðast á mig eða aðra með þessum ummælum. En sje jeg sekur um þessa óhæfu, þá skil jeg ekki, að hann sje alveg hreinn af henni, nema svo sje að skilja, að hann hafi ekki verið að daðra við kjósendur sína á Langanesströnd, með því að biðja um fje til brúarinnar, heldur við einhverjar aðrar verur þar norður frá. Út af þessu vildi jeg gjöra þá stuttu athugasemd, að jeg veit ekki til að veitingar í fjárlögum sjeu svo merkilegur hlutur, að kjördæmi landsins megi ekki fá það undir atkvæði þingsins, hvort þau geta fengið það fje, sem þau sækja um. Allar fjárbeiðnir, sem fram hafa komið, eru svo þarfar, að gott væri, ef hægt væri, að verða við þeim öllum. En úr því, að þess er ekki kostur, þá er ekki nema sjálfsagt, að þær sjeu vegnar og metnar, svo að þær, sem minstan rjett hafa á sjer, sjeu þá helst látnar sitja á hakanum. Jeg skal svo sleppa þessum barnaskap þingmannsins, en ef hann ætlar sjer að taka upp einhverja viturlega stefnu í fjármálum, þá vil jeg ráða honum til að láta hana koma fram í einhverju öðru en því, að bera ekki fram fjárbeiðnir fyrir kjósendur sína. Meira er um það vert, að meta fjárbeiðnirnar rjettilega.

Nú hefði jeg helst viljað setjast niður, en mjer er meinað að gjöra það, því að einn háttv. þm. (S. E.) hjelt hjer langa ræðu um nauðsynina á að brúa eina af stórám þessa lands. En til þess að friða samvisku sína, lagði hann til um leið að fella niður fjárveitingar til annara nytsamra fyrirtækja. Það sje fjarri mjer, að mæla á móti því, að mikil nauðsyn sje á, að brúa þessa á, og jeg hefði vel getað sannfærst af ræðu þingmannsins (S. E.), ef hann hefði ekki leitast við að gjöra málaleitun sína aðgengilega með því, að leggja til að strika út annað, sem er að minsta kosti jafn-nauðsynlegt.

Það eru símarnir sem hann vill strika út.

Það var einkennileg röksemdaleiðsla, sem hann kom með í því sambandi. Fyrst mælti hann á móti símalagningunni, af því að efni til símanna væri nú svo dýrt. Þetta kann að hafa við nokkur rök að styðjast. En svo nauðsynlegt gæti þó verið að leggja símana, að ekki væri í það horfandi, þó að þeir yrðu nokkru dýrari en áður. Og illa gengur það í mitt ferkantaða höfuð, að efni til símanna hafi að eins hækkað í verði, en ekki efni til brúarinnar. Mjer skilst að þessi mikla brú verði ekki gjörð úr röftum, heldur muni þurfa eitthvað af járni í hana. Og járn hefir hækkað í verði. Þessar röksemdir eiga því eins við brúna og við símana. Það kann að vera rjett, að þessir símar borgi sig ekki eins vel og þeir símar, sem áður hafa verið lagðir. En hitt mun og vera jafn rjett, að mjög vafasamt sje, hvort Jökulsárbrúin borgi sig, fjárhagslega sjeð.

Háttv. þm. (S. E.) bar kviðboga fyrir því, að ef byrjað væri á að veita fje til síma, þá mundu fleiri símakröfur koma á eftir. En jeg gæti líka hugsað mjer, að þegar 78 þús. kr. hafa verið samþyktar til brúar hans, þá kæmu fleiri brýr hjer undir atkvæði. Sú hætta fylgir báðum fyrirtækjunum jafnt. — Enginn má skilja orð mín svo, að með þessu sje jeg að berjast á móti brúnni. Jeg er að eins að sýna hvernig háttv. þm. (S. E.) berst fyrir henni.

Það er rjett, að þingið hefir lofað Jökulsárbrúnni, með því að samþykkja

lög um hana, en úr því að háttv. þm. (S. E.) hefir opin augun fyrir því, þá er ekki nema sanngjarnt, að ætlast til þess af honum, að hann hafi líka opin augun fyrir því, að þingið hefir einnig lofað símanum, sem jeg fer fram á. Frv. um hann tók jeg aftur í fyrra, eingöngu fyrir það, að loforð var gefið um að leggja hann á árinu 1916. — Þá gat háttv. þm. (S. E.) þess, að um 40 manns hefðu drukað í Jökulsá, svo að menn vissu. Það er síður en svo, að jeg vilji gjöra lítið úr þessu; jeg tel það mikið tjón, og afarmikið. En mjer skilst það ekki meira tjón, að menn drukni en að þeir deyi af öðrum ástæðum. Nú hefi jeg tekið það fram áður, að sími sá, er hjer um ræðir, mundi gjöra mönnum miklu hægara með að ná í lækni, og orðið, með því móti, til þess að bjarga mörgu mannslífi. Þess vegna gæti jeg endurtekið þann viðkvæma kafla úr ræðu hans, sem var um þetta atriði, og snúið honum upp á símann með fullum rjetti. Jeg er ekki að vjefengja það, sem hann sagði. Jeg er að eins að minna hann og aðra á, að símamálið hefir sömu hliðarnar.

Þá kem jeg að lögskýringu þingmannsins (S. E.). Hann ætlaði að finna heimild til að brjóta önnur lög með fjárlögunum. Sú lögskýring er röng. Og það hygg jeg að hann viti, því að mjer er nær að halda að hann hafi haldið þessu fram í spaugi. Í 7. gr. símalaganna stendur: »Þá er lokið er lagning og kaupum á talsímum og talsímakerfum o. fl. samkvæmt 5. gr., skal kaupa og leggja talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks teljast, og enn fremur aukaþræði í eldri línur, eftir því sem nauðsyn krefur«. Það sjá allir, sem íslenskt mál kunna að lesa, að orðin, »sem nauðsyn krefur«, eiga að eins við aukaþræði í eldri línum, þó að háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) þykist ekki skilja það. Hitt liggur í hlutarins eðli, að alt af er nauðsyn á á að leggja 3. flokks síma, meðan þeir eru ólagðir. Annars hefðu þeir ekki verið lögskipaðir. Mjer þykir alveg auðsætt, að háttv. þm. (S. E.) hefir látist misskilja þetta af gletni, til þess að geta látið sýnast svo, sem hann hefði einhverja ástæðu fram að bera, til þess að fella niður símana. En sú ástæða er ekki frambærileg, eins og allir sjá. Í 7. gr. símalaganna stendur enn fremur: »Að jafnaði skal fje til þessara framkvæmda þó veitt í fjárlögum, og þar þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi hjeraði«. Í þessu er fólgin sönnun beint á móti skoðun þingmannsins. Hjer er gjört ráð fyrir, að taka megi afganginn af rekstursskostnaðinum og verja honum til 3. flokks síma, án þess að taka það upp í fjárlögin. Það er dregið inn í fjárlögin til þess eins, að ná ákveðnu tillagi frá hlutaðeigandi hjeruðum. — Jeg skal enn taka það fram, og halda því fast fram, að ekki er leyfilegt að breyta öðrum lögum með fjárlagaákvæði. Það væri að sínu leyti eins og ætla sjer að afnema vegalögin, t. d. með því að ákveða í háskólalögunum eitthvað, sem færi í bága við þau. Jeg skal ábyrgjast, að það eru færri lögfræðingar í heimi þessum, sem líta á það mál öðruvísi en jeg. Og jeg spái því, að hjer fari sem oftar, þegar mig hefir greint á við lögfræðinga þingsins, að það sannist síðar, að mín skoðun reynist rjett, en ekki þeirra.

Eggert Pálsson: Jeg get strax lýst því yfir, að jeg verð ekki langorður. Enda gjörist þess ekki þörf, því að háttv. frsm. fjárlaganefndar (P. J.) hefir lýst afstöðu hennar, bæði gagnvart brtt. nefndarinnar sjálfrar og hinum ýmsu brtt. annara, sem fram hafa kom-

ið við þenna kafla fjárlaganna, sem fyrir liggur til umræðu, þ. e. 13. og 14. gr. Jeg mun sýna það við atkvæðagreiðsluna, að jeg mun fylgja nefndinni í langflestum efnum.

Aðallega verður það ein undantekning, sem jeg verð að gjöra í því efni. Er það viðvíkjandi brtt. á þgskj. 410, þar sem farið er fram á fjárveitingu til brúargjörðar á Jökulsá á Sólheimasandi. Um hana verð jeg að greiða öðru vísi atkvæði en flestir samnefndarmenn mínir. Er það bæði sannfæring mín og skylda, sem býður mjer það.

Við þingmenn Rangæinga, ásamt háttv. þm. V.-Skaft. (S. E.), sendum fjárlagan. skriflega beiðni um að taka upp í fjárlögin fjárveitingu í þessu skyni. Meiri hl. nefndarinnar gat ekki orðið við þeim tilmælum. Hygg jeg að þar hafi meira ráðið ótti við yfirvofandi fjárskort landssjóðs, heldur en að menn hafi ekki viðurkent þörfina, sem hjer var fyrir hendi. Enda hefir þingið áður samþykt lög um brúargjörð á Jökulsá, og þar með viðurkent nauðsynina á því fyrirtæki. Verður ekki frá þeirri viðurkenningu gengið, og brúin hlýtur að verða bygð fyrr eða síðar. Hjer veltur að eins á því, hve nær fyrirtækið verður framkvæmt.

Meiri hl. nefndarinnar leit svo á, að ekki væri tiltækilegt að ráðast í þetta stórvirki á næsta fjárhagstímabili. Þar sem jeg meðfram hlaut að ganga inn á þá skoðun meiri hl. nefndarinnar, að útlit væri fyrir, að þröngt yrði í búi landssjóðs, þá gat jeg ekki fylgt þessu máli fram með þeim krafti, sem jeg hefði gjört, ef jeg hefði sjeð, að nægilegt fje yrði fyrir hendi. En þar sem brtt. á þgskj. 410 er svo orðuð, að fjárveiting sú, sem þar er farið fram á til brúargjörðarinnar, kemur því að eins til útborgunar, að nægilegt fje sje fyrir hendi, þá er auðsætt, að það getur ekki haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhag landssjóðs, þó að hún yrði samþykt. Get eg því með góðri samvisku greitt atkvæði með henni.

Háttv. þm. V.-Skaft. (S. E.) hefir sýnt fram á það, að samgöngur milli stórra hjeraða byggjast á því, að hægt sje að komast yfir þessa á. Talsverður hluti Rangárvallasýslu verður að sækja til Víkur til aðdrátta. Auk þessa liggur aðalpóstleið yfir ána, og hefir hún oft orðið póstum mikill farartálmi. Það hefir oftsinnis komið fyrir, að Skaftfellingar hafa þurft að liggja meira en viku með fjárrekstra sína við ána. Það hagar nefnilega svo til, að engin tök eru á því að komast yfir hana, ef hún er á annað borð óreið á vanalegri leið. Því er svo farið með flest ef ekki öll önnur vatnsföll hjer á landi, að einhversstaðar er hægt að komast yfir þau, á ferju við upptök, eða á fjöru. En sje Jökulsá óreið, verður engum yfir hana fært, hvorki á ferju nje á jökli, og allra síst á sjó fyrir framan mynni hennar. Allir verða að setjast þar kyrrir fyrir, sem þeir eru komnir.

Háttv. þm. V.-Skaft. (S. E.) hefir skýrt frá því, hve mörgum mönnum, sem menn vita um, áin hefir orðið að bana. En hins vegar má ganga að því sem gefnu, að hún hefir banað óbeinlínis fleirum en sögur fara af, og á eftir að bana mörgum, ef engar skorður verða við því reistar. Áin rennur í gegn um læknishjerað, og oft getur svo farið, að ekki náist til læknis, þótt ítrasta neyð kalli að.

En það, sem gjörir það mest að verkum, að jeg greiði atkvæði með þessari fjárveitingu, þrátt fyrir þröngan fjárhag, er aðallega viðaukinn við tillöguna, að ekki verði lagt út í fyrirtækið, ef fjárhagurinn sje örðugur, vegna ófriðarins eða annara orsaka. Þessi tillaga gjörir það að verkum, að engin hætta er á því, að landssjóði verði hleypt í

nein vandræði. Raunar hefi jeg ekki mikla trú á því, að hagurinn verði svo glæsilegur, að hægt verði að ráðast í fyrirtækið, en þó er ekki loku fyrir það skotið, að betur geti rætst úr en á horfist, og þá tel jeg það vel farið, að því fje, sem afgangs verður, verði varið til einhvers nytsemdarfyrirtækis, svo sem til að brúa þessa á. Hins vegar skal jeg kannast við það, að betur hefði farið á því, að upphæðin hefði verið sett á síðara árið, vegna þess, að ekki verður um það sagt fyrra árið fyrir fram, hvort fjárhagurinn verði svo örðugur, að ekki sje hægt að leggja út í fyrirtækið. En þetta gjörir í sjálfu sjer ekki mikið til, vegna þess, að verði tillagan samþykt, þá er hægur vandi, að flytja upphæðina yfir á síðara árið við 3. umræðu.

Sigurður Eggerz: Jeg skal ekki vera langorður. Það eru að eins örfá orð út af athugasemdum háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann sagði, að jeg mundi hafa komið fram með breytingartill. mína við símaliðinn, til þess að friða samviskuna. Jeg vildi fella fjárhæðina burtu, til þess að jafna upp tillagið til Jökulsárbrúarinnar.

Háttv. þm. Dalamanna fer hjer ekki með rjett mál. Það er órjettmætt af honum að gjöra mjer slíkar getsakir, sjerstaklega þar sem jeg í ræðu minni færði óræk rök fyrir því, hvers vegna jeg vildi fella burtu fjárveitinguna til símanna. Það sjest líka á athugasemd nefndarinnar við liðinn, að hún er mjer sammála um það, að símarnir megi fremur sitja á hakanum en margt annað.

Jeg hefi tekið það fram áður og get gjarnan endurtekið það, að ein af ástæðum mínum fyrir þessari brtt. var sú, hve alt efni til símalagninga væri dýrt núna. Háttv. þm. Dal. (B. J.) segir, að hin sama ástæða sje fyrir hendi með Jökulsárbrúna. Þessu er því að svara, að sú athugasemd er gjörð við brtt., að verkið skuli ekki framkvæmt, ef fjárhagsörðugleikar sjeu fyrir hendi, og sýnist stjórninni, að brúarefnið muni verða miklu dýrara en endranær, þá býst jeg ekki við, að verkið verði gjört. Hann efaðist um það, að verkið mundi borga sig. Þó ekki væri litið á annað en þau mannslíf, sem stendur hætta af brúarleysinu, þá hygg jeg að sparnaðurinn á þeim útgjaldalið mundi margborga brúna, jafnvel þótt litið sje á málið köldum fjárhagsaugum eingöngu.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) hneykslaðist á skýringu minni á 7. gr. símalaganna. Jeg fæ ekki annað sjeð en að 3. flokks síma þurfi ekki að leggja, nema nauðsyn krefji. Jeg las greinina upp áðan og sýndi fram á það, að orðið »nauðsyn« hlyti að eiga við hvorttveggja, lagninguna og viðgjörðina. En hvort þessi nauðsyn sje fyrir hendi, verður auðvitað Alþingi að meta. Jeg álít hana miklu meiri í öðrum efnum, þar sem flest hjeruð landsins hafa þegar fengið síma.

Jeg býst því miður við því, að þessi tillaga mín verði feld, en þá er það spá mín, að allmargir símar verði komnir inn í fjárlögin, áður en þau eru farin út úr þinginu. Jeg hygg þá, að bæði jeg og háttv. þm. Dal. (B. J.) þurfi að athuga, hvort ekki muni jafn rjettmætt að fara fram á einhverjar símalagningar fyrir okkar eigin kjördæmi og þær, er í frumv. standa. Og jeg býst við, að svo verði um fleiri, ef brtt. mín verður feld. Verði það aftur á móti ofan á, að fella þennan lið burtu, þá er miklu hægari aðstaðan fyrir háttv. þm. gagnvart kjördæmum sínum á eftir.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að skýring mín á 7. gr. símalaganna væri sögð í spaugi. Þetta eru eins og hverjar

aðrar getsakir hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), en svo framarlega sem það er rjett, að greinin eigi að skiljast á þá lund, að ekki sje hægt að fresta símalagningum, þá hefir þingið í hendi sjer að gjöra ráðstöfun, er lögheimili undantekningu undan þessari grein. En þar sem hann sagði, að ekki mætti nota þetta fje til annars en símalagninga, þá er það jafnt stílað til háttv. nefndar og athugasemdar hennar um þennan lið.

Jeg hefi ekki frekara að segja. Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) hefir talað svo vel og ljóst um nauðsyn Jökulsárbrúarinnar, að jeg hefi þar engu við að bæta.

Jón Jónsson: Það eru að eins örfá orð út af brtt. okkar háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) um hækkun á fjárveitingunni til brúarinnar á Miðfjarðará. Mjer virðist að landssjóður geti ekki, sóma síns vegna, mótmælt því, að standast einn kostnaðinn af þessari brú, þar sem því í fyrsta lagi var slegið föstu á þinginu 1913, að hann ætti að standa straum af byggingu hennar að $^2/_3$ hlutum, og þar sem hún eyddist vegna þess, að landsverkfræðingurinn, sem hana átti að byggja, gat ekki verið við verkið, og maður, sem ekki hafði fullkomna þekkingu, var látinn fjalla um það.

Hæstv. ráðherra sagði, að þessi brú lægi á sýsluvegi. En það breytir engu í þessu máli eins og það nú liggur fyrir, enda hefir það oft átt sjer stað, að landið hefir bæði styrkt og jafnvel bygt að fullu sumar brýr á sýsluvegum, eins og t. d. í Þingeyjarsýslu. Þetta væri því ekkert einsdæmi, jafnvel þótt öðru vísi stæði á en jeg hefi skýrt frá. Öll sanngirni virðist líka mæla með því, að sýslur þær, er afskektar eru og engar aðalpóstleiðir liggja um, fái eitthvað af vegafje landsins.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að það væri sjálfsagt, að þingmenn bæru fram allar fjárbænir kjósanda sinna, hvernig sem á þeim stæði. Hann hefir breytt svikalaust eftir þessari reglu, enda er það kunnugt, að hann hefir greitt atkvæði með flestum þeim fjárbænum, er til þingsins hafa komið. Þettu sýnir brjóstgæði háttv. þm., en ekki þroska hans eða varfærni í fjármálum að sama skapi.

Hann talaði um þessa brú í sambandi við brýr þær, er hann ber fyrir brjóstinu nú. En hann var nú einu sinni svo óheppinn, að þingið vildi láta þessa brú ganga fyrir, og eins og venja er til, þá getur landssjóður ekki kipt að sjer hendinni með fyrirtæki, er hann hefir einu sinni tekið á sínar herðar. Jeg er ekki að álasa háttv. þm. Dal. (B. J.) sjerstaklega, þótt hann vilji gjöra kjósendum sínum til geðs. En hann vill verða við óskum allra kjósanda í landinu, en það er óðs manns æði að hugsa sjer slíkt. Landssjóður færi undir eins á höfuðið, ef sú stefna yrði ofan á í þinginu.

Það er ekki ólíklegt, að háttv. þm. Dal. (B. J.) fari nú á næstu þingum að koma fram með fjárbænir fyrir vinnukonurnar í Dölum, sem nú hafa fengið kosningarjett, t. d. til þess, að þær geti fengið sjer álnavöru í dýrtíðinni. Annars álít jeg það varlegra af háttv. þm. að koma ekki með margar fjárbænir, ef þeim er alvara með að afstýra miklum tekjuhalla. Reynslan er sú, að það gjörir þá veikari í mótstöðunni gegn fjárbænum annara, ef þeir eru sjálfir heimtufrekir. Jeg heyri það á háttv. þm. Dal. (B. J.), að hann ætlar nú að fara að bæta ráð sitt og vera á móti fjárveitingum. Jeg álít hann meiri mann eftir en áður fyrir það, en auðvitað er ekki ennþá sjeð, hvernig hann efnir þetta.

Benedikt Sveinsson: Jeg er svo heppinn, að jeg á enga brtt. við þenna hluta fjárlaganna. Þó ætla jeg að minnast á örfá atriði í brtt. þeim, sem fram hafa komið.

Skal jeg þá fyrst snúa mjer að brtt. háttv. þm. N.-M. (J. J. og B. H.) um brúna á Miðfjarðará. Mjer virðist krafa þingmanna sýslunnar í þessu efni vera á fullum rökum bygð. Jeg verð að telja það sjálfsagt, þegar um slík mannvirki er að ræða, sem landið leggur í, að verkfræðingar þess eigi þar hlut að máli og ábyrgist, að verkið sje tryggilega gjört. Jeg býst ekki við, að verkfræðingarnir geti borið þessa ábyrgð upp á eigin spýtur, og verður landið því að gjöra það fyrir þeirra hönd. Það er því síður ástæða til þess að láta þetta slys koma niður á sýslunni, sem verkfræðingur var varaður við að hafa brúna á þessum stað, en hann treysti betur sínu bókviti, sem hann hafði fengið suður í Kaupmannahöfn, heldur en þekkingu kunnugra manna til staðhátta. Síðan er bætt gráu ofan á svart með því að kenna verkstjóranum um slysið, sem ekkert hafði annað gjört en farið eftir forsögnum verkfræðingsins og þeim fyrirskipunum, er honum höfðu verið gefnar. Hann rjeð auðvitað engu um brúarstæðið.

Jeg vil nota tækifærið til þess að drepa á umkvartanir manna um það, að ráðstafanir verkfræðinganna sjeu margar af alt of miklu einræði gjörðar. Þeir fara um staðina um hásumar, þegar alt er þurt, og gjöra svo ákvarðanir sínar eftir því, án þess að skeyta ráðum eða frásögnum kunnugra manna um það, að þarna sjeu forarflæði vetur, vor og haust. Svo hefir það verið víða, t. í Mýrasýslu. Vegirnir eru ófærir nema um hásumarið, liggja undir fönn á vetrum, en eru ein forarleðja og ótræði vor og haust; skurðirnir með fram þeim barmafullir af vatni, sem ekki verður veitt burtu, en flóir stundum upp á sjálfa vegina og jafnvel yfir þá. Viðhald alt verður miklum mun dýrara og erfiðara, þegar vegirnir eru svona gjörðir í upphafi, eins og nærri má geta. Það er því engin furða, þótt sífeldar kvartanir heyrist úr hjeruðum um það, að þurfa að halda vegunum við. Þetta hafa skynsamir, gætnir og glöggir menn sagt mjer, og margt hefi jeg eigin augum litið, sem er svo alvarlegt, að jeg taldi sjálfsagt að vekja máls á því, ef vera mætti, að bót yrði ráðin á því framvegis. En það er ekki von að betur fari, þar sem þeir menn, er fyrir verkunum standa, hafa ekki annað við að styðjast en danskar bækur, sem þeir hafa lesið suður í Kaupmannahöfn og treysta eins og nýju neti.

Menn þurfa að hafa reynslu samfara bókaþekkingu, vita hvernig til hagar um jarðveginn á öllum tímum árs og kynna sjer, hvernig snjóa leggur á vetrum. Það er ekki lítið í húfi hjer. Jeg gæti nefnt ýms dæmi, þar sem peningum er sama sem kastað á glæ á þenna hátt, t. d. brúna á Gljúfrá í Borgarfirði. Þar hagar svo til, að byljirnir kemba stórfenni yfir veginn að henni og brúna sjálfa á vetrum, svo að hún er lítt fær eða ekki, og stafar það eingöngu af því, að ekki var tekið til greina það, sem kunnugir menn sögðu um brúarstæðið. Jeg vildi benda á þetta í sambandi við brúna á Miðfjarðará. Slysið þar ætti að verða stjórninni eftirminnileg ráðning og verða til þess, að slík verk verði unnin af meiri þekkingu á staðháttum hjer eftir, heldur en stundum hefir þótt brenna við.

Í þessum kafla fjárlaganna er allur bálkurinn um samgöngur á sjó, en hann liggur ekki fyrir nú, því að strandferðanefndin hefir eigi gengið frá tillögum sínum og ekkert álit frá henni komið.

Þessi kafli verður því að bíða til þriðju umræðu. Það er allilt, því að hjer er um einna mikilvægasta kafla fjárlaganna að ræða, sem tæplega er forsvaranlegt að hafa ekki nema eina umræðu um. Þau mál, er undir hann heyra, snerta öll hjeruð landsins að meira eða minna leyti, og er því nauðsynlegt, að þau sjeu rædd ítarlega.

Jeg get því ekki talað um þenna kafla að þessu sinni, en vil þó drepa á eitt atriði og treysti því, að þeir, sem í nefndinni eru, taki til greina tillögur frá kunnugum mönnum Jeg skal benda á það, að samkvæmt frv. eru bátnum á Eyjafirði ætlaðar 3500 kr., en á síðasta þingi voru veittar til hans 9000 kr. Það er athugandi, að þessi bátur var ætlaður til strandferða *norðanlands*, alla leið norður um Raufarhöfn, Kópasker og Þórshöfn. En skaði mikill væri það þessum stöðum og hjeruðum, ef ferðir þessar eiga nú að leggjast niður og ekki koma þá aðrar skipaferðir í staðinn.

Þótt styrkurinn, sem er í gildandi fjárl., 9000 kr., sje í lægra lagi, mundi þó, ef til vill, mega bjargast við hann.

Jeg bendi á þetta til þess, að nefndin athugi, að hjeruðin verði ekki svikin um samgöngur, sem þau hafa haft, nema þá að annað komi í staðinn, t. d. strandferðir verði bættar að sama skapi.

Tillögurnar um símana virðast eiga örðugt uppdráttar. Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir rakið það mál rækilega. Það er öllum kunnugt, að afgangur af símatekjunum á að ganga til þess að gjöra nýja síma. Fyrra árið eru ætlaðar til símalagninga 28,500 kr. Símatekjur þar á móti áætlaðar 195 þús. kr. Þótt nú frá þessari upphæð sje dreginn rekstursкostnaður, afborgun og vextir af lánum til síma, er þó sýnilegt, að drjúg fúlga verður eftir um fram þessi 28,500 kr., og mundi nægja til þess að leggja þá síma, sem frumvörp komu fram um í fyrra að leggja, frá mjer og fleirum, en hafnað var þá, með beinu loforði þó um, að þeir skyldu teknir í fjárlög nú og lagðir 1916.

Jeg skal sjerstaklega snúa mjer að athugasemd nefndarinnar við símana. Þar er stjórninni heimilað að fella niður algjörlega að leggja nokkurn síma og verja hinu lögboðna símalagningarfje, sem mjer telst muni vera 55 þús. kr., til annarra þarfa landssjóðs. En jafnframt er til skilið, að hjeruðin greiði venjulegt símafjárframlag. Þetta gjald hjeraðanna var stofnað með rangsleitni, en þá fyrst kastar nú tólfunum, þegar stjórninni er heimilað að svipta hjeruðin símum, sem landinu er skylt að leggja og beint hefir verið heitið að leggja á ákveðnum tíma. Jeg vona, að háttv. deild samþykki ekki þessa viðaukatill. nefndarinnar. Og þótt samþykt verði, ber jeg það traust til stjórnarinnar, að hún neyti eigi heimildarinnar. *Sjerstaklega* vona jeg, að hún verði svo hagsýn, að láta þetta að minsta kosti ekki bitna á Raufarhafnarsímanum. Næsta ár á að leggja síma frá Svalbarði til Húsavíkur, og þá liggur í augum uppi, að hagfeldast er að leggja þenna símastúf í sama bygðarlaginu á sama tíma, eins og lofað hefir verið. Með því mundi sparast mikið fje, ef báðir símarnir væru lagðir samsumars, en ekki sitt sumarið hvor. Verkamenn, verkfræðingar og áhöld öll væru þá við höndina. Mundi þetta leiða til hins mesta sparnaðar á flutningum og tíma. Auk þessa er þessi sími einn hinna nauðsynlegustu og mun skjótt gefa landssjóði góðan arð, sem sjá má af því, að útflutningsgjald af fiski og síld nam 10 þús. kr. árið sem leið á Raufarhöfn.

Þá sný jeg mjer að 14. gr. Þar verður fyrst fyrir mjer tillaga nefndarinnar, um að lækka styrk til bókakaupa í

Háskólanum úr 2000 kr. niður í 1800 kr. Þar þykir mjer nefndin í meira lagi nánasarleg, og hefði þótt betur við eiga, að ráðist hefði verið á einhvern lið, sem um hefði munað. Þess er að gæta, að svo ung stofnun, sem Háskólinn er, getur beðið hinn mesta hnekki við brest á bókum, og yfirleitt má segja það um bókasöfn hjer, að þau sjeu harla ófullkomin, svo að vart er við unandi. Eindæmum sætir, er ekki fæst hjer í bókasafni Alþingis rit eins og Andvari, svo að menn verða að hafa þau rit með sjer að heiman, ef nota vilja. Þetta kom fyrir í nefnd á dögunum, að alls ómögulegt reyndist að ná í eitt hefti af Andvara, og má ekki svo vera, að slíkar bækur vanti.

Þá leggur nefndin til, að lækka styrkinn til útgáfu kenslubóka Háskólans. Jeg þarf varla að fara mörgum orðum um, hver vandræði það eru, hver brestur er á kenslubókum hjer í landi, og hve leitt það er, skaðlegt og óhentugt, að unglingar nemi fræði sín af dönskum. Öllum er það ljóst, að bæði er þetta plága fyrir nemendur, að þurfa að basla við útleggingar úr erlendum tungum, til þess að geta numið fræði sín, og eyða í það óþarflega miklum tíma, en einkanlega eyðir þetta eða spillir smekk fyrir fögru máli. Því er nauðsynlegt, að námsbækur vorar sje á íslensku, einkum upphafsbækur í námi. Íslendingar eru námfúsir menn, en útlendar bækur koma ekki alþýðumönnum, þeim er nema vilja, að haldi, en með kenslubókunum dreifist þekkingin um landið. Það hefði jafnvel verið þörf á að veita meira fje til íslenskra kenslubóka og launa betur, til þess að hæfir menn fengist til að semja þær.

Það hefir verið talað um styrk til húsmæðraskóla á Akureyri. Jeg skal ekki fara neitt út í þá sálma, hvort rjett sje að hafa skólann þar eða í sveit, en um það er mjög deilt, og flestir eða allir þeir, sem mest hafa um það mál fjallað, telja hentara, að slíkur skóli sje í sveit. En meðan ekki er skorið úr því, að skólinn skuli vera á Akureyri, og eins líklegt, að hann verði settur annarstaðar áður langt um líður, þá finst mjer mjög misráðið, að veita fje til þess að reisa skólahús á Akureyri. Slíkt getur ekki komið til tals að svo vöxnu máli.

Loks sný jeg mjer að hækkun á styrk til kvennaskólans í Reykjavík. Mjer þykir viðurhlutamikið að hækka þenna styrk sífelt. Alt það, sem lært er í skóla þessum, má læra í öðrum skólum hjer, og því sýnist rjetta leiðin vera sú, þar sem nú er komið jafnrjetti milli karla og kvenna, svo að konur geta sótt alla skóla, að láta þann styrk minka smátt og smátt, en hvergi vaxa.

Sigurður Sigurðsson: Fjárlaganefndin hefir ekki frekar en að undanförnu fengið einróma lof fyrir tillögur sínar. Hún hefir af sumum þótt íhaldssöm og varfærin og verið borið á brýn, að henni hafi verið mislagðar hendur. Jeg hjelt, að nú væru þeir tímar, að ekki væri með rjettu ástæða til að brigsla nefndinni eða einstökum þingmönnum um það, þótt þeir og hún vilji spara með tillögum sínum. Eða hver er þá meiningin með skrafinu, sem sífelt klingir um, að dýrtíð sje í landinu? Einhver sagði í dag, að ekki væri víst, nema stríðinu yrði bráðlega lokið. Þetta segja menn, þegar þeir vilja fá þingið til þess að sinna fjárkröfum sínum. En satt er það, að enginn veit, hvenær stríðinu ljettir af; það getur staðið eitt til tvö ár enn, eins og Englendingar hafa spáð, og það getur ef til vill staðið lengur.

Einhver háttv. þm. sagði, að nefnd-

inni væru mjög mislagðar hendur, að því leyti, að hún vildi sumstaðar spara of mikið, en aftur væri hún á öðrum sviðum of örlát. Öllum getur yfir sjest. — Jeg er ekki frá því, að t. d. í 15. gr. mætti draga talsvert úr tillögum nefndarinnar.

Hæstv. ráðh. kom með þau skilaboð frá Krabbe verkfræðingi, að hann væri óánægður með athugasemd þá, er fjárlaganefndin hefir sett við aðstoðarverkfræðing hans. Þá athugasemd tók nefndin upp eftir tilmælum landbúnaðarnefndar. Nú er þess að gæta, að laun aðstoðarverkfræðings voru hækkuð í stj.-frv. úr 2000 kr. upp í 2500 kr. Hins vegar var fjárlaganefndinni ekki kunnugt um, að starf hans væri svo mikið, eða tími hans takmarkaður, að hann gæti ekki sint þessu, er ræðir um í athugasemdinni. Athugasemdin er á þá leið, að aðstoðarverkfræðingur vitamálaverkfræðingsins sje jafnframt skyldur til að veita einstökum mönnum ókeypis leiðbeiningar um rafmagnsveitu til heimilisnota. Þetta var afar þýðingarmikið og nauðsynlegt. Og þessu ætti aðstoðarverkfræðingurinn að geta sint, og jeg tel víst, að honum hljóti að vera það ljúft. Jeg vona því, samkvæmt þessu, sem jeg hefi nú sagt, að þessi athugasemd fái að standa, þrátt fyrir skilaboðin, sem hæstv. ráðherra kom með frá Krabbe.

Þá vil jeg minnnast á styrkinn til bókakaupa við Háskólann og styrkinn til útgáfu kenslubóka við sama skóla. Hæstv. ráðherra var mjög óánægður yfir tillögum fjárlaganefndarinnar í þeim efnum. Jeg skal kannast við, að sparnaðurinn á þessum liðum er ekki stórvægilegur, það munar ekki mikið um hverjar 100 kr. En þegar þarf að spara á annað borð, þá verður að klípa af öllu miður nauðsynlegu, og því, sem má fresta. Fyrir okkur vakir að spara fyrst og fremst þau útgjöld, sem við álítum að megi bíða um sinn, og er þetta eitt af þeim.

Hvað vegina snertir, þá vil jeg geta þess, að það voru þyngstu spor nefndarinnar, er hún sá sig nauðbeygða til að klípa af þeim styrk, er áætlaður hafði verið til ýmsra vegakafla. En í þessu efni, sem öðru, gildir hið sama, að nauðsyn brýtur lög. — Hjer hafa komið fram tillögur um að veita fje til að brúa Kjallaksstaðaá og Hamarsá. Jeg get ekki sjeð, að aðkallandi nauðsyn sje á að brúa þessar ár, síst Hamarsá, sem er lítið stærri en meðal bæjarlækur. Það eru margar ár á landinu, sem meiri nauðsyn er á að brúa en hana, ár, sem eru miklu vatnsmeiri og verri yfirferðar en hún. Fyrir því verður að fresta að brúa þessa á og báðar árnar að þessu sinni.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) talaði mörg fögur orð í sambandi við brúna á Jökulsá á Sólheimasandi. Hann skaut því til mín, hvort Skaftfellingar væru ekki góðir búmenn og jarðarbótamenn, og skal jeg með ánægju votta, að svo er. En mjer er ekki vel ljóst, hví þm. var að blanda búskap Skaftfellinga inn í þetta mál. Það sem skiftir mestu máli, frá mínu sjónarmiði, er það, hvort brúin á Jökulsá muni geta staðið og þannig komið að gagni. Mjer hafa sagt skýrir og kunnugir menn, sem jeg hefi átt tal við um þetta mál, að þeir álíti, að brú, sem kostaði 20—30 þús. kr., myndi geta staðið jafn vel og eins lengi og sú brúin, sem kostaði 78 þús. kr. Ef hlaup koma í ána, þá yrði, að skoðun þessara manna, hvorritveggja brúnni jafn hætt. Á þetta vildi jeg benda, til þess að vekja athygli manna á því, að þetta mál er ef til vill ekki enn rannsakað svo sem skyldi.

Þá skal jeg víkja fáeinum orðum að símunum. Háttv. þm. N.-Þing. (B. S.)

þótti við nefndina, fyrir uppástunguna um að *fresta lagningu nýrra síma*, svo framarlega sem sýnilegt væri, að tekjur landsjóðs hrykkju ekki fyrir útgjöldunum. — Jeg lít svo á, að þetta sje bæði sanngjarnt og sjálfsagt. Nú er alt efni til síma mjög dýrt, og er þá sjáanlegt, að það er beinlínis »praktiskt« að fara hjer eftir tillögum nefndarinnar og heimila að fresta lagningu nýrra síma, meðan svo er ástatt.

Jeg gleymdi áðan einni athugasemd í sambandi við aðstoðarmann vitamálaverkfræðingsins. Athugasemdin á reyndar ekki frekar við hann en aðra starfsmenn landsins. Mjer finst það vera mjög óviðkunnanlegt, þegar þeir, sem hafa föst laun, heimta *aukaborgun* fyrir flest eða alt, sem þeir gjöra, ef þeir ekki telja það beint skyldu sína, og jafnvel hvort sem er. Mjer finst það helst til langt gengið. Og yfirleitt má segja að peningagræðgi sumra starfsmanna landsins gangi hneyksli næst.

Þá er eitt atriði enn, sem jeg vildi minna á. Það er um styrkinn til húsabóta á Bergsstöðum í Svartárdal. Mjer finst það mjög einkennilegt, að háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) skuli koma fram með slíka tillögu, annar eins sparnaðarmaður og hann þykist vera. Jeg skal minna á það, að það hefir verið farið með þetta mál inn á þingið alveg á bak við stjórnina, og án þess að leita álits hennar. Það má ekki minna vera, en að hún fái að segja álit sitt um málið. Að öðru leyti skal jeg geta þess, að seinast þegar jeg kom að Bergsstöðum, þá voru þar ekkert verri húsakynni en alþýða manna á jafnaðarlegast við að búa.

Um hússtjórnarskólabygginguna á Akureyri ætla jeg ekki að tala mikið. Að eins vil jeg geta þess, að sje skólanum ætlað að vera húsmæðraskóli fyrir Norðurland alt, þá ætti hann ekki, að mínu áliti að vera í kaupstað. Mjer virðist síst vera ástæða til að fjölga kaupstaðaskólunum, úr því sem komið er. Það hefir enda of mikið verið gjört að því, að flytja skólana úr sveitunum og í kaupstaðina, og skal jeg því sambandi minna á Möðruvallaskólann, sem illu heilli var fluttur til Akureyrar. Svo framarlega sem þetta á að vera skóli fyrir húsmæður í sveitum, þá á skólinn vitanlega að vera á hentugum stað í sveit.

Einar Jónsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að lengja umræðurnar. En ummæli háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) gefa mjer tilefni til að standa upp. Það er svo ástatt, að nafn mitt er bundið við eina þá brtt., sem komið hefir fram hjer í deildinni. Sú tillaga er reyndar stór, en hún er samt sem áður ekki óþörf. Mjer þótti háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) tala af allmiklum ókunnugleik, þegar hann hjelt því fram, að hægt væri að brúa Jökulsá á Sólheimasandi fyrir einar 20 þús kr., og að sú brú geti gjört sama gagn eins og 78 þús. kr. brú. Jeg get vel búist við að þetta mál sje öllum svo ljóst, eftir allar þær upplýsingar og umræður, sem um það hafa komið fram að undanförnu, að ekki sje þörf á að skýra það frekar í þetta sinn. Þó vil jeg geta þess, fyrir þá, sem ekki hafa sjeð uppdrátt þann, sem gjörður hefir verið af hinni fyrirhuguðu brú, að svo er til ætlast, að steinstöplar verði bygðir sinn hvorum megin við hvern ál, og svo tengdir saman með steinbogum. Ef nú yrði bygð brú, sem kostaði 20 þúsund kr., þá nægði það einungis til þess að brúa einn einasta ál; hinir yrðu þá eftir sem áður óbrúaðir. Þetta væri auðvitað betra en engin brú, því venjulega er austasti állinn verstur og yrði

væntanlega brúaður fyrst, en þó er við það að athuga það, að slík brú kæmi að engu haldi, ef vöxtur væri svo mikill í ánni, að ófærir væru hinir grynnri álarnir. Það fá af þessu allir sjeð, að tal háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) um brú á Jökulsá fyrir 20 þús. kr. er ekki annað en fálm út í loftið; hún kæmi ekki að hálfum notum.

Annars hefi jeg litlu við það að bæta, sem háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) sagði um þenna lið fjárlaganna. Jeg er honum í öllum atriðum sammála. Áin, sem hjer ræðir um, er háski mikill öllum, sem yfir hana eiga að sækja; það vita allir, enda er það margviðurkent af þinginu, að þessi brúarbygging sje hið mesta nauðsynjamál. Hinu hefir verið haldið fram, að áin myndi taka af í stórhlaupum hvaða brú sem væri. Jeg sje ekki ástæðu til að óttast þetta svo mjög. Jeg býst ekki við, að steyptir steinstöplar standist öllu verr hlaup í ánni en steinar þeir, sem nefndir eru Stórusteinar, sem staðist hafa öll hlaup í ánni nú um marga áratugi, og eru þó ekki stærri um sig en svo, að ætlast mætti til, að vel væri kleift að hafa steypta stöpla jafn öfluga. Hefi jeg áður lýst þessum Stórusteinum og fleiri staðháttum við Jökulsá, og endurtek það ekki í þetta sinn.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál. Jeg veit það með vissu, að hver, sem greiðir atkvæði með brúnni, hann gjörir guði og samvisku sinni þægt verk. *(Hannes Hafstein:* Ekki guði, því þá fær hann færri menn en áður.). Jeg hefi aldrei heyrt það af guði, að manndráp væru honum þóknanleg, svo að brúin gæti verið honum til óþæginda.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Það er ekki hægt verk að svara í einu öllum þeim aðfinningum, sem fram hafa komið til nefndarinnar, enda mun nú þolinmæði margra á þrotum með að hlusta á menn skattyrðast hjer í deildinni. Jeg mun því hætta á að hafa svörin styttri en ræður þeirra háttv. þm., sem talað hafa, í þeirri von, að málstaður nefndarinnar sje betri en þeirra.

Það lítur svo út af máli margra, sem hjer hafa talað, að þeir hafi ekki lesið nefndarálitið, eða þá ekki athugað það, sem skyldi, því þeir virðast ekki hafa hugmynd um, hverjar ástæður liggja til sparnaðarstefnu fjárlaganefndarinnar í ýmsum greinum.

Jeg er hæstv. ráðherra þakklátur fyrir það, hve vel hann tók svari fjárlaganefndarinnar. Jeg tók ekki eftir að það væri nema á einum stað, sem skoðanir hans fóru í aðra átt en nefndarinnar. Það var um bókakaup Háskólans og fjárveitinguna til útgáfu íslenskra kenslubóka. Mjer fanst hann tala um það í hálfgjörðu skopi, að nefndin hefði ætlað að spara á fyrra liðnum 200 kr. Jeg vil benda hæstv. ráðherra á, að það hefir ætíð fjárhagslega þýðingu að spara, þótt ekki sjeu nema smámunir. Það hefir fjárhagslega þýðingu að spara öll óþarfa útgjöld, smá og stór.

Það er enginn vafi á því, að ef á annað borð á að fara að spara, þá má alveg eins spara á þessum bókakaupum eins og öðru. Jeg skal benda á það gagnvart því, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. S.) sagði um þetta mál, að á árinu 1914 fjekk Háskólinn yfir 7000 kr. til bókakaupa. Það var 1300 kr. meira en veitt var til bókakaupa í sjálfu landsbókasafninu. *(Bjarni Jónsson:* Og þótti engum mikið.). Af því að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir talað einna mest, held jeg að jeg verði að taka hann fyrir næst ráðherranum og víkja nokkrum orðum að ræðu hans. Jeg var nú búinn að tala um bókakaupin, en svo

kem jeg að útgáfu kenslubóka. Það, sem nefndin hafði fyrir sjer í tillögum sínum þar að lútandi, var það, að nú er einn duglegasti maðurinn við Háskólann, í að semja kenslubækur, forfallaður frá því starfi um lengri tíma og óvíst, hver kemur í hans stað, eða hvort hann verður fær um slíkt. Nefndin leit svo á, að ef hæfileg ritlaun yrðu borguð, myndi trauðla verða samdar öllu fleiri kenslubækur en svo, að þessar 2000 kr., sem veittar eru, hrykkju fyrir því. Jeg þarf svo ekki að svara fleiru upp á þetta. Þá mintist háttv. þm. Dal. (B. J.) á athugasemdina um aðastoðarmanninn við vitana. Því hefir háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) svarað svo greinilega, að jeg hefi eiginlega engu þar við að bæta. Það eru engir afarkostir, sem þessum manni eru settir, þótt ætlast sje til, að hann veiti örfáum mönnum ókeypis leiðbeiningu í að gjöra rafmagnsleiðslu til ljósa. Það yrði honum ekki að fjeþúfu hvort sem væri. Þótt hann taki jafnvel ekki neitt beinlínis aukreitis fyrir leiðbeiningu sína, veit jeg þess dæmi, að hann telur sig hafa hag af þessari tilsögn, því að hann útvegar öll tæki til þessara fyrirtækja. Hann hefir áður boðist til að veita þeim, sem pöntuðu hjá honum tækin, ókeypis leiðbeiningar og áætlanir, svo að jeg get ekki sjeð neina annmarka á því, að honum sjeu sett þessi skilyrði fyrir launahækkuninni. Þá mintist sami háttv. þm. á athugasemdina um unglingaskólana. Honum fanst það óþarft að vera að taka fjóra skóla út úr, til að veita þeim sjerrjettindi. Jeg skal geta þess, að þessi athugasemd hefir staðið að mestu leyti óbreytt í fjárlögunum áður. Tillaga sú, sem fjárlaganefndin ber fram í þessu efni, er að öllu leyti sniðin eftir tillögum fræðslumálastjórans, og nefndin gat ekki fengið neinn mann, sem lítur sanngjarnlegar á úthlutun þessa styrks heldur en hann. *(Bjarni Jónsson:* Verkin sýna merkin. Þetta sýnir bara, að maðurinn hefir ekki vit á málinu.). Fyrst og fremst hafa kaupstaðaskólarnir fastara skipulag, heldur en unglingaskólarnir úti um land, og í öðru lagi eiga þeir sitt eigið skólahús og hafa fullkomnari kröftum á að skipa.

Enn fremur mintist sami háttv. þm. á undanþágu þá, sem nefndin leggur til að gjörð verði um símafjeð, að stjórninni veitist heimild til að láta vera að leggja nýja síma, og megi nota fjeð til annarra þarfa. Hann telur, að til þessa þurfi að gjöra sjerstök lög, ef þau eigi að hafa gildi.

Nefndin talaði um þetta við ráðherrann, eftir að hún hafði athugað málið rækilega, og spurði hann, hvort hann myndi láta sjer nægja þessa athugasemd til að hegða sjer eftir, og kvað hann svo að orði, að svona lagaða athugasemd mundi hann telja nægilega. Jeg er ekki lögfræðingur, og hætti mjer ekki út í lagaskýringar, en læt mjer nægja fyrir nefndarinnar hönd að skírskota til þessa svars hæstv. ráðherra.

Jeg var víst búinn að svara upp á brtt. háttv. þm. Dal. (B. J.) um að hækka tillagið til símanna upp í 50,000 kr. fyrra árið.

Jeg hefi sagt það fyrir nefndarinnar hönd, að hún gæti ekki fallist á að hækka þessa fjárveitingu, síst fyrra árið. Frá mínu persónulega sjónarmiði hefði jeg ekkert á móti því, að þetta fje yrði sett svo hátt, sem landssímastjóri hefir ætlast til. Hann ætlaðist til að tekjuafgangurinn af símunum, sem áætlaður er 100000 kr., yrði notaður til símalagninga 1916, eins og sjest af brjefi hans til nefndarinnar. En jeg kannast ekki við, að um neitt loforð sje að ræða, enda er þetta brjef landssímastjórans ekki tæmandi, því að hann hefir gleymt

einum síma, sem átti að vera allra fyrsti síminn, sem lagður yrði, en það er síminn til Grenivíkur í Þingeyjarsýslu. Það er ekki ósennilegt, af því að jeg var flutningsmaður símafrumv. á sínum tíma, að jeg hefði ósköp hæglega getað komið þessum síma í 2. flokk, ef jeg hefði viljað hnotabitast um það. Jeg átti meira vald á því en aðrir, þar sem jeg var upphafsmaður að þessu máli. Jeg álít nú, úr því að þessi áætlun hefir raskast, að það verði að fela stjórninni að ráða fram úr því, hvaða símar eigi að verða fyrstir, og gjöri jeg þá ráð fyrir, að þessi sími í Dalasýslu, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) var að tala um, hljóti að verða með þeim allra fyrstu símum, sem lagðir verða.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) mintist á húsmæðraskólamálið. Jeg var ekki viðstaddur og heyrði ekki ræðu hans, en mjer var sagt, að hann hefði tjáð sig mótfallinn stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi, og sagt, að sjálfsagt væri að gjöra skólann á Blönduósi að húsmæðraskóla, ef á annað borð væri verið að hugsa um að stofna slíkan skóla fyrir Norðurland. Hann hvíslar nú að mjer, að hann hafi bætt við: nema ef upp kæmi myndarlegur skóli í Eyjafirði fyrir allar þrjár sýslurnar. Hann hefir þá haldið fram minni skoðun í þessu efni, og er jeg honum þakklátur fyrir.

Jeg er búinn að gjöra athugasemd út af tillögu háttv. þm. Húnv. (G. H.) um styrk til brúar á Hamarsá. Mjer finst að sú styrkbeiðni og sömuleiðis tillaga háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) um styrk til brúar á Ólafsfjarðarós hljóti að koma undir liðinn um sýsluvegi. Það er óneitanlegt, að það er ákaflega fallega gjört af Ólafsfirðingum að leggja fram fje, eins og háttv. þm. skýrði frá að þeir hefðu gjört, og undir flestum kringumstæðum myndu þeir hafa fengið styrk, ef það hefði að öðru leyti getað samrýmst tillögum nefndarinnar. Jeg gjöri ráð fyrir, að nefndin geti ekki greitt atkvæði með þessum styrkveitingum, þrátt fyrir ýmislegt, sem með þeim mælir.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) mintist á Stykkishólmsveginn. Það má vel vera, að það komi tilfinnanlega niður, að lækka þennan lið, en það er vitanlega svo alstaðar, þar sem styrkir eru lækkaðir eða þeim kipt í burtu. Hjer var um það að ræða, að taka annaðhvort þetta fje eða eitthvað annað, og jeg get ekki sjeð, að það hafi verið færðar ástæður fyrir því, að það væri svo afartilfinnanlegt að bíða eftir framhaldi þessa vegar í samanburði við aðra vegi, sjerstaklega þegar litið er til þess, að á þessum vegi frá Stykkishólmi til Borgarness hefir verið unnið meira að vegabótum en á nokkrum öðrum þjóðvegi á landinu á sama tímabili. Hann lagði svo mikla áherslu á þennan veg, að hann sagði, að jafnvel þótt Malarrifsvitinn fjelli, þá væri það ekki svipað því eins tilfinnanlegt og hitt, ef vegafjeð væri strikað út.

Þá mintist hann á Svartatangaljósið og sagði, að það ljós væri ekki fyrir höfnina í Stykkishólmi. Jeg veit ekki til, að slík ljós sjeu beint við þær hafnir, sem kosta þau. Gróttuvitinn er t. d. langt frá höfninni í Reykjavík, sem kostar hann, og eitthvað svipað mun það vera með Svartatangaljósið. Nefndin fór í þessu efni eftir tillögum umsjónarmanns vitanna, og mun hún halda fast við sína afstöðu til þessara mála. Hann talaði um, að það væri ýmislegt í fjárlögunum, sem nefndin hefði frekar getað sparað, heldur en þetta, sem hún hefir ráðist á. Jeg vildi óska, að þeir, sem hafa það fyrir augum að spara sem flest, hefðu komið beint til nefndarinnar, ellegar komið með brtt. um

að fella niður einstaka liði. Að vísu hafa tveir menn, eða sjerstaklega einn maður, komið fram með tillögur í sparnaðaráttina, en ekki hefir verið farið fram á, að neinu væri kipt burt af tillögum nefndarinnar, nema ef til vill einni.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mintist á vitana. Hann sagði eitthvað í þá leið, að það væri undarlegt, þegar stjórnin hefði tekið þessa vita upp í fjárlagafrumv. sitt, að þá skyldi fjárlaganefndin leggja til, að þeir yrðu feldir burtu. Mjer þótti þetta fremur undarleg umsögn hjá háttv. þm., því að vitanlega var það ætlun fjárlaganefndarinnar að reyna að spara eitthvað af því, sem í stjórnarfrumv. stóð, og rjeðst hún þá meðal annars á þetta. Hann sagði, að fjárlaganefndin ætti að meta þarfirnar og fara svo eftir því. Það er dálítið undarleg ráðlegging líka, því að nefndin hefir ekki gjört annað þessar 5 vikur, sem hún hefir setið á rökstólum, en að meta þarfirnar. Eigi að síður vill þm. að samkomulag geti komist á milli hans og nefndarinnar. Það er óneitanlega fallega hugsað, og það getur vel verið, að til samkomulags geti dregið, en jeg hefi ekki umboð til að lýsa yfir neinu í þessu efni fyrir nefndarinnar hönd.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) vill taka burtu fjárveitinguna til Langadalsvegarins, en fella tillögu nefndarinnar um Malarrifsvitann. Þetta gefur mjer tilefni til að minnast á þessa vegarlagningarhugmynd yfir Kolugafjall. Jeg veit ekki hvort þessi breyting er heppileg, en eitt skal jeg leyfa mjer að benda á, og það er það, að á meðan þessi breyting er ekki komin á, þá er ómögulegt að komast hjá því að hafa þennan veg eftir Langadalnum. Þessi umræddi vegur er alls ekki reiðfær, og miklu verri en hann hefir nokkru sinni verið, en skip geta þó siglt fyrir Snæfellsnes, án þess að reka sig á. *(Bjarni Jónsson:* Það fer líka margur um Langadalinn, án þess að fara ofan í). Þegar verið er að gjöra ráð fyrir að leggja veg yfir Kolugafjall, þá er þar um veg að ræða, sem enginn veit hvað kostar. Hann getur kostað 100 þúsund kr. eða meira. Tilfellið er, ef ekki er lagt fje til Langadalsvegarins nú, vegna fyrirhugaðrar vegabreytingar, þá verður hann óviðgjörður allan þann tíma, sem verið er að þinga um það, hvort þjóðvegurinn skuli vera yfir Kolugafjall eða ekki, og að líkindum á meðan vegagjörð þar stendur yfir.

Sami þm. (G. E.) var að áfella stjórnina fyrir það, að vegaverkfræðingarnir væru látnir einráðir um, hvernig þeir höguðu vegagjörðinni, og talaði um galla á vegunum í sambandi við þetta, rjett eins og gallarnir á vegunum væru því að kenna, að nú eru loksins fengnir sjerfróðir menn til að sjá um lagningu þeirra. Þótt vegirnir sjeu ekki gallalausir síðan, þá eru þeir þó margfalt betri en áður. Það er ekki rjett, að verkfræðingarnir fari yfirleitt eingöngu eftir ástandi jarðvegarins um hásumar, heldur hafa þeir lagt sig eftir kunnugleika á ástandi hans bæði haust og vor og vetur með snjómælingum og öðrum athugunum, sem nauðsynlegar eru,

Háttv. þm. V.-Skaft. (S. E.) talaði fyrir brú á Jökulsá. Jeg ætla ekki að blanda mjer í þá brúardeilu. Jeg hefi látið það í ljósi persónulega, að það hefði að rjettu lagi átt að vera búið að byggja þessa brú fyrir löngu, og eins brúna á Eyjafjarðará. En það er enginn vafi á því, að ef nú ætti að fara að samþykkja þessa tillögu, þá myndi það rugla þeirri áætlun, sem fjárlaganefndin hefir þegar gjört, og get jeg því ekki hlynt að henni, jafnvel þótt þessi at-

hugasemd fylgi, að fresta megi framkvæmd verksins, ef fjárhagurinn reynist örðugur.

Fjárlaganefndin hefir ekki getað fallist á að taka þessa tillögu upp, jafnvel með þessari athugasemd. Jeg mun þó láta málið hlutlaust, en tel það rjettast, ef önnur þessara brúa, sem jeg nefndi, verður samþykt til að fara upp í efri deild, að lofa þeim að fara þangað báðum.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) hafði sjerstaka ástæðu til þess að vera hvassyrtur, út af tillögu sinni, af því að jeg beindist á móti því að veita styrk til að reisa húsmæðraskóla á Akureyri. Mjer þykir þetta leitt, ekki að eins vegna vinfengis okkar, háttv. þm. Akureyringa og mín, sem jeg vona að ekki falli neitt á fyrir þetta, heldur líka vegna hins, að mjer er orðið ant um þetta húsmæðraskólamál, og hefi verið flutningsmaður að því með háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.).

Háttv. þm. Akureyringa talaði um, að þetta mál hefði ekki haft fylgi á þingi, af því að fyrirkomulagið hafi ekki líkað. Þetta stafar af ókunnugleika hans á málinu. Það var ekki þetta, sem hamlaði, heldur hitt, að þingmenn voru þá bundnir við stórmál, og líka ef til vill það, að þeir hafa, sumir hverjir, ekki haft áhuga eða vilja á að beita sjer í því. En hitt er rjett, að tvisvar hefir verið samþykt í Nd. að setja slíkan skóla á stofn á Norðurlandi og Austfjörðum.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) fór að athuga hvað húsmæðraskóli í sveit kostaði í samanburði við það, ef hann væri á Akureyri. En fyrst og fremst gjörði hann þar úlfalda úr mýflugu, og svo vil jeg benda á það, að kostnaður við stofnun þessa skóla á Akureyri verður ekki lítill, því að þar sem safnað hefir verið undirskriftum kvenna um alt Norðurland, og svo rausnarleg fjárframlög eru boðin af þeirra hálfu, þá má búast við, að þær hafi ekkert smáræði í hyggju. Yrði slíkur skóli áreiðanlega ekki ódýrari á Akureyri en í sveit, en kæmi svo á sínum tíma algjörlega að kalla á landssjóð, eins og kvennaskólinn í Reykjavík og á Blönduósi.

Enn fremur er jeg hræddur um það, að þrátt fyrir þessar mörgu undirskriftir, muni verða almenn óánægja út af skólanum, ef hann verður ekki í sveit. Jeg veit beinlínis um það, að undirskriftirnar eru bygðar á því, að konur hjeldu, að miklu erfiðara yrði að fá húsmæðraskóla á Norðurlandi í sveit en í kaupstað.

Jeg hefi átt tal við nokkrar konur, er skrifuðu undir, um þetta mál, og er því kunnugt um, að þetta voru ástæðurnar fyrir mörgum undirskriftum, enda þótt þær vildu skólann miklu heldur í sveit. Auk þess hefi jeg átt tal við þær konur, er best hafa kynt sjer fyrirkomulag á húsmæðraskólum, og búið sig undir kenslu í slíkum skólum. Þær hafa allar verið eindregið með því, að þeir væri betur komnir í sveit.

Loks mintist háttv. þm. Akureyringa á ágreining, sem var fyrir nokkrum árum á milli Eyfirðinga, eða eiginlega Akureyringa og Þingeyinga, út af þessu máli. En jeg skal svara því, að einstrengingsskapurinn var ekki af Þingeyinga hálfu.

Þá greindi á um það síðast, hvort skólinn ætti að vera *svo ndlægt* Akureyri, að hægt væri að ganga í hann úr bænum, eða svo fjærri bænum, að nemendur úr bænum gætu ekki gengið í hann daglega. Við Þingeyingar vildum, að skólinn yrði heimavistarskóli, og virtist okkur, að hann myndi ekki illa settur á Kjarna, svo nærri Akureyri mátti hann vera okkar vegna. Og er salan á Kjarna kom hjer seinna fram á þingi, þá var jeg á móti henni, með-

al annars af því, að sú jörð væri til fyrir húsmæðraskóla, ef til kæmi. Þetta sýnir best, hvernig þessum ágreiningi var farið,

Það má vera, að jeg hafi einhverju ósvarað, en jeg læt hjer staðar numið.

Bjarni Jónsson: Jeg tel það loforð þings, ef heitið er einhverju í nefndaráliti, og sama stendur í framsögu, og enginn hefir í móti mælt.

Á þinginu í fyrra var því lofað, að þessi sími og aðrir skyldu lagðir á árinu 1916, og skal jeg leyfa mjer að lesa upp úr nefndarálitinu þessu til sönnunar:

»Nefndin vill því mælast til þess við flutningsmenn, að þeir taki aftur frumvörp sín, en hafi fyrirheit Alþingis og símastjórnar, að símarnir verði lagðir 1916«.

Svona stendur í þingskjölunum frá í fyrra, og þar sem enginn hefir á móti þessu mælt, hlýt jeg að skoða það sem loforð þingsins um það, að símar þessir verði lagðir á árinu 1916.

ATKVGR.:

um 13. og 14. gr. *(Akv.skrá A. 480).*

30. brtt. 338,23 samþ. með 21 shlj. atkv.
31. — 338,24 — — 15 — —
32. — 338,25 — — 21 — —
33. — 338,26 — — 13 : 8 atkv.
34. — 338,27 — — 16 : 5 —

Viðaukatill. 491, við brtt. 422 samþ. með 15 : 1 atkv.

35. brtt. 422 svo breytt feld með 16 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Einar Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Einar Arnórsson,
Jón Magnússon,	Guðm. Eggerz,
Magnús Kristjánss.,	Hjörtur Snorrason,
Sigurður Eggerz,	Jón Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Sig. Sigurðsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Eggert Pálsson, Matth. Ólafsson, Pjetur Jónsson, Sigurður Gunnarsson, Skúli Thoroddsen og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans. Einn þingmaður ekki viðstaddur.

36. brtt. 410 samþ. með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Einar Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Sig. Gunnarsson,
Hannes Hafstein,	Sig. Sigurðsson,
Hjörtur Snorrason,	Sveinn Björnsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Þór. Benediktsson.
Jón Magnússon,	
Sigurður Eggerz,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorl. Jónsson.	

Björn Kristjánss., Jón Jónsson, Magnús Kristjánsson og Matth. Ólafsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

37. brtt. 338,28 samþ. án atkvæðagr.
38. — 338,29 — með 19 shlj. atkv.
39. — 338,30 — — 19 : 1 atkv.
40. — 406 feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Arnórsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Sigurður Eggerz,	Hannes Hafstein,
Sigurður Gunnarss.	Hjörtur Snorrason,
Skúli Thoroddsen.	Jóhann Eyjólfsson,
Stefán Stefánsson,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson,	Magnús Kristjánss.,

já:	*nei:*
Þór. Benediktsson	Matthías Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Sigurðss.,
	Sveinn Björnsson,

41. brtt. 338,30 samþ. með 22 : 1 atkv.
42. — 423 a — — 15 : 7 —
— 423 b feld með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Einar Arnórsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Eggerz,
Sigurður Eggerz,	Guðm. Hannesson,
Skúli Thoroddsen,	Hjörtur Snorrason,
Stefán Stefánsson,	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Gunnarss.,
	Sigurður Sigurðss.,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson.
	Þórarinn Benediktss.

43. brtt. 338,31 samþ. með 16 : 3 atkv.
44. — 391 fyrri liður samþ. með 24 shlj. atkv.
— 391 síðari liður feld með 21 : 4 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Sigurður Eggerz.	Einar Arnórsson,
	Guðm. Eggerz,
	Guðm. Hannesson,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sigurður Sigurðss.,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þórarinn Benediktss.

Þeir Einar Jónsson og Þorleifur Jónsson greiddu eigi atkv. og töldust til meiri hlutans.
45. brtt. 408 feld með 19 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Arnórsson,
Jón Magnússon,	Guðm. Eggerz,
Skúli Thoroddsen,	Hannes Hafstein,
Stefán Stefánsson,	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Magnús Kristjánss.,
	Sigurður Eggerz,
	Sigurður Gunnarss.,
	Sig. Sigurðsson,

Þeir Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Matth. Ólafsson, Pjetur Jónsson, Sveinn Björnsson, Þorleifur Jónsson og Þórarinn Benediktsson greiddu eigi atkvæði og töldust til meiri hlutans.
46. til 52. liður á atkvæðaskrá var tekinn aftur.
53. brtt. 427. feld með 22 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Guðm. Eggerz,	Björn Hallsson,
Hjörtur Snorrason,	Eggert Pálsson,
Sigurður Eggerz.	Bened. Sveinsson,
	Bjarni Jónsson,
	Björn Kristjánss.,
	Einar Arnórsson,
	Einar Jónsson,
	Guðm. Hannesson,
	Hannes Hafstein,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,

nei:
Magnús Kristjánss.,
Matth. Ólafsson,
Pjetur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,
Sveinn Björnsson,
Þorleifur Jónsson,
Þór. Benediktsson.

Jóhann Eyjólfsson greiddi eigi atkv. og taldist til meiri hlutans.

54. brtt. 338,32 samþ. með 22 : 2 atkv.
55. — 394 — — 16 : 9 —
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bened. Sveinsson,	Guðm. Eggerz,
Bjarni Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Einar Arnórsson,	Hjörtur Snorrason,
Einar Jónsson,	Magnús Kristjánss.,
Hannes Hafstein,	Matth. Ólafsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Sigurður Eggerz,
Jón Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Þór. Benediktsson,
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson,	

Þeir Björn Kristjánsson, Pjetur Jónsson, Stefán Stefánsson og Sveinn Björnsson greiddu eigi atkvæði og töldust til meiri hlutans.

56. brtt. 338,33 samþ. með 21 shlj. atkv.
57. — 338,34 — — 19 : 2 —
58. — 338,35 (fyrri liður) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 338,35 (síðari liður) samþ. með 18 shlj. atkv.
59. — 338,36 samþ. með 18 : 3 atkv.
60. — 338,37 — — 21 : 1 —
61. — 338,38 — — 14 shlj. —
62. — 338,39 — — 19 — —
63. — 383 — — 13 : 7 —
64. brtt. 338,40 (liðurinn a. við E. IV. falli burt) samþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Hannes Hafstein,
Guðm. Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Hannesson,	Magnús Kristjánss.,
Hjörtur Snorrason,	Matth. Ólafsson,
Jón Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson.
Pjetur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Sveinn Björnsson greiddi eigi atkvæði og taldist því til meiri hlutans.

64. brtt. 338,40 (liðurinn b. við E. IV. falli burtu) feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Arnórsson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Eggerz,
Jón Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Sigurðsson,	Matth. Ólafsson,
Þór. Benediktsson.	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Björn Hallsson, Pjetur Jónsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

64. brtt. 338,40 (liðurinn d. við E. IV. falli burtu) samþ. með 15 : 10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Arnórsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Guðmundur Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson,	Magnús Kristjánss.,
Jón Magnússon,	Sigurður Eggerz,
Pjetur Jónsson,	Sigurður Gunnarss.,
Sig. Sigurðsson,	Skúli Thoroddsen.
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Matthías Ólafsson og Þórarinn Benediktsson greiddu ekki atkvæði og töldmeð meiri hlutanum.

64. brtt. 338,40 (liðurinn e. við E. IV. falli burtu) feld með 12 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Arnórsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Guðm. Eggerz,
Jón Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Jóhann Eyjólfsson,
Pjetur Jónsson,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Sigurðsson,	Matth. Ólafsson,
Stef. Stefánsson,	Sigurður Eggerz,
Þorleifur Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Þór. Benediktsson.	Skúli Thoroddsen.

Sveinn Björnsson greiddi ekki atkvæði.

65. brtt. 338,41 samþ. með 13 shlj. atkv.
13. gr. svo breytt samþ. með 21 shlj. atkv.

66. brtt. 338,42 samþ. með 18 shlj. atkv.
67. — 338,43 — — 17 — —
68. — 338,44 — — 17 : 1 —
69. — 415,1 feld með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánss.,
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Guðm. Eggerz,
Sig. Gunnarsson,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen.	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Sigurðsson,
	Stef. Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Þorleifur Jónsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hl.

70. brtt. 338,45 samþ. með 17 shlj. atkv.
71. — 338,46 feld með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu :

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Arnórsson,
Pjetur Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Sig. Sigurðsson,	Guðm. Hannesson,
Stef. Stefánsson,	Hannes Hafstein,
Þór. Benediktsson.	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen.

Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Sveinn Björnsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hl.

72. brtt. 395 feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánss.,

já:	*nei:*
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Guðm. Eggerz,
Jón Magnússon,	Hjörtur Snorrason,
Sigurður Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson,
Skúli Thoroddsen.	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stef. Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

73. brtt. 338,47 feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Einar Arnórsson,
Hjörtur Snorrason,	Hannes Hafstein,
Pjetur Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Stef. Stefánsson,	Magnús Kristjánss.,
Sveinn Björnsson,	Matth. Ólafsson,
Þorleifur Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Þór. Benediktsson.	Skúli Thoroddsen.

Björn Kristjánsson, Guðm. Eggerz og Guðmundur Hannesson greiddu ekki atkvæði.

74. brtt. 338,48 samþ. án atkvgr.
75. — 338,49 — — —
76. — 338,50 — með 19 shlj. atkv.
77. — 338,51 — — 16 — —
78. — 338,52 — — 16 : 1 —
79. — 338,53 — — 18 shlj. —
80. — 338,54 — — 15 — —
81. — 338,55 fyrri liður (2) samþ. með 13 : 2 atkv.
— 338,55 síðari liður (3) samþ. með 14 : 3 atkv.
82. — 407 feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Hannes Hafstein,	Bened. Sveinsson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánss.,
Magnús Kristjánss.,	Einar Arnórsson,
Matth. Ólafsson,	Guðm. Eggerz,
Sigurður Eggerz,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Pjetur Jónsson,
Stef. Stefánsson,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Guðmundur Hannesson og Jóhann Eyjólfsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hl.

83. brtt. 338,56 samþ. með 20 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Bened. Sveinsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Hjörtur Snorrason,
Guðm. Hannesson,	Stef. Stefánsson.
Hannes Hafstein,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarssson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Björn Hallsson, Jóhann Eyjólfsson og Sig. Sigurðsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hl.

84. brtt. 415,2 samþ. með 20 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánss,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Hjörtur Snorrason,
Guðm. Hannesson,	Sigurður Eggerz,
Hannes Hafstein,	Sig. Sigurðsson,

já:	*nei:*
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Björn Hallsson, Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Pjetur Jónsson og Stef. Stefánsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hl.

85. brtt. 338,57 samþ. með 23:1 atkv.
86. — 338,58 — — 22 shlj. —
87. — 338,59 — — 20:3 —
88. — 428 — — 16 shlj. —
89. — 338,60 — — 16 — —
90. — 338,61 — — 14 — —

14. gr. svo breytt samþ. með 22 shlj. atkv.

Málið tekið út af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var frumvarpið tekið til frh. 2. umr. (15.—22. gr.).

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg ætla að gefa háttv. deildarmönnum yfirlit yfir, hvað breytingartillögurnar, sem þegar hafa verið samþyktar við frv., hafa mikla þýðingu.

Ef miðað er við stjórnarfrv., þá er hækkunin og lækkunin sem hjer greinir:

Á 9. gr.	hækkun	1000	krónur
— 10. —	—	«	—
— 11. —	—	3825	—
— 12. —	—	39,900	—
— 13. — B.	—	115,000	—
— 13. — D.	—	33,000	—
— 13. — E.	—	200	—
— 14. —	—	12,900	—
Samtals hækkun		205,825	krónur.

Á 9. gr.	lækkun	«	krónur
— 10. —	—	3,800	—
— 11. —	—	5,000	—
— 12. —	—	«	—
— 13. — B.	—	57,000	—
— 13. — D.	—	«	—
— 13. — E.	—	20,250	—
— 14. —	—	32,500	—
Samtals lækkun		118,550	krónur.
Mismunur		87,275	kr.

Hækkunin verður þannig 87,275 kr. þegar miðað er við stjórnarfrv. Á einum liðnum verður hækkunin ekki beinlínis talin öðruvísi en sjálfsögð; það er 39 þús. kr. hækkunin á 12. gr. Það er vegna Heilsuhælisins.

Ef miðað er við þá breytingu, sem orðið hefir frá till. nefndarinnar, þá nemur hækkunin netto 113 þús. kr. En raunar er sú hækkun meiri en hún í sjálfu sjer sýnist vera, því að nú er sá sparnaður hjer um bil upp etinn, sem nefndin hafði lagt til að gjöra. Á þeim greinum, sem eftir eru, er lítils sparnaðar að vænta, en hins vegar má búast þar við töluverðum hækkunum. Það er þess vegna auðsætt, að við þessa umræðu fer því mjög fjarri, að tilgangi nefndarinnar verði náð.

Þá vil jeg minnast með nokkrum orðum á einstakar brtt. nefndarinnar.

Fyrst vil jeg geta um eina brtt., sem ekki er gjörð grein fyrir í nefndarálitinu. Hún er um að veittar verði alt 10 þúsund krónur til að byggja hús yfir listaverk Einars Jónssonar. Á síðasta þingi voru samþykt lög um að veita alt að 4 þús. kr. til þess að flytja heim frá Kaupmannahöfn listaverk þessa manns, sem hann hafði boðist til að gefa landinu, með vissum skilyrðum. Sumir ætluðu, að þessar 4 þús. kr. nægðu til þess einnig að fá hús utan um listaverkin, sem dugað gæti í bráð. Enda var getið um það hjer í þinginu í fyrra,

að hægt væri að fá mjög ódýrt húsnæði fyrir myndirnar, en þó að líkindum ekki stærra en svo, að þurft hefði að geyma þær þar í kössum. En bruninn hjer í Reykjavik í vetur hefir gjört það að verkum, að nú mun það húsrúm ekki fáanlegt. Þessarar fyrirhuguðu byggingar var getið í ræðu flutnm. þessa máls í fyrra, háttv. þm. Dal (B. J.). Hann gjörði ráð fyrir, að hægt væri að koma upp járnskúr utan um myndirnar fyrir mig minnir um 300 kr., þar sem þær gætu geymst óskemdar, þangað til þingið sæi sjer fært að láta byggja veglegt hús utan um þær og önnur listaverk landsins. Jeg var á móti 4 þús. kr. fjárveitingunni í fyrra, vegna þess, að jeg þóttist sjá, að það kæmi að litlu gagni að flytja myndirnar heim, nema þeim væri strax sjeð fyrir sæmilegu húsrúmi. Eiginlega verð jeg að líta svo á, að það hafi verið til þess, að tæla menn til að greiða atkvæði með fjárveitingunni, að verið var að telja mönnum trú um, að hægt væri að una í bráð við ljelegan járnskúr utan um þær. Enda hefir það nú komið á daginn, því að það er að nokkru leyti skilyrði frá hálfu gefandans, að listaverkin verði geymd í húsi, þar sem hægt sje að sýna þau. Fjárlaganefndinni hefir borist uppdráttur af slíku húsi, sem haldið er að muni kosta 9—10 þús. kr. Uppdrátturinn er eftir Guðjón Samúelsson. — Það er ekki í fyrsta skifti, þegar verið er að koma til leiðar fjárveitingum, að farið er að eins og hjer hefir verið gjört. En hvað sem því líður, það er komið sem komið er. Nú getur það ekki talist sæmilegt fyrir landið að kippa að sjer hendinni, og nefndin álítur, að ekki sje undanfæri að veita fje til viðunandi húss utan um safnið. Það er ætlast til, að húsið verði bygt svo, að hægt verði að stækka það í framtíðinni, og einnig er ætlast til, að Einar Jónsson geti haft þar húsrúm fyrir myndasmíði sitt.

Að öðru leyti tel jeg ekki þörf að gjöra grein fyrir brtt. nefndarinnar, fyrr en jeg kem að lánagreininni. Þar á nefndin till. um nokkrar viðbætur. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, hefir nefndin ekki mikla trú á að hægt verði að veita þau lán, en þó ekki óhugsandi. Þar er einnig tekið fram, að það sje alls ekki tilætlunin, að þingið með þeim vilji þrengja að stjórninni með þær greiðslur, sem hún þarf að hafa fyrir landið.

Þá er fyrst að telja lánsheimild til Daviðs Stefánssonar í Fornahvammi, 2000 kr., til húsabóta á jörðinni, vegna gestagangs. Nefndin telur vert að hjálpa honum til að koma upp húsrúmi til þess að hann geti tekið vel á móti gestum. Auðvitað er ætlast til, að láninu gangi til bygginga, sem eru nauðsynlegar um fram það, sem hann þyrfti, ef enginn gestagangur væri hjá honum. Þessi lánsheimild hefir meðmæli póstanna og annarra, sem tíðum fara þar um.

Næst er að telja lánsheimild til Ólafs Jónssonar prentmyndasmiðs, til þess að koma upp prentmyndastofnun í Reykjavík. Ýmsir nefndarmenn líta svo á, að nauðsynlegt væri að hafa slíka myndagjörð í landinu sjálfu, því að myndir eru nú mjög farnar að tíðkast í íslenskum blöðum og bókum, og því erfitt að fá þær allar gjörðar í útlöndum. Sama gildir um vörumerki, sem menn þurfa að láta prenta. Ólafur Jónsson hefir lært þetta handverk til fullnustu, en mun tæplega vera svo efnum búinn, að hann geti komið fyrirtækinu á fót. En nú hefir hann fengið sjer til styrktar prentarana í prentsmiðjunni Gutenberg, sem lofað hafa að standa á bak við fyrirtækið. Hefir hann þar traust þeirra manna, sem helst skyldi.

Þá hefir nefndin lagt það til, að læknum á Siglufirði verði veitt 2500 kr. lán til hússbyggingar. Hann er búinn að byggja húsið fyrir nokkru, en það hafa verið vafningar með að fá lánið. Áður fyrr hefir það verið algengt, að læknar fengi sams konar lán, án þess að þurfa að leita til þingsins. En í þetta skifti hefir stjórnin neitað að veita það upp á sitt eindæmi, talið sig bresta heimild til þess, eins og nú stæði á. Þess vegna hefir nefndin tekið þessa lánsheimild upp. Sama er um lækninn í Austur Skaftafellssýslu að segja. Hann hafði farið fram á 6000 kr. lán, en nefndinni fanst það rjettara að binda lánsheimildina við þá upphæð, sem venjulega er veitt í sams konar tilgangi, 2—4000 kr. og leggur því til, að honum sje veitt 3000 kr. lán. Vitanlega á aldrei að lána fult verð út á húsin.

Þá kem jeg að einni af stærri lánsheimildunum, sem nefndin mælir með. Það er 20 þús. kr. lán til raflýsingar Húsavíkurþorps. Það er nú svo komið, að kaupstaðir og hvert kauptúnið á fætur öðru er farið að hugsa til að koma upp hjá sjer raflýsingu. Þetta er merkismál og má ekki vera stuðningslaust af landinu, enda hefir verið veitt áður lán í þessum tilgangi, bæði til Seyðisfjarðar, Víkur og fleiri kauptúna, að jeg held. Jeg álít, að þetta sje alveg sjálfsagt. Má vera að einhver segi, að hjer sje í alt of mikið ráðist, því að vitanlega verði þá að veita öllum kauptúnum, þar sem líkt stendur á, lán í þessum tilgangi, en jeg hygg að málið sje svo mikils vert, að rjett sje af stjórninni að vera við búin þeim afleiðingum, jafnvel þótt það kosti sjerstaka lántöku fyrir landið. Bankalán fá hjeruðin ekki með þeim kjörum, að þau treysti sjer til þess að leggja út í svona fyrirtæki, eingöngu með slíkum lánum.

Þá er loks lánsheimild til Árnesinga, 50 þús. kr., til áveitu úr Þjórsá á Skeiðin. Þetta verk er svo undir búið, og verður þó betur, að það má treysta því, að það verði að gagni, en sýsluna skortir megin til þess að kom því fram, nema landið hlaupi undir bagga með lán. Það var sótt um 70 þús. kr. lán í þessum tilgangi. Nefndin hefir viljað sýna lit á því, að verða við beiðninni að nokkru leyti, og hefir því lagt til, að 50 þús. kr. lán verði veitt. Þetta er merkilegt mál, en engin von til þess, að sýslan geti fengið nóg og viðunandi lán annarsstaðar en í landssjóði. Þessi fyrirhuguðu lán hefir nefndin viljað binda við 5% vexti, og vill því eðlilega sníða hinar lánsheimildirnar, sem í frv. standa, eftir því.

Þá eru viðaukatillögur við 22. gr. frá nefndinni. Í fyrsta lagi vill hún heimila stjórninni að kaupa ræmuna af Melkotslóð meðfram Suðurgötu á kr. 1,50 pr. □ al. Að vísu er þessi ræma svo mjó, að ekki verður hús bygt þar, en hún eykur lóðina við ráðherrabústaðinn, og nokkurn hluta lóðarinnar má selja aftur. Enn fremur vill hún heimila stjórninni að kaupa Landsbankarústirnar ásamt lóð, eftir brunabótavirðingarverði, og borga það með 1200 □ al. lóð í Arnarhólstúni. Það er eftir ósk ráðherra, að nefndin leggur þetta til. Aftur á móti álítur hún, að ekki taki til hennar spurningin um það, hvort heppilegt sje að reisa bankann á öðrum stað, en verði það gjört, þá áleit hún heppilegra, að landið slepti ekki gömlu lóðinni. Tillögu hennar ber að eins að skilja á þenna eina hátt. Í heild sinni tekur hún enga afstöðu til þess, hvort rjett sje að flytja bankann eða eigi. Vilji þingið skifta sjer að einhverju leyti af því máli, þá getur það gjört það, og eru atkvæði nefndarmanna óbundin um það.

Um 3. lið er svo glögt talað í nefndarálitinu, að jeg þarf ekki frekar að minnast á hann.

Þá heimilar 4. liður stjórninni að taka 65 þús. kr. lán, til þess að endurbæta talsímastöðina í Reykjavík, útvega henni svokallaðan »kvartautomat«. Það er enginn vafi á því, að hagur verður að þessari endurbót. Stöðina verður að stækka innan skamms, og jafnframt verður ekki hjá því komist, að endurnýja áhöld hennar, annað skiftiborðið o. s. frv. Næsta ár mundi þurfa að fá 2 skiftiborð, er kosta 10 þús. kr. Það fje mundi sparast, ef þessi breyting yrði gjörð. Enn fremur er það, að í áætluðum kostnaði við þenna kvartautomat eru 1000 ný talsímafæri, sem þarf í sambandi við hina nýju tilhögun. Gömlu talfærin, sem eru nú ca. 600, mætti þá selja út um landið, og mundi fást ca. 40 kr. fyrir hvert. Nefndinni er það ljóst, að þessi umbreytni er til stórra bóta og sparnaðar, og mælir því eindregið með því, að þessi brtt. verði samþykt.

Loks hefir nefndin fallist á það, að heimila Landsbankanum að greiða fyrv. bankastjóra Stefáni Stephensen á Akureyri 400 kr. eftirlaun í næstu tvö ár. Nefndin vill ekkert um það segja, hvort þessu skuli haldið áfram sem reglu. En líklega verður fyrirkomulag bankans athugað bráðlega, samkvæmt rökstuddri dagskrá þessarar deildar, og þá væntanlega tekið til íhugunar um leið, hvort sú kvöð eigi að leggjast á bankann framvegis, að gjalda starfsmönnum sínum eftirlaun. Þetta vildi jeg benda hæstv. stjórn á.

Þá kem jeg að brtt. einstakra þm. Skal jeg fyrst leyfa mjer að minnast á brtt. frá háttv. þm. Dal. (B. J.) á þskj. 399, sem fer fram á 1000 kr. styrk fyrra árið til Alexanders Jóhannessonar, til þess að halda fyrirlestra um nýjustu uppgötvanir í þýskri hljóðfræði. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa brtt. Hún hafði haft til athugunar umsókn frá þessum manni, en sá sjer ekki fært að verða við henni.

Þá er brtt. á þskj. 433, frá hv. þm. N.-Þing. (B. S.), um 3000 kr. styrk til Einars Hjaltested, til þess að fullkomna sig í sönglist. Þessi maður mun nú vera staddur í New-York. Hann er í talsverðu áliti, og menn voru tvískiftir í nefndinni um þessa brtt. Sem heild leggur nefndin henni ekki hindranir í götu, en lætur það laust og bundið, hvernig nefndarmenn greiða atkvæði — mælir hvorki með henni nje mót.

Sama er að segja um brtt. frá háttv. 2. þm. Rvk (J. M.) um 800 kr. styrk hvort árið til magister Boga Th. Melsted. Nefndin hafði haft umsókn frá þessum manni, en ekki fundið ástæðu til þess að taka hana til greina. En atkvæði nefndarinnar um þessa brtt. eru alveg óbundin.

Þá er loks á þgskj. 416 brtt., er fer fram á 3000 kr. styrk hvort árið til dr. Guðm. Finnbogasonar, til þess að endurbæta vinnubrögð í landinu. Þessi till. hefir áður verið þrautrædd, og þarf jeg ekki tala frekara um hana.

Þá kem jeg að brtt. við 16. gr. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir komið fram með brtt. við brtt. nefndarinnar, er hafði lágt það til, að styrkurinn til búnaðarfjelaga fjelli niður bæði árin næstu. Brtt. hv. þm. fer fram á það, að styrkurinn sje að eins burtu feldur fyrra árið. Þessi tillaga var rædd í nefndinni, og ljet hún atkvæði nefndarmanna óbundin um þessa brtt. En meiri hluti hennar vildi samt spara þenna styrk bæði árin.

Þá hefir háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) lagt það til, að fella burtu tillagið til rannsókna á járnbrautarstæði austur um

sýslur. Um þetta voru skiftar skoðanir í nefndinni. Meiri hlutinn vildi láta styrkinn haldast, en atkvæði nefndarmanna eru óbundin um þessa tillögu.

Þá hefir háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) farið fram á það, að laun þess manns, sem leiðbeinir bændum í húsagjörð, sjeu færð úr 1000 kr. upp í 1500 kr. Nefndin hefir þar farið meðalveg og leggur það til, að launin sjeu ákveðin 1200 kr. Annars lætur hún sjer þetta ekki á miklu standa. — Það er auðvitað, að þessi maður hefir lítið úr býtum að bera, jafnvel í samanburði við þá menn, er stunda almennar smíðar. Hún lætur sig því litlu skifta, hvor tillagan verður samþykt.

Þá er brtt. frá hæstv. ráðherra viðvíkjandi ullarmatsmönnum, á þgskj. 425. Sú tillaga fer fram á styrk til þess að leiðbeining um meðferð og verkun ullar geti haldið áfram, og maður sje fenginn til þess að koma ullarmatslögunum í framkvæmd. Nefndin fjelst á skoðun þá, er liggur til grundvallar fyrir brtt. hæstv. ráðherra, að efni til, þar sem upphæðin í stjórnarfrv. virðist alt of lág. En hún vildi hafa fyrirkomulagið nokkuð öðru vísi. Þess vegna hefir hún komið fram með brtt. á þgskj. 456, er fer fram á það, að veittar sjeu 1200 kr., auk ferðakostnaðar, fyrra árið, til leiðbeiningar í ullarverkun og til þess að koma ullarmatslögunum í framkvæmd. Þetta taldi nefndin nægilegt. Að öðru leyti standa liðir hennar óbreyttir. Eftir samtali, er jeg hefi átt við hæstv. ráðherra, vænti jeg þess, að hann taki brtt. sína aftur.

Þá eru framkomnar 3 brtt. viðvíkjandi fjárframlaginu til brimbrjótsins í Bolungarvík. Ein er frá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) um það, að fella fjárveitinguna burtu. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa brtt. Hún vill að upphæð sú, er í frumv. stendur, haldist óbreytt, en þeirri athugasemd sje við bætt, að hjeraðið leggi jafnmikið á móti. Við þessa skoðun sína heldur nefndin fast. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir komið fram með tvær brtt. hjer að lútandi. Hin fyrri fer fram á það, að veittar sjeu 15 þús. kr. hvort árið. Nefndin getur ekki fallist á þá brtt., enda ólíklegt, að hjeraðið geti lagt svo mikið á móti. Hin síðari fer fram á það, að fjárupphæð frumv. haldist, en skilyrðið fyrir veitingunni sje það eitt, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns. Nefndin getur heldur ekki fallist á þessa brtt. Hún verður að telja það mjög athugavert, ef þingið veitti þetta fje, án þess að setja ofannefnda athugasemd nefndarinnar við það. Það er nú búið að fá fullkomna áætlun um það, að verkið muni kosta alt 225 þús. kr. Ef þingið nú setur engin skilyrði fyrir fjárveitingunni um fjárframlag á móti, þá skapar það fordæmi fyrir sams konar veitingum næstu ár og tekur fyrirtæki þetta að öllu leyti á herðar landssjóðs.

Á þgskj. 373 er brtt. um að fjárveiting til uppmælinga á innsiglingu til Borgarness og Skógarness verði sett á fyrra árið, en nefndin hafði lagt til að hafa fjárveitinguna síðara árið. Þetta stendur náttúrlega ekki á miklu. En nefndin leit svo á, að heppilegra væri að hafa fjárveitinguna síðara árið, sökum þess, að fremur ólíklegt er, að hægt verði að fá herskip til þess að rannsaka innsiglingarnar á meðan á stríðinu stendur, en allar líkur til þess, að það standi að minsta kosti fram á næsta ár.

Þá eru eftir brtt. á þgskj. 409 um styrk til bátabryggju á Blönduósi, og á þgskj. 436, um styrk til bryggjugjörðar í Búðardal og Salthólmavík. En þar skiftir mjög í tvö horn. Brtt. á þgskj. 409 gjörir ráð fyrir $^2/_3$ kostnaðar annarsstaðar frá, en brtt. á þgskj. 436 að eins

helmingi kostnaðar. Enn fremur er sá munur á, að nefndin hefir sjeð bæði teikningar og áætlanir um bryggjuna á Blönduósi og heyrt verkfræðing landsins fullyrða, að bryggjan geti bæði staðist brim og ís. Aftur á móti hefir nefndin ekki sjeð neitt þess háttar um þessar fyrirhuguðu bryggjur í Dalasýslu, heldur að eins fengið um þær nokkurar línur frá háttv. þm. Dal. (B. J.), útdrátt úr þingmálafundargjörðum. Nefndin verður því að álíta, að þessar bryggjur í Dalasýslu komi alls ekki til mála með slíkum undirbúningi. Og af fjárhagslegum ástæðum heldur hún því fram, að allir þessir bryggjustyrkir verði að bíða. En þótt nefndin treysti sjer ekki til að leggja með þessum styrkveitingum, þá er það að eins af fjárhagslegum ástæðum, sjerstaklega að því er snertir bryggjuna á Blönduósi. Enn fremur er þess að geta um bryggju á Blönduósi, að áður hefir verið veitt til bryggju þar talsvert fje úr landssjóði, og er enn svo að sjá, að ekki sje búið að bíta úr nálinni með það.

Þá hefi jeg minst á allar þær brtt., sem fram voru komnar, þegar atkvæðaskráin var samin. En síðan hefir ein tillaga bætst við, sem sje brtt. á þgskj. 496, frá háttv. þm. Dal. (B. J.), um að styrkurinn til skálda og listamanna verði ekki færður niður í 9000 kr., eins og nefndin leggur til, heldur niður í 12000 kr. Stjórnin hafði tiltekið þenna lið 14000 kr., en þar af kleip nefndin 5000 kr. hvort árið, til þess að reisa hús yfir listaverk Einars Jónssonar. Upphæðin er því í rauninni sú sama sem í stjórnarfrumv., og mun nefndin ekki víkja frá þessari tillögu sinni.

Sömuleiðis hefir bætst við brtt. á þgskj. 497 frá hæstv. ráðherra um 2500 kr. styrk til rannsóknar á væntanlegri Flóaáveitu. Þá tillögu hefir nefndin ekki haft til meðferðar, og get jeg því engu um hana lofað fyrir nefndarinnar hönd. En væntanlega koma fram skýringar frá hæstv. ráðherra um þessa tillögu. Það er vert að minnast þess, að þetta mál, Flóaáveitan, hefir þegar kostað landssjóð talsvert fje.

Mjer hefir láðst að minnast á brtt. við 21. gr. frá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) um hækkun á láni til læknisseturs í Hornafirði, og frá háttv. þm. Mýr. (J. E.) um breyting á skilyrðum fyrir láni til bóndans í Fornahvammi. Nefndin hefir tekið tillögur þessar til meðferðar og ræður deildinni til að samþykkja þær.

Bjarni Jónsson: Jeg stend upp til þess að leysa vandkvæði hinna, sem ekki eru enn við því búnir að taka til máls. Jeg hefi þó því miður ekki haft tíma til að melta sumt, sem komið hefir eins og skúr úr heiðríkju frá fjárlaganefnd. Hún kveður enn við sama tón, gengur með slátrunarknífinn reiddan um öxl, og er sama hvar lendir, en miðar þó sjerstaklega á smáupphæðir, en lætur fremur hitt standa, sem nokkurum útlátum nemur. T. d. ræðst nefndin á 500 kr., sem nauðsynlegt er að bæta við afskriftir af íslenskum skjölum í Kaupmannahöfn. Heggur sá sem hlífa skyldi. Síst hefði mátt við því búast af bændastjett landsins, sem einkanlega skipar fjárlaganefnd, að hún vilji ekki bæta úr bölvi liðinna alda, eða horfi ekki í að draga úr viðleitni manna til þess að ná inn í landið jafngildi gamalla skjala, sem úr því hafa verið dregin. Þetta tel jeg ekki vel hugsað, síst þegar upphæðin nemur að eins 500 kr.

Sama konar er önnur tillaga nefndarinnar um að fella burt smáupphæð, sem ætluð er til þess að halda við Þingvelli eða laga þar svo til, að staðurinn

líti ekki út eins og flag, þennan stað, sem við eru bundnar sárustu og bestu endurminningar þjóðarinnar. Það væri undarlegt, ef landssjóður hefði ekki efni á að kosta nokkurum hundruðum króna til svo bráðnauðsynlegs fyrirtækis. Og það er ekki vansalaust að hafa völlinn svo, sem hann er nú. Það er ekki í það horfandi, þótt landið sæi um, að þar væri reist veglegt gistihús fyrir innlenda og útlenda, og hefði eftirlit með vellinum, svo að þar færi ekki annað fram en á að vera, og mættu þá landsmenn gleðja sig þar og læra, en útlendingar sjá, að Íslendingar kunna að meta sóma sinn og sögu. Fjárlaganefndin hefir víst ekki treyst því, að breddan biti vel, fyrst hún vill skera niður þessa litlu upphæð.

Hitt er skiljanlegra, að hún legst á móti einni tillögu frá mjer, því að þar eru þó þrjú núllin til að glíma við, einkanlega þar sem um mentamál er að ræða. Jeg á hjer við tillögu mína um 1,000 kr. styrk til Alexanders Jóhannessonar. Þessi maður hefir lagt í mikinn kostnað við nám sitt, hefir stundað nám í Halle og Leipzig, og hlustað þar meðal annara á Sivers, hinn heimsfræga hljóðfræðing, þann er fyrstur taldi það, að qvantitas væri til í íslensku, eins og allir vita. Þessi maður er fátækur maður; misti hann föður sinn í æsku, en móðir hans kom honum fram, en síðari árin hefir hann barist áfram af eigin ramleik. Nú vill hann sækja um styrk þannig lagaðan, að hann leggi fram sjerstaka vinnu gegn styrknum. Ber það til sjerstaklega, að hann veit, að óþektar eru hjer kenningar Sivers, og rannsóknir um áhrif ýmsra vöðva á röddina; gætu þessar kenningar verið mjög gagnlegar fyrir alla þá, sem starfa að listum og eins ræðusnillinga, svo að ekki er ólíklegt, að þingmenn, er þeir hefðu hlustað á þenna pilt, í einn vetur, gætu talað af miklu meiri snild og hljómfegurð en áður, og orðið til að keppa við Cicero og aðra mælskumenn úr fornöld. Væri það ekki ómerkilegt atriði, að löggjafarnir yrðu raddfegri, þegar þeir halda líkræðurnar yfir nauðsynjamálum þessa lands. En svo að jeg snúi mjer að alvörunni, þá er það leiðinlegt, að ekki skuli vera til góður kennari við Háskólann, til þess að veita leiðbeiningar í merkilegum uppgötvunum síðari tíma. Hjer fer og engin kensla fram í þýsku, og ekki heldur gotnesku, og mundi þó Björn M. Ólsen geta frætt þingmenn um það, að þar vantar kenslu, og enginn getur tekið próf í íslenskum fræðum, af því, að enginn er hjer á landi, er kent gæti gotnesku, sem þó er bein skyldunámsgrein fyrir þá, sem próf vilja taka í norrænum fræðum. Að því mundi þess vegna reka, að stofna þyrfti docentsembætti í þessari grein, því að ótækt mun öllum þykja, að hver sá, sem taka vill próf í norrænum fræðum hjer, verði að sigla til þess að læra þessa aukagrein. Þess vegna trúi jeg ekki öðru en að háttv. þingdeild og fjárlaganefnd styrki þenna efnilega unga mann til að halda uppi kenslu í þessari grein, enda fylgir styrknum engin skuldbinding um, að stofnað verði úr þessu nýtt embætti á næsta þingi, og þarf því fjárlaganefnd ekki annað en brýna kuta sinn, og nema styrkinn burt.

Þá kem jeg að listamönnunum og skáldunum. Fjárlaganefndin hefir alveg misskilið stöðu sína, þegar hún hafði þenna lið til meðferðar. Enginn hefir til þess ætlast, að úthlutun styrksins færðist yfir í hendur fjárlaganefndarinnar. Það hefir verið talað um, að stjórnin hefði þetta úthlutunarvald á hendi. Mjer þykir háttv. nefnd tala alldigurbarkalega, er hún leyfir sjer að fara að tiltaka þá menn, er styrksins skuli njóta. Mætti þó víst vel finna 7 menn, sem

alt eins vel væru færir um að leysa fjárlaganefnd af hólmi að þessu leyti, enda er hún ekki til þess kosin, að dæma um verk manna í listum eða vísindum. Jeg mótmæli því eindregið yfirlýsing þeirri, er felst í nefndaráliti fjárlaganefndar, ekki af því, að jeg sje á móti nöfnum þeim, sem þar eru nefnd, heldur af hinu, að stjórnin kann að telja sjer skylt að fara eftir henni. Eina upphæð þeirra, sem nefndin sjerstaklega nefnir, vil jeg minnast á í þessu sambandi. Nefndin ætlar sjer hvorki meira nje minna en að láta Einar Jónsson fá 1500 kr. árlegan styrk. Þessi maður hefir gefið landinu öll sín verk. Álitamál getur verið, hversu mikils virði þau sjeu. Verkin eru 30 talsins, og ef hvert er talið 4000 kr. virði, þá verða þau samtals 120 þús. kr. virði, en auðvitað geta þau verið miklu meira virði, ef maðurinn hefði verið erlendis, og orðið frægur, þá er ekki gottt að segja, hve hátt hefði mátt meta þau. En nú er maðurinn ekki að reikna, hve mikils virði verk sín sjeu, heldur er hann guðs feginn, að geta gefið landinu þau. Siðferðislega er sú gjöf jafnmikils virði, sem þá er móðir gefur barn sitt, sem hún hefir lagt ástríki við, og er allur annar mælikvarði á það leggjandi en venjulegur verðlagsskrár mælikvarði. Á við um þetta sú grein úr bibliunni, sem telur ekkjuna hafa lagt mest í guðskistuna.

Það er ekki mikið í lagt, þótt verkin sjeu metin 100 þús kr. virði, og víst er ekki með öllu ómögulegt, að þau sjeu alt að hálfrar miljónar króna virði. Þótt nú með þessari gjöf Einars sje ekki sjeð til gjalda, þá er það samt smán fyrir Alþingi, að taka við henni og bjóða honum svo 1500 kr. laun á ári, til þess að vinna framvegis í þarfir listarinnar, og það á stríðstímum, þegar engum útlendingum dettur í hug að kaupa listaverk hans. Vita menn, sem ætla sjer að samþykkja þessa 1500 kr. fjárveitingu, hvað það kostar manninn, að lifa hjer við vinnu sína? Hann þarf að hafa sjerstaka vinnustofu, og kostar það mikið. Hann þarf mikið af efni til vinnunnar, og kostar það einnig nokkuð. Og þar að auki þarf hann að lifa eins og aðrir, en það virðast menn ekki renna grun í.

Auk þessarar gjafmildi vill svo þingið ekki veita fje til að kaupa listaverk þau, sem hann hefir í smíðum. Nei, nú á einmitt að fella burtu fjárveitinguna til að kaupa ný listaverk. Það er eins og tilgangurinn sje sá einn, að murka úr manninum lífið.

Jeg veit, að Einar hefir nú í smíðum listaverk, sem á að heita Þorfinnur Karlsefni. Ef nú Alþingi vildi veita fje til að kaupa það af honum, þá skyldi jeg ekkert kvarta undan meðferðinni á manninum.

Í sömu andránni, sem verið er að klípa af styrknum til Einars, þá styrkir landið annan mann til að sigla í þeim tilgangi, að læra myndhöggvaralist. Jeg er satt að segja hissa á, að nokkur maður skuli vilja sigla út í sömu óvissuna og Einar, og hafa fyrir augum meðferð Alþingis á honum. Sjá í fjárlögunum þenna smánarlega styrk.

Það, sem var einna aðdáunarverðast, af öllu þessu, sem háttv. framsögum. fjárlaganefndar (P. J.) sagði, var það, er hann sagði frá því, að nefndin vildi láta klípa af styrk listamannanna til þets að láta reisa hús yfir listaverk Einars Jónssonar. Veit maðurinn, að þetta er sama sem að segja: Þið kæru listamenn! Það er ekki nóg, að þið gefið okkur öll ykkar verk, heldur verðum við að nema af rjettlátum launum ykkar, til þess að geta reist skýli yfir þau!?.

Háttv. framsögum. (P. J.) sagði frá því, að jeg hefði gint þingið til að veita

þessar 4 þús. kr. með því að segja, að hægt væri að byggja ódýran geymsluskúr, til að geyma listaverkin í. Hafi þessi orð mín orðið til þess að ginna þingið, til þess að taka við gjöf Einars, þá tel jeg það vel farið. En hinu vík jeg ekki frá, að jeg skal taka að mjer að koma upp geymsluskúr fyrir 600 kr., eins og jeg hefi sagt. Það verður hægt að geyma listaverkin þar, án þess að þau skemmist, þangað til búið er að spara nógan styrk frá listamönnunum til að koma öðru veglegra húsi!

Þetta vildi jeg sagt hafa um þá, sem fjárlaganefndin nafngreinir. En það eru margir, sem þó hafa áður fengið styrk, sem hún ekki nefnir, og virðist því ekki ætlast til að fái neinn styrk.

Jeg skal einungis nefna Kjarval málara. Hann er einstaklega efnilegur listamaður. En það er eins og annað með þessa sælu fjárlaganefnd. Hún vill nú nema af þessum styrk, sem listamönnunum var ætlaður í frumvarpi stjórnarinnar, svo stjórninni verði ómögulegt að veita neitt, nema þessa hungurlús, sem nefndin ætlar að veita örfáum mönnum.

Jeg ætla enn einu sinni að mótmæla því, að fjárlaganefndin hafi neitt vald til þess, að nafngreina nokkurn mann í áliti sínu um þetta efni. Jeg trúi þó stjórninni það betur, hversu fjandsamleg sem hún annars kann að vera mjer, að hún taki þó orð mín meir til greina en þessir böðlar lista og vísinda, sem sæti eiga í þessari fjárlaganefnd.

Jeg skal þá hverfa frá þessu efni að sinni; jeg býst við að fjárlaganefndin þakki fyrir sig, og mun jeg þá reyna að þakka henni aftur, fyrir meðferðina á listamönnunum.

Jeg vil gjarna mæla með styrknum til Vilhelms Jakobssonar, til að fullkomna sig í hraðritun. Það, að jeg mæli með þessu, er ekki af því, að jeg þekki manninn neitt, heldur af hinu, að jeg vil helst að það komi rjett, sem jeg hefi sagt hjer á þingi. Jeg segi þetta ekki til að lasta skrifara þingsins, þá sem nú eru, en það vita allir, að það er ómögulegt að ná ræðum manna og skrifa þó snarhönd. Jeg mun því reyna að koma með brtt. við þingsköpin, um að alt verði framvegis hraðritað, sem sagt er hjer á þingi. Þessi maður, sem jeg nefndi, hefir nú þegar lært svo mikið, að hann vantar nú lítið á að verða útlærður. Hann gæti þá kent skrifurunum, sem nú eru hjer, hraðritun, svo að þeir gæti orðið við þingið framvegis, og er þá vel farið.

Þá vil jeg enn nefna einn lið í fjárlögunum. Það er styrkurinn til Boga Melsted. Jeg var áður á móti því, að veita þeim manni styrk til ritstarfa, og var það af því, að mjer líkaði ekki sagan, sem út var að koma eftir hann. En þessum manni hefir síðan verið veittur styrkur í fjárlögum okkar, og því mun jeg ekki verða til þess að svíkja hann um það, sem skoða má að Alþingi hafi lofað. Þessi maður hefir auk þess vaxið síðan í áliti mínu, fyrir ritgjörð, sem hann hefir nýlega skrifað, um siglingar fornmanna, og mun jeg því nú glaður greiða atkvæði með styrk til hans.

Jeg ætla í einu atriði að vera góður við nefndina, og hjálpa henni til að hækka styrkinn til Helga Pjeturss um 800 kr. Helgi er nú á rannsóknarferð, og vona jeg að heilsa hans sje nú orðin svo góð, að hann geti framvegis unnið óskiftur að starfi sínu.

Háttv. fjárlaganefnd segir, að stórstúkan hafi sótt um að fá 2000 kr. styrk til að hafa eftirlit með því, að bannlögin verði ekki brotin. Og segjast templarar ætla að gjöra þetta með öllu leyfilegu móti. Þetta er auðvitað fagurt fyrirheit, en jeg veit ekki til, að templarar eigi að hafa neitt lögreglueftirlit í

landinu, og myndu þeir því ekki verða í þessu efni annað en það, sem »Psykophantar« og »Delatorar« voru með Grikkjum og Rómverjum. Jeg verð því, sóma míns vegna, að vera á móti þessari fjárveitingu. Og er það ekki af því, að jeg ekki unni fjelaginu als hins besta. En þetta er ekki starfssvið fyrir það.

Mjer þykir heldur færast skörin upp í bekkinn, þegar fram kemur frá háttv. fjárlaganefnd tillaga um að fella í 16. gr. styrkinn til búnaðarsambandanna. Og það á þessu bændavaldsþingi. Jeg lasta það auðvitað ekki, að bændurnir skuli vera svona óeigingjarnir, en samt finst mjer tillagan mjög svo óviturleg. Þótt bóndi fái 11 aura á dagsverkið, sem hann vinnur að jarðabótum, þá er það vitanlegt, að hann vinnur ekki jarðabætur í þeim tilgangi að ná í þenna styrk, en samt er þetta uppörfun, að eiga von á, þó ekki sje nema þessi litla viðurkenning. Þessi styrkur er auk þess ekki svo hár, að mikið muni um hann, og mun jeg því greiða atkvæði á móti tilögunni.

Aftur á móti mun jeg greiða atkvæði á móti styrkveitingunni til Miklavatnsmýraráveitunnar. Jeg sje ekki ástæðu til, að landið fari að leggja í þessa áveitu 13,000 kr. Sýslan fær lán til þess að veita á Skeiðin og kostar þetta verk sjálf að öllu leyti. En þar fæst þá reynslan án kostnaðar. Jeg held að nefndinni hefði verið sæmra að skera þetta niður, en ekki sumt annað, sem hún hefir lagt niður við trogið.

Jeg hefi ekki sjeð neina skýrslu frá nefndinni um það, hvort 15000 kr. sjeu taldar nægja við tilraunina, að veita Þverá í annan farveg. Jeg hugsa að upphæðin sje sett alveg út í loftið.

Loks er það eitt af afrekum nefndarinnar, að saxa 200 kr. af skógræktinni og 300 kr. af launum húsabyggingaráðunautsins. Hann á ekki að fá hjá nefndinni nema 1200 kr. í stað 1500 kr., sem hann hafði farið fram á að laun sín yrðu ákveðin. Þessi maður, sem jeg gat um, er mjög vel vinnandi maður, og jeg veit, að hann verður ekki lengi í þjónustu landsins fyrir slík sultarlaun, sem honum eru ætluð. Jeg vona að honum verði veittar 1500 kr.

Þá er enn eitt vísindaverkið nefndarinnar; það er styrkurinn til Samvinnufjelaganna, 1000 kr.! Þeir eiga svei mjer ekki að hlaupa til annara landa til að menta sig, þeir sem eiga að kenna þessa fræðigrein.

Þá sagði háttv. framsögum., að þeir í nefndinni gætu ekki verið með þessum smástyrk til brúargjörðar í Dalasýslu. Ekki vildi hann heldur fallast á tillögu mína um að veita 2000 kr. styrk til bryggjugjörðar í Búðardal, gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar að. Hann vildi álíta, að landssjóður ætti ekki að leggja til nema $^1/_3$ hluta kostnaðarins. Hann sagði, að Blönduósbryggjan væri rjett undir búin, því að þar væri þetta brot áskilið. Jeg hef nú ekki heyrt það, að svo væri fyrir mælt í lögum á Íslandi, að Alþingi mætti ekki styrkja verklegar framkvæmdir nema að þriðjungi. Mjer heyrðist hann sjálfur mæla með styrk til hafskipabryggju á Búðareyri við Reyðarfjörð, gegn helmings framlagi annarstaðar að. Þar hefir hann sjálfur brotið þetta »princip« sitt, svo að syndin er sameiginleg. Commune naufragium dulce. Ef mönnum þykir það til of mikils mælst, að leggja til helming kostnaðarins á móti hlutaðeigendum, þá þykir mjer betra að þeir fái $^1/_3$ heldur en ekki neitt, og ef þessi tillaga verður feld, mun jeg leggja það til við 3. umr., að veittur verði $^1/_3$ kostnaðarins.

Það var sjálfsagt rjett, sem háttv. framsögum. sagði, að jeg hefði ekki lát-

ið nægar skýrslur fylgja þessari beiðni, en jeg skal heita því, að fá skýrslu um Búðardalsbryggjuna hjá Jóni Þorlákssyni fyrir 3. umræðu, því að hann hefir gjört nákvæma teikningu af henni og kostnaðaráætlun. Jeg skal minnast þess, að fá skýrsluna fyrir 3. umr., því að jeg mundi ekki eftir því, að það þyrfti að búa svo í hendur fjárlaganefndarinnar, að maður þurfi að skrifa upp beiðnir, sem liggja hjer frammi í lestrarsalnum og senda henni þær með eigin nafni og innsigli. Eftir áætlun mun bryggjan tæplega kosta 4000 kr., svo að það verður aldrei meira en 2000 kr., sem landssjóður þarf að leggja fram, en ef til vill eitthvað minna.

Jeg skal geta þess, af því að menn taka stundum tillit til þess, hvernig stendur á, að þetta er eina kauptúnið við fjörðinn, sem skipasigling er til. Nú háttar svo til, að þarna er mikið útfiri, svo að skip verða oft að bíða í 3 klukkustundir eftir sjávarfalli, því að þann tíma verður uppskipunarbátum hvergi lent. Þess vegna er ærin nauðsyn á, að hafa þarna langa bryggju; það gjörir skipunum aðgengilegra að koma þar við. Jeg vona að menn líti á nauðsyn Dalamanna í þessu efni, og eins með bryggjuna inni í Salthólmavík. Upphæðin, sem þar er farið fram á, er svo lítil, að jeg skil ekki að fjárhagur landsins geti hallast vegna hennar. Jeg er líka fús til að bæta inn í tillöguna orðunum »alt að«. Við það gæti ef til vill sparast 10—20 kr.. sem svo mætti verja til einhvers stórfyrirtækis á næsta fjárlagaþingi.

Jeg skal nú ekki vera margorður úr þessu. Jeg er þakklátur fjárlaganefndinni fyrir margt, sem hún hefir gjört, en jeg hefi farið að eins og gjört er tíðast í heiminum, að jeg hefi orðið margorður um það sem miður fer, en látið hitt liggja í láginni, sem betur má fara.

Jeg vona, að háttv. framsögum. taki nú vel undir mínar málaleitanir, svo að jeg þurfi ekki að tefja tíma deildarinnar með því að taka aftur til máls. Sjerstaklega vil jeg skora á menn að samþykkja heldur mína tillögu, heldur en tillögu nefndarinnar, um listamannastyrkinn. En menn mega fyrir mjer gjarnan fella báðar tillögurnar, ef menn vilja láta styrkinn halda sjer eins og hann er í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar.

Ráðherra: Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir nú talað langt mál og haldið reiðilestur yfir fjárlaganefndinni. Þann reiðilestur ætla jeg ekki að endurtaka, því að jeg er að mestu leyti sammála fjárlaganefndinni og kann henni góðar þakkir fyrir störf hennar. Jeg vil að eins leyfa mjer að lýsa því nokkuð, hvernig fjárlögin kæmu til með að líta út, ef allar þær tillögur til hækkunar, sem fram hafa komið, yrðu samþyktar. Í 8.—12. gr. er hækkunin 31000 kr., og í 13.—14. gr. tæplega 51000 kr. Það verður samtals 82000 kr. Ef svo allar þær tillögur til hækkunar, sem komið hafa fram við þær greinar, sem eftir eru, yrðu samþyktar, þá er útkoman á þessa leið: Hækkun á 15. gr. myndi nema minst 16—17 þús. kr., þó allar lækkunartillögur, sem komið hafa fram við sömu gr., yrðu samþyktar. 16. gr. hækkar um 7—8 þús. kr. 18. gr. er í jafnvægi hjá nefndinni.

En ef þetta færi nú svo, sem hugsanlegt er, að allar þessar hækkunartillögur yrðu samþyktar, þá myndi neðri deild skila fjárlögunum með hjer um bil 240000 kr. tekjuhalla. Við þetta er þó það að athuga, að sumar fjárveitingar, t. d. til símalagninga og til brú-

ar á Jökulsá á Sólheimasandi, hefir stjórnin heimild til að draga og fresta framkvæmdum þessara verka, ef fjárhagur reynist örðugur, en þær nema samtals um 175 þús. kr. Sá ótvíræði tekjuhalli yrði þá 68—69 þús. kr., og er það satt að segja ekkert ægilegt, því að búast má við, að tekjurnar verði líka hærri en áætlað er. Þó er það enn þá að athuga við þetta, að ýmsar umframgreiðslur munu verða óhjákvæmilegar. Þar að auki má búast við, að á þingi verði, eins og vant er, samþykt lög, sem hafi í för með sjer fjárgreiðslur. *(Pjetur Jónsson:* Það er þegar búið að samþykkja slík lög). Já, en þau geta orðið fleiri. Jeg veit ekki hvort nefndin hefir yfirlit yfir þessi lög, en jeg gjöri þó ráð fyrir að hún fylgist með í þessu atriði.

Þá skal jeg leyfa mjer með nokkrum orðum að víkja að brtt. þeim, sem fram hafa komið við þann kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu, og vil jeg byrja á brtt. nefndarinnar.

Það er þá fyrst 1. brtt. nefndarinnar við 15. gr. um að styrkur sá, sem Landsbókasafninu er ætlaður til spjaldskrársamningar, verði hækkaður um 400 kr. hvort árið, eða 800 kr. alls á fjárhagstímabilinu. Jeg er í sjálfu sjer ekki mótfallinn þessum styrk, en þegar á hann er litið í sambandi við annan styrk, styrkinn til að afskrifa og ljósmynda skjöl, er snerta Ísland, í útlendum skjalasöfnum, sem nefndin vill lækka niður í 1000 kr., þá verður ekki neitt samræmi milli þessara tveggja styrkveitinga. Jeg skal játa það fúslega, að það er full þörf á því, að skrá Landsbókasafnið, og jeg treysti þeim manni vel, sem undanfarið hefir haft það starf á hendi, enda mun hann vera sá hæfasti maður, sem völ er á til þess. En það er engu síður þörf á að afrita íslensk skjöl í erlendum söfnum, og ef nefndin hefði viljað hafa samræmi í gjörðum sínum, þá hefði hún átt að hafa meiri jöfnuð í þessum styrkveitingum. *(Pjetur Jónsson:* Jeg sje ekki, að það sje svo náið samband þar á milli). Það er einmitt náið samband þar á milli. Það er stefnt að sama markmiði með báðum fjárveitingum, og jeg ímynda mjer, rjett á litið, að eins mikið gagn sje í því, að afrita merk skjöl íslensk, sem geymd eru í Ríkisskjalasafninu og öðrum söfnum í Kaupmannahöfn, og að skrá Landsbókasafnið. En þetta eru nú smámunir, sem ekki munu skapa fjandskap milli stjórnarinnar og nefndarinnar.

Enn fremur leggur fjárlaganefndin til að fella burtu 500 kr. styrk á ári, til að gefa út dómasafn Landsyfirrjettarins. Mjer er þetta mál nokkuð skylt, því að jeg fór fram á það við fyrirrennara minn, að þessi styrkur væri settur inn í fjárlagafrumv. stjórnarinnar. Hann var sammála mjer um nauðsyn þessa verks, og jeg veit, að yfirrjetturinn er einnig á sama máli. Jeg skal benda á, að það hefir lengi verið veittur styrkur, til að gefa út Íslenskt Fornbrjefasafn, sem hefir að geyma dóma til 1540. Þar að auki hefir verið veittur styrkur síðan 1909, til að gefa út Alþingisbækur hinar fornu frá 1570—1800. Þá hefir og þótt nauðsynlegt að gefa út dóma Landsyfirrjettarins frá 1874 til þessa tíma, og því verður að sjálfsögðu haldið áfram eftirleiðis. Þá er að eins eyða í útgáfu þessara dóma á tímabilinu frá 1800 til 1873. Ef það má telja nauðsynlegt að gefa út þá dóma, sem þegar hafa verið gefnir út, þá er engu síður ástæða til að gefa út dómana frá þessu tímabili. Það er sjerstaklega vegna dómstólanna í landinu, að jeg vildi fá þessa dóma útgefna, því að það er mikið varið í það fyrir dómara landsins, að geta sjeð, hvað hefir verið »praxis« áður. Þar

að auki má benda á, að dómasafnið hefir mikla sögulega og »culturella« þýðingu. Í því geta menn fengið upplýsingar um mjög mörg atriði, sem menn geta ekki fengið upplýsingar um annarsstaðar. Jeg vildi ekki fara fram á háa fjárhæð, því að mjer var það fyrir mestu, að byrjað yrði á verkinu. Jeg skil ekki, að landið geti farið á höfuðið, þótt veittur sje í þessu skyni 500 kr. árlegur styrkur.

Þá kem jeg að styrknum til skálda og listamanna. Það getur verið, að það sje rjett á litið hjá fjárlaganefndinni, að þessi styrkur sje óþarflega hátt settur í fjárlagafrumv. stjórnarinnar. En jeg skal geta þess, að þótt þessi liður væri settur hærri en nauðsyn bæri til, þá væri stjórninni ekki skylt að eyða honum öllum. Jeg býst við, að það sje nær meðalhæfi að setja þenna lið 12000 kr. hvort árið, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir stungið upp á. Þá skal jeg taka það fram út af aðferð nefndarinnar, þar sem hún hefir nafngreint nokkra menn, sem hún ætlast til að njóti styrks af þessum lið, og tiltekið við nöfn þeirra ákveðnar upphæðir, að jeg lít svo á, að þessar upphæðir eigi að vera lágmark, en stjórninni sje heimilt að veita meira innan hæfilegra takmarka. Komi engin andmæli fram gegn þessum skilningi mínum, lít jeg svo á, að þessi sje vilji nefndarinnar og deildarinnar.

Jeg get tekið undir það, sem háttv. þm. Dal. sagði um styrkinn til Einars Jónssonar höggmyndasmiðs. Í núgildandi fjárlögum mun hann hafa 1800 kr., en nefndin leggur til, að hann fái 1500 kr. hvort ár næsta fjárhagstímabils. Það er ekki viðfeldið að lækka þenna styrk, sjerstaklega þegar litið er til þess, að þessi maður hefir gefið landinu stórhöfðinglega gjöf, sem jeg sje, að fjárlaganefndin hefir kunnað að meta, þar sem hún leggur til, að alt að 10000 kr. verði veittar til að reisa hús yfir listaverk hans.

Þá koma hjer ýmsar smærri styrkveitingar, sem ekki er ástæða til að fara mikið út í. Þrír næstu styrkirnir, til Steingríms Jónssonar, Laufeyjar Valdemarsdóttur og Vilhelms Jakobssonar, nema samtals 2800 kr. á fjárhagstímabilinu.

Þá hefir nefndin lagt það til, að veita Jóhanni Kristjánssyni ættfræðingi 600 kr. hvort árið til að rannsaka meðferð á guðsþakkafje fyrr og síðar. Jeg held, að það sje full þörf á þessu verki, og maðurinn, sem býðst til að vinna það, er mjög áhugasamur og duglegur maður, sem eflaust er fullkomlega trúandi til að vinna verkið. Sama er að segja um styrkinn til Ágústs H. Bjarnasonar. Hann er fullkomlega verðugur þess að fá þenna litla styrk. Hann hefir nú nýverið gefið út stóra bók, sem er framhald af fyrri ritum hans um sögu mannsandans. Er það mikið ritverk og mikið á því að græða fyrir fróðleiksfúsa anda. Þá hefir nefndin lagt til, að styrkurinn til Helga Pjeturssonar verði hækkaður úr 1000 kr. upp í 1800 kr. hvort árið. Jeg er í sjálfu sjer ekkert á móti því, en í sambandi við þetta vil jeg beina til nefndarinnar þeirri spurningu, hvers vegna hún hefir ekki gjört Helga Jónssyni grasafræðingi sömu skil. Hann er alkunnur vísindamaður, sívinnandi að sinni vísindagrein, og hefir nú nýlega gefið út stórt rit á ensku um grasafræði Íslands. Mjer finst, úr því að öðrum nafnanum eru gjörð þessi skil, þá sje ekki rjett að setja hinn hjá. Loks rekur svo Stórstúkan lestina með 1000 kr. á ári. Mun sá styrkur eiga að vera til að efla bindindisstarfsemi, og er það væntanlega gott mál.

Um brtt. einstakra þingmanna við 15. gr. er ekki mikið að segja, enda er þar

engar stórar fjárhæðir um að tefla. Eina þeirra má skoða útkljáða hjer í deildinni í dag, nefnilega styrkinn til dr. Guðmundar Finnbogasonar. Þá er styrkurinn til dr. Alexanders Jóhannessonar, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) kom fram með á þgskj. 399. Mjer er alveg ókunnugt um rjettmæti þeirrar tillögu, og vil hafa óbundið atkvæði mitt um hana. Þá er Einar Hjaltested með 3000 kr. styrk til söngnáms eitt skifti fyrir öll. Hann er sagður mjög efnilegur maður í sinni grein, en mjer er ekki fullkomlega kunnugt um, hvort þessi upphæð getur komið að verulegu gagni, því að það er mjög dýrt að afla sjer kenslu þeirrar, sem hann þarf með til fullkomnunar sjer í sinni ment. Þá er næst styrkurinn til Boga Melsted, 800 kr. hvort árið. Jeg verð að taka undir með háttv. þm. Dal. (B. J.), því að það lítur svo út, sem sviknar sjeu þær vonir, sem þessi maður gat gjört sjer til þingsins. Hann hefir í mörg ár haft 1000 kr. árlegan styrk, misti hann í eitt ár, en var svo veittur sami styrkur aftur. Það er auðvitað um þenna mann, að hann vill vinna þetta verk, að skrifa sögu Íslands, og sumir eru ánægðir með, hvernig hann leysir það af hendi, en aftur aðrir miður, eins og gjörist og gengur í veröldinni, að það er ekki gott að gjöra öllum til hæfis.

Þá skal jeg næst minnast nokkrum orðum á brtt. við 16. gr. Fjárlaganefndin hefir lagt til að hækka styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands um 2000 kr. á ári, eða upp í 56,000 kr. hvort ár fjárhagstímabilsins. Þessi styrkur er nú orðinn ærið hár, en viðbótin nemur ekki miklu, og mun jeg engan ágreining gjöra út af henni. Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til búnaðarsambandanna falli niður að þessu sinni, og er jeg nefndinni sammála um þá ráðstöfun. Þessi styrkur hefir verið bútaður niður milli mýmargra búnaðarfjelaga hjer á landi, svo að lítið hefir komið í hvern stað og styrkurinn því ekki að miklu haldi komið. Það verður þessum fjelögum því varla mjög tilfinnanlegt, þótt styrkurinn verði feldur burtu að þessu sinni.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) vjek eitthvað að áveitunni á Miklavatnsmýri. Jeg ætla ekki að fara neitt út í það mál, enda býst jeg við, að háttv. samþingismaður minn sje því máli kunnugri en jeg og muni halda þar uppi svörum.

Þá vill nefndin veita 15,000 kr. síðara árið til að reyna að fyrirbyggja skemdir af vatnagangi úr Þverá og Markarfljóti. Við höfum nokkrir nýlega komið þangað austur og sjeð verksummerkin, hvernig vatnið hefir farið með gott og víðáttumikið land. Það er enginn efi á því, að mikið er í sölurnar leggjandi til að bjarga þessu fagra og góða landi, og sem betur fer má maður gjöra sjer góðar vonir um, að það takist.

Þá vill nefndin lækka lítið eitt styrkinn til skógræktar. Hún ætlar með því að spara 4000 kr. á fjárhagstímabilinu. Það munar nú fremur litlu, en fjárlaganefndin byggir á því, að ekki sjeu fyrir hendi neinar mikilsvarðandi framkvæmdir á þessu sviði. Mjer er ókunnugt um, hvort skógræktarstjórinn hefir lagt nokkuð til þessa máls.

Svo kemur næst styrkurinn til útgáfu dýralækningabókar. Sá styrkur stendur í núgildandi fjárlögum, en verður að líkindum ekki notaður á fjárhagstímabilinu, og er því sjálfsagt að taka hann upp í næstu fjárlög til endurveitingar.

Svo koma blessaðir gerlarnir, sem stjórn Búnaðarfjelagsins vill hleypa inn í efnarannsóknarstofu landsins. Þeir eiga að kosta 3600 kr., eða meira. Jeg

sje ekki, að þetta sje svo bráðnauðsynlegt, að það geti ekki beðið næsta þings. Upphæðin er að vísu lítil, en nú tala allir um sparnað, og nefndin hefir lagt til sparnað á öðrum liðum, sem ekki eiga minni rjett á sjer en þessi. Mjer dettur í hug, ef deildin samþykkir þessa tillögu, að henni sje betur við þessa gerla, heldur en Háskólagerlana, sem hún steindrap hjer á dögunum. Annars hefi jeg engin góð orð um það, að jeg komi ekki með brtt. þar að lútandi við 3 umr. fjárlaganna.

Þá er sveitahúsagjörðarmaðurinn. Það er satt, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að sá maður hefir ljeleg laun, og eru mikil líkindi til, að hann geti unnið fyrir meira kaupi í þjónustu einhvers annars húsbónda en landssjóðs.

Stjórn Fiskifjelags Íslands hefir farið fram á, að styrkur sá, sem fjelagið hefir notið undanfarið og er í núgildandi fjárlögum, 12,500 kr. á ári, verði hækkaður upp í 20,000 kr. hvort árið. Nefndin hefir lagt til, að þessi styrkur verði ákveðinn 18,000 kr. hvort árið, og tel jeg það heillaráð. Jeg held, að ekki hafi legið fyrir stjórninni nein beiðni um styrk frá þessu fjelagi, og því setti hún í fjárlagafrv. sitt sömu upphæðina og er í núgildandi fjárlögum. Jeg tel það vel farið og maklegt, að þessi styrkur sje hækkaður, en hins vegar er jeg meira efins um erindrekastarf fjelagsins erlendis til að selja afurðir sjávarútvegarins. Kaupmönnum ætti að vera vel trúandi til þess. Jeg skal geta þess, að þessi styrkur var ekki notaður til fulls síðast, vegna þess, að Fiskifjelagsdeildirnar lögðu ekki eins mikið fram og til var ætlast, eða einungis tæpar 2000 kr. í stað 4000 kr. Þetta bendir á, að Fiskifjelagið álíti þetta ekki mjög þýðingarmikið atriði.

Þá er næst 1000 kr. til samvinnufjelagsskapar. Það fje hefir verið veitt undanfarið til fræðslu í þessu skyni, og maðurinn, sem hefir haft þetta á hendi, og er prýðilega fær, hefir ferðast um hjer í landi, að jeg ætla um land alt, eða mestan hluta þess að minsta kosti. Væntanlega er því ekki nauðsynlegt nú að láta þennan styrk halda sjer, því að þótt gott væri að hafa námsskeið í bókfærslu, þá er þess að gæta, að menn vilja nú spara, og hins vegar veltiár fyrir bændur, þar sem afurðir þeirra eru í gífurlega háu verði. Mjer finst því, að spara mætti fje þetta að þessu sinni.

Jeg hefi komið fram með brtt. um ullarmatið; hana tek jeg aftur, af því að nefndin hefir borið fram aðra, er jeg get felt mig við.

Þá er brtt. frá nefndinni um að hækka styrk til heimilisiðnaðarfjelagsins úr 500 upp í 1000 krónur. Þetta er í sjálfu sjer nytsamt fyrirtæki, en jeg held að það sje svipað sumum matreiðsluskólunum að sínu leyti. Stúlkur læra að búa þar til »fína« rjetti, en kunna svo ekki, er þær koma þaðan, að búa til almennan mat, eins og hann er mest notaður í sveitum. Eins er því farið með heimilisiðnaðinn. Þar er kendur fínn vefnaður, er naumast einum af hundraði kemur að notum. Þá er þar líka kent »Slöjd«, er fyndnir menn kalla slóðaskap. Þetta er kent víða í skólum; jeg veit til þess, að inn í Mentaskólann er kominn þessi slóðaskapur, en ber víst lítinn árangur, eins og sum önnur nýbreytni þar.

Þessu næst er styrkur til Ungmennafjelaganna. Hann vill meiri hluti nefndarinnar hækka upp í 1000 kr. hvort árið. Það er líkt um þetta að segja og annað, að fyrst menn ætla að spara, þá sje jeg ekki svo brýna nauðsyn á þessu, að eigi sje við lægri upphæðina hlítandi.

Þá er styrkur til ábúandans á Hrauntanga, til að reisa ferðamannaskýli.

Nefndin hefir fært hann niður í 100 kr. Jeg veit ekki, hvort þetta er rjett; upphæðin var svo lág, að litlu máli hefði skift, þó að hún hefði verið veitt öll.

Svo er brtt. um að hækka laun umsjónarmanns áfengiskaupa úr 600 kr. upp í 900 kr. Af því að starf hans fer sívaxandi, virðist þessi launahækkun vera eðlileg og sjálfsögð.

Þá er fjárveiting til að ryðja vör í Ingólfshöfða. Hún hygg jeg að sje þörf, ef að gagni mætti koma.

Fjárveitingin til Sauðárkróksbryggju er endurveiting, og er víst alveg sjálfsögð.

Viðvíkjandi hafskipabryggju á Búðareyri skal jeg ekkert segja, því jeg þekki þar ekki til.

Þá er enn fremur 5000 kr. fjárveiting til uppmælinga á innsiglingu til Borgarness og Skógarness og á höfnum beggja staðanna. Fjárveiting þessi er mjög nauðsynleg, og verð jeg því henni hlyntur.

Þá koma brtt. ýmsra þingmanna, er jeg skal sleppa að minnast á að mestu leyti. Jeg hefi minst áður á styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S) hefir komið fram með tillögu um, að því verði veittur styrkur síðara árið. Það er miðlunarleið, sem hann hefir farið. Jeg býst við að jeg verði þar óskorað með nefndinni.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hefir komið fram með brtt. viðvíkjandi járnbrautinni. Honum get jeg ekki orðið þar samferða. Einnig hefir háttv. sami þm. komið fram með brtt. viðvíkjandi bryggjugjörðum á Blönduósi og í Salthólmavík. Um þessa brtt. get jeg ekkert sagt að sinni. Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir mælt með fjárveitingu til Salthólmavíkurbryggjunnar, og jeg býst við, að 1. þm. Húnv. (G. H) mæli með hinni. Tek jeg því ekki afstöðu til þessa máls, fyrr en jeg hefi heyrt rök þeirra.

Læt jeg hjer svo staðar numið að þessu sinni.

Guðmundur Hannesson: Jeg býst ekki við, að það hafi mikla þýðingu að halda langa ræðu, enda skal jeg ekki gjöra það. En þó get jeg ekki látið hjá líða að minnast lítið eitt á Blönduóssbryggjuna.

Eins og flestir vita, er Blönduósshöfnin ein af hættulegustu höfnum hjer við land, er skip koma á, en fyrir ofan liggja fjölbygð hjeruð, er hafa mikla verslun, en annarsstaðar er ekki höfn til afnota. Þarna verða menn að fara í land og flytja vörur úr skipi og í, hvernig sem veður er.

Lengi sáu menn engin ráð til að bæta úr þeim kostnaðarauka og þeirri lífshættu, er þessu var samfara, en fyrir allmörgum árum var þó ráðist í gjöra bryggju alllangan veg frá kaupstaðnum, líklega 1 kílómeter þaðan. Bryggja þessi liggur fram undan háum bakka, er skafla leggur í á vetrum. Er sá erfiðleiki, sem af þessu stafar, svo mikill á vetrum, að oft er nálega ómögulegt að nota bryggjuna. Ofan bryggjunnar er nálega ekkert undirlendi, og gengur þar sjór á land í brimum, svo vörur, sem í land koma, verða tæpast eða alls ekki varðar stórskemdum. Þá eru og bátar í mikilli hættu.

Nú var bryggjan gjörð á þeim tímum, er menn þektu ekki sem skyldi, hvernig slíku mannvirki skyldi haga. Það voru gjörðir stórir timburkassar, bundnir saman með trjeslám og járni og fyltir með grjóti. Slíkar bryggjur geta tæpast orðið til frambúðar, því járnið hlýtur að ryðga sundur með tímanum, og er þá við búið, að kassarnir losni sundur. Þó hafa þessir stóru kassar staðist til þessa. En nú er það spurningin, hversu lengi gjöra þeir það? En það er engum vafa bundið, að sífelt er við búið að þeir bili.

Við nýja rannsókn, er verkfræðingur Geir Zoëga hefir gjört, kom það upp úr

kafinu, að fært væri að gjöra bryggju þar sem kaupstaðurinn er. Þar er nóg landrými fyrir ofan, svo að hægt er að bjarga vörum undan sjó og skemdum, og skamt yrði þá einnig að flytja þær, því að þar eru allar verslanirnar, nema »Kaupfjelag Húnvetninga«, er stendur við gömlu bryggjuna. Þar sem ætlast er til að bryggjan verði gjörð, er klöpp í botninum og örugg undirstaða. Þegar gamla bryggjan var bygð, örvæntu allir um, að mögulegt væri að byggja bryggju hjá kaupstaðnum, svo mjer fanst, satt að segja, grunsamt, að þetta fyrirtæki væri svo vel hugað sem skyldi. Jeg náði því tali af verkfræðingnum, sem hefir gjört áætlunina. Jeg spurði hann fyrst, hvort bryggjan gæti orðið til frambúðar, gæti varist sandinum og staðið gegn hafís og brimi. Taldi hann engan vafa á því. Síðan hefi jeg skrifað honum brjef og lagt fyrir hann fyrirspurnir um það, hvort bryggjan gæti staðist brim, sandaburð og hafís, til þess að geta sýnt fjárlaganefnd þetta svart á hvítu. Hann svaraði mjer í brjefi, að bryggjan muni algjörlega trygg fyrir öllu þessu, ef hún verði gjörð eins og hann hefir lagt til.

Þá er annað atriði, er þingmenn verða að taka til greina, og það er, hversu mikið þeir menn vilja leggja á sig, er fyrirtækið kemur að gagni. Þeir bjóðast til að leggja fram $^2/_3$ hluta kostnaðarins, ef til framkvæmda kemur. Með þessu er fengin trygging fyrir því, að fyrirtækið sje þarft og trú á því, að bryggjan verði trygg og til frambúðar. Það er enginn vafi á því, að lítið kauptún gjörði þetta ekki, nema um ríka nauðsyn væri að ræða og menn gjörðu sjer vissa von um, að bryggjan kæmi að fullum notum.

Þá er annað mál, er jeg vildi minnast á. Það er Langadalsvegurinn; gjöri jeg það mest af því, að nú hefir því verið hreyft, að stefna póstleiðarinnar væri ekki ákveðin til fulls, og mætti svo fara, að hún yrði ekki lögð um Langadal.

Það hefir mikla þýðingu fyrir Skagafjörð, ef vegurinn yrði lagður ytri leiðina og yfir Kolugafjall, en leið þessi er fjærri því að vera álitleg fyrir póstveg, miklu óálitlegri en fram Langadal og yfir Vatnsskarð. Annars er vegur yfir Kolugafjall erfiður og ógreiður að vetrarlagi; jeg hefi farið hann um það leyti árs, og er það því kunnugt. Líka er það mikill krókur fyrir póst að fara þá leið, í samanburði við að fara fram Langadal, ef Öxnadalsheiði er farin, eins og nú á sjer stað. En þó svo ólíklega tækist til, að póstleið yrði lögð yfir Kolugafjall, er enginn vafi á því, að eigi að síður verður vegur lagður fram Langadal. Fjölbygðar sveitir hafa not af þessum vegi, eigi að eins Langidalur, heldur einnig Svartárdalur og Blöndudalur, sem eflaust nota þennan veg til aðdrátta. Það er því ekki vegna póstleiðarinnar einnar, að jeg er þessu fylgjandi, en jeg sje það í hendi minni, að þessi vegur verður lagður, hvort sem er. Jeg býst líka við, að meðan hann verður ekki endurbættur, hljóti viðhaldskostnaðurinn að verða landssjóði þungur baggi.

Um aðrar brtt. ætla jeg ekki að tala. En jeg vil minnast ögn á styrkinn til skálda og listamanna.

Mjer fellur það illa, að ekki var tekin til greina ósk Guðmundar Kamban, um að fá lán, til þess að geta klofið að byrja á ritstörfum í Vesturheimi. Í þessu máli verða ekki færð önnur rök en persónulegt álit, og hvað mig snertir, þá er jeg ekki í neinum efa um, að því fje hefði verið vel varið, sem til hans hefði gengið. Þó að hann hefði fengið 10,000 kr. í eitt skifti fyrir öll, þá sjá allir, að hjer er ekki um gífurlega upp-

hæð að ræða, í samanburði við skáldastyrk æfilangt. Líka væri það gott fyrir landið, ef hann gæti sjer orðstír í Vesturheimi, ên það hefir hann þegar gjört í Danmörku. Jeg get þess til, að saga hans verði einhverntíma skrifuð, og þá verði þess getið, oss til lítils sóma, að hann hafi eitt sinn leitað til þingsins og verið neitað.

Það er eitt, sem jeg vil minnast enn á, og það er Heimilisiðnaðarfjelagið.

Það var alveg rjett, sem hæstv. ráðherra sagði, að tilgangur fjelagsins væri sjálfsagt góður. En hann var í vafa um, hvort framkvæmdirnar væru allskostar heppilegar. Það getur verið, að þær sjeu minni en æskilegt væri. Jeg tel það líklegt, en vona að þær batni með tímanum. Eigi að síður er þetta gott mál, sem jeg býst við, þegar tímar líða, að verði talið stórmál, því að með þessu er í raun og veru verið að reyna að gjöra Íslendingum arðsama hina löngu vetur. Íslendingar hafa lengst af verið iðnaðarþjóð, og starfað að alls konar iðnaði mestan hluta árs, en er útlendur iðnaður tók við, þá kastaði almenningur þessu frá sjer, miklu fyrr en aðrar þjóðir. Þar þrífst enn víða mikill heimilisiðnaður, og víst er um það, að ólíku voru Þjóðverjar fastheldnari. Þeir hafa sumstaðar haldið heimilisiðnaði sínum, jafnvel þó kaupið væri afarlágt, tæpl. 1 kr. fyrir 16 stunda vinnu.

Þó er eitt bygðarlag hjer á landi, þar sem heimilisiðnaður er enn þá lifandi. Það er í Eyjafirði. Þaðan er flutt út mjög mikið af prjónlesi. Að vísu er það ófullkomið; þyrfti mikilla endurbóta. Ef þær kæmust á, ætti það ekki að vera óhugsandi, að vjer gætum unnið prjónles úr allri okkar ull.

Þegar verið er að ræða um að styrkja heimilisiðnað, finst mjer það liggja næst, að styrkja Eyjafjörð framar öllum öðrum. Þar hefir verið stofnað heimilisiðnaðarfjelag í þeim tilgangi, að endurbæta og auka gamla iðnaðinn.

Jeg greiði atkvæði með hækkun til heimilisiðnaðar, en við 3. umræðu hugsa jeg mjer að koma fram með breytingartillögu um, að þetta fjelag í Eyjafirði njóti styrks af þessum 1000 krónum, því að jeg held, að þar sje miklu betri jarðvegur fyrir hann en nokkru sinni hjer í Reykjavík.

Sigurður Sigurðsson: Jeg skal reyna að haga orðum mínum svo, að enginn þurfi að hneykslast af, enda miður vel gjört að egna ilt skap og stuðla þannig að því, að umræðurnar lengist úr hófi.

Háttv. fjárlaganefnd, eða meiri hluti hennar, hefir nú komist að þeirri niðurstöðu, að fella niður styrkinn til búnaðarfjelaganna bæði árin. Þó að jeg vilji nú spara landsfje og láta þann sparnað koma eins niður á landbúnaðinum og öðru, þá þykir mjer þetta helst til langt gengið. Þess vegna hefir það orðið að samkomulagi milli mín og meðnefndarmanna minna, að jeg mætti koma fram með brtt., sem er á þgskj. 347, og fer fram á það, að styrkurinn verði veittur síðara árið, og skal jeg nú stuttlega gjöra grein fyrir því, hvers vegna þessu er svo hagað.

Að vísu eru skiftar skoðanir um nytsemi þessarar styrkveitingar. Sumir halda því fram, að hún megi vel missa sig, eða sje jafnvel með öllu óþörf. En menn verða samt að líta á það, að það er ekki lítið þessum styrk að þakka, hvað jarðabótum og ræktun landsins hefir miðað áfram á síðari árum. Þess vegna myndi það koma sjer illa, ef honum væri kipt burtu nú, og ef hann hyrfi bæði árin, þá væri vafasamt, hvort þingið 1917 færi að taka hann upp aftur. Búnaðarfjelögin eru nú flest komin í búnaðarsamböndin og hafa sínar skyld-

ur gagnvart þeim, greiða þeim árlegt gjald, sem þau hafa meðfram tekið af þessum styrk. Ef þess vegna þessi breyting væri nú gjörð, þá myndi það ekki einungis verða til þess að há sveitabúnaðarfjelögunum, heldur og búnaðarsamböndunum. Þess vegna tel jeg það naumast geta komið til mála, að kippa styrknum burt bæði árin. Og jafnvel þótt skoðunin um það, að styrkurinn sje ekki í sjálfu sjer nauðsynlegur, væri á einhverju bygð, þá er ekki enn kominn tími til þess nú, að fella hann burtu. Til þess þarf að gjöra frekari ráðstafanir og undirbúning, t. d. því viðvíkjandi, hvernig sambandi búnaðarfjelaganna og sambandanna ætti þá framvegis að verða háttað o. s. frv. Jeg skil að það geti komið til tals, að breyta forminu á þessum styrk, en það er enn ekki búið að koma sjer niður á því, hvernig þá væri æskilegast að fyrirkomulagið yrði í framtíðinni. Jeg vona því, að háttv. deild sjái það, að full ástæða er til að samþykkja þessa tillögu mína á þgskj. 347, og læt þetta því nægja að sinni. Jeg kannast við, að styrkurinn ætti að standa bæði árin, en bæði af því, að nefndin hafði hvarvetna fyrir augum að spara sem mest, og þarfirnar hins vegar kalla alstaðar að, þá varð þetta ofan á í nefndinni. Yfir höfuð er starfsemi búnaðarfjelaganna og sambandanna komin á svo fastan rekspöl, að það myndi raska þeirri starfsemi mjög, ef styrkurinn alfarið fjelli burt.

Um hækkunina á styrknum til Búnaðarfjelags Íslands skal jeg ekki segja mikið. Hún er meðal annars miðuð við það, að fjelagið geti styrkt mann til þess að kynna sjer vatnsveitur og fullkomna sig svo í þeirri fræðigrein, að hann geti tekið að sjer »kulturteknisk« störf í landsins þjónustu. Og þetta er er eitt af því, sem mælir mjög með hækkuninni.

Viðvíkjandi lánsheimildinni til Skeiðaáveitunnar, vil jeg að eins upplýsa það, að þetta fje, sem nefndin leggur til að veitt verði, 50 þús. kr., er ekki nema rúmur helmingur þess, sem gjört er ráð fyrir að áveitan muni kosta. Þetta er sagt til þess, að menn gjöri sjer það ljóst, að hjer er ekki gjört ráð fyrir láni til fyrirtækisins, nema að nokkru leyti. Hver ráð verða til þess að afla þess fjár, sem á vantar, það kemur ekki svo mjög þessu máli við. Þeir menn, sem þar eiga hlut að máli, munu reyna að sjá þar einhverjar útgönguleiðir.

Um fjárveitinguna til Miklavatnsáveitunnar, skal jeg geta þess, eins og bent var á í dag, að hún er í frumv. stjórnarinnar, og er ætluð til þess, að fullkomna það verk, ef kostur er á.

Úr því að jeg stóð upp, þá get jeg ekki leitt hjá mjer að minnast á örfá atriði í einstökum liðum þessara greina, sem nú eru til umr.

Hæstv. ráðherra gat í dag um styrk til að gefa út Landsyfirrjettardóma frá 1800—1873. Það mun nú vera nauðsynlegt, og ekki hefi jeg á móti því, enda kannast nefndin við það. En mjer skildist svo, sem það hefði verið hugsun fyrrv. stjórnar, að það starf hefði verið ætlað þáverandi háskólakennara Einari Arnórssyni. En með því að hann er nú orðinn ráðherra, muni hann ekki geta snúist við því, en vafasamt, hvort annar myndi fást jafn fær til þess starfa. *(Ráðherra:* Jú, jú. Nógir menn, sem kunna að lesa prófarkir). Hvað sem því líður, þá býst jeg við því, að þótt þetta kunni að vera þarfaverk, þá sje það þó, eins og sumt annað, að það geti ekki kallast beinlínis aðkallandi nauðsynlegt.

Þá skal jeg minnast á styrkveitingar til lista og vísinda. Þar hefir sjerstaklega háttv. þm. Dal (B. J.) vitt nefnd-

ina fyrir það, að þessi liður í fjárlagafrumvarpinu skuli vera sundurliðaður í nefndarálitinu, eins og þar er gjört. En mjer er óhætt að segja, að sú sundurliðun er ekki annað en bending um það, að nefndin telur sjálfsagt, að þeir, sem að undanförnu hafa notið þeirra styrkveitinga, fái að halda þeim áfram. Bæði hún og flestir aðrir hafa litið svo á, að þeir, sem um mörg undanfarin ár hafa notið styrksins, eigi rjett á því, að þeir sjeu ekki sviftir honum nú, þótt þessi breyting verði, og þessu minnir mig, að jeg hafi einmitt skotið að hv. þm. í dag, þegar hann var að fjargviðrast út af þessu. *(Bjarni Jónsson:* En er þá meiningin að útiloka, að þeir fái hærri styrk en verið hefir?). Nei, ekki hygg jeg það. — Um upphæðina í heild sinni hafa verið skiftar skoðanir, og varð ofan á í nefndinni að hafa hana 9 þús. kr. á ári. — Hæstv. ráðh. ljet það í ljós í umræðunum í dag, að sjer hefði þótt fara betur á því að hafa þá upphæð hærri, og að stjórninni bæri ekki skylda til að úthluta henni allri. Það getur nú verið, en trúað gæti jeg því, að fleiri yrðu þeir ráðherrarnir, sem myndu útbýta öllum styrknum, jafnvel þótt hann væri nokkrum þúsundum hærri en til er tekið, og jafnvel telja það skyldu sína. — Að minsta kosti er jeg sannfærður um það, að ef háttv. þm. Dal. (B. J.) yrði einhverntíma ráðherra, þá myndi hann ekki telja það á sig. *(Bjarni Jónsson:* Alveg rjett). Jeg segi það ekki til þess að ámæla þeim vísa manni. Það vita allir, að það væri samkvæmt skoðunum hans. Þess vegna álít jeg það rjett gjört af þinginu að takmarka þann gjaldalið sem mest. Jeg skal fúslega kannast við það, að mjer þætti það æskilegast, að geta sint öllum þeim fjárbeiðslum, sem jeg hjeldi að gætu á einn eða annan hátt orðið til gagns. Ef ástæður og fjárhagur leyfðu, þá vildi jeg vera þeim meðmæltur. En það er hjer eins og annarsstaðar, að getan verður að ráða, og þar sem ekki er hægt að sinna öllu, jafnvel ekki öllu því, sem gagnlegt er, þá verður að vinsa úr og láta það sitja fyrir, sem álitlegast er og arðvænlegast.

Hins vegar þykist jeg nú vita, að skiftar skoðanir sjeu um það, hvað það sje, og skal jeg ekki fara langt út í það. En þó að listir og vísindi sjeu mikils virði hjá okkur eins og öðrum þjóðum, þá verður þó fyrst og fremst að styrkja þau fyrirtæki, sem styðja beinlínis að velmegun þjóðarinnar, svo sem atvinnuvegina o. fl. Og þegar það hefir verið gjört um skeið, þá kemur sá tími, og það vona jeg að verði áður en langt um líður, að þjóðin verður færari til að sinna vísindunum og veita ríflegri styrk til skálda og listamanna.

Hæstv. ráðherra mintist eitthvað á styrk til að kaupa gerlarannsóknaráhöld Gísla Guðmundssonar og að veita honum þóknun framvegis fyrir rannsóknir hans. Þótti honum miður, að embætti það, sem um var rætt hjer í þinginu að stofna við Háskólann, skyldi falla, því að þar ættu að fara fram slíkar rannsóknir jafnhliða. En jeg vil nú fyrir mitt leyti ekki setja það tvent í samband, því að það er óskylt. Starf Gísla hefir verið í þarfir atvinnuveganna og landbúnaðarins, og sjerstaklega miðað að því, upp á síðkastið, að rannsaka gerla í mjólk og osti, í þeim tilgangi að bæta tilbúning og meðferð mjólkurafurða og greiða með því götu þeirra til hærra verðs en nú á sjer stað.

Jeg verð að álíta þetta þýðingarmikið atriði fyrir landbúnaðinn, og jeg sje ekki að það þurfi að verða þessari fjárveitingu að falli, þótt þetta háskólaembætti fjelli hjer í háttv. deild.

Jeg mun svo ekki fara frekar út í einstaka liði í brtt. nefndarinnar, eða brtt. einstakra manna; það myndi verða of langt mál. En það mun sjást á sínum tíma, er til atkvæðagreiðslu kemur, hver er afstaða mín til hinna ýmsu styrkbeiðna.

Ráðherra: Jeg vildi leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir við ræðu háttv. samþm. míns (S. S.). Hann kvað fjárlaganefnd hafa ætlast til þess, að jeg ynni að útgáfu dómasafnsins. Jeg man nú satt að segja ekki vel, hvort hann nefndi bitling í því sambandi, en þá skýringu get jeg gefið honum til vonar og vara, að hjer er ekki um feitan bita að ræða. Jeg hefi hjer í höndum brjef frá sjálfum mjer til fyrrverandi stjórnar, sem fjárlaganefndin hefir góðfúslega ljeð mjer, þar sem jeg vek athygli stjórnarinnar á því, að þörf sje á, að dómasafnið sje gefið út. Það má vel vera, að háttv. samþm. minn hafi ekki sjeð þetta brjef, en það skiftir ekki svo miklu máli, því að hann getur fengið að sjá það hjá mjer nú þegar. En þótt nú svo hefði verið, sem ekki var, að ákveðinn maður hefði verið nefndur til þessa starfs, þá skiftir það engu, því að þetta verk er ekki svo vandasamt. Það er ekki innifalið í öðru en að afrita dómabækurnar, og hefði háttv. samþm. minn verið lögfræðingur, þá hefði jeg alveg óhræddur þorað að fela honum starfið, upp á það að gjöra, að hann myndi hafa getað leyst það sómasamlega af hendi. Mjer hefir og skilist á fjárlaganefndinni, að hún væri mjer samdóma um það, að útgáfa þessi væri í alla staði þarfleg.

Mjer fanst háttv. samþm. minn komast að þeirri niðurstöðu, að styrkinn til lista og vísinda bæri að takmarka sem allra mest. Nú vildi jeg leyfa mjer að minna háttv. samþm. minn á það, að á þingmálafundi, sem haldinn var af kjósendum okkar í sumar að Húsatóttum á Skeiðum, og þar sem við báðir vorum viðstaddir, var samþykt ljómandi góð tillaga í garð listamanna með öllum atkvæðum. Var þar samþykt að skora á Alþingi að veita listamönnum hæfilegan styrk, og margir vildu meira að sega hafa það *ríflegan* styrk. Í byrjun fundarins kom einmitt fram tillaga um að spara þessa styrkveitingu, en þá risu upp þrír menn, hver á fætur öðrum, er allir sýndu fram á, að heimskulegt væri að hafa á móti þessari styrkveitingu. Allur þingheimur sá, að þeir höfðu rjett að mæla, og var svo tillaga sú, er jeg nefndi áðan, um að veita listamönnum hæfilegan styrk, samþykt. Það er því áreiðanlega ekki í samræmi við vilja kjósenda okkar að vilja takmarka þessar styrkveitingar. Það er alt af einstaklega gott að vera fyrst og fremst sannfærður um gott málefni og svo að hafa vilja kjósenda, til þess að ýta undir sig, er á þing er komið! Það er alveg rjett, að atvinnuvegina á að styrkja af öllum mætti, en andlegi gróðurinn má ekki kyrkjast heldur, en það hlýtur hann að gjöra ef listamenn vorir, hverju nafni sem nefnast, eru látnir hanga á horriminni ár eftir ár. (*Sigurður Sigurðsson:* Það gjöra nú fleiri). Má vera að svo sje, en engan ráðunautinn hefi jeg sjeð, er ekki hefir þrifist vel. (Hlátur).

Þá mintist háttv. samþm. minn (S. S.) á gerlana í sambandi við það, er jeg sagði. Jeg vil síst neita því, að mikla þýðingu hefir það, að mjólkursýrugerlar og ostagerlar o. s. frv. sjeu rannsakaðir sem best, en mjer hefir þó ætíð skilist, að ekki væri síður nauðsynlegt an rannsaka manngerlana. Sú fræðigrein mun þó engu síður hafa rjett á sjer en hin, og hefðum við verið nokkrum öldum á undan í því efni, þá hefðu

ekki pestir og drepsóttir höggvið eins tilfinnanlegt skarð í þjóðarmeið vorn Íslendinga, eins og t. d. Stórabóla gjörði árið 1707, svo jeg nefni að eins eitt dæmi. Þá hefðu manngerlarnir verið betur rannsakaðir. *(Bjarni Jónsson:* Hver á að verða til þess að rannsaka sparsemdargerilinn?) Sparsemdargerilinn hygg jeg að snjallast væri að láta hv. samþm. minn (S.S.) og hv. þm. Dal. (B. J.) rannsaka í sameiningu, og sjá svo að hvaða niður stöðu þeir kæmust í því efni. Það er síður en svo, að jeg hafi nokkuð á móti gerlafræðingi þeim, er hjer er um að ræða, eða sje mótfallinn því, að hlynt sje að honum, en jeg álít, að Alþingi eigi að vera sjálfu sjer samkvæmt, og ekki að ganga algjörlega fram hjá öðru, en taka hitt, þegar líkt stendur á og hjer í þessu tilfelli.

Sigurður Gunnarsson: Jeg á nú að vísu enga brtt. við þenna kafla fjárlaganna, en þar með er þó ekki sagt, að jeg greiði atkvæði með öllum brtt., er fram hafa komið. Mjer dettur ekki í hug að drepa á nema fáein atriði, því bæði myndi það vera gagnslaust, og svo að eins til þess að tefja tímann. Jeg skal þá fyrst taka það fram, út af brtt. fjárlaganefndarinnar í byrjun 16. gr. á þgskj. 338, að jeg felst á að hækka styrkinn til Búnaðarfjelags Íslands um 2000 kr. hvort árið, í fullu trausti til þess, að stjórn Búnaðarfjelagsins sjái svo um, ekki síður nú en áður, að sem fjörugast samband sje milli þess og hinna einstöku búnaðarfjelaga út um landið. Þá er næst breytingartillagan á þgskj. 347, þar sem nefndin leggur til að fella alveg niður styrkinn til búnaðarfjelaganna. Auðvitað ræðst nefndin á styrk þenna af sparsemisástæðum, en ekki af því, að meiningin sje sú, að styrkurinn eigi ekki aftur að koma í fjárlögin.

Jeg er samþykkur háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) í því, að hjer sje of langt farið. Það er ekki einungis, að jeg sje fylgjandi uppástungu hans um að láta búnaðarfjelögin fá 20000 kr. síðara árið, heldur langaði mig til þess, að sú upphæð, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á, væri látin halda sjer óbreytt. Jeg held að enn þá sje ekki kominn tími til þess að kippa þessum styrk burtu. Það er auðvitað, að styrkurinn er skamtaður smátt einstökum fjelögum, en það er áreiðanlegt, að styrkurinn á mikinn þátt í því að örva bændur til jarðræktar. Einmitt af því, að fjelögin hafa sjeð, að Alþingi rjetti fram höndina til styrktar, þá hafa þau unnið með glaðara geði en ella, og þess vegna held jeg, að misráðið sje að kippa þessum styrk burtu.

Í sambandi við þetta skal jeg leyfa mjer að drepa á breytingartill. á þgskj. 378, þar sem lagt er til, að 18000 kr. til undirbúnings og rannsókna á hentugu svæði fyrir járnbrautarlagningu falli burtu. Jeg skal strax lýsa því yfir, að jeg mun fylgja þessari breytingartillögu, og nái hún fram að ganga, þá fæst allmikið upp í það, sem búnaðarfjelögin þurfa með. Járnbrautarmálið er langstærsta málið, sem komið hefir til umræðu á þessu landi. Jeg skal ekki leggja neinn dóm á rjettmæti þeirrar hugsunar, hvort járnbrautir muni borga sig eða ekki, en jeg álít, að fullyrða megi, að þetta sje fremur framtíðarmál en nútíma. Eða búast virkilega nokkrir háttv. þingmenn við því, að nokkuð verði gjört í þá átt, að leggja járnbrautir á þessu landi, nú á næsta áratug? Það er því tilgangslaust, að eiga nokkuð við það mál á þessu fjárhagstíma-

bili, en varhugavert frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Við 16. gr. er brtt. á þgskj. 338, þar sem lagt er til, að 13000 kr. sjeu veittar til Miklavatnsáveitunnar. Jeg ætla nú ekki að amast við þessari fjárveitingu, en eingöngu þó í því trausti, að stjórnin sjái um, að skýlaus yfirlýsing komi um það frá landsverkfræðingnum, að vatn fáist nægilega mikið til áveitunnar. Þetta er auðvitað mikils vert og gagnlegt mál, og þess vegna þarf að búa sem rækilegast um, að það komi að fullum notum.

Þá skal jeg næst minnast á breytingartillögu 416 við 15. grein. Hún fer fram á að dr. Guðm. Finnbogasyni sjeu veittar 3000 krónur hvort árið, til þess að endurbæta vinnubrögð í landinu. Eins og menn muna, þá lá fyrir háttv. deild í dag frumvarp um það, að stofna embætti við Háskólann í hagnýtri sálarfræði. En nefnd, sem sett var í það mál, vísaði því á bug með rökstuddri dagskrá, sem óbeinlínis fór fram á að veita þessa fjárupphæð, er jeg hefi nefnt, og var sú dagskrá samþykt með 17 atkvæðum gegn 8, og var jeg einn af þeim síðarnefndu. Ekki var endilega með þessu sagt, að allir þessir 8 væru algjörlega á móti fjárveitingu til þessara rannsókna, í hverri mynd sem væri, því ýmsir af þeim vildu heldur frumvarpið og þar á meðal var háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), því að hann tók fram í ræðu sinni, að hann væri á móti dagskránni, en feldi sig vel við frumvarpið. Þannig er þessu ekki farið með mig. Þegar jeg greiddi atkvæði á móti dagskránni, þá var jeg ráðinn í því að greiða atkvæði á móti fjárveitingu þessari, í hverri mynd sem væri.

Jeg vil ekki bera brigður á, að þeir muni hafa rjett fyrir sjer, er telja vinnuvísindi gagnleg. En þessi vísindi eru tiltölulega ný, og að minsta kosti alveg glæný hjer á Íslandi.

Það heyrðist á ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.), að honum þótti kenna mikils misskilnings hjer í deildinni um þetta mál. Það er víst líka rjett hjá honum. En halda menn þá, að þjóðin muni vera búin að átta sig á því, hvað hjer er á ferðum. Nei, jeg held vafalaust, að jeg gjörði málinu þarfara verk með því, að vera á móti þessum styrk nú, og láta þjóðina átta sig á þessu, með því að þeir, sem helst bera þetta mál fyrir brjósti, riti um það í blöðin og haldi fyrirlestra um það. Dr. Guðm. Finnbogason er, eins og allir vita, ágætur vísindamaður í sinni grein, eins og sjest best á bókum hans ýmsum. En jeg er viss um, að ef menn gæfu þjóðinni tíma til þess að átta sig á þessu, og samþýðast hugmynd þeirri, er hjer liggur bak við, þá myndi honum vinnast betra verk í þessa átt á næsta fjárhagstímabili en ella. En svona óundirbúið mundu margir taka málinu illa, og ekki skilja, að það gæti að haldi komið.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á þær tillögur, sem fara fram á styrk til bryggjugjörða, t. d. í Búðardal, Salthólmavík og á Blönduósi. Jeg álít, þó að nú sjeu ískyggilegir tímar, þá megi undir engum kringumstæðum vanrækja að hlynna sem best að öllu því, er styður að greiðum samgöngum og aukinni framleiðslu. Jeg hefi þess vegna sterka tilhneigingu til þess að styðja þessa tillögu. Mjer er kunnugt um að í Búðardal tefst uppskipun og útskipun þráfaldlega, vegna þess, hve útfiri er þar mikið og skip verða því að sæta sjávarföllum. Þessi töf, sem skip verða fyrir, eykur ætíð kostnaðinn við strandferðir og póstbátaferðir. Sama er að segja um Salthólmavík, þá er hinn væntanlegi flóabátur fer að ganga þang-

að. En má ske gæti vel á því farið, að háttv. þm. Dal. (B. J.) vildi taka sömu stefnuna og ýmsir aðrir háttv. þingm., að heimta ekki alt of mikið fyrir sitt kjördæmi úr landssjóði. Vona jeg að hann sje ekki ófús til þess.

Á Blönduósi er góð bryggja býsna nauðsynleg, sökum þess, hve höfnin er slæm, svo að ekki þurfi að bíða af sjer slæm veður svo dögum skiftir, eða þá að skipa vörunum annarsstaðar upp.

Jeg þarf ekki að blanda mjer mikið í deilu þeirra háttv. 1. og 2. þm. Árn. (S. S. og E. A.), út af fjárveitingu til útgáfu dómasafns frá 1800—1874. Jeg tel alveg rjett, að fylt sje í þetta skarð sem fyrst.

Jeg sje, að háttv. þm. Mýr. (J. E.) á eina breytingartillögu, sem reyndar hefir ekki nein áhrif á útkomu fjárlaganna, eða upphæð þá, er fjárlaganefndin hefir ætlað til mælinga á skipaleiðinni til Borgarness. Tillagan fer einungis fram á, að upphæðin verði veitt fyrra árið í stað þess síðara. Jeg hafði nú haldið, að betra væri, að fjárveitingin væri bundin við síðara árið, svo að betri tími væri til þess að fá dönsku mælingamennina til þess að mæla þetta, en vel má vera, að þetta komi í sama stað niður.

Að því er snertir aðrar styrkbeiðnir, sem hjer liggja fyrir, þá verð jeg að segja, í stuttu máli, að jeg mun greiða atkvæði með sumum þeirra, en sumum ekki, án þess að jeg gefi mjer tíma til að gera nánari grein fyrir því, fyrr en við atkvæðagreiðsluna.

Þorleifur Jónsson: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 405. Þessi brtt. fer fram á að veitt verði til læknisbústaðar í Hornafirði 6 þús. kr. lán.

Málinu er þannig varið, að fyrir ári síðan lá við borð þar austur frá, að hjeraðslæknirinn yrði að hröklast burtu, vegna þess, að hvergi var hægt að fá handa honum viðunandi húsnæði. Hann gat hvergi fengið leigt, og sakir stóðu svo, að enginn fastur bústaður var til handa lækni, hvorki upp til sveita nje í verslunarstaðnum.

Eins og kunnugt er, er ekki auðhlaupið að því að fá lækna í afskekt hjeruð, ef þeir mega búast við því, þá og þegar, að þurfa að hröklast burtu vegna húsnæðisleysis. Þess vegna tóku menn það ráð, að koma upp læknisbústað í Hornafjarðarverslunarstað. Það var keypt nýlegt hús, dubbað upp og gjört að besta bústað fyrir lækni. Það kostaði fullgjört sýsluna um 6 þús. kr., og er það í sjálfu sjer töluvert þung byrði fyrir ekki fjölmennara sýslufjelag. Húsið var fullgjört í haust sem leið og þá flutti læknirinn í það.

Þegar ráðist var í þetta fyrirtæki, var það meðfram haft fyrir augum, að sýslan mundi geta fengið lán úr viðlagasjóði með þolanlegum borgunarskilmálum, og á fundi sýslunefndarinnar í vor var samþykt að skora á þingið, að veita 6 þús. kr. lán til læknisbústaðar sýslunnar.

Jeg hefi skrifað fjárlaganefndinni um þetta, og hún hefir tekið málaleitunina að hálfu leyti til greina, með því að leggja til að sýslunni væri veitt 3 þús. kr. lán í þessu skyni. Þetta er í sjálfu sjer betra en ekki, en það er ekki nægileg hjálp. Sýslan verður þá að leita lánstrausts hjá öðrum, og ef hún getur einhversstaðar kríað út lán, þá verður það með lakari kjörum, styttra lánsfresti og hærri rentum en viðlagasjóðslán.

Þó að fjárlaganefndin hafi ekki getað fallist á að veita alt, sem um var beðið, þá hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. um, að svo skuli gjört. Ef fje verður ekki fyrir hendi, þá nær það ekki lengra.

Jeg sje ekki hvaða ástæða er til að gjöra mun á Austur-Skaftafellssýslu og og Rangárvallasýslu, sem á þinginu 1913 var veitt 14 þús. kr. lán til læknisbústaðar í 28 ár með 6% í vexti og afborganir. Rangæingar komust þar að mjög góðum kjörum, og þó að okkur væri veitt lán til 20 ára með 5% vöxtum, þá eru það lakari kjör, sem við yrðum að sæta. Með tilliti til þessa álít jeg þingið ekki sjálfu sjer samkvæmt, ef það neitar þessari sýslu um lán til embættisbústaðar, þar sem það fyrir tveimur árum veitti annarri sýslu í sama skyni alt það lán, sem hún bað um. Það er auðvitað, að Austur-Skaftafellssýsla er ekki rík, en jeg vona þó að ekki sje mikil hætta að lána henni þessa upphæð. Það fer illa, ef hún verður ekki borgunarmaður fyrir 6 þús. kr.

Jeg er hræddur um að fjárlaganefndin hafi tekið þetta dálítið skakt. Að minsta kosti virtist mjer kenna misskilnings í ræðu háttv. framsm. (P. J.). Mjer heyrðist hann ganga út frá því, að umsóknin væri stíluð svo, að farið væri fram á, að lán væri veitt lækninum sjálfum, til að koma sjer upp húsi. Þenna misskilning vildi jeg leiðrjetta. Hjer er það sýslufjelagið sjálft, sem hefir komið upp framtíðar-embættisbústað fyrir hjeraðslækni, alveg eins og á Stórólfshvoli og annarstaðar, þar sem komið hefir verið upp föstum læknisbústöðum.

Þar sem hjer er að eins um lánsheimild að ræða, sem ekki verður um að tala, nema nægilegt fje sje til í viðlagasjóði, þá vænti jeg að deildin sýni þá sanngirni að veita hana, með tilliti til þess, að áður hefir verið veitt lán til sams konar fyrirtækis. Það er einungis lán, sem hjer er farið fram á, en hvorki gjöf nje styrkur.

Jeg er svo heppinn að eiga ekki fleiri brtt. við þann kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu. En það er önnur tillaga nefndarinnar, sem jeg vildi minnast á með nokkrum orðum, því að hún kemur mjer við og mínu kjördæmi. Hún er um styrk til lendingarbóta við Ingólfshöfða í Öræfum. Jeg kann nefndinni þakkir fyrir að hafa tekið þetta upp, samkvæmt ósk minni. Hún hefir sýnt með því mikla sanngirni, og jeg hefi sýnt henni þakklæti mitt með því að koma ekki fram með fleiri brtt., þrátt fyrir ýmsar fjárbeiðnir frá Austur-Skaftfellingum, til endurbóta á þjóðvegum o. fl. Jeg hefi ekki viljað koma fram með till. til hækkunar, vegna þess, að jeg er sama sinnis sem fjárlaganefndin og margir fleiri sparsemdarmenn, að mjög æskilegt væri, að fjárlögin gætu litið sem best út frá þinginu.

Viðvíkjandi Ingólfshöfðamálinu vil jeg leyfa mjer að gefa nokkrar upplýsingar, þar sem mörgum háttv. deildarmönnum mun vera ókunnugt um, hvernig því er varið.

Eins og kunnugt er, er alveg hafnlaust á strandlengjunni frá Vík í Mýrdal og austur að Hornafirði. Og eini staðurinn á þeirri leið, sem líkindi eru til að umbæta megi svo, að þar mætti lenda, er einmitt Ingólfshöfði.

Það er nokkuð síðan að kunnugir menn álitu, að þar mætti gjöra sæmilega bátalendingu. Þar er vík á einum stað í bergið, og í þeirri vík er sagt gott afdrep í flestum áttum. En sá galli er á víkinni, að í henni er stórgrýtt urð, svo að ekki er lendandi bátum þar þess vegna, og eins er ófær vegur um klettana niður að víkinni. Aðalverkið, sem gjöra þarf, er því að ryðja vörina og gjöra veg um klettana niður að henni.

Fyrir nokkrum árum síðan var rannsókn gjörð á þessum stað af vegaverkstjóra Árna Zakaríassyni. Hann hafði verið fenginn til athuga þetta fyrir-

hugaða mannvirki. Jeg ímynda mjer, að töluvert megi leggja upp úr hans áliti, því að hann er hagsýnn maður og þaulvanur að fást við þess háttar störf. Hann taldi verkið framkvæmanlegt, og áætlaði að það mundi kosta 5 eða 6 þúsund kr., jeg man ekki hvort heldur.

Nú í sumar hefir þessi staður verið skoðaður aftur af Birni Eymundssyni hafnsögumanni í Hornafirði, sem er ágætur sjómaður, mesti völundur og verkhygginn með afbrigðum, og hefir við margvísleg störf fengist, bæði hjer á landi og í Vesturheimi. Björn rannsakaði þetta fyrirhugaða mannvirki að tilhlutun Jóns Þorlákssonar landsverkfræðings. Hann fór þangað snemma í vor og athugaði vegarstæðið, en þá var svo ilt í sjó, að ekki var hægt að ýta frá söndum, og þess vegna var ekki hægt að mæla dýpið nje rannsaka víkina þákvæmlega. Hann fór þangað aftur síðla í næstliðnum mánuði, en jeg veit ekki til að skýrsla um þá för sje komin enn. Jeg veit því ekki, hvernig hann lítur á málið nú, eftir að hann hefir kynt sjer dýpi o. fl.

En ef menn vilja ekki trúa leikmönnum í þessu efni, þá er hægurinn hjá að fá verkfræðing til að rannsaka þetta enn betur en gjört hefir verið. Jeg veit ekki betur en að í næsta mánuði fari Guðmundur Hlíðdal verkfræðingur og aðstoðarmaður vitaverkfræðings austur, til þess að setja upp Ingólfshöfðavitann. Er þá gott tækifæri að fá hann til að líta á þetta.

Jeg held, að engin hætta sje að samþykkja þessa fjárhæð, því að ef stjórnin fær vitneskju um, eftir allar rannsóknir, að það sje ekki til annars en að fleygja peningum í sjóinn, að leggja út í fyrirtækið, þá verður það heldur ekki gjört og fjenu ekki eytt.

Sjálfur er jeg því miður ekki kunnugur á þessum stað, því að jeg hefi ekki komið þangað. En Öræfingar, sem þar eru þaulkunnugir, hafa geysitrú á að þar megi gjöra góða bátalendingu, og vilja leggja fram fje og vinnu, til þess að því gæti orðið framgengt. Ef landssjóður legði 5 þús. kr. til fyrirtækisins, þá mundu hjeraðsbúar leggja mikið á móti, í vinnu að minsta kosti.

Fiskur mun vera mikill fram undan lendingarstaðnum flesta tíma árs. Að minsta kosti er það víst, að vetur, sumar, vor og haust er urmull af innlendum og útlendum togurum á þeim slóðum, og bendir það til þess, að þar muni vera afar aflasælt. Hins vegar væru það mikil þægindi fyrir hina afskektu Öræfinga, ef hægt væri að gjöra svo við lendinguna, að hægt væri að skipa þar upp vörum. Því að í góðu veðri mundu strandferðaskipin geta lagst þar skamt frá landi.

Jeg hygg að í þessari svo kallaðri Höfðavík sje ágætt afdrep í óveðrum. Bendir það til þess, að á síðastliðnu vori var róið í Öræfum og ýtt frá söndum í ágætu sjóveðri. En meðan menn voru úti versnaði svo í sjóinn, að ekki var unt að lenda við sandana. Tóku menn þá það ráð, að leita til víkurinnar í Höfðanum, og björguðust þannig mennirnir, en báturinn brotnaði, vegna þess, hve urðin var stórgrýtt. Á þessu má sjá, að þó að ófært sje við sandana, getur verið vel fært að leita lands í víkinni, ef hún væri rudd.

Þar sem fjárlaganefndin hefir verið svo væn, að taka þessa tillögu upp, þá vona jeg að deildin verði svo náðug að samþykkja hana. Hjer er ekki um þá upphæð að ræða, að horfandi sje í að veita hana, ef hún gæti orðið til þeirra bóta, sem kunnugir menn hyggja.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að tala mikið um þann kafla fjárlag-

anna, sem fyrir liggur. Menn eru orðnir leiðir á löngum ræðum, sem vonlegt er. — Jeg vil að eins drepa á það, að það sem mjer fjell verst af tillögum nefndarinnar, var það, að hún skyldi leggja til, að feldur væri niður styrkurinn til búnaðarfjelaganna. Jeg býst við, að ýmsum nýlega stofnuðum og fámennum búnaðarfjelögum bregði í brún, þegar búið er að fella niður þann styrk. Þó að hann sje raunar ekki mikill, þá er hann áreiðanlega til uppörfunar fyrir menn til að ganga í fjelögin og gjöra jarðarbætur. Og þó nokkuð getur munað um hann, ef svo er farið með hann, að hann er látinn allur ganga í sjóð fjelaganna, en ekki bútaður sundur milli manna. Með því móti verða þau betur en ella fær um að útvega sjer ný og betri jarðyrkjuverkfæri, plóga, herfi og ýms hestaverkfæri, og ljetta undir með fjelagsmönnum að borga aðfengna vinnu til jarðabóta.

Jeg veit að nefndinni gengur sparnaður til, og það vil jeg ekki lasta. En þessi ráðstöfun kemur áreiðanlega eins og skúr úr heiðríkju yfir búnaðarfjelögin, og því er jeg hræddur um að kurr verði í mönnum út af henni.

Það er sagt, að nú ári svo vel í sveitum landsins, að óþarfi sje að veita mönnum uppörfunarstyrk. Það má vel til sanns vegar færast. En líkt mætti segja um fjárveitingar til annara atvinnugreina t. d. til sjávarútvegarins. Það árar engu síður fyrir hann, og því þyrfti hann heldur ekki hjálpar við.

Sem sagt, jeg er á móti því, að styrkurinn til búnaðarfjelaganna sje afnuminn, vegna þess, að jeg álít að landið hafi haft og geti haft framvegis mikið gott af honum, og því sje varhugavert, að kippa honum burtu. Jeg tel sjálfsagt, að fylgja heldur tillögu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) um að fella styrkinn ekki niður nema annað árið. Það gæti þó fremur verið álitamál að styrkurinn væri látinn falla niður fyrra árið, með tilliti til þessa góðæris, fyrir landbændur, sem alt af er verið að tala um. En enginn veitt hvað það stendur lengi, og vel getur farið svo, að hallæri verði hitt árið. Góðærið, sem nú er, er að eins að þakka verðhækkun í svip, sem enginn veit hvað stendur lengi. Verðið getur lækkað bráðlega aftur, og þá ef til vill niður fyrir allar hellur. Jeg álít það algjört neyðarúrræði að svifta búnaðarfjelögin styrknum, og lengra get jeg alls ekki gengið, en að hann falli burtu að eins annað árið, og mun því fylgja brtt. 1. þm. Árn. (S. S.).

Guðmundur Eggerz: Jeg get sagt með sönnu að kjördæmi mitt, Suður-Múlasýsla, greiði ekki minstar tekjur til landssjóðsins, en þó er það svo, að jeg á engar útgjaldatillögur til að berjast fyrir.

Breytingatillögur mínar eru þó tvær.

Fyrri brtt. er við 16. gr. 4. Hún er um að fella burtu 18. þús. kr. fjárveitingu til undirbúnings og rannsóknar járnbrautarstæðis frá Reykjavík og austur að Þjórsá.

Hvers vegna er jeg á móti þessum lið? Þegar á árinu 1913, þegar frumv. um járnbrautarlagningu kom fram hjer í deildinni, varð jeg hræddur — jeg varð myrkfælinn við frumvarpið. Jeg fullyrði, að það sje rjett staðhæfing hjá mjer, þegar jeg segi, að flestir fyrir utan Reykjavík og nærsveitirnar hafi verið myrkfælnir og hræddir við frumvarpið, og það af ýmsum ástæðum.

Jeg er andvígur þessum lið nú, fyrir þá sök, að jeg tel hann annaðhvort með öllu óþarfan, eða jeg tel hann hættulegan.

Ef tilætlunin er sú, að útlendingar leiti til landsins, og biðji um leyfi til að leggja þessa járnbraut, fyrir svo og svo margar miljón króna, þá segi jeg, að

þessi 18. þús. kr. fjárveiting sje óþörf, því að þeir mundu alls ekki taka þær rannsóknir á járnbrautarsvæðinu gildar, sem við hefðum látið gjöra hjer heima fyrir. Þegar um miljónafyrirtæki er að ræða, þá mundu þeir að sjálfsögðu vilja láta sína eigin verkfræðinga rannsaka járnbrautarsvæðið.

Jeg tel fjárveitinguna hættulega, ef hún miðar til þess, að greiða götu frv., sem lá fyrir þingiuu 1913. Jeg ætla ekki sem stendur, að ganga langt inn á það frumv. Jeg vil rjett að eins minna á, að svamkvæmt því átti að veita einkaleyfi til járnbrautalagninga í 75 ár, og átti landssjóður að ábyrgjast $5^1/_2$% af því fje, sem varið yrði til járnbrautalagningarinnar, fyrir utan viðhald og reksturskostnað, og var sagt, að vel gæti svo farið, að fyrirtækið kæmi til að kosta 5—6 miljónir króna. Þetta taldi þingið 1913 hættulegt fyrirtækið fyrir land og þjóð.

Jeg veit það vel, að svo var tilskilið, að meiri hluti stjórnenda skyldi vera búsettir Íslendingar, en allir vita það, að Íslendingar voru ekki færir um að leggja út í slíkt fyrirtæki upp á eigin spýtur, enda voru það líka danskir auðmenn, sem ætluðu að veita þessum miljónum inn í landið. Og það verð jeg að taka fram, að síst af öllu vildi jeg fá miljóna áveitu á landið úr þeirri átt. *(Pjetur Jónsson:* Þetta vita allir). Það er undarlegt af háttv. framsögum. (P. J.), að vera alt af að grípa fram í fyrir þingmönnum. Heldur hann, að hann hafi einkaleyfi til að tala hjer, þótt honum virðist ef til vill ræður sínar skemtilegar? Hann verður að sætta sig við það, að allir eru ekki á sömu skoðun og hann. Það má vel vera, að hann kæmi akandi á járnbraut með pípuhatt, til þess að fagna þessum dönsku auðkýfingum.

Annars vildi jeg beina þeirri fyrirspurn til þeirra manna, er láta sjer ant um þessa breytingartill., hvort meiningin sje sú, að rannsóknum loknum, að fitja upp á einhverju svipuðu og 1913. Jeg vænti þess, að fá ákveðið svar upp á þessa fyrirspurn mína. Sje meiningin sú, að fara þá að leita til Dana með fyrirtækið, þá álít jeg, að það geti orðið oss Íslendingum stórhættulegt. Annars vil jeg geta þess, að mjer kemur það harla kynlega fyrir sjónir, að vera nú að fara fram á þessa fjárveitingu. 1907 voru veittar kr. 16500 í þessu skyni, og á þinginu 1911 kr. 3000 í sama tilgangi. Rannsókn hefir verið gjörð, bæði af dönsku landmælingamönnunum og verkfræðingunum Krabbe og Jóni Þorlákssyni, og loks Þórarni Kristjánssyni. Mjer virðist það því undarlegt, ef nú þarf að veita kr. 18000 í viðbót, og það einkanlega með tilliti til þess, að á þinginu 1913 var því haldið fram, að málið væri fullkomlega rannsakað út í æsar, og óhætt væri að byggja á áætlun Jóns Þorlákssonar.

Þá kem jeg að annari breytingartill. minni við 29. lið 16. gr., um að 20 þús. kr. fjárveitingin til brimbrjótsins í Bolungarvík falli niður. Ekki er svo að skilja, að jeg sje andstæður þessu fyrirtæki í sjálfu sjer. Fyrir nokkrum árum var svo áætlað, að þetta fyrirtæki mundi kosta 85 þús. kr., en nú er mjer sagt, að samkvæmt nýjustu áætlun kæmi það til að kosta 225 þús. kr. Þar sem upphæðin er svona há, og tímarnir nú eins og allir vita, þá tel jeg það hæpið, að það sje rjett leið, sem hæstv. stjórn og nefnd vill fara í þessu máli. Jeg held það miklu rjettara, ef landið á að kosta þetta verk, að það væri þá unnið alt í einu og tekið lán til þess. Að öðru leyti er jeg sjálfu málinu hlyntur og breytingartill. mín er að eins fram

komin vegna þess, hvernig fjárhagsástandið er nú.

Þetta eru þær einu breytingartill., sem jeg hefi leyft mjer að bera fram við fjárlögin; en jeg verð lítið eitt að minnast á aðrar framkomnar brtt.

Á þgskj. 338, 97. lið á atkvæðaskránni, er tillaga um 10 þús. kr. fjárveitingu, til þess að reisa hús yfir listaverk Einars Jónssonar. Jeg get ekki ljeð þessari tillögu atkvæði mitt. Jeg man eftir því, að um þetta mál var rætt á seinasta þingi, og aðalformælandinn, háttv. þm. Dal. (B. J.), gat þess, að nægja mundi, til þess að geyma listaverkin í 5—600 króna járnskúr. Eins ætti að mega notast við það 1915. Að minsta kosti er það talsvert stórt stökk úr 600 kr. upp í 10 þús. kr.

Háttv. þm. Dalamanna fór fögrum orðum um þessi listaverk; hann virti þau ekki hátt, eitthvað 120 þús. kr. Ætli 600 kr. áætlun hans í fyrra hafi ekki verið eitthvað svipuð þessari áætlun. Jeg veit það vel, að þessi maður á alt gott skilið, en hann getur átt það, þótt við förum ekki í þessu árferði að byggja 10 þús. kr. hús yfir verk hans.

Einhverjir kunna að segja, að jeg sje á móti þessari brtt., vegna þess, að jeg gjöri lítið úr verkum þessa manns. Látum þá segja svo, en jeg get ekki fengið af mjer að greiða atkvæði með þessu, þegar jeg veit, að í mínu eigin kjördæmi eru svo mörg fyrirtæki, miklu þarflegri en þetta, sem verða samt að bíða.

Það má ekki minna vera en jeg drepi á það, hvað það er helst, sem mitt kjördæmi þarfnast, og það afarfljótt. Það eru vitar, bæði á Norðfirði, Seley, Kambsnesi og Papey. *(Eggert Pálsson:* Háttv. þingm. greiddi í gær atkvæði með vita í Suður-Múlasýslu). Jeg greiddi atkvæði með fjárveitingu til vitabyggingar, vegna sjómannastjettarinnar, en ekki af hreppapólitík. Það fer líkt fyrir háttv. þm. (E. P.), sem á heima í sveit, og lundunum, sem líka eru kallaðir prófastar, þeir missa, greyin, flugið og ruglast með öllu, þegar þeir hrekjast á land upp, svo langt, að þeir sjá ekki sjóinn. Jeg get frætt háttv. þm. (E. P.) um það, að sá viti, sem jeg greiddi atkvæði með, átti ekki að vera í Suður-Múlasýslu, heldur Snæfellsnessýslu. Þar sem jeg flyt ekki fram önnur eins nauðsynjamál fyrir mitt kjördæmi — og sumir vitarnir mundu ekki kosta 10 þús. kr. — þá get jeg ekki greitt atkvæði með þessari tillögu, því að jeg veit það, að enginn mun drukna af því, að þetta hús verði ekki reist, en jafnvel hinn minsti dráttur á vitabyggingum getur orðið fjölda manna að fjörlesti.

Fyrst jeg mintist á vitana, þá verð jeg að víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.). Hann vítti mig fyrir það, að jeg greiddi í gær atkvæði með Malarrifsvitanum, og þar með aukningu á tekjuhallanum. En honum láðist að geta þess jafnframt, að þann halla vildi jeg jafna upp með því, að fella burtu 14 þús. kr. fjárveitingu til Langadalsvegarins. Þær upphæðir eru því nær jafnháar.

Þá vítti sami háttv. þm. (G. H.) mig fyrir að greiða atkvæði með Jökulsárbrúnni. En það var á engan hátt vítavert. Jeg man ekki betur, en samþykt hafi verið á þinginn 1911, lög um þessa brúargjörð, og jafnframt verður háttv. þm. (G. H.) að gæta þess, að það er ekki hægt að segja, að þessi fjárveiting auki hinn sanna halla í fjárlögunum, því að hann er bundinn því skilyrði, að nóg fje sje fyrir hendi. Að öðrum kosti verður hún ekki gjörð. Háttv. þingmaður getur því ekki vítt mig fyrir það, að jeg reyni að auka tekjuhallann. Þar eiga aðrir þingmenn skyldara mál. Það eru þeir, sem alt af eru að reyna að

reita úr landssjóðnum í sín eigin kjördæmi, er skapa tekjuhallann, og kem jeg þá aftur að háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.).

Í stjórnarfrv. eru hans kjördæmi ætlaðar 54 þús. kr., 40 þús. til Húnvetningabrautar og 14 þús. kr. til Langadalsvegar. Maður skyldi því ætla, að þessi háttv. þm. (G. H.), sem alt af er að tala um sparnað, væri ánægður. En svo er ekki. Hann vill ekki hjálpa sjómannastjettinni; hann vill ekki vera með því að brúa eitt hið ægilegasta vatnsfall á landinu, sem hefir orðið mönnum tugum saman að aldurtila, en hann vill að veittar sjeu 1200 kr. til þess að brúa lækjarsprænu í hans eigin kjördæmi. Enn fremur fer hann fram á 7500 kr. fjárveitingu til bryggjugjörðar á Blönduósi. Nú er þar bryggja að norðanverðu, sem veittur hefir verið ríflegur styrkur til og þar hefir kaupfjelagið, sem er stærsta verslunin í hjeraðinu, stöðvar sínar. Bryggja að sunnanverðu kæmi því að engum notum, og jafnframt hefir því alt af verið haldið fram, að ómögulegt væri að gjöra bryggju þar. Jeg fæ ekki skilið hvers vegna á að fara að veita fje til þess, að hafa tvær bryggjur á þessum stað, sjerstaklega þar sem þær hafa reynst svo illa.

Þá kem jeg að 108. lið á atkvæðaskránni, sem fer fram á 1000 kr. fjárveitingu hvort ár til Stórstúkunnar. Þessi fjárveiting stóð ekki í frv. stjórnar, og mjer er ekki vel ljóst hvers vegna nefndin hefir tekið hana upp. Í nefndarálitinu er raunar sagt, að tilgangurinn sje sá, að tryggja það með öllu »heiðarlegu móti«, að bannlögin verði ekki afnumin, eða eitthvað á þá lund. Jeg hygg nú ekki, að yfir vofandi hætta sje á því. En eitthvað hefir Stórstúkan sjálfsagt unnið sjer til ágætis, fyrst nefndin hefir hlaupið til að koma með þessa brtt. Og hvað er það þá, sem hún hefir gjört? Hún hefir komið hjer á bannlögunum, sem jeg efa að þjóðinni sjeu til mikils sóma. En jeg get sagt annað með vissu, og það er það, að með því hefir hún dregið úr bindindishreyfingunni, sem var svo vel á veg komin áður en lög þessi öðluðust gildi, og gjört landinu með því stórtjón. Ef til vill er það meiningin, að stúkan noti þetta fje til þess, að verðlauna forverði sína fyrir hógværð og kurteislega framkomu, sem við sáum gott dæmi upp á í háttv. Ed. fyrir skömmu. Eða kann ske eigi að verðlauna flutningsmenn frv. þessa, er nú er nýkomið hingað til deildarinnar. Þegar Reglan er orðin svo, að hún ætlar að meina læknum að nota þau lyf, er þeir vilja, þá álít jeg síst ástæðu til þess, að verðlauna hana.

Þá hefir nefndin lagt til, að fella burtu lítilfjörlega fjárveitingu — 15 kr. fyrir örkina — til þess að gefa út landsyfirrjettardóma. Jeg skil ekki hvernig hv. nefnd getur dottið annað eins í hug. Það er áreiðanlegt, að þetta dómasafn er bráðnauðsynlegt, ekki eingöngu lögfræðingum, heldur öðrum mönnum, til að hafa við höndina. Slík söfn ættu að fylgja hverju embætti, og jafnframt ætti að vera til registur yfir gildandi lög í landinu. Slíkt registur er nauðsynlegt öllum mönnum. Nú verða menn að fara í danska lagasafnið, ef þeir vilja finna eitthvað.

Þá á jeg að eins eftir einn lið. Það er 6000 kr. fjárveitingin til dr. Guðmundar Finnbogasonar. Jeg er búinn að tala nokkuð um þá fjárveitingu áður og þykist vita hver úrslitin muni verða, eftir því sem fór um rökstuddu dagskrána. Þessi samþykt er afareinkennileg. Jeg veit ekki til þess, að nokkur

af þeim mönnum, er atkvæði greiddu með dagskránni, hafi bent á það, hvernig haga ætti þessu skýjaverki. Annars ætti það að vera venja, þegar um svona stórar veitingar er að ræða, að einhver væri látinn hafa hönd í bagga með því, hvort og hvernig verkið yrði unnið. Enn fremur verð jeg að telja það hinn versta ósið, hve margar fjárveitingar eru bundnar við nöfn einstakra manna. Þessi og mörg önnur störf ætti stjórnin að minni meiningu að veita. Þessu fje væri betur varið til vegarins milli Borgarness og Stykkishólms, sem feldur hefir verið hjer í deildinni. Og jeg er alveg viss um það, að Snæfellingar hefðu heldur kosið að sjá framan í þenna vegarspotta, en þenna nýja fimbul-búfræðing eða heimspeking, eða hvað hann nú heitir. Jeg vil ljúka ræðu minni með því að segja, að þessar 6000 kr. eru sá mesti óþarfi, óviturlegasti og versti bitlingur, sem þingið hefir nokkru sinni veitt.

Skúli Thoroddsen: Út af ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.) í dag, þar sem hann mintist á **skáldastyrkina**, og á þá tilhögun, sem nú er farið fram á, þ. e. að **veita stjórninni ákveðna upphæð, til þess að úthluta meðal skálda og listamanna**, í stað þess, að láta þingið, eins og nú á sjer stað, ákveða upphæðirnar til hvers einstaks, skal jeg geta þess, að jeg var **á móti** þessari tilhögun, þegar um hana var rætt í fjárlaganefndinni.

Jeg hygg og, að gjöra verði æ ráð fyrir því — þótt það sje *leitt*, að vera að metast á um verðleika einstakra manna hjer á þinginu — að þingið hafi þó yfirleitt meiri þekkingu, eða sje færara um það, að kveða á um þetta, en stjórnin er **alment**, og jeg býst við því, að *yfirleitt* mundu þessar fjárveitingar þó koma rjettlátlegar niður, ef þær væru ákveðnar af þinginu, heldur en ef stjórninni væri falið það.

Einnig ber að líta á það, að *pólitisku öldurnar hjer á landi rísa stundum hátt*, og það er því **ómögulegt** annað, en láta sjer detta það í hug, að það gæti haft *óheppilegar* afleiðingar, að þetta vald væri fengið stjórninni í hendur.

Skáld og listamenn, því orðið **neydd-ir** til þess, að skifta um skoðanir í pólitík, eða láta hana eigi til sín taka, vildu þeir ekki eiga það á hættu, að fá engan styrk.

Annars er það mín skoðun, að **heppilegast** væri, *að lögð væri í sjóð einhver ákveðin upphæð, er ætluð væri skáldum, og listamönnum, til styrktar*, — varið síðan æ árlega einhverjum tilteknum hluta vaxtanna til þess, sem og t. d. ákveðinni upphæð, er landssjóður veitti sjóðnum á ári hverju, meðan hann væri þess þurfandi.

En stjórn sjóðsins, og úthlutun styrksins, ætti að vera falin *ákveðinni nefnd*, er í sætu menn, valdir t. d.: einn af skáldunum sjálfum, annar af listamönnum öðrum, einn af Háskólanum, einn af stjórninni, einn af þinginu o. s. frv., ef fleiri væru.

Efa jeg og eigi, að þetta verði niðurstaðan, sem þingið kemst að, fyrr eða síðar.

Viðvíkjandi styrknum til **búnaðarfjelaganna**, skal jeg taka það fram, að jeg er þar **ekki** samþykkur meðnefndarmönnum mínum. Jeg álít, að styrkur þessi *hafi gjört mikið gott*, hafi örvað menn til framkvæmda, og að enn sje **ekki** kominn tími til þess, að kippa að sjer hendinni.

Satt er það að vísu, að styrkur þessi nemur **ekki** miklu, þegar honum er skift niður á mörg búnaðarfjelög, og sje hann þá bútaður niður, eftir tölu dagsverka, sem sífelt fara vaxandi, en á hinn bóginn verður því þó **ekki** neitað, að hann hefir þó eigi óvíða orðið — og verður enn — að **töluverðu** liði, einkum að því,

er snertir kaup á *jarðyrkjuáhöldum*, o. fl., sem fjelögin þarfnast, og mundi því mörgum falla það *illa*, ef styrknum væri nú alveg kipt burtu, enda hefir málið *ekki* verið rætt á þingmálafundum, nje í blöðunum og mundi þess vegna koma mönnum á óvænt, og mælast þá og *miður* vel fyrir.

Þá sný jeg mjer að fjárveitingunni til dr. *Guðmundar Finnbogasonar*.

Mín skoðun er sú, að ekkert sje á móti því, að veita styrk í því skyni, er hjer um ræðir, alls *einu sinni*, þ. e. í eitt skifti fyrir öll. — Hitt felli jeg mig á hinn bóginn *síður* við, að veita styrkinn ár eftir ár, því að það bendir í þá átt, að hjer eigi að mynda fast embætti.

Ef styrkurinn væri veittur í eitt skifti fyrir öll, gæti jeg aftur á móti mjög vel felt mig við það, að upphæðin væri þá höfð nokkuru hærri, t. d. 4—5 þús. kr., og hefi jeg hugsað mjer, að í þá átt mætti þá koma að breytingartillögu við 3. umr.

Jafnframt vil jeg benda á það, að eigi starf þetta að koma að tilætluðum notum, þá þarf styrkþegi, að geta lagt í töluverðan kostnað. Hann þarf að geta haft menn í vinnu, og verður og að geta fengið menn, til að vinna svo eða svo, til þess að geta prófað þau eða þau handtök, og myndað sjer þannig fasta niðurstöðu, eða komist að ákveðinni skoðun. En til þessa þarf auðvitað nokkurt fje.

Þá sný jeg mjer að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.).

Jeg er honum **ekki** þakklátur fyrir brtt., sem hann hefir komið fram með, og fer í þá átt, *að fella alveg niður styrkinn til »brimbrjótsins« í Bolungarvík*, en verð þó að líta svo á, sem tillaga hans sje fram komin af því, *að hann hafi* **ekki** *átt kost á því, að afla sjer nægrar þekkingar á málinu*.

Hann talaði um það, að áætlunin væri allmjög á reiki, þar sem ýmist væri gjört ráð fyrir því, að verkið mundi kosta 80 þús. kr., eða þá 225 þús. kr. En hv. þm. gætti þess þá eigi, að áætlunin **hlýtur** að sjálfsögðu að verða að mun **mismunandi**, eftir því, hversu mikið verk menn ætla að vinna.

Það er hægt, að nema staðar, þegar lagðar hafa verið 80 þús. kr. í verkið, en til þess að það komi þó að **verulega** góðum notum, veitir ekki af talsvert miklu á 3. hndr. þús. kr, og ef þar ætti að koma *reglulega* góð höfn, þá mundi ef til vill ekki veita af einni milljón króna, eða jafn vel enn meira. En að fara *svo* langt hefir *engum* enn komið til hugar; en vitanlegt er það, að *því lengra*, sem »brimbrjóturinn« nær, *því meira gagn gjörir hann*.

Á síðastliðnu sumri voru alls lagðir um 30 metrar, fyrir fje það, sem veitt var á Alþingi 1913, sem voru alls 20 þús. kr., gegn 20 þús. kr. fjárframlagi annars staðar frá. En óunnið var þá enn alls fyrir kr. 13443,93, sem unnið verður fyrir í ár, og væntanlega hefir nú þegar verið gjört að nokkru, ef eigi öllu.

Eins og gefur að skilja, og eins og jeg gjörði *mjög ítarlega* grein fyrir á grein fyrir á þinginu 1913, þá er mönnum vestra það hið **mesta** áhugamál, að »brimbrjótnum« miði sem mest áfram.

Það, af sjóvarnargarðinum, sem þegar er upp komið, veitir og þegar skjól fyrir næstu, og næst-næstu, vör, en að því skapi, sem garðurinn lengist, að því skapi veitir hann og skjól fyrir æ fleiri og fleiri varir.

Til þess að vinna það, sem unnið var í fyrra, og unnið verður í ár, hafa verið keypt áhöld, og vjelar, fyrir um 4 þús. kr., og dylst eigi að þessi gætu nú skemst, ef eigi orðið al-ónýt, ef hætt væri við verkið, og sama er

um efnisleifar, einkum timbur, o. fl., svo að **mjög** áríðandi er því, er á málið er litið, frá þessu sjónarmiði, að verkinu geti orðið haldið áfram árlega, svo öfluglega, sem unt er.

En hjer við bætist og, að þörfin er alt af að verða æ **brýnni** og **brýnni**, að því er »brimbrjótinn« snertir, og má í því skyni geta þess, að útvegurinn er nú og sem óðast að breytast vestra, vjelbátar að verða þar að mun *stærri* en verið hafa.

Sjerstaklega eru það Skutulsfirðingar (þ. e. útvegsmennirnir í Ísafjarðarkaupstað), sem farnir eru að afla sjer mun **stærri** báta, um og yfir 20 smálesta, í því skyni, að eiga þá hægra með, að ná í fiskinn, hvar sem hann er, en þetta geta Bolvíkingar **ekki**, eins og lendingunni er þar enn háttað, og verða að láta sjer nægja smábáta.

Í Bolungarvík er **ákaflega** brimasamt, á haustum, og vetrum, í norðan og norðaustanátt, og yfirleitt, sje hann eigi á sunnan. — En leiðin, inn Víkina, **mjög** hættuleg, þegar ilt er í sjó, og margir eru þeir, sem farist hafa á þeirri leið, eða þá þar í lendingu.

Þá má og enn minna á það, hve **feikilega** örðugt er að setja þar báta á land. Ef vírstrengur bilar, — bátarnir eru dregnir á land með spili — geta æ slysin af hlotist, eins og dæmi eru til.

Það, að flýta sem mest fyrir »brimbrjótnum«, það er því *að gjöra sitt til þess, að* **afstýra druknunum og slysum** *í einni allra helstu og afla-sælustu verstöð landsins.*

Það, að flýta fyrir »brimbrjótnum«, mundi og verða til þess, að **auka mjög framleiðsluna**, *og gjöra landssjóðnum fje það, sem til hans hefir verið varið, sem allra fyrst* **arðvænt**, því að þá geta menn mun oftar róið, þ. e. þurfa ekki eins oft að liggja í landi, eins og ella mundi.

Krabbe, verkfræðingur, sem rannsakað hefir staðinn, er málinu og mjög fylgjandi; enda landinu beint **gróða-fyrirtæki**, ef rjett er skoðað, — *borgaðist fljótt, með auknum útflutnings og aðflutnings-gjöldum*, en landinu, og hjeraðinu, á hinn bóginn *stór-tjón*, ef fólk neyddist til, að flytja þaðan, og eignir manna fjellu í verði.

Stjórnin hefir einnig tekið máli þessu mjög vel, og ætlað til verksins 10 þús. kr. á ári, eins og fjárlaga-frumvarpið ber með sjer, — hefir þannig mætt óskum hjeraðsbúa, er sótt höfðu að vísu um 15 þús. króna á ári, vel á miðri leið, og kann jeg henni þakkir fyrir það.

Að því er snertir undirtektir fjárlaganefndarinnar, skal það og játað, að hún hefir — frá sínu sjónarmiði — tekið málinu fremur vel, og myndi þó óefað betur, hefði meiri hluta nefndarinnar eigi brostið nægan kunnugleik í málinu.

En það má nærri geta, að menn, sem greiða **mjög** hátt lendingarsjóðsgjald, 2 kr. af hverjum hlut yfir veturinn og sömu upphæð af hlutnum yfir vorið, og hafa auk þess tekið á sig 20 þús. kr. lán, til þess að geta orðið fjárveitingar Alþingis 1913 aðnjótandi, þeir eiga nú ekki að eins örðugt með, heldur er þeim það og beint **alveg** ókleift, að taka nú þegar að sjer nýja lántöku.

Jeg vænti því *svo góðs* af háttv. deild, að hún aðhyllist stj.frv., og **lang-kærast** hefði mjer þó að sjálfsögðu verið, *að veittar yrðu alls til verksins 30 þús. kr. yfir fjárhagstímabilið næsta*, eins og Bolvíkingar hafa óskað, og í samræmi við það hefi jeg því farið fram á 15000 kr. fjárveitingu á ári, en skyldi sú tillaga mín þó — því miður — ekki fá byr hjer í deildinni, *þá vona jeg þó, að menn láti þá upphæð standa óbreytta, sem til er tekin í frumv. stjórnarinnar*, og taki ekki í sama strenginn, sem háttv. fjárlaganefnd, að heimta þar framlag á móti,

því að **slíkt skilyrði yrði þá í reyndinni alveg sama, sem að synja um styrkinn.**

Hjer er og um það mál að ræða, *sem ekki að eins snertir aðalatvinnuveg,* **heldur og líf og heilsu fjölda manna,** og það eigi að eins Bolvíkinga og Ísfirðinga, heldur og manna úr ýmsum öðrum hjeruðum landsins, svo sem úr Barðastrandarsýslu, úr Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Dalasýslu, og víðar að, því að svo margir eru þeir, og víða að, sem sjó stunda í Bolunarvík.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, — vona og helst, að háttv. framsm. (P. J.) haldi ekki fast við þá skoðun, sem ofan á varð hjá meiri hluta fjárlaganefndarinnar, skoðun, sem stafað mun hafa **ekki hvað síst** af því, að málið þótti ekki svo nægilega upplýst af oddvita sýslunefndarinnar í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem æskilegt hefði verið.

Jeg vona og **því fremur,** að háttv. þingdeildarmenn leggi **ekki** mjög mikla áherslu á það, sem ofan á varð í fjárlaganefnd, *sem þingið 1913 var þeirrar skoðunar,* **að ekki bæri að setja »brimbrjóts«-lagningunni sömu skilyrði,** *eða líta á hana sömu augum, sem um venjulegar bryggjugjörðir.*

Í mínu kjördæmi er **ómögulegt,** *að gjöra mönnum það skiljanlegt, að þingið geti ætlast til,* **að þeir eigi í raun rjettri nokkurn eyri að greiða til þessa fyrirtækis.**

Þeir segja, sem er, **að allt landið eigi hjer hlut að máli,** *og benda, sem rjett er, á það,* **að landssjóður fái þetta endurgreitt,** vonum bráðar, *með auknu útflutningsgjaldi,* því að þegar verkinu sje lokið, *þá muni fólk þyrpast til Bolungarvíkur hvaðanæva,* og aðflutningar, og útflutningar, þá vaxa svo, *að landssjóður fái þá fje sitt mjög bráðlega aftur,* **og þá með þeim vöxtum, og vaxta-vöxtum, er aldrei verði nein þrot á.**

Það er og ólíku hægra fyrir þingið, þegar verkið er komið nokkuð áleiðis, og farið að koma að töluverðum notum, að kippa þá að sjer hendinni og segja: »Nú er verkið komið þetta langt, nú verðið þið sjálfir að taka við«.

Það eru því tilmæli mín til deildarinnar, *að hlífa nú og íbúunum við nýrri lántöku,* og þá ekki hvað síst vegna þess, að þeir hafa nýlega tekið á sig 20 þús. kr. lán, eins og fyrr var að vikið.

Geta má þess og enn fremur, að »Fiskifjelag Íslands« hefir, sem kunnugt er, lagt styrkbeiðninni bestu meðmæli sín, og veit jeg ekki, hvað málið ætti betur að geta stutt, því að ekki minnist jeg annars, en að **hvert einasta** mál, sem landsbúnaðarfjelagið hefir stutt, *hafi æ hlotið góðan byr á þinginu,* og sama ætti þá ekki síður að gilda um »Fiskifjelagið«, þ. e. meðmæli þess, að verða þá og **eigi síður** þung á metunum.

Matthías Ólafsson: Það er eins og áður, að jeg á enga brtt. við þenna kafla fjárlaganna, en langar þó til að gjöra athugasemdir um ýmsa liði í þeim. Svo er enn sem áður, að jeg get ekki lagt til mikils sparnaðar, og mun því fremur vera hlyntur þeim liðum, sem til hækkunar miða, ekki af því, að ekki mætti sjá af sumum liðum, jafnvel þeim, sem nefndin hefir komið með.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að 93. lið á atkvæðaskránni. Stjórnin hefir lagt til að veita 2000 kr. til aðgjörða á Þingvelli, en nefndin leggur nú til að fella þá fjárveitingu niður. Þeir, sem komið hafa á Þingvöll nú síðustu vikurnar, mundu ekki telja eftir þessa fjárupphæð, því að viðgjörð á vellinum má ekki lengur dragast. Hann er að blása upp, af því að efni í veginn hefir verið þaðan tekið. Þar ofan á bætist, að

Öxará flóir út yfir völlinn í vöxtum. Jeg veit ekki til hvers menn vilja veita fje, ef ekki til þess að vernda þenna fornhelga stað, sem öllum Íslendingum á að vera heilagur. Enda veitir ekki af innan stundar að veita stórfje, til þess að koma þar upp veglegu gistihúsi og halda þar uppi eftirliti, sem ekki mun vanþörf á, því að menn blygðast sín ekki fyrir að rífa upp kjarrið á eystra barmi Almannagjár, svo að vagnar, sem verða á leið manna þangað, eru alþaktir hríslum. Þetta má ekki líðast. Og þó er ekki nóg með það; menn leyfa sjer jafnvel að kveikja í grasinu. Jeg sá það á dögunum, að kveikt hafði verið í grasi og rótin brunnið, svo að rjóður var komið eftir á stærð við þenna sal. Yfirleitt er svo óvistlegt þarna, eins og þar hefðu staðið þar herbúðir. Tómar dósir liggja þar á víð og dreif, svo að í myrkri eru menn ekki óhultir um að meiða sig, nema þeir gangi á þykkum stígvjelum. Jeg álít misráðið að fella niður þenna líð, því að vel má lagfæra þetta, og þótt upphæðin sje lítil, þá mundi hún þó gjöra gagn, en þótt upphæðin hefði verið miklu hærri, þá mundi jeg samt hafa greitt henni atkvæði, og er viss um, að kjósendur mínir mundu hafa orðið mjer þakklátir fyrir.

Þá er 96. liður á atkvæðaskránni, sá margumþráttaði styrkur til skálda og listamanna. Ekki get jeg heldur þar verið samdóma nefndinni. Jeg álít misráðið að lækka þenna lið, og hefði helst kosið, að hann hjeldist óbreyttur eins og hann er í stjórnarfrumv. og að stjórnin útbýti styrknum, enda var sú hugsun þingsins 1913, að losa þingið alveg við öll afskifti af úthlutun þessara styrkja. Mín skoðun var og er sú, að stofna bæri sjerstakan sjóð með 200—300 þús. kr. stofnfje, en sjerstök nefnd verði svo skipuð til að útbýta vöxtunum.

Það er leiðinlegt, að þurfa að vera að togast á um þetta. Sumir segja það hættulegt, að eiga þessar styrkveitingar undir stjórninni. Er þá ekki hitt líka hættulegt, að þingið skuli hafa úthlutun skáldastyrksins til meðferðar? Jeg get ekki komist hjá því, að lýsa yfir því, að jeg vil veita talsvert fje til skáldanna, því hvar stæðum við nú, ef við hefðum aldrei haft skáld? Jeg er viss um það, að það er beinlínis satt, að »Hallgrímur kvað heilaga glóð í freðnar þjóðir«.

Jeg held að engin þjóð geti lifað neinu lífi, sem vert er að kalla líf, án skálda, listamanna og vísindamanna. Jeg er viss um, að það er engu minni sannleikur en skáldskapur í þessum orðum Jónasar:

> Vísindin efla alla dáð,
> orkuna styrkja, viljann hvessa,
> vonina glæða, hugann hressa,
> farsældum vefja lýð og láð.

Þá vil jeg minnast örfáum orðum á bygginguna yfir listaverk Einars Jónssonar. Mjer er það óskiljanlegt, að nokkur skuli vilja mæla á móti því, að við látum byggja yfir listaverkin. Við höfðum nú þegið þessa gjöf að manninum, og við vitum það, að við getum ekki flutt listaverkin heim, fyrr en bygt hefir verið yfir þau. Það er auðvitað fjarstæða hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að hægt sje að byggja fyrir 600 kr. Það er ómögulegt. Við erum nú búnir að binda okkur, svo að við verðum að byggja, og þá er best að byggja veglegt hús. Það er ekki til neins að vera að byggja fyrir 10000 kr. Það hús yrði of lítið á næstunni, nema svo sje hagað til, að hægt sje að byggja við húsið síðar, svo að laglega fari á.

Jeg er háttv. fjárlaganefnd þakklátur fyrir hönd Fiskifjelagsins, fyrir örlæti hennar við það, þó að hún hafi ekki

veitt fulla upphæðina, þá býst jeg við brtt. um það við 3. umr. Jeg er sjerstaklega þakklátur fyrir það, að fjeð til erindrekans erlendis er veitt skilyrðislaust. Jeg skal geta í fáum orðum um, hvernig á skilyrðinu stóð í síðustu fjárl.

Samband samvinnufjelaganna sótti um 4000 kr. styrk til erindreka erlendis, gegn því, að það legði til sömu upphæð. Fiskifjelagið fekk nú einnig styrk sama augnamiði, með sama skilyrði. En það gat ekki lagt fram helming fjárins frá sjer, og það gekk illa að fá fjeð annarsstaðar frá. Sjerstaklega tóku botnvörpungaútgjörðarmennirnir dauft í málið, og endirinn varð sá, að eigi fjekst annars staðar frá meira en 1800 kr., og fór því svo, að ekki fjekst meiri upphæð úr landssjóði. Nú fór Fiskifjelagið fram á, að fjeð til ráðunautsins yrði veitt skilyrðislaust. Hæstv. ráðherra tók þunglega í málið, og þótti kenna áhugaleysis hjá Fiskifjelaginu, en jeg get fullvissað háttv. deild um það, að Fiskifjelagið gjörði alt, sem hægt var að gjöra, og því ekki um að kenna. Það er heldur engin von, að svo ungt fjelag geti lagt fram jafnmikið fje og gömul samvinnufjelög. Nú hefir fjárlaganefndin orðið við bón Fiskifjelagsins, og er jeg henni mjög þakklátur fyrir það. Jeg álít, að landið eigi að hafa erindreka erlendis, og það jafnvel fleiri en einn, og kosta hann að öllu leyti af landssjóði. Þetta ættu að vera föst embætti, og þó að það kostaði 20,000 kr. hvert embætti, þá gæti svo farið, að það borgaði sig á einum degi. Aðrar þjóðir hafa menn út um allan heim, til þess að kynna sjer vörumarkaði, en kaupmannastjettin okkar hefir engan ráðunaut, og er þess þó síst vanþörf. Kaupmannastjettin heldur, ef til vill, að hún þurfi engan ráðunaut, en jeg get bent á mýmörg dæmi, er sýna hið gagnstæða. Fyrir ca. þrjátíu árum kom hingað Englendingur, Ward að nafni, og keypti hjer fisk — smáfisk — og verkaði hann á annan hátt en áður hafði verið gjört. Hann keypti fiskinn á 180 kr. tonnið, en þegar hann hafði verslað um ca. 20 ára tíma með þenna fisk, þá kemur það upp, að hann hafði fengið ca. 400 kr. fyrir tonnið. Áður en Ward kom hingað, hafði þessi fiskur eigi verið í neinu verði. Þetta var hinn svo nefndi Labradorfiskur, sem lengi hefir verið kallaður hjer á landi Wardfiskur. Þetta sýnir það best, að til geta verið markaðir, sem íslenska kaupmannastjettin veit ekki neitt af.

Þá vildi jeg minnast lítillega á brtt. 131 á atkvæðaskrá, frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), um brimbrjótinn í Bolungarvík. Jeg mun greiða atkvæði með henni, og falli hún, mun jeg greiða atkvæði með tillögunni 133 á atkvæðaskrá, frá fjárlaganefndinni. En mjer er mjög illa við skilyrði fjárlaganefndarinnar fyrir þeirri styrkveitingu. Nauðsynin til þess, að koma þessu stórvirki í framkvæmd, er afarmikil. Og það er ómögulegt að hugsa sjer, að einn hreppur geti lagt fram helming þess fjár, sem þarf. Það hefir verið talað um það, að áætlunin um, hvað verkið mundi kosta, hafi ekki verið ábyggileg. Það er rjett. En í upphafi vissu menn ekki að þetta gæti orðið slíkt stórmál, sem nú er sýnt að það verður. Jeg tel það mjög misráðið af þinginu, ef það vill ekki veita fje, nema því að eins, að Bolungarvík leggi fram helming á móti. Ef tekið er tillit til þess, hvað landssjóður fær í aðra hönd fyrir allan þann fisk, sem aflast í Bolungarvík, þá hljóta menn að finna, að ekki er hægt að telja þetta eftir.

Þá kem jeg að sparnaðartillögum mínum. Skal jeg þá fyrst minnast á tillögu 134 á atkvæðaskrá, um að veita

5000 kr. til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða. Það hefir áður verið samþykt hjer, að fela stjórninni að láta rannsaka hafnarstæði á þessum stað. Það hefir ekki verið gjört enn sem komið er, því þó að Árni Zakaríasson og, ef til vill, einhver annar hafi rannsakað þarna lendingu, þá er ekki fyllilega að marka slíkt, og því vildi jeg helst láta þessa fjárveitingu bíða. Jeg álít sem sje, að þingið hafi enga tryggingu fyrir því, að þessum 5000 kr. verði ekki beinlínis kastað í sjóinn.

Þá vil jeg næst minnast á tillöguna um, að leggja fje til að byggja bryggju í Reyðarfirði og sömuleiðis í Búðardal. Jeg veit ekki til þess, að af þessum bryggjum sje nokkur teikning til, eða nokkur áætlun um kostnaðinn. Jeg hefi komið í Reyðarfjörð og sjeð að bryggjuleysi stendur þar ekki fyrir þrifum.

Jeg þykist þá ekki þurfa að segja meira. Atkvæðagreiðslan mun sýna afstöðu mína til annara liða fjárlaganna og brtt. þeirra, sem komið hafa fram.

Jón Magnússon: Við háttv. 1. Húnv. (G. H.) eigum saman brtt. á þgskj. 417. Það er styrkurinn til Boga Th. Melsted. Hæstv. ráðherra hefir mælt með tillögunni og sömuleiðis háttv. þm. Dal. (B. J.), og kann jeg þeim báðum þakkir fyrir. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til þess, að fella þenna styrk niður, og það því síður, sem Bogi hefir áður haft styrk í fjárlögunum. Sú eina ástæða, sem hugsanleg væri til þess, að rjett væri að fella styrkinn niður, er sú, að Bogi hefði gjört sig óverðan styrksins, síðan hann var settur aftur inn í fjárlögin. En það er langt frá því, að svo sje. Hann hefir einmitt síðan gefið út mikið rit og gott. Það er um siglingar fornmanna. Það gengur að vísu svo, að misjafnir eru dómar manna um þenna mann, eins og alt af á sjer stað. Sjálfur er jeg ekki fyllilega fær til að dæma um sögurit hans, en jeg get vitnað til manna, sem vit hafa á slíku, til þeirra prófessoranna Finns Jónssonar og Þorvalds Thoroddsen. Þeir hafa báðir lokið lofsorði á vísindalega starfsemi Boga Th. Melsted.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þessa tillögu. En jeg treysti því, að hún fái að ganga fram.

Um styrkveitinguna til dr. Guðmundar Finnbogasonar þarf jeg ekki að ræða nú; það var gjört svo rækilega um daginn. Tveir háttv. þm. hafa minst á fjárveitinguna, en ekkert hefir nýtt komið fram í ræðum þeirra; alt saman sama tuggan og um daginn.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat um, að hann væri ekki á móti fjárveitingingunni, ef hún væri veitt í einu lagi. Jeg get frætt háttv. þm. á því, að það er tilgangslaust að veita þetta í einu lagi, því að dr. Guðmundur Finnbogason mundi aldrei taka þetta að sjer, ef hann hefði ekki tvö ár til rannsóknanna. Háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.) talaði um, að þetta væri stærsti og versti bitlingurinn, sem þingið hefði veitt. Þetta er mjög illa sagt. Hjer er ekki um neinn bitling að ræða, heldur um laun fyrir starfa, sem öllum kröftum er varið til. Jeg skal líka benda háttv. þm. á, að dr. Guðmundur Finnbogason græðir ekkert á að taka þetta starf að sjer. Hann hefir nú 2700 kr. í fastar tekjur, og jeg veit um, að hann hefir hitt, sem á vantar, í aukatekjur, eða meira. Það er mjög rangt að segja, að þetta auki útgjöldin um 6000 kr.; það eykur þau ekki einu sinni um 5000 kr., því að minsta kosti 1200 kr. ganga frá.

Jeg ætlaði ekki að minnast á fleira.

En úr því jeg er á annað borð staðinn upp, vil jeg minnast lítillega á skáldastyrkinn.

Það er nýmæli, að láta stjórnina útbýta fjenu. En mjer finst þessi ráðstöfun bæði viturleg og eðlileg. Það er ekkert við því að segja, þó að fjárlaganefndin komi fram með tillögur um það, hvernig fjeð sje veitt. En fjárlaganefndin stingur upp á, að stjórnin fái 9000 kr. til umráða, en svo skiftir hún sjálf upp 7100 kr., og bætir við tveimur mönnum, sem varla er hægt að veita minna en 2000 kr. báðum. Þetta verður að laga, ef vel á að fara.

Þess vegna vona jeg, að tillaga háttv. þm. Dal. (B. J.) verði heldur tekin en tillaga fjárlaganefndarinnar. Að minsta kosti getur varla verið um annað að ræða en að hafa stýrkinn eitthvað ríflegri en fjárlaganefndin hefir sett hann. Skal jeg svo ekki lengja umræðurnar meir.

Björn Kristjánsson: Það er svo ástatt um mig, að jeg á enga brtt. við fjárlögin. Er það ekki af því, að jeg hefði ekki þurft á því að halda, vegna míns kjördæmis, að fá einhverjum styrkveitingum framgengt, en jeg var svona ákaflega kurteis, vegna þess, að jeg vann í fjárlaganefndinni, að koma ekki með neina tillögu ofan í nefndina, þó hún væri ófáanleg til að leggja með nokkurri ákveðinni fjárveitingu til míns kjördæmis.

Jeg vildi nú að eins leyfa mjer að minnast á sárfá atriði. Okkur kom vel saman í nefndinni, og það var minn fasti ásetningur, að víkja ekki hársbreidd frá því, sem hún hafði sett sjer. En nú hefi jeg sjeð, að sumir fjárlaganefndarmennirnir hafa vikið frá því við atkvæðagreiðsluna, þá sem liðin er.

Þess vegna ætla jeg að leyfa mjer að minnast á tvær brtt. nefndarinnar, sem jeg er ekki ánægður með. Annað er styrkurinn til brimbrjóts í Bolungarvík. Nefndin hefir sett það skilyrði fyrir styrkveitingunni, að sýslan legði eins mikið til og landssjóður. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að sýslan geti lagt svo mikið af mörkum, og þess vegna hallast jeg að tillögu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að styrkurinn verði bundinn því skilyrði einu, að verkið verði unnið eftir fyrirsögn verkfróðs manns. Auðvitað vil jeg halda fast við upphæðina, að hún fari ekki fram úr 10000 kr. Þetta er þá mín athugasemd við þenna lið, og vænti jeg að fjárlaganefndin afsaki það.

Svo var hitt atriðið, sem jeg felli mig ekki við hjá fjárlaganefndinni. Jeg er mjög hlyntur öllum nauðsynlegum bryggjugjörðum og bátahöfnum, og hálfkynoka mjer því við að greiða atkvæði móti bryggjunni á Blönduósi, fyrir þá sök, að mjer er kunnugt um, hve brýn nauðsyn er á henni. Jeg hefi komið þangað og sjeð, að þar er algjör landtökuleysa, svo að lífsómögulegt er að afgreiða þar skip, ef eitthvað er að veðri. Nú er það kunnugt, að stærri póstskipin og vöruflutningaskipin koma þar við, og sjá þá væntanlega allir, hvílíkt mein það er, ef þau geta ekki fengið sig afgreidd, og verða að fara burt aftur með vörurnar. Jeg tel hina brýnustu nauðsyn á, að þarna verði bygð viðunanleg hafskipabryggja sem allra fyrst, og verð jeg því í þessu tilfelli að brjóta þá reglu, sem jeg hefi sett mjer, og greiða atkvæði með því, að $^1/_3$ hluti kostnaðarins við þessa bryggjugjörð verði greiddur úr landssjóði.

Þá vil jeg enn minnast örlítið á einn styrk, sem fjárlaganefndin hefir ekki tekið afstöðu til. Það er styrkurinn til

Einars Hjaltested, til þess að ljúka söng-listarnámi erlendis. Mjer er kunnugt um, að þessi maður er kominn mjög langt í sinni grein, sönglistinni, og tel hann líklegan til að verða þjóðinni til sóma. Jeg vil þess vegna greiða atkvæði með því, að þessi styrkur verði veittur í eitt skifti fyrir öll. Mjer er það ljóst, að við lifum ekki á einu saman brauði. Það er ekki nóg, að sjómaðurinn fiski vel og landbóndinn búi góðu búi. Landið okkar verður ekki þekt út á við fyrir það eitt. En það eru listamennirnir, sem gjöra garðinn frægan. Þess vegna gjöri jeg mjer von um, að þingmenn gjöri landinu þægt verk með því að greiða atkvæði með þessum styrk. Og öldungis eins er það með Einar Jónsson.

Mjer líkaði það illa hjá háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.), þegar hann var að andmæla því, að bygður yrði skúr yfir myndir Einars Jónssonar, sem hann hefir fært landinu að gjöf. Það er rangt, að láta þessi listaverk liggja úti í Kaupmannahöfn, og það ætti að vera landinu ný hvöt til að flytja þau heim, að nærri lá að þau færust í eldsvoða í sumar. Hjer þyrfti að koma upp yfir þau sæmilegu húsi, þar sem myndasmiðurinn sjálfur gæti haft athvarf framvegis og unnið að listasmíðum sínum.

Svo kem jeg þá loks að brtt. á þgskj 378. Jeg stóð einn uppi í fjárlaganefndinni á móti þessari fjárveitingu, og hafði áskilið mjer rjett til að bera fram brtt. um að fella hana burtu, ef enginn annar gjörði það. En nú hefir háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.) tekið af mjer ómakið, með því að koma með þessa breytingartillögu á þgskj. 378. Hún fer fram á að fella niður fjárveitinguna til rannsóknar á járbrautarstæði, 18000 króuur fyrra árið. Þetta er stærsta málið, sem nokkru sinni hefir komið inn á þingið, svo stórt, að þjóðin ætti fulla heimtingu á, að fá það skýrt sem best, áður en hún legði einn eyri til þess, umfram þessar 20 þús. kr., sem búið er að verja til þeirra rannsókna. Það er ekki fyrir hvöt frá *þjóðinni*, að þetta mál er komið á dagskrá, *heldur fyrir dhrif einstakra manna hjer í Reykjavík, sem vita ekki betur, hvar skórinn kreppir en þjóðin öll.* Það fyrsta, sem hefði átt að liggja fyrir, þegar um járnbrautarlagningu er að ræða, er það, hvað viðkomandi hjeruð vildu kosta til hennar, en þess hefir ekki verið leitað hjer.

Jeg las fyrir nokkrum árum skýrslu um það, hvernig farið var að í Ungverjalandi, þegar strjálbygt hjerað bað um járnbraut. Þetta hjerað hafði vegi eins og við, en þar voru líka menn, sem ýttu undir og töldu fólkinu trú um, að það væri mesta hnoss fyrir það, að fá járnbraut lagða til sín. Hjeraðsbúar bitu á agnið og fengu járbrautina, en eftir nokkur ár *báðu* þeir þingið um að taka við henni aftur og láta sig hafa vegina gömlu. Þetta lá í því, að ríkið hafði sett það upp, að hjeraðið bæri reksturskostnaðinn. En tekjuhallinn varð svo mikill, að hjeraðið gat ekki risið undir honum.

Það hefir verið ritað mikið um þetta mál, og meira en um ýms önnur mál, en margt er þó ósagt enn. Það væri því eðlilegast, að láta málið bíða og gefa þjóðinni tóm til að athuga það betur. Jeg hefi skrifað dálitla ritgjörð um járnbrautir á Íslandi, og hefi tekið þar fram ýms atriði, er snerta skilyrðin fyrir járnbrautarþörfinni. Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp dálitinn kafla úr þessari ritgjörð minni, því að jeg vil að það sjáist í þingtíðindunum, enda geymist það þar betur til seinni tímanna, heldur en á lausum blöðum. Um járnbrautarþörfina segi jeg svo:

»Það, sem knýr hin stærri lönd til að leggja járnbrautir, er einkum þetta:

1. *að* löndin eru *stór*,
2. *að* flest lönd liggja í *samhengi við önnur lönd*,
3. *að* þau hafa *hernaðarskyldu*,
4. *að* þau hafa *námur*,
5. *að* þau hafa *skóga*,
6. *að* þau hafa *akuryrkju*,
7. *að* þau, vegna gífurlegra vegalengda, verða að hraða *póstflutningi*,
8. *að* þau hafa *iðnað*,
9. *að vegalengdirnar frá hafnarstað eru oft svo miklar, að flutningur á nauðsynjavörum og fólki væru ókleifir án járnbrauta*, eða með öðrum orðum sagt: Flutningsþörfin svo mikil, að henni yrði alls ekki fullnægt á annan hátt.

Þessar munu vera aðalástæðurnar. En auk þeirra vil jeg nefna:

að fyrir getur komið að *smálönd* leggi brautir af *fordild*, til þess að þau verði ekki talin eftirbátar annara, og

að þau leggi járnbrautir *í blindni*, fyrir áeggjan fjárgróðamanna, sem koma vilja ár sinni sem best fyrir borð til eigin hagsmuna.«

Þetta vildi jeg gjarnan að stæði í þingtíðindunum, vegna þess, að það eru ástæður, sem verður að taka til greina, þegar talað er um járnbrautarlagningu. Um kostnaðinn við byggingu járnbrautir hefi jeg líka skrifað nokkuð, en um hann get jeg ekki sagt neitt með vissu. En ef önnur lönd eru tekin til samanburðar, t. d. Noregur og nokkur fylki í Þýskalandi, þá munu menn sannfærast um, að ekki mun vera hægt að leggja járnbraut hjer fyrir minna en um 60 þús. kr. hvern km. Jeg skal enn nefna nokkur dæmi um járnbrautarlagningarkostnað annars staðar:

Í Baden kostar hver km.	68,084.50 kr.
Í Preuszen-Hessen	62,870.49 —
Í Sachsen	89,194.88 —
Í Würtemberg	61,906.63 —

Ef maður gjörði lagningarkostnaðinn hjer 60000 kr. á hvern km., og það mun vera hæfilega áætlað, þá kæmu þessir 112 km. til að kosta 6,720,000 kr. Vextir og afborgun af því láni, teknu til 30 ára, ætti að vera 560,000 á ári, fyrst í stað, fyrir utan reksturskostnað.

Ef maður miðar járnbrautarrekstur hjer við fólkstölu annars staðar, verður útkoman þessi:

Í Þýskalandi koma 10,3 km. járnbrautar á hverja 10000 íbúa. Eftir því ættum við að leggja um 22 km. járnbrautarspotta hjer austur á bóginn, ef talið er að þjóðarauðurinn sje sá sami og þar, og flutningamagn og verslunarmagn hið sama. Í Austurríki og Ungverjalandi koma 8,8 km. á 10000 íbúa. Eftir því ættum við að leggja um 20 km., og eins er um Bretland og Írland. Í Rússlandi eru það að eins 5,5 km., sem koma á hverja 10000 íbúa. Miðað við það ættum við að leggja um 12 km. Í Ítalíu eru það 5,1 km. og í Portugal 5 km., og eftir því ættum við að leggja 11 km. Og ef miðað er við Serbíu, þar sem að eins 2,4 km. koma á hverja 10000 íbúa, ættum við að leggja 5 km.

Jeg álít óþarft að nefna fleiri dæmi, því að jeg býst við, að allir geti sjeð af þessu, að þótt þjóðarhagurinn og þjóðarauðurinn hjer, og fjör í verslun og viðskiftum, væri eins og í öðrum löndum, þá ættum við ekki að leggja meira að tiltölu við þau lönd, sem jeg nefndi, miðað við fólkstölu.

Ef litið er til flutningaþarfarinnar og flutningamagnsins, má benda á það, að árið 1905 nam vöruflutningurinn á Þýskalandi 8994 lestum (tonn) á hvern km. í járnbrautarlengdinni. Þess má og geta, að með öllum þessum flutningi varð hagurinn það ár að eins 5,8 %. Eftir þessu ætti að flytja með 112 km. járnbraut 1,007,338 lestir. Á sama tíma nam fólksflutningurinn þar 22,753 manns

á hvern km. járnbrautarinnar. Eftir því ættum við að flytja á 112 km. járnbraut 2,548,336 menn, eða hjer um bil 29 sinnum alla þjóðina.

Mjer finst það liggja jafn ljóst fyrir eins og 2+2 eru 4, að Íslendingar geti ekki að sinni lagt út í að leggja járnbraut. Á því máli þarf ekki frekari rannsókn en þá, sem hver maður getur komist yfir með athugunum sínum, ef hann nennir því. Þar af leiðandi er fullkominn óþarfi, og mjer liggur við að segja glapræði, að veita nokkurn styrk til slíkra rannsókna.

Jeg skal nú ekki þreyta deildina með langri ræðu hjeðan af, því það er orðið nokkuð áliðið. Jeg gjöri mjer von um, að þessi styrkur verði ekki samþyktur, en þjóðinni gefist kostur á, að fá málið skýrt hlutdrægnislaust, og Íslendingar afli sjer gagna til næsta þings, sem skýri það enn betur, hve ótiltækilegt það er, að ráðast í að leggja járnbraut, meðan öll skilyrði vantar til þess, að hún geti borið sig.

Vil jeg svo að lokum leyfa mjer að minnast stuttlega á örfá atriði, er snerta ýmsar fjárveitingatillögur, sem fram hafa komið.

Mjer þótti það leitt, hvað háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) var önugur við fjárlaganefndina út af þessum litla styrk til Goodtemplarafjelagsins, 1000 kr. hvort árið. Jeg hefi verið stuðningsmaður þess máls, sem þetta fjelag berst fyrir, frá því fyrsta, og mjer finst ekki vera kominn tími til að sú Regla leggist niður. Jeg veit, að hún hefir kostað miklu fje til, og sjálfsagt meira en hún hefir ráð á. Jeg fyrir mitt leyti væri miklu ánægðari með að sjá, að þessi styrkur væri 2000 kr. hvort árið, eins og verið hefir undanfarið.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) vildi ekki leggja til varar við Ingólfshöfða. Jeg er honum ekki samdóma um það, því að mjer er kunnugt um, að nauðsynin er mjög brýn. Auk þess er búið að veita styrk til rannsóknar þessa fyrirtækis áður, en því hygg jeg að háttv. þm. hafi gleymt. Því fje væri sama sem fleygt í sjóinn, ef nú væri hætt við að veita styrkinn.

Jeg er ekki samdóma meiri hluta nefndarinnar um það, að styrkurinn til skálda og listamanna eigi að vera á valdi stjórnarinnar að mestu leyti. Jeg lít svo á, að það sje ekki rjett, að fjárlaganefndin ein gjöri tillögur til stjórnarinnar um úthlutun þessa styrks, heldur eigi þingið alt að ráða fram úr því. Það liggur næst mjer að koma með brtt. til 3. umr. um, að þessi styrkur verði látinn standa í fjárlögunum eins og áður hefir verið. Hæstv. ráðherra tók það fram, að hann skoðaði tillögur fjárlaganefndarinnar svo, að þær upphæðir, sem þar eru til greindar, skuli vera það *minsta*, sem veita megi. Þessa skoðun kvaðst hann mundu hafa á málinu og hegða sjer samkvæmt henni, ef enginn mótmælti. Nú vil jeg leyfa mjer að mótmæla þessum skilningi, því að jeg skildi fjárlaganefndina svo, að þessir styrkir ættu að vera ákveðnir, eins og til er tekið í nefndarálitinu, en ættu alls ekki að skoðast sem lágmark. Annars kynni jeg betur við, að þessir styrkir stæðu sundurliðaði eins og áður hefir verið í fjárlögunum, því að það getur verið, að Ed. mæli með öðrum mönnum og öðrum upphæðum. Og eftir hverju á stjórnin þá að fara? Jeg er hræddur um, að með þessu móti geti orðið ógagn eitt úr þessari styrkveitingu.

Jeg er nú orðinn nokkuð langorður, enda skal jeg ekki þreyta deildina með lengri ræðu.

Eggert Pálsson: Háttv. þm. Dal. (B. J.) mintist lítillega á fjárveitinguna, sem ætluð er til fyrirhleðslu í Þverá.

En jeg hygg, að andmæli hans gegn henni muni hafa stafað af því, að hann er ekki búinn að kynna sjer fylgiskjölin, sem prentuð eru með nefndarálitinu, en ekki af því, að hann sje málinu í sjálfu sjer mótfallinn. Jeg hygg, að hann sje fæddur Rangæingur, og þykir mjer því ólíklegt, að hann vilji spilla þessu máli, jafnnauðsynlegt sem það er.

Jeg skal nú gjöra örstutta grein fyrir því, hvernig ætlast er til að þessi fjárveiting verði notuð. Vitanlega nægir hún ekki til að fullgjöra verkið, heldur til þess að gjöra ýmsar undirbúningsráðstafanir og framkvæmdir, áður en sjálf íhleðslan er gjörð. Það er þá fyrst tilætlunin, að ganga svo frá garðinum við Seljalandsmúla, að engin hætta geti stafað af vatnagangi úr Markarfljóti austur með Eyjafjöllum, þótt Þverárfarvegurinn yrði teptur. Enn fremur þarf að ganga frá upptökum svonefndra Ála nálægt Stóra-Dímon, til að hindra það, að vatn leggist í þá og brjóti upp Austur-Landeyjarnar að austanverðu, eða rífi sjer farveg gegn um þær. Þetta er því fremur nauðsynlegt, þar sem það getur haft áhrif á afstöðu Rangæinga gagnvart málinu í heild sinni. Því ef þessi hluti sýslunnar, Eyjafjöll og Austur-Landeyjar, verður ekki trygður fyrir vatnagangi, þá er hætta á því að hann vilji ekki leggja neitt til, og meira að segja spyrni á móti, að framrensli Markarfljóts í Þverá verði heft.

En hins vegar verð jeg að taka í sama strenginn og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), um að fella niður styrk til Búnaðarfjelagsins. Það var ekki gjört með mínu samþykki, því að jeg taldi það varhugavert. Því þó að þessi styrkur sje ekki mikill fyrir hvern einstakan, þá er mjer kunnugt um, að hann hefir verið nokkur lyftistöng og hvatt menn til framkvæmda í margs konar búnaðarfyrirtækjum, sem menn annars hefðu látið ógjörð. Hættulegt er þetta einnig með tilliti til búnaðarsambanda þeirra, er stofnuð hafa verið, eins og háttv. þm. (S. S.) benti á, því að þau lifa á búnaðarfjelögunum í hreppunum að meira eða minna leyti. Ef þetta, að fella niður styrkinn, verður til þess að draga úr þeim, eða jafnvel stinga þeim svefnþorn, getur það haft skaðlegar afleiðingar, einnig með tilliti til búnaðarsambandanna.

Því hallast jeg fyrir mitt leyti að meðalvegi þeim sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir gjört að tillögu sinni, að styrkurinn, sem fjelögin hafa notið, haldist seinna árið, og er það hlutaðeiganda bending um, að hugsunin sje ekki sú, að nema styrkinn algjörlega burtu í framtíðinni, því ef hann er strikaður út bæði árin, þá sjest það hvergi, að meiningin sje að veita hann síðar. *(Pjetur Jónsson:* Það sjest í nefndarálitinu). Að vísu. En bæði er það, að nefndarálitið túlkar ekki beinlínis vilja þingsins, og svo verða það margir, sem alls ekki sjá nefndarálitið. En ef styrkurinn er látinn standa seinna árið, þá þyrftu menn að eins að líta í fjárlögin, en ekki að leita í öllum þingskjölunum eftir nefndarálitinu, til þess að fá að vita vilja þingsins í þessu efni.

En aðalástæðan fyrir því, að jeg tók til máls, var nú samt sem áður ekki þetta, heldur andmæli þau, er komið hafa fram gegn tillögu stjórnarinnar um að verja 18,000 kr. til rannsókna á járnbrautarlagningu austur í sýslur. Það hafa þrír háttv. þm. tekið til máls á móti þessu. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hefir komið fram með brtt. um að fella niður þessa fjárveitingu, og fanst náttúrlega sem hann þyrfti að rökstyðja hana. Það þarf nú enginn að furða sig á þessu, þar sem hann hefir lýst því yfir hvað eftir annað, að honum hafi verið falin sú »Mission«, að sjá um að

fjárlögin yrðu hallalaus í þetta sinn. Það er því ekki að undra, þó að hann ráðist á þetta, og ekki takandi tillit til þess, þó að hann sje á móti þessu framfarafyrirtæki, þar sem hann er á móti svo mörgum öðrum þarflegum fjárveitingum. Get jeg því látið mig litlu skifta, hvað *hann* hefir lagt til þessa máls, því að jeg hygg, að það hafi hvort sem er ekki áhrif á örlög þess, nema hvað hans eina atkvæði snertir.

Hann mintist á frumv. frá 1913 og hjelt að þessi 18,000 króna fjárveiting stæði í sambandi við það frumvarp. Öllum gefur að skilja, að það er ekki líklegt, að hún grípi svo aftur fyrir sig. Ef svo ætti að vera, þá ætti það frumvarp að liggja hjer í loftinu. En það er ekki líklegt, að frumvarp á sama grundvelli sje fyrirliggjandi nú. Það vita og skilja allir. Öllum þeim, sem alvarlega kyntu sjer málið þá, var það ljóst, að það fje, sem þá bauðst til framkvæmda á fyrirtækinu, var ekki danskt, heldur þýskt fje. *(Björn Kristjánsson:* Í gegn um danskar hendur). Það er rjett, að mikils megandi danskir menn vildu rjetta fram höndina, til að útvega okkur fjeð. Og hygg jeg, að þó að við hefðum haft vit til þess að þiggja það fje þá, þá hefði oss ekki þurft að iðra þess nú, því eins og sakir standa nú, mun þýskt fje ekki vera á boðstólum til þarflegra framkvæmda hjer á landi. En ef það hefði verið þegið 1913, hefði það ekki verið aftur tekið.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) furðar enn fremur á því, að svona mikils fjár skuli þurfa til þessara rannsókna. En þar sem hann furðar sig á slíku, þá sýnir það að eins, hversu hugmyndir hans um slíkt stórvirki, sem hjer um ræðir, eru lágar og óljósar.

Að vísu er það rjett, að 1913 álitum við margir málið svo rannsakað, að óhætt væri að leggja út í það, vitanlega með rannsóknum samhliða framkvæmdum. En þá var tilætlunin sú, að nota kola- eða gufukraft til stafræksl-unnar, en síðan hefir verið bent á, að betra kynni að vera að nota rafmagnskraft til að reka fyrirtækið. Þetta er ekki enn rannsakað til hlítar, og er eitt meðal annars sem rannsaka þyrfti. Við eigum svo marga fossa á þessari leið, að það dylst engum óhlutdrægum manni, að þörf er á, að þetta verði rannsakað til fullnustu.

Við vitum hversu mikinn hug útlendingar hafa á því, að eignast fossa hjer á landi og þá ekki síst á þessari leið. Og nú sem stendur hefir heyrst, að verið sje að gjöra tilraunir af útlendinga hálfu, til þess að ná eignarhaldi á fossum í austursýslunum. Væri málið látið eiga sig, gæti farið svo, að þeim tækist að ná eignarhaldi á þeim vatnskrafti, er í fossunum býr á þessum stöðum. En ef sá kraftur væri rannsakaður á vísindalegan hátt, og það kæmi berlega í ljós, hve mikils virði hann væri, þá mætti telja líklegt, að löggjafarvaldið sæi um, að hann gengi ekki úr höndum okkar.

En ef á hinn bóginn sannaðist við nánari rannsóknir, að ekki væru tiltök að ráðast í þetta fyrirtæki, og vjer í framtíðinni hefðum ekkert við fossafilið að gjöra, þá væri ekki rjett að hindra útlenda auðmenn frá því að hafa fossanna not eða eignast þá. Væri fyrst niðurstaða fengin um það, að fyrirtæki eins og þetta gæti alls ekki þrifist hjer á landi, þá höfum við ekkert að gjöra með að eiga fossana, þá koma þeir ekki að notum í vorum höndum, og þá er ekkert í vegi, að menn fái að selja þá hverjum þeim, sem eitthvert verð vill fyrir þá gefa. En til þess að fá vissu sína um þetta alt, þarf að rannsaka málið, og það af sjerfróðum manni eða mönnum.

Að svo mæltu get jeg hlaupið yfir háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), því að hann talaði af lítilli þekkingu og enn minni sanngirni um málið. Hefir það ef til vill stafað meðfram af því, að þetta snerti hvorki Suðurmúlasýslu nje Snæfellnessýslu, hina einu landshluta, sem virðast hafa nokkra þýðingu fyrir hann, hvort sem það er af því, að hann hefir verið lögsagnari í báðum þessum sýslum eða af öðrum ástæðum.

En háttv. þm. Snæf. (S. G.), sem jeg tek meira tillit til, af því að hann er vitur maður og sanngjarn, talaði heldur ekki hlýlega í garð þessa fyrirtækis. En hann gat þess þó, og sömuleiðis háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að þetta væri stærsta málið, er lægi fyrir þinginu. En þar sem svo djúpt er tekið í árinni, liggur einnig í þeim ummælum viðurkenning fyrir því, að það sje lang-þýðingarmesta málið. En sje það bæði stærsta og þýðingarmesta málið, þá á þingið ekki að fleygja því frá sjer, án þess að sinna því nokkuð. Slíkt yrði að telja algjörlega óforsvaranlegt.

Háttv. þm. Snæf. hjelt enn fremur, að enginn skaði væri skeður, þó að málið væri látið bíða nú, því að ekkert yrði fengist við það næsta áratug. Vitanlega verður það ekki gjört, ef þetta þing fleygir málinu, þessu lang stærsta og þýðingarmesta máli, frá sjer í kæruleysi og svo næsta þing og svo koll af kolli. Með því móti gæti liðið margir tugir ára áður málinu miði nokkuð áfram. En ef við verðum svo skynsamir, að horfa ekki í að veita þessar 18000 kr. nú, þá má búast við því, að á næsta áratug kæmist fyrirtækið á góðan rekspöl. Það er ekki þar með sagt, að landssjóður þyrfti að leggja fje fram til fyrirtækisins. Það mætti t. d. hugsa sjer að mönnum sýndist, að rannsóknunum loknum, að gefa einhverju fjelagi einkarjett til að hrinda fyrirtækinu áfram og reka það. (*Björn Kristjánsson:* Þýðingarlaust). Það er alls ekki þýðingarlaust. En hitt er vitanlegt, að ekkert fjelag kærði sig um þann einkarjett, ef fyrirtækið kæmi að engu gagni, eins og háttv. þm. K.-G. (B. K.) heldur fram. En það er einmitt það, sem rannsóknirnar eiga að færa okkur heim sanninn um, hvort gagns megi vænta af fyrirtækinu eða ekki, því staðhæfingu háttv. þm. K.-G. tjáir ekki að taka gilda, að órannsökuðu máli.

Háttv. þm. K.-G. sagði, að þjóðin ætti heimtingu á að þetta mál yrði vel skýrt fyrir henni, áður en í það væri ráðist. Þar er jeg á sama máli. En það liggur í augum uppi, að í því er mótsögn, að vilja ekki að fram fari vísindalegar rannsóknir í þessu efni, en krefjast þess þó, að málið verði skýrt sem best. Því að málið verður ekki neitt skýrara, þó að hann riti um það af vanþekkingu sinni og óbilgirni. Því þó að hann sje annars mætur maður, þá hefir hann ekki meira vit á þessu máli en hver okkar hinna. Jeg býst ekki við því, að það skýri málið yfirleitt, t. d. að taka, þótt í nefndaráliti hans sje arðurinn af hverri kú reiknaður 12 kr. (*Björn Kristjánsson:* Leigan er 12 kr). Í nefndarálitinu stóð og stendur, að arðurinn sje þetta, að eins 12 kr. af hverri kú.

En þó að jeg geti ekki verið að eltast við hinar ýmsu staðleysur háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) í þessu máli eða hrekja bækling hans, sem hann las upp úr áðan — það mun án efa einhver mjer færari verða til þess, — þá skal jeg samt benda á eina augljósa staðleysu hans þar, þá sem sje, að engin þjóð legði járnbrautir, nema að land hennar lægi að öðrum löndum. Til þess að sýna, hversu fráleit þessi staðhæfing sje, þarf ekki annað en benda á Eng-

land. Þar eru járnbrautir um landið þvert og endilangt, og liggur það þó ekki áfast við nein önnur lönd.

Þá var það, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) þótti það ávanta, að ekki lægi fyrir hversu mikið fje viðkomandi hjeruð vilji leggja til. Þar til er því að svara, að það er ekki hægt að ætlast til að þau bjóði fram nokkurt fje að órannsökuðu máli, og enginn getur sagt, hvað kosta mundi járnbraut austur. Til þess að slíkt fjárframboð geti legið fyrir, þarf vitanlega rannsókn fullkomin að fara fram. Eina og besta ráðið verður því að rannsaka alt sem best, til þess að fá sem glegstar skýrslur yfir alt viðhorf málsins, hve mikið fyrirtækið muni kosta, hversu skuli reka það og hverjar líkur eru til að það beri sig. Þá fyrst er kominn tími til að spyrja hvað hjeruðin vilji leggja fram í þessu skyni.

Annars skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta atriði að þessu sinni. Býst hvort sem er við að það sje árangurslítið. En að lokum vildi jeg taka það fram, að jeg gjöri ráð fyrir og er sannfærður um, að sú kemur tíðin, að að mótspyrna háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), bæði fyrr og síðar, á móti málinu, verði honum ekki til meiri vegsauka en mótspyrna hans í ritsímamálinu forðum.

Stefán Stefánsson: Jeg sje ekki ástæðu til að fara að ræða mikið um brtt. þær, er fyrir liggja, því að nóg virðist vera um þær rætt orðið, og margt endurtekið.

En jeg á brtt. á þgskj. 430, er jeg vildi minnast á örfáum orðum.

Hún fer í þá átt, að maður sá, er hefir á hendi að leiðbeina mönnum í húsabyggingu í sveitum, fái svo sæmileg laun, að hann geti við þau lifað. Hann hefir haft 1000 króna laun að viðbættum alt að 400 krónum til ferðakostnaðar. Fjárlaganefndin hefir fengið brjef frá honum, þar sem hann sýnir fram á, að hann geti ekki lifað af þessum launum og óskar að þau verði hækkuð, mig minnir upp í 1800 kr. Nú hefir nefndin lagt til, að laun hans verði hækkuð úr 1000 kr. upp í 1200 krónur. En þar sem hann hefir lýst yfir því, að hann geti ekki haldið áfram þessu starfi, nema hann fái hækkuð laun sín að mun, sem er ofur eðlilegt, því að hann hefir bæði fyrir konu og börnum að sjá, þá fanst mjer þetta vera vel þess vert að gefa því gaum. Jeg hefi því komið fram með tillögu um að laun hans yrðu hækkuð upp í 1500 kr., og er það sú lægsta upphæð, sem hann hefir látið í ljós við mig, að sjer væri unt að ganga að. Maðurinn er orðinn kunnur víða um land, og væri mikil eftirsjón að honum, ef hans misti við. Því að hann er áhugamaður, hefir lagt sig fram allan og óskiftan, til þess að starf hans kæmi bændum að sem mestu og bestu liði, enda hefir árangur af starfinu orðið mikill og góður. Það er heldur ekki annars að vænta, því að hann er mikið vel að sjer í sinni grein, enda hefir hann varið til náms síns 10—12 árum, til þess að geta orðið sem nýtastur maður til þessa starfa. Fyrst stundaði hann timbursmíði í mörg ár, fór síðan til Noregs og lærir þar steinsteypugjörð. Kemur síðan hingað heim og tekur við starfinu í þeirri von, að hann fái sæmileg laun, eða þau laun, sem hann þó geti lifað af.

Síðastliðið ár, er hann hafði að eins 1000 kr., hefir hann varið frá sjálfum sjer alt að 400 krónum, en auðvitað getur slíkt ekki gengið til lengdar. Maðurinn er efnalítill, eins og geta má nærri eftir langt nám, og aðstandendur hans fremur fjelitlir, svo að nærri má geta, hvort hann er fær um stöðug útlát frá sjálfum sjer, enda í mesta máta ósanngjarnt. Þess vegna finst mjer al-

veg sjálfsagt, að svo framarlega sem þingið ætlast til, að hann haldi starfi sínu áfram, að það veiti honum þá þessa sjálfsögðu launahækkun.

Hæstv. ráðherra, háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. N.-Þ. (B. S.) hafa allir tekið vel í þessa málaleitan, og eftir orðum þeirra að dæma, verður að búast við því, að þessari litlu fjárveitingu verði vel tekið. Bændur hafa nú orðið fengið mikinn áhuga fyrir því, að vanda sem best bæjarbyggingar sínar, og vilja nú helst ekki framar byggja úr öðru efni en steini. Þess vegna sjá allir hversu afarnauðsynlegt það er, að hafa þann mann til að leiðbeina í þessu efni, er hefir lagt þetta fyrir sig og gjört að lífsstarfi sínu. Þess má geta, að hann hefir skrifað fjárlaganefndinni hjer í Nd., og sent henni ásamt því brjefi, þar sem hann óskaði hærri launa, mjög góð meðmæli frá þeim bændum, sem hann hefir mest unnið hjá að sínu byggingarstarfi; þau ættu því að vera nokkur sönnun fyrir því, að rjett sje að fylgja fram þessari tillögu minni.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en vænti þess, að þessi litla fjárveiting fái atkvæði sem allra flestra háttv. deildarmanna, því það er öldungis víst, eins og jeg hefi skýrt frá, að fái hann ekki þessa hækkun, verður hann að láta af starfinu, en það teldi jeg mjög illa farið, og mjög væri það gremjulegt fyrir hann, sem tekist hefir þetta á hendur með það fyrir augum, að vinna sem mest og best gagn.

En svo er það viðvíkjandi 21. gr. fjárlaganna, að jeg sakna þess mikillega, að ekki hefir fengist lánsheimild til póstafgreiðslumanns og símastjóra á Siglufirði, Jósefs Blöndal, sem hann hefir óskað eftir og fengið meðmæli með, bæði frá landssímastjóra og póstmeistara. Lánið, sem hann fer fram á að sjer verði veitt, er þó ekki hærra en 5—6000 krónur. Hann hefir bygt allvandað steinsteypuhús og er í því bæði póstafgreiðslan og símastöðin, sem áður var í fornfálegum timburhjalli, sem var alsendis óhæfilegur til slíkra almennra afnota, og ekkert var hægt að geyma í, nema það lægi undir stórskemdum.

Þegar á það er litið, að maðurinn er fátækur, en hefir þó ráðist í að byggja þarna allvandað steinsteypuhús, sem hefir kostað hann 15000 kr., þá er svo sem auðvitað, að hann hefir orðið að fá þetta fje mest að láni, og er þar af leiðandi í mestu vandræðum með að geta staðið í fullum skilum, og leitar þess vegna lánveitingar um nokkurra ára bil á þessum $^1/_3$ af húsverðinu. Frá þingsins hálfu sýnist mjer það ekki vera nema lítil greiðvikni, þar sem um ekki hærri upphæð er að tala, en getur að hinu leytinu bjargað fjelitlum manni út úr fjárkröggum, sem hann hefir komist í, um leið og hann gjörði því opinbera mjög mikinn greiða.

Jeg verð því að leyfa mjer, við 3. umræðu, að koma fram með breytingartillögu viðvíkjandi þessari lánbeiðni, ef fjárlaganefndin sjer sjer ekki fært að taka þessa málaleitun til greina. Jeg tel það svo mikla framför fyrir hjeraðið, og svo mikinn feng fyrir það opinbera, að hafa fengið þarna sæmilegt hús í stað hjallsins, er var bæði sveitinni og landinu til minkunar, að jeg tel það ekki vansalaust að láta mann þennan fara algjörlega synjandi.

Um fleiri atriði ætla jeg ekki að tala, en mun sýna með atkvæði mínu, hvern veg jeg lít á breytingartillögur þær, er fyrir liggja.

Þá bar forseti upp tillögu, er komið

hafði frá Bjarna Jónssyni, Bened. Sveinssyni, Skúla Thoroddsen, Magnúsi Kristjánssyni, Birni Kristjánssyni, Jóhanni Eyjólfssyni, Hannesi Hafstein, Hirti Snorrasyni og Sigurði Eggerz, um að fresta fundi, og var hún feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Arnórsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,	Jón Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Matth. Ólafsson,
Jón Magnússon,	Pjetur Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Sig. Gunnarsson,
Sigurður Eggerz.	Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Stefán Stefánsson,
Þór. Benediktsson.	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,

Magnús Kristjánsson: Jeg býst ekki við að tala langt mál. En það er eitt mál, sem mikið hefir verið talað um, en virðist þó talsvert óljóst fyrir háttv. þingmönnum, en það eru tillögurnar viðvíkjandi brimbrjótnum í Bolungarvík. Þær eru fjórar og talsvert mismunandi.

Fyrst er tillaga stjórnarinnar um 10 þús. kr. hvort árið. Í öðru lagi er tillaga nefndarinnar um sömu upphæð, en að styrkveitingin sje bundin tveimur skilyrðum, í fyrsta lagi því, að verkið sje framkvæmt eftir fyrirsögn verkfróðs manns, og í öðru lagi, að lögð sje fram eigi minni upphæð annarsstaðar frá. — Þriðja tillagan er frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um 15000 kr. hvort árið, og loks kemur 4. till. frá sama háttv. þm., sem er viðaukatillaga sama efnis og fyrra skilyrðið, sem fjárln. setti fyrir styrkveitingunni. Þetta eru nú nokkuð margar tillögur og breytilegar, og jeg verð að álíta, að það muni vera nokkuð óljóst fyrir ýmsum mönnum, hvað verið er að gjöra stundum, hvort heldur er verið að gjöra hafnir tryggar eða bryggjur í stórum og smáum stíl, víðs vegar kringum landið. Og jeg álít, að svo búið megi ekki standa lengur, að menn gjöri sjer það ekki ljóst, hverjar afleiðingar það hefir, að samþykkja fjárveitingar til slíkra fyrirtækja, ef þeim er hagað svona alveg út í loftið. Það er ekkert á móti því, þegar um einhverja smábryggjuna er að ræða, að landið leggi til hennar svo sem $^1/_4$ kostnaðarins, því að þá peninga getur það borið upp á annan hátt, þar sem með því sparast bæði tími og fje við greiðari afgreiðslu strandferðaskipanna o. fl.

En það horfir nokkuð öðruvísi við, þegar um það er að ræða, að ráðast í stórfyrirtæki, þar sem kostnaðurinn veltur á hundruðum þúsunda. Það er nú upplýst, að í þennan brimbrjót er þegar búið að leggja 40 þús. krónur úr landssjóði, og hjer er enn farið fram á 30 þús. kr., auk þess sem hjeraðið hefir þegar lagt talsvert fje í fyrirtækið, og þó vantar enn yfir 200 þús. krónur. Þegar þessa er gætt, þá finst mjer vera kominn tími til að athuga, hvernig á að ráða fram úr þessu.

Það er víst, að það er óhjákvæmilegt, að vinna þetta verk áfram, og það sem fyrst. Og eins víst er hitt, að ekki tjáir að ætlast til þess af hjeraðsbúum, að þeir geti lagt fje í það til muna hjeðan af. Þá verður landið að taka verkið að sjer, og þá finst mjer jafnframt, að komi annað til greina, og það er, að tryggja sjer að landið fái þar þær lóðir, sem þarf til þess, að menn geti stundað þar þann atvinnurekstur, sem nauðsynlegt kann að verða. Hvort það gæti orðið með samkomulagi eða þá þannig, að taka þyrfti landið eignarnámi, það er annað mál. En víst er um það, að

þetta mannvirki er þá orðið landsins eign, og þá á landið að geta lagt þar gjöld á atvinnureksturinn, að minsta kosti sem svarar vöxtunum af fje því, sem til þess hefir verið varið.

Jeg býst ekki við, að þingmenn geti nú annað gjört en að greiða atkvæði með stjórnarfrumv., auðvitað með þeirri athugasemd, að verkið fari fram undir umsjón verkfróðs manns. Allar aðrar tillögur eru alveg þýðingarlausar, og miða að eins til að hefta framgang verksins, en það er alveg ófært, þar sem um jafnmikið fjárspursmál og jafnstóran atvinnurekstur er að ræða. Það er ekki að tala um, að halda föstu því skilyrði, að hjeraðsbúar skuli leggja svo og svo mikið fram.

Jeg hefi sagt þetta til þess, ef verða mætti, að málið yrði tekið til nákvæmari íhugunar, því að það hlýtur að reka að því innan skamms, að í það verði lagt miklu meira fje, og þá vil jeg að menn hafi fyrir augum, að algjörð stefnubreyting verður að eiga sjer stað um fjárframlagið, eins og jeg hefi bent á hjer að framan.

Sveinn Björnsson: Þetta er í fyrsta sinn, sem jeg tek til máls við þessa umr. fjárlaganna, og nú er orðið áliðið, svo að jeg mun reyna að tala stutt, enda stendur svo á, að jeg hefi ekki neitt að flytja fyrir mitt kjördæmi, en ræður flestra háttv. þm. hafa hnigið í þá átt, að útvega kjördæmum sínum eitthvað.

Jeg skal fyrst geta þess, að jeg hefði óskað, að deildin hefði tekið meira tillit til þess, sem fjárlaganefnd hefir lagt til en raun er á orðin. Jeg hefi heyrt það á flestum, að eins og ástandið er nú, þá færi best á því, að fjárlögin yrðu afgreidd tekjuhallalitið, eða tekjuhallalaust. Og jeg er á því, að ef sú verður reyndin á, að hallinn verði töluvert mikill, þá sje ekki annað fyrir stafni en að allmargar athugasemdir verði að gjöra við ýmsa liði, líkar þeirri, sem nefndin hefir nú gjört við 13. gr. 3. lið, eða með öðrum orðum, að ýmsar fjárveitingarnar verði sama sem engar fjárveitingar, þar sem það verði stjórninni í sjálfs vald sett, eftir kringumstæðum, hvort þær koma til framkvæmda eða ekki. Þessa athugasemd vildi jeg gjöra nú þegar, en að svo mæltu, skal jeg snúa mjer að örfám einstökum liðum.

Mig furðar á áhuga tveggja hv. fjárlaganefndarmanna (S. S. og E. P.) á því, að víkja frá till. nefndarinnar um styrkinn til búnaðarfjelaganna. Jeg leit svo á, að það hefði orðið samkomulag í nefndinni, að fella nú þenna styrk burt í þetta skifti með sjerstöku tilliti til ástandsins, sem nú er, enda var grein um þetta í nefndarálitinu. Þess vegna voru mjer það vonbrigði, þegar tveir menn úr nefndinni rísa nú hjer upp og leggja afar mikið kapp á það, að þessi sparnaðartillaga verði ekki samþykt, og segi jeg þetta því fremur, sem það heyrðist bæði í nefndinni og utan nefndar, að gagnið að þessum styrk myndi ekki vera jafn mikið og margir hjeldu. Og jeg hefi einnig átt tal um þetta við bændur, og ber mikið á því, að þeir töldu gagnið, sem að honum væri, ekki svara til fjárhæðarinnar.

Þá hafa heyrst raddir um það, að rjett væri að spara það fje, sem nefndin hefir lagt til að veitt verði til þess, að reisa hús yfir listaverk Einars Jónssonar. En sú fjárveiting er bein afleiðing af því, að þingið hefir lýst yfir því, að það vilji taka við þessari gjöf. Það væri lítill sómi fyrir þingið, að sjá ekki þessu safni fyrir sæmilegu húsnæði, svo að það liggi ekki undir skemdum, held-

ur eiga það lengur á hættu, að það misfarist ef til vill í öðru landi, fyrir handvömm, úr því að upphæðin er þá ekki heldur meiri.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á till. um það, að fella þær 18 þús. kr., sem ætlaðar voru til undirbúnings járnbrautarmálinu, og skal jeg þó ekki fara langt úti það, svo seint. Eins og menn vita, hefir staðið deila um það mál, aðallega milli tveggja manna, og munu fleiri en jeg hafa lesið skrif þeirra með athygli og þó án þess að sannfærast — má ske á hvoruga hlið. En þetta mál er svo stórt, að ekki hæfir að ganga þegjandi fram hjá því, og jeg fyrir mitt leyti hefi nú þá trú, að landið sje svo gott, og svo margt sje hægt að gjöra því til bóta, að það geti borið annað betra en vegaspottana, sem um það liggja nú. Að minsta kosti hefir nauðsynin og reynslan kent mönnum það í öðrum löndum, þar sem víðátta er mikil, að þeir verði að fá sjer eitthvað betra, til þess að koma löndunum í vöxt og blóma. Og ef menn hafa ekki trú á því, að slíkt blessist hjer eins og þar, þá er það af því, að þeir hafa ekki trú á landinu sjálfu. — Nú kunna einhverjir að segja, að þá vanti að vísu ekki trúna á landið, en að ástæðurnar mæli með því, að fresta þessu máli nú. En á síðasta fjárlagaþingi kom fram þessi sama uppástunga um fjárveitingu, og var einmitt ætlast til þess, að fjeð gengi til þess, að rannsaka hvort eigi myndi borga sig betur að hafa rafmagn fyrir hreyfiafl, og átti þá einkum að rannsaka Sogsfossana. Og jeg fyrir mitt leyti álít, að það atriði sje svo mikilvægt, að þetta, að fá þessa fossa rannsakaða, megi ekki bíða nema sem allra minst, svo grundvöllur fáist fyrir viðleitni til að halda þessum fossum í eigu landsins. Annars hygg jeg að muni fara svo, að vjer vöknum upp við vondan draum, þegar vjer erum búnir að missa öll »hvítu kolin«. Þess vegna vil jeg ekki láta fresta þessu máli, ekki einu sinni nú í þetta sinn.

Þá er brtt. við 16. gr. 20, um að Heimilsiðnaðarfjelagi Íslands verði veittar 1000 kr. hvort árið, í stað 500 kr. Raddir hafa heyrst á móti þessu, en jeg hygg að það sje rjett hjá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), að það er enginn efi á því, að hjer er að byrja það, sem vel getur orðið stórmál áður en nokkurn varir. Menn vita það, að hjer hefir lengi áður verið heimilisiðnaður, sem bæði hefir gefið þeim atvinnu, sem lítið hafa haft að stunda og svo ætíð nokkurn ágóða í aðra hönd, og þetta er ekki þýðingarlaust fyrir okkar land, þar sem þarf að nota kraftana til einhvers, þegar ekki er hægt að vinna það, sem þarfast þykir. Og það er nærri sama hvað þá er lítið í aðra hönd, því að þá er þó ætíð í því annars konar gróði, sá, að hafa eitthvað fyrir stafni. Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) var að tala um fitl. Jú, það er fitl að prjóna sokk eða vetling, en það er nú gott samt. Jeg veit nú ekki hve mikil áhersla er lögð á það í heimilisiðnaðarfjelaginu að prjóna, en það er ýmislegt, því skylt, sem þar er unnið, og þótt ekki kunni að vera mikill gróði að því að sinni, sem þar er kent, af smíðum o. fl., þá getur það átt framtíð fyrir sjer, engu síður en í Noregi, Sviss og víðar.

Jeg skal nú ekki orðlengja mikið úr þessu. Eins og jeg gat um í upphafi, þá þykir mjer það *mjög* miður fara, þegar 7 menn hafa varið mjög miklum hluta af þingtímanum og vinnu sinni í það, að setja sig inn í fjárlögin, að þá skuli þeir ekki standa saman um heildartillögur nefndarinnar, en það er nú einu sinni svo, að ýmsir háttv. nefndarmenn álíta sig ekki bundna við það, en hafa áskilið sjer ágreiningsatkvæði

um ymislegt. Jeg mun nú fyrir mitt leyti ekki greiða atkvæði á móti nefndinni, en eins og er, þá álít jeg mjer hitt heimilt, ef jeg vil sýna einhverri fjárveitingu velvild mína, að gjöra það þá með því, að greiða ekki atkv., þó að nefndin sje því mótfallin.

Guðmundur Hannesson: Jeg gjöri ráð fyrir, að flestum sje nú orðið lítið um það, að lengja umræðurnar, en jeg stend í dálitilli skuld við háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Mig undrar stórum sú fyrirmunun, sem yfir honnm er. Hann lýsti yfir því fyrir skömmu, og get jeg, hvað þetta snertir, skírskotað til allra hjer í deildinni, að jeg fer með rjett mál, að fjárbænir flytti hann engar fyrir kjósendur sína; að eins ætlaði hann að sjá svo um eftir megni, að tekjuhalli yrði ekki í fjárlögunum. Rjett á eftir greiðir hann atkvæði með 39,300 kr. til vitabygginga, sem fjárlaganefnd hafði viljað spara, og 78,000 kr. til brúargjörðar á Jökulsá, sem fjárlaganefndin hafði einnig verið mótfallin. Á þennan hátt gjörir hann sitt til að auka tekjuhallann um nokkuð á annað hundrað þús. kr. Þetta afsakar hann svo á eftir með því, að segja, að ef illa ári, verði brúin ekki gjörð, og auk þess leggi hann til að fella Langadalsveginn. Þessar 14,000 kr., sem áætlaðar voru til hans, áttu að vega á móti vitunum. Þetta athæfi alt þarf ekki frekari skýringar. Það er blátt áfram að segja eitt og gjöra annað. Satt var það, að þetta var ekki fyrir hans kjördæmi, en hafi *það* út af fyrir sig sýnt nokkuð, þá sýndi það það, að hann væri ónýtur fulltrúi fyrir kjördæmið og annað ekki. Og þegar hann er svona þar, þá er ekki von á góðu, þegar hann kemst í ókunn hjeruð, t. d. vestur í Húnavatnssýslu, enda lagði hann þar til málanna ekki annað en rangt eitt. Hann hjelt því fram, að Hamarsá væri svo lítil spræna, að varla mætti væta í henni kött. Jeg ætla nú ekki neitt að fara að pexa um það við hann, en allir háttv. þm. mega nærri því geta, hvort hreppur og hjerað myndi láta sjer svo ant um að brúa ána og kosta til þess 4000 kr., ef svo væri.

Þá var hann að tala um póstleiðina í Húnavatnssýslu, en þekti ekki hvað sú leið var kölluð, sem hann taldi álitlegri en Langadalsveginn. Hann mun hafa átt við Kolugafjall, sem er einhver mesta fannakista á vetrum, fjallvegur, sem í mínum augum er miklu óhentugri. Seinast í ræðu sinni var hann að skamma gömlu bryggjuna á Blönduósi. Það eru vandkvæði á með þá bryggju, því miður, af því að hún var bygð þarna, en þrátt fyrir það má þó segja, að hún hafi enst vonum framar, þótt skemdir vofi alt af yfir henni.

Þá var hann að bregða mjer um, að jeg legði kapp á að krækja í fjárveitingar handa Húnavatnssýslu, 45,000 kr. til flutningabrautar og svo Langadalsveginn, en þar skýst nú þm. illa yfir, því að þar á jeg engan hlut að, heldur hefir stjórnin tekið það alt í frumv. sitt eftir tillögum verkfræðingsins, en hins vegar hefir Húnavatnssýsla setið lengi á hakanum með sína flutningabraut, og ósanngjarnt er það, að láta hana nú gjalda þess, að hún fær flutningabrautina miklu seinna en hin hjeruðin.

Annars hefði honum verið miklu nær að hrósa mjer fyrir það, að kröfur mínar voru ekki $^1/_{10}$ hluti af kröfum sumra annara háttv. þm., en það var alt á eina bókina lært Það voru annaðhvort rangfærslur eða hreinar og beinar fjarstæður, er hann fór með. Þetta er undarlegt frá hans hálfu.

Hvað húsið á Gili snertir, sem hann var að blanda inn í umræðurnar, þá hefi jeg aldrei búist við að hann skilji,

að það kunni að vera engu þýðingarminna fyrir þjóðina, að fá góð húsakynni, eins og hvort stjórnarskráin var samþykt í þetta sinn eða ekki, og að eins vel megi dæma um hvort byggingarlag sje gott eða ekki eftir litlu húsi eins og stóru. Ekkert af þessu skilur hann, og jeg bjóst heldur ekki við því.

En svo jeg víki nú frá þessu óhugðnæma umtalsefni, þá skal jeg geta þess, að jeg hefi því miður ekki getað aflað mjer þeirra upplýsinga um brimbrjótinn í Bolungarvík sem skyldi, og get því lítið um það mál sagt; en vel get jeg skilið það, að fátækum fiskimönuum veitist erfitt að leggja fram til helmings móti landssjóðsstyrknum.

Hvað snertir vörina við Ingólfshöfða, þá er enginn efi á því, að það væri til mikils gagns fyrir sveitina, ef hún gæti komist á, svo að hún yrði nothæf. Jeg heyri að það orkar tvímælis, hvort svo muni geta orðið. Jeg álít að minsta kosti nauðsynlegt, að fjárveitingin sje bundin því skilyrði, að verkfræðingur álíti að verkið geti komið að tilætluðum notum.

Jeg sje að nú er orðið svo áliðið nætur, og vil jeg ekki syndga meira upp á náðina, þó jeg ef til vill hefði gjört það að öðrum kosti.

Benedikt Sveinsson: Jeg á hjer að eins eina brtt., en vildi þó leyfa mjer að minnast á ýmislegt fleira. Jeg skal þá fyrst leyfa mjer að minnast á það nýmæli, að stjórnin skuli úthluta skáldastyrknum. Jeg álít rangt að fá stjórninni einni valdið í hendur í þessum efnum. Það stefnir að því, að ala upp hirðskáld í landinu, eða rjettara sagt stjórnarskáld. Fornskáld vor voru fult eins sjálfstæð og einurðargóð eins og menn gjörast nú á dögum, og þó er hálf leiðinlegt að heyra, hversu miklar loftungur þau gjörðust, þeirra manna, sem auðnum rjeðu og líklegir voru til þess að verða rífir að bragarlaunum. Væri eigi ólíklegt, að sumum færi sem Gunnlaugi ormstungu,— en hann hafði þó til að bíta frá sjer, — sem kvað þetta við konung:

> Muna gramr við mik,
> venr hann gjöfli sik,
> (þess man grepp vara)
> gullhring spara.

Mig uggir, að í þessa átt mundi beygjast krókurinn, og skáldin halda enn síður einurð sinni eftir en áður, þegar þau ætti »bragarlaunin« eða »skáldstyrkinn« að sækja í klær ráðherrans. Jeg hygg, að skáldin myndu óháðari, ef þingið ætti þessu að ráða. Sennilega skaraði hver stjórn eldi að sinni köku, skáldgæðinga sinna og fylgifiska, og gæti þá hæglega orðið áraskifti að því, hversu skáldunum vegnaði, nema þau væru því hjólliðugri að aka seglunum. Jeg held því að gamla fyrirkomulagið sje heppilegast. Fjárlaganefndin hefir nú viljað fara meðalveginn með því að telja þá upp í nefndaráliti sínu, er hún telur að eigi að verða styrksins aðnjótandi, en líklegt er að stjórnin telji sig ekkert bundna við það.

Auk þeirra skálda, sem áður hafa fengið styrk, hefir fjárlaganefnd nú bent á Jóhann Sigurjónsson, sem hún vildi að yrði styrks að njótandi. Jeg hygg, að það sje óþarfi. Jeg var eitt sinn flutningsmaður að því, að honum yrði veittur styrkur, en þá var hann byrjandi og skorti fje og átti erfitt uppdráttar. Nú, þegar hann er frægur orðinn víða um lönd og hefir allmiklar tekjur, þá sje jeg enga nauðsyn til þess bera, enda er þetta fje, sem farið er

fram á honum til handa, svo hlægilega lítið móts við tekjur hans aðrar, að jeg tel það að eins hjegóma.

Þá eru þessar 10000 krónur, sem veita á til húss yfir listaverk Einars Jónssonar. Auðvitað er nauðsyn á einhverju húsi, til þess að geyma í myndirnar, en vandhæfi er á því, hvernig fyrirkomulagið skuli vera. Það er ódýrt að byggja eitt lítið hús fyrir þetta safn út af fyrir sig, enda þurfa Íslendingar á miklu stærra húsi að halda bráðlega, svo að þetta hús þyrfti þá að vera þannig gjört, að hægt væri að stækka það, ef þyrfti, eins og átti að vera um safnahúsið, en jeg veit ekki hvort það er hægt, þegar til kemur. Nú tekur mjög að þrjóta hús handa Náttúrugripasafninu og Þjóðmenjasafninu, enda þrengir Þjóðbókasafnið að, og verður að hafa alt þetta í huga, þegar farið er að kosta fje til nýrrar húsagjörðar, svo að ekki sje sífeldlega verið að reisa til einnar nætur.

Þá skal jeg víkja að þrtt. þeirri, er jeg á sjálfur, um það, að veita Einari Hjaltested 3000 kr. til söngnáms í eitt skifti fyrir öll. Jeg er þakklátur háttv. framsm. (P. J.) fyrir það, að hann tók heldur vel í þessa fjárbeiðni og sömuleiðis þeim háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), sem talaði rækilega fyrir þessu. Gæti jeg að mestu skírskotað til ræðu hans, en vil þó gjöra örlitla grein fyrir þessari fjárbeiðni. Einar Hjaltested fór fyrir nokkrum árum kornungur til Ameríku, og var þá óráðinn í því, hvað hann myndi taka sjer fyrir hendur. En svo vildi til á leiðinni vestur um haf, eitt sinn, er hann var að syngja fyrir fjelaga sína á 3. farrými, að menn, sem voru á 1. farrými, hlustuðu á hann, og urðu svo hrifnir af söng hans, að þeir buðu honum far á 1. farrými endurgjaldslaust, það sem eftir var ferðarinnar. Þetta mun hafa glætt trú hans á sönghæfileikum sínum, svo að þegar er hann kom til Winnipeg, þá fór hann að læra söng hjá prof. Hollner. Við það var hann á 2. ár, styrktur af efnuðum Íslendingi þar í borginni, er dáðist að rödd hans. Prof. Hollner hafði miklar mætur á Einari, en hann hugði sjálfur, að betra myndi fyrir sig að fara víðar, svo að hann tók sig upp og fluttist til Kaupmannahafnar. Þar lærði hann hjá frú Behrend í heilan vetur, en hún undirbýr leikendur og söngmenn við konunglega leikhúsið þar í borginni. Svo kom hann hingað heim, en þá kom ófriðurinn, er dvaldi utanför hans þar til í vor, að hann fór aftur og til New-York. Þar komst hann í kynni við ýmsa þekta listamenn og söng þar í samkvæmum. Þótti mönnum svo mikið til hans koma, að sumir jöfnuðu honum helst við Caruso hinn heimsfræga söngvara, þótt auðvitað sje þar ólíku saman að jafna hvað kunnáttu og leikni í meðferð raddarinnar snertir. Jeg hefi hjer í höndum útdrátt úr brjefum frá ýmsum merkum mönnum þar vestra, og liggja þau til sýnis í lestrarsalnum. En þó að jeg færi að þylja upp hin og þessi nöfn, sem góðkunn eru í heimi listanna í Ameríku, þá erum vjer engir sjerfræðingar í þeirri grein hjer í háttv. deild, og myndi það þá þýða lítið. En Einar Benediktsson, sem gott skyn ber á slíka hluti, sem marga aðra, hefir ritað grein um nafna sinn Hjaltested, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp kafla úr henni, fyrir háttv. deild. Hann hjóðar svo:

»Jeg hefi heyrt Einar Hjaltested syngja alloft, og mjer finst ekki neinn efi vera á því, að hann sje rjett borinn til þess að verða mik-

ill söngvari. — — Það, sem ræður mestu, það sem er dýrmætt af því, að það er ekki eign algengra söngmanna, það á hann til í ríkum mæli. Afl og hæð raddarinnar er á því stigi hjá honum, að ekkert þarf þar til viðbóta annað en það, sem allir geta fengið fyrir peninga. Með venjulegu námi og æfingu mundi E. H. geta komist að söngleikum stórborganna hvar sem væri; það mundi bera á honum alstaðar og hann mundi verða harla mikils verður, ef alt færi vel um skólanám hans.

Til þess ber enn eitt, sem mælir með honum fram yfir mikinn fjölda þeirra, sem gjöra sönglistina að lífsstarfi sínu. Hann er óvenjulega vel gefinn andlega, til þess að skilja sjálfur, og þess vegna líka til þess, að láta aðra skilja það, sem hann syngur. — — Og það er ef til vill markverðast af öllu um E. H., að dómgreind hans og gáfur geta staðið yfir því verki, sem hann á að vinna. Það er auðheyrt, þótt ekki sje nema á einu einföldu lagi, sem hann leikur sjálfur undir, að smekkur hans er ósvikull.« — —

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að slíkt nám, sem þetta, er afar kostnaðarsamt, ef til fullnustu er numið og svo að af beri. 3000 krónur er því eiginlega mjög lítið fje, en er þó betra en enginn stuðningur, þar sem Einar mun jafnframt gjöra sjer von um stuðning frá málsmetandi mönnum í New-York. Hann vonar, að þessi styrkur muni gjöri sjer mögulegt að ljúka námi sínu þar, og þeir, sem vit hafa á, ætla, að hann muni komast í fremstu röð listamanna að loknu námi. Þessi styrkur er því ekki eingöngu í hans þágu, heldur getur hann orðið landi og þjóð til stórsóma. Noregur hefir t. d. orðið mest þektur fyrir skáld sín, listamenn aðra og norðurfara, og þeim mönnum á hann mest að þakka að hann öðlaðist frelsi sitt svo giftusamlega fyrir 10 árum. Jeg man eftir frá þeim tímum, að jeg sá í tímariti ensku myndir af fjórum helstu mönnum þjóðarinnar, en það voru þeir Björnson, Ibsen, Grieg og Nansen, og var það beint tekið þar fram, að þessir fjórir menn hefðu gjört Noreg kunnan út um heiminn. Jeg gjöri mjer þess vegna vonir um það, samkvæmt vitnisburðum þessa efnilega manns, að Ísland muni ekki sjá eftir þessu hlutfallslega litla fje, er hann biður um.

Þá er enn fremur nýr liður um að veita Jóhanni Kristjánssyni 600 króna styrk til rannsóknar á guðspakkafjám. Jeg tel þetta nauðsynjamál, því eins og nú stendur, er mjög óvíst um ýmsa opinbera sjóði, hvar þeir eru niður komnir. Þeir voru stofnaðir svo hundruðum skifti á öldinni sem leið, og eru nú týndir og tröllum gefnir, tugum saman. Það er að vísu skylda stjórnarinnar að garfa í þessu, og það áður en lengra líður, því sjóðirnir geta hæglega týnst með öllu, ef engin skilagrein fæst á því, hvar þeir eru niður komnir. En jeg er hræddur um, að stjórnin gjöri ekki nægilega gangskör að þessu, nema veitt sje eitthvert fje til þess, og maður sá, sem hjer ræðir um, er bæði fróður og eftirrýningasamur, og því hið besta til starfans fallinn.

Jeg get ekki greitt atkvæði með styrknum til Goodtemplarafjelagsins í því skyni, sem fram á er farið af nefndinni. Það er lögreglunnar, að sjá um að bannlögin sjeu haldin, en ekki einstakra fjelaga. Dálítið öðru máli væri að gegna um styrk til bindindisfræðslu. Það er annars undarlegt með svona gamalt fjelag og vel grundvallað, að það skuli vera í sífeldu fjárþroti. Það ætti þó að

geta borið sig hjálparlaust, eins og önnur fjelög, sem þó hafa lakara fyrirkomulag.

Þá er komin fram brtt. á þgskj. 378, um að fella burtu styrk til járnbrautarrannsóknar. Jeg mun greiða atkvæði með þessari tillögu, því að jeg álít að þeim peningum væri á glæ kastað, er til þess gengju. Þetta mál hefir verið rannsakað nokkuð áður, líklega nægilega til þess, að geta fengið nokkra hugmynd um kostnað lagningarinnar, en það er auðvitað mál, að þá er það fjelag kemur hingað, er ætlar að takast járnbrautarlagninguna á hendur, þá mun það sjálft láta gjöra mjög grandgæfilegar mælingar, hvort sem væri, og þessar 18000 kr. kæmu því að engu haldi.

Þá er farið fram á, að 1000 kr. sjeu veittar til heimilisiðnaðar. Þetta er 500 kr. hækkun frá stjórnarfrumv., en mjer finst þetta of lítið. Það var sótt um 2500 kr. og það er sannarlega ekki of mikið, móts við það gagn, sem almenningi getur orðið að góðum leiðbeiningum og kenslu í heimilisiðnaði. Mál þetta er að vísu nýmæli, en engu síður mjög mikils vert. Um það er nýlega komin út ágæt ritgjörð í Skírni eftir Jón Sigurðsson í Ytstafelli, er sýnir mæta vel fram á, hversu nauðsynlegt er að gefa þessu gaum, og það sem fyrst.

Þá vil jeg minnast á eina sparnaðartillögu frá fjárlaganefndinni. Stjórnin hefir ætlað ábúandanum í Hrauntanga 300 kr., til þess að halda uppi bygð á Öxarfjarðarheiði. Fjárlaganefndin vill færa þessa upphæð niður í 100 kr. Þarna er líkt ástatt og með bóndann í Tvískerjum, og eru honum ætlaðar 300 kr. hvort árið. Hrauntangi er nýbýli á miðri heiðinni og var hin mesta þörf á því, þar sem heiðin er svo löng, að tæplega er hægt að komast yfir hana á einum degi að vetrinum, og oft alls eigi. Það getur því oft riðið á lífi manna, að þarna sje bygð eins og háttv. framsm. (P. J.), játaði líka 1913 á Alþingi. Jeg skil ekki hvers vegna fjárlaganefndin hefir viljað gjöra upp á milli þessara tveggja manna, því að býli beggja eru þannig sett, að á hvorugu er búandi nema með svipuðum styrk frá öðrum; en nauðsyn er á því, að bygðin leggist ekki niður. Fjárlaganefndin hefir nú að eins ráðist á bóndann í Hrauntanga, sem þó mun verr staddur. Þá hefir þó stjórnin verið sanngjarnari, því að hún ætlaði báðum jafnt. Þessi maður, ábúandinn í Hrauntanga, er áreiðanlega fátækasti maðurinn, sem fær fjárstyrk í fjárlögum þingsins, og þess vegna væri hart og órjettlátt, að láta sparnaðarhugmynd fjárlaganefndarinnar bitna á honum.

Það var svo á síðasta fjárlagaþingi, að það komst fyrst inn í fjárlagafrumv. að veita 200 kr. hvort árið til þessa búanda. En við eina umræðu hjer í deildinni var þetta *fært til* þannig, að honum voru ætlaðar 300 kr. fyrra árið en 100 kr. síðara árið. Var það gjört með það fyrir augum, að það væri *hentara* fyrir hann að fá meira fje útborgað í einu fyrra árið, til þess að hann gæti fremur bætt hús á bæ sínum. En það var ekki gjört í því skyni, að hann ætti ekki að fá nema 100 kr. á ári framvegis. Jeg man eftir því 1913, að framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) var á því, að 300 kr. mundu jafnvel ekki nægja til þess, að bóndinn gæti haldið uppi bygð á þessum stað. Hefði því fremur verið nauðsyn á, að hækka styrkinn en að lækka hann, og það hefir stjórnin líka álitið. Jeg hygg að nefndinni sje þetta ekkert kappsmál. Og jeg vona að deildin felli þessa tillögu.

Þá kem jeg að næsta liðnum á atkvæðaskránni. Hann er um það, að hækka kaup umsjónarmanns áfengiskaupa. Hann hefir haft 600 kr. á ári, en nefndin vill nú láta hann hafa 900 kr. Auk þess á að veita samkvæmt stjórnarfrumv. 800 kr. hvort árið til annara útgjalda við eftirlitið. Þetta er hægt og vandalítið og því mjög eftirsótt starf, og því engin ástæða til að fara nú að hækka laun við það. Mjer var sagt, að þegar það var veitt, hafi umsækjendur verið milli 20 og 30, og þar á meðal var hr. Kristján Þorgrímsson. *(Pjetur Jónsson:* Er hann sjerstaklega hæfur?) Svo sagði fyrv. ráðherra Kristján Jónsson að minsta kosti. Hann bar honum það vætti, að hann væri manna hæfastur til að gegna þessu starfi. Nú er hr. Kristján Þorgrímsson fús til að taka það að sjer fyrir 600 kr. árskaup, og auk þess býðst hann til að lána hús undir áfengisbyrgðirnar ókeypis. (Hlátur). Þar sem ætlast er til, að eftirlitið kosti alls 1700 kr. á ári eftir tillögum nefndarinnar, en tilboð hæfasta manns liggur fyrir um það, að inna það af hendi fyrir 600 kr. á ári, þá er auðsjeð að hjer má spara nokkur hundruð krónur. Væri það miklu nær, heldur en að leggjast á blásnauðan einyrkja uppi á öræfum, sem er að reyna að halda uppi bygð, vegfarendum til hjálpar.

Fjárveitingin til áveitunnar á Miklavatnsmýri — 13 þús. kr. — sýnist mjer nokkuð hæpin, þar sem áður hefir verið veitt fje til þessa sama fyrirtækis, en það ekki borið neinn árangur.

Það er sagt, að fje þetta skuli ekki koma til útborgunar, nema landsverkfræðingur gefi yfirlýsingu um, að nægilegt vatn fáist á áveitusvæðið. Það er svo að heyra, að það sje æði mikill vandi að sjá það fyrir fram. Raunar vita allir, að nægilegt vatn er í Þjórsá. En annað mál er það, hvort hægt er að koma því á áveitusvæðið. *(Pjetur Jónsson:* Vatnið rennur ofan í móti). Það er ekki ný uppgötvun. Þúsundir króna hafa áður verið lagðar til þessa verks, án þess að það kæmi að nokkru haldi, og vissu menn þó þá þenna eiginleika vatnsins. Það virðist svo, sem einhverjir hálsar sjeu á leiðinni, sem erfitt sje að koma vatninu yfir. *(Pjetur Jónsson:* Nefndin hefir athugað þetta). Fjárlaganefnd hafði líka athugað þetta mál áður en fyrri fjárveitingin var veitt, og sömuleiðis verkfræðingar, og þó hefir samanlögð speki þeirra að engu haldi komið. En jeg hefi enga ástæðu til að halda, að þessi fjárlaganefnd sje athugulli en fjárlaganefndin þá, eða að verkfræðingarnir sjeu nú orðnir miklu vitrari en fyrr.

Sigurður Eggerz: Klukkan er nú orðin æði margt. Jeg sá að einn háttv. þingmaður var sofnaður hjer í deildinni áðan. En úr því að umræðunum er haldið áfram, þá vildi jeg biðja menn að vaka eins vel og þeir geta vakað.

Jeg stend aðallega upp til þess að minnast á brtt. á þgskj. 438, um að 14. liður 16. gr. falli burtu. En sá liður er um 500 kr. fjárveitingu hvort árið til að gefa út landsyfirrjettardóma 1800—1873. Jeg vil gjöra mitt ítrasta til að koma sem bestu samkomulagi á milli beggja þingmanna Árnesinga (S. S. og E. A.). Þeir hafa deilt um þetta atriði. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir borið það á hæstv. ráðherra, að hann hafi farið þess á leit við mig, þegar jeg var ráðherra en hann prófessor við lagadeild Háskólans, að jeg ljeti hann hafa þenna styrk, til þess að gefa sjálfur út dómana.

Mjer er ljúft að styrkja hæstv. ráðherra, þegar jeg get það. Mjer er ljúft að vitna það, að Einar prófessor Arn-

órsson fór aldrei fram á, að hann fengi sjálfur að gefa út þessa dóma. *(Sigurður Sigurðsson:* Það hefi jeg heldur aldrei sagt). Hann skrifaði stjórnarráðinu í vetur, og ljet í ljós, að nauðsynlegt væri að fá dómana út gefna. Jeg leitaði álits justitiariusar við yfirrjettinn á málinu, og hann lýsti því yfir, að hann teldi það í alla staði heppilegt, að þessu væri komið í framkvæmd. Tók jeg þá þetta upp í fjárlögin.

Hæstv. ráðherra lýsti því yfir áðan, að hann mundi vilja fela háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) að sjá um útgáfuna. *(Ráðherra:* Nei; jeg sagðist mundi trúa honum fyrir því, ef hann væri lögfræðingur). Jeg vildi að eins segja það, að ef jeg byggist við því, þá mundi jeg vera býsna deigur að greiða atkvæði með fjárveitingunni. Og segi jeg þetta ekki til þess að gjöra lítið úr háttv. 1. þingm. Árn. Jeg álít það að eins ekki liggja undir hans verkahring.

Þá vildi jeg minnast lítillega á brtt. nefndarinnar um að frk. Laufey Valdimarsdóttir fái námsstyrk, til þess að halda áfram námi sínu við Kaupmannahafnar háskóla. Þar sem þessi vel gefna stúlka getur ekki fengið Garðstyrk, tel jeg sjálfsagt að samþykkja þessa till. Vil jeg mæla eins vel með því og jeg get.

Viðvíkjandi listamannastyrknum vil jeg geta þess, að þegar jeg tók það ráð, að hafa hann í einu lagi í fjárlögunum, eftir bendingu fjárlaganefndarinnar og þingsins í fyrra, þá vakti það fyrir mjer að útvega nefnd, til þess að gjöra tillögur til stjórnarinnar um styrkveitingarnar. Jeg hafði hugsað mjer að gjöra tillögur um slíka nefnd. En þegar jeg ljet af ráðherraembættinu og afhenti núverandi hæstv. ráðherra fjárlagafrumv., hafði jeg ekki áttað mig á, hvernig nefndin skyldi skipuð og henni fyrir komið. Mjer er ljóst, að það er talsverðum vandkvæðum bundið. Ef til vill leyfi jeg mjer að bera fram brtt. snertandi þetta atriði til 3. umræðu. Stjórninni væri það miklu betra, að hafa þess háttar nefnd sjer við hlið, einkum ef í henni ættu sæti þeir menn, sem sjerstaklega hefðu vit á fögrum listum. Því að vel má búast við því, hversu rjettlát sem stjórnin vill vera í þessu efni, að hún fái ákúrur í líka átt, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) gjörði ráð fyrir, að hún gerði menn að stjórnarskáldum o. s. frv. *(Sigurður Sigurðsson:* Þá verður þessu valdi kipt af henni). Það getur verið of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann.

Að því er snertir þá till. nefndarinnar, þar sem hún mælir með ýmsum skáldum og listamönnum, þá vil jeg sjerstaklega taka í sama strenginn og háttv. þingm. Dal. (B. J.), viðvíkjandi Einari Jónssyni myndhöggvara. Nefndin ætlast til, að hann fái 1500 kr. styrk á ári. Jeg verð að líta svo á, að þessi styrkur sje í rauninni alt of lítill. Bæði er það, að þessi listamaður hefir nú gefið landinu mjög stórhöfðinglega gjöf, sem að öllum líkindum verður því til mikillar sæmdar í framtíðinni, og auk þess hefir hann þegar gjört landinu svo mikinn sóma, að það verður ekki til peninga metið. Þó að hann hafi verið svo óheppinn, að geta ekki selt neitt af listaverkum sínum, þá hefir hann samt sem áður hlotið mikinn orðstír, þar sem talað hefir verið um hann og honum hrósað í frægum tímaritum, bæði í Frakklandi, Englandi og víðar. Oss er því skylt að styrkja hann betur en nefndin ætlast til. Og því fremur vil jeg mæla með því, þar sem Einar Jónsson er sjerstaklega óframfærinn að útvega sjer styrk. Hann er svo skapi farinn, að hann vill heldur svelta en biðja um hjálp.

Jeg þykist ekki hafa gjört mikið að því, að segja frá einkamálum manna, sem jeg fjekk vitneskju um í stjórnartíð minni, en jeg get þó ekki látið vera að skýra frá nokkru, sem fór á milli mín og Einars Jónssonar. — Eins og menn muna, voru 2000 kr. veittar í núgildandi fjárlögum, til þess að kaupa fyrir listaverk af íslenskum listamönnum. Jeg áleit rjett, að kaupa fyrir alla upphæðina af Einari Jónssyni. Kallaði jeg hann á minn fund og skýrði honum frá því. Þakkaði hann mjer fyrir. En næsta dag kemur hann til mín og segir: Er þetta rjett? Eru ekki einhverjir aðrir, sem eins mikla þörf hafa á að selja verk sín og jeg? Á ekki heldur að skifta styrknum? — Jeg segi þetta til dæmis um það, hvað maðurinn er ákaflega óeigingjarn. (*Sigurður Sigurðsson:* Það er satt). Svo óeigingjarn, að jeg hefi aldrei þekt annað eins.

Jeg vænti að háttv. deild, þegar hún hefir skoðað málið frá öllum hliðum, mæli með því, að þessum listamanni verði veitt svo mikil árleg laun, að hann geti lifað af þeim. Væri vel, ef hann þyrfti nú ekki lengur að búa við jafnerfið kjör og hann hefir átt við að búa í Kaupmannahöfn í langan aldur.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) mintist á, að ekki væri ástæða til að veita Jóhanni skáldi Sigurjónssyni styrk, þar sem hann væri nú orðinn frægur maður og hefði nóg fje til umráða. Það er satt, að Jóhann Sigurjónsson er mjög frægur orðinn, svo frægur, að ekkert skáld er til í Danmörku nú, sem honum er jafnfrægt. En hitt er jafnvíst, að tekjur hans eru ekki miklar; þær eru þvert á móti alveg ótrúlega litlar. Auk þess hafa þær minkað mikið nú upp á síðkastið, vegna ófriðarins. Þegar jeg var í Kaupmannahöfn síðast, átti jeg tal við hann um þetta atriði. Vegna ófriðarins hefir ekkert orðið úr því, að ýms leikhús stórborga álfunnar keyptu leikrit hans, sem þau annars hefðu gjört. Ísland hefir þegar hlotið stórsóma af þessum manni. Og jeg, sem þekki hann, er sannfærður um, að þó að hann hafi nú skrifað þau verk, sem hafa gjört hann stórfrægan, þá eigi hann þó eftir að skrifa verk, sem gjöra hann enn frægari.

Þá er hjer brtt. á þgskj. 416 um 3000 kr. hvort árið til dr. Guðm. Finnbogasonar, til þess að endurbæta vinnubrögð í landinu. Það voru hjer langar umræður um þetta mál í dag — eða í gær, sem nú má segja. Er því síst ástæða til að fjölyrða mikið um það nú. Jeg vildi þó geta þess, að jeg ber nokkurn kvíðboga fyrir því, að þó að þessi styrkur væri veittur þessum vísindamanni, og góða manni, þá gæti hann varla orðið honum til mikils gagns. Þó að gengið væri út frá því, að þessi vinnuvísindi væru þannig, að þau gætu orðið að stórmiklu gagni hjer á landi, þá er tíminn svo stuttur, sem doktornum er ætlaður til tilraunanna, að hann getur ekki, þess vegna, sýnt og sannað að svo sje. Til þess að rannsaka annað eins mál, þarf miklu lengri tíma. Auk þess geng jeg út frá því, að ef nokkur veruleg alvara á að vera í þessum rannsóknum, þá þurfi doktorinn að hafa fjölda manns, til þess að gjöra tilraunir með. Það er óhugsandi, að rannsóknirnar verði að nokkru gagni, nema hann hafi tækifæri til að gjöra hvað eftir annað rannsóknir á sömu mönnunum. Nú skulum við gjöra ráð fyrir, að hann fái flokk manna hjá landsverkfræðingnum, til þess að gjöra tilraunir með. Segjum svo, að hann veldi úr þeim flokki verklagnasta manninn. Þá analyserar hann öll hans handtök, en þegar það hefir verið gjört, þá þarf, til þess að fá enn betri árangur, að fella burtu öll ópörf handtök. Mjer skilst nú,

að til þess að gjöra þessar tilraunir, nægi ekki að hafa heimspeking einan, sem analyserar, heldur þurfi einnig að hafa verkfróðan mann og praktiskan, til þess að sjá óþörfu handtökin. Enda mun það vera svo, að í Ameríku, þar sem þessar tilraunir hafa verið gjörðar, hafa ekki eingöngu fengist við þær heimspekingar, heldur einnig praktiskir menn og verkfróðir. Jeg held sem sagt, að þessi styrkur, eins og honum er fyrir komið, verði aldrei að því gagni, sem er tilætlun og vilji þessa góða manns. Jeg mun því greiða atkvæði á móti þessari tillögu. En jafnframt vil jeg taka það fram hjer í deildinni, að enginn má skilja mitt nei svo, að jeg vantreysti svo mjög þessum góða og mikilsvirta heimspekingi. Allra manna best gæti jeg unnað honum þess, að hann hefði tækifæri til að leggja stund á námsgrein sína, heimspekina. En þegar á að fara að draga heimspekina inn í þessa grein, sem hjer er um að ræða, þá er jeg hræddur um, að það verði, því miður, ekki að þeim notum, sem ýmsir ef til vill ímynda sjer nú.

Brtt. á þgskj. 338 við 29. lið 15. gr., um að hækka styrkinn til dr. Helga Pjeturss., get jeg eftir atvikum mælt með.

Brtt. á þgskj. 338 um 1000 kr. styrk til Goodtemplarareglunnar hefir sætt andmælum. Þau andmæli hafa ekki verið á rökum bygð. Jeg lít svo á, að Templarareglan hafi unnið mikið og gott verk fyrir þetta land. Og jeg skoða þenna styrk sem lítilsháttar umbunun fyrir þau verk. Þó að í nefndarálitinu standi, að hún eigi að fá styrkinn til þess að vernda bannlögin, þá ber það vitanlega ekki að skilja svo bókstaflega, að hún eigi að fara að blanda sjer í starf lögreglunnar, heldur er hitt auðsjáanlega meiningin, að hún á að skapa betri opinion fyrir bannlögunum en nú er.

Eins og kunnugt er, liggur aðalhættan fyrir bannlögin ekki í því, hvernig þau eru sniðin í sjálfu sjer, heldur einkanlega í því, að margir þeirra manna, er standa í efstu tröppum mannfjelagsins, hafa snúist á móti þessum lögum. Þeir skapa »móðinn«, en þeir, sem eru enn þá lítilsigldari, fara í kjölfarið.

Hjer liggur fyrir tillaga um það, að styrkurinn til búnaðarfjelaga verði látinn halda sjer óbreyttur. Jeg hlýt að mæla með þessari tillögu. Jeg verð að líta svo á, að þessi fjelög hafi gjört það gagn, að fje til þeirra sje vel varið. Út um land er mjer kunnugt um, að menn hafa sett allmikið traust til þessa styrks. Háttv. fjárlaganefnd hefir lagt það til, að hann væri feldur burtu. Jeg get ekki fallist á það. Það mundi vekja óánægju um alt land, ef þessi styrkur, sem hefir verið lyftistöng undir margar og mikilsverðar framfarir í landinu, yrði nú alt í einu afnuminn, öllum að óvörum. Vitanlega er gott að spara — og jeg er sjálfur sparnaðarmaður — en það er hrein og bein eyðslusemi að spara styrk til jafn þarflegra stofnana og búnaðarfjelaganna. Jeg gjöri ráð fyrir, að jeg þurfi ekki að mæla betur fyrir þessari tillögu, en jeg nú hefi gjört. Jeg vænti þess fastlega, að hún verði samþykt.

Um styrkinn til Miklavatnsáveitunnar hefir verið talsvert rætt. Jeg er því meðmæltur, að brtt. sú, er að honum lýtur, verði samþykt. Enda þótt eitthvað hafi mishepnast við fyrirtækið í fyrstu, þá getur slíkt komið fyrir á bestu heimilum, og það tjáir ekki að kippa að sjer hendinni þegar byrjað er á fyrirtækinu. Það verður að veita nægilegt fje til þess, að það geti orðið að tilætluðum notum.

Þá er hjer tillaga um fjárveitingu til áframhalds brimbrjótsins í Bolungarvík. Strax og þetta mál var borið fram hjer

á þinginu, þá skildist mjer það, að hjer væri um fyrirtæki að ræða, sem þinginu væri skylt að styðja. Háttv. nefnd hefir sett það sem skilyrði fyrir fjárveitingunni, að hjeraðið leggi fram jafn mikið fje og landssjóður. En þetta skilyrði gæti orðið til þess, að fyrirtækinu yrði siglt í strand. Það er ekki hægt að búast við því, að fátækir sjómenn geti lagt svo mikið fje af mörkum. Jeg mun því greiða atkvæði með tillögu þeirri, er fer fram á það, að fjeð verði veitt skilyrðislaust, enda sje jeg það líka í frv. stjórnarinnar, að hún hefir lagt það til.

Þá er brtt. á þgskj. 338, er fer fram á 5000 kr. fjárveitingu til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða. Jeg vil eindregið mæla með þessari brtt. Jeg er kunnugur staðháttum þar eystra. Örævin liggja milli Breiðamerkur- og Skeiðarársands, og að þeim liggja ill vötn yfirferðar og oft ófær. Kæmi þessi vör við Ingólfshöfða, þá mundi það geta ljett ákaflega mikið alla aðflutninga.

Jafnframt ber þess að gæta, að fiskisælustu mið landsins liggja þarna fyrir landi, og væri það ekki lítill fengur fyrir sveitirnar, að geta stundað fiskveiðar þar. Jeg tel þessa brtt. eina af hinum allra sjálfsögðustu.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) hefir oft minst á Jökulsárbrúna. Jeg ætla mjer ekki að fara að blanda mjer í öll ónotin, sem farið hafa á milli hans og háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Þau eru mjer óviðkomandi. En mig tekur það sárt, að háttv. þm. (G. H.) skuli alt af vera að smásenda hnútur í þetta mikla mannvirki, sem jeg er sannfærður um að verður þinginu til mikils sóma, ef það nær fram að ganga nú. Það gæfi fjárlögunum miklu meiri svip en ella. Og jeg lít svo á, að það ætti að vera hugsjón hvers þings, að skapa á hverju fjárhágstímabili eitthvert mannvirki, er stæði lengi sem vottur um vaxandi menningu. Þegar menn ríða austur um sveitir, hvað er það þá, sem þeir helst reka augun í? Það eru brýrnar á Ölfusá og Þjórsá. Og jeg er viss um það, að líti háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) á fortíðina og beri hana saman við nútímann, þá kannast hann við, að þessi mannvirki, Ölfusár- og Þjórsárbrú, sjeu einn af ríkustu vottum um vaxandi menningu í landinu. Jeg tel óþarfa að fara frekari orðum um þetta mál nú. Það er svo margsýnt fram á nauðsynina til verksins, og þau rök standa enn óhrakin.

Að því er snertir fjárveitinguna til rannsóknar á járnbrautarsvæðinu austur um sýslur, þá skal jeg játa það, að jeg býst við, að sú komi tíðin, að þessi járnbraut verði lögð. En þegar jeg lít á allar horfur nú, þá gjöri jeg ekki ráð fyrir, að hægt verði að leggja hana fyrstu árin. Þess vegna virðist mjer óþarft að veita þetta fje að þessu sinni. Aftur á móti finst mjer það eðlilegt og sjálfsagt, að haldið sje áfram snjómælingum á þessum stöðvum á hverjum vetri, svo að fáist sem glegst vitneskja um það, hvar snjóþyngslin sjeu mest, og þetta kostar heldur ekki mikið fje. En að öðru leyti gjöri jeg ráð fyrir því, að ófriðurinn valdi því, að við getum ekki hugsað til þess, að koma þessu fyrirtæki í verk á næstu árum.

Jeg hefi þá athugað helstu brtt., sem fyrir liggja, og hefi reynt að vera eins stuttorður og mjer var unt, en væntanlega gefst mjer kostur á að bæta það upp næst er jeg tek til máls.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg býst við því, að þeir háttv. þm., sem talað hafa, sjeu búnir að vinna upp alla þolinmæði háttv. deildar. Þeir hafa

nú, hver eftir annan, haldið sannnefndar framsögurædur. Jeg get því víst ekki bygt á mikilli þolinmæði manna, til þess að hlusta á röksemdir nefndarinnar. Það hefir reynst svo, að menn hafa verið allókyrrir í sætum sínum, þegar aðrir en þeir sjálfir hafa verið að halda ræðu.

Ætlun nefndarinnar var sú, að vinna starf sitt á eins stuttum tíma og unt væri, með því þó að ganga sæmilega frá fjárlögunum. Hún vildi ekki að þingið þyrfti fyrir hennar seinleika að tefjast lengi, eða verða kostnaðarsamara en brýn þörf krefði. Þetta var beinlínis sparnaðaratriði hjá nefndinni. Aftur á móti virðist ekkert slíkt hafa vakað fyrir sumum þingmönnum, því að þeir hafa beinlínis tafið málið með meðferð sinni og löngum ræðum. Öll sú vinna, er jeg hefi lagt á mig sem skrifari nefndarinnar, til þess að flýta fjárlögunum, er því unnin fyrir gíg.

Jeg kemst ekki hjá því, að minnast á ræðu hæstv. ráðherra og þakka honum fyrir, hvernig hann hefir metið viðleitni nefndarinnar og tekið í tillögur hennar. Hann hafði ekki mikið út á þær að setja. Það voru að eins nokkur smáatriði, sem á milli bar. Jeg fer fljótt yfir sögu, og vona, að menn vorkenni það, þar sem áliðið er orðið. Hæstv. ráðherra fann að því, að nefndin hafði fært niður styrkinn til afskrifta og ljósmyndunar fornskjala. En svo stóð á því, að nefndin vissi ekki, hvernig þessu starfi væri varið, hvort í raun veru væri unnið fyrir styrknum, hvað valið væri til afskriftar, hvort það væri tekið »holt og bolt«, eða að eins þau skjöl, er mest væri um vert. Um þetta lá engin skýrsla fyrir, og því færði nefndin fjárveitinguna niður. Þá mintist hann á styrkinn til útgáfu dómasafnsins, er nefndin leggur til, að feldur verði burtu. Jeg skal fúslega kannast við það, að fyrir nefndinni er þetta bara hreint sparnaðaratriði. Það er fjarri því, að hún sje á móti þessum styrk, í sjálfu sjer; hún álítur verkið nauðsynjaverk, en eitt af þeim, er spara mætti að þessu sinni.

Þá mintist hann á sundurgreining nefndarinnar á listamannastyrknum. Nefndin talaði aldrei um það, sín á milli, hvort skoða ætti tillögu hennar um sundurliðun alveg bindandi, svo stjórnin mætti hvorki hafa upphæðirnar hærri nje lægri, en jeg heyri það nú á háttv. nefndarmönnum, er talað hafa, að skoðanir þeirra eru skiftar um þetta atriði. Jeg get því ekki svarað fyrirspurn hv. ráðherra. En á upphæðunum virðist mjer það sjást, að ekki hafi verið tilætlunin, að færa styrki til einstakra listamanna mikið upp, en nefndin hafi viljað tryggja það, að þessir menn, er hún nefnir, gætu treyst því að hljóta ekki minni styrk, en í álitinu getur.

Jeg vona, að hæstv. ráðherra líti hlýlegri augum á styrkinn til samvinnufjelaganna, þegar hann hefir athugað málið. Samvinnufjelaga hreyfingin, og þá einkum kaupfjelaganna, er merkilegasta hreyfingin á þessu landi í umbótum á verslun, og hefir komið meiru til leiðar, beint og óbeint, til umbóta versluninni, en nokkuð annað, síðan verslunarfrelsið komst á. Jeg get því ekki annað sjeð, en það sje sjálfsagt að veita þennan litla styrk, þó ekki væri nema í viðurkenningarskyni. Og hæstv. ráðherra ætti að þekkja skaplyndi mitt svo vel, að hann vissi það, að jeg myndi ekki halda þessu máli svo mjög fram, ef hjer væri um eitthvert »humbug« að ræða, sem vel mætti bíða.

Þá vjek hann að styrknum til Heimilisiðnaðarfjelagsins, en því hefir þegar verið svarað, svo að jeg get gengið fram hjá því.

Þá hafa nokkrir háttv. þm. minst á styrkinn til búnaðarfjelaganna. Eins og jeg hefi þegar tekið fram, þá má ekki skoða brtt. nefndarinnar öðru vísi en bráðabirgðaráðstöfun. Margir háttv. þm. hafa mælt á móti þessari brtt. En hugsun okkar var sú, að það væri ekki ósanngjarnt að nema styrkinn burtu þetta fjárhagstímabil, þar sem ágætt ár hefir verið fyrir bændur, en enginn skattur hefir verið lagður á gróða þann, er þeir hafa fengið vegna verðhækkunar þeirrar á afurðunum, sem orsakast hefir af Norðurálfuófriðnum. Og það var von mín, að bændur mundu ganga að þessu þegjandi og sjá sóma sinn í því að gefa þetta eftir nú, er þeir líta á þörfina á því að treysta fjárhaginn. Jeg áleit þetta heppilega tilraun í þá átt, hvernig sem niðurstaðan nú verður, er til atkvæða kemur. Jeg tel það of lítið að nema styrkinn að eins burtu annað árið, og mun því greiða atkvæði á móti brtt. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.).

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) hefir minst á við mig utan fundar og mælst til þess, að nefndin legði ekki á móti styrknum til Blönduósbryggjunnar. Ef Húnvetningar vildu vinna það til, að burt væri numinn styrkurinn til Langadalsvegarins annað árið og því fje, er sparaðist við það, yrði varið til bryggjunnar, þá gæti þetta komið til mála. Jeg hefi ekki átt kost á að ræða slíkt við nefndina, en býst við, að hún gjöri þetta ekki að neinu kappsmáli. Fyrir sjálfan mig get jeg lofað því, að greiða ekki atkvæði á móti bryggjunni í þetta sinn.

Þá verð jeg að minnast nokkuð á brimbrjótinn í Bolungarvík. Margir hv. þm. hafa látið þá skoðun í ljós, að veita ætti fjeð til. verksins skilyrðislaust. Jeg verð að álíta þetta hið mesta glapræði.

Það hefir verið fært til, að hreppurinn geti ekki lagt þetta fje á móti. En hvað gjörir sýslan? Þetta er uppgripasýsla. Eða hvaða sönnun er það fyrir nytsemi fyrirtækisins, að sýslan vill að eins leggja fram 2000 kr. til verksins? Sýslumaðurinn sendi nefndinni brjef, sem er, segi og skrifa, þrjár línur! Hvaða áhuga lýsir þetta á fyrirtækinu? Jeg verð að álíta, að þetta fyrirtæki sje heimskulega stofnað, svo framarlega sem sýslan og hreppurinn treystir sjer ekki til að leggja fram fje til jafns, að minsta kosti, við landsjóð. Jeg vil taka til samanburðar veginn hjerna suður Hraunin til Keflavíkur. Til þess vegar hafa verið lagðar, eftir því sem mig minnir, 70—80 þús. kr. úr landsjóði og sömu upphæð hefir sýslan lagt fram, og sje jeg ekki, að í meira sje ráðist, þótt til þessa brimbrjóts komi frá sýslunni og hreppnum helmingur kostnaðarins, heldur þvert á móti Af vegi þessum eru engar beinar tekjur, en lendingar geta gefið beinar tekjur.

Háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.) talaði um bryggjuna í Reyðarfirði. Hjer er ekki neitt að að finna. Það hefir verið tekið fram, að þar sem nefndin hefir lagt til, að veita meiri styrk að tiltölu en venja er til, þá er það eingöngu bygt á því, að landssjóður á landið í kring, svo að líklegt er, að það muni hækka í verði við þetta.

Jeg ætla að enda á smámáli, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. S.) hefir hreyft, sem sje styrk til bóndans í Hrauntanga. Hann er ekki máli þessu kunnugri en jeg, og getur því ekki frekar um það borið. Í núgildandi fjárlögum er þessi styrkur 300 kr. f. á., en 100 kr. s. á. Styrkurinn var hafður hærri f. á. til þess, að ábúandinn gæti bætt húsakynni sín og hýst ferðamenn. Þetta hefir verið gjört undir umsjón sýslumanns. En hinn árlegi styrkur var ætlaður 100 kr., og verð jeg að álíta það sæmilegan styrk, með því að veg-

urinn er alls ekki fjölfarinn. Nefndin gjörir þetta þó ekki að kappsmáli, en lítur svo á, að það muni hafa verið af vangæslu, er stjórnin setti þenna lið 300 kr. hvort árið.

Jeg ætla ekki að tala meira í þetta sinn, þótt skrifað hafi jeg niður athugasemdir um margt, sem fram hefir komið í umræðunum, og tel heppilegast, að svara með þögninni.

Ráðherra: Það er aðallega vegna einnar tillögu frá mjer, að jeg stend aftur upp; jeg á við brtt. á þgskj. 497, um 2500 kr. styrk til rannsóknar á Flóaáveitunni. Vildi jeg gjarna, að háttv. framsm. (P. J.) hlustaði á mál mitt.

Svo er mál með vexti, að nýlega var borin upp hjer í deildinni tillaga til þingsályktunar frá allri landbúnaðarnefndinni um heimild til stjórnarinnar að verja alt að 2500 kr. í þessu skyni. Þessi tillaga var samþykt hjer með nafnakalli og fjekk þau afdrif, sem merkileg mega teljast í þingsögunni, að ekkert neikvæði var við henni goldið. Þessi tillaga var einnig samþykt í Ed. með 11 atkv. samhlj.

Nú getur stjórnin ekki talið það formlega fjárveiting, sem að eins er heimild fyrir í þingsályktunartillögu, þótt vitanlega mætti verja það, að nota heimildina og færa upphæðina síðar til útgjalda í fjáraukalögum. Þess vegna hefi jeg talið rjett, að þessi upphæð verði tekin inn í fjárlögin, alveg eins og aðrar fjárveitingar, sem ekki er heimild fyrir í sjerstökum lögum. Vona jeg, að háttv. deild skilji, að þetta er alveg sjálfsagt.

Menn hafa ekki verið á sama máli sem jeg um fjárveiting til Heimilisiðnaðarfjelagsins. Ef til vill kennir hjer misskilnings, og vera má, að jeg eigi einhverja sök á því. Það er ekki tilgangur minn að mæla »principielt« á móti þessum styrk, en það, sem jeg átti við, var það, að þessi iðnaður mundi ekki rekinn á sem hagkvæmastan hátt. Jeg játa, að það gæti haft töluverða þýðingu, ef heimilisiðnaður ykist í landinu; með því mundu menn venjast nokkuð af iðjuleysi, dálitlar tekjur mundu skapast við það og lítilsháttar skemtun mundu menn hafa af því, að dútla við þessi verk. En jeg hverf ekki frá því, að þessum heimilisiðnaði sje líkt farið og húsmæðrafræðslunni í kaupstöðunum. Sannleikurinn er sá, að eins og nú er, þá er þessi iðnaður meir í orði en á borði. Menn eru látnir fitla við fínan vefnað, salonsvefnað og spjaldvefnað og þess konar, en óneitanlega væri meira um það vert, ef gaumur væri gefinn að vaðmálsvefnaði og einskeftu og öðru slíku, sem til nytja má vera, eins og prjónlesi alls konar. Því hefir verið skotið að mjer, hvort kent mundi þar að prjóna. Jeg get ekki svarað, því að jeg veit það ekki. Jeg hefi lesið skýrslur fjelagsins og verð að byggja á þeim. Ef fjelagið væri dálítið hagsýnna en jeg held að það sje, þá skyldi jeg sístur manna verða til að hamla því, að það fengi einhvern styrk. Jeg sje líka, að eitthvað er þar fengist við smíðar, en mjög mun það vera óhagkvæmt. Jeg sje, að eitthvað hefir verið gjört að því að smíða hrífur, en það get jeg ekki talið hagsýni að eyða heilum dögum í að tálga eða hefla eina spýtu. Hjer mun vera líkt á komið og í barnaskólunum og latínuskólanum, sem nú má þó ekki lengur svo heita, heldur almennur mentaskóli; áherslan aðallega lögð á það, sem fínt er, alveg eins og í matreiðsluskólunum, þar sem húsmæðrunum er kent að búa til »fromagebudding« og annað þess háttar, í stað þess að búa til almennan íslenskan mat,

sem tiðkast til sjávar og sveita, kunni að elda ósangan graut og annað slíkt.

Jeg skal ekki fara út í járnbrautarmálið nú, enda er háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) farinn af fundi, og vil jeg ekki neitt til hans tala um það mál, fyrst hann er ekki viðstaddur. En ekki kæmi mjer það á óvart, þótt svo gæti farið, að líkt reyndist um þessa áætlun hans og um áætlunina um símana forðum í nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar Nd. 1905; þar var tekjuhalli af símanum áætlaður af háttv. 1. þm. G. K. (B. K.) 137 þús. kr., en nú nemur tekjuafgangurinn af símanum ekki einungis þeirri upphæð, 137 þús. kr., heldur jafnvel nokkru meira.

Þetta járnbrautarmál er meira og minna trúmál, og miðast því við hverja trú menn hafa á landinu og gæðum þess. Þótt gefið væri í byrjun eitthvert tap á járnbrautinni reikningslega sjeð, þá myndi það samt ekki fæla mig frá að styðja það fyrirtæki. Jeg veit ekki betur en að ef gjört er upp reikningslega, þá sje tap á hverjum vegarspotta, sem lagður hefir verið, en samt játa allir, að hinn óbeini arður, sem ekki verður færður til reiknings, vegi margfaldlega upp þetta tap.

Þá sný jeg mjer að skáldunum. Háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) sagði, að það gæti verið hættulegt, að stjórnin úthlutaði styrknum, því að með því mundu skáldin verða loftungur stjórnarinnar; þar á móti mundi þeirrar hættu ekki gæta, ef þingið úthlutaði fjenu. En má jeg spyrja: Veltur ekki líka á ýmsu í þinginu? Mun ekki vera hægt að nefna dæmi þess, að skáldastyrkirnir hafi hjer verið komnir undir pólitískum veðrabrigðum? Það er víst, að þingið eða meiri hluti þess hefir í flokkaæsingu beint reynt til þess að útiloka frá styrk þau skáld, sem ekki hafa sungið meiri hluta þingsins lof í það og það sinn. Annars er það undarlegt, að þessi orð skuli koma frá háttv. þm. N.-Þing. (B. S.), manni, sem eitt sinn hefir borið fram þá tillögu hjer á þingi, að allir skáldastyrkir skyldu afnumnir, þótt einn stæði hann uppi þá. Háttv. þm. (B. S.) mintist á eitt af vorum góðu skáldum, Jóhann Sigurjónsson, og mundi jeg síst hafa búist við þeim orðum frá honum, sem hann ljet þar um mælt. Ekki svo að skilja, að háttv. þm. vildi í nokkuru draga af sóma Jóhanns sem skálds, en hann taldi gjörsamlega óþarft að veita Jóhanni styrk hjeðan, með því að hann mundi hafa ærnar tekjur af leikritum sínum. Þessi orð hljóta að vera sprottin af ókunnugleika. Fyrst farið er að draga nöfn manna inn í umræðurnar, er mjer óhætt að geta þess, að mjer er kunnugt um, að fjárhagur Jóhanns er ekki góður nú sem stendur, svo að honum mundi þökk á því, að Alþingi sýndi honum nokkurn sóma, sem kæmi þá fram í peningalegu formi. Styrjöldin veldur því, að hann fær nú miklu minna fyrir leikrit sín en ella mundi. Leikhúsið Volks freie Bühne í Berlín greiðir honum nálega sömu upphæð sem Leikfjelag Reykjavíkur, og vita allir, að enginn verður feitur af því gjaldi. Mjer skildist svo á Jóhanni, þegar eg hitti hann í vor, að honum væri þægð í því, að Alþingi sýndi honum sóma á þennan hátt, enda er hann nú af kappi að vinna að leikriti úr einni af vorum bestu sögum, og býst jeg við, að honum þætti nokkuð undir því komið, að fá að njóta styrks þann tíma, sem hann hefir það leikrit í smíðum. Það er ekki síður sómi oss að styrkja þennan mann en honum að þiggja. Vjer verðum að gæta þess, að hann er nú að verða einn af vorum kunnustu mönnum erlendis, og rit hans hafa hlotið lof mikið af hinum helstu listdómurum og eru nú lesin um Þýskaland, England, Ameríku og Ítalíu, auk Norðurlanda.

Þetta hefi jeg sjeð í úrklippum ýmsra blaða, þar sem getið er rita Jóhanns, Fjalla-Eyvindar, Bóndans á Hrauni o. fl.

Um Einar Jónsson höggmyndasmið er ekki mikill ágreiningur. Allir virðast vera á einu máli um það, að hann sje góðs verður, og betur en vjer getum látið í tje. Um húsið yfir listaverk hans skal jeg geta þess, að jeg hefi hugsað mjer að það væri haft svo, að það gæti orðið stofn í stærra hús. Jeg er því miður ekki húsasmíðafróður, en tel sjálfsagt, að fenginn yrði uppdráttur og áætlun um húsið með það fyrir augum, að aukið yrði við.

Það er rjett hjá háttv. þm. N.-Þing. (B. S.), að söfnin eru að sprengja af sjer Safnahúsið. Ef nú stjórninni er veitt heimild til þess að kaupa Landsbankarústirnar, væri athugandi, hvort ekki mætti endurbæta þær svo, að flytja mætti þangað eitthvað af söfnunum. Annars hefi jeg heyrt, að Safnahúsið væri svo úr garði gjört, að auka mætti við það.

Jeg er sammála háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) um styrkinn til Stórstúkunnar. En jeg mundi vilja orða liðinn öðru vísi en fjárlaganefndin, þannig, að svo væri látið heita, að styrkurinn væri ætlaður til eflingar bindindi, eða eitthvað á þá leið. En við það kann jeg ekki, að styrkurinn sje ætlaður til þess að halda uppi bannlögunum, því að það heyrir undir löggæsluna, sýslumenn og bæjarfógeta. Þar á móti er styrkurinn vel fallinn til þess, að halda uppi bindindisfræðslu og bindindisáhuga. Það er svo um bannlögin, að þau hafa að vissu leyti hvatt til mótspyrnu gegn sjálfum sjer, og sumum þykir jafnvel fremd í að brjóta þessi lög. En þótt menn sjeu á móti lögunum, liggur við drengskapur þeirra og sjálfsögð borgaraskylda að brjóta þau ekki, á meðan þau haldast. Hitt er annað mál, að þeir, sem eru á móti lögunum, hafa fullan rjett til þess að sannfæra menn um það, að lögin sjeu ekki haldkvæm.

Um Miklavatnsmýri þarf jeg ekki að tala langt, því að sá fjárveitingarliður hefir ekki sætt miklum andmælum.

Jeg er þakklátur háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) fyrir undirtektir hans undir lánsheimildina til Skeiðaáveitunnar. Fjárlaganefnd hefir tekið þá heimild upp, og vona jeg, að háttv. deild taki vel í það mál, því að hjer er ekki um gjöf að ræða, heldur lán á ábyrgð sýslufjelagsins, og á að endurgreiðast með venjulegum hætti. Málið er að öllu undirbúið, og hlutaðeigandi hreppsfjelag og sýslufjelag útvega það fje, sem á vantar.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) mintist á styrk til skálda og listamanna, og talaði um að láta nefnd manna úthluta þessum styrk.

Jeg er hræddur um, að erfitt verði að koma þessu vel fyrir. Skáldin, sem manna best hafa vit á málinu, eru sjálf ofmikið við málin riðin, til þess að hægt verði að fela þeim að úthluta styrknum. Jeg játa hins vegar, að þessi nefnd væri vel fallin til að taka skellinn af stjórninni, og mjer er sannarlega ekki áhugamál, að stjórninni sje falið að úthluta þessum styrk. Það er auðvitað vandalítið að úthluta styrknum, ef þingið er fyrir fram búið að ákveða, hverjir eigi að fá hann. En hitt er vandameira, ef mismunandi skoðanir koma fram í fjárlaganefndum efri og neðri deildar. Þá get jeg ekki sjeð annað en stjórnin hljóti að vera óbundin.

Þá skal jeg nefna skyrkveitinguna til þess að afrita skjöl í útlendum söfnum.

Mjer þykir það mjög eðlilegt, að fjárlaganefndin hefir ekki gjört sjer glögga grein fyrir þessum styrk. Það hefir áður verið veittur styrkur í sama augnamiði. Það er sami maðurinn, sem unnið hefir

alt verkið fyrir bæði söfnin, Skjalasafnið og Landsbókasafnið. Þessi maður hefir unnið fyrir víst kaup um tímann. Það, sem hann hefir unnið fyrir Landsbókasafnið, hefir verið greitt hjá Dr. Finni Jónssyni, en útborgun á hinu hefir Jón Krabbe skrifstofustjóri annast, og ekkert hefir verið útborgað, nema samkvæmt vottorðum. Það hefir verið haft ríkt eftirlit með því, að ekki væri borgað fyrir meira en unnið væri, og hið sama verður gjört framvegis, ef fjárveitingin fæst.

Landsskjalavörður ræður, hvað afritað er fyrir Landsskjalasafnið, en landsbókavörður, hvað afritað er fyrir Landsbókasafnið. Tryggar verður því ekki fyrir komið.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Það var að eins örstutt athugasemd út af ræðu hæstv. ráðherra og orðum hans viðvíkjandi Stórstúkunni. Það, sem sagt er í nefndarálitinu um þenna styrk, er þetta:

> »Stórstúka Goodtempara sótti um 2000 kr. styrk hvort árið, til þess að styðja að því, að bannlögin sjeu haldin, og að fyrirbyggja með öllu heiðarlegu móti, að þau verði afnumin. Meiri hluti nefndarinnar vill sinna beiðni þessari að nokkru, og leggur nefndin því til að 1000 kr. sjeu veittar hvort árið«.

Á þessum orðum sjest, að í nefndarálitinu eru eigi færðar ástæður frá nefndinni fyrir styrk þessum, heldur að eins úr umsókninni.

Jeg skal játa það, að ágreiningur varð um það í nefndinni, hvort þetta skyldi veita ellegar ekki, en aðalmeðmælandi var háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) en ekki jeg, og veit jeg því ekki nákvæmlega um tilgang meiri hluta nefndarinnar.

Þá er Miklavatnsáveitan, sem jeg vildi minnast lítillega á. Jeg mundi ekki áðan, að tillagan var komin frá stjórninni en ekki nefndinni. Í nefndarálitinu segir svo um þetta mál:

> «Þótt nefndin hafi ekki viljað leggja það til, að fjárveitingin falli burt, þá er hún engan veginn laus við allan geig við þetta fyrirtæki, vegna þeirrar reynslu, sem þegar er fengin. En nefndin verður að treysta landstjórninni og verkfræðingunum til þess, að hjer verði ekki lagt í nýjan kostnað, nema full trygging sje fyrir því, að nægilegt vatn fáist, og tilraunin um not jökulvatnsáveitu nái tilgangi sínum«.

Þetta sýnir ljóst afstöðu nefndarinnar.

Þá skal jeg geta þess, út af skáldstyrknum, að nefndin taldi upp í nefndarálitinu þessi skáld, einungis af því, að þessir menn hafa staðið í fjárlögunum nú í mörg ár, og nefndin taldi ekki rjett að svifta þá þessum styrk, sem þeir hafa haft.

Þegar hjer var komið umræðum, var nóttu nokkuð betur komið en á óttu, og bar forseti þá upp ósk um að slíta umræðum þá þegar, er honum hafði borist frá Sveini Björnssyni, Einari Jónssyni, Jóni Jónssyni, Sigurði Sigurðssyni, Pjetri Jónssyni og Þórarni Benediktssyni. Var hún feld með 10 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Einar Arnórsson,
Jón Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Magnús Kristjánss.,	Jóhann Eyjólfsson,
Pjetur Jónsson,	Matth. Ólafsson,
Sig. Sigurðsson,	Sigurður Eggerz,
Sveinn Björnsson,	Sig. Gunnarsson,
Þór. Benediktsson.	Stef. Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Sex þingmenn voru fjarstaddir.

Bjarni Jónsson: Mjer væri nú hægt um vik, að tala hjer í 4 klukkutíma, eins og jeg lofaði áðan, en af því að jeg vil ekki hefna mín á hæstv. forseta og vesalings þingskrifurunum, þá ætla jeg að láta ræðuna farast fyrir að sinni.

Benedikt Sveinsson: Jeg fer að dæmum viturra manna, að lengja ekki umræðurnar, sem þegar eru orðnar alllangar. Sje líka, að menn eru orðnir heimfúsir og syfjaðir, og tek því ekki til máls frekar.

Einar Jónsson: Þeir urðu nú loks þeir einstöku fyrirmyndarmenn, þeir háttv. þingmenn sem síðast töluðu, að jeg ætla að fara að dæmum þeirra, og falla líka frá orðinu, samt með því skilyrði, að umræðum sje hætt.

Að eins vil jeg minnast á eina brtt. Það er farið fram á að hækka laun umsjónarmanns áfengiskaupa. Jeg vil benda mönnum á, að tilboð liggur fyrir, hjer frammi í lestrarsalnum, frá manni einum hjer í bænum, um að hann vilji taka að sjer starfann, fyrir sömu laun og áður hafa verið, svo þessi launahækkun er alsendis óþörf.

Ráðherra: Það er rjett, að það liggur fyrir tilboð frá öðrum, en jeg vil vekja athygli manna á því, að það er ekki rjett, að taka öllum undirboðum um opinber störf.

Nú sem hjer var komið, var liðin stund af óttu, og var þá umræðum slitið og fundi frestað til hádegis.

Á hádegi þiðjudaginn þann 24. ágúst, var fundinum fram haldið, og hófst þá

ATKVGR.

um 15.—22. gr. *(Akv.skrá A. 480)*:

91. brtt. 338,62 samþ. með 19 shlj. atkv.
92. — 338,63 — — 16 : 5 —
93. — 338,64 — — 13 : 5 —
94. — 338,65 — — 13 : 8 —
95. — 339 feld með 22 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánss.,
	Einar Jónsson,
	Guðm. Eggerz,
	Guðm. Hannesson,
	Hannes Hafstein,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.
	Stef. Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Brtt. 496 við brtt. 338,66 samþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Einar Arnórsson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Hannesson,	Bened. Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Einar Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Eggerz,
Jón Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Jón Magnússon,	Pjetur Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Sigurður Gunnarss.,
Matth. Ólafsson,	Sig. Sigurðsson,
Sigurður Eggerz,	Stefán Stefánsson,

já:	*nei:*
Skúli Thoroddsen,	Þór. Benediktsson.
Þorleifur Jónsson.	

Björn Kristjánsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

96. brtt. 338,66 svo breytt samþ. með 22 : 3 atkvæði að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Benedikt Sveinsson,	Matth. Ólafsson.
Bjarni Jónsson,	
Björn Kristjánsson,	
Einar Jónsson,	
Guðm. Eggerz,	
Guðm. Hannesson,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sigurður Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þórarinn Benediktss.	

Sigurður Sigurðsson greiddi ekki atkvæði og taldist til meiri hlutans.

97. brtt. 338,67 samþ. með 24 : 1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Guðm. Eggerz.
Bjarni Jónsson,	
Björn Kristjánsson,	
Einar Arnórsson,	
Einar Jónsson,	
Hannes Hafstein,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matthías Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sigurður Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Eggert Pálsson, Benedikt Sveinsson, Guðm. Hannesson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

98. brtt. 338,68 a samþ. með 14 : 9 atkv.

99. — 388,68 b samþ. með 20 shlj. atkv.

100. — 338,68 c tekin aftur.

101. — 433 samþ. með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Guðm. Eggerz,
Bjarni Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Björn Kristjánsson,	Hjörtur Snorrason,
Einar Arnórsson,	Magnús Kristjánss.,
Hannes Hafstein,	Sigurður Eggerz,
Jón Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Magnússon,	Sigurður Sigurðss.
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þórarinn Benediktss.	

Björn Hallsson, Jóhann Eyjólfsson, Matth. Ólafsson, Stefán Stefánsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

102. brtt. 338,69 samþ. án atkvgr.

103. — 417 — með 15 : 4 atkv.

104. — 338,70 — — 13 : 3 atkv.

105. — 416 — — 16 : 9 atkv.

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,
Hannes Hafstein,	Sigurður Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Stefán Stefánsson.
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þorl. Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

106. brtt. 338,71 samþ. með 15 : 1 atkv.
107. — 338,72 — — 15 : 2 atkv.
108. — 338,73 — — 14 : 11 atkv.
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,
Hannes Hafstein,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Gunnarsson,	Matth. Ólafsson,
Sig. Sigurðsson,	Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Þór. Benediktsson.
Stef. Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	

15. gr. svo breytt samþ. með 21 shlj. atkv.
109. brtt. 338,74 samþ. með 23 samhlj. atkv.
110. brtt. 347 við brtt. 338,75 feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hjörtur Snorrason,
Einar Arnórsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Guðm. Eggerz,	Matth. Ólafsson,
Guðm. Hannesson,	Sigurður Eggerz,
Hannes Hafstein,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Kristjánss.,	Stef. Stefánsson,
Sveinn Björnsson.	Þorl. Jónsson.

Pjetur Jónsson, Sig. Sigurðsson og Þór. Benediktsson greiddu ekki atkvæði.
111. brtt. 338,75 feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Guðm. Hannesson,
Jón Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Jón Magnússon,	Jóhann Eyjólfsson,
Matth. Ólafsson,	Magnús Kristjánss.,
Pjetur Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Sveinn Björnsson,	Sig. Gunnarssson,
Þór. Benediktsson.	Skúli Thoroddsen,
	Stef. Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Sigurður Sigurðsson greiddi ekki atkvæði, og taldist til meiri hlutans.
112. brtt. 338,76 samþ. með 15 : 6 atkv.
113. — 338.77 — — 17 samhlj. atkv.
114. — 378 — — 15 : 10 atkv.
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Guðm. Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Hannesson,	Jón Magnússon,
Hjörtur Snorrason,	Magnús Kristjánss.,
Jón Jónsson,	Pjetur Jónsson,

já:	*nei:*
Sigurður Eggerz,	Sig. Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Sveinn Björnsson.
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Matth. Ólafsson greiddi ekki atkvæði, og taldist til meiri hlutans.

115. brtt. 338,78 samþ. með 16 : 2 atkv.
116. — 338,79 — — 18 shlj. atkv.
117. — 338,80 — — 18 : 1 atkv.
118. — 430 — — 17 shlj. atkv.
119. — 338,81 sjálffallin.
120. — 338,82 samþ. með 20 — —
121. — 338,83 — — 22 — —
122. a — 338,84 — — 18 — —
122. b — 338,84 — — 18 — —
123. — 425 tekin aftur.
124. — 456 samþ. með 22 — —
125. — 338,85 tekin aftur.
126. — 338,86 samþ. með 17 : 1 atkv.
127. — 338,87 — — 13 : 1 —
128. — 338,88 feld — 16 : 9 —

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Hjörtur Snorrason,
Magnús Kristjánss.,	Jón Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Sig. Sigurðsson,	Sigurður Gunnarss.,
Sveinn Björnsson,	Skúli Thoroddsen,
Þór. Benediktsson.	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Björn Kristjánsson, Einar Arnórsson, Einar Jónsson, Guðm. Eggerz, Jóhann Eyjólfsson og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

129. brtt. 338,89 samþ. með 16 : 9 atkv.

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Hjörtur Snorrason,
Guðm. Hannesson,	Jóhann Eyjólfsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson,
Jón Magnússon,	Sig. Sigurðsson,
Magnús Kristjánss.,	Stefán Stefánsson,
Matth. Ólafsson,	Þorleifur Jónsson.
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

Guðm. Eggerz greiddi ekki atkvæði, og taldist til meiri hlutans.

130. brtt. 413 feld með 23 : 1 atkv.
131. — 432 — — 18 : 4 —
132. brtt. 426 samþ. með 17 shlj. atkv.
133. — 338,90 feld með 17 : 8 —

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Arnórsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Hannesson,
Pjetur Jónsson,	Hannes Hafstein,
Sveinn Björnsson,	Jón Jónsson,
Þór. Benediktsson.	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Sigurður Eggerz,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,

Hjörtur Snorrason, Sig. Sigurðsson og Sig. Gunnarsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

134. — 338,91 a samþ. með 23 : 2 atkv.

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Matth. Ólafsson.
Bened. Sveinsson,	
Bjarni Jónsson,	

já:
Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,
Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,
Jón Jónsson,
Magnús Kristjánss.,
Pjetur Jónsson,
Sigurður Eggerz,
Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,
Sveinn Björnsson,
Þorleifur Jónsson,
Þór. Benediktsson.

Einar Arnórsson, Hannes Hafstein, Jóhann Eyjólfsson og Sig. Sigurðsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

135. brtt. 338,91b samþ. með 21 shlj. atkv.
136. — 338 91bb — — 17 : 1 —
137. — 373 — — 16 shlj. —
138. — 338,91c — — 22 — —
139. brtt. 409 samþ. með 23 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Guðm. Eggerz,
Bened. Sveinsson,	Sig. Sigurðsson.
Bjarni Jónsson,	
Björn Kristjánss.,	
Einar Arnórsson,	
Guðm. Hannesson,	
Hannes Hafstein,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	

Þessir greiddu ekki atkv. og voru taldir til meiri hlutans:

Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Matthías Ólafsson, Pjetur Jónsson, Þórarinn Benediktsson.

140. brtt. 436 a. samþ. með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Jón Magnússon,
Guðm. Eggerz,	Matth. Ólafsson,
Guðm. Hannesson,	Pjetur Jónsson,
Hannes Hafstein,	Sig. Sigurðsson,
Jóhann Eyólfsson,	Sveinn Björnsson,
Jón Jónsson,	Þór. Benediktsson.
Magnús Kristjánss.,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Þessir greiddu ekki atkvæði, og voru taldir til meiri hl.:

Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Hjörtur Snorrason, Stef. Stefánsson,

140. brtt. 436 b. feld með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Björn Kristjánsson,
Magnús Kristjánss.,	Einar Arnórsson,
Sigurður Eggerz,	Einar Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Guðm. Eggerz,
Skúli Thoroddsen.	Guðm. Hannesson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,

nei:
Þorl. Jónsson,
Þór. Benediktsson.

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hl.:
Hannes Hafstein, Hjörtur Snorrason,

16. gr. svo breytt samþ. með 19 shlj. atkv.

17. gr. (óbreytt) samþ. með 17 shlj. atkv.

141. brtt. 338,92 talin samþ. án atkvgr.
142. — 338,93 samþ. með 15 : 1 atkv.
143. — 338,94 1. liður samþ. með 14 shlj. atkv.
143. — 338,94 2. liður samþ. með 18 shlj. atkv.
143. — 338,94 3. liður samþ. með 19 shlj. atkv.
144. — 338,95 fyrri liður samþ. með 19 shlj. atkv.
144. — 338,95 seinni liður samþ. með 16 shlj. atkv.
145. — 338,96 samþ. með 21 shlj. atkv.

18. gr. svo breytt samþ. með 21 shlj. atkv.

19. gr. óbreytt samþ. með 21 shlj. atkv.

20. gr. talin samþ. án atkvgr.

146. brtt. 338,97 talin samþ. án atkvgr.
147. — 338,98 samþ. með 19 shlj. atkv.
148. — 404 við brtt. 338,99 a samþ. með 17 shlj. atkv.
149. — 338,99 a svo breytt samþ. með 18 shlj. atkv.
150. — 338,99 b samþ. með 13 shlj. atkv.
151. — 338,99 c samþ. með 15 shlj. atkv.
152. — 405 við brtt. 338,99 d samþ. með 22 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:
Bened. Sveinsson,
Bjarni Jónsson,
Einar Arnórsson,
Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,

nei:
Pjetur Jónsson,
Sig. Sigurðsson,
Sveinn Björnsson.

já:
Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,
Jón Jónsson,
Jón Magnússon,
Magnús Kristjánss.,
Matth. Ólafsson,
Sigurður Eggerz,
Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson.

Þessir greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans:
Björn Hallsson, Eggert Pálsson, Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Jóhann Eyjólfsson, Þór. Benediktsson.

153. brtt. 338,99 d. svo breytt samþ. með 20 shlj. atkv.
154. — 338,99 e. samþ. með 19 shlj. atkv.
155. — 338,99 f. samþ. með 21 shlj. atkv.

21. gr. svo breytt samþ. með 22 shlj. atkv.

156. brtt. 338,100, 1 samþ. með 22 shlj. atkv.
157. — 338,100, 2 samþ. með 20 shlj. atkv.
158. — 338,100, 3 samþ. með 17 shlj. atkv.
159. — 338,100, 4 samþ. með 13 shlj. atkv.
160. — 338,100, 5 samþ. með 14 shlj. atkv.

22. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umræðu í e. hlj.

Á 45. fundi í Nd, laugardaginn 28. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

(A. 520, 526, 527, 528, 529, 530, 531, 538, 539, 559, 560, 567, 568, 569, 579, 580, 581, 582, 583, 584,

585, 586, 587, 588, 589, 590, 591, 592, 593, 594, 595, 596, 597, 598, 602, 604, 605, 606, 607, 609, 610, n. 616, 617, 618, 620, 621, 622, 623, 627, 634, 644 (*atkv.skrá*), 646, 647).

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Það þarf ekki mikið að ræða um áhrif þau, er meðferð háttv. deildar við 2. umr. hefir haft á fjárlögin; það verður undir eins sjeð á tekjuhallanum í 20. gr. Það er auðsætt, að tilraunir fjárlaganefndarinnar í þá átt, að minka tekjuhallann, hafa algjörlega mishepnast. Það er eins og vant er, vandratað meðalhófið. Niðurstaðan er nú orðin sú, að tekjuhallinn fyrir þetta fjárhagstímabil er kominn upp í 300,000 kr., í staðinn fyrir að nefndin vildi koma honum niður í 110,000 kr. Háttv. deild hefir með þessu ruglað tilgangi nefndarinnar og störfum nefndarinnar að nokkru leyti. Því þegar það, sem hún vildi leggja til í sparnaðaráttina, er að vísu felt, en talsvert þó samþykt og svo síðan ýmislegt annað sett í staðinn, er nefndinni sýndist sem mætti án vera *frekar* en hitt, sem hún lagði til, að klipið væri af, þá er það ekkert annað en að rugla gjörðum hennar og gjöra starf hennar gagnslaust.

Það sem lýsir sjer í þessu er það, að vantað hefir samhug í deildinni til að ná ákveðnu marki í sparnaðaráttina. Ekki er það þó algjörlega viljaleysi að kenna, því að það hefir komið í ljós vilji til sparnaðar hjá ýmsum, eða *viljar*, en viljarnir hafa ekki fylgst að, og menn hafa ekki viljað leggja neitt í sölurnar til að ná markinu, — tekist illa að vilja hið sama. Það eru þessir smáviljar, þessar persónulegu smá-sannfæringar á stærð við fingurbjörg eða asklok, sem borið hefir á, en stórhug og stóran vilja hefir vantað. Það, sem nú átti að vaka fyrir mönnum, var það, að vera við búnir erfiðum kringumstæðum og hættulegum tímum, og láta sjer lynda að ýmsu væri frestað til betri tíma. Þessi sameiginlega hugsun hefði átt að grípa menn nú, að sínu leyti öldungis eins og stórhugurinn til framsóknar grípur menn stundum. Því það er engu síður nauðsynlegt, að menn sameini sig til varnar en til framsóknar. Ef menn geta ekki sameinað sig til varnar, þá er ekki heldur að vænta þess, þegar sækja á fram.

Maður skyldi ætla, að háttv. þingdeildarmenn hefðu svalað sjer við 2. umræðu þessa máls, en því virðist ekki að heilsa, þar sem nú eru komnar fram 60—70 nýjar brtt., eða fleiri. Jeg hefi ekki komið tölu á þær. Þessar brtt. nema samtals 146—148 þús. kr. til hækkunar útgjaldanna, en alt að 120 þús. kr. til lækkunar. Ef taka mætti eins mikið mark á lækkunartill. og hækkunartill., þá væri ekki um mikið að sakast. Mismunurinn er þá ekki svo stór og fólginn í lögbundnum útgjöldum, 30 þús. kr. til landhelgissjóðs. Má þá segja, að lækkanir og hækkanir stæðust á. En lækkunartillögurnar eru víst fremur marklitlar, eftir þeirri reynslu, sem fengin er áður, bæði nú og fyrri.

Jeg ætla fyrst að minnast á brtt. nefndarinnar. Þar standast hækkunar- og lækkunartill. nokkuð á, ef lögbundna upphæðin (Landhelgissjóðurinn) er frádregin. Því miður munu háttv. þingdeildarmenn ekki hafa lesið framhaldsnefndarálitið, svo jeg ætla mjer að rekja það upp hjer.

Fjárlaganefndin hefir lagt til, að fjárveitingin til nýrra símalagninga verði 50 þús. kr. hvort árið, í stað 49500 kr. fyrra árið og 50 þús kr. síðara árið. Það mætti ætla, ef upphæðinni fyrra árið væri svona nákvæmlega hagað, að stjórnin væri þá skuldbundin til að

verja þessari fjárveitingu til alveg ákveðinna síma, en nefndin leit svo á, að fleiri símar stæðu jafnfætis en komið gæti til mála að lagðir yrðu fyrra árið, og því vill hún leggja það á vald stjórnarinnar, að greiða úr því, hvernig símalagningunni verði raðað. Fyrirheit síðasta Alþingis um símalagningar 1916 nemur alls 90 þús. kr., að frádregnu tillagi hjeraðanna, sem lesa má í Alþtíð. 1914 A. bls. 597. Þar er þó slept einum síma, Grenivíkursímanum, sem ekki getur komið til mála að fresta aftur fyrir hina, eins og brjef landssímastjórans ber með sjer. Það er því um 100 þús. kr., sem þarf til að fullnægja fyrirheitinu. Nú verða það að eins 100 þús. kr. *bæði árin*, sem veitt verður eftir tillögu nefndarinnar, og þó með undanþágu. Það verður því stjórnarinnar, að ráða fram úr málinu á sem sanngjarnastan hátt.

Önnur brtt. nefndarinnar er um vitana. Hún leit svo á, að úr því ekki væri hægt að spara fje til vita, þá sje rjettast að láta þá alla standa jafnfætis. Hún leggur því til, að allir sömu vitar sjeu teknir upp, sem í stjórnarfrumvarpinu voru, en að sama gildi um vitana og símana, að þeir verði ekki bygðir nema fjárhagurinn leyfi. Nefndin hefir ekki viljað áætla neitt fje til rekstrskostnaðar hinna nýju vita. Fyrst og fremst af því, að óvíst er að þeir verði bygðir, og í öðru lagi af því, að það liggur í augum uppi, að stjórnin hlýtur að hafa heimild til að taka fje til rekstrs þeirra vita, sem bygðir eru.

Þá leggur nefndin til, að tímakennslufjeð við Kennaraskólann í Reykjavík sje aukið um 800 kr. fyrra árið. Er það gjört í því skyni, að dr. Björn Bjarnason, sem nú dvelur erlendis, heilsulítill, og sem vonlítið er um að geti komið heim að svo komnu, fái að halda embætti sínu og launum næsta ár. Þirni hefir verið leyft að halda kennaraembættinu, ef hann setti mann í sinn stað við kensluna. Nú stendur svo á, að sá maður, magister Sigurður Guðmundsson, sem hefir haft kensluna á hendi að undanförnu og leyst starfið prýðilega af hendi, vill ekki una sama kaupi og áður. Skólastjóri vill ekki með nokkru móti missa Sigurð frá skólanum, og nefndin hefir fallist á, að þingið ætti bæði að stuðla að því, að skólinn hefði reyndan kennara og að Björn Bjarnason þyrfti eigi að borga þessa millibilskenslu hærra en að undanförnu, og þykir tilvinnandi að hlaupa undir bagga með 800 kr. fjárveitingu.

Nefndinni hafði borist erindi frá þingmönnum N.-Múlasýslu um aukinn styrk til Búnaðarskólans á Eiðum. Reglugjörð skólans hefir verið breytt svo, að meiri kensla er nauðsynleg. Auk þess hafa laun kennara skólans verið hækkuð, og dýrtíðin kemur niður á honum eins og öðrum. Nefndin hefir því fallist á að hækka styrkinn úr 2500 kr. upp í 3000 kr.

Þá vill nefndin bæta þeirri athugasemd aftan við 14. gr. B. XII. 2, að ef fje það, sem veitt er í núgildandi fjárlögum til styrktar barnaskólabyggingum utan kaupstaða, verði eigi notuð til fulls, þá skuli stjórninni heimilt að veita það á næsta fjárhagstímabili í sama augnamiði. Ráðherra skýrði nefndinni frá, að 12—14 þús. kr. mundi vera óeytt í lok yfirstandandi fjárhagstímabils. Þótti nefndinni rjett að heimila að nota þetta fje næsta fjárhagstímabil, þar sem feldur var úr fjárlagafrumv. við 2. umr. 15000 kr. styrkur hvort árið í þessu augnamiði, og það gæti stungið óþægilega í stúf, ef alveg væri tekið fyrir styrkveiting í þessu skyni.

Nefndin vill veita Samúel Eggertssyni 1000 kr. næsta ár, til þess að gjöra landslagsuppdrætti af Íslandi. Háttv. þm.

eru kunnnar tilraunir Samúels til að gjöra uppdrætti, til að skýra sögu og landafræði Íslands. Hefir hann sýnt í því mikla elju og ástundun, og er því alls góðs maklegur. Hann hefir fengið meðmæli fræðslumálastjórans, sem telur mikla þörf á góðu landlagskorti við kenslu barna og unglinga og ber gott traust til Samúels, til þess að leysa það verk sæmilega af hendi.

Enn fremur leggur nefndin það til, að herra Aage Meyer Benediktsen sje veittur 500 kr. styrkur til að gefa út á dönsku ritgjörð Guðmundar Björnsonar landlæknis um þjóðfána, sem prentuð er í fánabókinni. Kunnugt er að brytt hafi á talsverðum misskilningi í Danmörku um fánamál vort, og því virðist nefndinni þarft verk að koma ritgjörðinni út á dönsku.

Það hefir verið siður í meira en 20 ár, að veita 2 dýralæknaefnum styrk á ári. Styrkur þessi hefir að vísu ekki alt af verið notaður árlega. En þar sem litlar eða engar líkur eru til að hjer verði fleiri en 4 dýralæknisembætti, eitt í hverjum landsfjórðungi, og útlit fyrir að bráðum fáist nægir útlærðir menn í þau, þá er auðsætt, að ekki er nauðsynlegt að halda áfram að styrkja *tvo* menn til náms á ári. Það mundu þá brátt verða of margir menn í þeirri stjett. Nefndinni sýnist því hæfilegt að að eins einn maður sje styrktur til náms á ári. Þetta hefir þó ekki verulega fjárhagslega þýðingu nú. Eins og stendur eru tveir menn við nám og verða næstu ár. Nefndin leggur því til, að styrkur til dýralækninganáms sje síðara árið miðaður við einn nemanda, til merkis um að svo verði framvegis.

Þá vill nefndin lækka styrkinn til bryggju í Búðardal. Nefndin hefir fengið upplýsingar um það frá landsverkfræðing, að hann hafi að eins munnlega lagt ráð á um veggjagjörð bryggjunnar, og sömuleiðis hefir nefndin fengið upplýsingar frá formanni kaupfjelagsins, að bryggjan kosti um 2800 kr. Sjest á þessu, að styrkur sá, 2000 kr., sem samþyktur var við 2. umr., hefir verið æði mikið út í bláinn, og að það er ekki ósanngjörn krafa, þegar fjárlaganefndin í upphafi heimtaði, að ákveðin skilríki lægi fyrir um bryggju þessa, lýsing, áætlun o fl. Það var hreinasta tilviljun, að þessar upplýsingar komu meðan þingið stóð yfir. Nefndin telur nóg, að þingið styrki bryggjugjörð þessa með 1000 kr.

Við 18. gr. vill nefndin gjöra þá breytingu, að feld sje burtu orðin »viðbót við eftirlaun prestsekkju Ástu Þórarinsdóttur 129,94 kr.«. Í efri deild hefir sú athugasemd verið tekin í frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915, að eftirlaun nefndrar ekkju skuli reiknast 300 kr. Ef þessi orð stæðu eftir sem áður í 18. gr. fjárlaganna, mætti ef til skoða það svo, að þessa, 129,94 kr. væru viðbót við 300 kr. eftirlaun, en það er ekki til þess ætlast, og því telur nefndin rjett, að fella þessa fjárveitingu burtu þar sem hún stendur.

Loks hefir nefndin fallist á, að heimila stjórninni að veita Jósef Blöndal 6000 kr. lán úr viðlagasjóði til byggingar steinsteypuhúss í Siglufirði. Þar er símastöð og póstafgreiðsla, og maðurinn hefir ráðist í að byggja húsið, af því hann hefir þessi störf á hendi. Á húsinu hvíla nú 4500 kr. með 1. veðrjetti, en nefndin væntir þess, að hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps taki að sjer ábyrgð á láninu, að svo miklu leyti sem 2. veðrjettur í húsinu yrði ekki nægilegur. Þessi lánveitingarheimild sætir auðvitað sömu lögum og aðrar lánveitingaheimildir úr viðlagasjóði, að hún kemur ekki til framkvæmda, nema fje sje fyrir hendi.

3. brtt. á þgskj. 583 er ekki annað

en leiðrjetting á prentvillu í frv. Þar stendur 500 kr., en á að vera 400 kr.

Sömuleiðis hefir slæðst inn prentvilla í 14. gr. B. I. a. — Þar stendur 40,100 kr. — á að vera 41 þús. kr.

Þá vil jeg benda á 14. gr. B. VI. 1. c. Þar hefir smíðakenslan orðið tvöföld í roðinu. Þar stendur bæði 600 og 800 kr., en tilætlunin var að eins sú, að hækka 600 kr., sem áður voru, upp í 800 kr. hvort árið.

Við læknastyrkinn til Borgfirðinga, eystra, vill nefndin setja þá skýringu í athugasemd, sem virðist sjálfsögð, að styrkurinn falli burtu, ef læknir verður settur eða skipaður í Hróarstunguhjerað. Enn fremur vill nefndin setja almenna athugasemd um alla þessa styrki, þess efnis, að stjórninni sje gjörð skilagrein fyrir því árlega, hvernig styrknum sje varið. Minna má það ekki vera.

Þá kemur nefndin fram með brtt. um það, að fella niður styrkinn til búnaðarfjelaganna annað árið. Gjörir hún það til þess að ná dálítið í áttina þeim tilgangi, er hún hafði með brtt. sinni við 2. umr., er fjell þá. Hún leit svo á, að það þyrfti ekki mikla sjálfsafneitun til þess að vera án þessa styrks svona í bili, þar sem að eins er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, en landssjóði þörf á sparnaði. Jeg lít dálítið öðru vísi á þetta mál en aðrir háttv. nefndarmenn. Mjer virðist það tilgangslítið, að nema þennan styrk burtu, fyrst það er ekki gjört bæði árin. Það hefði verið bændum til mestrar sæmdar, möglunarlaust og þegjandi, að taka sjer svona lítið í mein, til þess að bæta úr vandræðum landsins.

Jeg hefi áður minst á landhelgissjóðinn, að rjett sje að setja fjárveitinguna, sem lögbundin er til hans — þessar 20 þús. kr. — í fjárlögin, og þarf jeg því ekki að fara frekari orðum um það.

Viðvíkjandi eftirlitinu og framkvæmd á ullarmatslögunum, hefir það komið í ljós, að 1200 kr. er oflítið fje — ómögulegt að fá menn fyrir svo lítið. Nefndin leggur því til, að sú upphæð sje hækkuð upp í 1500 kr.

Þá hefir nefndin komið fram með viðaukatillögu, viðvíkjandi fjárveitingunni til þess að ryðja vörina við Ingólfshöfða. Hún vill bæta þeirri athugasemd við liðinn, að fjeð verði því að eins veitt, að orð landsverkfræðings fáist fyrir því, að fjeð komi að fullum notum. Verkfræðingur hefir aldrei rannsakað þetta til hlítar, og þykir nefndinni það miður farið, en vildi samt ekki hindra það, að þessi styrkur yrði veittur, ef vissa væri fengin fyrir því, að hann kæmi að tilætluðum notum.

Þá hefi jeg farið yfir brtt. nefndarinnar á þgskj. 583.

Þá hefir nefndin komið fram með brtt. á þgskj. 617, eftir umtali við 2. umr. Hún hallaðist að því, að leggjast ekki á móti, að fjárveitingin til Blönduóssbryggjunnar yrði samþykt, með því móti, að styrkurinn til Langadalsvegarins fjelli niður annað árið. Það er fram komin brtt. um að nema veginn burtu bæði árin, en nefndin getur ekki fallist á hana, en leggur til, að fella hann burtu annað árið.

Þá hefir nefndin lagt það til, að skálda- og listamanna-styrkurinn verði færður niður í 11 þús. kr. fyrra árið og 10 þús. kr. seinna árið. Þetta eina þúsund, sem fram yfir er fyrra árið, er endurveiting til Ríkarðs Jónssonar, því hann getur ekki notað styrk þann, er honum var veittur í núgildandi fjárlögum. Aftur á móti álítur nefndin nægilegt, að 10 þús. kr. sjeu veittar í listamannastyrk árlega.

Seinni liðurinn á þingskjalinu er viðvíkjandi kenslu í hraðritun. Nefndin

hafði lagt það til við 2. umræðu, að ákveðnum manni væri veittur styrkur í þessu skyni. En við nánari athugun kom hik á hana, hvort ekki væri eins rjett að veita öðrum manni, Helga Tómassyni, þenna styrk. Hún tók því tillöguna aftur við þá umræðu. Henni er áhugamál, að þessi kensla komist á, en getur ekki dæmt um það, hvort kerfið er betra, það sem Helgi Tómasson eða Vilhelm Jakobsson hefir lært. Þess vegna vill hún ekki binda þessa fjárveiting við ákveðið nafn, en leggur það til, að stjórnin hafi frjálsar hendur til ráðstöfunar í þessu efni, svo hún geti valið um.

Jeg hefi nú talað alllangt mál, og ætla ekki að halda lengur áfram að sinni. Jeg hefi ekki minst á aðrar brtt. en nefndarinnar; ætla að bíða átekta með þær, þangað til flutningsmennirnir hafa gjört grein fyrir þeim. Sjálfur á jeg breytingartill. á þgskj. 620, en mun minnast á hana síðar, og þá jafnframt brtt. einstakra manna.

Sveinn Björnsson: Jeg er skrifari strandferðanefndarinnar, og ætti því að hafa framsögu að brtt. hennar og öðrum tillögum við 13. gr. C. En eftir samkomulagi milli mín og formanns nefndarinnar, höfum við skift með okkur verkum þannig, að hann hefir framsögu að þeim brtt., er snerta strandferðirnar, þar sem þar er um samninga að ræða við fjelag, er jeg er formaður í. Aftur á móti mun jeg minnast á brtt. þær, er snerta flóabátana. En til þess að halda rjettri röð, þá skal jeg leyfa mjer að minnast áður á aðra brtt., sem jeg er líka framsögumaður að. Hún er á þgskj. 597, og er frá meiri hluta bannlaganefndarinnar. Þessi brtt. fer fram á það, að veittar sjeu í fjárlögunum 5000 kr. hvort árið, til aukins lögreglueftirlits með því, að bannlögin sjeu ekki brotin. Eins og kunnugt er, var í Ed. samþykt frumv., er gjörði talsverðar breytingar á bannlögunum. Það frumv. er nú í nefnd hjer í þessari deild. Nefndin hefir ekki getað fylgst að, en meiri hluti hennar vill þó bæta úr göllum þeim, sem á bannlögunum eru. Þessi brtt. fer í sömu átt. Nefndin lítur svo á, að eitt af aðalskilyrðunum til þess, að lögin komi að haldi, sje betra lögreglueftirlit, sjerstaklega með skipum þeim, er frá útlöndum koma. Einn nefndarmanna er háttv. 2. þm. Rvk. (J.M.), lögreglustjóri á þeim stað, þar sem best tækifæri hefir verið til þess að athuga, hvernig lögin hafa verkað. Hann er þeirrar skoðunar, að mikil bót mundi verða að því, ef fje væri veitt til þess, að hægt væri að hafa vörð úti í skipum, er þau liggja á höfnum, sjerstaklega millilandaskipunum. Slíkir verðir gætu komið í veg fyrir það, að flutt væri á land áfengi, svo að nokkru næmi, ekki að eins í Reykjavík, heldur flestum hinum stærri kaupstöðum.

Jeg vænti þess, að deildin sje mjer sammála um það, að það er ekki vansalaust af þinginu, ef það gjörir enga tilraun til þess, að sjá um, að þessi lög sjeu annað og meira en pappírslög, sem menn jafnvel stæra sig af að brjóta.

Þá kem jeg að brtt. við 13. gr. C, að undanskildum þeim, er snerta strandferðirnar, og brtt. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Það er óhjákvæmilegt, að gefa dálítið yfirlit yfir þennan annan þátt samgöngumálanna, strandferðirnar. Jeg get í þessu efni hugsað mjer tvær stefnur. Önnur er sú, að strandferðaskipin komi inn á hverja vík og höfn á landinu, sem hægt er. Þá er minni þörf á flóabátum. Þeirra þarf ekki við, nema á þeim stöðum, er strandferðaskipin geta ekki komist til. Hin stefnan er

sú, að skipin komi að eins við á fáum höfnum, en við það eykst þörfin á flóabátum.

Verði tillögur strandferðanefndar samþyktar, má búast við því, að strandferðirnar verði fullkomnari en nokkru sinni áður. Skipin koma við á fleiri höfnum en áður, og fleiri hjeruð hafa bein not af þeim. Þess vegna hefir nefndin ætlað minna fje til flóabáta en hingað til hefir verið veitt.

Í sambandi við þetta vil jeg vekja athygli háttv. þm. á fylgiskjali 2 með nefndarálitinu. Það er skýrsla samgöngumálaráðunautarins, og hefir strandferðanefndin bygt tillögur sínar á henni. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að minni þörf sje á að styrkja flóabáta en hingað til, vegna þess, hve strandferðirnar verði góðar á komandi ári. Og hann fer í þessu efni lengra en strandferðanefndin. Jeg vænti þess, að háttv. þm. hafi lesið skýrsluna og nefndarálitið, og tel því óþarft að vera að hafa alt það upp aftur, er þar stendur. Þó skal jeg leyfa mjer að minnast á eitt aðalundirstöðuatriði nefndarinnar í sambandi við eitt atriði, er í nefndarálitinu stendur. Nefndin hafði farið þess á leit við útgjörðarmenn flóabáta, að þeir ljetu henni í tje skýrslur um tekjur af bátunum, flutninga þeirra, farþega og flutningsgjald o. s. frv. Tvö fjelög hafa gjört þetta, og eru skýrslur þeirra prentaðar sem fylgiskjöl með nefndarálitinu. Það þarf ekki að athuga skýrslurnar lengi, til þess að sjá milli hvaða hafna bátarnir hafa mest að gjöra. Milli Víkur og Vestmannaeyja er t. d. talsverður flutningur, og þess vegna vel varið því fje, er veitt er til að styrkja bát milli þeirra hafna. En milli flestra annara viðkomustaða þess báts nemur flutningurinn nokkrum aurum árið í kring. Því verður ekki neitað, að það virðist heldur slæmur búskapur að veita stórfje úr landssjóði til óþarfa ferða milli Vestmannaeyja og vestur á bóginn. Milli Stokkseyrar og Reykjavíkur er flutningsgjaldið eftir þrjár ferðir, sem farnar eru árlega, 75 aurar. Þetta er svo hlægilegt, að það þarf ekki að útlista það með orðum, hve tilgangslaust er að styrkja slíkar ferðir. Milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur nemur gjaldið kr. 37,05. Þá vil jeg vekja eftirtekt háttv. þm. á skýrslum flóabátsins Ingólfs. Hann virðist ekki hafa mikið að gjöra á Stokkseyri; flutningsgjaldið þangað og þaðan alt árið 29 kr.; ekki heldur á Vogavík, þar er það 48 kr., Akra 99 kr. og Straumfjörð 83 kr. Þörfin er ekki svo mikil á þessum slóðum, að rjett sje að kasta út þúsundum króna, til þess að halda ferðunum við.

Um styrkinn til einstakra báta skal jeg geta þess, að samgöngumálaráðunautinn hafði lagt það til, að styrkurinn til Faxaflóabátsins yrði færður niður í 8000 kr. Tekjuafgangur fjelagsins hafði verið svo mikill síðastliðið ár, að honum virtist ástæðulaust að veita jafnmikið fje og áður. En strandferðanefndinni barst brjef frá fjelaginu, þar sem það segir, í fám orðum, að fjelagið muni ekki sætta sig við það, að styrkurinn sje færður niður, það muni þá hætta að halda uppi vetrarferðum. Nefdin komst að þeirri niðurstöðu, að rjett mundi vera að veita fjelaginu 10 þús. kr. árlega. Þótt hún vilji ekki styrkja fyrirtæki að óþörfu, þá álítur hún samt varasamt að fara langt í því, að lækka styrkinn mikið þegar á fyrsta ári, er fyrirtækin eru farin að borga sig vel.

Viðvíkjandi Breiðafjarðarbátnum skal jeg geta þess, að þar vestra hefir nýlega verið stofnað hlutafjelag, er ætlar sjer að halda uppi samgöngum um Breiðafjörð allan og Snæfellsnes sunnanvert sömuleiðis. Þetta fjelag ætlaði

að byggja skip í þessum tilgangi og hefir sent þinginu uppdrætti, áætlun um tekjur og gjöld og kostnaðinn við skipakaupin.

Áætlanir þessar eru bygðar á minna skipi en því, sem nú er áformað. En á þessum áætlunum bygðu nefndirnar. Nú eru gefnar þær upplýsingar, að áformað sje að hafa stærra skip. Við það eykst útgjörðarkostnaðurinn, og fjelagið telur sig því þurfa hærri styrk.

Þessar upplýsingar komu fram á síðustu stundu, og á fundi, sem nefndin átti í gær, voru ekki allir viðstaddir. Jeg get því ekki fyrir nefndarinnar hönd lýst yfir því, að hún fallist á brtt. á þgskj. 618.

Þá sný jeg mjer að Ísafjarðarbátnum. Honum var ætlað að sigla á Húnaflóa, en það kom í ljós, að hann hafði ekkert þangað að gjöra, og er því óþarft að ætla þeim bát að sigla fyrir Horn, sjerstaklega af því, að strandferðirnar verða bættar.

Tillaga nefndarinnar um lækkun á styrk til Eyjafjarðarbátsins er bygð aðallega á því, að með bættum strandferðum er ónauðsynlegt, að báturinn gangi með öllu Norðurlandi. Strandferðaskipið og báturinn mundu þá elta hvort annað og kroppa sína ögnina á hverjum stað, og árangurinn yrði sá, að hvorugt borgaði sig. Hins vegar hefir nefndinni þótt rjett að leggja til að styrkja ferðir um Eyjafjörð sjálfan, þar með talinn Siglufjörður, og á Húsavík og Flatey, eins og gjört er grein fyrir í áliti nefndarinnar.

Þá kem jeg að ferðunum milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Þar er styrkurinn samkvæmt tillögu samgöngumálaráðunautarins ætlaður 5000 kr. Þess skal getið, að samkvæmt ósk hv. þm. V.-Sk. (S. E.), þá er gjört ráð fyrir því, að styrkurinn verði tvískiftur, sem sje til ferða milli Víkur og Vestmannaeyja og Stokkseyrar og Vestmannnaeyja, ef hjeraðastjórnirnar koma sjer ekki saman um annað.

Um aðrar styrktillögur eru skiftar skoðanir í nefndinni, og það, sem jeg segi hjer, segi jeg fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar. Komið hefir fram erindi til nefndarinnar frá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J) um 800 kr. hækkun til bátsins þar. En þar er jafnframt tekið fram, að ef strandferðir komist í gott lag, þá þurfi báturinn ekki að fara margar ferðir til Djúpavogs. Nú með því, að nefndin ætlast til, að strandferðirnar verði bættar, þá þykir henni ekki ástæða til að taka þetta erindi til greina.

Á þgskj. 622 eru ný skilyrði, sem nefndin ætlast til, að tekin verði upp í stað hinna gömlu athugasemda. Jeg þarf ekki að fjölyrða um þau; þau eru sumpart runnin frá samgöngumálaráðunautinum, en að sumu leyti frá nefndinni sjálfri.

Á þgskj. 623 er brtt. frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), sem nefndin hefir ekki tekið til athugunar; en jeg þykist þó mega fullyrða, að nefndin muni ekki gjöra þá till. að kappsmáli.

Um tillögu háttv. þm. Dal. (B. J) á þgskj. 528 er það eitt að segja, að nefndin er henni samþykk.

Þá er brtt. frá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) um að fella niður styrk til bátsins upp Hvítá. Meiri hluti nefndarinnar er á því, að þessar ferðir ættu að halda áfram, jafnvel þótt upplýsingar hafi komið fram um það, að ekki muni eins mikil þörf á að styrkja þenna bát og sumir hafa haldið fram.

Þá skal jeg snúa mjer að nokkrum öðrum brtt.

Jeg hefi með háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) farið fram á það, að Theódóri Árnasyni verði veittur styrkur til að

fullkomna sig í fiðluspili. Þessi maður er víst flestum eða öllum þingmönnum kunnur, með því að hann hefir leikið á fiðlu í veitingahúsi einu hjer í bænum í sumar. Hann hefir lagt stund á fiðluspil um nokkur ár og þykir hafa góða hæfileika og vera ástundunarsamur, og hefir bestu meðmæli söngfróðra og söngelskandi manna. Með erindi hans um styrkinn fylgja meðmæli frá Árna Thorsteinsson og Sigfúsi Einarssyni, og segja þeir meðal annars, að hann sje ágætlega ástundunarsamur og námfús og sje sjerstaklega gott efni í fiðluleikara. Frá kennara hans í Winnipeg, Hall að nafni, liggja og fyrir meðmæli, sem segja, að Theódór hafi spilað þar vestra fyrir söngelskandi fólki og fengið hinar bestu undirtektir, og telur hann, að Theódór muni komast langt áleiðis. Það er ekki einskis vert að koma hjer upp fiðluspili og styrkja viðleitni manna í þá átt. Það er öllum kunnugt, sem lesið hafa sögur norsku skáldanna, hvað fiðlan hefir átt mikinn þátt í að koma einkennilegum blæ á hið norska þjóðlíf. — Jeg vona því, að háttv. deild samþykki þessa tillögu.

Á þgskj. 594 fer jeg fram á styrk til kolanámurannsókna á Vestfjörðum, að því tilskildu, að þær fari fram undir umsjón námuverkfræðings. Fyrir Alþingi hafa legið tvö erindi, annað frá Námufjelagi Ísland, hitt frá Guðmundi Guðmundssyni, sem bæði fara fram á styrk eða lán til kolarannsókna. Það eru mörg ár síðan fyrst var farið að grafa eftir kolum hjer á landi. Ymsar tilraunir hafa verið gjörðar til að rannsaka þau og gæði þeirra. Námufjelagið hefir eytt stórfje í að rannsaka þetta, en fyrirhöfnin hefir ekki borið þann árangur, að jafnist á við peningana, sem rannsóknirnar hafa kostað. Nú á síðustu árum hefir Guðmundur Guðmundsson rannsakað kolanámur hjer og fundið kol í Skorarfjalli, og eru það hin bestu sýnishorn, sem fundist hafa, eins og þingmenn hafa getað sjeð á lestrarsalnum. Þau hafa verið reynd hjer víða, t. d. hjer í þinghúsinu, og reynst brenna vel. Jeg álít, að þetta spursmál sje svo stórt og þýðingarmikið, að ekki sje vansalaust fyrir löggjafarvaldið að gjöra ekki tilraun til að rannsaka til hlítar, hvort hjer sje unt að afla kola, sem nægileg væru til eldsneytis í landinu, og ef til vill til skipa. Og þá þykir mjer ekki rjett, að horft sje í nokkrar þúsundir, þegar svo mikið liggur við. En áherslan liggur á því, að rannsóknin fari fram undir umsjón sjerfræðings, sem að sjálfsögðu þarf þá að hafa öll nauðsynleg tæki, einkanlega námubor. — Þessi erindi hafa legið fyrir fjárlaganefndinni, en hún ekki sjeð sjer fært að sinna þeim. En ef þessi tillaga verður samþykt, þá er stjórninni þar með að sjálfsögðu heimiluð ráðstöfun á styrknum, sem ef til vill gæti farið fram í samráði við báða umsækjendurna.

Loks á jeg brtt. á þgskj. 595 um 25 þús. kr. lán til Hjálpræðishersins, til að koma upp gistihúsi og sjómannahæli hjer í Reykjavík. Fjárlaganefndin, sem annars er svo ör á lánveitingar, sá sjer ekki fært að sinna þessari lánbeiðni, þótt hún sje engu minna nauðsynjamál en margt það, sem tekið hefir verið til greina. Það er gjört ráð fyrir því, að þetta hús Hjálpræðishersins muni kosta 50—60 þús. kr. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa brtt. Það er öllum kunnugt, að hjer í bæ vantar gistihús handa fátækum mönnum, því að gistihæli það, sem Hjálpræðisherinn hefir haldið uppi hingað til, er orðið mjög ljelegt vegna húsakynnanna; en nú hefir herinn hugsað sjer að breyta þessu til batnaðar, og ekki er það þýðingarminna, að til er ætlast, að sett verði einnig upp sjómannahæli, bæði

handa innlendum og útlendum sjómönnum, svo að þeir geti haft þar bækistöð sína.

Jeg vona, að háttv. deild taki þessa brtt. til greina, sjerstaklega þar sem tekið hefir verið tillit til allra lánbeiðna, sem fram hafa komið nú, nema þessarar einu; þess vegna vænti jeg, að henni verði ekki gjört lægra undir höfði en hinum.

Sigurður Eggerz: Fyrir hönd strandferðanefndarinnar og eftir samkomulagi við skrifara nefndarinnar ætla jeg að minnast lítils háttar á tillögur hennar.

Áður en jeg fer frekar út í þetta mál, get jeg ekki stilt mig um að minnast lítillega á gang málsins. Á þinginu 1913 kom símskeyti frá Sameinaða fjelaginu, þess efnis, að fjelagið sæi sjer ekki fært að taka að sjer strandferðirnar, sem það hafði gjört tilboð um, ef styrkur væri veittur hinu íslenska Eimskipafjelagi. Þetta símskeyti gjörði menn fastari og eindregnari í þeirri skoðun, að nauðsynlegt væri, að landið rjeði sjálft yfir samgöngum sínum. Á því þingi var því horfið frá Sameinaða fjelaginu, en aftur samþykt að taka tilboði, sem þáverandi ráðherra Hannes Hafstein hafði útvegað frá Björgynjarfjelaginu, og því fjelagi veittar 30 þús. kr., en auk þess voru veittar 30 þús. kr., til að bæta upp ferðir Björgynjarfjelagsins og um þá upphæð gjörður samningur við Thor E. Tulinius, sem gilti 1914 og 1915 og gildir til aprílloka 1916. Það var þegar búist við því á þinginu 1913, að þessar ferðir Björgynjarfjelagsins og Tuliniusar yrðu ófullnægjandi, enda hefir sú orðið raunin á. Þingið 1914 sá, að svo búið mátti ekki standa, og hóf því undirbúning og að nokkru leyti samning við Eimskipafjelagið íslenska. Þar var gjört ráð fyrir því, að fjelagið legði fram tvö ný skip, og samþykt var áætlun, sem bætti mjög strandferðirnar kring um landið. Frá Eimskipafjelagsins hálfu voru þau skilyrði sett, að landsjóður yki 100 þús. kr. við hlutafje sitt, sem sett hafði verið 400 þús. kr. á þingi 1913. Það var einnig tekið fram sem skilyrði af hálfu fjelagsins, að ef Norðurálfuófriðurinn legði stein í götu fjelagsins, væri það ekki bundið við samninginn. Nú hefir einmitt sú raun á orðið, að vegna stríðsins hefir reynst alveg ókleift að smíða þau tvö ný skip, sem ráð var fyrir gjört 1914 og í bráðabirgðasamningnum. Samkvæmt fengnum upplýsingum mundi hvort skipið nú kosta 330 þús. kr., í stað 260 þús. kr., sem ráðgjört var. Það er því fullkomlega forsvaranlegt, eins og á stendur, að fjelagið hefir ekki látið smíða skipin. Þá er nú svo komið, að skip Eimskipafjelagsins eru ekki tilbúin. Tulinius vill ekki heldur endurnýja samningana; þar á móti hefir hann boðist til að selja landssjóði strandferðaskip sitt hjer fyrir 72 þús. kr. Nefndin athugaði það boð, og komst brátt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri takandi í mál að kaupa skipið. Þá er Björgynjarfjelagið eftir, en það hefir enga menn hjer, sem hægt sje að semja við. Nú er það kunnugt, að samkvæmt vilja þings og þjóðar á árunum 1913 og 1914, var áherslan lögð á það, að Eimskipafjelagið tæki að sjer strandferðirnar á einhvern hátt. Þess vegna leitaði nefndin samninga við Eimskipafjelagið, og geta menn kynt sjer alla málavöxtu í nefndarálitinu, svo að ekki er þörf að rekja frekar gang málsins.

Jeg skal taka það fram, að samkvæmt tilboðinu er í ráði, að Eimskipafjelagið fái 75 þús. kr. árlegan styrk, til að taka að sjer strandferðirnar, en hins vegar eru ekki sömu kröfur gjörðar til skipakostsins, sem var á þinginu 1914, enda

yrði fjelagið nú að reka strandferðirnar með leigðum skipum, og er mjög óvíst um, hvers konar skip fjelagið kann að fá. Þó er gjört ráð fyrir því, að skipin verði ekki ljelegri en Austri og Vestri, en samt er ekki unt að segja um það með vissu, þótt nefndin búist við, að skipin verði ófullkomnari en til var ætlast 1914.

Enn er eitt atriði, sem mjög bar á góma milli nefndarinnar og stjórnar Eimskipafjelagsins, sem sje það, að vegna ófriðarins mundi skipaleiga hækka og kol verða dýrari en ella, enda er svo nú, og væri þá óhugsandi fyrir fjelagið að reka strandferðirnar hallalaust. Og stjórn Eimskipafjelagsins lagði áherslu á, að fjelagið treystist ekki til þess að taka á sig þá áhættu, sem af stríðinu stafaði, hvorki gagnvart hluthöfum nje þjóðinni sjálfri; vildi ekki tefla í hættu fyrirtæki, sem þjóðin hefir fylgt með svo hlýjum huga. Nefndin taldi þessar ástæður rjettmætar. Grundvöllurinn undir samningnum 1914 var sá, að skipaleiga og kol yrðu með venjulegu verði. Þess vegna felst nefndin fyllilega á það, að landssjóður beri þann halla, sem af þessu hlýst.

Með leyfi hæstv. forseta vildi jeg lesa upp eina grein úr áliti strandferðanefndarinnar:

»Eftir nokkrar bollaleggingar milli Eimskipafjel.stjórnarinnar og nefndarinnar, varð það því að samkomulagi, að til strandferðanna yrði áætluð nokkuð lægri upphæð en gert er ráð fyrir í fylgiskjali I. C, en í þess stað bættur upp halli sá, er verða kynni á rekstri ferðanna vegna ófriðarins, og að fjelagið taki að sjer ferðirnar, með þeim skilyrðum, að það fái 75 þús. kr. styrk til strandferðanna hvort árið. En ef tekjuhalli verður á útgjörð strandferðaskipanna, vegna aukavátryggingar, og þess, að skipaleiga og annað verður í hærra verði en vanalega, af orsökum stríðsins, bætir landssjóður fjelaginu hallann«.

Þar sem hjer er talað um aukavátryggingu, þá má ekki skilja það svo, að búist sje við að hún hækki vegna stríðsins, en Eimskipafjelagið bjóst við, að ef það gæti trygt skip sín sjálft, þá yrði vátryggingin lægri.

Að því er snertir ferðaáætlun skipanna, skal jeg geta þess, að áætlun nr. 2 er lögð til grundvallar fyrir henni. Þó er þar gjörð ein breyting til sparnaðar, og hún er sú, að seinustu ferðinni er slept, og jafnframt er sú breyting gjörð, að síðasta ferðin er farin rúmri viku síðar en ætlast er til í áætluninni. Sú breyting er gjörð með sjerstöku tilliti til þess, að ætlast er til að skipin taki kjöt í síðustu ferðinni. Og þá eru einnig gjörðar nokkrar aðrar óverulegar breytingar, og skal jeg ekki minnast á þær. Aftur á móti hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að fella burtu fyrstu ferðina, eins og beðið var um. Jeg gjöri ráð fyrir því, að hafi menn kynt sjer áætlunina, þá sjái þeir, að ferðirnar verða með þessu móti betri en nokkurn tíma áður. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að ráðist hafi vel fram úr strandferðamálum vorum. Auðvitað verður afleiðingin sú, að af því við fáum betri ferðir, verður líka aukinn kostnaður við ferðirnar. En á þessum lið útgjaldanna má síst spara.

Jeg sje ekki ástæðu til að tala meira um strandferðirnar og verð að láta mjer nægja að vísa í nefndarálitið. En áður en jeg sest niður vil jeg leyfa mjer að minnast á tillögu frá háttvirtum minni hl. nefndarinnar, þar sem lagt er til að styrkurinn til millilandaferða Eimskipafjelagsins sje færður niður úr 40 þús. kr, hvort árið í 35 þús. kr. fyrra árið og 25 þús. kr. síðara árið. Meiri hluti strandferðanefndarinnar leggur ríka á-

herslu á, að 40 þús. kr. styrkveitingin verði látin halda sjer. Auk þess gjörði framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins það beint að skilyrði fyrir því, að fjelagið tæki að sjer strandferðirnar, að þessi styrkur yrði óbreyttur. Jeg lít svo á, að ef þessi styrkur yrði færður niður, þá riði það í bág við skýlaust loforð þingsins, um að standa fast bak við Eimskipafjelagið, og yrði Eimskipafjelagið að láta undan í samkepninni við útlendu fjelögin, þá væri það illa farið. En sjái keppinautarnir, að Alþingi standi á bak við fjelagið, þá vita þeir fyrir fram, að ekki er til neins að ætla sjer að koma Eimskipafjelaginu á knje, og þá er jeg viss um að fjelagið sigra alla keppinautana. Jeg vil því eindregið leggja til að breytingartill. verði feld.

Þá á jeg sjálfur eina viðaukatillögu við fjárlögin, á þgskj. 592. Hún er um það, að styrkinn til skálda og listamanna skuli veita eftir tillögum þriggja manna nefndar. Jeg gat þess við 2. umræðu fjárlaganna, að jeg greiddi styrkveitingunni atkvæði með því skilyrði, að samþykt yrði tillaga um að stjórnin skyldi veita styrkinn eftir tillögum nefndar, en jeg var þá ekki ráðinn í, hvernig nefndin skyldi verða skipuð. Nú legg jeg til að nefndin sje skipuð þannig, að einn nefndarmaðurinn sje kjörinn af háskólaráðinu, annar af stjórn Bókmentafjelagsins, og þriðji af Stúdentafjelaginu í Reykjavík. Mjer skilst að það sje óheppileg stefna, sem tekin verður upp, ef alt er í þessu efni lagt á vald stjórnarinnar. Þótt stjóruin vildi fara vel með valdið, þá yrði hún samt áreiðanlega fyrir hnútum og brigslum út af því, hvernig hún úthlutaði fjenu. Auk þess er ekki hægt að búast við, að stjórnin hafi nokkurt vit á að meta skáldskap og fagrar listir. Hitt virðist mjer einsætt, að rjett sje að kjósa nefnd manna, sem vit hafi á að meta slíkt, og láta úthluta styrknum eftir tillögum hennar.

Ef þessi breytingartillaga mín fellur, þá vildi jeg fremur að þingið úthlutaði styrknum, eins og áður, en að alt yrði lagt á vald stjórnarinnar.

Guðmundur Hannesson: Jeg skal fyrst byrja á, að fara nokkrum orðum um fjárveitingar þær, er snerta kjördæmi mitt. Jeg hefi heyrt því fleygt, að Húnavatnssýslu væri ætlað óhæfilega mikið fje í fjárlögunum. Það er auðvitað satt, að flutningabrautir kosta mikið, en ef að er gáð, þá er upphæðin hin sama og vant er að veita til flutningabrauta, sem verið er að leggja, 15000 kr. á ári. Að eins lendir óhjákvæmlegur aukakostnaður á fyrra árinu, því að þá verður að byggja brú yfir Vatnsdalsá. Síðara árið er fjárveitingin einar 15000 kr.

Eins og sjá má á frumv. stjórnarinnar, telur bæði hún og landsverkfræðingur Langadalsveginn nauðsynlegan, en fjárlaganefndin vill lækka upphæðina sem svarar fjárveitingunni til hans. Aftur hefir hún fallist á skoðun stjórnarinnar um nauðsyn vegarins, enda getur engum, sem þekkir til, blandast hugur um hana. Landsverkfræðingurinn er ekki heldur svo bruðlunarsamur á fje, að hann hefði lagt með veginum, ef ekki hefði verið full ástæða til þess.

Um fjárveitinguna til Langadalsvegarins hafa komið fram tvær brtt., og fer önnur í þá átt, að fella fjárveitinguna líka síðara árið. Jeg álít að það muni verða skammgóður vermir, þótt feld sje burtu fjárveitingin síðara árið, því bráðlega *verður* að fullgjöra þessa braut.

Það hefir komið til tals að breyta póstleiðinni og leggja hana yfir Kolugafjall til Sauðárkróks. Þessi breyting

væri mjög haganleg fyrir Skagfirðinga, og skiljanlegt, að þeir sjeu henni fylgjandi, en þó mun vera úti lokað að sú leið verði farin, því landsverkfræðingurinn hefir látið í ljós við mig, að sjer hefði aldrei komið til hugar að vegurinn yrði lagður yfir Kolugafjall.

Þá hefir því og verið kastað fram, að leiðin yfir Kolugafjall væri styttri. Jeg hefi mælt þetta svo nákvæmlega sem jeg hefi átt kost á á góðum uppdrætti, og hefi rekið mig á, að svo er ekki. Leiðin yfir Kolugafjall er sem sje hjer um bil 3 dönskum mílum lengri, ef mælt er frá Blönduósi að Öxnadalsheiði.

Jeg skal ekki fjölyrða um Blönduósbryggjuna að þessu sinni, en að eins geta þess, að nýlega hefir mjer borist símskeyti norðan af Blönduósi, þar sem sagt er frá því, að nú nýlega hafi Vesta orðið að snúa aftur með miklar vörur, sem legið hafa í henni síðan í vor, vegna þess að þeim varð ekki komið í land. Tvisvar hafði legið nærri, að bátshöfnin á uppskipunarbátnum hefði druknað. Ætti þetta að nægja, til þess að sýna, hvert alvöru- og nauðsynjamál bryggjan er.

Um vörina við Ingólfshöfða er það að segja, að verkfróður maður hefir látið í ljós við mig, að ómögulegt verði að ryðja hana svo, að hún komi að nokkru gagni, og þykir mjer því nauðsynlegt að fjárveitingin sje því skilyrði bundin, að landsverkfræðingur áliti, að verkið geti komið að tilætluðum notum.

Um hækkunina til Kennaraskólans hefi jeg ekki annað að segja, en alt hið besta. Jeg veit það af eigin reynslu, að Sigurður Guðmundsson er ágætur kennari, og mjer sýnist það vera fullkomin sanngirniskrafa, að hann fái í þetta sinn nokkurt fje til uppbótar.

Þá hefir komið fram tillaga um að veita fje til lögregluefirlits með bannlögunum. Ef það gæti orðið að gagni, myndi jeg ekki sjá eftir því, en jeg tel það mjög vafasamt, að slíkt eftirlit, sem hjer er um að ræða (vörður í skipum), sje framkvæmanlegt. Það ætti heldur að gjöra gangskör að því, að hafa betra eftirlit með þeim mönnum, sem öllum er vitanlegt að selja vín.

Samúel Eggertsson hefir sótt um fje til að gjöra landslagsuppdrátt af Íslandi. Vitanlega er þetta hlutur, sem enginn getur leyst af hendi, nema hann hafi lært uppdráttagjörð. Þessi maður hefir ekki lært að gjöra landsuppdrætti, og ekki er mjer kunnugt um, að hann hafi sjerþekkingu á landfræði Íslands. Nú er búið að mæla upp mikið af landinu, og ef menn vildu fá slíkan uppdrátt, sem hjer um ræðir, þá er það ofur einfalt mál. Ekki er annað en snúa sjer til þeirra manna, sem hafa fengist við mælingarnar, og kunna að vinna þetta verk. Þeir hafa til þess áhöldin, og það myndi verða tiltölulega ódýrt hjá þeim, en engin leið að gjöra þetta, nema með góðum áhöldum. Þó þetta sje mætur maður, og listfengur á marga lund, þá er ekki von að hann kunni það, sem hann hefir aldrei lært.

Þorleifur Jónsson: Jeg á hjer eina örlitla brtt. við fjárlögin á þgskj. 582. Hún fer fram á að hækka styrkinn til mótorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu úr 400 kr. upp í 800 kr. Nokkur undanfarin ár hefir þessi styrkur, 400 kr. á ári, verið veittur til að halda uppi þessum ferðum. Báturinn hefir gengið á mili Hornafjarðar og Papaóss aðallega, en svo hafa auk þess verið farnar 1—2 ferðir til Djúpavogs. Það hefir verið mikil tregða á því, að nokkur fengist til að taka þessar ferðir að sjer fyrir svo lítinn styrk, einkum þó ferðirnar til Djúpavogs. Undanfarin ár hefir kaupmaðurinn í Hornafirði haft þessar ferðir á hendi. Hann hafði í

förum mótorbát hvort sem var, og gat þess vegna gengið að því, að taka ferðirnar að sjer fyrir þennan litla styrk. En í vor, sem leið, gat hann ekki eða vildi ekki hafa þær á hendi lengur. Þá leitaði sýslan fyrir sjer austur á bóginn til Djúpavogs, en þegar jeg fór að heiman í vor, var enginn fenginn til að halda uppi þessum ferðum. Það svar kom frá mótorbátaeigendum á Djúpavogi, að styrkurinn væri of lágur, og kváðust þeir með engu móti geta unnið það fyrir, að taka ferðirnar að sjer fyrir þennan styrk. Jeg veit síðan ekki, hvort nokkuð hefir rætst úr þessu eftir að jeg fór.

Út úr þessum vandræðum fór sýslunefndin þess á leit á fundi í apríl, að landsstjórnin veitti 2000 kr. styrk til motorbátsferða í Austur-Skaftafellssýslu. Jeg hafði skrifað fjárlaganefndinni um þetta mál og mælst til, að nefndin legði það til, að styrkurinn yrði hækkaður um helming. Það er sama tillagan, sem nú liggur hjer fyrir háttv. deild.

Það er mitt álit, að ef bærilegar strandferðir eru í Hornafirði, þá þurfi styrkurinn ekki að vera eins hár og sýslunefndin fór fram á. Hún fór fram á þennan styrk, 2000 kr. á ári, einkum með tilliti til vondra samgangna í Hornafirði undanfarin ár. En jeg vænti þess, að strandferðunum yrði kipt í betra horf, og fór því að eins fram á, að styrkurinn yrði hækkaður um helming. Ef nokkurn veginn bærilegar strandferðir eru á þessum slóðum, er minni þörf á mörgum ferðum milli Djúpavogs og Hornafjarðar. Við þetta miðaði jeg, og hefi því að eins farið fram á 800 kr. styrk, enda þótt sýslunefndin færi fram á 2000 kr. Jeg þóttist vita, að með þeim sparnaðaranda, sem ríkti hjer á þinginu, væri rjett að slá heldur af þeim kröfum, sem hjeraðið hafði gjört.

Jeg veit ekki hverja skoðun fjárlaganefndin hefir á þessu, en jeg býst við, að það yrði erfitt að sanna, að það sje ekki þörf á þessum styrk. Það, sem háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði á móti þessu máli, var ekki annað en ljelegar málaflutningsmannsbrellur. Hann sagði, að jeg mælti sjálfur á móti þessum styrk í brjefi mínu. Úr því að einstök orð eru rifin þannig út úr rjettu samhengi og snúið út úr þeim, verð jeg að biðja hæstv. forseta um leyfi til að lesa alt brjefið. Það hljóðar svo:

»Á síðasta sýslufundi í Austur-Skaftafellssýslu var þess farið á leit við fjárveitingarvaldið, að styrkur til mótorbátaferða í Austur-Skaftafellssýslu sje hækkaður upp í alt að 2000 kr., og málaleitanir um hið sama komu fram á ýmsum þingmálafundum.

Háttvirtri fjárlaganefnd til leiðbeiningar vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þetta mál.

Undanfarin ár hefir Þórh. kaupm. Daníelsson í Hornafirði haft báta-ferðir þessar á hendi, og hefir mótorbátur gengið margar ferðir milli Hornafjarðar og Papaóss og Hvalnesskróks í Lóni, og síðasta sumarið 2 ferðir milli Hornafjarðar og Djúpavogs, og hafa orðið mjög góð not af ferðum þessum fyrir almenning. En í vor, sem leið, neitaði Þórh. Daníelsson að eiga neitt við þetta lengur, þar eð styrkurinn væri svo lítill, (400 kr.) að hann skaðaðist á ferðunum. Var þá leitað til mótorbátaeigenda á Djúpavogi um það, hvort þeir vildu ekki takast á hendur ferðir þessar, og var svar komið frá þeim, rjett áður en jeg fór að heiman í miðjum júní, að þeir vildu ekki við það eiga fyrir þenna lága styrk. Veit jeg svo eigi, hvort nokkur hefir fengist til að taka ferðirnar að sjer í sumar, en býst varla við að svo verði.

Út af þessu vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit við háttv. fjárlaganefnd, að hún hækki eitthvað hinn umrædda styrk til mótorbátaferða í Austur-Skaftafellssýslu, og teldi jeg fyrir mitt leyti mikla bót, ef styrkurinn yrði hækkaður um helming, eða upp í 800 kr. á ári, því ef strandferðir í Hornafjörð kæmist í þolanlegt lag, líkt og ráðgjört var á síðasta þingi, þá þyrfti báturinn ekki að fara margar ferðir til Djúpavogs, en ferðirnar þangað hleypa kostnaðinum mest fram.

Jeg fjölyrði svo ekki frekar um þetta, en vænti þess, að háttv. fjárlaganefnd taki liðlega í mál þetta«.

Af þessu munu menn geta sjeð, hvort ástæða sje til að segja, að í brjefi mínu sje því mótmælt, að styrkurinn verði hækkaður. Jeg sje ekki, hvernig háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) fer að finna það út. Mjer liggur við að segja, að það sjeu óhlutvendni, að rífa þannig orð úr rjettu samhengi og leggja í þau þveröfuga meiningu.

Jeg skal svo ekki viðhafa fleiri orð um þetta mál, það er hvort sem er ekkert stórmál, hvorki fyrir hlutaðeigandi hjerað nje fjárveitingarvaldið. En það verður ekki annað sagt með sanni en að sanngjarnt sje að veita þenna styrk, sjerstaklega þegar litið er til hinna erfiðu samgangna á sjó í Austur-Skaftafellssýslu.

Læt jeg svo deildina ráða, hvað hún gjörir í málinu, eftir að hafa heyrt þessar ástæður.

Stefán Stefánsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þrjár brtt., sem jeg vil minnast á með örfáum orðum.

Fyrsta tillagan er, að 5000 kr. verði gefnar eftir af 10000 kr. tillagi, sem Skagafjarðarssýsla og Eyjafjarðarsýsla hafa lagt til símalínunnar milli Sauðárkróks og Siglufjarðar. Þessa hefir verið leitað áður, þótt það hafi verið undir nokkuð ólíku formi, en alt af árangurslaust. Háttv. 2. þm. Skagf. (J. B.) hefir farið fram á það í Ed., að þessi símalína yrði tekin í 1. flokk, en það var felt með öllum atkvæðum gegn atkvæði flutningsmannsins eins. Jeg hefi því litið svo á, að það hefði enga þýðingu, að flytja slíka tillögu hjer, en í stað þess hefi jeg leyft mjer að flytja þessa tillögu, sem fer fram á það, að helmingur tillagsins verði gefinn eftir, en að öðru leyti engin breyting gjörð á því, í hvaða flokki línan telst, og ekki heldur farið fram á neina breytingu á því, hver kostaði stöðvarrekstur inn á Siglufirði. Ástæðan til þessarar brtt. minnar er sú aðallega, að þessi símalína borgar árlega svo geysimikið fram yfir allan kostnað, að það er ósanngjarnt í mesta máta að heimta allar tekjurnar og auk þess, að sýslurnar borgi þessar 10000 kr. Til dálítillar skýringar skal jeg gefa þær upplýsingar, að þessi lína frá Vatnsleysu í Skagafirði til Siglufjarðar kostaði tæpar 30000 kr. En í stað þess, að leggja að eins þá línu, var líka lögð lína í framhald af henni frá Vatnsleysu til Sauðárkróks. Þessi vegalengd, sem er 15—16 km., er því aðallínunni óviðkomandi, en hún kostaði um 6000 kr. Upphaflega var ekki óskað eftir öðru, en að línan lægi frá Siglufirði til Vatnsleysu í Skagafirði, svo að í stað þess, sem hún þurfti ekki að kosta nema tæpar 30000 kr., hefir hún kostað 35264,34 kr. Þegar Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla gengust undir það, að greiða 10000 kr. af öllu þessu fjárframlagi, var það álit manna, að línan myndi ekki gefa eins mikið af sjer eins og raun er á orðin. Reikni maður að línan hafi kostað 30000 kr. frá Siglufirði til Vatnsleysu, þá er hún nú fullkomlega borguð, því að árlega hefir hún gefið af sjer um 20%, auk vaxta og alls kostnaðar við rekstur stöðvanna og viðhald línunnar. Það væri því harla eðlileg krafa, að þessi lína yrði tekin upp í 1. flokk, eða

með öðrum orðum að alt framlag hjeraðanna yrði endurgreitt og stöðvarkostnaður borgaður af símanum; en þar sem krafan kemur nú fram í þessu milda formi, þykist jeg mega vænta þess, að þingið veiti þessa mjög svo sanngjörnu eftirgjöf. Þegar jeg tek það fram, að línan gæfi af sjer 20% árlega, þá eru að eins teknar til greina þær tekjur, sem fást fyrir útfarin símasamtöl og símskeyti, en innkomin samtöl og símskeyti alls ekki talin með. Það mætti því að líkindum telja tekjurnar helmingi meiri. Jeg skil nú ekki að þingið geti gengið fram hjá þessari hóflátu kröfu, sjerstaklega þegar lítið er til þess, að Vestmannaeyjalínan var þegar í byrjun tekin upp í fyrsta flokk og allur kostnaður greiddur af landssjóði. Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um þetta atriði. Jeg hefi í örfáum dráttum leitast við að lýsa því, hversu eðlileg þessi ósk Skagfirðinga og Eyfirðinga er. Málið hefir verið rætt í báðum sýslunum á þingmálafundum, og þykir öllum það vera of langt gengið, að heimta svo mikið fjárframlag af línu, sem gefur jafnmikið af sjer í hreinar tekjur árlega.

Þá á jeg aðra brtt. á þgskj. 568, og skal jeg ekki vera margorður um hana. Við 2. umræðu fjárlaganna var samþ. að veita Einari Hjaltested 3000 kr. styrk til sönglistarnáms. Mjer virtust þingmenn þá greiða atkvæði í hugsunarleysi um styrk þenna, og hefir það líklega stafað af því, að þeir hafi ekki þekt ástæður þessa manns. Jeg hefi síðan leitað mjer upplýsinga um fjárhagslega aðstöðu þessa manns, og fengið að vita, að aðstandendur hans eru góðum efnum búnir. Mjer finst því, að þótt hann fengi ekki nema 1000 kr, þá ætti það að vera góður styrkur fyrir hann með því fje, sem hann má vænta frá aðstandendum sínum hjer í Rvík. Þegar svo er, að menn sinna ekki ýmsum almennum nauðsynjamálum, virðist það fremur hjáleitt, að veita fje til einstakra manna í mörgum þúsundum. Mjer er nú forvitni á að vita, hvernig menn greiða atkvæði um þessa tillögu, þegar það má telja sem víst, að þessi maður fær nægilegt fje annarsstaðar frá. Það er sannarlega til nógu mikils mælst, að veita þessum manni 1000 kr. styrk, en þó hefi jeg sett til vara 1500 kr., ef deildarmönnum skyldi þykja 1000 kr. of smávægileg fjárveiting.

Þá er þriðja brtt. mín á þgskj. 569, um að veita Benedikt barnakennara Þorkelssyni 100 kr. ellistyrk. Hann er bláfátækur maður, sem hefir stundað barnakenslu í 30—40 ár, en er nú orðinn heilsulítill og getur ekki sint öðrum störfum. Hann hefir áður sótt um ellistyrk í viðurkenningarskyni fyrir starf sitt, en fjekk þá enga áheyrn. Þessa tillögu hefi jeg flutt eftir beinni ósk hans, og af því að jeg hefi þekt manninn og starf hans frá því jeg var unglingur, þá get jeg með ljúfu geði gefið honum mín bestu meðmæli. Háttv. fjárlaganefnd hefir ekki treyst sjer til að taka upp styrkveitingu til þessa kennara, og stafar það kann ske af því, að umsókn hans hafa að þessu sinni ekki fylgt nein meðmæli frá einstökum mönnum, og kemur það til af því, að á þinginu 1913 lágu fyrir meðmæli ýmsra mætra manna með styrkbeiðni hans. Jeg man vel eftir því, að hann sýndi mjer þá vottorð frá mörgum velmetnum mönnum, og skal jeg af þeim nefna síra Jónas Jónasson og síra Helga Árnason prest í Ólafsfirði. Þessi kennari hefir unnið að sínu kennarastarfi bæði í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum, en er þó fjelaus með öllu. Hann varð fyrir því óhappi fyrir nokkrum árum að tapa því fje, sem hann hafði smátt og smátt aurað saman til elliár-

anna, lánaði það kunningja sínum, í þeirri góðu trú auðvitað, að fá það aftur, en reynslan hefir orðið sú, að hann hefir ekki fengið einn eyri. Það væri því einkar vel til fallið, ef þingið sæi sjer nú fært að styrkja þenna gamla og fátæka mann, sem er búinn að slíta kröftum sínum í nytsömu starfi í þarfir fósturjarðarinnar, með því að veita honum þenna litla styrk árlega, því, eins og jeg tók fram, er hann nú ekki orðinn vinnufær, en þykir hins vegar sárt að verða að leita til sveitarinnar með framfæri sitt á gamals aldri. Jeg vil því enn leyfa mjer að mæla hið besta með þessari litlu fjárveitingu, og læt jeg svo máli mínu lokið í þeirri von, að háttv. deild sjái sjer fært að verða við þessum mjög svo eðlilegu tilmælum hans.

Björn Hallsson: Jeg held að það nálgist, að jeg tali yfir tómum bekkjum nú; mönnum eru auðsjáanlega farnar að leiðast umræður í fjárlögunum, og er það að vonum, því að þær eru orðnar langar. En jeg hefi ekki lengt hjer óþarfar umræður og vona, að menn hlusti því með þolinmæði á þau fáu orð, sem jeg ætla að segja. Jeg segi óþarfar umræður, af því að jeg lít svo á, að langar ræður breyti ekki afstöðu einstakra manna til málanna og sjeu því gagnslausar.

Jeg hefi ekki flutt áður nema eina brtt. við fjárlögin, ásamt háttv. 2. þm. N.-M. (J. J.). En hún fann ekki náð fyrir háttv. deild.

Nú hefi jeg ekki við þessa umræðu flutt neina brtt., beint, en óbeint á jeg eina, er jeg vil minnast á. Jeg skrifaði háttv. fjárlaganefnd um að hækkaður yrði styrkur til búnaðarskólans á Eiðum. Undanfarið hefir styrkurinn verið 2500 kr., en meðan hann er svo lágur, samsvarar hann ekki því fje, sem rekstur skólans kostar, og á skólinn því einlægt við þröngan fjárhag að búa. Nú hefir fjárlaganefndin verið svo sanngjörn, að taka þessa styrkhækkun til greina. Ástæður fyrir þessari umsókn tók jeg fram í brjefi mínu til nefndarinnar, eins og háttv. framsm. fjárlaganefndar (P. J.) tók fram, og skal jeg taka þær hjer upp í örfáum dráttum.

Á síðasta vori var samþykt ný reglugjörð fyrir skólann; var hún sniðin eftir reglugjörð bændaskólanna. Þessi nýja reglugjörð hefir í för með sjer talsverð aukin útgjöld við skólahaldið. Þannig hækkar kaup kennara að mun, enda var það sanngjarnt, því kaup þeirra var lágt og þeir eru góðir kennarar og standa því vel í stöðu sinni. Hefðu þeir annars farið frá skólanum, og hann því tapað góðum kenslukröftum, því að eins og eðlilegt var, báru þeir laun sín saman við laun kennaranna við bændaskólana, en þau voru talsvert hærri en á Eiðum.

Það er ýmislegt fleira, sem reglugjörðin gjörir ráð fyrir, er hefir aukin fjárútgjöld í för með sjer, svo sem námsstyrkur bæði fyrir bóklegt og verklegt nám, sem hefir ekki verið áður nema við verklegt nám.

Það virðist ekki vera ósanngjarnt, bæði borið saman við bændaskólana, eins og jeg hefi drepið á, og einnig borið saman við kvennaskólana, að styrkurinn til Eiðaskóla verði hækkaður. Enn fremur má benda á það, að sumum þessara skóla hefir nú verið veitt styrkuppbót, vegna hins afarháa kolaverðs, sem nú er. Jafnframt vil jeg benda á það, að háttv. Alþingi ætti ekki að þurfa að vaxa í augum þessi styrkur til Eiðaskóla, þar sem hann er sú eina skólastofnun, sem er á Austurlandi, fyrir utan unglinga og barnaskóla í kaupstöð-

um. Þess vegna virðist öll sanngirni mæla með því, að hann sje styrktur verulega úr landssjóði.

Hins vegar er mjer fullkunnugt um, hversu fjárhagur skólans er erfiður, því að jeg er í skólanefndinni og fjehirðir skólasjóðs. En á hinn bóginn er mönnum þar eystra mjög mikið áhugamál, að halda skólanum áfram, því að nýlega hefir verið reist þar vandað og risulegt skólahús, sem kostaði allmikið fje, og auk þess vilja menn ekki missa þá einu skólastofnun, sem til er á Austurlandi.

Hjer er einungis farið fram á, að styrkurinn sje færður úr 2500 kr. í 3000 kr., og er því ekki nema um 500 kr. hækkun að ræða.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en þykist hafa ástæðu til að vonast til þess, að háttv. deild taki þessari málaleitan vel.

Jeg ætla mjer ekki að fjölyrða um allan þann mikla fjölda af brtt., sem hjer eru fyrir hendi, enda væri það til þess að æra óstöðugan, að fara að rekja þær allar. Yfirleitt hallast jeg að tillögum fjárlaganefndar. Jeg vil gjarna spara og vil ekki fara í kapphlaup um að ná sem mestu úr landssjóði fyrir mitt kjördæmi.

Það er þó hjer brtt. á þgskj. 594, er jeg vil minnast á. Hún er um styrk til að vinna kol. Þetta er vandræðamál; upphæðin er allhá, en fjárhagur tæpur. Þó er það engum vafa bundið, að hjer er um þýðingarmikið mál að ræða. Sýnishorn af kolunum, sem hjer eru fyrir hendi, bera það með sjer, að þótt hjer sje ekki um bestu kol að ræða, þá eru þau samt vel brúkleg.

Annars er miklum erfiðleikum bundið að geta hagnýtt sjer þessar kolanámur; lending er afarslæm þarna vestur við Breiðafjörð; væri því óumflýjanlegt að gjöra þar bryggju og jafnvel höfn, en það hefði gífurlegan kostnað í för með sjer.

Þó að jeg sje málinu hlyntur, get jeg samt ekki greitt þessari brtt. atkvæði mitt, vegna þess, að málið er illa undir búið, svo ómögulegt er að giska á, hver kostnaðurinn yrði.

Jeg tek undir með háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), þar sem hann hefir komið fram með brtt. viðvíkjandi 3000 kr. styrk til Einars Hjaltested og vill færa hann niður í 1000 kr.

Við 2. umræðu fjárlaganna var hjer haldin mjög gyllandi ræða fyrir styrk til þessa manns. Jeg hefi síðan grenslast eftir ástæðum hans, og eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, fylgi jeg að sjálfsögðu lækkuninni, frá háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), þó jeg vildi helst, að styrkurinn væri alveg feldur, því að þótt þörf geti verið á að stykja listamenn til náms, má þó ofmikið af öllu gjöra og misjafnar ástæður manna.

Jeg ætla að efna loforð mitt, um að þreyta ekki um of háttv. deild með langri ræðu, en mun sýna afstöðu mína til annara brtt. með atkvæði mínu, er þar að kemur.

Matthías Ólafsson: Jeg skal ekki vera margorður. En jeg á tvær breytingartillögur sjálfur og auk þess eina með öðrum, er jeg vildi fara um örfáum orðum.

Við 2. umræðu fjárlaganna var samþykt 18000 króna tillag til Fskifjelags Íslands. Jeg gat, eftir atvikum, verið alveg sammála gjörðum fjárlaganefndarinnar um það, að lækka þetta tillag úr 20,000 kr. niður í 18000 kr., eftir því sem nefndin rökstuddi það. En síðan hafa komið fram tilmæli um það, að styrkja kenslu í sjómannafræði á Vesturlandi. Er gjört ráð fyrir, að sá

skóli yrði á Isafirði, fyrir menn, er ætla að takast á hendur skipstjórastöðu á smærri skipum.

Í Ed. hefir fjárlaganefnd samþykt, að Fiskifjelagið sjái um þennan skóla og kostnað þann, er af honum leiðir, og leggur nefndin til, að fjelaginu verði veittar 19000 kr. með því skilyrði, að það annist þessa kenslu. En mjer virðist að þá sje tillagið helst til lágt. Vil jeg því fá tillagið til fjelagsins hækkað upp í 20,000 kr., eins og Fiskifjelagið fór fram á. Jeg hefi átt tal um þetta við háttv. fjárlaganefnd, og virtist mjer hún þessu hlynt, og vona jeg því að hún og háttv. deild sjái sjer fært, að greiða atkvæði með breytingartill. þeirri, sem jeg hefi komið fram með viðvíkjandi þessari hækkun.

Önnur breytingartillagan, sem jeg á, er á þgskj. 549, sem er annars eðlis og óskyld. Hún er um styrk til Hólmfríðar Árnadóttur, til þess að halda uppi kvöldskóla i Reykjavík. Hún hefir verið kennari á Ísafirði og víðar og reynst alstaðar góður kennari. Jeg þekki ekki efnahag hennar, en jeg veit að hún hefir verið í Englandi og kynt sjer kensluaðferðir og skólafyrirkomulag. Hins vegar er mjer það kunnugt, að hún er vel að sjer í enskri tungu, og fleirum þeim námsgreinum, er hún hefir kent hjer í Reykjavík.

Hún hefir undanfarin ár haft kvöldskóla hjer í Reykjavík, og hefir sá skóli reynst vel. Slíkir skólar eru alveg bráðnauðsynlegir, því að þá getur sótt kvenfólk, sem annars vinnur allan daginn, en hefir kvöldstundunum yfir að ráða. Getur þeim tíma naumast verið betur varið til annars.

Hún hefir sótt um 1000 króna styrk í þessu skyni. Meiri hl. fjárlaganefndar sá sjer ekki fært að taka þetta til greina. En af því að jeg er sannfærður um, að mikil þörf er á þessu, hefi jeg komið fram með breytingartillögu þá, er jeg hefi nefnt, og vonast jeg til þess, að háttv. deild samþykki þessa fjárveitingu, því að hún mun óefað að miklu gagni koma.

Þá er þriðja breytingartillagan, er jeg á með öðrum manni, á þgskj. 607.

Eitt af því, sem einna mestan þátt getur átt í því að draga úr slysum, er sundkensla. En sá maður, er mest hefir gjört í þessu efni, er Páll Erlingsson. Í seinni tíð hefir hann fengið Erling son sinn, er aflað hefir sjer frægðar fyrir sund erlendis, sjer til aðstoðar.

Nú er Páll sjálfur orðinn gamall og farinn, og því eigi hægt að búast við því, að hann geti stundað sundkenslu af annari eins elju og meðan hann var upp á sitt hið besta. En til þess að hann geti tekið Erling sjer til aðstoðar, svo að honum sjálfum geti liðið betur og hefði minna að gjöra, höfum við farið fram á í brtt. þessari, að 1200 kr. styrk þeim, sem næsta fjárhagstímabil á að veita Reykjavíkurbæ til sundkenslu, verði breytt í 300 kr. eins og verið hefir, en 1200 kr. styrkur til að halda uppi sundkenslu verði veittur Páli.

Jeg hefi átt tal við Pál um það, hvort hann sæi sjer ekki fært að leiðbeina mönnum úti um land í björgunartilraunum. Mörg slys úti um land eru því einu að kenna, að þó að menn geti fleytt sjer á sundi, þá eru þeir ófærir til að bjarga öðrum. Það kemur t. d. ekki ósjaldan fyrir, að menn, sem detta úti úr bát eða af bryggju, drukna beinlínis af því, að enginn viðstaddra kann björgunarsund. Páll kvaðst vera fús til að gjöra það, sem hann gæti í þessu, en meðan tekjur sínar væru ekki meiri, sæi hann sjer það ekki fært.

Þar sem hjer er um mikið nauðsynjamál að ræða og útgjöld landssjóðs hækka að eins um 300 kr., þótt breytingartillagan verði samþykt, vonast jeg til svo

góðs af háttv. deild, að menn greiði henni atkvæði sitt, ekki síst þar sem Páll er alls góðs af okkur maklegur.

Þá kem jeg að brtt. annarra þingmanna. Um þær skal jeg vera fáorður.

Við 2. umr. fjárlaganna greiddi jeg atkvæði á móti fjárveitingu til að ryðja vör við Ingólfshöfða. Nú hefir komið fram brtt. um þetta frá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) á þgskj. 606, að þetta verði því að eins gjört, ef landsverkfræðingur sjái, að það komi að notum.

Jeg tók það fram við 2. umræðu, að það eitt mælti á móti þessu, að hafnarfróður maður hefði ekki athugað, hvort fyrirtækið væri framkvæmanlegt, og því væri ekki hægt að segja annað en að þetta fje væri veitt í blindni. En það var ekki af því, að jeg væri því mótfallinn, að þetta væri gjört, ef vissa væri fyrir því, að það kæmi að notum.

Ef athugasemd háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) verður samþykt, greiði jeg þessari fjárveitingu atkvæði mitt, og tel það í samræmi við fyrri afstöðu mína til þessa máls.

Björn Kristjánsson: Jeg á fáeinar brtt., er jeg vil minnast á.

Það er þá fyrst brtt. á þgskj 531, þar sem farið er fram á, að veitt sje síðara árið á næsta fjárhagstímabili 3900 kr. til brúargjörðar á Bleikdalsá í Kjósarsýslu. Jeg hefi flutt þetta mál þing eftir þing. Fyrst flutti jeg það 1909, og var þá lögð fram áætlun um kostnaðinn, er fyrirtækið hefði í för með sjer, gjörð af landsverkfræðingi. *(Matthías Ólafsson:* Þetta hefir verið samþykt á öllum þingum síðan). Ekki öllum, en gildar ástæður hafa verið færðar fyrir þessu máli. Eins og kunnugt er, er á þessi á póstleið eða þjóðbraut, en beiðnin um fjárveitingu til þessarar brúargjörðar hefir sjerstaklega komið fram vegna þess, að áin er á læknisleið. Við 2. umr. fjárlaganna lýsti jeg þeim örðugleikum, sem Kjósarhreppsbúar hefðu við að stríða, er þeir leituðu læknis, en þá var feldur hjer í háttv. deild lítilfjörlegur styrkur til þess að gjöra mönnum það ljettara.

Á sumardegi er áin lítil, en á haustin bólgnar hún upp, og er hlákur gjörir, er hún tæplega reið, jafnvel stundum ófær með öllu.

Landsverkfræðingur hefir lagt til í athugasemdum við tillögur um fjárveitingar til vegabóta árin 1916—17, sjá A. bls. 80, að brúargjörð á Bleikdalsá yrði látin ganga á undan flestum öðrum.

Þess vegna er það ekki ósanngjarnt, að fara fram á, að brúin verði nú gjörð síðara árið, því vitanlega ætlast landsverkfræðingur til, að þetta verði gjört á næsta fjárhagstímabili.

Þetta virðist því síður vera ósanngjarnt, þar sem styrkurinn, til að gjöra mönnum ekki eins erfitt að vitja læknis í Kjósarhreppi, var feldur, og því fremur virðist vera ástæða til þessa fyrir þingið, þar sem þessi sýsla fjekk ekkert fjárframlag í síðustu fjárlögum og á enga fjárframlagsvon í núverandi fjárlögum, nema ef það kynni að verða þessi fjárhæð. Borið saman við aðrar sýslur er ólíku saman að jafna. Jeg vonast því til, þar sem svo margt mælir með þessu, að það verði samþykt.

Á þgskj. 623 á jeg aðra brtt. við tillögur strandferðanefndarinnar, er skoða má sem viðaukatillögu. Hún er um það, að þeir strandferðabátar, sem hafa fasta ferðaáætlun, sjeu skyldir að láta Stjórnarráðið vita, hvar þeir hafi verið staddir á hverjum tíma í lok hvers mánaðar, meðan þeir ganga eftir ferðaáætlun. Þetta gjöri jeg vegna þess, að

það hefir reynst þannig, að þeir hafa oft og einatt ekki haldið áætlun, en það reynst mönnum afar bagalegt. Hefir það ekki lítinn kostnaðarauka í för með sjer, er menn verða að bíða tímum og dögum saman. Við það eyða menn peningum beinlínis og óbeinlínis, og verður ekkert úr þeim tíma, sem beðið er.

Ef strandferðaskipunum er gjört að skyldu að láta stjórnarráðinu í tje skýrslu um það, hvar þau eru stödd á hverri stundu og degi, hefir stjórnarráðið sannanir í höndunum, ef kæra kemur á hendur skipunum, og getur því fremur skorið úr því máli. Væri þessu þannig háttað, yrði líka síður hætt við þessu, og skipin gættu sín betur en annars að halda áætlun. Jeg er því sannfærður um, að það væri til bóta að samþykkja þessa tillögu.

Sama tillaga hefir komið fram á þgskj. 590 við fjárlögin, en jeg tek hana aftur nú.

Þá kem jeg að brtt., sem jeg á á þgskj. 539.

Meiri hluti háttv. fjárlaganefndar vildi láta stjórnina útbýta styrknum til skálda og listamanna. En þó hefir hún í nefndarálitinu tiltekið þær upphæðir, er henni fundust hæfilegar, og ætlast til þess, að stjórnin fari eftir því. Nú er deildinni kunnug skoðun hæstv. ráðherra á þessu, að hann skoðar þessar upphæðir sem minsta styrk og bindur sig ekki við þær að öðru leyti. Þar sem þessu er þannig farið, að ráðherra telur sig óbundinn af tillögum nefndarinnar, þá finst mjer ekki ástæða til að taka styrkinn út úr fjárlögunum, og legg jeg því til að hann sje aftur tekinn upp í þau sem áður.

Aðalástæðan fyrir því, að þetta var tekið út úr fjárlögunum, er víst það, að mönnum hefir þótt leitt að tala um einstaka menn í umræðum á þingi. En þar sem menn eru nefndir á nafn við ýmsar aðrar fjárveitingar, þá er ekki ástæða til að taka hina undan, ekki síst þar sem þeir hafa haft styrkina lengi, og því ólíklegt, að mikið verði um þá deilt.

En ástæðan fyrir því, að jeg vil að fjárveitingar þessar standi í fjárlögunum, er sú, að þessir menn þurfa að vita á hvað mikinn styrk þeir mega byggja, og það sem fyrst, jafnvel áður en þingi er slitið. Ekki síst vegna þess, að margir þessara manna eru fátækir, og kemur því mjög bagalega, ef styrkurinn verður ekki eins hár og þeir bjuggust við. Jeg vil því vonast til að þessar fjárveitingar verði teknar aftur upp í fjárlögin.

Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að ágreiningur er um, hvort gjöra eigi upp á milli Guðmundar Guðmundssonar og Guðmundar Magnússonar. Það átti að lækka styrk Guðmundar Magnússonar, en jeg legg til, að styrkur Guðmundar Guðmundssonar verði hækkaður, svo báðir hafi jafnt. Tillögur mínar í þessu efni fara því fram á, að báðir hafi 1200 kr. á ári. — Guðmundur Guðmundsson sje hækkaður um 200 kr. — En fáist það ekki fram, þá kem jeg fram með varatillögu um, að báðir fái 1000 kr. á ári. Styrkur Guðmundar Magnússonar sje lækkaður um 200 kr. Enda gjöri jeg ráð fyrir, að hann beri meira úr býtum fyrir rit sín, þar sem hann skrifar aðallega sögur, en hinn er lyrískt skáld.

Út af því því, sem háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) sagði um efnahag aðstandenda Einars Hjaltested, skal jeg geta þess, að hann hefir þar skakt fyrir sjer. Mjer er þar kunnugra um en öðrum, og jeg veit, að þeir geta ekki hjálpað honum um fje honum til styrktar áfram, svo að hann verður að hætta söngnámi, ef þingið tekur ekki beiðni hans til greina.

Skúli Thoroddsen: Jeg er hjer riðinn við brtt. á 3 þingskjölum, og skal því leyfa mjer, að gjöra grein fyrir þeim í fám orðum.

Fyrsta brtt. er á þgskj 609, þar sem farið er fram á það, að í stað þess, er strandferðanefndin hefir að eins ætlað 5 þús. kr. ári til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp, þá verði sá liður nú hækkaður upp í 6500 kr.

Jeg skal geta þess, í sambandi við nefnda brtt. mína, að í núgildandi fjárlögum er liður þessi talsvert hærri, enda jafnframt ætlast þá og til þess, að báturinn fari nokkrar ferðir til Húnaflóa.

Á hinn bóginn hefir niðurstaðan þó nú orðið sú, að það sje *ekki* heppilegt að halda sama fyrirkomulaginu framvegis, heldur sje báturinn að eins ætlaður Ísafjarðardjúpi, ásamt öðrum pörtum N.-Ísafjarðarsýslu, ef eigi og V.-Ísafjarðarsýslu, en fari þá alls eigi til Húnaflóa.

En þó að þessi takmörkun hafi nú verið ráðin, þá hefir sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu þó engu að síður litið svo á, sem til bátsferða þessara þurfi þó talsvert meiri styrk en samgöngumálaráðunauturinn, og nefndirnar, sem um málið hafa fjallað, hafa gjört ráð fyrir, eins og skjal, sem legið hefir í les-stofu Alþingis í sumar, ber með sjer.

I von um, að málið fái þá betri byr, hefi jeg þó ekki farið fram á jafn háa upphæð, sem sýslunefnd Norður-Ísfirðinga telur æskilegast, að fengist, en látið nægja, að fara að eins fram á 6500 kr. og til vara 5500 (ekki 5590, eins og í þgskj. stendur; það er prentvilla), og er vara-krafan þá **alveg** samhljóða því, er samgöngumálaráðunauturinn hefir talið þurfa, og hvað sem öðru líður, þá vona jeg að menn fylgi þó tillögu hans og samþykki því að minsta kosti varatillögu mína.

Önnur brtt. er á þgskj. 581, og fer í þá átt, að **Einari Þorkelssyni**, skrifstofustjóra Alþingis, sjeu veittar 800 kr., til þess að semja sögu landsfjórðunga og hjeraða á Íslandi.

Að því er tillögu þessa snertir, skal jeg og geta þess, að hún er fram komin af því, að fjárlaganefnd barst skrifleg beiðni hans í greinda átt, og getur hann þess þar, að hann hafi þegar safnað talsverðu til þessa verks, og undirbúið það.

Það er og kunnugt, að maðurinn er *mjög* góðum hæfileikum gæddur, enda myndi hann eigi hvað eftir annað hafa verið kjörinn skrifstofustjóri þingsins, ef svo væri eigi. Sýnir skráin, sem hann hefi samið, og fylgir þingtíðindunum síðustu (um þingmanna- og forsetatal) mjög ljóslega elju hans, og áhuga, og að vel er honum því treystandi, til að leysa verkið vel af hendi.

Í sambandi hjer við, skal jeg og geta þess, að jeg hefi alt af litið svo á, sem það sje **mjög** mikils vert, *að rituð sje ekki að eins saga landsins í heild sinni*, **heldur og saga landsfjórðunganna og einstakra hjeraða (eða sýslna), og jafnvel einstakra sveita**, og sje því *rjett*, að hvetja alþýðumenn eigi síður, en aðra, til þess að safna til slíks, og semja slík rit.

Hvílíkur **unaður** það væri, að hver sveit á landinu ætti *sem greinilegasta* sögu sína, *vel sagða*, þarf jeg eigi að lýsa, nje heldur hve **gagnlegt** það væri, að vita glögt, hvað gjörst hefði á liðnum árum, um tíðarfar, skepnuhöld, jarðabyltingar, fædda menn og dána, giptingar, fundahöld, ritstörf o. s. frv., o. s. frv.

Vetur, eftir vetur, og öld, eftir öld, væri sveitar-sagan síðan lesin á kvöld-

vökunum, og löngu dáinna, sem þar er getið, væri þá **hlýlega** minst, kynslóð eftir kynslóð, — *væru sendir æ nýir, og nýir, kærleiks-straumar*, til góðs fyrir alla.

Ekki væri þá og sá vinnumaðurinn, eða vinnukonan, nje unglingurinn, eða gamalmennið, *er eigi vissi sig sögu skapandi*, ef eigi þenna daginn, þá hinn, — *vissi sig og eftirtíðina gleðjandi*, í sí og æ vaxandi mæli.

Kappið, sem öllum skapaðist þá og þannig, *löngunin til þess, að vera þá og*, eigi öðrum síður, fyrr eða síðar, *að einhverju góðu getið* — yrði þá og sveitinni, og hverjum einstakling hennar, *til ómetanlegs góðs*, auk þess er hver sveitin vildi þá og eiga annari fegurri sögu.

Íslendingar hafa og löngum haft það orð á sjer, að þeir sjeu söguþjóð, og því hygg jeg, að ýmsir geti og orðið mjer samdóma um það, að hjer sje um spor í rjetta átt að ræða.

En af því að jeg veit, að menn horfa í skildinginn, þá hefi jeg til vara lagt það til, að veittar verði þó 600 kr. á ári.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta, en vona, að tillögur mínar fái góðan byr hjer í deildinni, þótt meiri hluti fjárlaganefndar hafi ekki sjeð sjer fært, að veita málinu fylgi sitt, líklega af sparnaðar-ástæðum.

Háttv. deildarmenn munu og án efa sjá, að jafn lítill styrkur, sem hjer um ræðir, gjörir landinu hvorki til eða frá.

Hinn **sanni, rjetti stórhugur** *á og einatt, að lýsa sjer í því*, **að láta eigi bugast af örðugleikunum**, en halda sínu stryki, og færast þá æ *því meira* í aukana, sem meira að kreppir. — Hitt er **lítilmenskan**, að gjöra sig þá einatt þegar að **vesæling**, *er á móti blæs*, og vona jeg, að háttv. deildarmenn láti hvorki þm. Suður-Þingeyinga, nje aðra, innræta sjer þann hugsunarhátt, þótt eigi verði því neitað, að um of hafi að vísu viljað á honum brydda, á þinginu, sem nú stendur yfir.

Þá vil jeg minnast á br.tillögu, á þgskj. 598, frá háttv. þm. Dal. (B. J.), um styrk til cand. mag. *Jakobs Jóhannessonar*, til að rita íslenska setningarskipunarfræði, og vildi jeg mæla sem best með henni.

Jeg þekki pilt þenna nokkuð, og veit, að hann er gáfu- og hæfileika-maður, og efa alls eigi, að hann sje mjög vel fallinn til þess, að leysa verk þetta vel af hendi, en nauðsynin á því, að það verði sem fyrst unnið, og vel af hendi leyst, dylst að líkindum engum.

Þá er jeg loks við riðinn eina brtt., ásamt háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), og hefir hann nú þegar mælt svo vel með henni, að jeg þarf þar að vísu engu við að bæta.

Breytingartillagan lýtur að skáldunum og listamönnunum.

Jeg felli mig alls ekki við það, að úthlutun styrksins til þeirra sje eingöngu á valdi ráðherra.

Í tíð landshöfðingjadæmisins, var svo hagað, að landshöfðingi hafði einatt nokkra upphæð til umráða, er verja skyldi til eflingar vísinda og bókmenta m. m., en landshöfðingi þótti þá eigi ætíð verja fjenu svo vel, sem skyldi, og því var það ráðs tekið, að þingið skyldi útbýta styrknum.

Á hinn bóginn hefir þó bólað að mun á því, á nokkrum undanförnum þingum, að sumir hafa viljað láta þessa úthlutun hverfa undir stjórnina aftur, en jeg hefi þá einatt verið því **mjög** mótfallinn, og er það enn.

Í sambandi hjer við skal jeg og geta þess, að það er **algjör** misskilningur, að það hafi nokkuð að þýða, þótt fjárlaganefndin telji upp í nefndarálitinu, hverja hún telur styrksins maklegasta, með því að stjórnin er **ekki** bundin við það, —

fjárlaganefnd í Nd. ekki það fjárveitingarvald, sem öllum sje skylt að beygja sig fyrir.

Gjörum og ráð fyrir, að nefndin í Ed. nefni í nefndaráliti sínu aðra menn, en nefndin í Nd. benti á, og hvað á þá stjórnin að gjöra? Og sama er að vísu, þótt eigi sje annað en það, að þingmenn, sem utan nefndarinnar eru, telji aðra, í ræðum sínum, maklegri, en þá, sem nefndarálitið bendir á.

Hins þarf og ekki að geta, hve ilt það væri, ef skáld, og aðrir listamenn, yrðu að eiga alt undir náð stjórnarinnar, og gætu þannig orðið henni háðir. Það gæti haft alt annað, en holl áhrif, eins og jeg benti á við aðra umræðu fjárlaganna, og vil jeg því mæla sem best með marg-nefndri tillögu okkar.

Sigurður Gunnarsson: Jeg á hjer eina breytingartillögu á þgskj. 585, en aðrar tvær ásamt með háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgskj. 618 og 591.

Um brtt. á þgskj. 585 skal jeg fyrst geta þess, að eins og kunnugt er, hafði hæstv. stjórn lagt það til í fjárlagafrv. sínu, að veittar yrðu 8000 kr. hvort árið til Stykkishólmsvegar, en háttvirt fjárlaganefnd kom með þá breytingartillögu, að fella niður þenna styrk síðara árið, og náði hún fram að ganga hjer við 2. umræðu, enda þótt fjárlaganefndin legði enga sjerstaka áherslu á þetta. Nú legg jeg það til í brtt. minni, að síðara árið verði þó veittar 6000 kr. til áframhalds vegarins, og vona að hv. deild taki þessu vel. Ástæðurnar til þessa eru þær, að fyrst og fremst hefir stjórnin og verkfræðingurinn mælt í fremstu röð með þessum vegi, og hefir landsverkfræðingurinn leitt rök að því, að hann eigi að ganga fyrir öllum öðrum þjóðvegum, eins og jeg gat um við 2. umr. Enda tekur nú við sá kaflinn, sem verstur er yfirferðar, og vantar ekki nema herslumuninn, eins og landsverkfræðingurinn hefir lýst ítarlega í ástæðum fyrir fjárlagafrumv. Og í öðru lagi vil jeg benda á það, að til þess að framkvæma þetta verk, þarf ekki að kaupa nein útlend efni, sem nú eru margfalt dýrari en venjulega. Þess vegna eiga nú vegagjörðir síst að falla niður af öllum verklegum framkvæmdum, þar sem við eigum líka menn til slíkra verka, sem eru dýrir landinu hvort sem er.

Jeg vil líka benda á það, að í þessu kjördæmi er engin flutningabraut og enginn annar þjóðvegur, sem landið styrkir, og jeg hefi sjeð það, bæði við 2. umræðu og nú, að fram hafa komið ekki svo fáar tillögur um brýr, sem þó er lakara að koma upp nú í dýrtíðinni, þar sem til þeirra þarf mikið af útlendu efni. Jeg segi ekki þetta af því, að jeg hafi á móti fjárveitingum til þeirra í sjálfu sjer, heldur af því, að mjer finst þó að vegirnir ættu að standa betur að vígi nú.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vona að þessi hóflega tillega, sem færð hefir verið niður um 2 þús. kr., finni náð fyrir augum háttv. deildar.

Þá skal jeg minnast á tillöguna, sem við háttv. þingm. Dal. (B. J.) eigum á þgskj. 618, um hækkun á styrk til flóabáts á Breiðafirði, og heyrði jeg að hv. formaður fjárlaganefndar (S. B.) mintist á það mál nokkrum orðum.

Jeg skal fyrst geta þess, að þetta hefir verið vandræðamál fyrir Breiðfirðinga um mörg undanfarin ár. Það hefir eigi tekist enn, að útvega almennilegan bát til þessara ferða, heldur hafa menn orðið að bjargast við óhentugan bát, sem ein útlend verslun hefir átt. Þetta hefir leitt til einveldis um áætlanir og far-

gjöld, og hefir það fyrirkomulag orðið dýrt, og þó langt frá því að vera fullnægjandi. Því var það, að sýslunefndirnar í Dala- og Snæfellsnessýslum tóku sig saman, og nefnd manna var skipuð í fyrra, til þess að undirbúa innlent hlutafjelag, til að láta byggja og gjöra út bát, sem tæki að sjer þessar ferðir framvegis. Háttv. formaður fjárlaganefndar (S. B.) gat þess, að beiðni um styrk hefði legið fyrir fjárlaganefnd, en til allrar ólukku fylgdu þar með þær upplýsingar, sem ekki eiga lengur við, eins og málið horfir nú við. Báturinn á sem sje að verða 50 smál. að stærð og hafa 70 hesta afl og meira lestarrúm og þæginda öll en sá, er áður var, og það er ætlast til, að hann taki að sjer alla viðkomustaði kring um Breiðafjörð, frá Hellissandi og inn úr, kring um Hvammsfjörð o. s. frv. Enn fremur er ætlast til, að hann fari stundum vestur í Barðastrandarsýslu og hingað til Reykjavíkur, og getur hann þá flutt útlendu vöruna beint vestur, sem er alveg nauðsynlegt. Og á sama hátt á hann að koma innlendu vörunum frá þeim auðugu hjeruðum, sem hjer er um að ræða, til Stykkishólms, og er því auðsjeð að þessi bátur, sem á að hafa svo mikla yfirferð, muni verða að margvíslegu gagni.

Nú kann einhver að segja, að þegar litið sje á strandferðaáætlunina, sem sje sú sama og í fyrra, þá sje óþarfi að styrkurinn sje svo hár, sem við viljum leggja til.

En það er athugandi, að strandferðirnar geta alls ekki fullnægt viðskiftaþörfinni, og allra síst gætu strandbátarnir komið á alla þá staði, er flóabáturinn myndi og þyrfti að koma á.

Sje eitthvað óljóst í því, er jeg hefi tekið fram, þá mun háttv. þm. Dal. (B. J.) skýra það, þá er hann tekur til máls.

Í sambandi við breytingartillöguna á þgskj. 591, þar sem við, hv. meðflutningsmaður minn og jeg, förum fram á að landssjóður veiti 10000 kr. lán til bátskaupanna, eða rjettara sagt ábyrgð fyrir 10000 króna láni, þá skal jeg taka það fram, að tilætlunin er auðvitað sú, að sú ábyrgð sje veitt gegn þeirri tryggingu, er stjórnin tekur gilda. — En að hinu leytinu þá ætlar hlutafjelagið að ná í það, sem á vantar með hlutafjársöfnun og viðbótarláni á einn eða annan hátt, og hlutaðeigandi sýslur hafa þegar samþykt þátttöku í þessu fyrirtæki og leggja fram 3000 kr. hvor, eða 6000 kr. alls. Hlutafjársöfnun byrjaði seint í vetur og hefir haldið áfram í vor, og ber ekki á öðru en að hún gangi ágætlega, enda er áhugi manna mikill á málinu og allir hlutaðeigendur vænta þess, að þinginu muni sýnast rjett, að rjetta nú fram höndina, til þess að styrkja þetta innlenda hlutafjelag og sýna þar með, að það vilji ekki draga kjark úr mönnum til nytsamlegra framkvæmda. Út í allar þær brtt., er nú liggja fyrir, dettur mjer ekki í hug að fara; það væri einungis til þess að tefja tímann. En jeg vil geta þess, að jeg er í mjög mörgum atriðum samþykkur fjárlaganefndinni um tillögur hennar. Jeg er og samþykkur því, að nema í burtu ýmsa þá styrki, er nefndin leggur til að afnumdir sjeu sökum þessara erfiðu tíma, sem nú eru. Jeg mun ekki fjölyrða um hinar sjerstöku ástæður til þess, en mun með atkvæði mínu sýna, að mjer er full alvara með þetta.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg ætla að leyfa mjer að minnast á nokkrar af brtt. þeim, er fyrir liggja frá ýmsum þm.

Á þgskj. 597 hefir komið fram tillaga um, að bætt skuli inn í 11. grein 5000

kr. hvort árið til lögregluefirlits bannlaganna. Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þessa brtt., og leggur því ekkert til nje frá um samþykt á henni. Jeg fyrir mitt leyti er tillögunni ekki fylgjandi, þó auðvitað sje eftirlitið ekki nægilegt eins og það er nú. En jeg gjöri ráð fyrir því, að þetta yrði svo afarlítil bót á því, og gæti ekki orðið annað en byrjun til eftirlits, er myndi kosta tugi þúsunda fyrir landið og þó illa ná tilgangi sínum. Þetta stafar af því, að jeg álít lögin, ef ekki alveg óframkvæmanleg, þá að minsta kosti ofvaxin íslenskri lögreglu og okkur um megn.

Þá er brtt. á þgskj. 584 við 13. gr. Það er athugasemd, sem háttv. Dal. (B. J.) vill að sje gjörð við vegi, alveg sams konar og athugasemdin við símana, að stjórninni sje heimilað að fresta framkvæmdum á vegalagningu, jafnvel algjörlega, ef hún álíti nauðsynlegt. Mjer þótti þessi tillaga frá háttv. þm. Dal. (B. J.) harla undarleg. En reynd ar veit jeg að þetta hefir komið í fleiri manna, jafnvel í fjárlaganefndinni, en meiri hluti hennar áleit, að varhugaverðast af öllu væri að fresta vegagjörðum. Það er þess vegna, að mestur kostnaður við vegagjörð gengur til vinnulauna, en minst til efniskaupa, og að það gæti haft truflandi áhrif á atvinnuna iandinu, að taka þannig vinnu af mönnum í eitt eða tvö ár, og taka svo þeim mun fleiri menn til vegavinnu síðar meir. Vegna þess arna hafði meiri hluti nefndarinnar á móti því, að nokkur frestur væri gefinn í þessu efni.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir bæði nú og áður flutt allmargar brtt., sem jafnan hafa miðað til hækkunar, svo að munað hefir allmiklu fje, og jeg gjöri ráð fyrir, ef allar brtt. hans hefðu verið samþyktar við 2. umræðu, að þá hefði ekki verið vanþörf á þessari athugasemd. Nú við þessa umræðu eru einnig komnar fram fjölmargar brtt. frá honum og öðrum. Mjer þykir það nú næsta undarleg fjármálapólitík, ef fresta á öllum vegagjörðum í landinu, vegna allra þeirra brtt., sem hann flytur eða leggur lið. Jeg skal minnast á það í þessu sambandi, að þá er kom til orða við aðra umræðu að fella burtu styrkinn til búnaðarfjelaganna, þá barðist háttv. þm. Dal. (B. J.) sem ákafast á móti því. Nú er það öllum kunnugt, að þessi styrkur er bútaður örsmátt niður, eins og grjónum sje kastað fyrir hænsni, svo að hann kemur að mjög litlu verulegu liði. Ætli bændum þætti nú búhnykkur að fresta bráðnauðsynlegum vegaframkvæmdum, til þess að geta fengið þessa hrognamola út um alt land? Jeg held ekki.

Þá fer og háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) fram á endurgreiðslu á fje því, er Hvanneyrarhreppur lagði til Siglufjarðarsímans. Nefndin getur ekki felt sig við þessa eftirgjöf. Um þetta hefir mikið verið jagast áður, og ef það fengi nú framgang, þá er hætt við, að fleiri hreppar kæmu á eftir, er vildu fá til baka framlög sín. (*Stefán Stefánsson:* Enginn með slíkri sanngirniskröfu). Háttv. þm. kveður engin önnur hjeruð hafa jafnmikla sanngirniskröfu. Mjer er það kunnugt og hefi orð símastjórans fyrir því, að ýmsar aðrar línur gefa hlutfallslega jafnmikið af sjer, og þó nokkur partur línunnar sje stofnlína, þá er víðar þannig ástatt, t. d. á línunni frá Húsavík að Breiðumýri. Jeg býst þó ekki við því, að Þingeyingar fari fram á endurgreiðslu, ef aðrir ganga ekki þar á undan.

Þá fer háttv. þm. Dal. (B. J.) fram á persónulega launaviðbót til fornmenjavarðarins, 700 kr. hvert ár. Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu, og skal jeg ekki fjölyrða um ástæðurnar, þrátt

fyrir þau meðmæli, sem jeg býst við að háttv. flutningsmaður hennar komi með, og sem nefndinni líka eru kunnug. — Þá eru enn tvær brtt. frá háttv. þm. Dal. (B. J.). Önnur fer fram á, að feld sje niður upphæð sú, er veitt er til Bernarsambandsins í fjárlögunum. Jeg þekki að vísu ekki vel til þessa máls, en jeg hygg þó, að þessi styrkur sje veittur til þess að vernda rjett hjerlendra rithöfunda, svo að útlendir menn geti ekki þýtt rit þeirra á ýmsar tungur í heimildarleysi. Jeg býst því við, að ekki væri heppilegt að svifta rithöfunda hjer þeirri vernd, er styrkur þessi veitir. Hin tillaga háttv. þm. Dal. er sú, að feldur sje burtu styrkurinn til landmælinga hjer á landi, 5000 kr. hvort ár. Það er nú að vísu svo, að ef stríðið heldur áfram, þá er líklegt, að ekki þurfi að grípa til þessa fjár á meðan. En nefndin vill ekki fella þessa fjárveiting burtu, heldur að þessu þarfaverki sje haldið áfram af fullum krafti, svo fljótt sem auðið er, vegna þess, að hún álítur nauðsynlegt, að það komist í fulla framkvæmd hið allra fyrsta.

Þá er að minnast á styrkinn til skálda og listamanna. Nefndin heldur fast við það, að hann sje veittur í einu lagi á þann hátt, sem stjórnin hefir áður lagt til. Hún álítur, að það sje ekki vert, að binda hendur stjórnarinnar alt of mikið. Að nefndin hefir áskilið, að nokkrir nafngreindir menn, sem hingað til hafa fengið styrk, haldi áfram að fá hann, kom ekki af því, að fjárlaganefndin vantreysti stjórninni, heldur er það gjört til þess, að þeir mætti eiga styrkinn vísan. Athugasemdin er því alls ekkert vantraust til stjórnarinnar, heldur að eins til tryggingar.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) taldi að það væri betra fyrir þá, sem styrks verða aðnjótandi, að vita fyrirfram hvers þeir megi vænta. Jeg veit ekki hvað hann á við með þessu. Því jeg hygg, að styrkveitingar muni síst verða hverfulli, ef stjórnin ræður, en þingið. Það hefir oft reynst hverfult í þinginu, hverjir fengju styrkveitingar, og stundum tekið fyrir það alt í einu, sem lengi hafði staðið. Og eitt er að minsta kosti víst, að það er hægra fyrir stjórnina að veita styrk eftir verðleikum, heldur en þingið. Hjer á þingi koma menn sjer aldrei saman í smáatriðunum.

Háttv. sami þingmaður var að gjöra samanburð á þeim skáldunum, Guðmundi Magnússyni og Guðmundi Guðmundssyni, og skal jeg ekki fara út í það mál. Jeg vil þó að eins benda á að skáldsagnagjörð er að minsta kosti ekki ljettari en ljóðagjörð. Ljóðagjörð hjá okkur hefir verið þannig, að skáldin hafa ort meira sjer til dægrastyttingar en af því, að ljóðagjörðin gefi nokkuð af sjer, enda hefir það verið svo, að okkar bestu ljóðaskáld hafa haft eitthvað annað en ljóðagjörð að aðalstarfi. Um skáldsagnagjörðina er það að segja, að hún útheimtir mikinn tíma og mikinn lestur. Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) vill láta stjórnina veita styrkinn með ráði 3 manna nefndar, og sje einn kosinn af Háskólanum, annar af Bókmentafjelaginu og þriðji af Stúdentafjelaginu í Reykjavík. Fjárlaganefndin hefir ekki tekið neina afstöðu til þessarar tillögu.

Þá eru hjer 2 tillögur, önnur um að veita Brynjólfi Þórðarsyni 1000 króna styrk fyrra árið, til að stunda málaralist, og hin um veita Theodór Árnasyni 1000 kr. styrk hvort árið, til að fullkomna sig í fiðluspili. Þeir af nefndarmönnum, sem vilja að styrkurinn til skálda og listamanna sje veittur í einu lagi, geta ekki verið með þessum tillögum.

Þá er brtt. frá háttv. þm. Dal. (B. J.) um að veita Jakobi Jóhannessyni 600 kr. hvort árið til að safna til og semja

íslenska setningafræði. Nefndin hafði áður haft til meðferðar erindi frá þessum manni um þetta efni og ekki viljað fallast á það.

Þá er ný till. frá háttv. þm. N. Ísf. (Sk. Th.), um að veita Einari skrifstofustjóra Þorkelssyni 800 kr. styrk hvort árið, til að semja sögu landsfjórðunga og hjeraða á Íslandi, til vara 600 kr. hvort árið. Það er fráleitt, að nefndin hafi nokkuð á móti þessum manni. Hún vildi víst fremur unna honum styrks en mörgum öðrum. Hún þekkir dugnað hans og elju. En þar sem í fjárlögunum eru ekki svo litlar fjárveitingar, sem lúta að söguritum og rannsókn, þá hefir nefndin ekki getað fallist á þessa fjárveitingu þar til viðbótar.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir komið fram með till. um að fella burtu fjárveitinguna til Miklavatnsáveitunnar í 16. gr. Nefndin var dálítið hikandi við, að þetta fje gæti komið að tilætluðum notum, eins og bent er til í nefndarálitinu, Nefndin getur þó ekki verið með því, að fella fjárveitinguna burtu, en hún hefir á sínum tíma lagt til að bæta þeirri athugasemd aftan við liðinn, að verkið verði því að eins framkvæmt, að landsverkfræðingur álíti að það komi að tilætluðum notum.

Þá er tillaga frá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um að hækka styrkinn til Fiskifjelags Íslands upp í 20 þús. kr., gegn því, að fjelagið haldi uppi kenslu á Ísafirði handa skipstjóraefnum á smáskipum. Það er ekki hægt að segja annað en að fjárlaganefndin hafi verið rifleg við Fiskifjelagið, ekki lengra en það er á veg komið, og ekki betri en samheldnin er meðal sjómannastjettarinnar, til að efla fjelagið. Lakari voru undirtektir Alþingis við Búnaðarfjelagið þegar það var í uppvexti, og var það þó lengra á veg komið en Fiskifjelagið nú. Jeg ræð til að láta við svo búið standa. Fiskifjelagið á vöxt í vændum og styrkurinn til þess verður hækkaður á næstu árum, en að þessu sinni má við svo búið standa.

Formaður fjárlaganefndarinnar (S. B.) hefir flutt tillögu um að veita 15 þús. kr. fyrra árið og 10 þús. kr. síðara árið, til kolanámurannsókna á Vestfjörðum. Nefndin hafði þetta mál til yfirvegunar, en hún gat ekki sjeð, að tök væru á því að veita fje til þess að sinni. Það skal fúslega játað, að hjer er um þarfamál að ræða, og að nauðsynlegt er, að komast að raun um sem fyrst, hvað hægt er að hafa upp úr kolanámum hjer á landi. En nefndinni þótti ekki heppilegt að leggja til svo mikið fje nú þegar, sem þurfa mundi til rækilegrar rannsóknar. Þingið þyrfti fyrst að fá að vita, hve mikið slík rannsókn kostaði, svo að hún yrði ekki neitt kák.

Þá flytur háttv. 2, þm. Eyf. (St. St.) brtt. við 18. gr., um að veita Benedikt Þorkelssyni barnakennara 100 kr. styrk á ári. Nefndin hefir ekki getað fallist á hana, og er varla tilefni til að orðlengja um það mál. Jeg get ekki verið með því, að fjölga þeim stjettum, sem settar eru í fjárlögin. Flutningsmaður kom með þessi venjulegu meðmæli, að hjer ætti góður maður í hlut, kominn á efri ár, fjelaus, og þætti sárt að leita til sveitar. Þetta er það sama og segja má um svo margan manninn. En mjer er spurn. Er það ekki að leita til sveitar, að fá 100 kr. í 18. gr. fjárlaganna? Svo virðist mjer. Jeg segi fyrir mig, að heldur vildi jeg fara á minn hrepp, þar sem jeg hefi gjört eitthvert gagn, heldur en að lenda á landssjóði, sem ósjálfbjarga maður.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) flytur brtt. um, að stjórninni veitist heimild til að lána Hjálpræðishernum alt að 25 þús.

kr. úr viðlagasjóði til að byggja gistihús í Reykjavík. Lánbeiðni þessi lá fyrir fjárlaganefndinni, og vildi hún ekki sinna henni að neinu. Henni er þetta þó ekki neitt kappsmál, enda þýðingarlítið að heimila þessi lán, þar sem fje er væntanlega ekki fyrir hendi.

Þá er hjer heill hópur af brtt., sem jeg les ekki upp, enda veltur á minstu hvað nefndin leggur þar til málanna; um þær eru meira og minna skiftar skoðanir í nefndinni. Það er auðvitað, þegar þetta moð af brtill. er komið fram, að þá fer alt á ringulreið. Það er ekki hægt að búast við því, þegar öllu er ruglað, sem nefndin vill, að við í nefndinni verðum þá stöðugir í rásinni. Afstaða okkar breytist eftir því, hver niðurstaða verður um einstakar brtt.

Þá vil jeg minnast á þær brtt., sem jeg tel mesta þýðingu hafa. Það eru brtt. strandferðanefndarinnar. Fjárlaganefndin hefir ekki tekið strandferðamálið fyrir til rækilegrar athugunar, af því að strandferðanefndin hafði það til meðferðar. Yfirleitt mun nefndin halda sjer að tillögum strandferðanefndar. Þær till. eru í sparnaðaráttina og tryggja yfirleitt landinu sæmilegar strandferðir. Jeg ætla mjer ekki að fara inn á einstaka liði, en vil að eins skýra frá afstöðu minni til brtt. á þgskj. 618, um hækkun á styrk til Breiðafjarðarbátsins. Það er í ráði að kaupa bát til ferða á Breiðafirði, og þótti nefndinni það fallega hugsað og óskaði því máli framgangs. Fyrir strandferðanefndinni lá áætlun um verð og reksturskostnað bátsins, og fór hún eftir þeirri áætlun í tillögum sínum. Nú hefir komið í ljós á síðustu stundu, að í ráði er að stækka bátinn mikið, og því er farið fram á meiri styrk. Strandferðanefndin hefir ekki tekið afstöðu til stækkunarinnar og fjárlaganefndin ekki heldur. Ef stækka á bátinn, tel jeg það meira vafamál en áður, hvort fyrirtækið muni bera sig. Upprunalega var búist við því, að hlutafjeð yrði um 14 þús. kr. og báturinn 35 þús. krónur. En nú er áætlað, að kostnaðurinn verði 40 þúsund krónur eða meira, og tel jeg þá nauðsynlegt, að hlutafjeð sje aukið að sama skapi og báturinn stækkar. Það er sannreynt um þau fjelög, sem leitað hafa til landssjóðs, að þau hafa farið illa, af því að hlutafje þeirra hefir verið of lítið. Það þyrfti því að setja skilyrði um, að hlutafje þessa fjelags væri hæfilega mikill partur af stofnfjenu.

Á þgskj. 591 er komin fram tillaga um, að landsstjórninni veitist heimild til að taka á sig ábyrgð á alt að 10 þús. kr. láni til Flóabátsfjelags Breiðafjarðar, og var meiri hluti nefndarinnar fullkomlega hlyntur þeirri tillögu, en þegar það kom til athugunar, að hlutafje fjelagsins er ekki nema rúmlega $^1/_3$ af bátsverðinu, þótti nefndinni viðurhluta mikið að fallast á tillöguna óbreytta, og hefir hún því komið fram með viðaukatillögu á þgskj. 634, svo hljóðandi: »Þó svo, að hlutafje fjelagsins nemi eigi minna en 45% af verði hins fyrirhugaða vjelbáts«. Þetta skilyrði ætti að vera til tryggingar bæði fyrir fjelagsskapinn sjálfan og fyrir lánardrottin, hvort sem það er landssjóður eða annar. Væntanlega geta hjeruðin tekið hærri hluti í fjelaginu, svo að þetta skilyrði ætti ekki að vera því til fyrirstöðu, að lánið fengist.

Jeg ætla nú ekki að tala meira um till. strandferðanefndarinnar, heldur víkja að till. hins svo kallaða minni hluta fjárlaganefndarinnar — »minni hluti« er eiginlega ekki rjettnefni, því að fjárlaganefndin hefir ekki og getur ekki klofnað. — Jeg á hjer við brtt. okkar

háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), um að lækka styrkinn til Eimskipafjelags Íslands úr 80 þús. kr. ofan í 60 þús. kr., þannig, að fyrra árið fái fjelagið 35 þús. kr., en síðara árið 25 þús. kr. Það er vitanlegt, að þegar þingið veitti 40000 kr. til stofnunar fjelagsins 1913, var ekki meiningin, að fjelagið ætti ekki að halda uppi ferðum milli landa nokkurn veginn stuðningslaust af landsfje, heldur var hjer aðallega stofnunarstyrkur til fjelagsins. Við, sem flytjum þessa brtt., lítum svo á, eins og hinir samnefndarmenn okkar, að ekki sje heppilegt að kippa styrknum af fjelaginu. En aftur á móti, að byrjunarstyrkur þessi eigi að fara smálækkandi.

Háttv. þingm. V.-Sk. (S. E) talaði um, að ekki mætti hlaupa undan bagga með fjelaginu. Þetta og sams konar tal um brtt. okkar slær alveg röngum blæ á hana. Við viljum ekki leggja neitt slíkt til, heldur einungis að styrkurinn lækki lítils háttar. En það er líka hægt að styrkja fjelagið með ýmsu móti, og fjelaginu er öflugur styrkur að því, að samningar eru komnir á milli landsstjórnarinnar annars vegar og fjelagsins hins vegar um strandferðirnar. Fjelaginu er það stór styrkur, geti það rekið strandferðirnar á kostnað landssjóðs. Því ætti þá að vera svo mikil stoð í því að hafa strandferðirnar, að í raun og veru ætti það að nægja. Það er ekki sagt, að fjárstyrkurinn þurfi að vera svo eða svo hár, til þess að koma fjelaginu að haldi, heldur fer það eftir því, hvað heimtað er á móti styrknum. Það er hægt fyrir þing og stjórn og landsmenn að heimta svo mikið af fjelaginu, að því væri betra að hafa engan styrk, og vera slíkum kvöðum óháðara.

Jeg skal benda á það t. d., ef fjelagið, í stað þess að halda uppi fastbundnum ferðum milli Íslands og útlanda alt árið, samkvæmt núgildandi ferðaáætlunum þess, hefði tiltekið tímabil skip sín í frjálsum ferðum, þar sem flutningsgjöld væru hærri. Þetta þyrfti ekki mikið að baga oss, en gæti munað fjelagið meira en þessi lækkun á styrknum. Þá eru það þessar fjórar Hamborgarferðir, sem fjelagið hefir í áætlunum skipanna. Thorefjelagið hafði á sínum tíma 10 þús. kr. á ári úr landssjóði til þessara 4 ferða, og þóttist ekki skaðlaust af því. Nú hefi jeg sannanir fyrir því, að þótt landssjóður hefði borgað flutning til Kaupmannahafnar eða Leith á öllum þeim Hamborgarvörum, sem komu til landsins í þessum fjórum ferðum, þá hefði það verið ljettara. Sjest þá glögt, hvaða fjárhagslegur skaði hefir orðið að slíkum ferðum. Hann sýnist mjer vert að spara Eimskipafjelaginu, og leggja því ekki fje til slíkra ferða á þessu ári.

Jeg nenni ekki að orðlengja þetta frekar, þótt margt mætti segja og, ef til vill, margar upplýsingar væri hægt að gefa um ýms atriði, sem ekki er víst, að öllum háttv. þm. sjeu ljós.

Bjarni Jónsson:

»Hægt í logni hreyfir sig
sú hin kalda undiralda.
Ver því ávalt var um þig«.

Þessi orð skáldsins flugu mjer í hug, þegar jeg átti mjer einskis ills von og háttv. framsm. (P. J.) skall yfir mig sem stormbylur, með skammaryrðum. Jeg er þess ómáttugur að svara nú þegar sem skyldi ýmsum árásum hans, en mun reka í hann hnífilinn við og við á leiðinni í gegn um brtt. mínar.

Jeg skal fyrst minnast á þessa nýju sparnaðarnefnd, samspyrðu fjárlaganefndar og strandferðanefndar. Þaðan var mikillar speki að vænta, enda hafa

vonirnar ekki brugðist. Þetta spyrðuband heldur fram einni tegund sparnaðar, sem jeg verð að efast mikillega um, að holl sje. Það er sparnaðurinn í fjárveitingunni til innfjarðabáta. Jeg hygg, að rjettara hefði verið að spara á öðrum lið, styrkja þessa báta meira en strandferðirnar minna, því að þessi sparnaður nefndanna bitnar aðallega eða eingöngu á fátækri alþýðu, er býr afskekt og verður að borga hærra flutningsgjald. En sparnaðurinn á strandferðunum bitnar jafnt á öllum. Það er óþarfi að láta dýr skip vera að koma á þessa staði, sjaldnar en þörf er á, en oftar en svo, að það geti borgað sig. Þetta álít jeg illa til fundið; það væri öllum hlutaðeigendum betra að styrkja fióabátana meir á þessum stöðvum. Nefndirnar hafa nú lagst báðar á eitt að níðast á Breiðafirði. Jeg hafði raunar vænst þess, að nefndirnar vissu það, að það hagar öðruvísi til á þessum firði en öðrum. En það lítur ekki út fyrir, að þær hafi haft hugmynd um það. Jeg skal þá fræða nefndarmenn um það, að við það að fara inn á Hvammsfjörð og Gilsfjörð tefjast strandferðaskipin um 3—5 daga, en ferðirnar koma samt ekki að hálfu gagni. En jeg býst við því, að sæti nefndin í mörg ár á rökstólum — líklega þyrftu þau samt að vera nokkuð mörg, — þá mundi hún komast að þeirri niðurstöðu, að Breiðfirðingar eigi sama rjett til að fá styrk til aðdrátta og önnur hjeruð landsins. Strandferðanefndin mun segja, að áætlaðar sjeu 6 ferðir á Hvammsfjörð og 3 á Gilsfjörð. En það er ekki nema hálft gagn að sumum þessara ferða. Við skulum gefa eftir 4 ferðir á Hvammsfjörð og 1 á Gilsfjörð, svo að þá upphæð mætti spara, er til þeirra færi, ef hækkað væri við Breiðafjarðarbátinn eins og því næmi. Vörurnar, sem fluttar eru til þessara hjeraða, nema árlega 200 þús. kr. Báturinn, sem til þessa hefir verið notaður um þessar slóðir, hefir reynst alt of lítill fyrir flutningaþörfina. Hann hefir verið styrktur með 9000 kr., og hefir þó aðallega ein verslun haft mest hlunnindi af honum. Nú á að breyta þessu fyrirkomulagi; Breiðfirðingar ætla að fá sjer bát sjálfir í líkingu við Faxaflóabátinn. Sá bátur er ætlast til að fari milli hafna sunnanvert við Jökul, á Breiðafirði og alt til Patreksfjarðar. Þetta er ekki lítil vegalengd. Það er ekki víst, að þessi bátur hafi alt af nægan farm, og verði styrkurinn ekki hækkaður, þá kemur það niður á fátækri alþýðu, sem verður að greiða hærri flutningsgjöld, því að fyrirtækið má ekki farast fyrir.

Jeg vona nú, að háttv. þm. hafi skilist þetta, og þeir greiði atkvæði með því, að styrkurinn verði hækkaður.

Þá hefir nefndin tekið upp nýja siði í þessu máli. Hún vill veita sýslunum, sem bak við fyrirtækið standa, lán í þessu skyni, en setur samt sem skilyrði fyrir lánveitingunni, að lagt verði fram hlutafje, sem nemi ákveðinni upphæð. Þetta hefir ekki verið gjört áður. Þetta á víst að vera gjört til þess að tryggja það, að landssjóður bíði ekki halla af lánveitingunni. En jeg get ekki sjeð, að það verði neitt tryggara heldur en þó ekkert hlutafje væri, þar sem tvö eða þrjú öflug sýslufjelög standa að baki fyrirtækinu. Líka virðist hlutafjeð vera sett of hátt; væri skaplegra að hafa það 40 %, og mundu menn líklega ganga að því. Jeg er viss um það, að Breiðfirðingar kunna að meta það rjettilega, hve trúverðugir þeir eru álitnir. Jeg veit ekki betur, en að þetta sje eitthvert hið besta bygðarlag landsins og ætti því að ganga tregðulaust að fá styrk til svona fyrirtækis, sjerstaklega þar sem það er auðsætt, að við það getur Eimskipafjelagið sparað 3—4

ferðir á ári inn á Hvammsfjörð. Mjer þykir það óliklegt, og trúi því ekki, að háttv. þm. láti kappgirni gegn mjer bitna á Breiðfirðingum.

Jeg þarf svo ekki að fjölyrða meira um þetta, þar sem háttv. þm. Snæf. (S. G.) hefir þegar talað um það. Jeg vona, að okkar tillaga verði samþykt, en ekki tillaga nefndarinnar, enda býst jeg við því, að hún haldi ekki eins fast við hana nú og áður.

Þá skal jeg snúa mjer að öðrum brtt. Jeg hefi komið fram með brtt. um það, að styrkurinn til Miklavatnsmýraráveitunnar sje feldur burtu. Jeg lít svo á, að þetta fyrirtæki sje svo hæpið, að ekki sje út í það leggjandi að eyða meira fje til þess. Raunar bætir viðbót nefndarinnar nokkuð úr gjörir það að verkum, að fjeð verði ekki veitt, nema vissa sje fengin fyrir því, að það komi að notum. En jeg get sagt mjer það sjálfur, að á þann hátt kemur aldrei til fjárveitingarinnar, svo að jeg álít eins rjett að fella hana í burtu, til þess að hún standi ekki eins og þyrnir í augum sparnaðarmannanna á pappírnum.

Þá er tillaga um það, að veita 5000 kr. styrk til Dana til þess að gjöra landmælingar hjer. Mjer er ekki kunnugt um, að við höfum nokkurn tíma beðið Dani um þetta. Jeg álít það nægilega tillátssemi af nokkur að leyfa þeim það, þótt við förum ekki að borga þeim drykkjupeninga að auki. Það álít jeg meiri hæversku en dæmi sje til. Jeg tel okkur gjörða óvirðingu með þessu, að önnur þjóð fari að gjöra slíkt óbeðið, og við að taka á móti því. Jeg vil því leggja það til, að þessi upphæð sje spöruð og liðurinn feldur.

Þá er farið fram á það, að veittar sjeu 600 kr. til þess, að Ísland geti haldið áfram að vera í Bernarsambandinu. Jeg skal geta þess, að mjer hepnaðist að drepa þessa tillögu í fyrsta sinn, sem hún kom inn á þingið. En á næsta þingi var hún samþykt. Við sköðumst um mörg þúsund á því að vera í þessu sambandi, en græðum á hinn bóginn að engu leyti á því, því að það er okkur bæði til gagns og sóma, ef erlendir rithöfunnar vilja þýða ókeypis íslensk rit og gjöra þau þannig kunn í öðrum löndum. Og jeg veit, að vinir Íslendinga erlendis, leggja þetta venjulega á sig fyrir ekki neitt. Hvernig færi nú, ef þeir þurfa að borga fyrir þýðingarleyfið? Hvað margar bækur ætli yrðu þá þýddar? Mjer virðist þessi tillaga háttv. nefndar vera í ósamræmi við það, að hún vill borga manni fyrir það að þýða smáritgjörð á dönsku. Ef hún vildi vera sjálfri sjer samkvæm, þá ætti hún ekki að gjöra leik að því, að leggja stein í götu þeirra manna, er vilja koma íslenskum bókmentum á erlendar tungur. Með þessari tillögu sinni gefur nefndin sjálfri sjer mikið betur utan undir en jeg hefði nokkurn tíma getað gjört. Fyrir okkur, sem höfum verið að þýða útlendar bækur, gjörir það líklega hvorki til nje frá, hvort Íslendingar eru í Bernarsambandinu eða ekki. En það er önnur stofnun hjer, sem jeg veit að hv. framsögum. (P. J.) er vel við, sem bíður mikinn baga af því. Það er leikhúsið okkar. Það þarf á góðum leikritum að halda, og er ekki lítið í það varið, að geta gengið í heimsbókmentirnar og vinsað úr þeim eftir eigin geðþótta. En það er mjög hæpið, að leikhúsið fái hjer eftir að leika útlend leikrit endurgjaldslaust, því að menn geta ekki sett sig inn í það, hve fáment hjer er, og að leikhúsið geti ekki borgað fyrir þau leikrit, er það sýnir. En ef það á bæði að borga þýðendum og höfundum, þá verður það að leggja árar í bát, eða sýna eitthvert útþvætt ljettmeti, eins og

»Æfintýri á gönguför« eða þess konar. Og þessi skaði er svo mikilfenglegur, að hann vinnur fullkomlega upp það smátjón, er einstaka höfundur kann að verða fyrir af því, að við erum ekki í Bernarsambandinu. Það mundi borga sig mikið betur fyrir landið, að bæta þessum fáu mönnum upp tjónið, en greiða ekkert til Bernarsambandsins og hefta með því bókmentastrauminn til landsins.

Það getur verið, að einhver svari mjer og segi, að þetta sje hvöt fyrir íslenska höfunda til að herða sig og skrifa meira og betur. En jeg segi nei. Þetta verður til þess, að ýta undir það, að daskir eldhúsrómanar flytjist inn og verði seldir hjer í vættatali. En hafi háttv. þingmenn þau afskifti af þessu máli, sem þeir vilja; jeg þvæ mínar höndur. Jeg þarf ekki að knýja menn framar til sparnaðarins en þeir vilja sjálfir.

En þar sem háttv. framsögum. (P. J.) leyfir sjer að segja, að jeg heimti meira með tillögum mínum en jeg vil spara, þá get jeg rekið það ofan í hann með tölunum sjálfum. Fjárbeiðslur, sem jeg hefi uppi nú, eru 700 kr. til fornmenjavarðar og 600 kr. til manns, til þess að semja setningafræði. Þetta nemur 1300 kr. á ári eða 2600 kr. um fjárhagstímabilið. En tillögur mínar til sparnaðar nema alls 24200 kr., eða nærfelt 10 sinnum meira en fjárbeiðnirnar. Þar með er þetta rekið ofan í háttv. framsögum. (P. J.) með órækum tölum, svo að honum tjóar ekki að kveinka sjer.

Jeg er ekki að lasta fjárlaganefnd, þótt hún spari, en jafnan eru tvær hliðar á fjárhagnum, og á það er að líta, hvort meiri gróði sje að láta gjald af hendi eða láta það ógoldið. Sumt er sannarlega ekki gróði að spara. Og á þetta er að líta, en ekki töludálka fjárlaganna. En um styrjöldina og afleiðingar hennar fyrir fjárhag landsins er það að segja, að gagnslaust er að klípa 200—300 kr. af einstökum liðum, því að þetta nemur samtals ekki nema að eins 20—30 þús. kr., og hvað munar landsjóð um það? Nei, hitt er ráðið, að hafa tekjuáætlunina varlega, eins og vant er, og veita stjórninni heimild til þess að stöðva útgjöld, ef hún telur þess þörf, og þá upphæðir, sem um munar; símar og vitar eru ekki nægir. Sú athugasemd, sem sett hefir verið um þá, á alveg eins við um vegina, og til þess hefi jeg lagt. Upphæðin, sem þannig kynni að stöðvast, nemur 168 þús. kr. fyrir fjárhagstímabilið, og er það ekki alllítið í ofanálag við heimildina um síma og vita. Þessa aðferð tel jeg viturlega, og vona að menn hallist þar að. Jeg bið menn vel að gá að því, að ekki er til þess ætlast, að vegagjörðir sjeu stöðvaðar, heldur að eins að veita stjórninni heimild til þess í bili. Með þessu móti fæst nokkurt fje, að taka eitthvað, sem um munar, en ekki með því að spara einhverjar nurlupphæðir.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hefir mælt fram með brtt. á þgskj. 607, svo að jeg þarf ekki að leggja henni orð. Jeg tel það sjálfsagt, að sundkennararnir fái þetta fje og er það hið allra minsta, sem hægt er að bjóða þeim, tveim mönnum, enda þeim sett það skilyrði, að kenna björgunarsund kennaraefnum landsins, sem sjálfsagt verður gjört að skyldu að læra það, og má þá búast við, að þessi litla upphæð verði til að bjarga mörgum mannslífum.

Þá sný jeg mjer að tillögu, sem jeg hefi flutt, um það, að veita Matthíasi Þórðarsyni þjóðmenjaverði 700 kr. viðbót við laun hans, sem eru 1800 kr. Þetta er í samræmi við það, að skjalavörðurinn er hækkaður upp í 3000 kr. Þessi maður hefir mikið að gjöra og hefir gjört verk sín vel, betur miklu en fyrirrennarar hans. En almenningi mun

vera ókunnugt um þetta, og því tek jeg það fram. Enda segir það sig sjálft, að engin sanngirni er í því, að launa þetta starf með 1800 kr.

Þá er tillaga á þgskj. 598, um að veita Jakobi Jóhannessyni 600 króna styrk á ári til að semja íslenska setningafræði. Jeg þykist vita, að öllum muni það ljóst, að vert er að leggja sjerstaka áherslu á alla íslenska fræði, sem sorglega hefir verið vanrækt, bæði á dögum feðra vorra og sjálfra vor. Jeg ætla ekki að halda langa ræðu, en að eins minna þá háttv. þingmenn, sem skólagengnir eru, á það, hve raunalega lega lítið var stutt að Íslensku, Íslandssögu og íslenskum fræðum, yfirleitt alt fram að því að vjer urðum stúdentar eða kandídatar að minsta kosti. Það er raunalegt, að engin íslensk málfræði skuli vera til á íslensku eftir Íslending. Það má kalla, að skörin hafi færst upp í bekkinn, þegar þessi mentaþjóð svo kölluð á enga málfræði á eiginni tungu, jafnvel ekki beygingarfræði, þegar kennarar enn í dag standa á því fastara en fótunum, að í Íslensku sje að eins til fjögur föll og telja locativus dativus. Það er svo langt frá því, að þetta sje sæmilegt, að ef vel ætti að vera, þyrfti þegar á þessu ári að semja kenslubók um þetta. En sem stendur getur enginn samið svo fljótt setningafræði. Sá er nú dáinn, sem jeg vissi fróðastan um þau efni, en það var Jón rektor Þorkelsson, og nú of seint að nota hans þekkingu. En þar á móti er nægur tími til þess að nota þekkingu og áhuga þess hins unga manns, sem jeg ber nú fram á bænarörmum við þingið. Í rauninni er þó hjer ekki um bón að ræða, heldur er það góðgjörð við landið, er maðurinn vill leggja á sig þetta verk við svo litlum styrk, því að verkið er miklu meira virði en styrkurinn.

Í íslenskri setningafræði eru ekki til nema tvö rit, svo að jeg viti, annað gamalt eftir Lund, danskan mann, stórgallað, og því ekki hafandi til kenslu í Íslensku, enda er það á Dönsku. Hitt er nýtt, eða svo til, eftir Nygaard, norskan mann; sú bók er miklu betri, en alt of stór til kenslu, enda framar að telja samsafn af dæmum, heldur en kenslubók, svo að úr henni þarf nánar að vinna. En setningafræði á Íslensku vantar handa öllum skólum upp í Háskóla. Það segir sig sjálft, að tvö ár nægja ekki til undirbúnings undir þetta verk, og þarf því að veita styrkinn áfram, eftir því sem þörf segir til. Og svo að jeg fari í samanburð, þá verð jeg að segja það, að miklu liggur nær að veita þennan styrk en styrk til orðabókar, sem nú er og hefir verið í fjárlögunum. Þetta segi jeg ekki af því, að jeg vilji amast við þeim manni, sem nýtur þessa styrks, heldur af því, að jeg tel starfið ofvaxið hverjum einum manni, en þótt frækinn væri, og mundi jafnvel ekki af veita 5–6 mönnum. Þetta tók jeg fram, þegar til orða kom hjer fyrst að veita þenna orðabókarstyrk. Þessi setningafræði er þar á móti hæfilegt verkefni fyrir ungan mann, sem halda vill áfram námi sínu, en ekki lenda í matarargi og missa bestu ár ævi sinnar í arðlausa tímakenslu. Fyrir slíkan mann er þetta góður styrkur, þótt lítill sje.

Mönnum mun þá vera ljós nauðsyn landsins. En um manninn er það að sega, að hann er gáfaður, iðjusamur og fátækur, svo að fram sjeu taldir allir þeir mannkostir, sem þarf til þess að njóta styrks hjerlendis. Jeg tel fátæktina til mannkosta hjer á Íslandi, og get jafnframt sagt mönnum það, að hvorki jeg nje nokkur maður annar, sem við bókmentaleg störf fæst hjer á Íslandi, mundi hafa skap til þess, að þiggja einn eyri af landsfje, ef vjer værum ekki til

neyddir, sultarins vegna. Og ef minn fjárhagur breyttist til muna, þá mundu menn ekki þurfa að telja bitana ofan í griskudocentinn svo kallaða.

Að svo mæltu fel jeg þessa brtt. mína góðvild háttv. deildar.

Þá verður fyrir mjer tillaga háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) um nefndarskipun til að úthluta styrk til skálda og listamanna. Að þessari tillögu hallast jeg helst. Jeg hefi á undanförnum þingum oft verið sárleiður á því, að þurfa að þrátta um hæfileika og mannkosti, og jafnvel sóma manna, er boðið hafa landinu þjónustu sína. Hefir mjer bæði leiðst að þurfa að halda uppi vörnum fyrir þá, og eins hitt, að heyra árásir á þá varnarlausa og saklausa; menn, sem ekki hafa farið fram á annað en að leggja alla krafta sína í sölurnar fyrir land sitt, gegn því að verða styrktir í því, að auka þroska sinn og mentun. Því að það vita allir, að þessir menn ofurselja sig sultinum og hafa ekki annað upp úr sinni fræðigrein eða list en andlegan þroska í því, sem þeir hafa löngun til að stunda. Því er það, að á undanförnum þingum hefi jeg hallast að því, að stjórninni væri falið að veita styrk þenna. Þetta hefir nú verið tekið upp í fjárlagafrumvarp stjórnarinnar, en ekki er það eins vel ráðið og að hafa nefnd til að veita styrkinn. Bæði er, að þetta er ábyrgðarmikið fyrir stjórnina, og eins getur þetta fyrirkomulag leitt til nýrra ásókna á mentamenn og lista, svo að þegar bitlingabrigslunum linnir, taki við stjórnarsleikjubrigsl. Því líst mjer vel á þessa tillögu um nefnd til að útbýta styrknum, og tel þar með fengna talsverða tryggingu fyrir því, að rjett verði úthlutað.

Í samræmi við þetta er það, að jeg hefi ekki borið fram tillögu um námsstyrk til Kjarvals málara, sem að dómi listamanna þykir fara sjerstaklega vel með liti og hugmyndir. Hann er maður stórhuga í listinni, en er enn að læra og á þroskaskeiði, en hefir ótvíræða gáfu, sem óhætt er að styrkja. Enn vantar hann styrk í 1—2 ár, til þess að ljúka námi. Hann hefir sjerstaklega huga á því, að mála myndir úr íslenskri sögu og þjóðsögum. Þetta er að skoða sem meðmæli til stjórnarinnar og ráðuneytis hennar um styrk til handa þessum manni. Slíkt hið sama vil jeg leggja meðmæli mín með öðrum ungum manni, Brynjólfi Þórðarsyni, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) leggur til að styrkja. Jeg segi það mitt álit á þessum manni, að hann er sjaldgæfilega efnilegur maður, og vænti jeg, að stjórnin muni eftir honum, þegar kemur að úthlutun.

Úr því að háttv. framsögum. (P. J.) er hjer nærstaddur, nota jeg tækifærið til að lýsa undran minni á því, hvernig háttv. framsögum. tók í styrkveitingu til Benedikts Þorkelssonar. Mjer koma þau orð mjög á óvart, því að mjer er sagt, að maðurinn hafi lengi lagt stund á kenslu, en sje nú gamall og hrumur, en vilji ekki komast á sveit, og er von, að gömlum kennara þyki ilt sveitarlimabrennimarkið. En þótt það sje fátækrastyrkur, sem Alþingi úthlutar, þá getur verið sómasamlegt að þiggja þann styrk; að minsta kosti þykir embættismönnum svo, þeim er eftirlaun fá, er engin skyldu vera. Fjárlaganefnd hefir með rjettu lagt það til, að öðrum kennara sje veittur 800 kr. styrkur, meðan hann er veikur; hann er einn af þeim fáu mönnum, sem Alþingi hefir farist vel við, og er það algjörlega mjer að skapi, en þá því síður ætti að sjá eftir þessum fáu krónum handa manni, sem ella mundi missa mannrjettindi sín, því að, sem miður fór, komst það ákvæði inn í nýju stjórnarskrána, að mannrjettindin eru minna verð en horkindarstyrkur.

Þá vík jeg að tillögu minni um styrk-

veiting til Einars Jónssonar. Ef tillögur þingmanna um að setja nöfn manna inn í fjárlögin ná fram að ganga, þá má það aldrei sjást í fjárlögum, að Einari sje boðnar 1500 kr., því síður sem ekkert fje er nú í fjárlögum ætlað til þess að kaupa verk hans. Hann verður að minsta kosti að fá svo mikið, að hann geti haldið áfram meðan stríðið er, og ólíklegt er að keypt verði af honum, og má skoða þetta sem hallærisráðstöfun.

Að niðurlagi skal jeg geta þess, að jeg tel það blett á Alþingi í hvert skifti, sem jeg heyri minst á bitlinga, sníkjur og öll hin illu nöfn, sem heyra má á þingi og utan þings, manna á milli. Því að hvað vakir fyrir þeim, sem sækja um styrki? Þótt gengið sje gegn um allar bænarskrár til þingsins, þá er varla ein einasta, sem ekki mundi verða sint, og ætti það líka skilið, ef fjárhagurinn leyfði. En þeir, sem eru svo hepnir að verða fyrir áheyrn þingsins, eiga þeir það skilið, að vera kallaðir betlarar? Nei, jeg verð að segja, að þeir sjeu mestir höfðingjar þessa lands; þeirra gjafir eru allar höfðinglegastar, því að þeir fórnfæra sjálfum sjer þegar frá æsku fyrir fagrar hugsjónir, og ofurselja sig fátækt og mörgu illu, til þess að halda uppi sóma þjóðar sinnar. Nei, það er sannarleg þjóðarsmán, að þetta nafn skuli hafa komist á, og skömm ef menn leyfa sjer að bera í munni eftirtölur á þessum litla styrk, sem veitur er í slíku skyni. Því ef nokkrir menn á Íslandi geta þolað samanburð við þá menn, er nú ganga fram á vígvöllinn og falla þar í valinn fyrir fósturjörðina, þá eru það íslenskir vísinda- og listamenn. Því að þeir leggja orku sína, vonir sínar og líf sitt í sölurnar gegn litlu fje, háði, hrakyrðum og brixlyrðum frá golþorskum og ýsuhausum.

Ráðherra: Jeg skal ekki viðhafa mörg orð í þetta sinn. Jeg vil að eins leyfa mjer að minnast á fáeinar brtt. með nokkrum orðum.

Það eru þá fyrst tvær brtt. á þgskj. 579. Við 2. umr. tók landsreikninganefndin það fram, að hún hefði skorað á stjórnina, að greiða ekki meira til æðstu stjórnar landsins en fjárveiting stæði til. En tilgangur nefndarinnar var ekki annar en sá, að tekin væri strax hæfileg fjárveiting, svo að ekki þyrfti að leita til aukafjárveitingar og umframgreiðslu. En nú er jeg hræddur um að fjárveitingin til skrifstofukostnaðarins hrökkvi ekki til. Dýrtíðarráðstafanirnar auka að miklum mun kostnaðinn. Simagjöldin verða t. d. töluvert hærri en vanalega, sökum hinna margvíslegu ráðstafana, er gjöra þarf fram yfir það, sem vanalegt er. Og hvort sem háttv. deild samþykkir að veita 20000 kr. til kostnaðarins eða ekki, þá hefir það engin áhrif á fjárhaginn í heild sinni. Því stjórnin og skrifstofurnar geta ekki hætt að rækja störf sín þess vegna. Jeg fyrir mitt leyti vil gjarnan gjöra alt, er í mínu valdi stendur, til þess að fullnægja óskum reikningslaganefndarinnar.

Hin brtt. á þgskj. 579, er við 15 gr., 34. lið. Jeg fer fram á að hækkaður sje styrkurinn til dr. Helga Jónssonar. Nafni hans Pjeturss fær 1800 kr. styrk, og jeg get enga skynsamlega ástæðu sjeð til þess að gjöra Helga Jónsson lægri. Mjer er það kunnugt, að þessi maður stundar ágætlega sínar vísindalegu rannsóknir. Hann hefir nýlega gefið út á ensku bók um íslenska grasafræði. Hann er þar að auki alþektur

elju- og starfsmaður. Jeg vil svo leyfa mjer að drepa lítið eitt á nokkrar aðrar brtt. Mjer þykir gott, að háttv. þm. Dal. (B. J.) er viðstaddur, því jeg vildi gjöra nokkrar athugasemdir við till. hans sumar, og ræðu hans. Í fyrsta lagi fer hann fram á, að fjárveitingin til Miklavatnsáveitunnar sje feld í burtu. Mig brestur, satt að segja, þekkingu til þess að svara þessu svo sem verðugt væri, en jeg efast ekki um, að háttv. samþingismaður minn (S. S.), muni hlaupa undir bagga með mjer. *(Sigurður Sigurðsson:* Mjer dettur það ekki í hug, að svara honum). Háttv. þm. Dal. (B. J.) athugaði alveg rjettilega í einni ræðu sinni fyrir skemstu, að sumar fjárveitingar væru gróðahnykkur, þó að þær ykju reikningslegan halla í svip. Þetta er laukrjett hjá hv. þm. En hv. þm. á þá líka að draga rjettar ályktanir af þessari rjettu setningu sinni. Og ef hann gjörir það, þá brýtur þessi brtt. hans algjörlega í bága við frumsetninguna. Jeg þarf ekki að skýra það fyrir honum nje hv. deild, að áveituvatn eykur frjómagn engisins, sem á er veitt, svo að þar sprettur miklu betur eftir. *(Bjarni Jónsson:* Jú, að vísu, en vatnið streymir ekki upp í móti). Hv. þm. skýrir frá því, að hann hafi gjört þá uppgötvun, að vatnið renni ekki upp í móti. Ekki þori jeg nú að fullyrða að engum hafi verið kunn þessi ugpgötvun áður, en gjarna skal jeg unna háttv. þm. ærunnar af henni. En jeg ætla nú að gjöra ráð fyrir að þetta sje rjett, og þá kemur það algjörlega heim og saman við tilganginn, að nota sjer þetta náttúrulögmál, að vatnið rennur ekki upp á við. Tillaga háttv. þm. er því röng, ef hagnýta skal þessu nýuppfundnu fræðisetningu hans. *(Bjarni Jónsson:* Það verður þá að lækka mýrina.) Jeg hygg að verkfræðingar, er á þetta líta, álíti mögulegt að framkvæma áveitur, án þess að grípa þurfi til þessa kostaboðs háttv. þm. Dal., um að lækka mýrina, sökum þess, að yfirborð árinnar er ekki alstaðar jafnhátt yfir sjávarmál, og svo þess, að áin rennur niður í móti. Þó nú einhver mistök kunni að hafa verið á þessu í byrjun, *(Bjarni Jónsson:* Það hefi jeg aldrei sagt), þá munu verkfræðingar álíta, að áveitan sje vel framkvæmanleg, enda þótt þeir hafi bygt á þessu nýja náttúrulögmáli, er kenna mætti við háttv. þm. Dal. (B. J.) Jeg hefi ekki annað ábyggilegra en þeirra orð fyrir mjer í þessu efni, og vona að óhætt sje að treysta því.

Þá vill og háttv. þm. Dal. (B. J.) kippa á burtu styrknum til landmælinganna. Jeg stend þar algjörlega á öndverðum meið honum. Það má einu gilda, hverjir framkvæma mælingarnar. Þetta er hið mesta nauðsynjaverk, og er þar að auki prýðilega af hendi leyst. Landsverkfræðingur hefir og látið álit sitt í ljós á því, hve nauðsynlegt þetta sje, enda er það auðskilið, að allir þeir, sem við einhverjar verklegar framkvæmdir fást út um land, hafa ágætan leiðarvisi í uppdrættinum. Jeg er því samþykkur auðvitað, að skemtilegast hefði verið, að við hefðum getað leyst þetta verk af hendi sjálfir, en nú stendur svo á fyrir okkur, að okkur vantar til þess bæði fólk og fje. *(Bjarni Jónsson:* Við höfum nóga menn).

Þar sem háttv. þm. Dal. (B. J.), stingur upp á því, að burtu sje feld fjárveitingin til Bernarsambandsins, þá vil jeg ekkert fullyrða um nauðsyn þessa styrks, en jeg álít samt hyggilegra að láta fjárveitinguna halda sjer í þetta sinn og athuga málið svo nákvæmar síðar, annað hvort hjer eða í Ed.

Þá hefir komið fram brtt. frá þeim háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), um meðferðina á styrknum til skálda og listamanna. Jeg skal gjarna játa, að það sje gott fyrir

stjórnina að fá nöfnin sett í fjárlögin. Og eftir allar þær efasemdir sem komið hafa fram um hlutdrægni stjórnarinnar, þá býst jeg við að fylgja þessum brtt.

Þá hefir og komið viðaukatillaga frá háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), er vill að 3 manna nefnd sje falið að úthluta styrknum. En mjer er satt að segja ekki ljóst hvað sú nefnd á að gjöra, þegar þingið og fjárlaganefndin í samráði hafa ráðstafað öllum styrknum fyrirfram, þó að stjórnin eigi að úthluta honum í orði kveðnu. Jeg hygg líka hendingu eina, ef þessi 3 manna nefnd væri svo skipuð, að hún hefði betra vit á að ráðstafa styrknum en þing og stjórn í sameiningu. Jeg efast mikillega um, að þessir þrír vitringar geti betur gjört, þó að þeir setjist á rökstóla. Þeir geta sannarlega orðið hlutdrægir líka.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að minnast á fleiri brtt. Jeg vil að eins geta þess, að jeg mun geta felt mig við flestar brtt. fjárlaganefndarinnar.

Jóhann Eyjólfsson: Jeg á hjer enga brtt., og hefi enga fjárbón hjer fram að bera. Jeg vildi samt minnast lítið eitt á þá tillögu strandferðanefndarinnar, að hún vill færa niður þann styrk, er veittur hefir verið undanfarin ár til mótorbátsferða um Hvítá í Borgarfirði, úr 800 kr. niður í 300 kr. Jeg skal ekkert um það segja, hversu rjettlátt sje að kippa þessum styrk þannig í burtu, sökum þess, að jeg stend í töluvert nánu sambandi við fjelagið, er styrks þessa hefir notið. En jeg vildi gjarna spyrjast fyrir um það hjá háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), hvar hann hefði heyrt það talið efasamt, að nauðsyn væri á svona háum styrk. Enn fremur á hverju nefndin bygði þessa tillögu sína og í þriðja lagi hverjar ástæður háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) hefir til þess, að vilja fella styrkinn algjörlega. Jeg þykist vita, að Mýramenn og Borgfirðingar muni álíta, að allir þessir menn sjeu ekki nauðakunnugir hvernig hagar til á þessu svæði, og vildu því gjarna sjá í Þingtíðindunum, hvaðan þessir háttv. þm. hefðu fengið upplýsingar sínar. Þeir hafa að minsta kosti leitt alveg hjá sjer, að spyrja mig nokkurs um þetta mál, sem mjer er þó harla kunnugt, og þar sem jeg þá líka er þinngmaður fyrir annað kjördæmið, er jeg nefndi. Jeg býst þó við, að það hefði aldrei dáleitt þá að tala við mig um þetta. Þó nú að það sje kunnugt, að háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) sje maður fróður og vel að sjer, þá munu þeir þar efra tæplega fást til þess að trúa því, hvað sem hann segir sjálfur, að hann þekki mikið til þarna af eigin reynd, og væri því gaman og fróðlegt að vita, hvaðan hann hefir fengið þekkingu sína. Jeg get líka gefið þær upplýsingar, að 300 kr. styrkur myndi ekki verða þeginn, vegna þess, að fjelagið getur ekki gengið að því, að taka á móti svo litlum styrk, og annaðhvort mun fjelagið þá hætta ferðunum eða þá að öðrum kosti reyna að halda þeim uppi með eigin tilstyrk. Jeg vil því að eins gefa háttv. deild þær upplýsingar, að þessar 300 kr. verða ekki þegnar, og því ekki til neins að vera að láta þær standa í fjárlögunum.

Hæstv. ráðherra tók svo greinilega fram í ræðu sinni, hvílík fjarstæða væri að fella í burtu landmælingastyrkinn, svo jeg skal ekki fjölyrða um það. En mjer þykir það mjög leiðinlegt, að þessi tillaga skuli hafa komið fram hjer í háttv. deild, því það er hvorttveggja, að þetta er hið mesta nauðsynjaverk og að við hefðum aldrei, eða að minsta kosti seint, komið þessu í verk af sjálfs-

dáðum. Verkið er líka prýðilega af hendi leyst. Það er þess vegna eins og verið sje verið að slá þá menn á munninn, sem verkið hafa unnið, með þessari tillögu. Jeg get heldur ekki skilið orsökina til þess, að hún skyldi koma fram, nema ef vera skyldi, að hún sje nokkurs konar tákn upp á íslensku stefnuna, er lýsir sjer svo einkennilega hjá einstaka háttv. þm. hjer í deildinni. Jeg hygg tillöguna óhyggilega og illu heilli hjer framkomna.

Þá er og fram komin brtt. frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um að brúa Bleikdalsá. Jeg hygg að þetta væri þarft verk; að minsta kosti kom það fram við 2. umr., að oft væri hin mesta nauðsyn á brúnni, ef læknis þyrfti að vitja, og þar að auki væri hún á póstleiðinni, og því, hvernig sem á er litið, um mesta nauðsynjaverk að tala.

Ein brtt. er enn þá, sem mig langar til þess að mæla með. Hún er á þgskj. 594, frá háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), og fer fram á styrk til kolanámurannsókna vestan lands. Jeg held að þetta sje sannarlegt áhuga- og alvörumál, eða ætti að vera það að minsta kosti fyrir þing og þjóð. Jeg veit að vísu, að háttv. framsögum. (P. J.) kvað erfitt að leggja fram fje sem stendur til slíks. Mjer ofbýður satt að segja næstum, hve mikið hjer er hlaðið saman af fjárbænum og tillögum til fjárframlaga, en þrátt fyrir það vil jeg ekki strika yfir þessa fjárbeiðni. Jeg álít, að við höfum ekki efni á því og það sje ekki forsvaranlegt fyrir okkur, að kasta frá okkur tækifæri, sem líkindi eru til að leiði til að beisla og hagnýta fólgna fjársjóðu og verði auðsuppsprettur landsins. Jeg vil því eindregið mæla með þessari tillögu.

Guðmundur Eggerz: Eins og háttv. deild er kunnugt orðið, þá var tekjuhallinn við 2. umr. orðinn 300,000 kr. Nú hefir mjer talist svo til, að brtt. þær, sem fram hafa komið síðan, hafi aukið hann um 70,000 kr. Jeg álít alls ekki rjett að auka tekjuhallann, og jeg skal taka það fram í því sambandi, út af því, sem jeg hefi heyrt utan að mjer, að jeg hefi alls ekki stutt að tekjuhallanum með því að greiða Jökulsárbrúnni atkvæði mitt. Hún verður sem sje ekki bygð, ef landið kemst í peningavandræði.

Jeg á brtt. á þgskj. 591, sem fer fram á, að 14000 kr. til Langadalsvegarins sjeu feldar í burtu. Nú sje jeg, að fjárlaganefndin stingur upp á því, að 7000 kr. sjeu feldar burtu annað árið. Jeg get vel verið þessu samþykkur og tek þá mína brtt. aftur.

Jeg skal svo leyfa mjer að minnast á örfáar brtt.

Ein þeirra fer fram á, að veittar sjeu sjeu 5000 kr. hvort ár, eða 10,000 kr. alls, til eftirlits með bannlögunum. Jeg sæi alls ekki eftir þessu fje, ef jeg hjeldi að það mundi koma að notum, svo að áfengisflutningur í landið stöðvaðist, því mjer sem öðrum lögreglustjórum er það áhugamál, að landslögum sje fylgt. *(Jón Magnússon:* Heyr!). En jeg álít þessa fjárveitingu svo litla, að hún muni ekki koma að notum. Jeg vil ekki kasta þessum 10,000 kr. í sjóinn. Háttv. meiri hluti bannlaganefndarinnar hefir ekki gert neina grein fyrir því, hvernig hann hefir hugsað sjer að þessu fje skuli varið. Jeg skal nú gjöra grein fyrir því, að þetta getur *ekki* komið að neinum verulegum notum. Árið 1910 komu samkvæmt skýrslunum 1651 skip til landsins. Jeg bið menn að athuga, að þau 5 ár, sem síðan eru liðin, hefir skipunum fjölgað að mun. Samkvæmt þessu væri hægt að verja líðlega 3 kr. til þess að passa upp á hvert skip, sem til landsins kemur frá útlöndum. En nú verður vel að gá að því, að það er eins

mikil þörf á að athuga þau skip, er ganga í innanlandssiglingum, eins og útlend skip. Ef það væri nú gjört, þá kæmu ekki nema nokkrir aurar á hvert skip. En eigi eftirlitið að koma að nokkru gagni, þá þarf að vera maður um borð í hverju skipi, bæði millilandaskipum og fiskiskipunum okkar, sjerstaklega trollurunum. Ef við hefðum ráð á því, þá væri vel farið. En jeg býst við, að til þess þyrftum við fje, er skifti tugum þúsunda króna.

Þá er enn einn liður, sem mjer kom mjög einkennilega fyrir að sjá í fjárlögunum, og hann er frá fjárlaganefndinni. Hann fer fram á að veita Aage Meyer Benedictsen 500 kr. til að gefa út á dönsku fánaritgjörð Guðmundar Björnsonar landlæknis. Það er margt skrítið, sem kemur fyrir á þessu þingi. Það væri nógu fróðlegt, að fá að vita það hjá nefndinni, hvers vegna hún vill gjöra ráðstafanir til þess að þýða þessa ritgjörð á dönsku. (*Pjetur Jónsson:* Það er búið að þýða hana). Jeg hjelt, að það hefði ekki verið tilgangur nefndarinnar, að þýða hana á það mál, sem fæstir töluðu. Það hefði þá alveg eins eða öllu fremur átt að þýða ritgjörðina á færeysku. (*Sveinn Björnsson:* Eða hottentottisku). Já, eða þá það. En í alvöru talað hefði verið miklu nær að þýða þessa ritgjörð á ensku eða frönsku. Jeg sje ekki, að Alþingi hafi ástæðu til að taka íslenskar ritsmíðar og snúa þeim á dönsku í þeirri von, að einhver Dani ljeti svo lítið að lesa þær. Það væri kann ske rjett að prenta öll Alþingistíðindin á dönsku! Jeg hugsa, að þótt Danskurinn lesi þessa bók, þá veiti hún honum litlar upplýsingar um kröfur okkar um innlendan fána. Það borgar sig ekki, að fleygja í þá þessum 500 kr., því að sjálfstæði þessa lands á ekki að byggjast á skilningi Dana á okkar málum. Jeg vildi miklu heldur leggja 500 kr. fram, til þess að þessi ritgjörð yrði þýdd á eitthvert annað mál en dönsku, t. d. sænsku eða norsku, eða jafnvel færeysku.

Þá vil jeg minnast örfáum orðum á brtt. á þgskj. 595 frá háttv. sessunaut mínum, 1. þm. Rvk. (S. B.), um að lána Hjálpræðishernum 25,000 kr. til að koma upp gistihúsi og sjómannahæli hjer í Reykjavík. Jeg er algjörlega mótfallinn því, að hefta þannig fje viðlagasjóðs, og það því heldur, sem hann mun ekki hafa mikið handbært fje. Það kann vel að vera, að það væri þarflegt og heppilegt, að byggja þetta hús, en þá tel jeg það líka heppilegra, að bærinn hlypi undir bagga, en ekki landssjóður. Situr ekki háttv. sessunautur minn (S. B.) í bæjarstjórn? Hann ætti heldur að reyna að beita áhrifum sínum þar og fá bæinn til að styðja þetta fyrirtæki. (*Sveinn Björnsson:* Bærinn á engan viðlagasjóð). Jeg vil taka það fram, að það er svo víða í kauptúnum úti á landi, að það eru hrein og bein vandræði fyrir ferðamenn að fá gistingu. Reykjavík stendur miklu betur að vígi í þessu efni. Fátæk sýslufjelög hafa orðið að standa í ábyrgð fyrir 6000 kr. láni, til þess að hafa opið gistihús. Þegar fátæk sýslufjelög hafa ráðist í þetta upp á eigin býti, þá ætti Reykjavík ekki síður að geta það.

Þá vil jeg taka það fram, að því er strandferðirnar snertir og millilandaferðirnar, að jeg vil alls ekki minka þá styrki, sem til þeirra eiga að ganga. Jeg veit, að strandferðirnar eru mjög ónógar á ýmsum stöðum, eða með öðrum orðum, að viðkomur strandferðaskipanna á ýmsa staði eru alt of fáar og óstöðugar. Get jeg nefnt til þess ýmsa firði í mínu kjördæmi, svo sem Stöðvarfjörð og Breiðdalsvík.

Jón Magússon: Jeg hygg, að það hafi komið ljóslega fram hjá hv. samþingism. mínum (S. B.), hvað bannl.nefndin hafði hugsað sjer, þegar hún ætlaðist til, að veitt yrði fje til aukins eftirlits með bannlögunum. Það er því í rauninni óþarft fyrir mig að segja nokkuð um það. En af því, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) dró það í efa, að þetta myndi að gagni koma, vil jeg leyfa mjer að sýna fram á, að þessi fjárveiting gæti gjört mjög mikið gagn.

Nefndin hafði hugsað sjer að þessu fje yrði varið til viðbótareftirlits, þannig, að vörður yrði hafður í millilandaskipunum, sem hingað kæmu til lands, meðan þau lægju á höfnum inni, og má ske öðrum vöruflutninga- eða mannflutningaskipum. Mjer dettur ekki í hug að segja, að með þessu væri fengin örugg vissa fyrir því, að *ekkert* áfengi flyttist inn í landið. Jeg býst við, að það hafi engum komið í hug, að með þessu verði *alveg* komið í veg fyrir það að lögin verði brotin. En úr því að þingið hefi nú einu sinni samþykt þessi lög, þá verður það að gjöra sitt til að sporna við því, að þau verði brotin. Þessi skylda hvílir jafnt á þeim, sem bannlögunum eru í raun mótfallnir, sem hinum, er þeim eru hlyntir. Jeg hygg, að flestir lögreglustjórar myndu verða á mínu máli um það, að slíkt eftirlit, sem hjer er haft fyrir augum, mundi koma að miklu haldi. Mjer er sagt um einn lögreglustjóra, bæjarfógetann á Akureyri, Pál Einarsson, sem viðurkent er, að hafi látið sjer mjög ant um framfylgd bannlaganna, að hann telji það mjög mikils virði, að hafa vörð í skipunum. Jeg get og látið þess getið, að jeg hygg það samhuga álit allra þeirra manna hjer í Reykjavík, sem mest láta sjer ant um bannlögin, að það gæti gjört mikið gagn að hafa vörð í skipum, sem liggja hjer á höfninni. Á annan hátt er alveg ómögulegt að koma við öruggu eftirliti.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) talaði um, að árið 1910 hefðu komið hingað til landsins 1600 aðkomuskip. Jeg held að þetta hljóti að vera misskilningur. Hjer eru víst taldar allar viðkomur erlendra botnvörpunga eða annara erlendra fiskiskipa, því að með þau er að sumu leyti farið, sem komi þau frá útlöndum hvert sinn, er þau hafna sig, jafnvel þótt þau komi hjer inn dag eftir dag. En annars gjörir þetta ekki svo mikið til, því að það þarf ekki svo mjög að óttast útlend fiskiskip, sjerstaklega ekki skip frá Englandi, því að þau hafa hjer um bil aldrei áfengi með sjer nú orðið. Að vísu hafa skip frá Frakklandi áfengi með sjer, en þau hafa jafnaðarlega svo stutta viðdvöl, að lítil hætta getur af þeim staðið. Það eru að eins verslunarskipin, flutningaskipin, og einkum þau sem koma hingað stöðugt. Frá þeim stafar mest hættan, ekki einungis frá brytunum, heldur frá allri skipshöfninni, þegar hún fer að kynnast.

Jeg skal bæta því við, að ef þingið gjörir ekki neinar ráðstafanir í þessa átt, þá er jeg hræddur um, að ýmsir lögreglustjórar þykist verða svo að segja, að leggja árar í bát. Jeg vona að hv. deild verði við tilmælum meiri hluta bannlaganefndarinnar og veiti þennan styrk, sem fram á er farið í þessu augnamiði.

Úr því að jeg stóð upp, þá vil jeg leyfa mjer að mæla með lánveitingunni til Hjálpræðishersins. Jeg get vottað það, sem lögreglustjóri hjer í bænum, að Hjálpræðisherinn hefir unnið mikið gagn, ekki eingöngu fyrir bæinn sjálfheldur og fyrir aðkomumenn. Það er ekki hægt til þess að ætlast, að Reykjavíkurbær geti lagt mikið fje til slíks gistihúss, því að það hefir miklu meiri þýðingu fyrir aðkomumenn, heldur en

bæjarmenn, sjerstaklega fyrir þá aðkomumenn, sem þarf að koma fyrir um stuttan tíma. Gisting og aðbúnaður allur er líka langt um ódýrari ferðamönnum á gistihæli hersins, heldur en annarsstaðar. Jeg vona að deildin taki vel í þessa lánbeiðni. Af því, sem jeg hefi veitt eftirtekt, er hið mesta gagn, sem leiðir af starfsemi Hjálpræðishersins, einmitt í þessa átt.

Sigurður Eggerz: Jeg skal ekki þreyta háttv. deild með langri ræðu. Jeg vildi að eins minnast á tvo mótorbáta, sem jeg hefi ekki getað orðið sammála strandferðanefndinni um. Annar báturinn er mótorbáturinn, sem gengur um Hvítá. Þeir, sem hann nota, telja hann vera til mikils gagns, enda þótt fyrirkomulagið sje ekki sem best. En það má laga, og vil jeg eindregið mæla með því, að þessi styrkur verði veittur.

Hinn mótorbáturinn er sá, sem gengar milli Víkur, Stokkseyrar, Vestmannaeyja og Eyrarbakka. Til þessa báts hafa verið veittar 6000 kr. hvort ár fjárhagstímabilsins. Gagn af ferðum bátsins hafa helst Skaftafellssýsla og Árnessýsla. En auk þess hafa sjerstaklega 6 verslanir í Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu mikil not þessara ferða. Eins og skýrslur þær um ferðir bátsins, sem lagðar hafa verið fram, sýna, er mjög mikil þörf á þessum ferðum. Og sýslubúum er þetta vel ljóst, því að áhuginn er svo mikill í þessum tveimur sýslum, sem aðallega hafa not ferðanna, að Vestur-Skaftafellssýsla hefir ætlað að reyna að kaupa bátinn, annaðhvort sjálft eða í sambandi við Árnessýslu. Til þess að það geti orðið, þarf að veita þeim þessar 6000 kr., eins og undanfarið hefir verið gjört; en svo framarlega sem styrkurinn yrði nú lækkaður, þá myndu sýslurnar ekki treysta sjer til að kaupa bátinn. Sýslubúar hafa farið fram á það við mig með sjerstöku tilliti til þess, að þeir ætli að kaupa bátinn, að jeg færi þess á leit við Alþingi, að það hækkaði styrkinn. Vegna hins erfiða fjárhags hefi jeg þó ekki treyst mjer til að leggja það til, að styrkurinn verði hækkaður, en hins vegar vænti jeg þess fastlega, að hann fái að standa eins og hann hefir áður verið, 6000 kr. á ári. Þetta er ekki einungis áhugamál Vestur-Skaftafellssýslu, heldur einnig og engu síður Árnessýslu. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þennan lið.

Háttv. framsögum. (P. J.) tók það illa upp fyrir mjer, að jeg lagði það til að Eimskipafjelagi Íslands yrðu veittar 40000 kr. Hann hefir misskilið mig, ef hann hefir haldið að jeg væri að bera honum brigsl, eins og jeg hefði haldið, að það væri hugur hans, að draga úr þeirri von, sem maður hefir gjört sjer um framtíð Eimskipafjelags Íslands. Það hefir mjer aldrei komið í hug, en það er vitanlegt, að það hefir stórmikla þýðingu fyrir fjelagið, einmitt nú, þegar það er komið á stað, að það fái riflegan styrk af landssjóði. Það er engin ástæða til að skera þann styrk við nögl; því að þótt ekki þyrfti að nota allan styrkinn, þá lendir hann í góðum höndum. Það þýðir heldur ekki það, að þessi styrkur verði veittur alt af áfram, en það hefir verulega þýðingu fyrir fjelagið, að finna að landssjóður standi að baki sjer. Þar sem strandferðirnar næsta ár munu reynast betur en áður, verð jeg að telja það mjög óheppilegt, að minka þennan styrk. Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira, en vænti að deildin taki þessu máli vel.

Það er kann ske óþarfi að minnast á það, en jeg get þó ekki stilt mig um að segja nokkur orð um tillögu háttv. þm.

Dal. (B. J.) þar sem hann leggur það til, að sett verði lík athugasemd um styrkinn til veganna eins og símanna. Jeg verð að leyfa mjer að mótmæla þessari tillögu, því að jeg álít, að síst af öllu megi draga úr vegalagningunni. Það er alt öðru máli að gegna um vegalagningu eða símalagningu. Annnars skal jeg benda á það, að ef farið er að setja slíkar athugasemdir við alt, þá þýðir það, að stjórnin verður einráð um allar fjárveitingar og framkvæmdir, sem í sambandi við þær standa.

Jeg fyrir mitt leyti tel það mjög miklu skifta, ef athugasemdin er feld burtu.

Jeg skal ekki orðlengja þetta meira, en vil að lokum taka í sama strenginn og háttv. 1. og 2. þm. Rvk. (Sv. B. og J. M.) um fje það, að upphæð 5000 kr., er ætlað er til þess að greiða fyrir því, að bannlögin verði ekki brotin.

Mjer virðist svo, að þetta bannlagamál og hvernig farið er með þessi lög, sje ekki neitt hjegómamál. Það er alvörumál, og vanheiður fyrir þjóðina, ef ekkert er gjört, sem þýðingu getur haft, til þess að lög þessi sjeu virt og í heiðri höfð.

En eins og háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) tók fram, er ástæða til að ætla, að þessi fjárveiting hafi þýðingu, til þess að gæta bannlaganna og þeim sje ekki óvirðing gjörð. Jeg vona því, að háttv. deild taki orð hans mest til greina, því að hann hefir mesta reynslu á þessu sviði. Jeg vonast enn fremur eftir því, að háttv. deild taki þessu vel, vegna þess, að öllum ætti að vera það ljóst, hversu óumræðilega mikið það hefir að þýða, ef bannlögin yrðu betur haldin en mönnum leikur grunur á að eigi sjer stað.

ATKVGR.

(Akv.skrá A. 644):

1. brtt. 529 samþ. án atkvgr.
2. brtt. 579 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. — 597 feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Kristjánsson,	Björn Hallsson,
Einar Arnórsson,	Bened. Sveinsson,
Hjörtur Snorrason,	Bjarni Jónsson,
Jón Magnússon,	Einar Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Guðm. Eggerz,
Sig. Gunnarsson,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen,	Jóhann Eyjólfsson,
Stef. Stefánsson,	Jón Jónsson,
Sveinn Björnsson.	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Eggert Pálsson, Guðm. Hannesson og Sig. Sigurðsson greiddu ekki atkv., og voru taldir til meiri hlutans.

4. brtt. 583,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
5 — 583,2 — — 20 — —
6. — 605 fyrri liður } samþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
7. — 605 síðari liður }

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Hjörtur Snorrason,
Guðm. Hannesson,	Jóhann Eyjólfsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson,
Jón Magnússon,	Sigurður Eggerz,
Magnús Kristjánss.,	Sig. Sigurðsson,
Matth. Ólafsson,	Þorleifur Jónsson.
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

Bjarni Jónsson og Pjetur Jónsson greiddu ekki atkv., og voru taldir til meiri hl.

8. brtt. 585 samþ. með 22 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Hjörtur Snorrason,
Bjarni Jónsson,	Jón Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Magnús Kristjánss.
Einar Arnórsson,	
Einar Jónsson,	
Guðm. Eggerz,	
Guðm. Hannesson,	
Hannes Hafstein,	
Jóhann Eyólfsson,	
Jón Magnússon,	
Matth. Ólafsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Eggert Pálsson, Bened. Sveinsson, Pjetur Jónsson, Sig. Sigurðsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv., og voru taldir til meiri hl.

9. brtt. 593 tekin aftur.

10. — 617, 1. liður samþ. með 22 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Guðm. Hannesson,
Bened. Sveinsson,	Jón Magnússon,
Bjarni Jónsson,	Sig. Gunnarsson.
Björn Kristjánsson,	
Eggert Pálsson,	
Einar Jónsson,	
Guðm. Eggerz,	
Hannes Hafstein,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorl. Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Þeir Einar Arnórsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hl.

11. brtt. 531 samþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Arnórsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Eggerz,
Hannes Hafstein,	Guðm. Hannesson,
Jóhann Eyjólfsson,	Hjörtur Snorrason,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Sigurðsson,	Matth. Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Stefán Stefánsson.
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Pjetur Jónsson, Sigurður Eggerz og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hl.

12. brtt. 560,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

13. — 620 feld með 21 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Einar Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Bjarni Jónsson,
Pjetur Jónsson.	Björn Kristjánss,
	Einar Arnórsson,
	Guðm. Eggerz,
	Guðm. Hannesson,
	Hannes Hafstein,
	Hjörtur Snorrason,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,

nei:
Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson,
Þór. Benediktsson.

Sveinn Björnsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hl.

14. brtt. 560,2,1 samþ. með 15:5 atkv.
15. — 618 við brtt. 560,2 2 feld með 16:3 atkv.

Brtt 647 við brtt. 618 feld með 18:7 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei*:
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Guðm. Eggerz,
Matth. Ólafsson,	Guðm. Hannesson,
Sig. Gunnarsson,	Hjörtur Snorrason,
Skúli Thoroddsen,	Jóhann Eyjólfsson,
Þorleifur Jónsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Hallsson, Björn Kristjánsson, Einar Arnórsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

16. brtt. 560,2,2 feld með 21:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Jónsson,	Björn Hallsson,
Pjetur Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Sig. Sigurðsson,	Bjarni Jónsson,
Þór. Benediktsson.	Einar Jónsson,
	Guðm. Eggerz,
	Hannes Hafstein,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Magnússon,
	Matth. Ólafsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Jónsson.

Þeir Eggert Pálsson, Björn Kristjánsson, Einar Arnórsson, Guðm. Hannesson, Magnús Kristjánsson, Sig. Eggerz, Stefán Stefánsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

17. brtt. 609 (aðaltill.) feld með 16:3 atkv.
18. brtt. 609 (varatill.) feld með 19:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Einar Arnórsson,
Sig. Gunnarsson,	Guðm Eggerz,
Skúli Thoroddsen,	Guðm. Hannesson,
Þorl. Jónsson.	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Sig. Eggerz,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Þeir Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Hjörtur Snorrason, Matth. Ólafsson og Pjetur Jónson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hl.

19. brtt. 560,2,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
20. og 21. brtt. 560,2,4 og brtt. 580 samþ. með 21 shlj. atkv.
22. brtt. 560,2,5 a samþ. með 14:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Björn Hallsson,	Bjarni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Guðm. Eggerz,
Hannes Hafstein,	Jóhann Eyjólfsson,
Hjörtur Snorrason,	Jón Magnússon,
Magnús Kristjánss.,	Sigurður Eggerz,
Matth. Ólafsson,	Sig. Gunnarsson,
Pjetur Jónsson,	Sig. Sigurðsson,

já:	*nei:*
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen,
Sveinn Björnsson,	Þorl. Jónsson.
Þór. Benediktsson.	

Þeir Eggert Pálsson og Jón Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

23 brtt. 580,2 við brtt. 560,2, 5 a samþ. með 14 shlj. atkv.
24. brtt. 560,2, 5 b samþ. án atkvgr.
25. brtt. 604 feld með 18 : 3 atkv.
26. — 560,2, 6 feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Hallsson,	Bjarni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Hannes Hafstein,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,
Jón Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Magnús Kristjánss.,	Jón Magnússon,
Pjetur Jónsson,	Matth. Ólafsson,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Eggerz,
Sveinn Björnsson,	Sig. Gunnarsson,
Þór. Benediktsson.	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorl. Jónsson.

Eggert Pálsson greiddu ekki atkv., og taldist til meiri hl.

27. brtt. 560,2, 7.—8. samþ. án atkvgr.
28. — 582 feld með 14 : 11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Einar Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Guðm. Eggerz,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
Jóhann Eyjólfsson,	Magnús Kristjánss.,
Sigurður Eggerz,	Matthías Ólafsson,
Sig. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Sigurðss.
Þorleifur Jónsson.	Stef. Stefánsson,
	Nei:
	Sveinn Björnsson,
	Þórarinn Benediktss.

Björn Kristjánsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

29. brtt. 560,2, 9.—10. samþ. án atkvgr.
30. — 528 samþ. án atkvgr.
31. — 622 — með 19 : 1 atkv.
33.* — 623 — — 13 : 2 atkv.
34. — 590 tekin aftur.
35. Liðurinn *C. III.* svo breyttur samþ. án atkvgr.
36. brtt. 583,3 samþ. án atkvgr.
37. — 584 feld með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánsson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Guðm. Eggerz.
Skúli Thoroddsen,	Guðm. Hannesson,
Sveinn Björnsson.	Hannes Hafstein,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sigurður Gunnarss.,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Matthías Ólafsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

38. brtt. 567 feld með 13 : 5 atkv.
39. — 583,4 samþ. án atkvgr.
40. — 583,5 — með 21 : 1 atkv.
41. — 583,6 — án atkvgr.
42. — 583,7 — með 18 shlj. atkv.
43. — 583,8 — án atkvgr.
44. — 583,9 — með 22 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

*) Raðtalan 32 fjell úr atkv.skrá.

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Bened. Sveinsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Bjarni Jónsson,	Sigurður Eggerz.
Björn Kristjánss.,	
Einar Jónsson,	
Guðm. Eggerz,	
Guðm. Hannesson,	
Hannes Hafstein,	
Hjörtur Snorrason,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stef. Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Eggert Pálsson, Magnús Kristjánsson, Matth. Ólafsson, Pjetur Jónsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

45. brtt. 583,10 samþ. án atkvgr.

46. — 583,11 feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánss.,	Bened. Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Einar Arnórsson,
Matth. Ólafsson,	Einar Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Skúli Thoroddsen,	Guðm. Hannesson,
Stefán Stefánsson,	Hjörtur Snorrason,
Sveinn Björnsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Þór. Benediktsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Sigurður Eggerz.
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Þorleifur Jónsson,

47. brtt. 607 (fyrri liður) samþ. með 13 : 3 atkv.

48. — 607 (síðari liður) samþ. með 13 : 3 atkv.

49. brtt. 559 feld með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Einar Arnórsson,
Magnús Kristjánss.,	Guðm. Eggerz,
Matth. Ólafsson,	Guðm. Hannesson,
Skúli Thoroddsen,	Hjörtur Snorrason,
Sveinn Björnsson.	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorl. Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Kristjánsson og Einar Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

50. brtt. 586 feld með 14 : 3 atkv.

51. — 587 tekin aftur.

52. — 526,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

53. — 526,2 feld með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Guðm. Eggerz,	Einar Arnórsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Hannesson,
Sig. Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Stef. Stefánsson,	Hjörtur Snorrason,
Þór. Benediktsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson.

54. brtt. 617,2 samþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Einar Arnórsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Hannesson,
Einar Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jóhann Eyjólfsson,	Jón Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Sigurðsson,	Matth. Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Eggerz.
Stef. Stefánsson,	
Þór. Benediktsson.	

Benedikt Sveinsson, Guðm. Eggerz, Hjörtur Snorrason, Sveinn Björnsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

55.—61. brtt. 539 feldar með 17 : 3 atkv.

62. brtt. 621 feld með 17 : 3 atkv.

63. — 569 — — 17 : 3 atkv.

64. — 592 samþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Eggerz,	Jón Magnússon,
Guðm. Hannesson,	Magnús Kristjánss.,
Hjörtur Snorrason,	Matth. Ólafsson,
Jón Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Sig. Gunnarssson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson.
Stef. Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	
Þór. Benediktsson.	

Einar Arnórsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

65. brtt. 602 tekin aftur, en tekin upp aftur af ráðherra og feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnkalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Arnórsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Guðm. Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Hjörtur Snorrason,
Matth. Ólafsson,	Jón Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Magnússon,
Sveinn Björnsson.	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

(Við þessa atkvæðagreiðslu bar upptalningu skrifara deildarinnar ekki saman; hafði annar þeirra talið Þorleif Jónsson hafa sagt já. Forseti lýsti tillöguna fallna með 16 : 9).

66. brtt. 568 (aðaltillaga) samþ. með 13 : 3 atkv.

67. varatillaga á sama þgskj. kom ekki undir atkv.

68. brtt. 596 tekin aftur.

69. — 583,12 samþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Ballsson,
Björn Kristjánss.,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnósson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Guðm. Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Hjörtur Snorrason,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Magn. Kristjánsson,	Sigurður Eggerz,
Matthías Ólafsson,	Sig. Sigurðsson,
Pjetur Jónsson,	Þorleifur Jónsson.
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

70. brtt. 538 samþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánss.,
Guðm. Eggerz,	Einar Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,
Hannes Hafstein,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Jónsson,	Magnús Kristjánss.,
Jón Magnússon,	Sig. Sigurðsson,
Matthías Ólafsson,	Stef. Stefánsson.
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Pjetur Jónsson, Sveinn Björnsson og Þórarinn Benediktsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

71. brtt. 581 (aðaltillaga) feld með 15 : 4 atkv.

72. brtt. 581 (varatillaga) feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Einar Arnórsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Hannes Hafstein,	Einar Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Eggerz,
Jón Magnússon,	Guðm. Hannesson,
Matthías Ólafsson,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson,
Skúli Thoroddsen.	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Sigurðsson,
	Stef. Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

73. brtt. 598 feld með 13 : 3 atkv.

74. — 617 (síðari liður) samþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Eggerz,
Bened. Sveinsson,	Guðm Hannesson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánss.,	Hjörtur Snorrason,
Einar Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Kristjánss.,	Stefán Stefánsson,
Pjetur Jónsson,	Þorleifur Jónsson.
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

Matthías Ólafsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

75. brtt. 588 feld með 22 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Benedikt Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Eggerz.	Björn Kristjánsson,
	Einar Arnórsson,
	Einar Jónsson,
	Guðm. Hannesson,
	Hannes Hafstein,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sigurður Gunnarss.,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þórarinn Benediktss.

76. brtt. 583,13 } samþ. með 17 : 8 atkv.
77. — 610 } að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Hjörtur Snorrason,
Björn Kristjánsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Einar Arnórsson,	Sigurður Eggerz,
Guðm. Eggerz,	Sig. Gunnarsson,
Guðm. Hannesson,	Skúli Thoroddsen,
Hannes Hafstein,	Stef. Stefánsson.
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Sveinn Björnsson.	
Þór. Benediktsson.	

Þorleifur Jónsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans

78. brtt. 589 feld með 15 : 4 atkv.
79. — 583,14 samþ. — 17 shlj. —
80. — 527 — án atkvgr.
81. — 583,15 tekin aftur.
82. — 530 feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Einar Arnórsson,
Matth. Ólafsson,	Einar Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Guðm. Eggerz,
Sigurður Gunnarss,	Guðm. Hannesson,
Sig. Sigurðsson,	Hjörtur Snorrason,
Skúli Thoroddsen.	Jón Jónsson,
	Pjetur Jónsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Jóhann Eyjólfsson, Magnús Kristjánsson, Stefán Stefánsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

83. brtt. 583,16 samþ. með 19 : 2 atkv.
84. — 606,1 — — 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Benedikt Sveinsson,
Guðm. Eggerz,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Einar Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Jón Magnússon,
Jóhann Eyjólfsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson,	Sveinn Björnsson.
Magnús Kristjánss.,	
Pjetur Jónsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Matth. Ólafsson, Sigurður Eggerz, Sigurður Gunnarsson og Skúli Thoroddsen greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

85. brtt. 583,17 samþ. með 20 : 1 atkv. og
— 606,2 — — 20 : 1 —
86. — 583,18 (fyrri málsliður) samþ. með 17 shlj. atkv.
87. — 583,18 (síðari málsliður) samþ. með 17 shlj. atkv.
88. — 594 feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Einar Arnórsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Bened. Sveinsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Hannesson,
Jón Magnússon,	Guðm. Eggerz,
Magnús Kristjánss.,	Hjörtur Snorrason,
Sigurður Eggerz,	Jón Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Pjetur Jónsson,
Sveinn Björnsson.	Sigurður Sigurðss.,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Matthías Ólafsson og Skúli Thoroddsen greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

89. brtt. 583,19 samþ. án atkvgr.
90. — 569 feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Magnús Kristjánss,	Einar Arnórsson,
Matth. Ólafsson,	Guðm. Eggerz,
Sigurður Eggerz,	Guðm. Hannesson,
Sig. Sigurðsson,	Hjörtur Snorrason,
Skúli Thoroddsen,	Jóhann Eyjólfsson,
Stefán Stefánsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Pjetur Jónsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Hannes Hafstein og Sig. Gunnarsson greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

91. brtt. 583,20 samþ. með 14 shlj. atkv.

92. — 595 feld með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Arnórsson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Jónsson,
Jón Magnússon,	Guðm. Eggerz,
Sigurður Eggerz,	Guðm. Hannesson,
Sig. Gunnarsson,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen,	Jóhann Eyjólfsson,
Sveinn Björnsson.	Jón Jónsson,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Hallsson, Eggert Pálsson, Pjetur Jónsson, Sig. Sigurðsson og Þorl. Jónsson greiddu eigi atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 646 [ekki á atkv.skrá] samþ. með 19:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson,
Einar Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Sig. Gunnarsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Þór. Benediktsson.
Jón Magnússon,	
Matth. Ólafsson,	
Sig. Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þorl. Jónsson.	

Björn Hallsson, Einar Arnórsson, Hannes Hafstein, Hjörtur Snorrason, Magnús Kristjánsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

93. brtt 591 samþ. með 19 shlj. atkv.

94. viðaukatill. 634 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frumvarpið samþykt í einu hljóði og afgreitt til Ed.

(A. 649).

Á 54 fundi í Nd., miðvikudaginn 8. september, var útbýtt

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 818).

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 9. september, var frumv. tekið til einnar umr.

(A. 818, 821, 822, 823, 824, 832, 835, 836, 841, 842, 843, 844, 845, 846, 847, 848, 849, 850, 851, 854, 856, n. 860, 861, 862, 863, 864, 865, 866, 867, 874, 875, 876, 877, 878, 879, 880, 881, 882, 883, 884, 885, 886, 887, 888, 889, 890, 891, 892, 898, *901 atkvæðaskrá*).

Með því að ekki var liðinn lögmæltur tími frá því, er frumvarpinu var útbýtt í deildinni, þá leitaði forseti leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að mega taka það fyrir. Voru afbrigðin leyfð af ráðherra og samþykt af deildinni.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg verð fyrir fram að biðja afsökunar á því, að framsaga mín verður hvorki skörulcg nje merkileg. Jeg hefi undanfarið haft of mikið að gjöra, til þess að geta fylgt málunum eins vel og skyldi. Það hafa líka komið fram svo margar brtt., að það þyrfti skarpan ræðumann til að gjöra skýra grein fyrir þeim öllum.

Áður en jeg minnist á sjálft frumv., ætla jeg að benda háttv. deildarmönnum á það, að vanalega eru afgreidd frá Alþingi fleiri lög, sem hafa fjárútgjöld í för með sjer, heldur en fjárlögin ein, ekki einungis fjáraukalög, heldur og ýms önnur lög. Jeg skal benda á, að það eru þegar samþykt hjer í þinginu ýms slík lög, og auk þess eru enn í smíðum fleiri lög, sem hafa aukin útgjöld í för með sjer.

Jeg skal nú leyfa mjer að nefna nokkur af þessum lögum. Það er þá fyrst landhelgissjóðslögin; þau hækka tillagið úr landssjóði um 15000 kr. Svo eru lög um vjelstjóraskóla í Reykjavík; kostnaðurinn samkvæmt þeim er 1800 kr. Þá er breyting á lögum um stýrimannaskólann með 1000 kr. aukinn kostnað. Sjúkrasamlagslögin með 1400 kr. árlegan kostnað. Auk þess eru þegar samþykt önnur lög, sem hafa samtals að líkindum nál. 5000 kr. útgjöld árlega í för með sjer. Þau lög með aukin útgjöld, sem þegar eru samþykt, hafa því 24,200 kr. árleg útgjöld í för með sjer, eða 48,400 kr. á fjárhagstímabilinu. Nefndin hefir ráðið til, að fella burt úr fjárlagafrumv. þann lið, er snertir Landhelgissjóðinn, 5000 kr. á ári, vegna þess, að þau lög, sem þetta styðst við, ganga úr gildi fyrir nýjum lögum.

Þá vil jeg drepa lauslega á þau lög með aukin útgjöld, sem enn eru óútkláð í þinginu. Breyting á lögum um Vestmannaeyjahöfn hefir 28 þús. kr. útborgun í för með sjer. Svo eru það lög um fasteignamat, en að svo stöddu er ekki hægt að segja, hversu mikill kostnaður stafar af þeim. Sama er að segja um túnmælingalögin, og enn eru dýralæknalögin, sem sjálfsagt hafa í för með sjer auknar byrðar fyrir landssjóð. Loks má nefna þingsályktunartillögu um lífsábyrgðarfjelag, sem mun kosta 5000 krónur, ef efri deild samþykkir hana líka. Alt þetta hefir kostnað í för með sjer, og hefi jeg bent á þetta til þess að menn athuguðu það við atkvæðagreiðsluna um fjárlögin, að það er á fleira að líta heldur en tekjuhallann í fjárlagafrumv., eins og það lítur nú út. Því að fyrir utan allar þær ráðstafanir, sem stjórninni hafa verið faldar á hendur út af Norðurálfuófriðnum, er sennilegt, að vörukaup landssjóðs hljóti að geta haft mikinn kostnað í för með sjer, auk þess sem þau halda föstu fje landssjóðs.

Jeg skal nú ekki dvelja lengur við þetta, en snúa mjer að sjálfu frumv. Á því hafa orðið óvenjulega miklar breytingar við meðferð Ed. Lækkanirnar, sem Ed. hefir gjört á fjárveitingum frumv., nema 172 þús. kr. Þar af er vegafje 117 þús. kr. og til búnaðarþarfa 39 þús. kr. Það eru stærstu liðirnir, eða samtals 156 þús. kr. af þessum 172 þús. kr. lækkun. En úr þessu hefir ekki orðið sjerlega mikill sparnaður, því að hækkanirnar nema 130 þús. kr. Það eru því að eins 42 þús. kr., sem sparast hafa við meðferð Ed.

Jeg sagði áðan, að frumvarpið hefði orðið fyrir óvenju miklum breytingum í efri deild. Auðvitað hefir efri deild rjett til þess, að gjöra breytingar. En á hitt er að líta, að samkv. stjórnarskránni sjálfri hefir Nd. mest frumkvæði í fjármálunum, því þar er fjárlagafrumv. stjórnarinnar fyrst lagt fram,

og fær sína höfuðrannsókn. Til nefndarinnar í Nd. eru send öll erindi viðvíkjandi fjármálum, og þar af leiðandi hefir það jafnan verið svo, að fjárlaganefndartillögurnar í Nd. hafa verið áhrifamestar, og áhrif Nd. yfirleitt eðlilega miklu meiri heldur en Ed. Þetta hygg jeg líka að eigi svo að vera, því að vald og áhrif Ed. í þessu efni á aðallega að vera að draga úr. Það hefir einlægt verið skoðað sem hlutverk Ed. að »kontrollera« eða draga úr því, sem kynni að vera ölgakent hjá Nd. En mjer finst breytingar Ed. að þessu sinni ekki beint fara í þá stefnu. Samvinnan milli nefndanna í Ed. og Nd. hefir þó verið meiri nú en undanfarið, því að efri deilar nefndin hefir frá upphafi fylgst miklu betur með störfum neðri deildar nefndarinnar heldur en nokkru sinni áður. Jeg gjörði mjer því vonir um, að það yrði til þess, að breytingarnar yrðu minni. En raunin hefir orðið alt önnur.

Brtt. fjárlaganefndarinnar eru hjer á tveimur þingskjölum, 851 og 863. Það er hætt við að menn hafi ekki virt þær nákvæmlega fyrir sjer, þegar alt hefir gengið svo hratt, þar sem brtt. voru ekki prentaðar fyr en í gærkvöldi og útbýtt í morgun. Þó vona jeg að menn hafi kynt sjer nefndarálitið, því að það er mjög stutt. Ef brtt. nefndarinnar verða samþyktar, hefir það í för með sjer 23 þús. kr. sparnað. Það er leiðinlegt, að þurfa að telja þessar brtt. allar upp, en jeg verð þó að minnast á þær lauslega.

Við 4. gr. vill nefndin setja inn sömu athugasemd og var hjer í deildinni áður, um uppgjöf á hluta af eftirstöðvum símaláns til Búðahrepps, 1500 kr. Jeg get ekki skilið, að þetta sje neitt kappsmál fyrir Ed., en nefndin í Nd. er þessu mjög meðmælt. Jeg hefi ekki annað um það að segja heldur en það, sem sagt hefir verið við fyrri umræður fjárlagannu hjer í deildinni.

Þá er athugasemd við 5. gr., um heimild fyrir prestinn á Breiðabólstað til að verja árgjaldi brauðsins til jarðabóta á jörðinni. Þessu hefir verið breytt í Ed. þannig, að hann sje skyldur að gjöra 8 dagsláttur í túni. Þetta þótti okkur ofhart aðgöngu, hvort heldur borið er saman við endurgjaldsrjett leiguliða, samkvæmt gildandi lögum, eða litið á það frá sanngirninnar sjónarmiði. Aftur á móti höfum við viljað reyna að koma til móts við frárlaganefnd efri deildar og hafa skilyrðið 6 dagsláttur, í stað 5, er áður var í athugasemdinni.

Það er gjörð grein fyrir í nefndarálitinu, um tilfærslu og breyting á skrifstofufje póstmeistara, og fært þar í einn lið, sem efri deild færði undir tvo. — Nefndin álítur að vísu þessa skilgreining á milli verkalauna aðstoðarmanna og reglulegs skrifstofukostnaðar ekki ranga, en sýnist rjettara, að stjórnin gjöri hana, þegar hún leggur næst fjárlagafrumv. fyrir þingið. Nefndin hefir ekki heldur getað fallist á að hækka skrifstofukostnaðinn svo mikið, sem Ed. vill vera láta. Nefndin leggur því til, að lækka hann um 1000 krónur hvort árið.

Þá hefir nefndin ekki getað fallist á með háttv. efri deild, að stjórninni sje heimilað að fresta vegagjörðum á flutningabrautum og þjóðvegum. Í nefndarálitinu var gjörð grein fyrir því, að síst af öllu megi draga af fje því, sem ætlað er til vegagjörða, þegar hart er í ári, þar sem það veiti mikla atvinnu. Það væri að brjála atvinnu í landinu, ef gjörðir væru bláþræðir í vegagjörðunum. Það yrði að fækka mjög því fólki, sem stundar árlega vegavinnu. En svo ef vinna ætti upp síðar það, sem dregist hefir á langinn, yrði að fjölga þeim mun meira mönnum í vegavinnu og

kippa þeim frá öðrum atvinnuvegum. Það hefir sýnt sig, að ekki hefir veitt af 300 þús. kr. fjárveitingu til landssjóðsvega á hverju fjárhagstímabili, til þess að koma í framkvæmd á 20 árum því, er vegalögin frá 1907 ákveða af vegalagningum. Þeir, sem eftir vegalagningum bíða, hafa treyst á þetta, og það eru mikil vonbrigði, ef biðin yrði lengri, einkum þeim, sem lengst sitja á hakanum.

Nú er í fjárlagafrumvarpinu ekki veitt nema 270 þús. kr. alls til vegamála, og þar af fara yfir 60 þús. kr. til sýsluvega. Með öðrum orðum: Til landssjóðsvega er ekki ætlað, með launum landsverkfræðings og aðstoðarmanna hans, nema liðug 200 þús. kr. Úr þessari lækkun vill nefndin draga með því, að taka aftur upp í fjárlögin Grímsnesbraut, hækka sýsluvegi, þó eigi eins mikið og samþykt var að veita, og í þriðja lagi að taka upp fjárveitingu til Gljúfurárvegarins í Norðurárdal. Enn fremur leggur nefndin það til, að í stað athugasemdar um heimild til að fresta framkvæmdum á Húnvetningabraut, sje sett heimild til stjórnarinnar, að fresta meira eða minna eftir atvikum brúargjörðum. Gjörir nefndin þetta samkvæmt brjefi, er henni barst frá landsverkfræðingi Jóni Þorlákssyni. Í því brjefi, sem er prentað sem fylgiskjal með nefndarálitinu, lætur hann þess getið, að heppilegt muni verða að fresta brúargjörðum sökum verðhækkunar á útlendu efni, er til slíkra mannvirkja fara.

Háttv. Ed. hefir hækkað fjárveitingu til símastöðvar í Vestmannaeyjum um 600 kr. Nefndin hefir ekki komið fram með brtt. um að fella þessa hækkun burtu, en hún fer fram á að athugasemdin sje feld burtu. Þingið hefir sem sje ekki fallist á að veita nándar nærri alt það fje, er landssímastjóri hefir farið fram á til reksturskostnaðar, og lítið fram yfir það, er stóð í stjórnarfrumvarpinu. Fyrir því finst nefndinni óviðkunnanlegt af fjárveitingarvaldinu, að láta þessari hækkun fylgja ráðstöfun, sem ekki á sjer stað í neinum sams konar lið í símakostnaðinum, þar sem annarstaðar gæti verið alveg eins brýn nauðsyn á aukinni fjárveitingu.

Þá vill nefndin fella burtu viðaukatillögu um þokulúður á Dalatanga. Nefndin hefir viljað spara fjárveitingar til vita, vegna þess, að efni er nú dýrt, er til þeirra þarf, og hefir því síður getað fallist á, að veitt væri meira í því skyni en gjört var í stjórnarfrumv.

Þá kem jeg að 14. gr. B. I. a. Nefndin vill halda fast við það, er Nd. samþykti um persónulega launahækkun handa Sigurði docent Sivertsen. Henni virðast ástæður háttv. Ed. á móti þessu ekki hafa við rök að styðjast, sem sje, að þá sje sama ástæða fyrir hendi, ef þessi launahækkun er veitt, að hækka laun annara dócenta við Háskólann. En þetta er ekki rjett, því að það er vitanlegt, að hinir dócentarnir eiga miklu hægara að vinna sjer inn fje fyrir utan embættisstarf sitt. Nefndin heldur því eindregið fram, að laun Sigurðar Sivertsen verði hækkuð.

Nefndin hefir ekki heldur getað fallist á B.-lið I. b. 1. í 14. gr., 2800 kr. til kenslu í líffærafræði og sóttkveikjufræði. Frumvarp um þetta var felt hjer áður í Nd., og það hefir því sjálfsagt ekki verið ætlun þingsins, að stofna þessa stöðu að þessu sinni.

Þá er það B. I. b. 5. í sömu grein, 1000 kr. styrkur til dr. Alexanders Jóhannessonar, til að halda fyrirlestra í þýskum fræðum. Nefndinni fanst hjer vísir til nýs dócentsembættis í Háskólanum, og hjelt heppilegra, að sá vísir

yrði gróðursettur að tilhlutun Háskólaráðsins, en nefndin veit ekki til að það hafi gjört neitt í því skyni. Enn fremur hefir nefndin heyrt, að þýskur maður hafi í raun og veru þetta hlutverk á hendi, en sje nú fjarverandi, vegna vegna stríðsins og í haldi í Englandi; en að stríðinu loknu er ekkert vísara en að hann komi aftur og taki þá við starfi sínu. Af þessum ástæðum vill nefndin fella þessa fjárveitingu burtu.

Viðvíkjandi Mentaskólanum hefir nefndin komið fram með brtt. um að fella burt úr athugasemdinni við þann lið orðin: »Námsstyrkurinn lækki .... ganga inn í skólann«. Námsstyrkurinn lækkar í raun og veru eftir frumv. um 500 kr. síðara árið. Nefndinni fanst óviturlegt að fara að ákveða um fjárveitingar á næstu fjárhagstímabilum. En hins vegar hefir nefndin ekki lagt til, að styrkurinn yrði færður í samt lag, þó að hún fyrir sitt leyti hafi ætlast til að ekki yrði honum haggað. En nú hefir komið fram brtt. viðvíkjandi þessum lið, og mun jeg skýra afstöðu mína til hennar, er þar að kemur.

Þá hefir nefndin gjört örlitla orðabreytingu við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri, að við B. VI. 1. d. 1. og B. VI. 2. d. 1. bætist orðin: alt að, þar sem talað er um fje það, sem ætlað er til verklegs náms.

Sömuleiðis hefir nefndin gjört orðabreytingu við athugasemdina um kvöldskóla iðnaðarmanna á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði. Hún er á þá leið, að orðin: »Styrkveitingar .... eigi iðnnemar« falli burtu. Nefndin leit svo á, að þegar þetta fje var veitt, þá hafi það verið gjört til þess að koma á, þó í smáum stíl væri, sams konar kenslu og í Reykjavík, kvöldkenslu fyrir iðnnema. Af þessari ástæðu kom nefndin með þá tillögu, að fella orðin burt. Okkur fanst upphaflega tilganginum spilt, ef kenslan væri ekki takmörkuð við iðnnema, og það gæti orðið til þess, að kvöldskólar risu upp hjer og þar, í þeirri von, að landssjóður styrkti þá.

Það er í raun og veru af sömu ástæðu, að meiri hluti nefndarinnar hefir á móti styrkveitingu til Hólmfríðar Árnadóttur til kvöldskólahalds í Reykjavík. Það er ekki af því, að skólinn kunni ekki að vera góður, en, sem sagt, væri það nokkuð breiður vegur, sem landssjóður færi út á, ef fara ætti að veita fje til hvers konar skólahalds í landinu, sem væri þarft og kæmi að gagni.

Háttv. Ed. hefir felt utanfararstyrk til Björns Jakobssonar. Jeg þarf ekki að taka aftur fram, hvað mælir með þessari styrkveitingu. En jeg vil benda á það, að íþróttanám og áhugi fyrir íþróttum er að aukast í landinu, og er því ekki ónauðsynlegt að styrkja þann manninn, sem er einna best fallinn hjer á landi til að kynna sjer nýjar tegundir íþrótta, og til að kenna þær og hvers konar aðrar greinir íþrótta. Nefndin heldur því fast við þá fjárveitingu í þessu skyni, er samþykt var hjer í Nd.

Þá er næst viðvíkjandi Þjóðmenjasafninu í 15. gr., sem nefndin vill gjöra breytingu. Nefndinni hefir borist erindi nýlega frá þjóðmenjaverði, um að aðstoðarfjeð yrði hækkað um 200 kr. í því skyni, að hann taki að sjer málverkasafn landsins hjer í Reykjavík, raði því, semji skrá yfir það og sýni það. Til þessa þarf 200 kr. hækkun, og vill nefndin að þetta fje sje veitt, af því að hjer er þarft verk um að ræða.

Þá er næst í sömu grein við 3. d. að gefa út skýrslur um safnið frá 1876. Til þess eru veittar 300 kr. Nú er ekki hægt að fá þessar skýrslur prentaðar; þess vegna er farið fram á að fjárveitingin haldi áfram, og gangi þá til þess

að semja skýrslurnar. En þá væri líka rjett að setja í stað orðanna »að gefa út«: að semja.

Þá hefir háttv. efri deild sett inn í frumvarpið 2000 kr. fjárveitingu til aðgjörða á Þingvöllum, sem feld var hjer í neðri deild. Nefndin heldur enn fram að fella þetta, því að það vantar áætlun alla um, hversu mikið fje þurfi og hvernig aðgjörðinni eigi að haga. Áður en aðgjörðin geti komið til mála þurfi líka að breyta veginum yfir vellina, svo að fjeð fari ekki til þess. Meiri hluti nefndarinnar er því á móti þessari fjárveitingu.

Þá hefir háttv. efri deild samþykt að veita 500 kr. til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa gamlar bækur. Nefndin getur ekki fallist á þetta; ekki af því, að eigi sje hægt að kaupa gamlar, nýtar bækur fyrir 500 kr., en hún álítur þetta athugavert af því, að þá geti risið upp mörg fleiri bókasöfn og gjört sömu kröfu, og það með jafnmiklum rjetti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að styrkurinn til skálda og listamanna hækki upp í það sama og samþykt var hjer í neðri deild, en efri deild hefir lækkað. En sjerstaklega er þetta gjört vegna athugasemdarinnar, er samþykt var hjer í neðri deild, um nefnd manna, er rjeði þessum styrk með stjórninni. Með 9 þús. króna upphæð á ári hefir slík nefnd svo sem úr engu að moða, af því að ganga má að því vísu, að ekki verði kipt burtu styrkjum þeim, sem að undanförnu hafa verið veittir, heldur farið að tillögum fjárlaganefndar upphaflega.

Nefndin hefir komið fram með breytingartillögu um að lækka styrkinn til Hjartar Þorsteinssonar úr 1000 krónum niður í 800 kr., eins og Steingrímur Jónsson fær. En síðan hefir hún fengið upplýsingar um, að Hjörtur á eftir lengra nám en Steingrímur, og gjörir hún því þessa breytingartillögu ekki að kappsmáli.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til Ragnars Lundborg, til að gjöra Ísland kunnugt erlendis, er samþyktur var við 3. umræðu fjárlaganna í efri deild, falli burtu. Þessi fjárveiting kom eins og skollinn úr sauðarleggnum. Það hefir víst þótt þýðingarmikið að fá þenna kunna og mikla mann til þessa, en jeg verð samt engu síður að líta svo á, að þetta hafi verið gjört af flýtfærni.

Meiri hlutinn getur ekki sjeð, að nú sje heppilegur tími til þess, að ráða útlendinga til þessa starfs, og ekki heldur, að þessi maður sje svo sjerstaklega ómissandi til þess, að ekki ætti að vera hægt að gefa út bók á einni eða tveimur tungum, sem kynt gæti landið fullsæmilega, og samin væri af Íslendingum einum. Það eru til hjer færir menn til þess að lýsa landinu, bæði í andlegum og efnalegum skilningi. Ef t. d. ætti að lýsa jarðfræði landsins og landafræði, loftslagi, atvinnuvegum og þjóðarháttum, þá mætti benda á prófessor Þorvald Thoroddsen, sem er svo merkur vísindamaður og frægari rithöfundur en Ragnar Lundborg, sem allir vita.

Jeg skal svo ekki fara meira út í þessa breytingartill. að sinni. Jeg gjöri ráð fyrir, að mælt verði með henni síðar til skýringar, því að enn sem komið er, er nefndinni ekki kunnugt um það, hvað með þetta á að gjöra, nema hvað þarna stendur, að þetta sje til þess að gjöra Ísland kunnugt út á við, en það má gjöra á svo margan hátt.

Þá er 38. l. á atkv.skrá, styrkur til Finns Jónssonar á Kjörseyri, til að safna sögulegum fróðleik. Nefndin getur nú ekki talið það heppilegt, að safna mörgum

mönnum í fjárlögin með árlegum styrk í slíku skyni. Það er nú sem stendur einn alþýðumaður með hann, Sighvatur Grímsson, og verður líklega meðan hann tórir, og virðist svo, sem við það ætti að mega hlíta. En hins vegar á hjer merkur maður í hlut, og hefir því nefndin eigi viljað synja honum viðurkenningar og ljettis, til þess að geta framkvæmt meira í þessa átt en hann hefir getað hingað til í hjáverkum sínum, og hefir því ekki viljað neita honum um styrk, en vill sameina hann á fyrra árið, til þess að það komi fram, að ekki væri ætlast til þess, að þar yrði framhald á. Jeg fyrir mitt leyti gæti nú líka trúað því um jafnmerkan bónda og þann, er hjer á hlut að máli, að hann kynni ekkert sjerlega vel við það, að vera festur hjer á bitlingalista þingsins.

43. liður atkv.skrár er um styrk til að gefa út kenslubók í hraðritun. Það er nú ekki svo að skilja, að nefndin hafi neitt á móti þessum manni, sem þar er um að ræða, nje kerfi hans, en af því að henni þótti rjett, að stjórnin hefði frjálsar hendur, ef henni litist eitthvert annað kerfi heppilegra, þá leggur hún til, að þessi styrkur sje ekki bundinn við nafn.

Þá kem jeg að 16. gr. Þar hefir nú fyrst verið feldur burtu styrkurinn til Miklavatnsáveitunnar. Það er ekki gott að mæla með þessari fjárveitingu nú, þar sem nefndin hjer hefir áður látið í ljós nokkurn beyg við hana. En hann kom til af því, að aðalskurðurinn, sem átti að taka við vatninu úr Þjórsá, reyndist ekki góður. En nú stendur svo á, að búið er að leggja í þetta fyrirtæki 20,000 kr. af hálfu jarðanna, sem þar standa að, og ef nú er hætt við það, þá verður gagnið af því ekki teljandi, en jarðirnar hins vegar illa staddar, að þurfa að greiða vexti og afborganir af þessu fje, og er því viðurhlutamikið að leggja árar í bát, þar sem alls ekki er vonlaust um, að takast megi að ná vatninu þrátt fyrir þetta, og því leggur nefndin til að veittar verði 13 þús. kr. í þessu skyni, með athugasemd, sem á að fyrirbyggja það, að þetta fje verði lagt í neina hættu. Það á sem sje ekki að vera neinn vandi, þegar búið er að mæla vatnsstöðuna í ánni í 3—4 ár, að vita þá hvað skurðurinn þarf að vera, til þess að geta fleytt svo og svo miklu vatni, svo að hægt sje að segja um það fyrir fram, hvort áveitan muni koma að gagni, og athugasemdin gengur út á það, að ef svo er ekki, þá skuli stjórninni ekki vera heimilt að greiða fjeð.

Háttv. Ed. hefir lækkað fjeð til sandgræðslunnar. Okkur þótti þar of langt gengið, en til þess að ekki verði stríð úr þessu, þá höfum við farið bil beggja, og væntum því að sætst verði á það mál.

Þá er fjárveitingin í 21. lið 16. gr., til að reyna að koma á sútun skinna á Norðurlandi, 200 kr. — Okkur er óljóst hvernig menn hugsa sjer að koma á sútun skinna fyrir 200 kr., og viljum að þingið sje ekkert að sletta sjer fram í það mál.

Þar sem háttv. Ed. hefir lækkað styrkinn til ungmennafjelaganna, úr 2500 niður í 1500 kr., þá vill nefndin fara bil beggja og leggur til að hann verði 2 þús. kr.

Enn hefir háttv. Ed tekið einn styrk, sem var í 18. gr., til Eggerts Brandssonar, og fært hann yfir í 16. gr. Nefndin hefir ekkert á móti því, að flytja styrkinn yfir í 16. gr., en finst að þá hefði átt að láta hann vera dálítið hressilegri en þetta, og leggur því til, að hann sje hækkaður upp í 500 kr.

Þá er 29. liður 16. gr., sem við leggjum til að falli burt, styrkurinn til kolanámu-

rannsókna. Það er enginn meiningamunur í nefndinni um það, að þetta mál sje þarflegt, en þegar svo er varið, að klípa þarf, jafnvel af fjárveitingum til vega og annars, sem er viðlíka bráðnauðsynlegt, þá ætti ekki að ráðast í það, sem talsvert er óvíst, hvort kemur að verulegu haldi. Við vitum ekki hvað slík rannsókn myndi kosta, t. d. hvað hæfur námufræðingur erlendur myndi setja upp, hvað nægilega stór nafar til að bora í námu kostaði með tilheyrandi tækjum o. s. frv. Þess vegna viljum við, að stjórnin útvegi upplýsingar og áætlanir um slíkt, og komum fram með sjerstaka þingsályktunartillögu um að undirbúa það fyrir næsta þing. svo að þetta er ekki annað en frestur, þangað til við getum vitað um kostnaðinn, svo að nokkuð sje verulega að marka. Þá er vatnsveitan í Vestmannaeyjum. Það mál kom nú nokkuð að óvörum, en hins vegar er það alkunna, að vatnsleysi er svo mikið í Vestmannneyjum, með öllum þeim fólksfjölda, sem þar er, að til vandræða horfir. Og það er langt frá því, að meiri hlutinn vilji spilla fyrir því, að úr því verði bætt, en á hinn bóginn finst honum, að Vestmannaeyjar með öllum þeim afla og öðrum gæðum, sem þar er að fá, ættu að geta lagt eitthvað til rannsóknarinnar, og þá 2000 kr. á móti 3000 kr. En ef þessi 5000 hrökkva ekki, þá væri það annað, að þetta stæði með þeirri athugasemd, að það, sem þá vantar á, skuli koma frá eyjarskeggjum sjálfum. Það er samræmisins vegna við aðrar fjárveitingar, að nefndin leggur þetta til, enda verður það ekki sagt, að illa sje farið með Vestmannaeyjar, nú á þessum harðindatímum, þar sem annað eins er lagt til að bæta þar höfnina, og gjört er.

Viðvíkjandi brtt. nefndarinnar við 19. gr., um að hækka áætlunina til óvissra útgjalda upp í 30 þús. kr., skal jeg taka það fram, að hún hafði þar ekki í huga neinar fastákveðnar tölur, sem koma kunni á þann lið, því að það geta orðið fleiri eða færri tugir þúsunda eftir atvikum, heldur er þetta gjört af því, að ýmislegt þykir benda til þess, að þessi útgjöld verði nú með meira móti.

Seinasti liðurinn er um það, að fella burtu lán til raflýsingar á Ísafirði. Jeg get nú sagt það fyrir mig, að jeg legg þetta ekki til af því, að jeg sje á móti því, ef peningar væru til. Jeg hefi bent á það, bæði í nefndinni og hjer í deildinni, að það væri eitt af hlutverkum þingsins, að hjálpa kaupstöðunum og kauptúnum til slíkra framkvæmda. En nú hefir háttv. Ed. felt burtu lánveitingu til Skeiðaáveitunnar, sem nefndin álítur fult eins nauðsynlegt fyrirtæki og þetta, og kann hún þá ekki við, að sú lánsheimild sje þannig tekin burt, að eins til þess, að setja þessa þar inn í staðinn, því að þá er auðsjeð að þetta er ekki gjört af fjárhagsástæðum, og vill nefndin því, að sama gangi yfir hvorttveggja. Nú liggur hjer fyrir till. um það, að lánsheimildin til Skeiðaáveitunnar sje tekin upp aftur, og verði hún samþykt, þá mun nefndin ekki heldur hafa á móti hinni lánsheimildinni. Það tekur hvort sem er aldrei til þessa, nema fje verði fyrir höndum.

Jeg er nú búinn að tala lengi, en jeg þóttist neyddur til þess, og bið háttv. deild að virða á hægra veg.

Stefán Stefánsson: Jeg á hjer þrjár brtt, sem allar eru gamalkunnugir gestir hjer í deildinni. Fyrst er brúin á Ólafsfjarðarós, sem var samþ. hjer á dögunum með 15:7 atkv., og hefir það veitt mjer djörfung til þess, að bera hana hjer fram aftur, þótt háttv. Ed. færi um hana svo hörðum orðum. Jeg þykist ekki þurfa að fara að segja hjer tildrög þess máls, því að jeg rakti sögu

þess við 3. umræðu. Að eins skal jeg geta þess, að þarna hafa einir 136 menn lofað að greiða alt að 4 þús. kr. á ári í 4 ár, til vegar, sem alls á að kosta full 20 þús. kr., og svo hins, að þetta var eina fjárveitingin til Eyjafjarðarsýslu, sem var í fjárlagafrumvarpinu hjeðan til Ed. Jeg minnist þess ekki, að hafa heyrt, að svo fáir menn hafi boðið svo rausnarlegt boð til móts við fjárlagastyrk, og jeg treysti því þess vegna, að það hafi ekki áhrif til hins verra á þessa háttv. deild, hvernig þessi litla og hógláta tillaga hefir verið leikin í háttv. Ed. Að farið er fram á þenna styrk, byggist á því, að verkið verður að byrja á brú, sem áætlað er að kosti 3400 kr., og það treysta sveitarbúar sjer ekki til að leggja fram, svona alt í einu.

Jeg hefi víst getið þess hjer áður, að þessi brú sje bara á hreppavegi, en hún á að byrja veg, sem kemur saman við sýsluveg, þegar búið er að leggja af honum 5000 faðma, og síðan verður þeim vegi haldið áfram. Jeg vænti þess, að háttv. deild taki þessu máli jafnvel og síðast.

Önnur till. er um framhald akvegar frá Akureyri og inn í Öxnadal. Í stjórnarfrv. var sú upphæð tiltekin 7 þús. kr., og man jeg, að stjórnin ljet þess getið, að hún væri svo takmörkuð einungis af því, að fje skorti. Þessi fjárveiting var nú samt feld hjer með talsverðum atkvæðamun, svo að jeg sá mjer ekki fært að fara fram á meira en 3 þús. Að þessum vegi hefir nú verið unnið í sumar fyrir 5 þús. kr., sem nú eru veittar í fjárlögunum, og þegar það fje var veitt, þá var ætlast til þess, að það gengi til þess, að gjöra við torfærur frá Moldhaugnahálsi og inn að Bægisá, en verkfræðingur landsins vildi láta verja því til áframhalds vegarins, svo að nú standa torfærurnar eftir, og er ógjört við þær. Jeg vil því mikillega mælast til þess, að þessi till. verði samþykt, enda mætti það undarlegt heita, ef ekki fengist svo lítil fjárhæð til vegar, sem þrír hreppar nota mest eða eingöngu til aðdrátta, þar sem nefndin hefir aftur á móti lagt til, að hækka styrkinn til Langadalsvegarins úr 3 þús. upp í 7 þús. kr., og notar hann þó ekki nema einn eða hálfur annar hreppur til aðdrátta, og báðir eru þessir vegir þó jafnt á þjóðvegarleið. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sjái ofsjónum yfir því, þótt bætt sje við styrkinn til Langadalsvegarins, heldur af því, að það er ekki samrímanlegt að gjöra það, en ganga um leið alveg fram hjá Öxnadalsveginum, þótt þrjár sveitir noti hann, auk allrar almennrar umferðar.

Síðasta brtt. mín er þess efnis, að styrkurinn til sálarfræðisrannsókna sje færður niður úr 3 þús. kr. hvort árið í 1500 kr. Sú fjárveiting er nú búin að ganga hjer á milli manna í þinginu með ýmsum breytingum, og hefi jeg alt af verið á móti henni og aldrei komið auga á það, að hún geti haft nokkra verulega eða »praktiska« þýðingu. Fyrst kom fram frv. um að stofna nýtt prófessorsembætti við Háskólann, þar sem átti að kenna hagnýta sálarfræði. Í nefndinni, sem um það mál fjallaði, var sagt, að ekki hefði verið nema einn maður með frumvarpinu. Svo var stungið upp á dócents stöðu, og þá fengust víst tveir. Síðan var þessu máli vikið frá með rökstuddri dagskrá, en upp úr því verður svo 3 þús. kr. fjárveiting á ári í fjárl., til þess að endurbæta —ja, jeg trúi vinnubrögð í landinu. Svo fór þetta hjeðan til hv. Ed., en það lítur út fyrir að »lávarðarnir« hafi ekki skilið vel, hvað meint var með þessum dýrindis vinnubrögðum, því að þeir hafa nú breytt endurbótunum á vinnubrögðunum í sálar-

fræðisrannsóknir, en 3 þús. kr. styrknum á ári hafa þeir þó haldið. Jeg sje nú ekki, að gagnið af þessu muni aukast neitt fyrir það, hvernig sem hringlað er með nöfnin á því, og til þess því, að ekki skuli vera varið svo miklu fje til þess, sem jeg tel, að ekki muni verða að neinum verulegum notum, þá legg jeg til, að þessi fjárhæð sje færð niður um helming, með það fyrir augum, að þessi maður, sem jeg álít að sje góðs maklegur, þurfi ekki að hætta við stöðu sína við Landsbókasafnið, en geti þó unnið að því, sem jeg tel að muni þó ef til vill geta orðið til nokkurra bóta, sem sje ef hann gæti ferðast út um sveitir tíma úr árinu og leiðbeint mönnum. Hygg jeg, að ekki sje farið verr með manninn eða styrkinn á þann hátt, en þótt veittar væru 3 þús. kr. á ári til þess að fást við einhverjar rannsóknir hjer eða í útlöndum.

Hann gegnir stöðu sinni við Landsbókasafnið, en einhvern vissan tíma ætti hann svo að vera úti um alt land. Jeg held meira að segja að það væri miklu hagkvæmara, heldur en að veita honum þrjú þúsund krónur til að kynna sjer málið úti í heimi. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje þessu máli mótfallinn, heldur af því að jeg, eins og jeg þegar hefi tekið fram, álít hitt miklu heppilegra.

Jeg sje að það er komin fram brtt. frá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), um að fjárveitingin hljóði upp á tilraun til að bæta vinnubrögð í landinu. Mjer fyrir mitt leyti finst það eiga betur við, að samþykkja hana. Hann gæti þá ferðast um landið á sumrum sjer til skemtunar, án þess að það ætti að vera nokkur sjerstakur skaði fyrir Landsbókasafnið, enda gæti hann þá fengið mann í sinn stað, þann tíma. Það hefir verið svo mikið um þetta mál rætt, að jeg get ekki verið að orðlengja um það, en legg málið á vald háttv. deildar.

Þá hefi jeg leyft mjer að koma með brtt. við 10. lið 12. gr., um miðstöðvarhitun í Holdsveikraspítalanum, sem fer í þá átt, að heimila stjórninni að fresta þessu verki, meðan efni alt er svo miklu dýrara en venjulega. Mjer er sagt, að það sje ekki bráðnauðsynlegt, og því möguleikar á því að fresta því þangað til, að efni fæst með hæfilegu verði. Jeg heyri sagt, að reykurinn sje ekki verri nú en hann hefir verið. En falli verðið á efninu, þá er sjálfsagt fyrir stjórnina að láta framkvæma verkið.

Framsm. (P. J.) mintist á 200 króna fjárveitingu til sútunar á skinnum. Það er ekki nema von, að hann álíti það fjarstæðu. Mjer er sagt, að þessi fjárveiting sje einungis ætluð til hlutafjársöfnunar í því skyni. Það eru skósmiðir og söðlasmiðir í Skagafjarðarsýslu, sem vilja safna hlutum bæði í Húnavatnssýslu, Eyjafjarðarsýslu og svo í sinni eigin sýslu. Af því að þetta er svo lítil upphæð, þá greiði jeg atkvæði með þessu. Og sannast að segja, eru það nærri því vandræði að sækja öll skinn út úr landinu og kaupa þau við hærra verði en annars mundi vera kostur á. Fyrir nokkrum árum var byrjað á sútun skinna á Seyðisfirði, og mjer er sagt, að hún starfi enn og gangi vel. Þetta er góðra gjalda vert og óskandi, að fleiri fyrirtæki í þessari atvinnugrein kæmust á fót og gætu borið sig.

Jeg fjölyrði svo ekki meira um fjárlögin að sinni, en kann að koma að þeim síðar.

Einar Jónsson: Þegar jeg lít á fjárlögin eins og þau koma nú frá háttv. Ed., þá verð jeg að segja að margt getur nú skeð. Jeg hefi nú setið á sex þingum og hefi jeg aldrei sjeð annað eins og háttv. Ed. hefir nú þóknast að

fara með fjárlögin. Það er því ekki að furða, þótt háttv. þm. Nd. hafi komið með margar brtt. Jeg ætla nú að minnast á nokkrar þeirra.

Jeg ætla þá að byrja á þeim stóra lið, Jökulsárbrúnni. Eins og háttv. deild er kunnugt, er þetta afarstór liður, sem, ef hann ýmist er feldur eða samþyktur, kemur ákaflega miklum glundroða á stað við samning fjárlaga.

Það er óhætt að segja, að það er komin hefð á það, að brúuð sje ein stórá á hverju fjárhagstímabili, og jeg álít það ekki ofmælt, þó að jeg kalli það óforsvaranlegt að bregða þeirri venju. Við síðustu umræðu fjárlaganna hjer í deildinni, var ágreiningur um, hvora ána, Eyjafjarðará eða Jökulsá á Sólheimasandi, skyldi brúa, og það leit svo út, að Jökulsárbrúin hefði betri byr. En það dugar ekki að eyða tímanum í það að láta þær stangast; aðra hvora ána verður að brúa fyrst, því að það er að færast ofmikið í fang, að brúa þær báðar á sama fjárhagstímabilinu. En úr því að svo virðist, sem horfurnar fyrir Jökulsárbrúnni sje betri, þá á að byggja hana fyrst og svo Eyjafjarðárbrúna á eftir. En eins og jeg þegar hefi tekið fram, er það ekki forsvaranlegt að skilja við fjárlögin eins og þau koma nú frá Ed. Þessi háttv. deild hefir unnið sjer það til ágætis við þetta fjárlagasmíð sitt, að strika út hið þarfa og góða, en setja það ljelega og einskisverða í þess stað. Og allur sparnaðurinn, ef slíkt nafn á annars við, er svo einar 41 þús. kr.; með öðrum orðum. þá hefir þessi háttv. Ed. eytt tugum þúsunda í óþarfa. Jeg ætla svo ekki að eyða fleiri orðum um Jökulsárbrúna, en eiga það undir sanngirni háttv. samdeildarmanna minna, hvort þeir samþykkja þenna lið. Jeg á annars bágt með að trúa því, að þeir þori að koma heim til sín, án þess þó að hafa unnið að minsta kosti eitt þarfaverk. Mig hefði nú langað til að fara nokkrum orðum um háttv. Ed. í sambandi við þetta mál, en af því að hún er ekki við, ætla jeg að spara mjer að skamma hana í þetta sinn.

Jeg ætla þó að fara nokkrum orðum um ofur auðþekt fingraför háttv. þm. Vestm. (K. E.) á fjárlögum, eins og þau koma nú frá háttv. Ed. Þessi hv. þingmaður hefir ekki gleymt að skara eld að sinni köku. Hann hefir lagt það til, að hækkað verði við símstöðina í Vestmannaeyjum úr 1800 krónum og upp í 2400 kr. Jeg ætla nú að eiga það undir sanngirni samdeildarmanna minna, hvort þeir samþykkja þessa hækkun við símstöðina þar, úr því aðrar símstöðvar eru ekki hækkaðar. Annars er óþarfi að fara út í Vestmannaeyjar til að finna fingraför þessa háttv. þm. þeirra.

Brtt. 861 er um dr. Alexander Jóhannesson, þar sem farið er fram á að sá liður falli burt, og tek jeg þá tillögu aftur, því að fjárlaganefndin hefir tekið hana upp.

Í brtt. 847 hafði jeg farið fram á, að fella burtu fjárveitinguna um þýðing á ritgjörð Guðmundar Björnsonar í Fánanefndarálitinu, en jeg tek hana líka aftur, vegna þess, að mjer er kunnugt um, að deildin er henni mótfallin og vil ekki beitast fyrir tillögum, sem ekkert fylgi hafa.

Þá er brtt. 848, um Dr. Helga Jónsson grasafræðing, sem fer í þá átt, að lækka hann úr 1800 kr. og niður í 1500 kr. Þegar þeir nafnarnir, Helgi Jónsson og Helgi Pjetursson fóru hjeðan úr deildinni, voru þeir jafnir, báðir í 1800 krónum. En nú hefir háttv. efri deild þóknast að setja Helga Pjetursson niður í 1000 kr. Jeg hefi því komið fram með þá breytingartill. að lækka Dr. Helga Jónsson niður í 1500 kr. og aðra brtt. um að hækka Helga Pjetursson upp í 1500

kr., því að jeg vil alls ekki láta hann gjalda þeirrar vanheilsu, sem kann að hafa hamlað honum frá því, að inna svo mikið verk af hendi, sem skyldi, því jeg hefi með öðrum orðum tilhneigingu til að hafa nafnana jafna. Það er þó að minsta kosti gaman að lesa ýmislegt eftir Helga Pjeturss, en jeg hefi aldrei sjeð neitt skemtilegt eftir Helga Jónsson.

Svo er það brtt. 849. Þar er það einhver Jakob Jóhannesson, sem á að fara að semja íslenska setningafræði. Það getur svo sem vel verið, að jeg hefði nú skrifað fallegri setningu, ef hann hefði kent mjer, þegar jeg var ungur. En af því að jeg býst ekki við, að hann kenni mínum stráku neitt gott, þá legg jeg það til, að þessi liður falli burtu.

Þá er það brtt. 850. Ja, sú þykir mjer nú dálítið undarleg og líkleg til að vera komin frá Vestmannaeyjum. Vestmannaeyinga vantar sem sje vatn og hafa ekki dugnað í sjer til að finna nokkra aðra lind en landssjóð. Jeg þekki bændur, t. d. á Rangárvöllum, sem þurfa að fara tveggja tíma leið, til þess að ná sjer í hvern dropa af neytsluvatni, sem þeir þurfa með. Og nú vilja Vestmannaeyingar fá 5000 kr. til þess arna. Jeg ráðlegg þeim heiðruðu Vestmannaeyingum að nota regnvatnið sitt; hægðarleikur að hafa regnvatnsbrunna við hvert einasta hús og taka alt það vatn, sem af þaki hússins kemur. Jeg segi eindregið nei við þessari fjárveitingu; það er ekki gott að vita, hversu margir kunna að koma á eftir; ekki eru öll vatnsból þægileg, og allir þeir, sem hafa við slæm vatnsból að búa, ættu þá að fara til þingsins til að fá vatn í grautinn sinn. Mitt vatnsból er ekki nógu þægilegt, enda þótt jeg hafi hreina og tæra uppsprettulæki nálægt bænum. En þó mundi jeg ekki fara til þingsins í því skyni að fá það lagað, nema því að eins að það þætti alveg sjálfsagt; ekki þætti mjer neitt að því svo sem, þótt landið leiddi vatnið inn í bæinn til mín. Annars finst mjer að Vestmannaeyingar gætu sparað sjer að senda inn á þingið bæði vatnsbeiðnina og þingmanninn, sem er hreppapólitikus.

Jeg hefi ekki komið fram með neina brtt. um þessar sálarfræðilegu rannsóknir. Frá mínu sjónarmiði hefir frv. þetta breytst mjög mikið í Ed., þar sem hún fer fram á, að styrkurinn sje veittur til sálarfræðisrannsókna í stað þess, sem Nd. vildi veita hann til vinnuvísinda, sem jeg hafði hugmynd um að gæti komið að nokkrum notum; get ekki verið með sálarfræðislegum rannsóknum, sem eru gripnar úr lausu lofti.

Annars hygg jeg, að Ed. hafi farið illa að gagnvart þessum manni, sem er allra góðra gjalda verður, með því að vera að grauta nokkuð í frv. eins og það kom frá Nd. síðast, því að það er ekki sama hver skilyrðin fyrir fjárveitingunni eru. Ekki get jeg fallist á tillögu háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), því hún er hvorki hrá nje soðin.

Jeg býst nú við, að mönnum þyki jeg vera orðinn nógu langorður í þetta sinn, en jeg kann nú að koma að einhverju af þessu síðar meir.

Guðmundur Eggerz: Jeg bjóst nú raunar við því, að fleiri ættu eftir að taka til máls og að röðin væri ekki komin að mjer.

Jeg ætla þá að leyfa mjer að byrja á að tala um brtt. á þgskj. 882, það er við 15. gr. 23. Það er þessi bitlingur til Dr. Guðmundar Finnbogasonar. Eins og menn sjá, þá á þetta bitlingsgrey mjög erfitt uppdráttar, og eins og háttv. deild veit, þá samþykti hún þenna bitling til doktorsins, til að

endurbæta vinnubrögð í landinu. Jeg hefi áður sýnt fram á það, að það væri ekki nauðsynlegt, heldur miklu fremur hlægilegt að senda Dr. Guðmund út um alt land til að bæta vinnubrögð, sem hann vitanlega kann ekkert í. Nú hefir háttv. Ed. breytt því í sálarfræðislegar rannsóknir. Jeg játa, að umsækjandinn er heimspekingur og efast því ekki um, að hann geti dótað við það alveg eins og hver annar, auk þess, sem ganga má út frá því, að þetta fyrirkomulag gefi af sjer prófessorsstöðu við Háskólann svona með tímanum. Brtt. frá mjer fer í þá átt, að fella þessa fjárveitingu. Það er ekki heldur nema vonlegt og eðlilegt, að margir þingmenn verði til að fella þessa fjárveitingu, eins og hún nú kemur frá Ed. Tillagan í máli þessu frá háttv. 1. þm. Hún. (G. H.) er dálítið skrítin, enda komin fram vegna þess, að hann og fleiri eru hræddir um að fjárveitingin strandi ella.

Þess vegna er jeg hræddur um, að mennirnir hafi sent háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) út af örkinni með brtt. á þgskj. 888, sem fer fram á það, að í stað orðanna »til sálarfræðislegra rannsókna« komi: til tilrauna að bæta vinnubrögð. Jeg mun greiða atkvæði á móti þessari tillögu. Hún er að eins fram komin til þess að veiða menn með aðaltillögunni, 6000 kr. bitlingnum. Það er augsýnilegt, að fjárlaganefndin gjörir ráð fyrir því, að þessi styrkur nái fram að ganga hjer í deildinni. Það sjest meðal annars á því, að hún hefir lagt til að lækka laun aðstoðarbókavarðar við Landsbókasafnið úr 1800 kr. ofan í 1500 kr. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þenna lið.

Þá á jeg brtt. við 13. gr. B. IX. á þgskj. 876 um að fella fjárveitinguna til Hamarsárbrúar í burtu. Jeg sje nú að fjárlaganefndin hefir tekið þessa till. upp, og þarf jeg því ekki að tala meira um hana.

Þá er næst brtt. við 14. gr. B. X. 5 á þgskj. 878. Ed. hefir sett þar inn nýjan lið, 1000 kr. styrkveitingu til að gefa út yfirsetukvennafræði. Jeg hefi engin rök sjeð fyrir því, að þessi styrkur sje nauðsynlegur, og get því ekki ljeð honum atkvæði mitt. Annars þykir mjer efri deild hafa gjört alt of margar breytingar á frumv. eins og það fór hjeðan úr deildinni, og þessi finst mjer með öllu óþörf.

Eins og menn sjá, miða allar brtt. mínar í þá átt, að minka útgjöld landssjóðs. Svo er t. d. um brtt. við 15. gr. 9 á þgskj. 881, um að fella burtu 500 kr. fjárveitingu til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa gamlar bækur. Jeg þekki þetta safn og hefi fengið þar bækur, en það voru alt gamlar bækur. Hefði verið lagt til að kaupa nýjar bækur, þá hefði jeg haft ástæðu til að vera með fjárveitingu þessari.

Enn á jeg brtt. við 15. gr. 2. f. um, að lækka fjárveitinguna til afskrifta og ljósmyndunar fyrir Landsskjalasafnið. Í Nd. voru veittar 1000 kr. til þessa, og það álít jeg nægilegt, og vil því spara landinu 1000 kr. á fjárhagstímabilinu.

Jeg sje nú, að ýmsir fleiri hafa gjört sömu brtt. og jeg, þar á meðal háttv. 2. Rang. (E. P.) og fjárlaganefndin, en það var mjer ekki kunnugt, þegar jeg bjó til mínar tillögur í gær, og skal því hjer staðar numið.

Björn Hallsson: Jeg er með því marki brendur, eins og fleiri, að eiga brtt. við fjárlagafrv., en þær eru ekki margar, og jeg ætla mjer ekki að fara að eltast við allan þann sæg brtt., sem hjer liggur fyrir.

Jeg á brtt. á þgskj. 887 við 13. gr. B. VIII., sem fer fram á, að fjárveitingin til Miðfjarðarárbrúarinnar í Skeggjastaðahreppi verði flutt yfir á fyrra árið.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg hefi komið fram með þessa tillögu í samráði við verkfræðing landsins. Það á að byggja brú yfir Djúpá í Ljósavatnsskarði, og ætlast landsverkfræðingurinn til, að þær verði báðar samferða og að sömu menn vinni við þær.

Það er ekki nema eðlilegt, að hlutaðeigendur í Norður-Múlasýslu vilji fá þessa brú sem fyrst, í staðinn fyrir þá sem fjell ofan í ána í vor. Jeg vona að háttv. deild samþykki þessa tilfærslu, það því fremur, sem feld var hjer í deildinni um daginn tillaga frá okkur þingmönnum Norður-Múlasýslu, um að landið skyldi kosta brúna að öllu. Nú er ekki farið fram á að veita nema 7000 kr. til hennar, gegn því, að það sem á vantar komi annarsstaðar frá. Nú verða Norðmýlingar í annað sinn að leggja til þessarar brúar, og er þá ekki nema sanngjarnt, að þeir fái landssjóðstillag fyrra árið, svo brúin komi nú sem fyrst að notum, því að landssjóður átti að kosta brúna að öllu leyti. Það er sanngjarnt, að flytja þessa upphæð yfir á fyrra árið, þar sem svona stendur sjerstaklega á, og auk þess mun efni að sumu leyti vera til, t. d. trje, sem þarf að hafa við steypuna, og skemmast þau því við að liggja lengi. Við allar brúargjörðir verður líklega ein athugasemd í fjárlögunum um það, að stjórnin hafi heimild til að færa brýr, sem eru á f. á. á seinna ár, og er þar af leiðandi þeim mun minni ástæða til að hafa á móti þessu.

Þá er önnur brtt. sem jeg vildi minnast á. Hún er ekki frá mjer, heldur frá háttv. fjárlaganefnd. Hún leggur til, að feld sje burtu fjárveitingin til þokulúðurs á Dalatanga eystra. Háttv. Ed. samþykti þessa 1·4 þús. kr. fjárveitingu með miklum meiri hluta. Eftir því sem vitamálastjórinn hefir sagt mjer, mun þokulúður þessi kosta um 20 þús. kr. Í þingbyrjun skrifuðum við þingmenn Norður-Múlasýslu háttv. fjárlaganefnd Nd. um þennan lúður, en fengum enga áheyrn, enda var mikill sparnaðarandi ríkjandi í þinginu framan af, þótt hann sje að ýmsu leyti farinn að dofna nú.

Ef mig minnir rjett, þá hefir Þorvaldur Thoroddsen sagt frá því í Íslandslýsingu sinni, að á Austfjörðum sjeu um 200 þokudagar á ári. Getur það verið góð bending um, hver þörf sje á slíkum lúðri, enda hafa heyrst háværar raddir meðal sjómanna þar eystra, um að fá þokulúður á Dalatanga, og hafa þeir sagt, að þeir vildu leggja eitthvað af mörkum til þess. Á fundi, sem við þm. Norður-Múlasýslu áttum með kjósendum í Seyðisfjarðarhreppi, kom það í ljós, að menn vildu leggja fram alt að $^1/_3$ kostnaðarins, eða 6000 kr., ef lúður þessi yrði settur við vitann. Það má benda á það, að á þessum stöðum er mikil sigling, bæði skipa, sem koma beint upp til landsins og sömuleiðis fiskiskipa, og er því þörfin hjer mikil. Þar sem þessi tillaga hefir fengið svo góðar undirtektir í háttv. Ed., vildi jeg mega vona, að svo yrði einnig í þessari deild. Að vísu fengum við, jeg og háttv. samþingismaður minn, ekki ríflegar undirtektir hjá fjárlaganefndinni í byrjun þings. Hún sá sjer ekki fært að sinna beiðni okkar, en óvíst að hún hafi staðið sem einn maður gegn þessari fjárveitingu. Þá voru allar neitanir bygðar á þeim forsendum, að alt ætti að spara, bæði vita og annað, sem með nokkru móti væri hægt að draga. Nú eru vitarnir komnir aftur inn í fjárlögin, og væri þá rjettast að lúðurinn yrði látinn fylgja með, þar sem líka heimild verður til fyrir stjórnina að fresta öllu eftir fjárhagsástæðum.

Einn háttv. þm. hefir haft orð á því, að það gæti tæpast heitið forsvaranlegt, að þingmenn kæmu heim, án þess að hafa gjört ráðstafanir til að eitthvert stórvirki yrði gjört, eins og t. d. að brúa einhverja stóra landsins. Jeg get fallist á, að það sje rjett, ef fært er að byggja eina stórbrú á hverju fjárhagstímabili. En það getur staðið svo á, að slíkt sje ómögulegt, annaðhvort af því, að fje sje ekki fyrir hendi, eða af því, að efni sje dýrt eða ófáanlegt. Og þessar ástæður eru einmitt fyrir hendi um Jökulsárbrúna, eins og brjef landsverkfræðingsins ber með sjer. Jeg tel því hyggilegt að fresta smíði þeirrar brúar, þar til það er vel framkvæmanlegt, og mun því greiða atkvæði á móti henni.

Það er gott að heyra hve mikill sparnaðarmaður háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.) er, eða að minsta kosti vill vera, þegar hann heldur ræður hjer í deildinni. En það er orðið dálítið hlægilegt, að heyra hann alt af vera að stagast á sama nafninu. Nafn Dr. Guðm. Finnbogasonar er nú orðið aðalefnið í sumum ræðum þessa háttvirta þingmanns. Ef því nafni væri hætt við sliti, þá er jeg hræddur um, að það væri nú farið að mást af öllum þeim eltingaleik. Það sem mest hneykslar háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.), er sú hugsun, að bak við þessa fjárveitingu liggi það, að gjörðar sjeu tilraunir til að bæta vinnubrögðin í landinu. Held jeg þó að þessum háttv. þingmanni veitti ekki af að læra vinnubrögð.

Jeg get tekið undir það, að mjer fellur ekki hvernig efri deild hefir orðað þennan lið. Jeg tel það samt orðaleik hjá þeirri háttv. deild. En jeg veit að það sama vakir fyrir Dr. Guðmundi Finnbogasyni, hvernig svo sem það er orðað í fjárlögunum, og er því nokkurn veginn sama um nafnið, þótt mjer hefði þótt viðkunnanlegra að orða liðinn eins og hann var áður, sem sje »til tilrauna að bæta vinnubrögð«, eins og vakti fyrir Búnaðarfjelaginu og þessari háttv. deild hingað til.

Jeg sje ekki, að það þurfi að hneyksla neinn, þó að tilraunir sjeu gjörðar til að bæta vinnubrögð í landinu; það er góð hugsun, og þarf ekki að vera svo mikið, sem vinst, til þess að fjárveitingin borgi sig, sjerstaklega þar sem hún í raun og veru er ekki nema 4800 kr. yfir fjárhagstímabilið, eins og sýnt hefir verið fram á.

Annars finst mjer nú mál til komið að hætt sje að þvæla um þennan útgjaldalið. Hvort sem þessi tilraun hepnast eða ekki, þá finst mjer hún þess verð, að þetta sje reynt, þótt varið sje til hennar þessari upphæð. Málið er mikils vert, og Dr. Guðm. Finnbogason þess verður, að hann fái einhvern tíma tækifæri til að sinna því, sem hann hefir búið sig undir, en ekki kúra í bókasafni alla æfi.

Guðmundur Hannesson: Jeg þarf ekki margt að tala út af breytingartillögu minni á þgskj. 888, því að háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) hefir tekið ómakið af mjer. En út af ummælum háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.) læt jeg þess getið, að jeg hefi einn borið þá tillögu fram, og geng þar ekki að erindum neins annars. Jeg sje ekki til neins að fara að karpa meira um þetta mál. Dr. Guðm. Finnbogason hefir skýrt mjer frá, að það sje ekki að sínu undirlagi, að orðalaginu á liðnum hafi verið breytt í efri deild.

Viðvíkjandi Hamarsárbrúnnni vil jeg leyfa mjer að vekja athygli á því, að þessi fjárveiting var samþykt í efri deild með miklum atkvæðamun, ekki nema tvö atkvæði í móti. Það er líka ekki nema eðlilegt, þegar málið er athugað. Það er enginn efi á því, að nauðsyn er

á brúnni. Hreppurinn og sýslan mundu ekki vilja leggja fram 3—4000 krónur að nauðsynjalausu. Mjer skilst ekki betur en að það sje búmannlegt af þinginu að láta byggja brúna nú, þegar í boði er $^1/_8$ kostnaðarins annars staðar frá.

Jeg á breytingartillögu á þgskj. 886 um að Langadalsvegurinn fái að halda þeim styrk, sem veittur var til hans, þegar fjárlögin fóru hjer síðast úr deildinni. Jeg þarf ekki að orðlengja um það mál. Deildin fær tækifæri á að sýna, hvort hún vill draga af því fje, sem áður var veitt.

Um dócentsembættið við Háskólann, sem fjárlaganefndin hefir tekið svo illa í, bið jeg menn að hyggja vel að því, að hjer er um það að ræða, að fá færan og góðan fræðimann, sem hefir fengið góða undirbúningsmentun. Þingið hefir tekið skammarlega í þetta mál. Mönnum vex það í augum, að það skuli vera tíu kennarar við læknadeildina, en þá sögu má líka segja öðruvísi. Í raun og veru eru þeir ekki nema tveir, en í guðfræðisdeildinni eru þeir þrír, tveir prófessorar og einn dócent, svo að hjer er ekki farið fram á annað en það, að læknadeildin fái jafnrjetti við guðfræðisdeildina. Læknisfræðin er illræmd fyrir það um allan heim, hvað kensla í henni sje dýr og mannfrek.

Um launahækkunina til dócentanna við Háskólann skal jeg ekkert tala, og ekki er jeg á móti henni, en hitt sje jeg, að sjeu dócentslaunin hækkuð, þá ber nauðsyn til að bæta hjeraðslæknunum eitthvað upp þá miklu kenslu, sem hann hefir á hendi fyrir einar 800 krónur.

Þá hefir komið fram tillaga um að fella burt styrkinn til þess að semja kenslubók í yfirsetukvennafræði. Jeg get ekki verið með henni. Það er þó eðlilegt, að menn skilji ekki þetta mál, ef þeir hafa ekki fengið upplýsingar um það. Bókin, sem nú er notuð, er orðin gömul, og stúlkurnar, sem koma í skólann, skilja ekki útlent mál, vel flestar, og verða þá að láta nægja það, sem til er á íslensku. Ef forstöðumaðurinn vill skrifa kenslubók, þá virðist ekki mikið þó að veittur sje til þess styrkur, svo sem 50 kr. á örkina.

Þá eru kolin. Mjer finst það nokkuð í þoku, hvort eigi að veita fje til þess að rannsaka námurnar, eða veita styrk til að vinna þær. Ef á að reka kolanámur hjer eins og í útlöndum, þá þarf til þess stórfje.

Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), hefir komið fram með brtt. þess efnis, að heimilt sje að fresta því, að setja miðstöðvarhitun í holdsveikraspítalann, ef verðhækkun á efni gjörði verkið miklu dýrara en ella. Jeg er þessari tillögu hlyntur. Finst sjálfsagt, að sama athugasemdin gildi um þessa fjárveitingu og svo margar aðrar, er samþyktar hafa verið.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg gleymdi í framsögu minni, að minnast á eina brtt., sem nefndin hefir leyft sjer að koma fram með. Það er 8. brtt. hennar í röðinni og fer fram á það, að fjárveitingin til Hamarsárbrúarinnar verði feld burtu. Jeg gjöri ráð fyrir því, að nefndin mundi ekki hafa hróflað við þessum lið, ef það væri ekki samræmisins vegna. Þegar fjárlögin fóru hjeðan úr deildinni, þá stóðu þau með brú á Ólafsfjarðarós, sem var líkt á komið um og þessa brú. En háttv. Ed. hefir felt hana burtu. Nú þegar nefndin leggur það til, að samþykt verði almenn athugasemd, þess efnis, að stjórnin megi fresta brúargjörðum þeim, er í fjárlögunum standa, ef ástæða virtist til, þá virðist henni síður ástæða til þess, að taka nú upp nýjar brýr í fjárlögin og

vill því samræmisins vegna fella þenna lið.

Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) hefir nú komið með brtt. um það, að taka upp aftur styrkinn til brúar á Ólafsfjarðarós. Nefndin getur af sömu ástæðu og jeg gat um ekki greitt atkvæði með þessari brtt. En verði hún samþykt, þá býst jeg ekki við, að nefndin gjöri tillöguna um brúna á Hamarsá að miklu kappsmáli.

Þá skal jeg minnast á fáeinar brtt. frá einstökum mönnum — þó ekki allar, því að það yrði alt of langt mál. Á þgskj. 892 er brtt. við 12 gr., um styrk til Magnúsar læknis Júlíussonar. Nefndin hafði haft þetta mál til athugunar áður, en ekki getað fallist á, að rjett væri að taka hana upp. Hún verður því að mæla á móti þessari brtt.

Um brtt. um Jökulsárbrúna er það að segja, að þar sem nefndin ræður frekar til þess, að hætta við brúargjörðir á þessu fjárhagstímabili, og hafði aldrei mælt með Jökulsárbrúnni, þá er hún því síður meðmælt fjárveitingunni nú. Hún hafði heldur ekki tekið neina beina afstöðu til þess, hvor brúin ætti að vera á undan, á Jökulsá eða Eyjafjarðará.

Þá hefir háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) lagt það til, að teknar sjeu upp í fjárlögin, í þjóðvegaliðinn, 3000 kr. til Öxnadalsvegarins. Þetta er í sjálfu sjer ekki ósanngjarnt, en nefndin verður að halda fast álit við sitt, enda ólíklegt, að þetta gengi í gegnum Ed., þótt það yrði samþykt hjer. Þá hefir háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) komið fram með brtt. um það, að fella burtu eitt atriði úr athugasemdunum við flóabátana. Nefndin er algjörlega á móti þessari brtt.; telur þvert á móti skilyrðið alveg sjálfsagt.

Þá er brtt. um það að fella dr. Alexander Jóhannesson burtu úr 14. gr. og flytja hann í 15. gr. Verði brtt. nefndarinnar, um að fella styrkinn burtu, ekki samþykt, þá virðist henni það hlýða betur, að hafa þenna styrk í 15. gr.

Þá hefir háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) lagt það til, að feldur sje burtu styrkurinn til þess að gefa út yfirsetukvennafræði. Þó að það sje ekki að tilhlutun nefndarinnar, að þessi fjárveiting er komin inn í fjárlögin, þá verður hún að telja hana svo sjálfsagða, að hún hlýtur að mæla á móti þessari brtt.

Þá hefir hæstv. ráðherra lagt það til, að þjóðmenjaverði verði veitt persónuleg launaviðbót. Meiri hluti nefndarinnar er þessari brtt. hlyntur.

Þá hefir háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) lagt það til á þgskj. 890, að veita Einari Hjaltested 1000 kr. hvort árið, til þess að ljúka námi í sönglist. Meiri hl. nefndarinnar er þessari brtt. hlyntur, þótt hann hafi ekki gjört það að tilögu sinni. Jeg hefi kynt mjer þetta mál sjerstaklega að því leyti, að jeg hefi sjeð brjef frá sænskum prófessor, búsettum í New York, sem þessi maður býr hjá, til foreldra hans. Mjer finst það bera þess ljósan vott og vera trygging fyrir því, að hjer er um það söngmannsefni að ræða, að ilt væri að vita til þess, að hann gæti ekki fullkomnað hæfileika sína í þessa átt. Brjefið er alls ekki ritað í þeim tilgangi, að útvega fje úr landssjóði til þessa manns. Það er að eins vingjarnlegt brjef frá manni, er stutt hefir þennan unga og efnilega mann, og styður hann áfram, þótt sjálfur sje hann fátækur. Einar á þess enga úrkosti, að halda áfram náminu, ef landið styður hann ekki; hann verður þá annað hvort að hætta eða að liggja uppi á óviðkomandi mönnum.

Þá hefir háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) komið fram með tvær brtt. á þgskj. 882 og 879, hin fyrri um það, að fella burtu fjárveitinguna til Guðm. Finnbogasonar, en hin til vara að lækka hana niður í 2000 kr. hvort árið. Meiri hlutinn er

þessum brtt. mótfallinn, vill ekki láta hrófla við þessari veitingu úr því, sem hún er orðin.

Þá er brtt. á þgskj. 888, þess efnis, að færa athugasemdina við liðinn í sama horf og hún var, þegar fjárlögin fóru hjeðan úr deildinni. Jeg held, að þessi brtt. sje óþörf, þótt orðalag háttv. Ed. sje ekki alveg í samræmi við tilgang þann, er Nd. veitti fjeð í. Guðm. Finnbogason hefir nefnilega lýst yfir því við nefndina, að hann muni í engu breyta til frá því, sem meiningin hefir alt af verið, þótt athugasemdin sje orðuð svona. Þess vegna er þessi brtt. að mínu áliti alveg óþörf.

Þá hefir hæstv. ráðherra komið fram með brtt. um persónulega launaviðbót til Einars Sæmundsen skógvarðar. Nefndinni hafði borist beiðni þessa efnis, en sá sjer ekki fært að verða við henni og verður því að leggja móti þessari brtt. hæstv. ráðherra.

Þá hefir háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lagt það til, að felt sje burtu úr athugasemdinni við fjárveitinguna til brimbrjótsins í Bolungarvík það ákvæði, að $^1/_3$ komi á móti annarstaðar frá. Nefndin í þessari deild hafði haldið því fram, að hjeraðið ætti að leggja fram helming á móti landssjóði; það var felt hjer, en jeg vænti þess, að háttv. deild leggist ekki svo á móti báðum nefndunum, að hún samþykki þessa brtt.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir komið fram með brtt., þess efnis, að veita Bíldudalskauptúni lán til þess að koma upp hjá sjer rafveitu. Jeg býst ekki við því, að nefndin geti verið með þessari brtt. Það skilyrði fylgir henni, að verði hún feld, þá er það lagt til, að lánsheimildin til Húsavíkur falli líka niður. Þó að mjer sje ant um þetta lán til Húsavíkur, þá get jeg ekki fengið mig til þess að fara í hrossakaup við háttv. þm. (B. J.), og jeg er jafnvel fremur á móti brtt. hans fyrir þessa sök.

Þá er brtt. frá háttv. þm. Árn. (S. S. og E. A.), þess efnis, að setja inn aftur lánið til Miklavatnsáveitunnar. Nefndin er þessari brtt. hlynt.

Jeg hefi áður minst á, að jeg er fjárveitingunni hlyntur, og get því ekki greitt atkvæði á móti henni. Ef hún væri samþykt nú, þá ætti lánsheimildin til raflýsingar á Ísafirði einnig fá að standa. Auðvitað er hæpið, að hægt sje að lána nokkuð úr viðlagasjóði, en jafnfætis eiga þessar heimildir að standa í fjárlögunum.

Jeg hefi nú minst á hrafl af brtt. Nefndin telur ekki ástæðu til að segja fyrir fram, hvernig hún tekur öðrum tillögum einstakra manna. Mikið veltur þar á skýringum þeim, sem þeir gefa.

Ráðherra: Í þetta sinn ætla jeg að eins að minnast á brtt. þær, sem frá mjer eru runnar, en geymi mjer rjett til þess að minnast á aðrar brtt. síðar, ef mjer sýnist svo.

Á þgskj. 842 á jeg brtt. við 11. gr. B. 11. (sem misprentast hefir á brtt., svo að þar stendur 11. gr. 11). Jeg sje að háttv. Dal. (B. J.) hefir flutt fram sams konar brtt., sem að vísu er 6 kr. hærri. Gjöri jeg því ráð fyrir því, að annarhvor okkar verði til að taka brtt. um þetta aftur. Þinginu blandast víst ekki hugur um það, að nauðsyn beri til þess, að hverju sýslumannsembætti fylgi járnskápur Stjórnin hafði í fjárlagafrumv. sínu lagt til, að bæta við skápum handa nokkrum sýslum og fjárlaganefndin hefir bætt nokkrum við. Nú hefir mjer verið sagt, að slíkan peningaskáp vanti í Dalasýslu. Sams konar vitneskju mun háttv. þm. þess kjör-

dæmis (B. J.) og hafa fengið, og þannig hefir atvikast, að við höfum óafvitandi hvor af öðrum flutt sömu brtt.

Á þgskj. 845 flyt jeg brtt. við 15. gr. 3. a, um 600 kr. árlega launaviðbót til núverandi þjóðmenjavarðar. Jeg er þakklátur háttv. fjárlaganefnd eða meiri hluta hennar fyrir undirtektir hennar undir þessa brtt. Þjóðmenjavörðurinn hefir gegnt þessu starfi frá 1906, þótt ekki fengi hann veitingu fyrir starfinu fyrr en 1. júlí 1908; hafði hann í fyrstu 30 kr. um mánuðinn að launum, uns hann tók við stöðu sinni, er stofnuð var samkvæmt fornmenjalögunum 1907, og hefir síðan haft 1800 kr. um árið. Það er þjóðkunnugt, að með rjettu má segja um þennan mann, að hann er rjettur maður á rjettum stað, og er óhætt um það, að enginn af fyrirrennurum hans hefir staðið betur í þessari stöðu en hann; hefir hann skipað safninu vel niður, aukið það stórum, og sömuleiðis hefir aðsókn að safninu mjög aukist síðan hann kom að því, sem sjá má af skýrslu þeirri, er út kom um safnið í fyrra.

Á þgskj. 843 flyt jeg brtt. við 15. gr. 20, um að athugasemdin falli burtu. Jeg fæ ekki sjeð, að nefnd sú, sem ætlað er að úthluta þessum styrk, styrknum til rithöfunda og listamanna, fái nokkuð að gjöra næsta fjárhagstímabil, með því að þingið hefir í raun rjettri ráðstafað þessum fjárhæðum að mestu leyti, því að ekki gjöri jeg ráð fyrir því, að ætlast sje til, að tekinn verði styrkurinn af þeim, sem hafa haft hann lengi, nje að hann verði minkaður. Ef háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), sem mun hafa verið upphafsmaður þessarar nefndar, vildi endilega hafa einhverja nefnd til aðstoðar stjórninni nú og síðar, þá býst jeg við að hann gæti fundið einhverja heppilegri leið en þessa. Það er athugandi, að landstjórnin eða þingið getur ekki boðið stjórn Bókmentafjelagsins eða stjórn Stúdentafjelagsins að velja menn í þessa nefnd; til þess hefir landstjórnin ekkert vald yfir þessum fjelögum. Ef til vill er öðru máli að gegna um háskólaráðið, því að þar er þó um opinbera stofnun að ræða. Auðvitað væri það stjórninni þægilegt, að geta kastað siðferðislegri ábyrgð yfir á þessa nefnd. En hvernig færi, ef stjórnin yrði ósammála nefndinni? Ef t. d. nefndin vildi taka styrk af þeim, sem lengi hafa haft hann? Enda er svo, eins og jeg tók fram áðan, að ekkert verkefni liggur fyrir þessari nefnd á næsta fjárhagstímabili.

Þá á jeg breytingartillögu á þgskj. 844 við 16. gr. 4. b, um lítils háttar launaviðbót handa Einari Sæmundsen skógverði. Hann mun hafa sótt um þessa launahækkun til nefndarinnar, og haft til þess meðmæli yfirboðara síns. Hjer á í hlut maður gáfaður, sem unnið mun hafa verk sitt óaðfinnanlega. Hann er að því leyti verr settur en aðrir skógarverðir, að hann hefir ekki bú, og getur því eigi notið þeirrar framleiðslu, er þar af rennur.

Þá er við 21. gr. brtt. frá mjer og háttv. samþingismanni mínum (S. S.) á þgskj. 823, um að koma aftur inn á fjárlögin lánsheimild til Skeiðaáveitunnar. Meiri hluti fjárlaganefndarinnar, eða, ef til vill öll nefndin, hefir tjáð sig samþykka þessari brtt., enda var hún samþykt hjer í deildinni, með afar miklum atkvæðamun. Fjárlaganefndin í Ed. lagði í fyrstu til, að fella niður þennan lið, og varð það úr, en sá sig síðar um hönd, og bar upp tillöguna aftur með 1000 króna lækkun, en þá úrskurðaði forseti deildarinnar, að till. mætti ekki bera upp aftur, með því að efni hennar hefði verið felt áður. Má því telja, að það hafi verið slysni, að lánsheimildin komst ekki í gegn um Ed. Þessi

liður er mönnum kunnur, og þarf jeg því ekki að fjölyrða um hann nú, en vona, að deildin láti ekki tillöguna gjalda þeirrar óhepni, er hún varð fyrir í Ed.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að gjöra nokkrar athugasemdir við brtt, sem jeg hefi borið fram við fjárlögin í þetta sinn.

En áður en jeg sný mjer að þeim, votta jeg þakklæti mitt háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) fyrir þær brtt., sem hann hefir flutt fram. Jeg þarf ekki að mæla með annari þeirra, styrkveitingunni til söngmannsins Einars Hjaltested, með því að fjárlaganefndin hefir tjáð sig henni samþykka, og kann jeg henni þakkir fyrir það. Hin tillaga háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) lýtur að styrkveitingu til dr. Alexanders Jóhannessonar. Eins og menn muna, bar jeg fram tillögu um þessa styrkveitingu hjer í deildinni, en þá lá málið ekki eins opið fyrir mönnum og nú, sem sýndi sig í því, að fjárlaganefnd Ed. hefir sýnt mjer og málefninu þann greiða, að taka fjárveitinguna upp. Tillaga háttv. þm. N.-Þ. (B. S.) fer fram á það, að flytja fjárveitinguna úr 14. gr. í 15. gr. Kemur það til af því, að sumir eru hræddir um, að hjer sje stofnað til fasts embættis, ef fjárveitingin er undir 14. gr., en það er hvorki tilgangur minn nje hins unga manns, er styrksins æskir. Hann ætlar sjer að lesa fyrir við Háskólann þessi tvö ár, og er þess full þörf nú, er Þjóðverji sá, er til þess var ætlaður, er nú hertekinn. Jeg vil einnig biðja menn vel að gæta að því, að hjer er um enga eyðslu að ræða, því að ef þessi þýski kennari hefði verið hjer, þá mundi hann eftir venjunni hafa fengið líkan styrk, líkt og franski kennarinn fjekk hjer. Nú, þar sem styrkveiting þessi er færð í 15. gr., þá má það vera mönnum auðskiljanlegt, að hjer er ekki um embættisstofnun að ræða. Jeg þarf ekki að lýsa þessum unga manni. Hann er nú hingað kominn og hefir kynst mönnum hjer. Síðan jeg mintist á hann síðast, hefir hann lokið doctorsprófi á Halli á Þýskalandi í þýskum bókmentum, Engilsaxnesku og heimspekissögu; lauk hann doctorsprófinu með heiðri, svo að hann má teljast vel til þess fallinn að halda uppi þessari kenslu. Hann er ungur maður og áhugasamur, sem með dugnaði hefir brotist í gegn um nám í tveimur erlendum ríkjum. Hefir hann því sýnt sig maklegan til að fá þenna styrk, uns hann hefir »habiliterað« sig, sem kallað er, þ. e. samið ritgjörð, er veiti honum kenslurjettindi við þýska háskóla.

Þá sný jeg að brtt. minum.

Fyrst er brtt. við 11. gr. B. 11, um peningaskápa handa sýslunum. Það er rjett, sem hæstv. ráðherra sagði, að svo er sem eins konar sálufjelag hafi verið með mjer og honum, er við höfum báðir orðið til að flytja tillöguna fram, án þess að vita hvor af öðrum. En með því að tillaga mín var 6 krónum dýrari og jeg þar með fæ tækifæri til að spara landssjóði 6 kr., þá lýsi jeg því hjer með yfir, að jeg tek tillögu mína aftur.

Við 12. gr. 8. lið hefi jeg leyft mjer að bera upp brtt. um 1000 kr. árlegan styrk til húðsjúkdómalæknis Magnúsar Júlíussonar. Þessi ungi og efnilegi læknir hefir áður sótt til þingsins um styrk, en verið synjað um hann, mest af sparnaðar ástæðum. Allir vita, að sjúkdómar þeir, sem hann fæst við að lækna, eru illir viðureignar, og að varhugavert er, að þeir breiðist út um landið. Jeg veit ekki betur en að það hafi verið efst á baugi í læknadeild Háskólans,

að semja lög um varnir gegn útbreiðslu slíkra sjúkdóma, og ef svo hefði orðið, mundi þessi læknir hafa verið ráðinn til þess, að standa fyrir þeim vörnum. Enn fremur er á það að líta í þessari dýrtíð, sem nú heyrist oft í munni manna, að það mundi koma sjer vel fátæklingum, að geta fengið ódýrari læknishjálp við þessum sjúkdómum, svo sem verða mundi, ef læknirinn fengi styrk þann, sem hjer um ræðir. Læknarnir geta ekki lifað á starfi sínu, ef menn geta ekki borgað þeim læknishjálpina; verða þeir þá að láta af læknisstörfum og taka sjer annað fyrir höndur. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg þekki vel mann þann, sem hjer um ræðir. Hann er maður efnilegur og áhugasamur og vel að sjer.

Þá er 14. gr. B. II. 7., sem lýtur að námsstyrk til skóla þess, sem nú er kallaður mentaskóli almennur, en áður var kunnur undir nafninu »lærði skóli«. Þótt Ed. hafi margt vel gjört í fjárlögunum, þá verð jeg að telja, að henni hafi orðið mikið á, er hún lækkaði þenna styrk um 500 kr. og hnýtti þar aftan í þeirri óhæfu athugasemd, að styrkurinn skyldi lækka um þessa upphæð árlega, þangað til hann væri með öllu horfinn. Jeg ætla mjer ekki að halda hjartnæma ræðu um þetta mál, en að eins minna þá lærðu menn á, sem hjer eru, að gjöra yfirlit yfir, hverjir af vorum nýtustu mönnum mundu hafa komist áfram, ef eigi hefði þeir notið neins styrks. Jeg þarf ekki að nefna nöfn, nöfnin liggja tvenn og þrenn á tungu manna, ef menn vilja rekja stúdenta, sem útskrifast hafa á síðustu 50 árum. Afleiðingin af þessari tiltekju mundi verða sú, að aftraði yrði öllum fátækum gáfumönnum utan Reykjavíkur að ganga mentaveginn, svo að þeir einir ættu þess kost, er heima ættu í Reykjavík, eða væru synir efnamanna. Raunar eru fáir sveitamenn svo efnaðir, að þeir geti kostað syni sína í skóla. Afleiðingin yrði því sú, að fátækir menn utan bæjar gætu yfirleitt ekki komist í skóla, þótt fluggáfaðir væru. Þá væru að eins eftir efnaðir embættismenn og kaupmenn, sem gætu látið syni sína ganga skólaveginn. Ekki segi jeg, að þeir geti ekki átt gáfaða sonu, en það hefir sýnt sig, að þeir láta oft syni sína læra, sem ekki hafa gáfur til þess. En fátækir menn ganga alls ekki mentaveginn, nem þeir hafi gáfur. Þess vegna vil jeg alls ekki lækka styrkinn, heldur hækka hann eins og hann var áður, til þess að gáfaðir menn geti notið sín. Það getur farið svo, að engir nema Reykvíkingar geti notað þenna skóla. Segi jeg það ekki til þess, að niðra Reykvíkingum, nje af því, að jeg telji þá ógáfaðri en aðra menn. Jeg get hugsað mjer að það gæti komið fyrir, að einhver þingmanna á komandi tímum klöknaði, er hann færi að úthluta styrknum til mentamannanna, og er mjer þá sem jeg sjái háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) starfa að þessu verki. Athugasemd þá, er Ed. hefir hnýtt við styrkinn, vil jeg nema í burtu og geta menn þá, ef þeim sýnist svo, sett inn athugasemd þá, sem jeg hefi flutt fram á þgskj. 841.

Þetta, sem jeg hefi nú sagt um lærða skólann, gildir einnig um Akureyrarskólann. Jeg vil ekki, að námsstyrkur sje lækkaður þar. Býst jeg við að tillaga mín gangi hjer greiðlega fram, vegna þess, að hún fer fram á hið sama, sem áður hefir verið samþykt hjer og til var ætlast í stjórnarfrv.

Þá á jeg tillögu um lánsheimild til raflýsingar í Suðurfjarðarhreppi. Jeg fæ ekki sjeð, hvernig þingið getur neitað þessum hreppi um slíkt lán fremur en öðrum hreppum, svo sem Ísafirði og Húsavík. Ber jeg þessa tillögu alls ekki fram í því skyni, að fara í hrossakaup,

sem háttv. framsm. (P. J.) nefndi svo kunnuglega. Jeg vil láta eitt yfir alla ganga, með því skilyrði, að peningar sjeu fyrir hendi.

Þá hefi jeg rakið allar þær tillögur, sem frá mjer eru runnar.

Þá ætla jeg að víkja að nokkrum smátillögum, sem frá öðrum eru komnar.

Svo virðist, sem hjer í deildinni sje fjelag eitt, er í eru 2 menn, og mun það vera sálufjelag; á jeg þar við háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) og 2. þm. S.-Múl. (G. E.).

Þeir vitru tillögumenn, háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) og 2. þm. S.-Múl. (G. E.), leggja til, að fella burtu styrkinn til Vestmannaeyinga, til þess að leita að drykkjarvatni þar í eyjunum. Þeim farast viturlega orð um þetta, eins og þeirra var von og vísa; þeir leggja það nefnilega til, að Vestmannaeyingar drekki regnvatnið af húsþökunum. Auðvitað minnast þeir ekki á, hvað menn eigi að drekka þegar ekki rignir, en ef jeg ætti að geta mjer nokkurs til um það, hvað þeir vilji láta menn drekka, þá finst mjer það einna best í samræmi við annað, sem þeir leggja til málanna, að ætlast til, að menn drekki sjó, þegar regnvatnið þrýtur. Líklega ætlast þeir þó til, að saltið verði áður tekið úr honum, og yrði þá landið að gjöra það. Er ekki víst að það reyndist ódýrara en að veita þennan litla styrk. Jeg man ekki eftir að hafa sjeð jafn óviturlega tillögu, sem þessa, þótt margar sjeu auðvitað vitlausar. Þetta er ein af þeim tillögum, sem ekki ætti að koma fram á Alþingi Íslendinga.

Þá hafa þessir sömu vitru fjármálamenn komið fram með aðra tillögu, álíka viturlega. Þeir vilja sem sje fella styrkinn til símstöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Þessi tillaga dæmir sig sjálf. Hún er alveg sams konar og meginið af tillögum þeirra, ein af þeim alla vitlausustu, sem sjást hjer á þinginu, og sýnir ekkert annað en að þessir herrar vilja altaf skifta sjer af öllu, sem þeir geta, en hafa vit á sárfáu.

Þó kemst nú fáfræðin ekki í algleyming, fyrr en þessir sömu háttv. herrar vaða fram á orrustuvöllinn með sláturhnífinn á lofti, blóðugir upp til axla og ráðast á mentamálagreinina í fjárlögunum. Jeg ætla að benda þeim háttv. herrum á það, að flestir munu verða mjer sammála um það, að þeirra orrustuvöllur sje ekki á því sviði, en líklega skilja þeir það ekki fremur en annað.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) leggur það til, að feld sje burtu 500 kr. styrkveiting til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa fyrir bækur. Varla get jeg trúað því um hann, að slátrunarlöngunin sje orðin svo mikil, að hann geti ekki sjeð granna sína á Seyðisfirði í friði, þótt engin ástæða sje fyrir hann að amast við þeim. Hitt finst mjer trúlegra, að honum finnist þessir hættugripir, bækurnar, vera helst til nærri sjer þarna fyrir austan. Ekki nema tveir firðir á milli.

Þá leggur sami háttv. þm. næst til að lækka styrkinn til að binda bækur við Landsbókasafnið. Hann vill líklega sjá um það, sem best hann getur, að bækurnar verði ekki lesnar nema sem minst, og hefir því fundið upp á þessu happaráði. *(Guðmundur Eggerz:* Jeg á enga tillögu um þetta). Jeg heyri að háttv. þm. segist enga tillögu eiga um þetta. Jeg skal gæta að, hvort mjer hefir skjátlast. — Þetta mun vera rjett hjá háttv. þm. Tillaga hans, sem jeg var með, er ekki um þetta, en lítið bætir það fyrir honum, því að hún er miklu verri en jeg bjóst við, jafnvel af honum. Jeg bjóst ekki við að jafnvel

hann myndi gjörast svo djarfur að hrófla við fjárveitingunni til að láta ljósmynda bækur og skjöl á útlendum bókasöfnum. Það er svo fjarri því, að það eigi að fella burtu þennan styrk, að við ættum helst að veita fje til að láta »Phototypera« alt Árna Magnússonar safnið. Þessi tillaga háttv. þm. er því álíka viturleg og aðrar uppástungur hans.

Þá kem jeg að mesta kappanum í þessari orustu hjer á fjárlagavöllum. Það er 1. þm. Rang. (E. J.). Hann veður í gegnum fylkingar, alblóðugur með hnífinn á lofti, og hlífir engum, ekki einu sinni sínum eigin flokksbræðrum, því að hann vill fella burtu styrkinn til að koma fánaskýrslu landlæknisins út á dönsku. Jeg býst ekki við, að það sje af illvilja við þennan flokksbróður sinn, sem hann leggur þetta til, heldur af því að maðurinn er veikur af »liðafallssýki«.

Jeg ætla nú samt einu sinni að vera góður við heimastjórnarflokkinn og greiða atkvæði með því, að þessi styrkur fái að standa, því jeg hefi sannfrjett að Heimastjórnarmenn ætli allir sem einn að greiða atkvæði með næsta lið á eftir, styrknum til Ragnars Lundborg til að gjöra Ísland kunnugt erlendis.

Þessi sami þm. (E. J.) hefir áður sýnt ást sína til lista og vísinda og gjörir það enn, með því að leggja til að styrkurinn til Jakobs Jóhannessonar falli burtu. Jakob býðst til að semja kenslubók í setningafræði fyrir þessa litlu borgun. Þessa kenslubók hefir lengi vantað tilfinnanlega við alla skóla, þar sem íslenska er kend, og er því ekki nema sjálfsagt að veita þennan styrk. En hv. þm. sýnir með þessu ást sína til móðurmálsins og þjóðlegra vísinda. Maðurinn, sem í hlut á, er ungur áhuga- og gáfumaður og ágætlega til þessa starfa hæfur. Fjárlaganefndin hefir ekki lagt á móti styrknum, og býst jeg því við, að háttv. 1. þm. Rang. standi einn upp með till. sinni.

Sömu skil vill háttv. þm. gjöra styrknum til dr. Alexanders Jóhannssonar. Það eru náskyldar fræðigreinar, þýska og íslenska, og því er ekki nema von að hann vilji láta eitt ganga yfir báðar.

Þá ræðst háttv. sami þm. næst á styrkinn til Helga bróður míns, og vill láta lækka hann um 300 kr., frá því sem hann hefir verið samþyktur áður hjer í deildinni. Jeg get fullvissað hv. deild um það, að grasafræði er þessa manns eina áhugamál, og jeg teldi það mjög illa farið, ef farið yrði að klípa af styrknum. Jeg vona því að deildin fari ekki að brjóta orð sín og taka aftur það, sem hún hefir sagt, og láti styrkinn ekki færast niður úr 1800 kr. Í þessu sambandi vil jeg einnig minna á styrkinn til dr. Helga Pjeturss. Jeg tel það illa farið, að háttv. Ed. skyldi fara að lækka hann; mjer finst að styrkirnir til þeirra nafnanna ættu að haldast í hendur, og vona því, að styrkurinn til Helga Pjeturss verði hækkaður aftur. Jeg veit ekki annað en að heilsa hans leyfi, að hann vinni fullkomna vinnu og sje því ekki ástæðu til að lækka styrkinn nú. Háttv. fjárlaganefnd Nd. hefir lagt til, að styrkurinn til Helga Pjeturss. yrði hækkaður upp í 1500 kr. úr 1000 eins og háttv. Ed. setti hann. Jeg býst við að nefndin hafi ekki þorað að hækka hann meira af ótta fyrir því, að háttv. fjárlaganefnd Ed. mundi þá færa hann aftur niður. Jeg get nú fullvissað menn um það, að þótt styrkurinn verði hækkaður upp í 1800 kr., þá dettur hv. Ed. ekki í hug að hrófla við honum. Það gleður mig að geta þakkað háttv. 1. þm. G. K. (B. K.) fyrir tilögu hans um þetta atriði. Honum var manna best trúandi til að leggja viturlega til mentamálanna, því að þótt hann sje það, sem

kallað er ólærður, þá hefir hann þó afl-að sjer stór-mikillar þekkingar, bæði á efnafræði, söng og fleiru.

Þá kem jeg næst að styrkveitingunni til dr. Guðm. Finnbogasonar. Menn gjöra sjer alltítt um að fella þann styrk eða minka hann. Jeg sje ekki ástæðu til að óttast, þótt einstaka fáráðlingur, sem vitanlega hafa ekkert vit á, hvað gjöra ber í þessu máli, sjeu að fjargviðrast út af þessum styrk. Eða með öðrum orðum vilji ekki láta hagnýta þá starfskrafta, sem bestir finnast í landi voru. En jeg vil þó minnast á það, að þótt merkilegt megi virðast, þá er þó tillaga háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) öllu viturlegri en tillagan frá háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.). Það er eitthvað hreinlegra, að fella styrkinn alveg, en að naga af honum, svo að hann komi að engu haldi. Menn verða að athaga það, að það er engin von, að Guðmundur Finnbogason fari að kasta frá sjer embætti sínu, og fá minni laun en hann hefir nú, fyrir það eitt, að þessir háttv. þingmenn sýna þennan dæmalausa vísinda áhuga. En sje tilætlunin sú, að hann hafi þessar sálarrannsóknir í hjáverkum sínum, þá er það því vitlausara, því að slíkt er ómögulegt. Þá er betra að veita ekki neitt, eins og háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) vill.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) kemur með tillögu um að breyta orðalaginu á styrkveitingunni. Jeg get með sanni sagt, að mjer stendur alveg á sama um, á hvern veginn þetta er orðað, því að jeg veit, að Guðm. Finnbogason mun gjöra það að aðalstarfi sínu að rannsaka vinnuvísindi. Sama lýsti háttv. framsögum. (P. J.) yfir, og tek jeg þetta því eftir honum.

Jeg skal enda ræðu mína með því að lýsa því yfir, að sjeu þessir niðurskurðarþingmenn að gjöra tillögur sínar til þess, að þóknast kjósendum sínum, þá fara þeir villir vegar. Íslensk kjósendur eru ekki svo skapi farnir, að þeir vilji ekki styrkja unga og gáfaða menn. Þeir vilja láta styrkja þá vel, en ekki veita þeim neinà hungurlús, eins og þessir háttv. þingmenn, sem jeg hefi nú talað við um hríð.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal byrja á því, að minnast á till. mína á þgskj. 874, er lýtur að því, að veita *Guðm. E. Guðmundssyni* bryggjusmið, 12 þús. kr. lán, til þess að starfrækja kolanámuna, sem hann hefir fundið í *Stálfjalli*, fyrir vestan.

Maður þessi hefir nú þegar varið bæði tíma og peningum, til þess að ganga úr skugga um það, hvort eigi sje þar um kol að ræða, er vel borgi sig, að vinna. — En nú er svo komið, að *hann* verður að hætta, *ef hann fær ekki lán til að halda áfram*, og hefir hann því farið fram á það við þingið, að það veitti honum lán úr viðlagasjóði, í nefndu skyni.

Þótt kynlegt megi þykja, hefir mál þetta þó *ekki* mætt eins góðum undirtektum á þinginu, eins og vænta hefði mátt.

Beiðni hr. *Guðm. E. Guðmundssonar* hefir enn *ekki* verið sint á neinn hátt, og þarf þó ekki að geta þess, hve afarmikla *þýðingu það hefir fyrir landið, ef kol fyndust hjer*, ekki síst nú í dýrtíðinni, þegar almenningur verður að gefa 8—9 kr. fyrir kolaskipundið, og vil jeg því segja, að *þótt landið fengi engan eyri aftur af þessu láni*, eða — með öðrum orðum — þó að veðið í námurjettinum, og í mannvirkjunum, reyndist lítils eða einskis virði, *þá væri þessu fje, sem gengur til þess, að styrkja jafn-gott nauðsynja fyrirtæki, þó engu að síður* vel *varið*, og síst ástæða til, að sjá eftir því,

enda **leiðir gott og einatt**, fyr eða síðar, **til góðs**, *og jafn vel til margfalds góðs, eða enn meira*, á einhvern hátt.

Vitaskuld er stjórninni í fjárlögunum ætlað fje, til að láta gjöra *rannsóknir*, að því er það snertir, hvort kol sjeu til hjer á landi; en það hjálpar *ekki* manninum, sem hjer á í hlut, og finst mjer hann því vera **mjög** *hart leikinn*, eftir allan dugnaðinn, sem hann hefir sýnt, ef honum verður nú ekki synt að neinu.

Jeg vil því mæla sem best með nefndri breytingartillögu minni, og vona, að þingið sýni nú og þá *sanngirni*, að veita þessum dugnaðarmanni þetta lán.

Þá vil jeg næst víkja að annari brtt. minni, á þgskj. 865, er fer í þá átt, að *ölmusurnar við »almenna mentaskólann« verði ekki lækkaðar.*

Eins og kunnugt er, hefir fjárlaganefndin í efri deild fengið styrkinn, er hjer um ræðir, lækkaðan um 500 kr. frá því, sem hann er nú — fengið hann lækkaðan það *seinna ár fjárhagstímabilsins*, og ætlast til, að hann lækki einatt árlega úr því, uns hann *al-hverfur* með öllu.

Stefnuna, sem lýsir sjer í þessu, verð jeg á hinn bóginn að telja *mjög* óheppilega,. en get þó sparað mjer, að tala langt mál um þetta atriði, þar sem hv. þm. Dal. (B. J.) hefir þegar *ljóslega* sýnt fram á, hvílíkt **glapræði** það væri, ef gengið yrði inn á þessa braut.

Það er óefað til *margur* fátæklingurinn, sem **ekki** *sjer sjer fært, að leggja út á mentabrautina styrklaust*, en styrkvonin mun þá og hins vegar æ ýta undir hann, svo að hann, hennar vegna, ræðst þá í það, sem hann *alls eigi* vogaði sjer ella, og þó að það, að hafa gengið mentaveginn, leiði *aldrei* til embætta, þá vita þó allir, hve *afarmikils* virði það er, að vera mentaður maður.

Það veitir **unun** *fyrir alt lifið, og verður* **ekki** *metið til peninga.*

Þingið ætti því síst af öllu að draga úr því, að sem flestir gangi mentaveginn, enda eru þess mörg dæmi hjer á landi, um menn, sem hætt hafa námi eftir stúdentsprófið, eða nokkru fyr, að þeim hefir yfirleitt farnast að mun betur í lífinu, vegna mentunarinnar, er þeir höfðu aflað sjer, en ella myndi.

Væntanlega kemur og sá tíminn, þegar »Bræðrasjóðurinn« verður orðinn svo *öflugur*, að þingið þarf ekki, að leggja »almenna mentaskólanum« styrktarfje handa nemendunum; en sá tími er *ekki* kominn enn, og á sjálfsagt nokkuð langt í land, og á meðan *verður* þingið að hlaupa undir baggann.

Þegar maður lítur á seinustu skólaskýrsluna, sjer maður og, að þótt ölmusufjeð sje ekki nema 2000 kr. á ári, þá hafa þó 46 nemendur alls notið styrksins síðastliðinn vetur, og þó að flestir þeirra hafi *ekki* fengið, nema 50 kr., en sumir þó 100 kr., þá vita þó allir, að það er þó fje, sem fólk á því reki munar um, *þótt ekki sje meira.*

Þá skal jeg snúa mjer að þgskj. 866. Þar á jeg 4 brtt., sem allar lúta að sama, þ. e. að sama *aðal-* eða *kjarnaatriðinu.*

Í fjárlögunum er gjört ráð fyrir, að *allir*, sem njóta styrks af landsfje, til þess að halda uppi gufu- eða mótorbátsferðum, um flóa eða firði, eigi ekki einungis að senda landsstjórninni áætlun um kostnaðinn við báta-útgjörðina, heldur og aðal-reikning, að útgjörðartímanum loknum.

Jeg skal nú að vísu játa, að fyrir landssjóðinn og landsstjórnina geti það verið *heppilegt*, sem og fyrir þingið, *að geta aflað sjer fróðleiks á nefndan hátt*, og hafa þá það, sem *ábyggilegast* er, til þess að geta miðað styrkinn við, eða sniðið hann eftir, enda sakaði það og *engan*, þótt alt væri öllum *opinbert* látið vera, **ef mennirnir væru yfirleitt eins góð-**

ir, eins og þeir ættu að vera, — *sakaði* **ekki,** *ef þeim væri yfirleitt ánægja og gleði að velgengni og velliðun annnara,* en hrygðust yfir því, að öðrum gengi illa, eða yrðu fyrir óhöppum.

Því miður er siðferðis-stigi mannkynsins þó **eigi** þannig háttað, — hitt mun **tíðara,** *að fjöldi manna fyllist þegar öfundar, ef einhver verður fyrir happi eða líður vel.*

Það, að láta alla vita um gróða sinn, höpp, eða velgengni, *það er því eigi sjaldan* — eins og daglega lifið er —, **að ofurselja sig öfundinni,** *ef og eigi* **heiftinni,** *er aldrei seðst jafn vel, fái hún eigi* **aleyðilagt** *þann, sem hún í þann, eða þann, svipinn, mest, eða* **verst,** *beinist að.*

Þess vegna er það og einatt, **að stofna sjer í hættu,** *að láta aðra hnýsast um oj í sínar sakir,* og þá æ því fremur, sem betur gengur.

Jeg efast og um það, ef einhver háttvirtur þingm. hefði *sjálfur* á hendi slíkar gufu- eða mótor-bátaferðir, *að hann vildi þá láta stjórnina, þingið, og allan almenning, vita, hvernig báturinn bæri sig.*

Fjárveitingarvaldið á *að sjálfsögðu — sem hver maður ella* — einatt að vera hið **hreina,** *og* **beina.** »Þenna styrk get jeg veitt!« á það að segja, »og fer það svo eftir dugnaði þínum, og hagsýni, hve mikinn ágóða þú berð frá borði, og þess ann jeg þjer, sem og öllum, *að hann verði æ sem mestur!*«.

Annars gjöri jeg mjer — nú orðið — *ekki* mikla von um, að tillögur mínar, er hjer um ræðir, nái fram að ganga, er jeg lít á það, hvernig fjárlaganefndin hefir tekið í þær, en jeg **veit,** *að þær ganga þó í* **rjetta átt,** *eins og ástandið í heiminum — því miður — er,* og vil jeg því fremur hafa komið fram með þær, heldur en látið það ógjört.

Þá er jeg viðriðinn tillögu, ásamt háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), er fer í þá átt, að *styrknum til búnaðarfjelaganna sje* **ekki** *kipt algjörlega burt,* heldur sjeu þó látnar halda sjer 20,000 kr. seinna ár fjárhagstímabilsins.

Vitanlega fá bændur nú að vísu mjög gott verð fyrir afurðir sínar, og gætu því fremur verið án styrksins, en ella. En þess ber þó að gæta, að væri styrkurinn nú algjörlega feldur niður, þá gæti það orðið til þess, að búnaðarfjelögunum fækkaði, í stað þess að fjölga, þar sem menn gætu þá litið svo á, sem hann væri þá *alveg* úr sögunni, — yrði aldrei tekinn upp aftur.

En þó að styrksins gæti — nú orðið — lítið, sje hann — innan búnaðarfjelaganna — bútaður niður til fjelagsmanna, eftir tölu dagsverkanna, þá *getur* það þó verið *mjög hentugt* fyrir búnaðarfjelögin, að njóta hans, til þess að geta aflað sjer ýmsra *jarðyrkjuverkfæra,* sem væru svo látin ganga meðal fjelagsmanna, og vil jeg því mæla sem best með tillögunni.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hefir borið fram tillögu á þgskj. 877, um lækkun styrksins til *matreiðsluskólahalds* á Ísafirði. *(Guðm. Eggerz:* Hún er tekin aftur). Nei, er hún tekin aftur? Tillagan hefði getað komið sjer mjög *illa,* en úr því að hún er tekin aftur, þarf jeg ekki að segja meira um það mál.

Þá vil jeg taka undir það með háttv. þm. Dal. (B. J.), að rjett sje, að styðja brtt. háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), er fer í þá átt, að styrkurinn til dr. *Helga Pjeturss* verði látinn halda sjer, eins og hann var áður en frumv. gekk til Ed.

Við vitum það allir, að maðurinn, sem hjer á hlut að máli, er *duglegur vísindamaður,* sem hefir ritað margt, og mikið, í útlend tímarit, um jarðfræði lands vors, og þannig *gjört Ísland þar kunnugt,* að minsta kosti meðal jarðfræðinganna, og þó að hann hafi kent

lasleika um hríð, þá ættum vjer *ekki* að láta hann gjalda þess, eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir bent á, heldur ættum vjer *þvert á móti* að reynast honum þá *æ því betur*.

Þá vil jeg nota tækifærið, til að láta þess getið, að jeg mun með atkvæði mínu, *styðja* brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (St. St) um *styrk til brúar á Ólafsfjarðarós*, enda er hún í samræmi við það, sem áður hefir verið samþykt hjer í deildinni, og hygg jeg, að deildin muni *ekki* hverfa frá þeirri samþykt sinni. Mjer er og kunnugt um, að fjárlaganefndin hefir látið meðlimi sína hafa óbundnar hendur að því er þetta atriði snertir.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir enn á ný komið með brtt., þess efnis, að veita *Oddnýju Pálsdóttur* styrk, til þess að dvelja á heilsuhæli erlendis.

Ed. hefir *felt* styrk þennan niður, sem og fleira, en mjer virðist þó *rjett*, að taka hann nú upp aftur, og þá eigi hvað síst, er tillögumaður hefir nú fært styrkinn nokkuð niður.

Hjer er um sjúkling að ræða, sem getur ekki fengið heilsubót hjer á landi, og því beint skylt, að styðja að lækning hans erlendis, ef unt er.

Varhugavert þykir mjer það og, að Ed. hefir strikað burt lánsheimildina til áveitu úr Þjórsá yfir Skeiðin. Hjer er um fjöldamargar jarðir að ræða, sem myndu hafa stórgagn af þessari áveitu.

Vitaskuld verður lánið ekki veitt, nema fje sje fyrir hendi, og þar að auki áformað að veita það gegn 5% vöxtum.

Það er því útgjaldalítið, að samþykkja viðaukatillöguna, sem nú er borin fram hjer í deildinni, til að kippa þessu aftur í lag, og mun jeg því greiða henni atkvæði.

Þá mun jeg enn fremur styrkja brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), er að því hnígur, að *styrkurinn til utanfarar kennara verði hækkaður* upp í 1600 kr, og nái jafnt til barna- og unglingakennara.

Mjer er *ekki* kunnugt um, hversu hjer að lútandi ákvæði fjárlaganna hefir að undanförnu verið beitt í framkvæmdinni, en dylst eigi, að orðunin, eins og hún er í breytingartillögunni, tekur nú þó af allan vafa, þ. e. gjörir jafn-auðvelt, að nota styrkinn, hvort er um barna- eða unglinga-kennarana ræðir, og er þá og frá því sjónarmiði einnig mjög til bóta.

Jeg er eigi í neinum vafa um það, að það **margborgar sig** *fyrir landið, að veita þennan styrk*, og hann sem ríflegastan, því að við utanförina *vikkar sjóndeildarhringur kennaranna*, svo að þeir verða miklu hæfari til að gegna starfi sínu, en ella, og hafa þá og börnunum, og unglingunum frá mörgu að segja, er heim er komið, og vil jeg því mæla sem allra best með brtt.

Sama er að segja um tillöguna, sem kom fram í Ed. um *fjárveitingu til* **Ragnars Lundborgs.**

Jeg þykist vita, að sumir hjer í deildinni sjeu þessari fjárveitingu *mótfallnir*, en þegar þess er gætt, að nú stendur yfir *heimsstyrjöld*, og að mikið hefir, af sumum stórveldanna, verið um *helgi* rjettinda smá-þjóðanna talað, þá er *síst að vita, hvað verður, er til* **friðarsamninganna** *kemur*, að heims-ófriðnum loknum; — *fer og*, sem eðlilegt er, *að mun eftir því*, hvaða þjóðir enn bendlast við ófriðinn.

En ekki er því að neita, að svo *gætu* atburðirnir, í heims ófriðnum, þó skipast, að það gæti þó ef til vill haft sína **þýðingu**, *að hafa mann erlendis, sem þekkir mál vor, og vill oss af heilum hug vel.*

Hver veit, nema sú *aldan rísi* þá og, að ófriðnum loknum, að **rjett** *sje, að*

smá-þjóðernin *fái þá öll að njóta æ* **fulls þjóðarsjálfstæðis**, *ekki síður, en þjóðirnar, sem fjölmennari eru?*

Gæti eigi hugsast, að einhverir yrðu þeir atburðir, er orðið gætu þess valdandi?

Siðfræðilega skoðað, vitum vjer og, að **því smærri**, *sem þjóðin er,* **því rjetthærri** *er hún, og á hún að vera,* alveg eins og hver einstaklingurinn er og æ **því rjetthærri**, sem hann er **vesalli** — sbr. þar: því **ljótara** *einatt að leika hann illa, og þá því* **ábyrgðar-meira**.

Annað mál, að *að svo er nú ástandið í heiminum enn* að vísu, *að hann tekur hjer* — þem víðar — *alt* **öfugt**, *þ. e. lætur þann æ lúta, sem* **máttar-minni** *er,* gjörist honum æ **niðingurinn**, og notar sjer *bolmagn* sitt, eða *hnefarjettinn.*

En hvað sem þessu líður nú öllu, og án þess að vilja hjer orðlengja þetta frekar, mun jeg þó fyrir mitt leyti *greiða atkvæði með því,* að fjárveitingin til Ragnars Lundborg *fái að standa.*

Þá á jeg enn eftir að minnast á *fjárveitingnna til »brimbrjótsins« í Bolungarvík.*

Eins og kunnugt er, hefir Nd., er málið var rætt hjer um daginn, komist að þeirri niðurstöðu, með 17 : 8 atkv., að veita ætti í þetta skifti 10,000 kr. hvort árið til þessa fyrirtækis.

Vjer verðum og, í þessu sambandi, að gæta að því, að *á móti þeim 22 þús., sem Bolvíkingar munu þegar hafa fengið úr landssjóði til »brimbrjótsins«, hafa þeir nú þegar lagt fram 27—28 þús. kr.,* ef eigi meira, — mun það **eigi** *svo glögglega nú í svipinn, sem skyldi,* og hefi eigi þau plöggin hjer við höndina.

Jeg treysti háttv. deild til þess, að breyta *ekki* atkvæði sínu í þessu efni, þrátt fyrir tiltektir Ed., enda skal jeg og í þessu sambandi leyfa mjer að minna á ræðu háttv. þm. Ak. (M. K.) hjer í deildinni um daginn, þar sem hann benti á, að sjálfsagt væri, að næsta þing kæmist að einhverri **fastri** *niðurstöðu um það, hvernig haga skuli fjárveitingum til bryggju og hafnargjörða yfirleitt,* og að tekið væri þá og jafnframt til yfirvegunar, hvort eigi væri rjett, að láta landssjóð að einhverju leyti njóta tekna af slíkum fyrirtækjum, leggi hann fjeð til, eða þó *megnið* af því, fram.

En *frálleitt* verður þá niðurstaðan sú, að ætla hjeruðum, að leggja fram neitt líkt því, sem Bolvíkingar hafa nú þegar á sig lagt.

Í trausti til þess, að háttv. þingmenn standi við atkvæði sín, hefi jeg því og látið farast fyrir, að koma fram með tillögu um lánsheimild til **framhalds** brimbrjótnum, og samkvæmt því, er Ed. ætlar hjeraðsbúum að leggja fram móti landssjóðsstyrknum, en sem jeg annars hefði *neyðst* til að gjöra, þ. e. bæri jeg eigi enn *fyllsta* traust til orðheldni virðulegra samdeildarmanna minna í máli þessu.

Sveinn Björnsson: Jeg flyt hjer ásamt 1. þm. S.-Múl. (Þ. B.) brtt. á þgskj. 864. Hún er þannig til komin, að í Nd. var samþykt að veita tveimur póstum, Arna Gíslasyni og Bjarna Ketilssyni, eftirlaunastyrk, 300 kr. á ári hvorum. Ed. hefir ekki sjeð sjer fært að fallast á þetta, þ. e. a. s., hún hefir viðurkent, að það beri að veita þessum mönnum eftirlaun, en hefir fært þau niður um 100 kr. eða niður í 200 kr. til hvors. Jeg tel það illa farið, að þetta skuli hafa verið gjört í háttv. Ed. Mjer er ekki fullljóst af hvaða ástæðu deildin hefir gjört þetta, en hinu hygg jeg að megi færa rök fyrir, að þessir menn

eigi fylstu sanngirniskröfu til þessarar litlu eftirlaunaupphæðar, sem Nd. ánafnaði þeim.

Jeg þekki vel ástæður Árna Gíslasonar. Hann hefir verið póstur 22 bestu ár ævi sinnar, en ljet af þeim starfa fyrir 10 árum. Þá var hann svo staddur, að hann hugðist mundu geta haft ofan af fyrir sjer, án þess að leita til landssjóðs. Hann hefir aldrei áður farið þess á leit að fá eftirlaun, þótt hann hafi átt fulla kröfu til þess. En nú þarf hann að fá styrk, því að hann hefir bæði mist efnu sín og heilsuna. Þessi maður hefir sýnt það, að hann ætlaði ekki að óþörfu að kroppa fje landssjóðs. Hann er þess fyllilega verður, að fá þessi eftirlaun, og það þótt hærri væru, þar sem hann hefir nú setið eftirlaunalaus í 10 ár. Ef hann hefði fengið vanaleg póstaeftirlaun, væri sú upphæð orðin 2000 kr. Hann á því fremur heimtingu á að fá þessar 300 kr., sem jeg hefi farið fram á að hann fengi, og það þótt hann lifði í 20 ár enn þá, sem varla verður reyndar, því að hann er kominn hátt á sjötugs aldur. Nú er svo komið fyrir honum, að hann þarf þessa fjár með, til þess að geta dregið fram lífið.

Jeg skal ekki vera margmæltari um þetta, en skal að eins geta þess, að meðflytjandi minn (Þ. B.) hefir sagt mjer, að nokkuð líkt væri ástatt fyrir hinum póstinum, Bjarna Ketilssyni. Hann hefir verið póstur í 17—18 ár, er orðinn slitinn og heilsulaus sjálfur og auk þess er kona hans og börn heilsutæp. Þörfin á að úr kjörum þessara manna verði bætt er því mjög mikil.

Þetta er eina brtt. er mitt nafn stendur við, en jeg vil þó minnast örfáum orðum á einstaka fleiri brtt., er komið hafa fram.

Það er þá fyrst kolamálið. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir komið fram með brtt. á þgskj. 874 um að veita Guðm. bryggjusmið Guðmundssyni 12 þús. kr. lán úr viðlagasjóði, til þess að vinna kol úr Skorahlíðum. Enn fremur hefir hv. Ed. sett í 16. gr. fjárlagafrumvarpsins 25 þús. kr. fjárveitingu til kolanámurannsókna á Íslandi. Meiri hluti fjárlagan. Nd. er þeirrar skoðunar, að fella beri þessa fjárveitingu, en skora á stjórnina að undirbúa málið undir næsta þing. Jeg hefi ekki getað fallist á þetta, og skal jeg nú gjöra grein fyrir minni skoðun þessu viðvíkjandi.

Það láu tvær umsóknir fyrir þessu þingi, önnur frá Guðm. Guðmundssyni um 30—40 þús. kr. lán, hin frá námufjelagi Íslands, um 20 þús. kr. fjárveitingu til rannsókna á kolum. Umsókn þessi var þannig orðuð, að fje þetta yrði greitt aftur, ef námur fyndust, annars ekki.

Guðmundur Guðmundsson hefir bæði eytt tíma og fje til rannsókna þarna vestra. Er talið að hann hafi í vor hitt svo gott lag, að tilvinnandi sje að vinna þar kol. Hann hefir tekið sýnishorn af þessum kolum og hafa þau reynst að vera góð brúnkol, óblandin leir. Það er því enginn vafi á því, að þarna hafa fundist kol, ef nóg er af þeim, sem gætu orðið nothæf og munað um, en því miður liggur þetta ekki þannig fyrir, að hægt sje að segja, að hjer sje um *námu* að ræða. Kolalagið er 12 cm. að þykt. Og mjer sagði maður, dr. Helgi Jónsson, er nýlega farðaðist á þessum slóðum þar vestra og skoðaði lagið, að það gangi inn í fjallið, en ekki sje hægt að sjá hvort það þykni er innar dragi.

Í vor sneri þessi maður sjer til velferðarnefndar og stjórnar, og fór fram á að landssjóður keypti dálítið sýnishorn af þessum kolum. Stjórnin pantaði þá hjá honum 60 tonn, til að komast að raun um hversu nothæf kolin væru. Jeg held að þessi 60 tonn sjeu ókomin enn, en það stafar af því hversu

erfitt er að lenda þarna vestra og erfitt að vinna kolin.

Þetta er það, sem um námuna er að segja, og ef litið er óvilhöllum augum á málið, þá sjer hver maður, að þetta er ekki rannsakað til hlýtar. Það er því misskilningur, að ekki sje hægt að fá hjer brúkleg kol, ef gengið er að greftinum með eitthvað handa á milli, þó hins vegar sje óvíst hversu mikið af kolum þarna kann að vera. Þetta *gæti* því orðið til þess að bæta úr því háa verði, sem á kolum er nú.

Nú er tilgangurinn sá, að Guðmundur Guðmundsson fái lán úr viðlagasjóði, en þó sú lánsheimild sje veitt, þá getur hann ekki fengið fjeð fyrr en eftir 1. jan. 1916; en það væri nokkuð seint og auk þess er undir hælinn lagt hvort fjeð yrði þá til, gæti jafnvel farið svo, að aldrei á næsta fjárhagstímabili yrði hægt að lána fjeð, enda þótt lánsheimildin sje samþykt.

Jeg bendi á þetta, til þess að sýna fram á, að ólíklegt er að þetta kæmi að liði nú í haust, eins og ýmsir halda.

Hin beiðnin var frá Námufjelagi Íslands. Það hefir líka eytt tíma og peningum í kolanámurannsóknir, en ekki fundið góða kolanámu.

En að hvorutveggju athuguðu, þarf meira fje til rannsókna, og þar sem þetta mál þykir mikilsvert, þá vil jeg að þingið skiljist ekki svo við, að það gjöri ekkert í því að athuga og rannsaka þetta mál, og það nú þegar.

Hin eina rjetta leið er að fela stjórninni sjálfri að sjá um, að rannsóknirnar fari fram. Hvar hún ber niður, ræður hún sjálf. Ef til vill verður það hjá Guðmundi, og ef til vill annarsstaðar; því vil jeg að stjórnin ráði.

Mjer hefir heyrst það á háttv. deildarmönnum, að málið sje svo mikilsvert, að skylt sje að hreyfa því. En sumir af meðnefndarmönnum mínum eru þeirrar skoðunar, að undir þessum erfiðu kringumstæðum sje ekki ástæða til að veita fje í þessu skyni, enda telja þeir óvíst, að fjeð sje nægilegt; um það vanti upplýsingar.

Það er rjett, að þetta er ekki nákvæmlega áætlað, en þeir, sem einhverja nasasjón hafa af slíkum fyrirtækjum, eru vissir um, að áreiðanlega fari ekki meira en 5 þús. kr. til verkfræðings, 10 þús. kr. í verkfærakaup, og þá eru eftir 10 þús. kr. í verkalaun. Þessi upphæð virðist því nægileg. Þeim, er vilja fresta framkvæmdum í þessu efni, má benda á, að menn finna nú mjög til þess háa verðs, sem er á kolum. Ósk þeirra er því, að rannsakað sje hvort kolanámur sjeu í landinu. Yrði sú raunin á, þá má ganga að því sem vísu, að þá fengist eldsneyti með vægara og sanngjarnara verði. Og við vitum ekki nema ástandið verði enn hörmulegra með haustinu og þaðan af verra næsta haust á eftir. Væri þá ekki sárt að þurfa að naga sig í handarbökin fyrir það, að hafa nú ekkert gjört í þessum málum.

Viðvíkjandi peningahliðinni vil jeg benda á það, að á þessu ári eru flutt inn 60 þús. tonn og kostar hvert 25 krónum meira en vanalega. Verðhækkunin er því alls $1^1/_2$ miljón kr. $^1/_{60}$ hluti af þessu borgaði fyllilega þá peninga, er hjer ræðir um.

Þá skal jeg minnast fáum orðum á brtt. frá háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) á þgskj. 898, þar sem hann fer fram á, að frestað verði að setja miðstöðvarhita í Holdsveikraspítalann, vegna verðhækkunar á efni. Það lá fyrir fjárlaganefnd Nd. þegar frá upphafi umsókn um þessa fjárveitingu, og þar skýrt frá því, hvers konar hörmung þessir vesalingar, sem þar eru, hafa átt við

að búa, vegna þess, hve eldfærin hafa verið vond. Þeir hafa jafnvel heldur kosið að sitja skjálfandi í vetrarkuldanum, heldur en þola reyk og stibbu þá, er fylti alt húsið, ef í ofnana var lagt. Nefndin sjer sjer ekki fært að taka þetta upp hjer vegna sparnaðar, en mælti með því, að ráðin yrði bót á þessu í næstu fjárlögum. En nú hefir háttv. Ed. tekið svo mikið tillit til þessa fólks, að hún vill að fjeð sje veitt nú þegar, svo að þessir aumingjar kveljist ekki lengur. Jeg vil því mæla með því, að Nd. fylgi Ed. að málum í þessu, fyrst hún hefir tekið fjárveitinguna upp í fjárlagafrumvarpið, ekki síst þar sem verðhækkunin nemur þó ekki meira en 3—4 þús. kr. Þá virðist varla vera gjörandi að horfa í þann skilding, þegar svona stendur á.

Þá vil jeg minnast örfáum orðum á brtt. frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) á þgskj. 866, þar sem farið er fram á, að feld sjeu burtu skilyrðin í athugasemdinni aftan við flóabátana. Strandferðanefnd Nd. tók upp þessi skilyrði, vegna þess, að henni virtust þau nauðsynleg til að safna skýrslum, er gjöra það unt að gjöra sjer grein fyrir, hvort ástæða sje til að styrkja þessar ferðir. Ef nokkurt vit á að vera í þessu, verður stjórnin að hafa eitthvað við að styðjast. Nefndin leggur því til, að brtt. verði feld.

Út af ummælunum um Mentaskólann, vil jeg láta þess getið, að jeg, sem annars er með því að reyna að takmarka aðsókn að skólanum, var ekki þess sinnis að taka styrkinn nú sem stendur af fátækum nemendum. En jeg lít svo á, að það þurfi að reyna koma að nýju skipulagi á skólann, koma á skólagjaldi fyrir efnaða nemendur, en fríplass væru handa þeim fátækari, og þeir einir fengju styrk, er væru verulega efnilegir. Nefndin getur alveg fallist á tillögu háttv. þm. Dal. (B. J.). Hún lítur svo á, að rjett sje að nota skólagjald til þess að styrkja fátækari nemendur.

Jeg hefði gjarnan viljað minnast á fleiri atriði, og helst hefði jeg viljað hafa tækifæri til þess að fara í gegnum allar breytingartillögurnar og mæla með og móti, eftir því sem jeg lít á þær, eins og sumir háttv. deildarmenn tíðka nú. En þess er enginn kostur, og verð jeg því að láta atkvæði mitt nægja um hverja einstaka þeirra.

Að endingu vil jeg geta þess, af því að jeg man ekki eftir, hvort komið hafa fram upplýsingar um það, að nefndin leggur til að aðstoðarfje þjóðmenjavarðar verði hækkað um 200 kr. Ástæðan an til þess er sú, að það má skoða afráðið, að málverkasafn landsins, er geymt hefir verið hjer í Reykjavík, verði falið honum til umsjónar, raða því og semja skrá yfir það. Þetta virðist því í alla staði vera sanngjarnt, þar sem þessi maður er kunnur að því, að vera slíku starfi vel vaxinn og er samviskusamur og vandvirkur. Enda er þetta gjört til þess, að almenningi gefist kostur á að hafa safnsins einhver not.

Guðmundur Eggerz: Heimspekingurinn úr Dalasýslu, maðurinn með tólfkóngavitið, beindi síðast orðum til mín. Jeg skal geyma það fyrst að svara honum, en vil minnast örfáum orðum á þokulúðurinn á Dalatanga, áður en jeg kem að hinum.

Háttv. Ed. hefir tekið fjárveitingu í þessu skyni upp í frumvarpið, og nemur hún 14. þús. kr. Jeg er nú þeirrar skoðunar, að þessi þokulúður eigi ekki að vera á Dalatanga, heldur á Seley. En jeg hefi samt ekki treyst mjer til að fara fram á fjárveitingu til þessa, af því að mjer hefir verið sagt, að það kostaði um 30 þús. kr. að koma þessu

í kring, auk reksturkostnaðar. En reksturskostnaðurinn yrði meiri á Seley en á Dalatanga, af því að eyjan er óbygð. En þó að mjer líki staðurinn, er valinn hefir verið, ekki alls kostar, þá get jeg þó gefið þessu mín bestu meðmæli Vakir það því fyrir mjer jafnframt, ef þessi þokulúður reynist vel, að slíkt hið sama verði tekið upp á þokusvæðunum fyrir austan.

Jeg hefi komið fram með breytingartillögur um að fella niður nokkra liði úr fjárlagafrumvarpinu. Fyrsta till. er um það, að fella niður 1000 kr. til að semja yfirsetukvennafræði. Jeg vænti þess, að háttv. framsögum. (P. J.) sannfærði mig um, hve mikil nauðsyn væri á þessu, en hann sagði það að eins, án þess að færa rök fyrir því, að svo væri. Jeg skora því á hann, að upplýsa þetta betur.

Samkvæmt lögum nr. 15,22. okt. 1912, um yfirsetukvennaskóla, þá var landlækni veitt 1000 kr. launaviðbót, til þess að hafa á hendi kenslu í þessari grein, til þess að trygging fengist fyrir því, að yfirsetukonur gætu leyst starf sitt sem allra best af hendi. En þá var ekkert á það minst, að gefa ætti út yfirsetukvennafræði. Það er fyrst nú, að þessi fluga hefir komist á kreik þar í háttv. Ed.

Þetta virðist mjer vera sjerstaklega óþarft, þar sem prófessorar við lagadeild Háskólans, er skrifað hafa feiknin öll af kenslubókum í sinni grein, fá nálega ekkert fje til þess.

Jeg skal ekki vera eins langorður og háttv. þm. Dal. (B. J.), og skal jeg því hlaupa á breytingartillögunum.

Jeg hefi gjört tillögu um að fella 5 þús kr. fjárveitingu til að rannsaka vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Það er víðar erfitt en þar að ná í vatn, t. d. í Stykkishólmi. Þar verður að sækja vatn svo langan veg, að það er tveggja klukkutíma reið, og þó er ekki farið fram á neina hjálp til að bæta úr þessu. Auk þess telja margir alveg þýðingarlaust að leita að vatni í Vestmannaeyjum. Það kvað vera eins ilt að finna þar vatn, eins og speki í kollinum á háttv. þm. Dal. (B. J.).

Þá ætla jeg að eins að minnast á brtt. við eina fjárveitingu, sem sje styrkinn til dr. Guðmundar Finnbogasonar. Auðvitað býst jeg við, að menn sjeu orðnir hundleiðir á umræðunum um hann, enda verður það í síðasta sinni, sem jeg minnist á hann, því að jeg er nú bráðum dauður. (*Bjarni Jónsson:* Guð gefi lofaður!). Mjer þótti það kynlegt, sem háttv. framsögum. fjárlaganefndar (P. J.) sagði um þann styrk. Það er aðgætandi, að hjer í Nd. var hann ætlaður til þess að gjöra rannsóknir og tilraunir til endurbóta á vinnubrögðum, en háttv. Ed. veitir hann til sálarfræðislegra rannsókna. Mjer skilst ekki samræmið í þessu, og jeg hygg, að það muni vera fleiri en jeg, sem álíti það vera nokkuð annað, að rannsaka sálir mannanna, en að bæta vinnubrögð þeirra. Og þótt háttv. framsögumaður haldi því fram, að það sje meiningin, ef maðurinn fái þennan styrk, þá ætli hann að verja honum til að endurbæta vinnubrögð manna, og hafi lofað því, þá sje það beinlínis í bága við fjárlögin, eins og þau koma frá Ed. Því að ef Alþingi hefir samþykt að veita t. d. 6000 kr. til einhvers vegar, þá er alls ekki heimilt að taka þær til þess að bæta t. d. sál háttv. þm. Dal. (B. J.), og sama er, þótt dæminu sje snúið við.

Matthías Ólafsson: Það hefir atvikast svo, að jeg á hjer brtt. á þgskj. 885 um utanfararstyrk handa barnakennurum, ásamt öðrum háttv. þingm. Háttv. Ed. hefir veitt 1000 kr. í þessu skyni, en við leggjum til, að það sje

hækkað upp í 1600 kr., en þá er jafnframt ætlast til, að þeir barnakennarar, sem utan fara, gefi út skýrslu, sem ekki sje minni en ein örk prentuð, um utanför sína og árangur hennar, og útbýti henni svo gefins til allra kennara, svo að þeir, sem ekki er fært að fara utan, en verða að sitja heima, njóti þó nokkurs góðs af því, sem hinir hafa heyrt og sjeð. Jeg hygg að þau 600 króna, sem við leggjum til að bæta við í þessu skyni, myndu borga sig. Ef menn hafa trú á því á annað borð, að mentun sje nauðsynleg og að því betur sje farið, sem meira sje kent, þá hljóta þeir einnig að vilja gjöra eitthvað til þess, að kennararnir út um landið fái sem besta mentun. Hjer er því ekki farið fram á annað en gott eitt.

Þá er hjer önnur brtt., sem jeg á ásamt háttv. N.-Ísf. (Sk. Th.) á þgskj. 867 um brimbrjótinn í Bolungarvík, sem sje að skilyrðið, sem háttv. Ed. hefir sett inn fyrir fjárveitingunni, sje felt burtu. Jeg hefi tekið það fram, hjer við umræður áður, að það er gjörsamlega óhugsandi, að hreppsfjelagið geti lagt fram meira fje í þessu skyni að svo komnu. Það hefir þegar bundið sjer svo þungar byrðar, að það fær naumast undir risið, og sama er að segja um sýslufjelagið, að það hefir svo margar og þungar byrðar að bera, að það getur ekki hlaupið undir bagga með Bolvíkingum. En þegar einu sinni er búið að leggja út í það, að styrkja þetta fyrirtæki, og alt útlit er fyrir, að það verði að miklu gagni, þá er ekki hyggilegt að hætta við það í miðju kafi. Það yrði til þess, að það, sem unnið er af verkinu, yrði ónýtt að meira eða minna leyti. Og ef nokkur staður ætti heimtingu á styrk úr landssjóði, þá er það Bolungarvík. Hún hefir verið sá Vitazgjafi, sem um margar aldir hefir fætt, ekki einungis þá menn alla af Vestfjörðum, sem þar hafa stundað sjó, heldur og fjölda manns úr öllum hjeruðum, sem þar liggja næst, bæði sunnan lands og norðan. Það væri því vanþakklæti af þinginu að gjöra Bolvíkingum örðugt fyrir um framkvæmd þessa mannvirkis. Þeir hafa þegar lagt þungan skatt á sig til þess og tekið stórfje að láni, og því vona jeg það, að háttv. deild fari ekki að breyta til, heldur samþykki styrkveitinguna eins og áður, án þess að setja þau skilyrði, sem ófært er að uppfylla.

Svo á jeg nú ekki fleiri brtt., en aftur eiga ýmsir aðrir tillögur, sem jeg vildi gjarna segja nokkuð með eða móti. Jeg er því nú, eins og sumir aðrir, svo ólánssamur, að verða að kljást við háttv. fjárlaganefnd, og er það út af máli, sem fjell hjer í deildinni á dögunum, en var tekið upp í háttv. Ed., en nú legst nefndin aftur á móti því. Það er styrkurinn til ungfrúr Hólmfríðar Árnadóttur til kvöldskólahalds. Jeg veit ekki hvað margir háttv. þingmenn eru búnir að leggjast að þessum eina kvenmanni, en jeg verð að halda því fram, eins og áður, að skóli, eins og þessi, sje sjerstaklega nauðsynlegur hjer í Reykjavík. Hjer er svo margt fólk, sem vinnur fyrri hluta dags, en á sig sjálft á kvöldum, og það viðurkenna allir, að mentunin sje nauðsynleg, einnig fyrir vinnufólk, og ekki hafa komið rök fram gegn orðum mínum um það, að betra sje að fólkið gangi í skóla, en að það gangi á götunni eða gjöri annað verra. Jeg vona því, að þegar til þess kemur, að greiða atkvæði um tillöguna um það, að lækka þenna styrk, þá verði háttv. deildarmenn svo sanngjarnir, að þeir greiði atkvæði á móti fjárlaganefnd.

Þá eru brtt. á þrem þgskj., frá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) og háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) allar út af fjárveitingu til doktors

Guðm. Finnbogasonar. Það er nú búið að tala svo mikið um hana, að það er að bera í bakkafullan lækinn, að bæta við það; en þar sem jeg heyri að sumir hneykslast á því, að talað er um sál í sambandi við vinnu, rjett eins og sálin þurfi ekkert að vinna, það þykir mjer undarlegt. En eins og það sje ekki einmitt það, sem Guðm. Finnbogason langar til að reyna, að koma líkamanum í samband við sálina, þannig, að hann geti unnið eins og sálu gætt verkfæri. Jeg greiði engu síður atkvæði með þessu fyrir því, þótt það sje veitt til sálarfræðisrannsókna, en þótt það hefði verið stílað til þess, að leiðbeina mönnum í vinnubrögðum, því að jeg hefi nú þá skoðun, að arðurinn af þessu muni einmitt falla atvinnuvegunum í skaut.

Jeg ætla að það sje háttv. þm. Dal. (B. J.), sem á brtt. á þgskj. 854 við 21. gr. 8. og 9., um raflýsing á Bíldudal. Jeg er þessari tillögu sjerlega meðmæltur og skil ekki að þeir, sem halda fram stórlánum til sams konar fyrirtækja á einum stað, geti verið að neita harðlega um þau á öðrum, og mjer dettur í hug klausan gamla: »Ólafur pá og Ólafur uppá er ekki alveg það sama«. Jeg álít að bæði þessi lán eigi jafnan rjett á sjer, og þótt jeg mæli með þessari tillögu, þá er það ekki af því, að jeg vilji fella hitt lánið, en heldur vil jeg annað en að bæði falli.

Að öðru leyti skal jeg ekki skýra frá því, hvernig jeg ætla að greiða atkvæði. Jeg mun vera þegar ráðinn í því um flest atriði, enda þótt óhæfilega stuttur tími hafi verið til að átta sig á brtt., þar sem menn fengu þær sumar ekki fyrr en í morgun.

Sigurður Gunnarsson: Jeg á enga brtt. í þetta sinn en býst hins vegar við, að jeg verði við þær riðinn allar, sem fyrir liggja, áður en lykur, með atkvæði *mínu*. Tíminn verður að leiða það í ljós, hve heppilega það tekst, en það er mín afsökun, að enginn gjörir svo öllum líki, og við það verður að sitja.

Jeg stóð aðallega upp til þess, að víkja máli mínu að háttv. fjárl.n., og þá sjerstaklega að háttv. framsögum. hennar (P. J.). Einkum er það um tvö atriði í 13. gr., sem jeg vildi tala lítið eitt. Það eru liðirnir B. II. og III., sem eru um flutningabrautir, þjóðvegi og brúagjörðir. Jeg skal geta þess þegar, að jeg get að miklu leyti fallist á stefnu og tillögur nefndarinnar, og þar á meðal það, sem stendur í nefndaráliti hennar, að hún geti ekki fallist á það með hv. Ed., að fresta, sökum árferðisins, vegagjörðum, og leggi því til breytingar í þá átt, að hækka vegafjeð. Eins er jeg fyllilega samdómr henni um hitt, sem hún segir, að ástæða gæti verið til að fresta að miklu eða öllu leyti öllum brúargjörðum, eða *færa* þær til að minsta kosti; og þá er jeg *sömuleiðis* á sama máli um athugasemd þá, sem hún hefir gjört um brýrnar. En aftur á móti virðist mjer, frá mínu sjónarmiði, sem nefndin hafi ekki tekið nógu mikið tillit til tillagna landsverkfræðingsins í brjefi til stjórnarráðsins, dags. 30. ágúst síðastl. Hún hefir fylgt því rækilega, að því er brýrnar snertir, og einnig að nokkru leyti um vegina, en ekki þó allskostar. Einkum var það niðurlag brjefsins, sem jeg hefði óskað að hún hefði fylgt betur en hún hefir gjört. Jeg vil leyfa mjer að lesa það upp með leyfi hæstv. forseta. Það hljóðar svo:

> »Til þess, að vel væri frá öllu gengið, þætti mjer landsjórnin einnig þurfa að hafa heimild til þess, að láta vinna meira að vegagjörðum en sem fjárveitingin til þeirra nemur, ef brúargjörð verður látin

farast fyrir, vegna örðugleika á efnisútvegunum. Ástæðan til þessa er sú, að samkvæmt fyrirkomulagi því á útboðun efnis m. m., sem fyrirskipað er í áðurnefndu brjefi stjórnarráðsins 18. maí þ. á., mun verða ófært að fresta ráðningu verkamanna til brúagjörðanna, þangað til tilboð um efni í brýrnar eru fram komin, en fyrr verður ekki sjeð, hvort nauðsyn er að fella brúargjörðirnar niður. Getur það því komið fyrir, að hætt verði við brúargjörð, en menn til vinnunnar sjeu ráðnir, og þarf þá að vera heimild til þess, að láta þá vinna annað. Mætti þessi heimild vera bundin við það, að unnið væri að *lögmæltum* vegagjöðum, sem eru flutningabrautirnar, eða að þeim vegagjörðum á þjóðvegum og flutningabrautum, sem jeg í tillögum mínum, dags. 30. okt. f. á., hefi lagt til, að yrðu látnar ganga fyrir öðrum«.

Það leiðir nú einnig af því, sem jeg hefi sagt þegar, að jeg er fyllilega samdóma verkfræðingnum um þetta, og ef háttv. nefnd hefði farið eftir þessu að öllu leyti, þá hefði hún komið með sams konar aths. við 13. gr. B. II. og III. og fólgnar eru í þessum kafla brjefs landsverkfræðingsins. Þess vegna hefði hún að mínu áliti gjarna mátt ganga lengra í því, að færa frumvarpið að þessu leyti aftur í sömu átt og það var, þegar það kom frá stjórninni, þannig, að ef brúargjörðir færust fyrir, vegna dýrleika á útlendu efni, þá yrði því meira gjört að vegagjörðinni.

Þetta var það sjerstaklega, sem jeg vildi skjóta til háttv. fjárlaganefndar, ekki af því, að jeg búist við að hún geti gjört nokkuð í þessu nú við þessa umr., en hins vegar gæti hún rætt um þetta við fjárlagan. í Ed. og vitað, hvort hún mundi ekki vilja fallast á einhverja aths. í þessa átt.

Svo er það að eins ein brtt. önnur, sem jeg vildi minnast á. Hún er frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), á þgskj. 874, þar sem hann leggur til að veita Guðm. E. Guðmundssyni bryggjusmið alt að 12 þús. kr. lán úr viðlagasjóði, til þess að starfrækja kolanámu hjá Sjöundá í Barðastrandarsýslu. Jeg get nú að mörgu leyti fallist á það, sem hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði um þetta, að rannsóknin á því er ófullkomin enn þá, og er jeg þar ekki í samræmi við greinarhöf. í Morgunblaðinu í morgun, sem sem heldur því fram, að fullsannað sje, að hjer í landi sje til *gnægð* kola. En hitt hygg jeg sannað, að hjer sje til allmikið af brúklegum brúnkolum, og nú hefir þessi maður, sem jeg nefndi áðan, sýnt lofsverðan dugnað í því, að leita þau uppi, og komið með álitleg sýnishorn af þeim, sem hafa reynst vel. Að vísu jafnast þau ekki á við önnur kol, en hitt er fyrirsjáanlegt, að stórt gagn verður þó að þeim, ef mikið finst. Mjer er því nær skapi að styðja þessa tillögu.

Það kann nú að vera sá hængur á þessu, að þótt peningarnir sjeu til í viðlagasjóði, þá fáist þeir ekki þaðan að svo stöddu, en þeir ættu þó að vera til snemma á næsta vori. Það má líka játa, að ábyrgðin, sem hann býður að veði fyrir láninu, er ekki mikils virði, en þar sem hjer er ekki nema um 12 þús. kr. að ræða, þá held jeg að áhættan þyrfti ekki að vera mikil, ef svo er hagað til, að landssjóður borgi ekki út fjeð nema smátt og smátt, og á meðan má sjá aðgjörðir mannsins, og draga að sjer höndina, ef svo vill verkast. Þetta virtist mjer mundi gjöra tillöguna aðgengilegri, og þótt aldrei nema svo færi, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) benti

á, að eitthvað af þessu fje færi forgörðum, þá er ekki þar með sagt, að af því þyrfti að verða neitt tjón í sjálfu sjer.

Jeg gat þess víst í upphafi, að jeg skyldi ekki tala lengi, eða fara út í allan þann fjölda af breytingartillögum, sem hjer liggur fyrir. Það væri líka óðs manns æði, og mun jeg því láta mjer nægja að sýna skoðun mína um hvað fyrir sig með atkv. mínu.

Magnús Kristjánsson: Það er að eins örstutt athugasemd út af 40. lið á atkvæðaskránni, sem er 19 liður í brtt. fjárlaganefndar á þingskjali 851. Brtt. þessi fer fram á, að í burtu falli athugasemdin við fjárveitingu til kvöldskóla á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði. Jeg býst við, að fjárlaganefndin gjöri þetta ekki að neinu kappsmáli, því jeg gjöri ráð fyrir, að hún muni ekki hafa athugað það fullkomlega, af hvaða ástæðum efri deild vildi setja þetta inn. Þetta er þannig til komið, að ágreiningur og vafningar hafa orðið út af því, að vafi hefir leikið á því, hvort styrkur þessi skuli einungis ætlaður til styrktar iðnnemum, og aðrir komi þar ekki til greina. Styrkurinn hefir þó verið útborgaður, enda þótt fólk úr annari stjett hafi notið kenslu við skóla þessa. Það er út af þessu, sem þetta er komið inn í fjárlögin, og það virðist svo, að ekki sje nema vel við eigandi, að fyrirbyggja allan vafa í þessu máli.

Auðvitað er það tilætlunin, að fyrst og fremst sjeu það iðnnemar, sem njóti góðs af styrkveitingu þessari. En þegar svo stendur á, að rúm leyfir, þá finst mjer óþarfi að útiloka aðra. Það yrði einkum alþýðufólkið, hjú og verkafólk, sem sækti kvöldskóla þessa. Jeg veit, að öllum háttv. þingmönnum er það ljóst, að einmitt þetta fólk á afarerfitt með að menta sig, eftir að barnaskólunum sleppir. Þetta fólk hefir engan tíma, nema kvöldstundirnar, og þó að þetta í raun og veru geti ekki orðið nein veruleg fræðsla, þá verður þó töluvert gagn að því. Þetta kemur í veg fyrir það, að tímanum sje að minsta kosti varið illa, því að það er óhætt að segja, að þetta hefir víða þau áhrif, að það fólk, sem sækir þessa kvöldskóla, leiðist miklu síður út í tilgangslaust göturangl. Það verður ekki beint metið til peninga, þegar fólk hugsar um að afla sjer þekkingar, í stað þess að eyða bæði tíma og fje í óþarfa. Jeg þori óhræddur að fullyrða, að engu fje, af því, sem varið er til mentamála, er betur varið en því fje, sem lagt er til kvöldskólanna.

Jeg vona því, að háttv. deild sje mjer sammála um það, að bægja ekki mönnum frá því, að nota sjer kenslu í skólum þessum, þó þeir sjeu af annari stjett. Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta atriði, en vil mælast til þess, að háttv. fjárlaganefnd lýsi yfir því, að hún sje ekki mótfallin því, þó að þessi athugasemd standi í lögunum. Jeg hefi svo ekki meira um þetta að segja.

Þórarinn Benediktsson: Jeg hefi ekki haft ástæðu til að lengja málþófið um fjárlögin. Háttv. framsögumaður fjárlaganefndarinnar (P. J.) hefir tekið ómakið af okkur samnefndarmönnum sínum. En það er hjer eitt atriði, sem mig langar til að fara nokkrum orðum um, vegna þess, að jeg er því svo miklu kunnugri en flestir aðrir háttv. þingdeildarmenn. Það er erindi frá hreppsnefnd Búðahrepps í Suður-Múlasýslu um eftirgjöf á símaláni. Erindi þessu fylgir umsögn landssímastjórans og meðmæli hans. Þegar fjárlaganefndin hafði athugað þetta mál,

lagði hún það til einróma, að eftirgjöf fengist, og er skýrt frá ástæðunum til þess í nefndarálitinu. Málinu var svo vel tekið hjer í deildinni við 2. umr. fjárlaganna og samþykt í einu hljóði. En háttv. Ed. hefir ekki farið eins mjúkum höndum um mál þetta; var það felt þar með flestum greiddum atkv. Jeg hygg, að Ed. hafi gjört þetta af ókunnugleik, því jeg skil ekki í öðru en að henni mundi hafa virst þessi eftirgjöf sanngjörn, ef hún hefði kynt sjer málið svo sem þurfti.

Þegar símalínan var lögð frá Eskifirði til Búða í Fáskrúðsfirði, var krafist framlags frá sýslunni og þeim hreppum, sem góðs nytu af símanum, sem nam 7000 kr. Alls kostaði línan rúmlega 21,000 kr. Framlagi þessu var þannig skift niður, að sýslan lagði fram 2000, Búðahreppur 4000 og hinir hreppar nir 1000. Búðahreppur er því langhæstur, og landssímastjórinn segir í brjefi, sem jeg hefi hjer fyrir framan mig, að *þessi hreppur hafi lagt fram meiri upphæð til símans, en nokkur annar hreppur á landinu.* Af þessu láni eru enn óborgaðar um 2880 kr., og leggur landssímastjórinn til, að hreppurinn fái eftirgjöf á 2000 kr. Fjárlaganefnd Nd. færði þessa upphæð niður í 500 kr. með það fyrir augum, að vera viss um að gjöra engum þeim rangt til, sem lagt hafa fram fje til símalagninga. Var það einróma álit nefndarinnar, að beiðni þessi væri sanngjörn og sjálfsögð, og háttv. Nd. fjelst á það fullkomlega. Jeg vona því, að háttv. deild taki málinu vel eins og áður, eftir að Ed. hefir felt það, og samþykki þessa eftirgjöf. Hjer er um fullkomna sanngirniskröfu að ræða, sem hverjum manni er ljóst, þegar hann hefir kynt sjer málið.

Jeg hefi ekki þreytt háttv. deild á brtt.; skrifað undir eina brtt. með háttv. 1. þm. Reykv. (S. B.) um ellistyrk til tveggja pósta. Háttv. 1. þm. Reykv. hefir talað svo vel fyrir þessu máli, að jeg finn enga ástæðu til að bæta neinu þar við, en leyfi mjer að mæla með tillögunni sem best jeg get. Jeg get sagt það, að fjárlaganefndin álítur síst of langt farið, eins og sjá má af nefndaráliti hennar.

Jeg hafði hugsað mjer að leiðrjetta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. samþingismanns míns, þegar hann talaði um bókasafn Austuramtsins á Seyðisfirði, en jeg get sparað mjer það, því jeg veit, að hann verður leiðrjettur af öðrum, sem þykist þurfa að tala við hann um fleira. Læt jeg því staðar numið.

Björn Hallsson: Í dag, þegar jeg talaði, gleymdi jeg einu atriði, sem snerti Norður-Múlasýslu, en háttv. þm. Dal. (B. J.) var svo góður að minna mig á það í síðustu ræðu sinni, og þakka jeg honum fyrir undirtektir hans þar.

Það er 9. liður í 15. greininni um 500 kr. styrkveitingu til bókasafnsins á Seyðisfirði, til þess að kaupa gamlar bækur. Háttv. Ed. setti þenna lið inn í fjárlögin, og virðist mjer hann ekki vel orðaður.

Fyrst og fremst er að geta þess, að þetta bókasafn heitir ekki bókasafn Seyðisfjarðar, heldur bókasafn Austuramtsins. Í öðru lagi má geta þess, að tilgangurinn til þessarar styrkbeiðni er ekki sá, að kaupa slitnar og brúkaðar bækur, heldur bækur, sem voru gefnar út áður en útgefendur fóru að senda söfnunum þær gefins, og þess vegna eru nú orðnar sumar gamlar, en óbrúkaðar samt. Þenna misskilning vildi jeg leiðrjetta, svo háttv. þm. sæu, hvernig ætlast er til að þessum styrk sje varið. Annars er þessi póstur ekki svo stór, að háttv. deild þurfi að blöskra hann, þar sem Austfirðingar hafa ekki gjört

nje gjöra landssjóði þungar búsifjar í mentamálum. Þar er einungis einn skóli styrktur af landsfje, auk unglinga- og barnaskóla, sem sje Eiðaskólinn, og það eru nú ekki nema einar 2500 kr. á ári, sem honum hafa verið lagðar af landsfje, þar til nú, að háttv. Alþingi hefir verið svo sanngjarnt að hækka styrkinn í 3000 kr., sem jeg er þakklátur fyrir. Mjer finst, að þinginu ætti ekki að blæða í augum, þó að við fengjum þenna styrk til bókasafns, sem er til almennra afnota fyrir allan Austfirðingafjórðung. En mjer fanst jeg verða var við dálitinn misskilning hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) þar sem hann sagði, að hann hefði aldrei fengið annað en gamlar bækur af safninu, og hjelt, að þar væri ekki kostur á öðru.

Jeg þekki ekki lestrarfýsn háttv. þm., en góðar heimildir hefi jeg fyrir því, að hann hefir aldrei fengið annað að láni þar en Alþingistíðindin, sem hann ætlaði að nota til þess, að búa sig undir síðustu kosningabaráttu, og einar 2 bækur aðrar. En af þessu er ljóst, að hann getur ekki dæmt um safnið, því að hann þekkir það ekkert, og dæmir því eins og blindur maður um lit.

Sami maður sagði einnig, að fje þetta ætlaði bókasafnið að nota til þess, að kaupa fyrir »reyfara rómana« frá 18. öld, en þessu og því líku þarf ekki að svara; það fellur um sjálft sig. Hann sagði einnig, að ekki þyrfti að bregða sjer um hlutdrægni, vegna þess, að hann væri að austan og öllu kunnugur. En jeg hugsa nú samt, að hægt sje að heimfæra það upp á hann, vegna þess, að safnið er á Seyðisfirði, en ekki á Eskifirði. Nábúakriturinn er oft töluverður. En illa situr á þessum háttv. þingmanni að snúast á móti þessu, þar sem hann, eins og aðrir Austfirðingar, er einn af eigendum safnsins, og ætti því að hafa áhuga á því, að efla það sem mest og best.

Jeg ætla svo ekki að eyða fleiri orðum um þetta mál, en vona, að þessi bókapóstur verði látinn standa; hann gefur ekkert eyðslufordæmi.

Jeg hefi áður minst á lið, sem fjárlaganefndin hjer í deildinni hefir ekki getað aðhylst, en sem kominn er frá Ed. En af því allmarga háttv. þm. vantaði þá í deildina, vil jeg leyfa mjer að minnast með örfáum orðum á þenna póst aftur. Jeg á hjer við fjárveitinguna til þokulúðursins á Dalatanga. Jeg er þakklátur 2. þm. S.-Múl. (G. E.) fyrir góðar undirtektir hans í þessu máli, svo sem líka var sjálfsagt, því að vitinn er á takmörkum Múlasýslnanna, og hafa því kjósendur hans væntanlega gott af honum og lúðrinum, ef hann verður reistur við vitann. Og því var ekki nema eðlilegt, að hann mælti með honum, þótt hann þykist vera mikill sparnaðarmaður. Jeg tók það áðan fram, að mönnum væri mikill áhugi þar eystra á því að fá lúðurinn, og þeir hafa boðfram $^1/_3$ kostnaðarins, ef landssjóður vill leggja fram hitt. Það getur verið, að þess verði ekki kostur síðar, ef tilboðinu er hafnað nú. Nú vilja menn leggja þetta á sig til þess að fá lúðurinn, en það getur verið, að síðar vilji menn ekki leggja fram þetta fje, og landssjóður verði þá að kosta hann að öllu. Þetta er nauðsynjamál, og jeg sje ekki, að það sje nein hætta að láta þessa fjárveitingu fylgja með, sjerstaklega þar sem hún er háð sömu athugasemd og aðrar fjárveitingar til vitamála, að hún komi ekki til framkvæmda, ef landssjóður hefir ekki handbært fje.

Sigurður Sigurðsson: Það þykir heyra til að gjöra grein fyrir þeim brtt., sem menn flytja. Jeg er svo heppinn,

eða óheppinn, að eiga nokkrar brtt., sem ef til vill væri rjettara að jeg viki nokkrum orðum að. En það vill nú svo vel til um þessar tillögur, að þær hafa allar verið áður til meðferðar hjer í deildinni og samþyktar. Auk þess hefir háttv. framsögum. (P. J.) tekið vel í þær, eða að minsta kosti látið í veðri vaka, að nefndin mundi ekki verða á móti þeim.

Þá hefir hæstv. ráðherra minst stuttlega á eina þeirra, þá þeirra, sem við erum báðir flutningsmenn að, sem sje brtt. á þgskj. 823, og þarf jeg því ekki að segja meira um hana.

Og loks hefir háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) tekið af mjer ómakið að mæla með brtt. á þgskj. 824, sem fer fram á það, að 20 þús. kr. styrkur til búnaðarfjelaganna verði veittur síðara árið. Auk þess hefir sami háttv. þm. lagt tveimur öðrum brtt., sem jeg er flutningsm. að, liðsyrði, og kann jeg honum bestu þakkir fyrir það.

Af þessum ástæðum öllum er það óþarfi fyrir mig að mæla sjerstaklega með þeim till., sem jeg þykist vita að verði vel tekið í deildinni.

Ástæðan til þess, að póstar þessir voru feldir í Ed., á ekki rót sína að rekja til þess, að Ed. sje þeim í sjálfu sjer óvinveitt, heldur miklu fremur og sjer í lagi til þeirrar góðu viðleitni nefndarinnar þar að spara, og í öðru lagi stafar þetta af því, að hún hefir ekki verið *nægilega* kunnug öllum þeim ástæðum, sem styðja og mæla með þeim fjárveitingum eða styrkjum, sem hjer er um að ræða.

Jeg get þó ekki látið vera að minnast á brtt. mína á þgskj. 822 um styrk til sjúklingsins, eða fábjánans, Oddnýjar Pálsdóttur. Jeg hefi nú lækkað upphæðina, og ætti það að mæla með því, að tillagan næði fram að ganga. Jeg veit, að aðalástæðan hjá Ed. fyrir því að fella þennan lið, er ekki sú, að styrkurinn sje ekki nauðsynlegur, heldur hitt, að ef fje þetta sje veitt, þá geti það leitt til þess, að komið verði með fleiri sams konar tilmæli um að koma sjúklingum á »Den Kellerske Anstalt« í Kaupmannahöfn. Þetta er auðvitað ekki útilokað, en í þessu sambandi vil jeg minnast á það, sem jeg hefi tekið fram áður, að fyrir þessu er fordæmi. Og svo er hitt, að vanalega er fólk, sem svona er ástatt fyrir, skammlíft.

Um brtt. á þgskj. 821, um 200 kr. styrk til húsmæðrakenslu á Eyrarbakka, skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að hjer er alveg um sams konar og hliðstæða húsmæðrakenslu að ræða og á sjer stað á Ísafirði, þar sem er að ræða um kvenfjelagið Ósk, og sams konar fjárveitingu og til Jónínu Líndal á Akureyri. Jeg þykist vita, að aðalástæðan til þess, að tillagan fjell í Ed., hafi verið sú, að háttv. þm. hafi ekki verið kunnugt um, hvað hjer var um að ræða; en þeir hefðu getað fengið þær upplýsingar hjá mjer um það, að hjer er um sams konar kenslu að ræða og á Ísafirði og Akureyri, tveggja til þriggja mánaða kensluskeið fyrir húsmæður í sveit. Þar sem styrkurinn er svo lágur og beiðnin því hógvær, þá vænti jeg þess, að háttv. deild samþykki hann.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hefir komið fram með brtt. um það, að færa styrkinn til kvenfjelagsins Ósk niður um nokkur hundruð krónur. *(Guðm. Eggerz:* Hefi tekið hana aftur). Það eru einmitt meðmæli með því, að þessi styrkur verði samþyktur. Jeg veit, að hann hefir ekki komið með þá tillögu af neinum illvilja, heldur af lofsverðri tilraun til að spara. Hafi hann þökk fyrir það.

Jeg skal geta þess, að einna almenn-

ust mótbáran hjer á þinginu gegn því, að styrkja matreiðslukenslu, er sú, að ekki sje ástæða til þess nú í dýrtíðinni. En jeg vil minna menn á, að það er einmitt stór ástæða til þess að koma á þessari kenslu. Á námsskeiðunum er húsmæðrunum, eða húsmæðraefnunum, kent að búa til mat, miklu praktiskar og ódýrar en áður hefir átt sjer stað. Þetta mælir því með fjárveitingunni, en ekki í móti. Jeg vil minna menn á, að t. d. í ófriðarlöndunum er einmitt lögð áhersla á að kenna fólki að búa til ódýran mat núna í dýrtíðinni. Svo er það t. d. í Þýzkalandi. Þar er þjesum svo þúsundum skiftir dreift út um alt landið, um mataræði og matartilbúning, og stutt námsskeið haldin um það efni, og konur sendar út um sveitir, til þess að kenna almenningi, hvernig hægt er að gjöra sjer sem mestan og bestan mat úr litlu efni.

Um styrkinn til búnaðarfjelaganna þarf jeg ekki að tala frekar en búið er að gjöra.

Við 2. umræðu tók jeg fram ástæðurnar fyrir því, að ekki bæri að kippa styrknum burtu bæði árin, og nú hefir háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) bent á, að það gæti haft miður góðar afleiðingar.

Úr því að jeg er nú farinn að minnast á brtt, þá get jeg ekki leitt hjá mjer að geta um eina eða tvær brtt., sem liggja fyrir. Önnur er frá hæstv. ráðherra, um að athugas. við 20. lið 15. gr. falli burtu, þar sem svo er mælt fyrir, að styrknum til skálda og listamanna skuli úthlutað eftir tillögum sjerstakrar nefndar. Jafnvel þótt meiri hluti fjárlaganefndar geti ekki aðhylst þessa tillögu, þá óska jeg að hún verði samþykt, og tel illa farið, ef svo verður ekki. Jeg tel athugasemdina þýðingarlausa, bæði með tilliti til fjárveitingarinnar, sem hjer er um að ræða, og einnig að öðru leyti. Mjer finst, að hver og einn ráðherra eigi að hafa veg og vanda af úthlutun þessa styrks. Jeg vil ekki, að verið sje að dreifa ábyrgðinni á fleiri hendur. Þetta er min bjargföst skoðun.

Hin brtt., sem jeg vildi minnast á, er önnur brtt. sem fjárlaganefnd hefir gjört við 15. gr., sem sje sú, að fella niður 2000 kr. fjárveitingu til umbóta á hinum fornhelga stað, Þingvöllum. Fjárlaganefndin leggur til að fella þennan lið burtu, og aðalástæða til þess er sú, *að nú liggi ekki fyrir nein glögg áætlun um þetta verk.* Jeg þori að fullyrða, að þessi upphæð, sem hjer er um að ræða, er ófullnægjandi, og hins vegar verkinu svo háttað, að það þarf helst að vinna það í einu lagi. *(Matthías Ólafsson:* Veit þingmaðurinn hvað þarf að gjöra?). Já, jeg er því miklu kunnugri en háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Það þarf að gjöra 2000 m. langa girðingu, leggja nýjan veg, 800 m., að vísu í tvennu lagi, grafa upp farveg Öxarár á 375 m. löngum kafla. Um ekkert af þessum atriðum er til áætlun, en það er áreiðanlegt, að þessi upphæð, 2000 kr., er ófullnægjandi, enda viðurkent af fornmenjaverðinum og þeim þingmönnum, sem bera þessa fjárveitingu fyrir brjósti.

Enn fremur vil jeg minna á, að næsta ár verður girðingaefni afardýrt, og því tel jeg hyggilegt að fresta verkinu. Þar með er þó ekki sagt, að verkið sje ekki nauðsynlegt, þegar það er betur undirbúið, en það mun naumast geta komið til framkvæmda, fyrr en undirbúningur er gjörður, og girðingarefni fæst ódýrara. Eins og nú stendur, er það miklum erfiðleikum bundið að ná í það, enda naumast fáanlegt.

Þá á jeg smávægilega brtt. á þgskj. 826, við 6. lið 21. greinar, og fer hún fram á, að sú lánsheimild, sem þar er um að ræða, sje ekki veitt á nafn. Ef

þessi maður getur ekki notað lánsheimildina, er ekki sagt, að aðrir geti ekki fært sjer hana í nyt og því rjettara að binda hana ekki við nafn. Jeg tel víst að hæstv. ráðherra veiti lánið, ef hann sjer sjer það fært, ef til vill þessum manni, er hann hefir komið sjer í samband við prentsmiðju, sem jeg tel sjálfsagt að hann gjöri, eða öðrum, sem eitthvað eru á veg komnir með að koma prentmyndagjörð á stofn og trygging er fyrir því, *að hún geti komið almenningi að notum.* Annars er mjer þetta ekki kappsmál, en kann einmitt betur við að styrkveitingar sjeu sem minst bundar við nöfn einstakra manna.

Jeg ætla ekki að tala neitt frekar um hinar einstöku brtt., sem komnar eru fram. Jeg get sagt, að jeg mun sem fyrr fylgja þeim, sem vilja fella niður fjárveitingar, sem eru óþarfar eða þola bið. Brtt. fjárlaganefndar miða að því, að spara um 20 þús. kr., eins og háttv. framsm. sagði, og fara flestar í þá átt að færa fjárveitingarnar sem næst því, sem þær voru, þegar frumv. var samþykt hjer við 3. umræðu, en taka þó hins vegar tillit til framkomins vilja Ed. og reyna að mæta henni á miðri leið. Jeg skal ekkert um það dæma, hvernig nefndinni hefir tekist í þessu efni, en vona hins vegar að brtt. beri þess vott, að henni hafi verið þetta ríkt í huga. Aftur hafa komið fram tillögur frá einstökum mönnum, sem miða til aukinna útgjalda, og aðrar, en þó færri, sem sparnaðar miða. Þeir, sem þær hafa flutt, eiga þökk og heiður skilið fyrir, og mun jeg fylgja þeim að málum, sem frekast jeg sje mjer fært.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi ekki átt margar breytingatillögur við fjárlögin. Það er að eins ein einasta brtt., sem jeg hefi flutt og nú kemur aftur. Jeg og háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) flytjum breytingartillögu á þgskj. 889, um brúargjörð á Jökulsá á Sólheimasandi. Eins og kunnugt er, samþykti þessi hv. deild að veita 78 þús. krónur til þessarar brúargjörðar. Jeg hygg, að talin hafi verið með því 17 atkvæði. Í hv. efri deild hlaut brúin 4 atkvæði, en þó að hún hlyti ekki fleiri atkvæði þar, mátti heyra það á umræðunum í deildinni, að fleiri voru henni meðmæltir. Háttv. 6. kgk. (J. Þ.) lýsti yfir því, að brúargjörðin væri mjög þörf og kjördæmið ætti skilið að fá hana, enda var líka við því að búast, því að hann barðist drengilega fyrir því 1911, að lög yrðu sett um byggingu brúar á Jökulsá. Fyrir það er jeg honum þakklátur, og jeg veit, að hlutaðeigandi hreppsbúar þar eystra eru honum þakklátir líka. Það er því vitanlega mjög leiðinlegt, að þessi háttv. þingmaður skyldi lýsa því yfir í efri deild, að sökum þess, að jeg væri flytjandi tillögunnar á þingi, þá yrði hann að vera á móti brúarmálinu í þetta skifti. Þrátt fyrir það tel jeg hann meðmæltan fjárveitingunni, og má þá telja 5 atkvæði í efri deild, þó að það slysaðist svo, að háttv. þingmaður gæti ekki verið með fjárveitingunni af pólitiskum ástæðum. Jeg skal engan dóm leggja á þessa framkomu; það munu aðrir gjöra á sínum tíma. Það var síðasti konungkjörni þingmaðurinn, sem lýsti því yfir á Alþingi, að hann gæti ekki verið með máli, sem var borið fram af pólitiskum mótstöðumanni hans.

Einu sinni var sú skoðun uppi á þingi, og henni haldið fast fram af háttv. framsögum. (P. J.), að það ætti að vera sjálfsagt »princip« að brúa einhverja stórá á hverju fjárhagstímabili. Þetta »princip« eigum við að halda fast við.

En þegar þessi brú kom til sögunnar, þá dóu þessi fallegu »princip«. Þá var það nóg að taka einhverjar smáspræn-

ur, en láta þau vatnsföll, er mannskæðust hafa verið, óbrúuð. Þetta »princip« er lítið lofsvert og athugavert, ef þingið heldur langt í þessa »princip« átt.

Jeg skal ekki að þessu sinni eyða mörgum orðum í það, að sanna nauðsynina á þessari brúargjörð. Það var gjört við 2. umr. og háttv. þm. Rangv. (E. J. og E. P.) hafa sýnt rækilega fram á þörfina. Þó get jeg ekki stilt mig um að minna á það, sem venjulega er tekið til greina hjer á þingi. Á þessi hefir nú tekið 40 mannslíf, svo að menn viti um. Sje mannslífið reiknað lágt, 25 þús. kr., þá er áin búin að taka 1 miljón kr. frá landinu. Og menn mega ekki halda, að hún skili því aftur; hún skilar því aldrei, sem hún hefir einu sinni tekið. Hún heimtar fleiri líf og heldur áfram að breiða meiri sorg yfir hjeruð þau, er hún rennur um. Alþingi getur ekki lengur skotið sjer undan því, að það þekki þörfina. Þingið 1911 skildi hana. Jeg skal ekki neita því, að það voru mjer mikil vonbrigði, hvernig háttv. Ed. tók í þetta mál, og mjer er óhætt að fullyrða, að marga mun hafa furðað á því, hvernig háttv. Ed. skildi við fjárlögin. Jeg hygg, að það sje óviturleg pólitík, að spara fje til vega- og brúagjörða, en setja í þess stað óverulegar veitingar, er litlu máli skifta. Jeg sje ekki ástæðu til þess, að orðlengja þetta. Jeg vænti þess, að háttv. Nd., er tók málinu svo vel seinast, taki því vel aftur og sýni háttv. Ed., að hún getur ekki drepið úr frv. þá drætti, er gjöra það svipmeira og fastara en annars.

Hæstv. ráðherra hefir komið fram með brtt. á þgskj. 843, viðvíkjandi úthlutun styrksins til listamanna. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) mintist á það, áður en hann settist, að athugasemd mín, er samþykt var við 2. umr. og líka í Ed., væri óheppileg; það væri rangt að vera að dreifa ábyrgðinni. Jeg get ekki aðhylst þessa skoðun hv. þingmanns. Jeg tel það sjálfsagt, að Alþingi leggi sem minst af fjárveitingarvaldi sínu til stjórnarinnar, hverju nafni sem hún nefnist. Það er »princip«, sem talsvert er farið að stinga sjer niður upp á síðkastið, og jeg verð að telja það mjög óheppilegt. Menn mega engan veginn skilja orð mín svo, að þetta sje stílað til núverandi stjórnar. Yfirleitt tel jeg það óheppilegt fyrir stjórnina sjálfa, að hafa þetta vald, því að það má alt af segja, að hún noti það til þess að útvega fylgismönnum sínum eða hjeruðum, sem henni eru hlynt, pólitíska bitlinga. Og auk þess geta stjórnirnar vitanlega misbeitt þessu valdi.

Hæstv. ráðherra sagði, að athugavert væri að samþykkja svona athugasemd, vegna þess, að löggjafarvaldið gæti ekki neytt Stúdentafjelagið eða Bókmentafjelagið til þess að tilnefna þessa menn. Að vísu er þetta satt, en jeg er viss um það, að neitun af hálfu þessara fjelaga er ekki að óttast. Þau munu þvert á móti telja sjer það ánægju og sóma, að verða við þessu. Sje það ekki annað, sem hæstv. ráðherra hefir á móti þessu en þetta, þá held jeg, að óhætt sje að fella brtt. hans.

Jeg vænti þess, að háttv. Nd. haldi fast við fyrri samþykt sína og Ed. í þessu, og felli þessa brtt.

Ráðherra: Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) hefir andmælt brtt. minni á þgskj. 843. Jeg þarf ekki að svara honum í löngu máli; hann kannaðist við aðalástæðu mína, að það væri rjett, að Alþingi gæti ekki skipað Bókmenta- eða Stúdentafjelaginu að tilnefna menn, til þess að gjöra tillögur um úthlutun styrksins. Hann þarf ekki heldur að óttast það, að stjórnin geti ekki útnefnt mennina af jafn skynsamlegu viti, því

að auðvitað er henni innan handar, að leita sjer aðstoðar hæfra manna í þessu efni. Annars skal jeg geta þess, að það er ekki jeg, heldur fyrverandi ráðherra (S. E.), sem hefir undirbúið fjárlagafrumv. og tekið upp þá stefnu, að láta stjórnina úthluta þessum styrk. Honum hefir þó láðst að taka upp þessa athugasemd. Það getur verið, að þetta hafi gleymst honum, en þó er það harla ólíklegt. Vitanlega hefir hann leyfi til að komast til æðri þekkingar. Honum virðist það kann ske varhugavert nú, að leggja þetta vald í hendur stjórnarinnar, þótt honum hafi ekki sýnst svo áður í vetur. Jeg er honum sammála um það, að það er ástæðulaust að fara lengra í því, að leggja svona vald í hendur stjórnarinnar en nauðsynlegt er. En því er nú svo farið, að stjórnin verður að framkvæma marga hluti, sem fjárveitingu þarf til. Alþingi getur ekki tekið fram öll hugsanleg skilyrði og sundurliðanir.

Þá er tillaga um það að fella burtu að veita vissa upphæð í fjárlögunum til þess að kosta líffærameinfræðing við Háskólann. Ed. hefir litið rjettar á þetta mál en Nd., og vænti jeg þess, að háttv. Nd. lofi þessu nú að standa, því að jeg er sannfærður um að þetta er bráðnauðsynlegt, sjerstaklega þar sem Nd., er ekki hefir þótt of ríf í fjárveitingum, hefir sýnt það í öðrum málum, t. d. í fjárveitingu til hagnýtrar sálarfræði, að hún kann að meta andlega starfsemi. Enn fremur hafa báðar deildir samþykt að veita fje til gerlarannsókna við Búnaðarfjelag Íslands, sem ekkert kemur við fjárveitingu þeirri, er hjer ræðir um. Jeg ætla, að þeir menn, sem best allra hjer á þingi hafa vit á þessu, þeir háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) 5. kgk. þm. (G. B.), hafi báðir mælt með fjárveitingunni og sýnt fram á það, að minsta kosti annar þeirra, háttv. 5. kgk. þm. (G. B.), að gerlarannsóknir Búnaðarfjelags Íslands eiga ekkert skylt hjer við.

Út af styrkveitingu til Ragnars Lundborg, til að gjöra Ísland kunnugt erlendis, beindi háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) fyrirspurn til mín um það, hver væri afstaða mín til þess máls. Jeg get svarað því, að jeg þekki þennan mann af afspurn og hefi lesið það, sem hann hefir skrifað um íslensk efni, þótt ekki þekki jeg hann persónulega. Dylst jeg ekki við það, að þetta er mætur maður og hefir komið vel fram í garð vorn Íslendinga, svo að hann er alls sóma verður af vorri hálfu.

Jeg hefi nú heyrt, hvað háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hugsar sjer að gjört sje með þessari fjárveitingu, og eftir því, sem honum fórust orð, virðist mjer sem fjárveitingin muni ekki alveg varhugalaus. Þótt þessi háttv. þingmaður sje einn í flokki, þá skildist mjer svo, að hann talaði ekki eingöngu frá eigin brjósti, heldur og fyrir annarra þingm. hönd. Jeg verð að telja varhugavert, að ráðast í nokkuð það, sem orkað geti tvímælis út á við, og einkanlega eru þessir tímar ekki heppilegir til framkvæmda á því, sem vjer kynnum að vilja gjöra, ef öðruvísi væri ástatt. Það hefir verið vakið máls á þessu áður, í fyrra sumar á þingi, en ekki þótt ráðlegt að sinna því af sömu ástæðum, sem sje að ekki væru hentugir tímar til þess. Þótt mjer því þyki leitt, mannsins vegna, sem jeg tel alls góðs maklegan af vorri hendi, þá get jeg ekki greitt atkvæði með þessari fjárveitingu.

Þá sný jeg mjer að ullarmatinu. Maður sá, sem þetta verk hefir með höndum, hefir tjáð mjer, að það væri með öllu ófullnægjandi, að hafa fjárveitinguna að eins fyrra árið. Hann telur nauðsynlegt að hafa fjárveitingu bæði árin,

því að ekki verði á einu ári unt að koma ullarmatslögunum í framkvæmd. Á þessa skoðun hefir fjárlaganefnd Ed. og deildin sjálf fallist, og þykir mjer rjett að skýra deildinni frá þessari skoðun ullarmatsmannsins, ef til athugunar mætti verða háttv. fjárlaganefnd.

Þá kem jeg að kolanámurannsóknunum. Hjer liggja fyrir tvær tillögur; önnur um fjárveitingu til rannsókna óákveðið, hin lánsheimild til tiltekins manns. Út af þessum tillögum skal jeg leyfa mjer að bera fram fyrirspurnir til háttv. flutningsmanna. Það má vera, að háttv. 1. þm. Reykv. (S. B.), flutningsmaður fyrri tillögunnar, hafi, meðan jeg var ekki viðstaddur, gjört grein fyrir því, sem felst í fyrirspurn minni, en jeg vona, að það afsakist, að jeg þá verð að biðja háttv. þingmann að ítreka ummæli sín. Fyrirspurn mín til hans er sú, hver annast eigi rannsókn þá, sem fara á fram, samkvæmt tillögu hans. Raunar stendur í tillögunni, að landsstjórnin eigi að hafa hönd í bagga með framkvæmd rannsóknanna. En mig girnir að fá nánari greinagjörð á því, hvar þessar rannsóknir eiga fram að fara, hvar eigi að fá verkfræðing til rannsóknanna, hver eigi námurnar og hvort landssjóður eigi að fá nokkuð í aðra hönd fyrir styrkinn. Þessi fyrirspurn gildir og að nokkru leyti um tillögu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), en þar að auki er þetta, hverja tryggingu ætlast er til, að lánþegi skuli setja og hvort hjer er um að ræða námur, sem eru eign mannsins, eða hann hefir þær á leigu. Jeg væri þakklátur háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fyrir upplýsingar um þetta, því að þær gætu haft áhrif á það, hverja afstöðu landsstjórnin tekur til heimildarinnar.

Þá vík jeg að lánsheimildinni til myndamótasmiðs Ólafs Jónssonar. Það mun hafa verið bygt á misskilningi hjá háttv. samþingismanni mínum (S. S.), er hann kvaðst vilja tryggja það, að myndamótastofan yrði stofnun, sem ætluð væri til almenningsafnota. Það er næsta ólíklegt, að nokkur maður stofni svo myndamótastofu, að hann hugsi sjer ekki, að hver, sem þurfa þættist, gæti þar fengið myndamót. Hjer er sem sje eingöngu um verksýslan að ræða, starfsemi til að græða á. Segjum t. d., að háttv. samþingismaður minn (S. S.) vildi koma mynd af sjer í blað *(Sigurður Sigurðsson:* Það vil jeg ekki), eða öllu heldur, að eitthvert blað bæði hann um mynd af honum. Ef hann yrði við því, þá mundi hann fara til myndasmiðs, láta þar taka mynd af sjer, fá hana síðan myndamótamanni, sem gjörði eftir henni clichée, sem svo er kallað, og eftir henni er síðan myndin prentuð í blaðinu. Sá, sem þannig hefir fengið myndamót, leigir oft myndina í hagsmunaskyni til blaða eða bóka. En hlutverk myndamótasmiðsins er það að eins, að búa til mótin og selja þau. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að mjer er ekki kunnugt um, að til sje nokkur maður hjerlendis, sem kunni að móta myndir, annar en þessi eini maður.

Þá eru nokkrir smáliðir, sem jeg kann hvorki fjárlaganefnd nje einstökum þm. þökk fyrir, þeim er fella vilja eða lækka. Jeg á þar fyrst við tillögur um að fella burtu styrk til dr. Alexanders Jóhannessonar til þýskukenslu við Háskólann og til Jakobs Jóhannessonar til samningar á íslenskri setningafræði. Háttv. Ed. hefir sett báðar þessar fjárveitingar inn í fjárlögin. Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir lýst báðum þessum mönnum, og hefi jeg engu þar við að bæta. Þeir eru báðir mjög efnilegir menn og fullkomlega trúandi til þess, að leysa vel af hendi verk þau, sem

þeim eru ætluð. Jeg skal taka það fram sjerstaklega, að nú er enginn, sem heldur uppi fyrirlestrum í Þýsku við Háskólann; sá, sem það átti að gjöra, er nú herfangi. Enn fremur vil jeg benda á það, að ef hann hefði verið hjer kyrr, þá mundi hann hafa fengið líkan styrk, sem ætlaður er hjer Alexander Jóhannessyni, svipað því sem frönskukennarinn fekk, því að ekki mundi hafa þótt rjett að gjöra upp á milli þeirra.

Jeg gat þess við 2. umr. fjárlaganna hjer, að jeg vildi ekki láta færa niður styrkinn til afskrifta og ljósmynda á skjölum í söfnum í Kaupmannahöfn. Jeg er enn sömu skoðunar, og jeg leyfi mjer að skírskota til orða minna þá. Það gleður mig, að háttv. Ed. hefir tekið rjettari afstöðu til þessa máls en háttv. Nd.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi borið fram tvær lítils háttar brtt. við frv. nú. Vill svo vel til um þær báðar, að vakist hafa upp menn til að mæla með þeim.

Önnur er um fjárveiting til Einars Hjaltested. Háttv. framsm. (P. J.) tók það fram, að hann hefði sjeð ummæli um þenna mann frá sænskum prófessor í New York, sem verið hefðu mjög lofsamleg, og kvaðst þar af hafa sannfærst um, að þessi maður, Einar Hjaltested, væri maklegur þess að fá styrkinn. Jeg þarf ekki að endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt um manninn; læt mjer nægja að skírskota til þess og þeirra brjefakafla, sem jeg vísaði þá til. Að eins vil jeg leyfa mjer að benda hæstv. forseta á, að í tillögu minni er prentvilla, svo löguð, að styrkurinn á ekki að vera nema 1000 kr. *fyrra árið*, í stað þess, sem í tillögunni stendur, 1000 kr. hvort árið. Brtt. er alveg sams konar sem liður sá, er hjer var áður samþyktur í deildinni; býst jeg því við, að menn hafi ekki skift svo um skoðun, að þeir greiði ekki atkvæði með tillögunni, sem þá voru með liðnum.

Hin brtt. mín er að eins formbreyting og fer fram á það, að styrkur til Alexanders Jóhannessonar verði fluttur úr 14. gr. í 15. Vitanlega er hjer að ræða um háskólakenslu, en með því að suma kann að ugga, að með þessu spretti upp vísir til nýs háskólaprófessors, þá hefir mjer þótt rjett að hafa styrkinn á þeim stað, sem vant er að hafa bráðabirgðastyrki, enda er það ekki tilætlan mannsins, að hann njóti styrks lengur en næsta fjárhagstímabil.

Þá eru nokkrar brtt., sem jeg vil leyfa mjer að minnast á.

Hæstv. ráðherra ber fram tillögu um 600 kr. launaviðbót handa þjóðmenjaverðinum. Hann hefir nú boðist til þess, að taka að sjer gæslu á myndasafni landsins. Hafði jeg hugsað mjer að koma fram með þingsályktunartillögu um að fela honum það, en þess þarf nú ekki, með því að orðið er samkomulag um þetta með honum og forsetum þingsins. Fyrir þessi auknu störf er eðlilegt, að hann fái einhverja þóknun. Í annan stað er nauðsynlegt, að umsjón sje með myndasafni landsins; hefir hún engin verið til þessa, svo að myndirnar hafa verið í hers höndum, og mildi, að ekki skuli hafa glatast. En nú, er þær eru komnar í höndur góðs manns, má búast við því, að þeim sje vel borgið.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) mælti heldur á móti því, að veitt væri fje nokkurt til þess að lagfæra Þingvöll, varna því, að áin spilli völlunum framar en orðið er o. fl. Rök hans voru þau, að fjeð væri oflítið; en þetta er misskilningur. Þessar 2000 kr., sem til viðgjörðar eru ætlaðar, eru góðar í bráðina; smátt og smátt má auka við og bæta.

Hann sagði, að gjöra þyrfti veg annars staðar um völlinn en nú er; þótt kostnaður yrði við það að breyta veginum, þá þyrfti ekki að greiða hann af þessu fje, með því að vegamálastjórnin hefir lýst yfir því, að hún mundi leggja fram fje til þess. Girðing um vellina þarf ekki að vera dýr, vegna þess, að hún þarf ekki að standa lengur en vellirnir eru að gróa upp. Sama er að segja um það að grafa niður árfarveginn; það má gjöra út af fyrir sig, án þess að aðrar framkvæmdir til umbóta þar á þingstaðnum fari fram samtímis. Það er enginn bagi, þótt lagfæringin fari ekki öll fram á sama tíma. Þykir mjer auðsýn skylda hins opinbera að hlynna að þessum fornhelga stað, einkum þar sem hið opinbera hefir gjört sitt til þess að spilla staðnum með illum vegalagningum, sem marga hafa hneykslað, eins og sjá má af einni ritgjörð dr. Finns Jónssonar og fleiri manna, er á þetta hafa minst.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir borið fram tillögu um að veita Guðmundi E. Guðmundssyni 12000 kr. lán, til að vinna kolanámu á Vesturlandi. Þessi tillaga er af því sprottin, að nefndur Guðmundur bryggjusmiður fór fram á 30 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til verksins. Undirtektir undir þá beiðni hafa orðið heldur daufar, og heldur þótti mjer háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) taka dræmt í, að nokkurt fje yrði veitt til þessa. Þar talar háttv. þingmaður ekki fyrir hönd kjósenda sinna. Jeg hefi ekki orðið þess var, að almenningur hafi veitt nokkru máli betri meðmæli en þessu, eins og þráfaldlega hefir mátt sjá í blöðunum, einkum í Morgunblaðinu og Vísi, t. d. síðast í morgun í Morgunblaðinu, í grein eftir síra Ólaf Ólafsson fríkirkjuprest, þar sem skorað er á þingið að bæta úr kolaskorti þeim, sem nú er hjer, með því að styðja Guðmund að þessum atvinnurekstri.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) tók það fram, að ekki væri unt með þessu að bæta úr kolaskortinum nú, í fyrsta lagi vegna þess, að ekki væri unt að veita umrætt lán, fyrr en eftir nýjár, og í öðru lagi af því, að þótt tillagan yrði samþykt, væri óvíst, hvort nokkurt fje væri til í landssjóði, til þess að fullnægja lánsheimildinni.

Jeg skal nú geta þess gagnvart fyrra atriðinu, að þótt Guðmundur Guðmundsson gæti ekki fengið landssjóðslánið fyrr en eftir nýjár, þá mundi hann þó að líkindum geta fengið lán annarsstaðar upp á þetta landssjóðslán, ef það væri heimilað. En gagnvart síðara atriðinu skal jeg benda á það, að engin vissa er fyrir því, að landssjóður verði verr staddur en áður, og í annan stað má með rjettu skoða þetta lán sem árbótarráðstöfum, og ætti það því að ganga fyrir öðrum lánum, eins og nú stendur á.

Það er ekki að sjá, að háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) telji landssjóð í ýkjamiklum fjárskorti, þar sem hann ber fram tillögu um að *gefa* 25 þúsundir króna til kolanámurannsókna hjer á landi. Jeg býst nú við, að sú tillaga verði feld, og gjöri þá ráð fyrir, að þingmaðurinn telji landssjóðinn færan um að *lána* tólf þúsund kr.

Að vísu er nú svo áliðið, að ilt er að ná kolum að vestan í haust, en þó mundi það ekki frágangssök. Hefir þessi maður reynst ærðinn og duglegur, og sýnt það, að hann sparar enga fyrirhöfn til þess að ná kolum. Hann hefir nú rannsakað kolanámur vestra um alllangan tíma, og telur sig nú hafa fundið stað, þar sem fá megi góð kol.

Háttv. 1. þingm. Rvk. lagði áherslu á, að nú væri, vegna dýrtíðarinnar, sjer-

stök ástæða til þess að rannsaka kolanámur á Vestfjörðum; en ef mönnum þykir langt að bíða eftir kolum frá Guðmundi bryggjusmið, af því að hann geti ekki fengið fje til kolanáms fyrr en eftir nýjár, þá hygg jeg, að mönnum fari að leiðast eftir kolum, sem fást eiga eftir að vísindalegar rannsóknir hafa farið fram, enda óvíst, hver árangur yrði af slíkum rannsóknum fyrst um sinn, eftir þeirri reynslu, sem menn hafa hjer af »vísindalegum námurannsóknum«.

Jeg get t. d. bent á hlutafjelagið »Málm«, sem stofnað var hjer í Reykjavík, til þess að vinna gull úr Vatnsmýrinni. Þetta fjelag hafði æðstu menn landsins í stjórn, mikinn höfuðstól og innborgað hlutafje nam miklu; en hvernig fór? Alt fjeð tapaðist; ekkert var gjört, og enn í dag veit enginn, hvort nokkurt gull er til í Vatnsmýrinni eða ekki. Mjer er ókunnugt um, hvort svo nefnt »Námufjelag Íslands« er áreiðanlegra, en eftir því að dæma, sem eftir það liggur, þá virðist mjer að minsta kosti ekki vera ástæða til að fá *því* fje í hendur. Að minsta kosti tókst því ekki giftusamlega, þegar það týndi bæði áhöldum sínum og húseignum (!) vestur í Arnarfirði, sem frægt er orðið.

Jeg vænti þess nú, að þingið verði við þeirri almennu ósk, að veita Guðmundi lán til þess að halda áfram kolagreftinum þar vestra. Hann á það fyllilega skilið fyrir dugnað sinn í þessu máli.

Hæstv. ráðherra spurði, hvort Guðmundur gæti sett nokkurt veð til tryggingar láninu. Eins og tekið er fram í tillögunni, þá er ætlast til að hann veðsetji námurjettindi sín og áhöld. Annað veð mun hann ekki hafa, en þótt það sje ekki fulltrygt veð, þá er á hitt að líta, að hjer er verið að gjöra tilraun til árbótar, hjálpa mönnum í Reykjavík og annarsstaðar, til þess að fá kol með skaplegu verði, og þar sem sú er jafnframt tilætlunin með lánveitingunni, þá tjáir ekki að ganga jafn ríkt eftir fulltryggu veði, sem annars væri skylt og sjálfsagt.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á styrkinn til Ólafs Jónssonar prentmyndasmiðs. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) var, að því er mjer skildist, móti því að veita lánið, vegna þess, hvaða manni ætti að veita það. Jeg vil benda hv. þm. á það, að hjer á landi er enginn annar en þessi eini maður, sem kann þessa iðn. Jeg er viss um, að ekki þarf að óttast það, að maðurinn fái ekki nóg að gjöra. Nú, síðan ófriðurinn hófst, er alveg ómögulegt að fá myndir frá útlöndum, og yrði því nóg fyrir hann að gjöra, ef hann ætlaði sjer að fullnægja eftirspurninni. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) var hræddur um, að myndirnar kæmu ekki að almennum notum, vegna þess, að Ólafur myndi gjöra samband við einhverja vissa prentsmiðju, og yrði með því lögð einokun á myndirnar. Jeg veit ekki hver hefir komið þessari flugu í munn háttv. þm, en hitt veit jeg, að þessi skoðun hans er ekki bygð á neinum rökum. Jeg tel það alveg víst, að Ólafur myndi sjá sjer hag í því, að hafa viðskifti við sem flestar prentsmiðjur, því að með því móti fengi hann mesta atvinnuna. Ótti háttv. þm. í þessu efni er því áreiðanlega ástæðulaus.

Bjarni Jónsson: Jeg skal byrja ræðu mína á því, að minnast á það, sem síðasti ræðumaður mintist síðast á, lánið til Ólafs Jónssonar prentmyndasmiðs.

Jeg er viss um að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) meinar ekki það, sem hann hefir sagt um það mál. Þessi háttv. þingm.,

sem alt af vill að allir fái að njóta sín á því sviði, sem hæfileikar þeirra eru bestir.

Þessi maður, sem hjer er um að ræða, vill fá lán til þess að geta rekið iðn sína. Mjer virðist ekki nema sjálfsagt að veita manninum lánið, og það er auðvitað, að stíla verður lánsheimildina upp á nafn, þegar enginn innlendur maður annar er til, sem kann þessa iðn.

Jeg skal þá leyfa mjer að minna á styrkinn, til þess að launa manni við Háskólann, til þess að kenna líffærameinfræði. Jeg vona að þessi hv. deild láti það ekki á sannast, að hún sje skilningssljórri í þessu máli en háttv. Ed.

Þá vildi jeg einnig minnast á liðinn, um að veita fje til að gjöra við Þingvöll. Það hefir verið minst á þetta áður í dag, og skal jeg því vera stuttorður. Einungis geta um það, að það er ekki rjett, sem sagt hefir verið, að ekki sje til neinn uppdráttur nje kostnaðaráætlun um verkið. Þetta hlýtur hvorttveggja að vera til, því það var sent til þingsins 1913, þegar fyrst var sótt um að fje yrði veitt til þessa. Jeg tel það víst, að þessi styrkur verði veittur, og skal ekki minnast á það framar

Jeg tel það rjett, að sett verði nefnd manna til aðstoðar stjórninni með úthlutun skáldstyrksins, og tel ekki ástæðu til að búast við því, að þessi nefnd verði á nokkurn hátt fjötur um fót stjórnarinnar. Jeg álít það varla svaravert, að þessar stofnanir, sem kjósa eiga nefndina, sjeu svo slæmar, að ekki sje hægt að trúa þeim til þess að velja sæmilega menn. Að minsta kosti má ekki ætla Háskólanum, að hann velji ekki vel. Háskólinn okkar hefir sáð mörgum góðum frækornum, og svo mun hann gjöra í þessu máli.

Þá kem jeg að lið, sem jeg mintist ekki á í dag, vegna þess, hve sjálfsagt jeg áleit að hann yrði samþyktur. Það er styrkurinn til Ragnars Lundborg, til að gjöra Ísland kunnugt erlendis. Jeg vissi þá ekki það, sem nú er fram komið, að nokkur gjörðist svo djarfur, að mæla móti því, að þessi styrkur yrði samþyktur. Jeg veit, að menn hjer þekkja ekki Lundborg persónulega, en menn þekkja hug hans til þessa lands. Jeg þekki Lundborg persónulega, og veit að það er friður maður og hæverskur, vel að sjer um alt, en hefir sjerstaklega lagt stund á að kynna sjer hagfræði og þjóðarjett. Hann hefir skrifað mikið um Ísland, og ber það alt sama blæinn; þar andar í hverri línu ást til landsins. Lundborg hefir í mörg ár verið ókeypis ráðunautur íslenskra kaupmanna, að því er Svíþjóð snertir, og ætti það ekki að spilla fyrir því, að hann fengi þennan styrk.

Jeg get skilið það, ef sú mótbára kæmi fram, að við ættum ekki að hafa útlending til þessa starfa, heldur ættum við að gjöra það sjálfir. Þessi mótbára lætur auðvitað vel í eyrum, en hvað skyldi sá dagur heita, sem allir yrðu sammála um, hvaða maður yrði fenginn til þessa starfa.

Það er hlægilegt að heyra annað eins og að það geti verið hættulegt hlutleysi voru, að samþykkja fjárveitingu til þessa manns. Ef menn koma með slíkar fullyrðingar, þá eiga þeir að rökstyðja þær, og vísa jeg þessari fullyrðingu hjer með heim til föðurhúsanna.

Jeg tel þetta tilboð Lundborgs mesta kostaboð. Hann myndi ekki fá einn eyri fyrir fyrirhöfn sína, þótt þessi styrkur yrði samþyktur. Fjeð myndi alt ganga til ferðalaga og til að gefa út rit og bæklinga um Ísland, leigja hús til ókeypis fyrirlestra o. s. frv. Hjer er því eigi um það að ræða, að veita þessum manni atvinnu. Hann er vel efnaður maður, og býður því þessi kostaboð. Jeg vildi og eigi óska hon-

um nje öðrum vini Íslands, að hann þyrfti að leita sjer atvinnu hjá hinum göfuglyndu fulltrúum íslensku þjóðarinnar.

Jeg skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en leyfi mjer að biðja þess, að hæstv. forseti láti greiða atkvæði um þennan lið með nafnakalli, og læt jeg svo útrætt um fjárlögin á þessu þingi.

Sveinn Björnsson: Jeg finn mig knúðan til að segja fáein orð, af því að háttvirtum þingmanni N.-Þing. (B. S.) þótti jeg vera þversum í málinu um rannsókn á kolanámum, og taldi mig þar brjóta bág við vilja kjósenda minna. Hann gaf enn fremur í skyn, að jeg væri svona þverðfugur í málinu af því, að jeg reri undir til þess að vinna í þágu sjerstaks fjelags, en ynni með því ógagn öllum almenningi í þessum bæ. Jeg lýsi því hjer með yfir, að þetta eru hrein ósannindi og ástæðulaus. Jeg tel það mikilvægt, að fá það rannsakað, hvort kol finnast hjer í jörðu, og jeg hefi ekki sagt neitt orð í þá átt, að leggja stein í götu þess, að Guðmundi bryggjusmið verði sýndur allur sómi fyrir afskifti sín af þessu máli. En að lána honum stórfje út í bláinn, er ekki rjett. Hann hefir rekist þarna á eitthvert eldsneyti, en hve mikið, það veit enginn. Bæði landsstjórnin og Velferðarnefndin voru sammála um að kaupa af honum 60 smálestir af þessum kolum til reynslu, en þau kol eru ekki komin enn, svo að eiginlega veit enginn frekari deili á námu hans. Það má ekki gjöra sjer neina von um, þó þetta lán fengist, að þá kæmust nokkur kol að ráði hingað á markaðinn í vetur.

Það væri ef til vill vert að veita Guðmundi verðlaun fyrir dugnað, sem hann hefir sýnt í þessu máli, en hitt virðist mjer vera mjög heimskulegt, að fara að lána út stórfje til þess að vinna kol, sem enginn veit hvort eru til eða ekki.

Aðdróttun háttv. þm. N.-Þing. (B. S.), um að jeg væri á móti þessu vegna hagsmuna sjerstaks fjelags, er ástæðulaus og heimildarlaus.

Hann nefndi í sömu andránni bæði hf. »Málmur« og »Námufjelag Íslands«. Jeg skal leyfa mjer að lýsa yfir því, að þar er ekkert samband á milli. Jeg get í öðru lagi upplýst, að Námufjelag Íslands, sem jeg á hlut í, hefir sótt um styrk til kolanámurannsókna. En jeg hefi ekki reynt til að útvega því svo mikið sem einn eyri. Það getur enginn maður borið mjer þess vætti, að jeg hafi sagt nokkurt orð við nokkurn mann um að veita því fjelagi styrk. Jeg álít, að það eigi að vera í höndum stjórnarinnar. Jeg veit ekki, hvort háttv. þingmenn leggja trúnað á það, en fyrir mjer er *málið sjálft* aðalefnið. Mjer er það áhugamál, að því verði slegið föstu, hvort kol sje hjer að finna, eða hvort þessi vottur, sem þegar er fundinn, sje svo mikill, að það borgi sig að reka námugröft hjer.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en út af fyrirspurn hæstv. ráðherra vil jeg leyfa mjer að segja nokkur orð. Hann spurði, hver ætti að annast þessar kolarannsóknir. Það stendur í liðnum. Það er ætlast til að stjórnin gjöri ráðstafanir þar að lútandi. Þá spurði hann hvar ætti að fá verkfræðing. Jeg hygg, að það mundi heppilegast að fá sænskan námuverkfræðing, því að í Svíþjóð eru til námur, sem eru mjög líkar þessari námu, sem hjer er um að ræða. Í Höganäs hefir fundist náma, sem er mjög lík námunni í Dufansdal, og þar hefir verið fundin aðferð til að brenna úr kolunum leirefni, sem er mjög gott til bygginga. Það má því gjöra ráð fyrir, þótt ekki fyndust hjer kol að neinu ráði, sem góð væru til

eldsneytis, þá mætti brenna úr þeim þetta byggingarefni. Enn fremur spurði hæstv. ráðherra, hvar ætti að rannsaka, og hvort landssjóður fengi nokkuð í aðra hönd. Jeg gjöri ráð fyrir, ef landið fengi slíkan verkfræðing, sem jeg mintist á áðan, til þess að líta á þessa staði, þá myndi hann verða látinn dæma um það sjálfur, hvar rjettast væri að byrja rannsóknirnar. Ef það yrði í þessari námu í Skorarhlíð, þá er líklegt, að landsstjórnin gæti samið svo um, að landssjóður fengi eitthvað í aðra hönd. Með þessu móti þykist jeg hafa svarað fyrirspurnum hæstv. ráðherra.

Úr því að jeg stóð upp aftur, vil jeg minnast nokkrum orðum á brtt. á þgskj. 885, um utanfararskyrk handa barna- og unglingakennurum. Fjárlaganefndin í Ed. tók upp þetta nýmæli, af því að hún hugði, að það gæti orðið til mikils gagns, að kennarar ferðuðust til annarra landa og kyntu sjer þar kensluaðferðir þær, sem bestar þykja. Svo er ráð fyrir gjört, að styrkurinn verði veittur fyrra árið manni, sem þegar er farinn til Ameríku í þessum erindum. Í öðru nefndaráliti er bent á annan mann, og er hjer lagt til að hækka styrkinn, til til þess að fleiri en einn geti orðið hans aðnjótandi.

Þá hefir komið fram tillaga um að fella niður styrk til kvöldskólahalds í Reykjavík handa Hólmfríði Árnadóttur. Hún hefir brotist í því, nokkra undanfarna vetur, að halda uppi kvöldskóla, sjerstaklega fyrir stúlkur úr sveit. Eftir þeim meðmælum að dæma, sem fylgja beiðni þessarar konu frá mætustu mönnum í fræðslumálum, hefir þessi skóli hennar komið að að mjög miklu gagni og er fyllilega verður þess að fá styrk.

Að lokum vil jeg minnast á fjárveitinguna til Ragnars Lundborgs. Mjer þótti háttv. þm. Dal. (B. J.) taka fulldjúpt í árinni, þegar hann sagði, að það væri hneyksli fyrir hvern þingmann, sem ekki greiddi atkvæði með þessari fjárveitingu. Jeg skal taka það fram, að jeg tel þenna mann alls góðs maklegan, en hitt verð jeg að telja illa farið, að þessu skuli hafa verið hleypt inn í fjárlögin, án þess að vita fyrir fram, hvort það yrði samþykt af þinginu eða ekki. Það virðist kann ske eins vel vera útlit fyrir að þessi fjárveiting verði ekki samþykt eins og hitt, og verð jeg þess vegna að telja það illa farið, að þessi tillaga komin fram. Það er ekki hægt að ásaka þá, sem greiða atkvæði á móti tillögunni, því að það er ekki þeirra ógætni að kenna, að tillagan kom fram. Jeg skal að eins bæta því við, að jeg teldi það heppilegra, ef fje er veitt í fjárlögunum til þess að gjöra Íslands kunnugt í öðrum löndum, að það sje ekki veitt á nafn. Eins og sakir standa nú, hlýtur það að vera óheppilegt, að veita manni, sem tilheyrir þjóð, sem ekki er í sambandi við okkur, fje í þessu skyni, ekki síst eftir að búið er að færa þær ástæður fyrir fjárveitingunni, sem færðar hafa verið af einum háttv. þingmanni hjer í deildinni í dag.

Sigurður Eggerz: Hæstv. ráðherra furðaði á því, að þar sem jeg hefði afhent sjer fjárlagafrumv., án þess að leggja til að sjerstök nefnd gjörði tillögur um úthlutun styrksins til skálda og listamanna, þá skuli jeg nú koma með þessa athugasemd, en þetta sýnir að hæstv. ráðherra hefir ekki heyrt ummæli mín hjer í deildinni um málið. Jeg lýsti því yfir við aðra umræðu fjárlaganna, að því að eins hefði jeg tilfært skálda og listamannastyrkinn í einni upphæð, að jeg hefði hugsað mjer að stinga upp á nefnd, til þess að gjöra tillögur til stjórnarinnar um styrkinn, en mjer hafði ekki dottið í hug, hvernig sú nefnd skyldi skipuð, er jeg samdi

fjárlagafrumv., en var einráðinn í því, ef jeg hefði verið ráðherra áfram, að gjöra slíka tilögu til fjárlaganefndar. Nú hefir mjer dottið í hug fyrirkomulag nefndarinnar, eins og tillagan ber með sjer. Báðar deildir hafa fallist á tillöguna, og þar sem hún var samþykt hjer við 2. umræðu með nafnakalli, þá leyfi jeg mjer að vænta þess, að hún verði líka samþykt nú.

Út af því, sem hæstv. ráðherra tók fram, viðvíkjandi atkvæðagreiðslunni um Jökulsárbrúna, vil jeg geta þess, að skýrsla mín um það var hárrjett. Jeg sagði, að hún hefði verið samþykt með 17 atkv., og þetta er alveg rjett, því að 13 sögðu já og 4 ljetu telja sig með meiri hlutanum. Jeg vænti þess, að hæstv. ráðherra kannist við það, að þetta hafi verið rjett hjá mjer. *(Ráðherra*: Skýrslum okkar ber algjörlega saman).

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg minnast á brtt. á þgskj. 851, um 1000 kr. styrk til Hjartar Þorsteinssonar. Fjárlaganefndin hefir fært þenna styrk niður um 200 kr. Jeg vil fyrir mitt leyti mæla með því, að hann fái hærri upphæðina. Þetta er efnilegur maður, sem ekki hefir sótt um styrk áður, og það munar landssjóð ekki neinu, en manninn munar það mjög miklu.

Þá vil jeg að lokum minnast á fjárveitinguna til Ragnars Lundborgs. Mig furðaði á því, að þessu skyldi vera hreyft af einum stuðningsmanni stjórnarinnar. Það er óneitanlega leiðinlegt, þar sem um svo ágætan Íslandsvin er er að ræða, að fjárveiting til hans skuli hafa verið borin upp hjer í þinginu, án þess að hafa tryggingu fyrir að hún yrði samþykt. Mjer er sagt, að hæstv. ráðherra hafi ekki gjört neina athugasemd við það, að tillagan var borin upp, en jeg verð að segja, að fyrir mitt leyti hefði jeg helst óskað, að hún hefði ekki komið fram, ef það er meiningin, að hún eigi að falla. Jeg álít Íslandi lítinn sóma að því að bera upp slíka tillögu hjer í þinginu og láta hana falla. Annars skildist mjer á hæstv. ráðherra, að það gæti stafað hætta fyrir okkar »neutralitet« af því að veita þetta fje. Eftir því sem mjer skildist, átti það á einhvern hátt að standa í sambandi við stríðið. Jeg vildi leyfa mjer að óska þess, að hæstv. ráðherra skýri það nánar, á hvern hátt það megi verða.

Ráðherra: Jeg er sammála háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) um það, að þessi tillaga hefði ekki átt að koma fram, nema því að eins, að það hefði verið fulltrygt, að fjárveitingin gengi fram í þinginu. En það er ekki mín sök, að hún er fram komin. Jeg hefi aldrei lofað henni fylgi mínu. En út af því, sem háttv. þm. V.-Sk. skoraði á mig að skýra nánar frá því, að hverju leyti þetta gæti verið varhugavert í sambandi við stríðið, skal jeg að eins taka það fram, að jeg vil ekki gjarna fara að ræða það hjer, hvernig »internationale Konflikter« myndast, og vil því leiða það hjá mjer að svara þessu á annan hátt.

Jeg endurtek það, að það er leiðinlegt, að þessi tillaga skuli hafa komið fram, en það er þeirra, sem báru málið fram, að tryggja framgang þess, en ekki annara.

Benedikt Sveinsson: Mjer fanst háttvirtum 1. þm. Rvk. (S. B.) vera eitthvað klaksárt af því, sem jeg sagði um lánveitinguna til G. E. Guðmundssonar, eins og það gæti orðið til að spilla kosningu hans hjer í bænum. Jeg skýrði að eins frá því, að almenningur hjer í bæ væri þessu máli mjög fylgjandi. Hann sagði nú, að hann vildi ekki beinlínis leggja á móti þessari fjárveitingu, en hitt væri víst, að það bætti ekki úr þörfum manna hjer í haust. Hann

mælti jafnframt fastlega með 25 þús. kr. styrk handa Námufjelaginu til kolanámurannsókna, og setti það í samband við kolaekluna, sem af ófriðnum stafar. Ef það gæti bætt úr þörfum manna hjer í haust, þá er ekki síður ástæða til að ætla að árangur verði af lánveitingunni til G. E. Guðmundssonar.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) mintist á, að Velferðarnefndin hefði pantað 60 smálestir af þessum kolum hjá G. E. Guðmundssyni, en ekki getað fengið þau. Sannleikurinn er sá, að það var ekki fyrr en um mitt sumar, sem þetta gjörðist, þegar *ómögulegt var að fá skip* til að sækja þessar 60 smálestir. Eins og menn muna, auglýsti Guðmundur þá eftir skipi, en það reyndist ómögulegt að fá nokkurt skip. Þó fjekk hann um síðir vjelarbát til að sækja kol, en báturinn bar ekki nema 10 smálestir. Þegar kolin voru svo komin hingað, fór Guðmundur á fund landsstjórnarinnar og tilkynti henni að kolin væru komin. Landritari varð fyrir svörum, og þótti honum þetta of lítið, sagði að Velferðarnefndina munaði ekkert um það og Guðmundur mætti selja þessar tíu smálestir hverjum sem hann vildi.

Háttv. 1. þm. Rvk. gat þess í þessu sambandi, að það væri ekki hægt að fullnægja kröfum Reykvíkinga með kolum úr þessari námu. Þetta getur hann ekkert fullyrt um, því að hann þekkir alls ekki þessa kolanámu og veit ekki, hvað mikil kol hún kann að hafa að geyma. En þótt svo væri, að hún *fullnægði* ekki bænum, þá gæti bænum orðið góður styrkur að því, að fá það an kol til drýginda. Guðmundur segist hafa fundið þarna kolalag, sem hann býst við að borgi sig að vinna og hann hefir flutt kol þaðan, sem mönnum hafa líkað vel, eins og sjá má af dagblöðunum.

Viðvíkjandi veðinu, sem hæstv. ráðherra spurði um, skal jeg taka það fram, að námurjettindi hefir lánbeiðandi fengið til 50 ára í Sjöundárlandi, og eins hinum megin fjallanna í Patreksfirði. Þetta á að setja að veði fyrir láninu, og auk þess mannvirki öll og verkfæri, sem í sambandi við kolanámurekstrinn standa. Þingið veit því, að hverju hjer er að ganga, og eins og jeg hefi áður bent á, þá er þetta nokkurs konar árbótarráðstöfun, jafnframt því að styðja þennan duglega mann, sem hefir lagt mikið í sölurnar, til þess að koma af stað þessum atvinnuvegi í landinu.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Það er ekki margt, sem jeg þarf að segja í þetta skifti.

Mjer dettur ekki í hug að lá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) það, þótt hann haldi fram þessari kröfu sinni um, að styrkurinn til brimbrjóts í Bolungarvík verði veittur án skilyrðis um framlag í móti. Að eins þykir mjer það furða, að hann skuli nú vilja gjöra þetta að kappsmáli milli deildanna. Mig furðaði þó enn þá meira á háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að hann skyldi enn þurfa að vera að klifa svo mjög á þessu máli. Hjer er æði mikið í húfi fyrir fjárveitingarvaldið. Jeg hygg, að honum yrði þetta ljóst, ef honum yrði falið að fara kringum alt landið, og kynna sjer alt það, sem gjöra þarf í lendinga- og hafnabótum, þegar hann sjer hve yfirdrifið það verkefni er, og hvað skamt það nær, sem þingið getur gjört í þessum efnum. Þessi fyrirtæki eru svo löguð, að það hlýtur að fara nokkuð mikið eftir hagsmunum á hverjum stað, hvort eitt fyrirtækið skuli vera látið ganga fyrir öðru, og ef hagsmunirnir mæla með fyrirtækinu, þá eru það hagsmunir þeirra, sem að standa, þeirra, sem sjerstaklega standa

sig við að leggja á sig álögur, vegna fyrirtækisins. Ef því t. d. notendur brimbrjótsins i Bolungarvík standa ekki við að leggja fram fje til hans til jafns við landssjóð, þá get jeg ekki með neinu móti sjeð, að hann borgi sig fyrir landið. En ef landið tekur hann nú að öllu leyti á síma arma, þá er það háskalegt fordæmi, og afardýrt fyrirtæki.

Jeg hefi ekki mikið viljað tala um styrkinn til Búnaðarfjelaganna. Mjer fellur illa, ef farið verður að etja kappi um þetta við háttv. Ed. Jeg held að bændur gætu gjört sjer það til sóma, að vægja í kröfum að þessu sinni. En jeg þykist sjá, að þeir ætli sjer að halda þessu til streitu, en það tel jeg þeim miklu fremur til minkunar en til gagns.

Matthías Ólafsson: Mjer dettur ekki í hug að lá hv. frsm. (P. J.), þó að hann haldi fast við sína skoðun. En hann má þá ekki heldur lá mjer, þótt jeg haldi fast við mína skoðun umbrimbrjótinn, þar sem jeg er sannfærður um að hún er rjett. Mín skoðun er sú, að landssjóður eigi að gjöra þetta. Landssjóður er eign alls landsins; þar sem mest er framleiðslan, er mest lagt í landssjóð, og þar er því rjettmætt að gjörðar sjeu mestar kröfur.

Þó að jeg hins vegar fallist á, að afla þurfi landssjóði tekna, þá er þar hægurinn hjá engu að síður. Það væri hægt með því að leggja á hafnargjald, er rynni í landssjóð. Þetta yrði beinn gróði, þar sem hann á hinn bóginn er óbeinn með því að leggja skatta á framleiðsluna. En ef alt af á að auka skattana á framleiðslunni, eftir því sem þarfir landssjóðs aukast, getur farið svo að lokum, að menn verði fullþreyttir á þeim. Fræðslulögin t. d. eru ekki búin að standa lengi, en mönnum er farið að finnast, að þau sjeu þungur skattur. Sama er að segja um vegi. Það er ekki hægt að leggja góða vegi, af því að fjeð vantar til þess, en þeir vegir, sem lagðir eru, reynast svo ónýtir, að þeir verða ófærir innan skamms. Líka gengur mikið fje til síma, og það hljóta að vera einhver takmörk fyrir gjaldþoli manna. Landssjóður hefir nú lagt áður fram til þessa fyrirtækis, og ef hann kippir nú að sjer hendinni, og hættir að veita til þess, kemur það að engu haldi. Því að sje verkinu ekki haldið áfram, getur það ekki komið að tilætluðum notum; framleiðslan eykst ekki og landssjóður tapar því þeim sköttum, er hægt væri að leggja á þessa auknu framleiðslu á þessum stað.

Jeg vona því, að háttv. deild sýni svo mikla sanngirni í þessu máli, að skilyrðin sjeu feld burt.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg gleymdi einu atriði. Það var viðvíkjandi tillögu nefndarinnar um athugasemdina við vegafjeð, er háttv. þm. Snæf. (S. G.) mintist á. Jeg er honum sammála um það, að það er illa farið, að nefndin tók ekki tillöguna upp í sama anda og tillaga verkfræðingsins fer fram á í niðurlagi brjefs hans um þetta efni. En jeg get ekki sagt um, hvort nefndin í heild sinni hefði getað fallist á þá athugasemd. En nefndin varð að koma starfinu frá á mjög stuttum tíma, og var því ekki unt fyrir hana að kynna sjer öll plögg sem skyldi. Það mun því aðallega vera fyrir óaðgætni, að nefndin kom ekki fram með svona athugasemd, eins og hann mintist á. En ef hann vildi, að hún kæmi fram í sameinuðu þingi, þá kæmi til mála að breyta þessu í efri deild.

ATKVGR.

(Atkv.skrá A. 901):

1. brtt. 851,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. — 851,2 — — 22 — —
3. — 842 — — 23 — —

4. brtt. 832 tekin aftur.

5. a— 892 feld með 21 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Arnórsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Magnús Kristjánss.	Guðm. Eggerz,
	Guðm. Hannesson,
	Hannes Hafstein,
	Hjörtur Snorrason,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Hallsson, Jóhann Eyjólfsson, Matth. Ólafsson, og Sig. Gunnarsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

5. b brtt. 898 samþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Magnús Kristjánss.,
Hjörtur Snorrason,	Matth. Ólafsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Sigurður Eggerz,
Jón Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,	Sveinn Björnsson,
Skúli Thorodnsen,	Þór. Benediktsson.
Stefán Stefánsson,	
Þorl. Jónsson.	

Pjetur Jónsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

6. brtt. 822 samþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Guðm. Eggerz,	Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Pjetur Jónsson.
Sigurður Eggerz,	Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,	Sveinn Björnsson,
Skúli Thoroddsen,	Þór. Benediktsson.
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	

Matth. Ólafsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

7. brtt. 851,3 samþ. með 17 : 3 atkv.
8. — 851,4 — — 16 : 1 —
9. — 851,5 — — 15 : 2 —
10. — 851,6 — — 19 : 1 —
11. — 886 — — 16 : 3 —
12. — 835 — — 13 : 4 —
13. — 889 — — 14 : 11 atkv.

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Guðm. Eggerz,	Matth. Ólafsson,
Hjörtur Snorrason,	Pjetur Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Sig. Eggerz,	Sveinn Björnsson,
Skúli Thoroddsen,	Þór. Benediktsson.
Þorleifur Jónsson.	

Þeir Magnús Kristjánsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

14. brtt. 851,7 samþ. með 19 : 1 atkv.
15. — 887 — — 14 : 2 —
16. — 836 — — 19 : 6 —

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bjarni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Arnórsson,	Hjörtur Snorrason,
Guðm. Eggerz,	Pjetur Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Sig. Gunnarsson,
Hannes Hafstein,	Sveinn Björnsson.
Jóhann Eyólfsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.	
Matth. Ólafsson,	
Sigurður Eggerz,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þór. Benediktsson.	

Þeir Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Jón Jónsson, Sig. Sigurðsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

17. { brtt. 851,8 tekin aftur.
— 876 feld með 20 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Guðm. Eggerz,	Eggert Pálsson,
Hjörtur Snorrason,	Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson,	Einar Arnórsson,
Sig. Gunnarsson.	Einar Jónsson,
	Guðm. Hannesson,
	Hannes Hafstein,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Þeir Björn Kristjánsson, Sig. Sigurðsson, Skúli Thoroddsen og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

18. brtt. 851,9 samþ. með 23 : 1 atkv.
19. — 851,10 — án atkvgr.
20. brtt. 846 (aðaltill.) samþ. með 14 : 1 atkv.
21. — 846 (varatill.) tekin aftur.
22.—25. brtt. 866 (1.—4. liður, allir í einu) feld með 14 : 2 atkv.
26. brtt. 875 og brtt. 862 (aðaltill.) feld með 14 : 2 atkv.
27. — 862 (varatill.) feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Einar Arnórsson,
Guðm. Eggerz,	Hannes Hafstein,
Guðm. Hannesson,	Jón Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Kristjánss.,
Stef. Stefánsson,	Matth. Ólafsson,
Þorleifur Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Þór. Benediktsson.	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson.

Þeir Bened. Sveinsson, Jóhann Eyjólfsson og Pjetur Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

28. brtt. 851,11 samþ. með 18 : 3 atkv.
29. — 851,12 feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Arnórsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Einar Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Sig. Gunnarsson,	Hannes Hafstein,
Sig. Sigurðsson,	Hjörtur Snorrason,
Stefán Stefánsson,	Jón Jónsson,
Sveinn Björnsson.	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss,
	Matth. Ólafsson,
	Sig. Eggerz,
	Þorl. Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Þeir Guðm. Hannesson og Skúli Thor-

oddsen greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

30. brtt. 851,13 samþ. með 17 shlj. atkv.

31. — 851,14 samþ. með 17:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Hannesson,
Einar Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Eggerz,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
Hjörtur Snorrason,	Matth. Ólafsson,
Magnús Kristjánss.,	Sveinn Björnsson.
Pjetur Jónsson,	
Sig. Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorl. Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Björn Hallsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

32. brtt. 851,15 og brtt. 861 feld með 17:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Arnórsson,
Sig. Gunnarsson,	Guðm. Eggerz,
Sig. Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Stefán Stefánsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Þór. Benediktsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Matth. Ólafsson,
	Sigurður Eggerz,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Guðm. Hannesson, Magnús Kristjánsson, Pjetur Jónsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkv., og töldust með meiri hlutanum.

33. brtt. 891 samþ. með 17 shlj. atkv.

34. — 841,1 og brtt. 865 samþ. með 15 shlj. atkv.

35. — 851,16 samþ. án atkvgr.

36. — 841,2 — með 15:5 atkv.

37. — 841,3 — — 16:1 —

38. — 851,17 } — án atkvgr.

39. — 851,18 }

40. — 851,19 feld með 14:6 atkv.

41. — 877 tekin aftur.

42. — 821 samþ. með 17:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Guðm. Eggerz,	Hannes Hafstein,
Jóhann Eyjólfsson,	Hjörtur Snorrason,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Sig. Eggerz.
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorl. Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Matthías Ólafsson, Pjetur Jónsson, Stefán Stefánsson og Sveinn Björnsson greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

43. brtt. 878 feld með 22:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Guðm. Eggerz,	Björn Hallsson,
Hjörtur Snorrason,	Eggert Pálsson,
Sig. Sigurðsson.	Bened. Sveinsson,
	Bjarni Jónsson,
	Björn Kristjánsson,
	Einar Arnórsson,
	Guðm. Hannesson,
	Hannes Hafstein,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,

nei:	*já:*
Pjetur Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Sigurður Eggerz,	Stefán Stefánsson,
Sig. Gunnarsson,	Þorleifur Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Þór. Benediktsson.
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

Einar Jónss. og Þorl. Jónsson greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

44. brtt. 885 samþ. með 20 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Jóhann Eyjólfsson,
Hannes Hafstein,	Þorleifur Jónsson.
Hjörtur Snorrason,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magn. Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

Eggert Pálsson, Björn Kristjánsson og Pjetur Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

45. brtt. 851,20 samþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Hannes Hafstein,
Guðm. Hannesson,	Jóhann Eyjólfsson,
Hjörtur Snorrason,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson,	Magnús Kristjánss.,
Pjetur Jónsson,	Matth. Ólafsson,
Sigurður Eggerz,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson,	Sveinn Björnsson.

já:	*nei:*
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Eggert Pálsson, Björn Kristjánsson og Einar Jónsson greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans

46. brtt. 851, 21 samþ. með 19 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Guðm. Hannesson,	Sigurður Eggerz,
Hjörtur Snorrason,	Sig. Gunnarsson.
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

Guðm. Eggerz, Jóhann Eyjólfsson, Magnús Kristjánsson, Matth. Ólafsson, Sig. Sigurðsson, Stefán Stefánsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

47. brtt. 851,22 tekin aftur.

48. — 880 feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Eggerz,	Bened. Sveinsson,
Guðm. Hannesson,	Bjarni Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Arnórsson,
Magn. Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Sigurður Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Jón Magnússon,
Þór. Benediktsson.	Matth. Ólafsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson.

Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Pjetur Jónsson og Þorleifur Jónsson

greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

49. brtt. 845 samþ. með 13 samhlj. atkv.

50. — 863 (fyrri liður) samþ. með 13 shlj. atkv.

51. — 863 (síðari liður) samþ. án atkvgr.

52. — 851,23 samþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Arnórsson,
Einar Jónsson,	Hannes Hafstein,
Guðm. Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Hannesson,	Jón Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Jón Magnússon,
Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Gunnarsson,	Matthías Ólafsson,
Sig. Sigurðsson,	Þór. Benediktsson.
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Pjetur Jónsson, Skúli Thoroddsen og Sveinn Björnsson greiddu eigi atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

53. brtt. 851,24 og brtt. 881 feld með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Arnórsson,
Pjetur Jónsson,	Hannes Hafstein,
Sigurður Eggerz,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Sigurðsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Stef. Stefánsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Guðm. Hannesson, Magnús Kristjánsson, Matth. Ólafsson og Sveinn Björnsson greiddu eigi atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

54. brtt. 851,25 samþ. með 17 : 2 atkv.

55. — 843 feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Einar Arnórsson,	Bened. Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson,	Einar Jónsson,
Jón Magnússon,	Guðm. Eggerz,
Matth. Ólafsson,	Hjörtur Snorrason,
Pjetur Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Sigurður Gunnarss.,	Skúli Thoroddsen.
Sig. Sigurðsson,	Þorleifur Jónsson,
Sveinn Björnsson.	Þór. Benediktsson.

Guðm. Hannesson, Magnús Kristjánsson og Stefán Stefánsson greiddu eigi atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

56. brtt. 851, 26 samþ. með 19 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánss.,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Einar Arnórsson,
Guðm. Eggerz,	Jón Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Jón Magnússon,
Hjörtur Snorrason,	Sigurður Eggerz.
Magn. Kristjánsson,	
Matthías Ólafsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	
Þór. Benediktsson.	

Bened. Sveinsson, Hannes Hafstein, Jóhann Eyjólfsson, Pjetur Jónsson og Sveinn Björnsson greiddu eigi atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

57. brtt. 890 samþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Hannesson,

já:	*nei:*
Einar Arnórsson,	Hjörtur Snorrason,
Hannes Hafstein,	Magnús Kristjánss.,
Jón Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson,
Pjetur Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Þór. Benediktsson.
Sveinn Björnsson.	

Jóhann Eyjólfsson, Matth. Ólafsson, Stefán Stefánsson og Þorleifur Jónsson greiddu eigi atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

58. brtt. 882 feld með 17:8 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Eggerz,	Bjarni Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Björn Kristjánsson,
Sigurður Eggerz,	Einar Arnórsson,
Sig. Gunnarsson,	Guðm. Hannesson,
Sig. Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Stefán Stefánsson.	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

59. brtt. 879 (aðaltill.) feld með 21:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Guðm. Eggerz,	Eggert Pálsson,
Hjörtur Snorrason,	Bjarni Jónsson,
Stefán Stefánsson.	Björn Kristjánsson,
	Einar Arnórsson,
	Einar Jónsson,
	Guðm. Hannesson,
	Hannes Hafstein,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matthías Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Sigurður Eggerz, Sigurður Sigurðsson og Sigurður Gunnarss. greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

60. brtt. 879 (varatill.) tekin aftur.

61. — 888 feld með 18:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Björn Kristjánsson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Arnórsson,
Jón Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Matth. Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Þorl. Jónsson.	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Eggerz,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Hallsson, Jóhann Eyjólfsson, Sig. Gunnarsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

62. brtt. 846 tekin aftur, en tekin upp af háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) og þá feld með 16:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Eggerz,	Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,	Hannes Hafstein,
Sigurður Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson,

já:	*nei:*
Sigurður Sigurðss.,	Jón Magnússon,
Þorl. Jónsson.	Magnús Kristjánss.,
	Matthías Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Einar Arnórsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

63. brtt. 851,27 samþ. með 19:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Hannesson,
Einar Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Skúli Thoroddsen.
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sigurður Sigurðss.,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

Björn Kristjánsson, Guðm. Eggerz, Sigurður Eggerz og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

64. brtt. 851,28 samþ. án atkvgr.

65. — 848, feld með 18 samhlj. atkv.

66. — 856 samþ. með 14:1 atkv.

67. — 851,29 sjálfallin.

68. — 849, feld með 19:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Eggerz,	Bened. Sveinsson,
Guðm. Hannesson,	Bjarni Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Björn Kristjánss.,
Sig. Gunnarsson,	Einar Arnórsson,
Sig. Sigurðsson.	Hannes Hafstein,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Matthías Ólafsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Hallsson, Pjetur Jónsson, Sigurður Eggerz, Stefán Stefánsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

69. brtt. 851,30 samþ. með 16:2 atkv.

70. — 824 — — 14:6 —

71. — 851,31 — — 22:3 —

að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hjörtur Snorrason.
Einar Arnórsson,	
Einar Jónsson,	
Guðm. Eggerz,	
Hannes Hafstein,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sigurður Gunnarss.,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þórarinn Benediktss.	

Guðm. Hannesson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

72. brtt. 851,32 samþ. með 16 shlj. atkv.

73. — 844 (aðaltillaga) feld með 17:8

atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Jón Magnússon,	Hannes Hafstein,
Matthías Ólafsson,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Gunnarsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Skúli Thoroddsen.	Jón Jónsson,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Sigurðsson,
	Stef. Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Guðm. Hannesson og Sveinn Björnsson greiddn ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

74. brtt. 844 (varatillaga) samþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Pjetur Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Sigurður Eggerz,
Jón Magnússon,	Sig. Sigurðsson,
Magnús Kristjánss.,	Stefán Stefánsson,
Matth. Ólafsson,	Þór. Benediktsson.
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen.	

Hannes Hafstein, Sveinn Björnsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

75. brtt. 851,33 samþ. án atkvgr.

76. og 77. brtt. 851,34 og 851,35 samþ. með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Arnórsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson,	Matth. Ólafsson,
Magnús Kristjánss.,	Pjetur Jónsson,
Sig. Sigurðsson.	Sigurður Eggerz,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarssson,
Stef. Stefánsson,	Sveinn Björnsson.
Þór. Benediktsson.	

Jóhann Eyjólfsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

78. brtt. 851,36 samþ. með 13 : 5 atkv.

79. — 851,37 — — 19 : 6 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Arnórsson,
Hannes Hafstein,	Einar Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Guðm. Eggerz,
Jón Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson.
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Bened. Sveinsson, Pjetur Jónsson og Sig. Sigurðsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

80. brtt. 851,38 samþ. með 21 shlj. atkv.

81. — 851,39 — — 17 : 8 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Bjarni Jónsson,	Jón Magnússon,

já:	*nei:*
Björn Kristjánss.,	Magnús Kristjánss.,
Guðm. Eggerz,	Matth. Ólafsson,
Guðm. Hannesson,	Skúli Thoroddsen,
Hjörtur Snorrason,	Sveinn Björnsson.
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

82. brtt. 850 og 884 feld með 14 : 5 atkv.
83. og 84. brtt. 851,40 og 851,41 samþ. með 14 : 5 atkv.
85. brtt. 867 samþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Guðm. Hannesson,
Einar Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Hannes Hafstein,	Pjetur Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Sig. Gunnarsson,
Jón Jónsson,	Sveinn Björnsson,
Jón Magnússon,	Þór. Benediktsson.
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

86. brtt. 864,1 samþ. með 17 : 2 atkv.
87. — 864,2 — — 16 shlj. —
88. — 851 42 — — 15 : 3 —
89. — 883 feld — 14 : 9 —
90. — 874 samþ. með 23 : 2 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Pjetur Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Sig Sigurðsson.
Björn Kristjánsson,	
Einar Jónsson,	
Guðm. Eggerz,	
Guðm. Hannesson,	
Hannes Hafstein,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediksson.	

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans: Björn Hallsson, Eggert Pálsson, Einar Arnórsson, Magnús Kristjánsson og Matth. Ólafsson.

91. brtt. 854,1 (aðaltill.) samþ. 23 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Pjetur Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Þór. Benediktsson.
Bjarni Jónsson,	
Einar Arnórsson,	
Guðm. Eggerz,	
Hannes Hafstein,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjónss.,	
Matth. Ólafsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Þessir greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans: Eggert Pálsson, Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Guðmund-

ur Hannesson, Jón Jónsson, Sigurður Sigurðsson og Stefán Stefánsson.
92. brtt. 854,2 (varatill.) tekin aftur.
93. — 851,43 tekin aftur.
94. — 823 samþ. með 15 : 1 atkv.

Frumv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

(A. 908).

2. Fjáraukalög fyrir árin 1914 og 1915.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915. (A. bls. 88—93).

Á 3. fundi í Nd., laugardaginn 10. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Hjer get jeg verið mjög stuttorður, vegna þess, að jeg hefi getið um þetta mál áður í sambandi við annannað mál, fjárlagafrumv. Í fjáraukalagafrumvarpinu er farið fram á það, að veitt verði fje til þeirra gjalda, sem talin eru í 2.—8. gr. Jeg vænti að sama nefnd taki þetta frumv. til meðferðar eins og hitt, og hefi svo ekki meira að segja að svo komnu.

Eggert Pálsson: Það hefir verið venja á undanförnum þingum, að vísa fjáraukalagafrumvarpinu til fjárlaganefndar. Og þótt það kunni að þykja óviðkunnanlegt, þar sem jeg hefi hlotið sæti í þeirri nefnd, að jeg leggi það til, að svo verði gjört nú, þá leyfi jeg mjer þó, fyrst enginn annar gjörir það, að leggja til, að því verði vísað til hinnar nýkosnu fjárlaganefndar.

ATKVGR:
Frumvarpinu vísað til fjárlaganefndar með öllum greiddum atkvæðum.

Fyrstu umr. frestað.

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 30. júlí, var frumvarpið tekið til framh. 1. umr. (A. bls. 88—93; þgskj. n. 109, 110, 111, 119).

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg ætla ekki að standa upp til þess að halda neina ræðu í þetta skifti. Jeg vil að eins leyfa mjer að geta þess, að með brtt. nefndarinnar, ef þær verða samþyktar, hækka aðalupphæð frumv. um 4650 krónur, eða alls upp í 89000 kr. Þær hafa því ekki mikla fjárhagslega þýðingu. Jeg mæli með því, að frumvarpið fari umræðulaust til 2. umr.

ATKVGR.:
Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. bls. 88—93; þgskj. n. 109, 110, 111, 119).

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg ætla ekki að halda neina ræðu. Jeg tel það óþarft, því að málið liggur svo ljóst fyrir, og engar verulegar brtt. við frumvarpið hafa komið fram. Jeg gjöri ekki ráð fyrir, að menn vilji neinar umræður, en ef einhver kynni að óska skýringa um eitthvert atriði er jeg til andsvara.

ATKVGR.:
1. gr. (með þeim fyrirvara, að upphæðin breytist samkvæmt atkvgr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Viðaukatill. 110,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. svo breytt samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 110,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 111 — — 19 — —
— 119 við brtt. 110,3 samþ. án atkvgr.
— 110,3 svo breytt samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr. svo breytt samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
6. — — — 22 — —
7. — — — 22 — —
8. — — — 18 — —
Brtt. 110,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 110,5 — — 18 — —
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 194).

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 7. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 194, 225, 231, 241).

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jafnvel þótt fjárlaganefndin hefði þetta frumvarp alllengi til meðferðar á undan 2. umr., kemur hún fram með nokkuð margar brtt. nú til 3. umr., án þess þó að gjöra grein fyrir þeim í framhaldsnefndaráliti. Jeg verð því að fara um þær nokkrum orðum.

Fyrsta brtt. er sú, að greiða megi af fje því, sem ætlað var til eftirlits úr landi með fiskiveiðum útlendinga í landhelgi, 700 kr. til Gerðahrepps, vegna tjóns þess, sem eftirlits báturinn þar hefir orðið fyrir. Þessu máli er þannig farið, að mótorbátur sá, sem gjörður var út til eftirlitsins frá þessum stað, fórst í haust sem leið, og tjón það, sem hreppurinn varð fyrir, fram yfir vátryggingarupphæðina, sem Samábyrgðin greiddi, nam 1348 kr. Upp í það hefir hreppurinn fengið nálega 300 kr., svo að það er um 1000 kr. skaði, sem útgjörðin hefir orðið fyrir. Háttv. 2. þm G.-K. (K. D.) hefir skrifað fjárlaganefndinni og farið fram á, að hreppurinn fengi þenna skaða greiddan. Hann hafði heyrt í stjórnarráðinu, að eftir stæði af fje því, sem ætlað var til strandgæslu úr landi árið 1914 fullar 700 kr. Fjárlaganefndin hefir fallist á, að þar sem landsjóður og hjeraðsbúar hafa rekið þessa útgjörð í sameiningu, þá taki landsjóður hlutfallslegan þátt í þeim skaða, sem af henni hefir leitt. Og þar sem þessar eftirstöðvar eru fyrir hendi, finst nefndinni sanngjarnt að þær gangi til þess.

Önnur brtt. er við 8. gr. frumv., að bætt verði við dýralæknastyrkinn 200 kr. á yfirstandandi ári, handa dýralæknisnema Lúðvík Þorgrímssyni, sem kominn er að því að lúka prófi við dýralæknaskólann í Kaupmannahöfn. Nú hefir annar maður, Hannes Jónsson, nýlega lokið dýralæknisprófi, en nefndinni er ekki kunnugt, hvort hann getur fengið styrk á þessu ári eða ekki. En ef hann fær styrkinn, getur Lúðvík ekkert fengið, nema fje sje veitt til þess á fjáraukalögum. Vitanlega kemur þessi upphæð ekki til útborgunar, nema Hannes fái jafnframt styrk.

Þá leggur nefndin til, að þeirri athugasemd verði bætt aftan við frumv., að landstjórninni heimilist að endurgreiða Sláturfjelagi Suðurlands vörutoll af saltkjöti því, sem flutt var inn aftur 21. júlí 1914. Svo stendur á um þetta

kjöt, að haustið 1913 sat alt saltkjöt eftir í Vík, án þess að flutningur gæti fengist á því. Kom það til af því, að þessi höfn er svo afskekt, og þar svo brimasamt. Kjötið sat þar allan veturinn. En um vorið, er loksins fekst skipsferð, og kjötið var sent til útlanda, var markaðsverðið svo fallið, og auk þess ekki frítt við að skemd væri komin í kjötið, að ekki var um annað að ræða en að senda það til baka. Þetta var ekki svo lítill skaði fyrir hlutaðeigendur, ekki síst þegar ofan á bættist kr. 570,40 verðtollur. En um þessar mundir, sem kjötið kemur heim aftur, var verið að breyta vörutollslögunum þannig, að ekki þyrfti að greiða toll af endursendum innlendum vörum, enda var það af þinginu viðurkend vangá, að þær vörur voru ekki frá upphafi tollfrjálsar eftir lögunum. Nú hefir Sláturfjelagið sótt um, að fá tollinn endurgreiddan, og vill fjárlaganefndin að svo verði gjört, þar sem það var að eins fyrir óheppilegt orðalag á vörutollslögunum, að slíkar vörur urðu tollskyldar, og kjötið var komið til landsins að eins 1—2 mánuðum áður en þessu var kipt í lag.

Þá er önnur athugasemd, sem nefndin leggur til að sett verði aftan við frv. Hún er um það, að landstjórninni heimist að kaupa hálfa jörðina Höskuldsstaði í Reykdælahreppi. Um þetta hefir sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu skrifað stjórnarráðinu, og hefir það brjef verið sent fjárlaganefndinni, ásamt uppkasti að tillögum stjórnarráðsins. Þessu er þannig farið, að Höskuldsstaðir hálfir eru kirkjujörð frá Helgastöðum, en hinn helmingurinn er bændaeign. En á milli þessara jarða er landaþræta allþýðingarmikil fyrir báðar jarðirnar, og er alt óvíst um hvoru megin það land mundi lenda, sem þrætt er um, ef til dóms kæmi. Ef jörðin yrði öll kirkjueign, væri þrætan til lykta leidd, og þá mætti skifta landinu svo á milli beggja jarðanna, Höskuldsstaða og Helgastaða, að báðar jarðirnar yrðu góðar. Helgastaðir eru góð engjajörð, en Höskuldsstaðir engjalítil beitarjörð. Má gjöra góða jörð úr Höskuldsstöðum, ef bætt væri við hana engjum, þó ekki væri meiru en þrætulandinu. Viðkomandi hreppstjóri hefir látið gjöra álitsgjörð um kirkjujarðir í hreppnum, og þar á meðal um þessa, og leggur hann til, að landssjóður kaupi hana. Verðið er upp kveðið 1000 kr. Segir hann, að það sje að vísu nokkuð hátt, en þó ekki hærra en svo, að tilvinnandi muni vera fyrir landssjóð að ganga að kaupunum. Sýslumaður og stjórnarráð mæla með kaupunum. Fjárlaganefndin hefir fallist á þetta, og því hefir hún lagt til, að þessari athugasemd verði bætt við frumvarpið.

Þá er 3. athugasemdin. Hún er um það, að hækkuð verði eftirlaun fyrv. sýslumanns Skúla Thoroddsen á þá leið, að þau verði reiknuð frá 1. jan. 1914 kr. 1752,54, í stað kr. 1500,54, sem nú er reiknað. Munar það 252 kr. Ástæðurnar, sem nefndin hefir fyrir sjer í þessu, eru þær sömu, sem hlutaðeigandi hefir skýrt frá í brjefi sínu til Alþingis, dags. 3. þ. m., og legið hefir frammi á lestrarsalnum. Hafa þingmenn eflaust lesið það og komist að niðurstöðu um, hvernig í þessu liggur. Eftirlaunin voru upphaflega reiknuð kr. 1500,54, miðað við nettótekjur embættisins. En hlutaðeigandi telur það ekki rjett, heldur hafi eftirlaunin átt að vera kr. 1752,54. Mismunurinn stafar af því, hvað reksturskostnaður embættisins er reiknaður. Skúli Thoroddsen hafði, sem sýslumaður, gefið upp, að hann hefði verið 350 kr. En þegar eftirlaunin voru reiknuð, var farið eftir ágiskun hins setta sýslumanns Ísfirðinga, Sigurðar Briem, og er

hún á þá leið, að síðustu 5 árin muni kostnaðurinn við embættisfærsluna hafa verið frá 500—1400 kr. Meðaltal var síðan tekið af þessum upphæðum, og gengið út frá 880 kr. embættiskostnaði. Var það dregið frá embættistekjunum og eftirlaunin reiknuð eftir því. Það er vitanlega álitamál eftir hvorri upphæðinni á að fara, 350 kr., sem til tekið var af fyrverandi sýslumanni, eða 880 kr., sem var ágiskun þáverandi sýslumanns.

En þegar þessi embættiskostnaður er borinn saman við það, sem aðrir embættismenn, er komust á eftirlaun um líkt leyti og síðar, gáfu upp, og tekið var gilt, þá verður ekki sjeð, að 350 kr. sje of lág upphæð. Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, reiknar kostnaðinn t. d. 120 kr., Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði, 400 kr., og Stefán Thorarensen, sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri, 350 kr. Að öllu athuguðu virtist því nefndinni rjett, að telja eftirlaunin miðuð við það, að ekki sje dregið frá embættistekjunum meira en 350 kr., og því hefir hún lagt til þessa athugasemd.

Loks á nefndin brtt. á þgskj. 231, sem fjell út af þgskj. 225. Hún er um 500 kr. til viðbótar bráðabirgðauppbót á brauðum. Þessi brtt. er komin fram fyrir tilmæli biskups og meðmæli stjórnarinnar. Það er sýnilegt, að upphæð sú, sem til þessa er veitt á núgildandi fjárlögum, er ekki nægileg. Og með því, að biskup hefir aldrei farið fram á fjárveitingar til kirkjumálanna, nema með mestu sparsemd, þá hefir nefndin fallist á að leggja til, að þessi upphæð verði veitt.

Viðvíkjandi brtt. hæstv. ráðherra á þgskj. 241, skal jeg geta þess, að nefndin hefir ekki tekið neina afstöðu til hennar. Býst jeg við, að hæstv. ráðherra skýri deildinni frá ástæðunum til þess, að tillagan er fram komin, svo að mönnum verði ljóst, hvernig á henni stendur.

Ráðherra: Jeg á eina brtt. við fjáraukalagafrumv. á þgskj. 241. Hún er þannig til komin, að 5. okt. síðastliðinn skrifaði prófessor Björn M. Ólsen stjórnarráðinu og fór fram á, að það hlutaðist til um, að hann fengi 200 kr. árlega launaviðbót frá 1. okt. 1914 að telja, á sama hátt og þeir prófessorarnir Jón Helgason og Lárus H. Bjarnason. En með því að prófessor B. M. Ólsen kemst ekki undir orðin í lögum nr. 36, 30. júlí 1909, 2. gr. 3. málsgr., hefir stjórnarráðið ekki sjeð sjer fært, að láta útborga honum þessa launaviðbót. Hins vegar er þetta aldraður maður og alls góðs makiegur, því að hann er einhver mesti vísindamaður íslenskur, eins og kunnugt er. Á hann því fullkomna sanngirniskröfu til launaviðbótar á sama hátt og fyrnefndir embættisbræður hans. Fyrir því hefi jeg leyft mjer að bera fram þessa brtt. Mjer er óhætt að herma það, að háttv. fjárlaganefnd hefir tekið þetta til greina, nú þegar hún er að ganga frá fjárlagafrumv. Jeg þarf ekki að taka það fram, að þetta er ekki fjárspursmál fyrir prófessorinn, heldur »princip«-spursmál, að hann sje ekki settur skör lægra en hann á skilið.

Viðvíkjandi c-lið í brtt. á þgskj. 225, skal jeg taka það fram, að jeg ber ekki brigður á niðurstöðu háttv. fjárlaganefndar, að fyrv. sýslumaður Skúli Thoroddsen hafi verið meðhöndlaður harðar en embættisbræður hans, sem fengu lausn frá embætti um líkt leyti og hann. Jeg skil þó tillögu háttv. fjárlaganefndar svo, að hún vilji ekki

að öllu leyti taka til greina kröfu Skúla Thoroddsens, því að mjer skilst, að hann vilji, að eftirlaunin verði árlega 2000 kr., eða í minsta lagi 1800 kr., en fjárlaganefndin leggur til að þau verði kr. 1752,54. Skúli Thoroddsen mun fara fram á þessa hærri upphæð í því skyni, að hann fái þannig uppbót á því, sem honum hefir verið vangreitt undanfarið. Með því fororði, að eftirlaunin verði reiknuð kr. 1752,54 nú og eftirleiðis, get jeg fyrir mitt leyti greitt atkvæði með þessu.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Það var rjett til getið hjá hæstv. ráðherra, að fjárlaganefndin gat ekki fullkomlega fallist á kröfu Skúla Thoroddsen. Það varð að samkomulagi í nefndinni, þar sem hann sjálfur var viðstaddur, þó að hann auðvitað greiddi ekki atkvæði í þessu máli, að taka kröfu hans til greina á þann hátt, sem tillaga okkar ber með sjer, með því skilyrði, að allar kröfur frá hans hendi væru þar með niður fallnar. Með þeim fyrirvara er það, að fjárlaganefndin leggur þetta til. Þetta er ekki af því, að nefndin hafi ekki góðan vilja á því, að rjetta hlut viðkomandi manns. Heldur var ekki lengra gengið, með tilliti til þess, að Skúli Thoroddsen komst á unga aldri á eftirlaun, og með þeim atvikum, sem mörgum eru kunnug. Jafnframt veitti Alþingi honum þá uppreisn, að hann mátti hrósa sigri og vera vel sæmdur af. Má með sanni segja, að hann, maður á besta aldri, hafi verið eins vel settur með 1500 kr. eftirlaun, og þó að hann hefði haldið embættinu með fullum launum. Hins vegar vildum við veita honum þá viðurkenningu, að hann hefði *fullan rjett* til eftirlaunanna upp frá þessu, og gekk okkur miklu fremur það til, heldur en að við teldum hann muna svo mikið um þetta fjárhagslega.

Sveinn Björnsson: Það er að eins örlítil athugasemd í sambandi við brtt. á þgskj. 225,3 a-lið um endurgreiðslu á vörutolli. Háttv. framsm. (P. J.) hefir skýrt frá ástæðum þeim, er til hennar liggja. En svo er mál með vexti, að fyrir þinginu 1913 og 1914 hefir legið lík málaleitan, og jeg hefi verið beðinn um að ámálga hið sama á þessu þingi. Sú málaleitan er náskyld þeirri tillögu, er fjárlaganefndin mælir með nú, og jafnvel enn þá meiri ástæða til þess að sinna henni en þessari. Þegar samið var um byggingu hafnarinnar hjer í Reykjavík, voru vörutollslögin ekki gengin í gildi eða farið að tala um þau. Þess vegna gat maður sá, er bæjarstjórnin samdi við um að taka að sjer verkið, ekki tekið tillit til þessa innflutningsgjalds við samningsgjörðina. Hann hefir nú orðið að greiða vörutoll af öllum þeim tækjum, er hann hefir þurft að flytja hingað til hafnargjörðarinnar. Jeg býst ekki við, að hægt sje að skylda hann til þess að greiða þetta gjald og er því vafalaust, að bæjarstjórn Reykjavíkur verður að endurgreiða honum það, ef fjeð fæst ekki aftur úr landssjóði. Undanfarin þing hafa ekki viljað sinna þessari kröfu og má því gjöra ráð fyrir því, að hann gjöri þá kröfu til bæjarstjórnarinnar, að hún endurgreiði sjer jafnmikið og því nemur, er hann verður að leggja út. Að sjálfsögðu mun bæjarstjórnin þá fara fram á það við þingið, að landssjóður endurgreiði það, er Monberg hefir greitt fram yfir samninga. Þótt jeg hafi ekki komið fram með neina tillögu í þessa átt nú, þá áleit jeg rjett að geta þess, vegna brtt.

þeirrar, sem jeg nefndi áður og fer í líka átt.

ATKVGR.:

Brtt. 225,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 231 — — 16 — —
— 241 — — 12 : 2 atkv.
— 225,2 — — 17 shlj. atkv.
Viðaukatill. 225,3 a samþ. með 15 shlj. atkv.
Viðaukatill. 225,3 b samþ. með 12 shlj. atkv.
Viðaukatill. 225,3 c samþ. með 20 shlj. atkv.

Frumvarpið samþykt með 22 samhljóða atkvæðum og afgreitt til Ed. (A. 257).

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 488.).

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. ágúst, var frumvarpið tekið til einnar umr. (A. 488, 523, 550, n. 565.).

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg vona, að háttv. þm. hafi lesið nefndarálitið, með því að það er ekki langt. Nefndin hefir ekki fundið ástæðu til að leggja til mikilla breytinga á frv., eins og það liggur nú fyrir eftir meðferð háttv. Ed. Þær brtt., sem nefndin leggur til að gjöra, eru að eins tvær. Hin fyrri lýtur að Fossvallarjómabúinu. Til þess hafði verið samþykt að veita kr. 380,76 hjer í deildinni, en Ed. hefir felt niður þann lið. Jeg skal skýra háttv. deild frá því, hvernig það mál er vaxið. Þegar smjörverðlaununum var úthlutað í síðasta sinn, hafði þetta rjómabú skotist undan, af því að skýrslur frá því voru ekki komnar til stjórnarráðsins, þegar skiftingin fór fram. Hjer var að eins um mistök að ræða. Formaður var nýlega tekinn við forstöðu rjómabúsins og hafði ekki áttað sig á því, hve nær skýrslurnar skyldi senda, en sendi þær þó, og munaði að eins einni viku, sem liðin var frá því, að stjórnarráðið hafði skift verðlaununum. Ef stjórnarráðið hefði tekið eftir því, að skýrslur vantaði frá þessu rjómabúi, mundi það hafa beðið og gjört rjómabúinu aðvart, en það hafði ekki verið aðgætt. En er skýrslurnar komu fram, vildi stjórnarráðið ekki reikna upp aftur skiftinguna. Hlutaðeigandi skrifstofustjóri kom á tal við oss, sem sátum í fjáraukalaganefnd á síðasta þingi, og óskaði þess, að vjer tækjum þessa fjárveitingu upp í aukafjárlög; en eins og allir muna, voru fjáraukalögin þá feld, svo að ekkert varð úr þessu. Nú finst fjáraukalaganefndinni eftir atvikum sanngjarnt, að taka upphæðina í aukafjárlög, sjerstaklega af því, að ræða er um síðustu smjörverðlaun, sem veitt verða. Það þarf ekki að óttast það, að þessi fjárveiting dragi nokkurn dilk á eftir sjer, hvorki frá einstökum mönnum nje öðrum smjörbúum.

Hin tillagan lýtur að endurgreiðslu á vörutolli af kjöti, sem sent hafði verið til útlanda, en síðan endursent hingað. Að þessari tillögu liggja alveg sjerstök atvik. Haustið 1913 tókst ekki að koma kjöti, sem utan skyldi flytjast, frá Vík, af þeirri ástæðu, sem oft vill verða þar, að ekki náðist í skip. Lá svo kjötið þar um veturinn, og voru menn í ráðaleysi. Verð hafði verið allgott á kjöti um haustið, en versnaði er á leið vet-

urinn. Svo kom þar, að kjötið varð sent utan um vorið, en þá var kominn hiti í veðrið og fór að bóla á skemdum á kjötinu; því var ekki hægt að selja það fyrir viðunandi verð; þá var það ráðs tekið að senda kjötið hingað til Reykjavíkur, því að hjer mátti fá sæmilegt verð fyrir það, enda var kjötið enn vel ætt. Nú vildi svo óheppilega til, sem þó enginn hafði gjört ráð fyrir, að samkvæmt vörutollslögunum þurfti að greiða toll af endursendingum. Þetta ákvæði vörutollslaganna var þó leiðrjett á þinginu 1914, einmitt um það leyti, sem þetta endursenda kjöt kom ningað aftur. Þannig er þá það mál vaxið. Og þótt háttv. Ed. sje hrædd við, að þetta kunni að draga dilk á eftir sjer, þá get jeg samt fullvissað háttv. deild um, að engin hætta er á því, að þetta verði nokkuð útdráttarsamt, með því að mjer er kunnugt um, að árið 1913 var mjög lítið endursent af saltkjöti.

Nefndin hefir nú samt sem áður ekki viljað taka upp sömu upphæðirnar, sem stóðu í frv., eins og það fór úr Nd., til þess að sýna, að hlutaðeigendur eigi ekki neina heimtingu á þessu fje, heldur hefir hún lagt til, að ganga til móts við háttv. Ed., þannig, að Fossvallarjómabúið fái 300 kr. í stað kr. 380,76, og Sláturfjelagið 450 kr. í stað 570 kr.

Eina hækkun hefir háttv. Ed. gjört í frv. frá því sem það var, þegar það fór úr Nd.; það er á eftirlaunum Skúla Thoroddsen. Nefndin í Nd. hafði á sínum tíma fallist á það, að færa eftirlaunin upp eftir annari reglu en þau höfðu verið reiknuð eftir áður, það er að gengið væri út frá hærri embættislaunum nettó, heldur en verið hafði, þegar eftirlaunin voru ákveðin. Þessa hækkun vildi nefndin — og fjelst Nd. á tillögu hennar — gjöra frá 1. jan. 1914, en þar með skyldi þá niður falla það í eftirlaununum, sem vangoldið kynni að vera í þau 18 til 19 ár, sem liðin voru frá því, að þau voru ákveðin. Þessa tillögu gjörði nefndin í samráði við rjettan hlutaðeiganda. Nú hefir Ed. hækkað þenna lið um 200 kr. á ári til uppbótar fyrir það, sem hlutaðeigandi hefir mist í eftirlaunum frá því að þau voru ákveðin. Nefndin hjer í Nd. hafði reiknað eftirlaunin 40 kr. hærra en vera átti eftir reglunni. Ed. hefir því aukið við 160 kr. Vill nefndin hjer ekki gjöra þessa breytingu Ed. að deiluefni, heldur láta þar við sitja.

Nú sje jeg, að fram er komin brtt. á þgskj. 523, frá háttv. þm. N.-Þ. (B. S.), þar sem farið er fram á að Skúla Thoroddsen sjeu veittar hjer að auki í uppbót 1800 kr., í eitt skifti fyrir öll, eða til vara 1200 kr.

Mjer þykir það mjög leitt, að þessi tillaga skuli hafa komið fram. Ekki af því, að jeg vilji ekki unna hlutaðeigandi fullrar sæmdar í þessu máli, heldur af hinu, að það varð að samkomulagi milli Skúla og fjárlaganefndarinnar, að hann gengi að tillögum hennar og ljeti allar frekari fjárbeiðnir niður falla. Jeg get því ekki fallist á þessa brtt., og mun greiða atkvæði á móti henni, enda býst jeg við, að hún sje ekki komin fram að tilhlutun Skúla Thoroddsen.

Skúli Thoroddsen: Jeg hefði ekki tekið til máls, ef jeg hefði ekki orðið var við orðasveiminn, sem gengur hjer í deildinni.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að orðið hefði að s a m k o m u l a g i milli mín og nefndarinnar, að jeg sætti mig við það, sem hún ákvað mjer. En þetta er **ekki** rjett, og *hlýt jeg því, að* **mótmæla** *því* **gagngjört.**

Á hinn bóginn þykir mjer nú þó *rjett*, að gjöra háttv. deild stuttlega grein fyrir, hversu máli þessu er farið, og

hvernig háttað er **órjettinum**, sem jeg hefi beittur verið.

En það, að jeg hafði verið þessum **órjetti** beittur, eða *misrjetti*, borið saman við aðra, *var mjer með öllu ókunnugt um, uns jeg rakst á það, við störf mín, í »Eftirlauna- og launamála-nefndiuni« í vor, er leið*, — vissi eigi, hvaða reglu fylgt hafði verið við eftirlauna-útreikning annara embættismanna, hefi **engan** aðgang átt að skjalasöfnum stjórnarinnar. —

Þegar jeg fór frá embættinu, sem sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, og eftirlaun mín áttu að reiknast, eftir embættislaununum, sem jeg hafði haft, þá átti, eins og vant er, að draga frá embættislaununum upphæðina, sem kostnaðurinn við rekstur embættisins nam.

Sem *rjett* var, taldi jeg þá embættisreksturskostnaðinn hafa numið alls 350 kr. árlega að meðaltali, en þetta þótti stjórninni oflágt reiknað, og gjörði hún því — mjer *óafvitandi*, og meðan jeg var staddur hjer á Alþingi, fjarri heimili mínu — fyrirspurn til hins setta sýslumanns á Ísafirði um það, hvað embættisreksturskostnaðurinn hefði numið miklu, og kvaðst hann þá »giska« á, *að kostnaðuriun mundi nema 880 kr.*, og eftir því voru svo eftirlaun mín reiknuð.

En þegar litið er nú á það, að sýslumennirnir, og bæjarfógetarnir:

1. Í Eyjafjarðarsýslu, og á Akureyri,
2. Í Norður-Múlasýslu, og á Seyðisfirði, og
3. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði (og Gullbr.- & Kjósarsýslu),

er frá embættum fóru allir á sama áratugnum, hafa **allir** talið embættisreksturskostnaðinn **mjög** *svipað, eða enda að mun lægri*, (þ. e. einn þeirra 350 kr., annar 400 kr., og einn enda 120 kr.), og það hefir stjórnin þegar tekið **ógilt** gilt, eins og reglan yfirleitt hefir verið sú, að stjórnin hefir tekið það gilt, sem embættismennirnir hafa sjálfir sagt um reksturskostnaðinn, þá ímynda jeg mjer, að hver, sem í minum sporum hefði verið, hefði þóttst vera **hart leikinn**, því allir erum vjer þannig gjörðir, að jafnrjettis við aðra viljum vjer njóta, sem og æ rjett er.

Nú víkur þessu svo við, að jeg hafði ekki ætlað mjer að hreyfa málinu, fyrr en fjáraukalögin kæmu til efri deildar, því að satt að segja, þá bar jeg **ekki** það traust til rjettlætistilfinningar hv. meiri hluta meðnefndarmanna minna, að þeir vildu unna **mjer** fulls rjettar í málinu.

Á síðustu stundu fór jeg þó að hugsa um það, hvort ekki væri þó rangt af mjer, að ganga fram hjá nefndinni, og komst þá og að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri þó, að jeg hreyfði málinu við nefndina *að einhverju leyti*, og skrifaði því skjal mitt til þingsins, rjett áður en nefndarfundurinn hófst, og í *í stakasta flýti*, og lítt hugsað, eins og það sjálft ber best með sjer.

Jeg hreyfði þessu svo á **fjárlaganefnd**arfundi, og af því að mjer **þótti ekki** við eigandi, að jeg væri inni meðan málið væri rætt, vjek jeg mjer út á meðan.

Þegar jeg kom inn aftur, hafði fjárlaganefndin komist að þeirri niðurstöðu, sem háttv. framsögum. (P. J.) gat um áðan, og sagði jeg þá, sem var, að jeg væri þakklátur nefndinni fyrir það, að hafa þó, *að einhverju leyti* tekið kröfu mína til greina, enda var það að vísu *meira* en jeg gat búist við *í minn garð*, eins og meiri hluti nefndarinnar var skipaður.

Líklega hafa þessi orð mín þá verið *misskilin* — verið skilin svo, sem jeg gengi að gjörðum nefndarinnar, eða væri

ánægður með þær, og ljeti frekari kröfur niður falla, eins og framsögumaður komst að orði.

En þetta hafði mjer vitanlega **aldrei** komið til hugar; eða hver myndi í mínum sporum hafa sætt sig við, *að eiga að al-tapa 4—5 þúsundum króna*, og fá að eins leiðrjettingu frá 1. jan. 1914, en alls enga yfir alt tímabilið frá 1. júní 1895 til þess tíma?

Háttv. fjárlaganefnd efri deildar hefir nú breytt ákvörðun fjárlaganefndar neðri deildar þannig, að hún vill, að jeg fái, sem svarar rentunum af þeirri upphæð, sem hún telur mig hafa mist, en höfuðstólinn vill hún **ekki**, að jeg fái nokkru sinni(!), og er þetta þó auðvitað *talsverð bót* frá því, sem neðri deildar nefndin gjörði.

Annars finst mjer, við nánari yfirvegun, að **vafi** geti leikið á því, hvort jeg hafi ekki beint **laga-kröfu** til þessa fjár, þar sem **al-ósannað** er, að embættisreksturinn hafi orðið mjer einum eyri dýrari, en skýrsla mín til tekur, *og henni verður vitanlega* **alls ekki** *hnekt, með «ágiskun«* hins um tíma setta eftirmanns míns í embættinu. — Jeg hjelt aldrei fastan sýsluskrifara, en annaðist flestar skriftir sjálfur.

Að lokum óska jeg þess, að aðaltillagan á þgskj. 523 verði tekin aftur, og lýsi yfir því, að jeg gjöri mig þá *fyllilega* ásáttan með það, að vara-tillagan, um 1200 krónurnar, verði samþykt, og læt þá frekari kröfur niður falla, — *reyni þá, að hjara það, að jeg með tímauum* — með hækkun efri deildar á eftirlauna-upphæðinni — *vinni það upp, sem enn á brestur.*

Benedikt Sveinsson: Þótt málið sje nú orðið vel upp lýst af háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), þá langar mig samt til að gjöra dálitla grein fyrir breytingartillögunni, sem jeg hefi borið fram.

Eins og tekið hefir verið fram, þá voru eftirlaun Skúla Thoroddsen reiknuð á annan hátt en venjulega. Skrifstofukostnaðurinn, sem hann gaf upp, var ekki tekinn til greina, heldur var annar maður látinn gjöra áætlun um, hvað skrifstofukostnaðurinn væri mikill. Áætlun hans var meira en helmingi hærri, og sú fjárhæð var dregin frá launanum, og eftir því voru svo eftirlaunin reiknuð. Aftur hefir alt af verið tekið til greina það, sem aðrir embættismenn hafa gefið upp í þessu efni, og hafa þó sumir gefið upp miklu minni skrifstofukostnað.

Fyrir þetta misrjetti hefir Skúli Thoroddsen mist rúmar 200 kr. á ári í 20 ár, eða samtals 4200 kr. Ed. hefir viðurkent kröfu hans með því að ákveða, að honum skuli greiddar 400 kr. á ári umfram það, sem hann hefir haft að undanförnu, þ. e. 200 kr. sem hann á með rjettu tilkall til árlega og aðrar 200 kr. til uppbótar því, sem hann hefir mist í þessi 20 ár. Með þessu móti fær hann þó ekki annað en vexti af höfuðstólnum. Mjer finst langrjettast að greiða honum þetta fje alt í einu, en úr því að þess er ekki kostur, þá er þó nokkur bót að tillögu minni, enda sættir Skúli Thoroddsen sig við hana, og að hans ráði tek jeg aftur fyrri tillögu mína.

Háttv. framsm. fjáraukal. (P. J.), var óánægður út af því, að þessi brtt. hefði komið fram. Jeg get ekki skilið af hverju sú óánægja stafar. Hann hefir sjálfur viðurkent að Skúli Thoroddsen eigi sanngirniskröfu til þessa fjár, og segist vilja unna honum allrar sæmdar, en hví vill hann þá ekki veita honum fullar bætur? Það er alkunnugt, að Skúli Thoroddsen hefir orðið hart úti. Hann varð að fara frá embætti, þótt hann væri sýknaður af öllum ákærum hins opinbera í hæstarjetti. Því frem-

ur finst mjer, að ekki ætti að halda lengur rjetti hans, og vona jeg að full sanngirni fái að ráða í þessu máli. Ef háttv. framsm. vill unna honum allrar sæmdar, eins og hann sagði, þá ætti hann líka að vilja unna honum þess fjár, sem hann hefir rjettarkröfu til.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Jeg get lýst því yfir, að við fjárlaganefndarmenn gjörum þetta mál ekki að kappsmáli. En jeg vil að eins taka það fram, að jeg get ekki skilið það, að Skúli Thoroddsen eigi nokkra lagakröfu til þess, að fá þetta fje. Það er heldur ekki rjett að hann hafi verið grátt leikinn af stjórn nje þingi. Hitt er annað mál, að hjer mun hafa verið farið eftir öðrum reglum en tíðkast höfðu, og jeg er sannfærður um, að það, hvernig eftirlaunin voru úrskurðuð, hafi meira verið af mistökum en að það hafi stafað af illvilja. Það er satt, að Skúli Thoroddsen varð hart úti á ýmsan hátt, þegar verið var að hrekja hann frá embætti sínu, um tíma, en þingið 1895 veitti honum líka miklar skaðabætur, 5000 kr. Svo var þessi maður tekinn á eftirlaun á besta aldri, og má telja, að hann, eins og á stóð, hafi verið fult eins vel settur með 1500 kr. í eftirlaun og frjálsar hendur til að reka ýmsa atvinnu, eins og þó hann hefði gott sýslumannsembætti. Hann fekk því fullar sæmdir út af þessu máli. Það sem mjer þykir lakast í þessu máli, er það, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skuli mótmæla því, að samkomulag hafi orðið um þetta mál milli hans og fjárlaganefndarinnar. Jeg get vitnað hjer til fjárlaganefndarmanna, um að jeg fer hjer með rjett mál, og skal svo ekki orðlengja þetta frekar.

Benedikt Sveinsson: Mjer þykir vænt um að hv. frsm. (P. J.) vill ekki gjöra þetta mál að kappsmáli, og sýnir þetta sanngirni hans. Jeg sagði aldrei, að *Alþingi* hefði leikið Skúla Thoroddsen grátt, helddur átti jeg við stjórnina og hugði, að allir gæti skilið það. Annars finst mjer óþarfi að komast hjer út í umræður um Skúlamálið svokallaða. Jeg veit það vel, að hjer hafa orðið á mistök, en ekki bein rangindi, en það kemur alt í sama stað niður, ef þingið vill nú ekki unna manninum rjettar síns, og veita honum uppbót fyrir það fje, sem hann hefir mist, fyrir mistök þau, er orðið hafa.

Hannes Hafstein: Jeg vil að eins lýsa því yfir, að jeg mun greiða atkv. með varatillögunni á þgskj. 523. Ekki af því að jeg viti ekki að reksturskostnaðurinn við embættið hlýtur að hafa verið miklu meiri en 350 kr., heldur af hinu, að jeg álít það afar ósanngjarnt, eins og nú er komið, að láta embættismann fá þeim mun *minni* eftirlaun í elli sinni, því *meiri* kostnað sem hann hefir orðið að bera, til þess að standa vel í stöðu sinni sem embættismaður.

ATKVGR:

Brtt. 523,1 (aðaltill.) tekin aftur.

— 565,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

— 565,2 — — 16 — —

— 550 — án atkvgr.

— 523,2 (varatill.) samþ. með 14:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Eggerz,
Hannes Hafstein,	Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,	Pjetur Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson,	Sveinn Björnsson,
Magnús Kristjánss.,	Þór. Benediktsson.

já:
Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,
Stef. Stefánsson,
Þorleifur Jónsson.

Þeir Matth. Ólafsson og Sig. Eggerz greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans. Þrír þingmenn fjarstaddir.

Frumv. svo breytt samþ. með 21 shlj. atkv.

Endursent Ed.

(A. 655).

---

3. Landsreikningurinn fyrir árin 1912 og 1913.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913. (A. bls. 94—100.).

Á 3. fundi í Nd., laugardaginn 10. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Jeg þarf ekki að bæta neinu við það, sem jeg hefi áður sagt um þetta frv. Jeg hefi getið um það í sambandi við fjárlagafrv. og vænti þess, að það gangi sinn venjulega gang hjer í þinginu.

Jón Magnússon: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og að því búnu kosin þriggja manna nefnd í það.

ATKVGR:

Frumvarpinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Þriggja manna nefnd samþ. með 16 shlj. atkv.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Hjörtur Snorrason,
Magnús Kristjánsson,
Stefán Stefánsson.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. bls. 94—100; þgskj. n. 344 og 352.)

Framsm. (Magnús Kristjánsson): Það er svipað að segja um þetta mál eins og það síðasta, sem var til umr. (Fjáraukal. 1912—13) að ekki er þörf á langri framsögu. Það hefir nú verið gjörð ítarleg grein fyrir fjárha glandsins af hæstv. ráðherra og háttv. framsm. fjáraukalaganna og fjárlaganna (P. J.). Það væri því ástæðulaust fyrir mig að fara nákvæmlega inn á einstök atriði. Það er sýnilegt, að endurskoðunin hefir verið framkvæmd af mikilli samviskusemi, enda hafa verið gjörðar margar athugasemdir. En eftir að stjórnin hefir svarað athugas. endurskoðendanna, hefir margt verið upplýst, svo að endurskoðendur hafa alloftast lagt til, að við svo búið mætti standa. En þrátt fyrir þetta góða samkomulag hefir nefndin samt fundið ástæðu til að benda á ýmislegt, sem betur hefði mátt fara, og get jeg í því efni vísað í nefndarálitið á þgskj. 344, og skal jeg ekki fara frekar út í það mál. Ef umræðurnar gefa tilefni til þess, mun jeg reyna að skýra einstök atriði.

Það eitt skal jeg taka fram, að sú skekkja, sem er á reikningnum fyrir árið 1912, er leiðrjett í reikningnum fyrir árið 1913, svo að hún hefir engin áhrif á sjálfa reikningsniðurstöðuna.

Nefndin er því á einu máli um það, að leggja til að reikningarnir sjeu samþyktir eins og þeir liggja fyrir.

ATKVGR.:

Tekjubálkurinn, töluliður 1—31 samþ. með 19 shlj. atkv.

Útgjaldabálkurinn, töluliður 1—16 samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. bls. 94—100.).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 462.)

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1912 og 1913,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 732).

Á 52. fundi Nd., mánudaginn 6 sept. var frumvarpið tekið til einnar umr. (A. 732, n. 775).

Framsm. (Magnús Kristjánsson): Það er sama að segja um þetta mál, og hitt sem jeg talaði um áðan, fjáraukalög fyrir árin 1912 og 1913, að það hefir orðið meiningamunur um það milli deildanna. Háttv. nefnd í Ed. hefir ekki getað fallist á gjörðir okkar í þessu máli, og við getum ekki orðið henni samdóma.

Eina brtt. háttv. Ed. getum við fallist á. Það er við 10. lið útgjaldanna. Þar hafði misritast 40,324,10 kr. fyrir 40,325,10 kr., þennan einnar krónu mismun er sjálfsagt að leiðrjetta. En svo koma tvær brtt. sem við getum ekki fallist á.

Í stjórnarframv. eru taldar 250 þús. kr. gjaldamegin til jafnaðar móti lántökum landssjóðs, en lánið var alt 750 þús. kr. Háttv. Ed. vill breyta þessu þannig, að telja alla upphæðina 750 þús. kr. gjaldamegin til jafnaðar. Þetta viljum við ekki fallast á. Því að þegar retkningurinn var gjörður, þá voru 500 þús. kr. óeyddar af láninu, og því er alveg rjett að telja þessa upphæð með öðrum tekjuafgangi, eins og stjórnin hefir gjört.

Við leggjum því til, að breyta þessu aftur, eins og það var í stjórnarfrumv., og færa þessar 500 þús. kr. aftur sem tekjuafgang á fjárhagstímabilinu.

ATKVGR.:

Brtt. 775, 1. og 2. liður samþ. með 16 shlj. atkv.

Frumv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

(A. 789).

---

4. Fjáraukalög fyrir árin 1912 og 1913.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913. (A. bls. 84—87).

Á 3. fundi í Nd., laugardaginn 10. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Ráðherra: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta framv., vegna þess að jeg hefi getið um það áður. Það fer að eins fram á fjárveitingar fyrir þessi tvö ár, 1912 og 1913, og jeg hefi getið um það í öðru sambandi.

Eggert Pálsson: Jeg legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og síðan til nefndar þeirrar, sem kosin var í málinu næst á undan, reikningslaganefndar.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.
Vísað til reikningslaganefndar með 18 shlj. atkv., en hana skipuðu þeir:
Hjörtur Snorrason,
Magnús Kristjánsson,
Stefán Stefánsson.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. ágúst, var málið tekið til 2. umr. (A. bls. 84—87; þgskj. n. 351).

Framsm. (Magnús Kristjánsson): Útgjöld þau, sem farið er fram á í frumv. þessu, stafa að sumu leyti af því, að upphæðir þær, sem veittar hafa verið í fjárlögunum 1912 og 1913, hafa reynst of lágar, og að sumu leyti af því, að bagalegt hefði verið að fresta þeim endurbótum, sem framkvæmdar hafa verið á fjárhagstímabilinu. Þess vegna er sjálfsagt að veita þetta. Margar þessar upphæðir eru í samræmi við það, sem endurskoðendur leggja til að leitað sje aukafjárveitingar fyrir, og þarf því ekki að fjölyrða um þær. Jeg hefi í rauninni engu við að bæta það, sem segir í nefndarálitinu, og með skírskotun til álits vors um athugasemdir við landsreikningana leggjum vjer til, að frumvarpið verði samþykt með breytingum þeim, sem gjörð er grein fyrir á þgskj. 351.

ATKVGR.:
1. gr. með fyrirvara sjálfsögð.
2., 3. og 4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 351,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
5. gr. svo breytt og 6. gr. óbreytt samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 351,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
7. gr. svo breytt, 8. og 9. gr. óbreyttar samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.
Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., fimtudaginn 20. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 421).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.
(A. 461).

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. september, var útbýtt
Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1912 og 1913,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 733).
Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. september var frumv. tekið til einnar umr. (A. 773, n. 774).

Framsm. (Magnús Kristjánsson): Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er komið hingað aftur frá háttv. Ed., og hefir hún haft lítið við það að athuga. Sumar brtt. hennar getum við nefndarmenn fallist á, en sumar ekki. Jeg skal nú gjöra grein fyrir þeim, hverri út af fyrir sig.

Nefndin í háttv. Ed. hefir látið þess getið, að hún telji nauðsynlegt, að þess sje krafist, að stjórnin verji aldrei meiru fje til nokkurs fyrirtækis en henni er heimilt samkvæmt lögum, hvort árið fyrir sig, þ. e. a. s. að stjórnin megi ekki færa fjárveitingu frá öðru ári fjárhagstímabilsins til hins. Við nefndarmenn hjer í deildinni getum ekki fallist á þessa skoðun háttv. Ed Við lítum svo á, að oft geti verið nauðsynlegt, þegar um vegagjörðir eða önnur mann virki er að ræða, að færa þannig á milli og við sjáum ekkert á móti því, þótt meira fje sje notað fyrra árið en heimild er til, svo framarlega sem útborgunin í heild sinni fer ekki fram úr fjárveitingunni fyrir fjárhagstímabilið. Enn fremur viljum við taka það fram, að við sjáum ekkert því til fyrirstöðu, að sparist fje á einum lið, þá megi verja því til annars, t. d. vegagjörða, ef svo stendur á, að vegabótin komi með því að betri notum, þannig að hún verði svo langt komin að hún geti þegar komið að notum. Um þetta skal jeg svo ekki fjölyrða frekar í bráð. Vildi einungis að það kæmi fram, hvernig við lítum á málið.

Þá skal jeg minnast á brtt. þær, sem háttv. Ed. hefir gjört á frumv. Það er þá í fyrsta lagi, brtt. við 5. gr. B. III. Þar hefir annaðhvort misprentast eða misskrifast, kr. 2982,08 kr. fyrir 2972,08 kr., það sem sparast hafði á fjárhagstímabilinu af því fje, sem veitt var til þjóðvega. Þetta er auðvitað sjálfsagt að leiðrjetta, bæði þar í sjálfum liðnum og einnig samlagningunni.

Þá er næsta brtt. við 6. gr. IV. Það er fjárveitingin til Kennaraskólans. Útgjöldin til hans hafa árið 1913 farið samtals kr. 303,11 fram úr áætlun, en aukafjárveitingar hefir verið leitað fyrir kr. 248,63. Mismunurinn, kr. 54,48, var þannig til kominn, að við töldum ekki ástæðu til að leitað væri aukafjárveitingar fyrir honum. Þessa upphæð vill nefndin í Ed. veita á fjáraukalögunum. Þótt okkur finnist það óþarfi, þá viljum við þó ekki gjöra það að ágreiningsefni, og leggjum því til, að þetta verði látið svo búið standa.

Þá er nú upptalið það af brtt. háttv. Ed., sem við getum fallist á. Næstu brtt. eru þannig vaxnar, að við sjáum okkur ekki fært að fallast á þær. Háttv. Ed. vill láta bæta aftan við 6. gr. til sundkenslu í Reykjavík, 600 kr. Á þessari tillögu stendur svo, að árið 1912 var útborgaður styrkur til sundkenslu í Reykjavík 900 kr., en fjárveitingin sama ár nam ekki nema 300 kr. En á þessu stóð svo, að styrkurinn, sem veittur var árin 1910 og 1911 hafði ekki verið greiddur og engin skýrsla lá fyrir um sundkensluna fyrr en eftir áramót. Þegar stjórnarráðið hafði 1912 fengið fullnægjandi skýrslur um kensluna fyrir öll árin, og hafði fullvissað sig um að áskilin fjárupphæð hefði verið greidd úr bæjarsjóði Reykjavíkur, þá taldi það sjer heimilt að greiða alt fjeð. Við föllumst að öllu leyti á skoðun stjórnarráðsins í þessu efni, og leggjum því til, að þetta verði felt úr frumvarpinu. Okkur finst það vera nokkuð hart, að menn fái ekki greitt það, sem þeim er veitt í fjárlögunum þótt það dragist fyrir þeim fram yfir

áramót að vitja þess, eða þeir eiga óhægt með að gefa fullnægjandi skýrslur fyrir þann tíma.

Þá er síðasta brtt. háttv. Ed. við 8. gr., 27. lið, sem er um námsstyrk til iðnaðarmanna erlendis. Við getum ekki heldur fallist á þessa brtt. Um þetta er alt hið sama að segja og sundkensluna. Styrkurinn var ekki fullgreiddur við áramót; það kom í ljós, að þá stóðu eftir 225 kr., og var það þá borgað út eftir áramótin.

Nefndin hefir því komið fram með brtt. við þessa tvo liði, og væntum við að þær verði báðar samþyktar. Þótt þetta sje í rauninni ekki sjerlega þýðingarmikið, þá viljum við þó eindregið láta uppi þá skoðun, að stjórnin hafi fulla heimild til að borga út slíkar fjárveitingar sem þessar, þótt eftir áramót sje.

Jeg álít þá að það sje ekki fleira, sem jeg þurfi að taka fram og vona að hv. deild fallist á skoðun okkar í þessu máli.

ATKVGR.:
Brtt. 774,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 774,2 — — 17 — —
Frumvarpið svo breytt samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.
(A. 790).

---

5. Bæjarstjórn á Ísafirði.

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 23. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum 8. okt. 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað. (A. 76).

Á 17. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 29. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. 76).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
1.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
4.—9. gr. — — 18 — —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 76).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumvarpið samþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 169).

---

6. Ógilding viðskiftabrjefa.

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 24. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um ógilding viðskiftabrjefa og annarra skjala með dómi,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 82).

Á 17. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. júlí, var frumvarpið tekið til 1. u m r.

Bjarni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði sett í málið.

Jón Magnússon: Jeg sje enga ástæðu til að vera að skipa nefnd í þetta mál. Jeg kem ekki auga á neitt atriði í frumvarpinu, sem nefnd mundi lagfæra eða breyta á nokkurn hátt, og vil því leggja á móti því, að nefnd verði skipuð, því það er ekki til annars en tefja tíma þingsins.

Bjarni Jónsson: Það er engu spilt þó að skipuð verði nefnd í málið, því engin töf verður, ef hún breytir engu. En Heimastjórnarflokkurinn, sem öllu ræður hjer í þinginu, hefir ef til vill komið sjer saman um að kjósa enga nefnd. Jeg mun þó tefja tíma þingsins með því að láta greiða atkvæði um, hvort nefnd skuli vera eða ekki.

Jón Magnússon: Háttv. þm. Dal. (B. J.) getur ekki bent á eitt einasta atriði í frumv., sem þörf er á að athuga í nefnd. Gæti hann það, þá mundi jeg ekki leggja á móti skipun nefndar, en nú gjöri jeg það.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd var feld með 18 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Guðm. Hannesson,
Sigurður Eggerz,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen,	Jóhann Eyjólfsson,
Þorleifur Jónsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magn. Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson.

Björn Hallsson, Björn Kristjánsson, Hjörtur Snorrason, Stefán Stefánsson, Sveinn Björnsson og Þórarinn Benediktsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Einn þingmaður fjarverandi.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 29. júlí, var frumv. tekið til 2. u m r. (A. 82).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
5.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 82).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 168).

---

7. Lóðamat og landa í Reykjavík.

Á 13. fundi í Nd., fimtudaginn 22. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 69).

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 24. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Sveinn Björnsson: Frumv. þetta lá hjer fyrir þinginu í fyrra og var þá afgreitt í Nd. En í Ed. var frumv. vísað til stjórnarinnar, af því að málið þótti vandamál, og því talið rjettara að fresta því til næsta þings.

Nú er Ed. samþykk frumv., og hefir afgreitt það til Nd. Og þar sem jeg hygg, að aðalathugasemdir væru framkomnar, ef eitthvað þætti við frumv. athugavert, þá lít jeg svo á, að ekki gjörist þörf að vísa málinu í nefnd.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 69).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
5.—8. — — — 14 — —
9. — — — 15 — —

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 29. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 69).

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 187).

---

8. Ullarmat.

Á 13. fundi í Nd., fimtudaginn 22. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um ullarmat,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 68).

Á 15. fundi í Nd. laugardaginn 24. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi athugað þetta mál nokkuð, bæði fyrr og seinna. Mjer gafst kostur á að athuga það, þegar frumvarpið var í smíðum; fann jeg þá ekkert athugavert við það. Síðan hefir þetta frumvarp verið athugað nákvæmlega í Ed., og ekkert út á það verið sett. Jeg vil því leggja til, að það gangi hjer ekki gegnum neina nefnd, því að jeg hygg, að ef mönnum þætti frumv. athugavert, þá væru athugasemdir komnar fram um það.

ATKVGR.

Frumv. vísað til 2. umræðu með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. 68, 115).

Sveinn Björnsson: Við háttv. þm. Snæf. (S. G.) eigum brtt. við þetta frv. á þgskj. 115. Hún er svo til komin, að þegar þetta frumvarp kom frá stjórninni, þá var svo ákveðið, að sýslumaður eða hreppstjóri skyldu votta með undirskrift sinni o. s. frv., eins og stendur í 1. gr. frumv. Þessu breytti háttv. Ed. svo, að í stað hreppstjóra var settur inn »umboðsmaður sýslumanns«. Þetta getur verið til ills, því að í kauptúnum eru kaupmennirnir oftast umboðsmenn sýslumanna, og það er óviðkunnanlegt, að þeir sjeu að gefa vottorð um þá ull, sem þeir sjálfir flytja út, og getur valdið því, að í útlöndum verði ullarmatið álitið gagnslaust.

Þá viljum við og bæta því inn í frv., að sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi, þá skuli sýslumaður skipa mann í hans stað. Jeg vona, að allir sjái, að tillögur okkar eru til bóta, og samþykki þær.

ATKVGR.:

Brtt. 115,1—2 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr. svo breytt samþ. með 20 shlj. atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

4., 5., 6., 7. og 8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

9. og 10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 21. shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 29. júlí, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 122).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent til Ed.

(A. 143).

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga am ullarmat,

eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 190).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ágúst, var frumvarpið tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumarpið samþykt með 16 shlj. atkvæðum og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 229).

---

9. Verðlag á vörum.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að skipa nefnd til að ákveða verðlag á vörum. (A. bls. 131—133.

Á 4. fundi í Nd., mánudaginn 12. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Nokkru eftir að stríðið hófst, tók vöruverð mjög að hækka, og urðu menn þá hræddir um, að kaupsýslumenn myndu nota sjer verslunarástand það, er stríðið skapaði, til þess

að setja það upp úr öllu valdi. Þess vegna voru þá sett bráðabirgðalög 5. okt. 1914 um verðlagsnefnd, með ráði Velferðarnefndarinnar, sem þáverandi stjórn bar sig saman við. Svo var skipuð 5 manna nefnd, sem starfað hefir síðan, þegar málefni hafa til verið og borin undir hana. Er þetta frv. nú lagt fyrir þingið samkvæmt 11. grein stjórnarskrárinnar.

Jón Magnússon: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að kosin verði 5 manna nefnd í málið að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 19 shlj. atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Jóhann Eyjólfsson,
Benedikt Sveinsson,
Matthías Ólafsson,
Þorleifur Jónsson,
Sveinn Björnsson.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 26. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. bls. 131—133; þgskj. n. 84.).

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Eins og sjest á nefndarálitinu á þgskj. 84, hefir öll nefndin orðið sammála um það, að nauðsynlegt sje, að landsstjórnin hafi sjer við hönd menn, sem ákveðið geti vöruverð, ef nauðsyn krefur á þessum ófriðartímum. Nefndin býst við því, að nefnd sú, sem skipuð var í þessu skyni í október í fyrra, hafi gjört tölurvert gagn, og er það eiginlega augljóst þegar af því, að henni hefir þótt þess þörf, að halda niðri verði á vissum vörum. En þess ber að gæta, að slík nefnd verður að geta fylgst vel með og gripið í taumana með snarræði, því annars er hætt við, að ráðstafanir hennar komi ekki fyrr en eftir dúk og disk. Jeg er ekki að segja, að svo hafi verið, en sögur eru þó til um það, að vissar ráðstafanir, sem hún gjörði til verðlækkunar á vöru, hafi eigi komið til framkvæmda, fyrr en mikið var upp gengið af vörunni, sem um var að ræða. Það gefur og að skilja, að örðugt muni vera fyrir slíka nefnd, að komast í samband við alt landið, þegar hún situr hjer í Reykjavík. Hún þyrfti að hafa í samvinnu við sig áreiðanlega menn út um alt land, sem hún gæti náð til í síma, því að skriftir stjórnarvaldaleiðina ganga of seint, þegar svo stendur á.

Þingnefndin þykist nú vita það, að verðlagsnefndin muni yfirleitt hafa gjört það sem hún gat, til þess að kynna sjer vöruverð. Og svo er vandi að sigla hjer milli skers og báru, því það er áríðandi, að ráðstafanir slíkra nefnda hefti sem minst samkepnina. Í það verður ætíð að fara varlega; það er þingnefndinni einkar ljóst, og það veit hún, að verðlagsnefndin hefir gjört. Að vísu hefir þótt bóla á því, að almenningur hafi haft það álit, að lítið þýddi að setja ákveðið vöruverð, af því að seljendur hafa víðast hvar fylgt hámarkinu, eða því sem næst. En þrátt fyrir þetta er hins vegar ekki gott að segja, hve hátt sumar vörutegundir gætu hafa stigið, ef engin nefnd hefði verið til að taka í taumana, og því er það mikið vissara að hafa slíka nefnd framvegis. Menn þurfa að vita af henni, vita að hún sje til.

Það liggur nú í augum uppi, að það er hægra fyrir svona nefnd að ákveða verðlag á útlendri vöru en innlendri, ef þess skyldi þurfa, og því eru sumir nefndarmenn í vafa um það, hvort verð-

lagsnefndin gæti sett verðlag á innlendar vörur. Það yrði vandi, og eins og sagt er í nefndarálitinu, þá er nefndin þeirrar skoðunar, að ekki geti komið til mála, að lækka verð á innlendri vöru, sem gengur kaupum og sölum í landinu, frá því sem hún gengur í útlöndum, að minsta kosti ekki aðalútflutningsvörum landsmanna, á meðan ekki þarf vegna matvælaskorts að banna útflutning á þeim. Það er hægt að búast við því, eftir hljóðinu, sem nú er í bæjum og þorpum, að ef við höfum verðlagsnefnd og gefið er í skyn, að ákveða megi verðlag á innlendri vöru, þá muni verða hrópað til hennar, ef kjöt t. d. selst á 45—50 aura pundið erlendis, og sagt sem svo: Nú skuluð þið setja hámark á kjötverðið, og það er hæfilegt, að það verði eins og það var í fyrra. Þetta má auðvitað ekki eiga sjer stað. *(Skúli Thoroddsen:* Því má það ekki?) Það er meiningarlaust að setja hömlur á verð á innlendri vöru, nema á sama hátt og á hinni útlendu. Ef seljandi setur gegndarlaust verð á vöru, miðað við það, sem fyrir hana fæst í útlöndum, eða það, sem hún er keypt fyrir þaðan, þá verður að setja ákveðið hámark, sem ekki má fara upp fyrir. En í hinu tilfellinu, hvað snertir útflutningsvörur, þá verða framleiðendur að sætta sig við það, þegar þær lækka í verði, og eins verða aðrir að sætta sig við það, þegar þær hækka. Menn vita ekki heldur, hve lengi sú hækkun kann að standa. Það er ekki einu sinni víst, að hún haldist til hausts, þetta er alt á svo hverfanda hveli. Um þetta er nú einn af oss nefndarmönnum að vísu á nokkuð annari skoðun en við hinir, og býst jeg við að hann lýsi henni.

Ef til þess skyldi koma, að ákveða þyrfti verð á innlendri vöru, þá ættu þar að vera með í verki að minsta kosti tveir menn úr framleiðenda hóp, sem kunnugir væru öllum málavöxtum. Það er ekki svo að skilja, að þeim þyrfti að bæta við nefndina beinlínis, og get jeg þessa af því, að menn út um land gætu haldið, að hjer væri verið að fara fram á eitthvað, sem kostaði einhver ósköp. Jeg skal í því sambandi taka það fram, að nefndin í þessu máli hefir gjört fyrirspurn til stjórnarinnar um kostnað við verðlagsnefndina, og fengið það svar, að hann hafi alls orðið 300 kr., og hafa kr. 246,86 af því gengið í símagjöld og þess háttar, en kr. 55,14 eru enn í sjóði. Á launum hefir aldrei verið minst. Af þessu geta menn nú sjeð, að þessi nefnd hefir ekki orðið kostnaðarsöm, og þótt ekki sje við því að búast, ef til vill, að þessi væntanlega nefnd geti unnið fyrir ekki neitt árum saman, þá yrði kaup hennar aldrei fúlga, sem gjörði svo mikið til eða frá, að fælast þyrftu menn frá henni þess vegna.

Að þessu öllu athuguðu leyfi jeg mjer að leggja það til, að frumvarpið verði samþykt með þeim formála, sem nefndin hefir haft í áliti sínu.

Sveinn Björnsson: Jeg hefi skrifað undir þetta mál með fyrirvara, eins og sjá má á þgskj. 84. Sá fyrirvari snertir ekki lögin sjálf, því að nefndin vill öll, að frumv. gangi fram óbreytt, heldur vissar ástæður, sem liggja á bak við orðalag nefndarálitsins. Hv. framsögum. (Þ. J.) sagði, að dálítill ágreiningur hefði orðið í nefndinni um það, hve langt ætti að fara í því, að heimila að ákveða verð á innlendum vörum, og mjer skildist svo á ræðulokunum hjá honum, að lengra mætti ekki fara í því en svo, að orð nefndarálitsins væru þar regla. Þetta get jeg ekki fallist á, og tel eðlilegt og nauðsynlegt, að um það komi hjer og fram önnur skoðun.

Það er nú viðurkent af þingnefndinni í þessu máli, að nefndin, sem skipuð var í haust er leið, hafi farið gætilega að ráði sínu, og ekki gripið órjettlátlega inn í viðskiftalífið og frjálsa samkepni. Þess vegna eru þessi orð nefndarálitsins, sem miða að því, að takmarka verðlagsheimildina, ekki rjettlætt með því, þótt talað sje um, að ekki megi hindra viðskiftalífið á óeðlilegan hátt. Það hefir aldrei verið meiningin, og verður aldrei. Hitt er það, að það er varhugavert, að segja eins og hjer stendur í nefndarálitinu:

»Vjer getum nú ekki sjeð, að talsmál geti orðið um, að ákveða verðlag á þeim innlendum afurðum, sem ætlaðar eru beint til útflutnings — þar skapar heimsmarkaðurinn verðið, — enda getur það ekki náð nokkurri átt, að fara að setja neinar hömlur fyrir því, að framleiðendurnir megi selja vörur sínar því verði, sem boðið er í þær erlendis frá, svo að heimild um að ákveða verðlag á innlendum vörum *á ekki* og *má ekki* ná til annarra en þeirra kaupmanna, eða seljenda, er selja til neytslu í landinu, með uppskrúfuðu, óhæfilegu og óviðeigandi verði, frá því, sem þeir hafa borgað framleiðendum«.

Þetta er skýrt betur, þar sem sagt er, að ekki sje ætlast til, að til þessa komi, nema þegar smásalar ná sjerstaklega miklum hagnaði, með því að skrúfa vöruverð óeðlilega mikið upp. Jeg álít nú, að til þess gætu legið fleiri ástæður, að grípa þyrfti til heimildarlaga, í því skyni að takmarka verð á innlendri vöru, og þarf jeg ekki að nefna þess mörg dæmi. Það gæti t. d, hugsast, að framleiðendur í heilu bygðarlagi gjörðu samtök um það, að halda vöruverði óeðlilega háu, og þá væru engin ráð við slíkum samtökum, ef fylgt væri skýringum nefndarálitsins, og ætti þess þó eigi síður að þurfa þá en gegn einstökum smásölum.

Jeg skal leyfa mjer að benda á það, að jeg hygg, að þessi hörðu orð stafi mest af hræðslu við það, að ef til þess skyldi koma, að neyð yrði í bæjum og kauptúnum, þá mundi verða gripið í taumana og innlenda varan útveguð fyrir lægra verð en það, sem menn annars gætu keypt hana fyrir. Slíkt liggur nú að vísu ekki fyrir nefndinni, en jeg er samt þeirrar skoðunar, að betra væri að eiga hömlur í þessa átt, ef hægt væri. Til þeirra yrði aldrei gripið, nema brýna nauðsyn bæri til, og um óhæfilega hátt verð væri að ræða. Og að ætla sjer að miða við hitt, að mega aldrei setja niður verð á innlendri vöru úr því, sem fyrir hana kann að fást erlendis, það gæti orðið hál braut. Menn hugsi sjer t. d. að einhver vara yrði algjör bannvara. Þá gæti hugsast, að kaupmenn byðu voðahátt verð í hana til útlanda, vegna áhættunnar, sem því væri samfara, að koma henni þangað. Jeg nefni þetta að eins til þess að sýna það, að ýmsar ástæður geta verið til, sem skapa hærri tilboð í útflutta vöru, en nokkurt vit er í, að borga þurfi fyrir hana hjer innan lands.

Jeg skal og drepa á, að menn myndu telja það heppilegt, að tveir menn úr flokki framleiðanda ættu sæti í nefndinni, og er það alls ekki hugsað sem vantraust til þeirra manna, sem nú eiga þar sæti.

Jóhann Eyjólfsson: Það er alveg satt, að það er hvorttveggja vandaverk, bæði að skipa í þessa nefnd, og að sitja í henni, svo að eigi geti valdið ágreiningi um það, hve mikið vald nefndin megi taka sjer, svo að hún gangi ekki um of á eignarrjett manna og viðskiftalíf þeirra, því þótt að síðasta nefnd

væri raunar varkár í þeim efnum, og skifti sjer ekki af varðlaginu, fram yfir það, sem nauðsynlegt var, þá á maður slíkt ekki alt af víst. Nú heyrir maður allháværar raddir í þá átt, að nauðsyn muni vera að beita þessari aðferð viðvíkjandi innlendri vöru, ekki síður en gagnvart útlendu vörunni. Það er enginn efi á því, að ilt er að koma þessu á, nema með því, að takmarka að mun eignarrjett manna og viðskiftafrjálsræði, og er ilt að binda hendur manna þannig um vöruskifti.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) telur þetta ekki vera band á eignarrjettinum, en jeg fæ ekki sjeð, hvernig hægt er að banna útflutning á vöru, án þess að takmarka eignarrjett manna. Jeg hygg enn þá enga nauðsyn bera til þess, að taka í taumana í þessu efni, því engin neyð er á ferðinni. Það er að vísu satt, að útlenda varan er orðin nokkuð dýr, en þó eru margar vörutegundir enn þá mikið til með sama verði og þær stundum hafa verið, svo sem kaffi, sykur o. fl. En jeg gæti aftur á móti vel hugsað mjer, að menn á stríðstímum hættu við að kaupa ýmsar þær vörur, að miklu leyti, sem þeir best mega án vera, og spara þannig við sig, fremur en að fara þegar að hugsa um að takmarka viðskiftin. Jeg er t. d. sannfærður um, að flest sveitafjelög mundu íhuga það, hvernig þau mættu sjá bæjum sínum borgið, án þess þó að gjöra það á kostnað annara. Sama finst mjer að Reykjavík gæti gjört, t. d. með því að gjöra út 2—3 trollara, á sinn kostnað. Væri það nær en hitt, að setja matsnefnd, til þess að athuga, hvernig megi fá kjöt ódýrast. Jeg álít það óheppilega braut að velja sjer, sem geti haft tálþrungnar afleiðingar, að takmarka sjálfræði manna í viðskiftum, og má ekki gjöra slíkt, nema hin brýnasta nauðsyn sje, en svo langt er ekki komið enn þá. Kaup manna hefir líka áreiðanlega hækkað nálega að sama skapi, sem varan hefir orðið dýrari. Jeg vil láta menn hugsa um að spara sem mest, og athuga hvers þeir helst megi án vera, og haga sjer þar eftir.

Jeg skal játa, að jeg gjöri mjer von um, að þessi nefnd fari varlega, en vildi þó heldur, að henni yrði sett einhver þau skilyrði, að nokkurn veginn fengist vissa fyrir því, að hún brendi sig ekki á þessu, eins og barn, sem fengið er ljós í hendur.

Guðmundur Eggerz: Verðlagsnefndin hefir ákveðið, að verðlag skuli vera eitt, og að það sje miðað við borgun út í hönd. Jeg hefi orðið var við, að slíkt hefir vakið megna óánægju, vegna þess, að þá geta kaupmenn sett svo hátt verð á lánuðu vöruna, sem þeim sýnist. Jeg vil því skjóta því til stjórnarinnar, að athuga þetta og lagfæra. Veit jeg það, að menn kunna að segja, að ekki sje sanngjarnt að leggja sama verð á, þegar um lán er ræða og peningaborgun út í hönd. En jeg sje þá ekkert á móti því, að verðlagsskrárnar væru tvær, önnur fyrir peningaborgun, en hin fyrir reikningsviðskifti. Þar sem lítið er um peninga, er þýðingarlítið að tala um peningaborgun út í hönd. Slíkt hefir einungis þýðingu hjer í Reykjavík og svo í kaupstöðunum, þar sem peningastofnanir eru.

Jeg stóð einungis upp til þess að benda háttv. nefnd á þetta. Jeg skal samt bæta því við, að jeg álít ekki rjett það, er háttv. þm. Mýr. (J. E.) sagði, um að kaup verkamanna hefði hækkað að sama skapi og útlenda varan. Jeg skal að vísu ekki segja um þetta hjer í Reykjavik. Til þess er jeg eigi nógu kunnugur, en jeg veit, að á Austurlandi

hefir kaup verkamanna stigið lítið. *(Sveinn Björnsson:* Eins hjer). Háttv. þingmaður taldi og útlendu vöruna hafa stigið næsta lítið *(Jóhann Eyjólfsson:* Talaði að eins um kaffi og sykur), en mjer finst nú samt annað, að minsta kosti kalla jeg ekki sykur ódýrt, þegar kílóið er komið upp í 80 aura. En annars væri jeg, og líklega reyndar fleiri háttv. þm., þakklátur, ef hann vildi gefa okkur upplýsingar um það, hvar þetta ódýra sykur fæst og aðrar nauðsynjavörur.

Guðmundur Hannesson: Þótt það sje hart, að fara að finna að gjörðum nefndar, sem vinnur eflaust starf sitt samviskusamlega, og þar á ofan ókeypis, þá verð jeg þó að geta þess, að margir líta svo á, sem nefnd þessi hafi ekki komið að tilætluðum notum. Þannig hefir, að minsta kosti sumstaðar, kaupmönnum, er fengið höfðu miklar birgðir rjett áður en stríðið hófst, haldist uppi að selja vörurnar með tilfinnanlega hækkuðu verði. Aftur hefir nefndin, að því er mjer hefir verið skýrt frá, lagt verð á stöku vörutegund, sem munað hefir nálega engu frá söluverði (t. d. kaffibæti), eða svo sem 1 eða 2 aurum á pundi. Tveir þingmenn hafa og skýrt mjer frá, að komið hafi fyrir, að verð nefndarinnar hafi verið hærra en söluverðið á staðnum. Þó að þetta kunni litlu að muna, þá er samt óheppilegt, að slíkt komi fyrir. Eftir brjefum úr minu hjeraði að dæma, er það álit margra, að nefndin hafi alls ekki komið að tilætluðum notum.

Mjer fanst rjett að geta um þetta. Eigi að síður þykir mjer það óvarlegt, að vera án slíkrar nefndar, og greiði því atkvæði með frumvarpinu.

Frsm. (Þorl. Jónsson): Jeg þarf ekki að standa upp til þess að svara hv. 1. þm. Rvk. (S B.) löngu máli, því að það er ekki svo mikið, sem á milli ber. Hann vill ekki viðurkenna, að stjórnin eigi að hafa það til hliðsjónar, sem um þetta stendur í nefndarálitinu, þar sem jeg aftur á móti álít, að nefndarálitið eigi að vera mælisnúran. Honum finst, sem ekki megi halda verðinu á vörunni óeðlilega háu, og er smeykur við, að myndist framleiðslufjelagsskapur, sem komi sjer saman um að selja framleiddu vöruna með okurverði. En slíkur framleiðslufjelagsskapur myndi alt af þurfa að hafa útsölu í bæjum, og þær geta fallið undir orðalag nefndarinnar, ef verðið er sett óhæfilega hátt. Það sem nefndin hafði í huga, var, að ekki væri vert að gefa mönnum undir fótinn, að hægt væri að lækka vöruna upp á slump. Kemur það líka heim við orð þingmannsins um það, að ekki megi skerða eignarrjett manna. En það væri að skerða eignarrjettinn, ef menn mættu ekki halda vöru hjer á landi í sama eða líku verði og fæst fyrir hana erlendis, að frádregnum kostnaði við fragt o. s. frv. Þó að það geti hent í útlöndum, að óeðlilega hátt verð sje þar á vöru, vegna þess, að hún sje bannvara, þá sje jeg ekki, að við Íslendingar getum til muna fært okkur það í nyt, þar sem útflutningur okkar á ýmsum þeim vörum, sem alls ekki eru bannvörur, hefir verið stöðvaður af Bretum. Frumvarp þetta er ekki langt, en jeg tel það þó æði-mikilvægt. Hygg jeg, að ekkert geti verið athugavert við það, þó að heimild sú, sem slík nefnd hefir, til þess að setja hömlur á frjáls viðskifti, sje fremur takmörkuð, vegna þess að mjer finst eðlilegt, að ekki sje farið ógætilega í það, að skerða eignarrjett manna.

Jeg læt svo lokið máli mínu að sinni, en býst við því, að frumvarpið verði samþykt.

Ráðherra: Jeg ætla að eins að segja örfá orð út af því, er háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) sagði um sölu gegn peningum út í hönd og reikningslán. Er það vafalaust rjett athugað hjá háttv. þm., en ekki mun þurfa annars þar við en að vekja athygli nefndarinnar á því á sínum tíma. Viðvíkjandi verðlagningu nefndarinnar er það að segja, að hún hefir víst einungis lagt verð á þær vörur, sem kvartað hefir verið um, að óhæfilega hátt verð væri á, eða of lágt verð hafi verið á sett. Slíkar kvartanir hafa náttúrlega aðallega komið frá kaupendum, en komið hefir það og fyrir, að seljendur hafa kvartað líka, hafi söluverðið verið lækkað tilfinnanlega hjá þeim. Hvað snertir það atriði, er háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) drap á í ræðu sinni, að oft munaði ekki nema einum eða tveimur aurum á verðlagningunni, sem kaupmenn hafa sett á vöru sína, þá finst mjer ekki þurfa að taka slíkt nærri sjer. Það dregur þó, er saman kemur. T. d. á kaffi og sykri munar ekki svo lítið um, þó að ekki sje nema um eins eyris mismun að ræða.

Það verður líka að gæta þess, að verðið verði ekki sett alt of lágt, því að það verður líka að gæta hugsmuna kaupmanna og sjá um, að þeir tapi ekki ósanngjarnlega á verslun sinni. Það, að þessi nefnd er til og hefir lagaheimild til þess að taka í taumana, mun oft ríða baggamuninn. Væri hún ekki, þá gæti það hæglega orðið til þess, að þeir, er framleiða vöruna eða flytja hana inn, gætu oft sett verðið óhæfilega hátt. Auðvitað er, að þessi nefnd er ekki alfullkomin, fremur en aðrar mannlegar stofnanir, og getur því auðveldlega yfirsjest í ýmsu.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) leit svo á, sem nefnd þessi myndi geta heft frjáls viðskifti með gjörðum sínum. En jeg vil benda háttv. þm. á það, að engan veginn er hægt að kalla það frjáls viðskifti, ef svo er í garðinn búið, að annar viðskiftaaðili getur, ef hann vill, sett hinum þá afarkosti, er honum sýnist. Slíkt athæfi mun nefndin koma í veg fyrir.

Jeg hefi heyrt utan að mjer, að nefnd þessi þyki alveg þýðingarlaus, og því myndi best að losna alveg við hana. En jeg held að það sje ekki gjörlegt, að hv. Alþingi felli þessi lög í burtu, einmitt nú á þeim tímum, er mönnum ætti að vera sem annast um, að hægt sje að taka í taumana gegn óhæfilegu verðlagi.

Sveinn Björnsson: Háttv. frsm. (Þ. J.) nefndi sem dæmi tilfelli, sem eftir skoðun nefndarinnar hlyti að falla undir nefndarálitið, nefnilega ef framleiðendur settu upp verðið, svo óhæfilegt væri, þá myndu þeir þurfa að hafa útsölu í bæjum. Hann tók og fram, að það væri rjett hjá mjer, að álit nefndarinnar mætti ekki skoðast sem ófrávíkjanleg mælisnúra. Það hefir aldrei verið hugmyndin, að verðlagsnefndin ætti að hafa heimild til þess að svifta menn eignarrjetti, og er það helber misskilningur, ef menn hafa nokkurn tíma haldið það. En menn verða um fram alt að reyna að gjöra sjer vel ljóst, hvað eignarrjettur er. Sumir halda jafnvel, að eignarrjetturinn geti náð til einhvers væntanlegs ágóða, sem hlaupið gæti á snærið hjá manni, *ef* kringumstæðunum væri nú þannig og þannig varið. En hjer er ekki farið lengra og ekki komið nær eignarrjettinum en eðlilegt er, og meira að segja sjálfsagt er og skylt.

Jeg vildi svo víkja fáeinum orðum til háttv. þm. Mýr. (J. E.). Hann kvað menn mega vara sig á því, að fara að láta löggjöfina skifta sjer af frjálsum

viðskiftum einstaklingsins. Þetta er að fara út í algjörðar öfgar, enda veit jeg að háttv. þm. meinar ekki eitt einasta orð af þessu, þegar hann fer að athuga nánar, hvað hann hefir sagt. Öll löggjöf, hvers lands sem er, skiftir sjer af frjálsræði einstaklingsins að meira eða minna leyti. Hjelt jeg að þetta væri svo alkunnugt, að eigi þyrfti að taka slíkt fram. Jeg held því annars fram, að þetta málefni sje þannig lagað, að ekki sje gripið í taumana, nema ef neyð kallar að og undir sjerstökum kringumstæðum.

Jóhann Eyjólfsson: Jeg vildi að eins svara einu orði, sem háttv. þm. Reykv. (S. B.) beindi til mín í ræðu sinni. Hann taldi það fljótfærnislega ályktun hjá mjer, að frjálsræði manna væri heft með þeim framkvæmdum, sem hjer eru á seyði, að minsta kosti ekki meira en gjört er með hverjum öðrum lögum, sem hjer eru samþykt. Jeg verð samt sem áður að halda fast við það, að þetta gangi óvenjulega nærri frjálsræði manna. Það er alt annað, að leggja skatt á menn en að gjöra þetta, sem nú er í ráði að gjöra. Jeg skal játa, að jeg skildi ekki vel, það sem háttv. þm. (S. B.) sagði um eignarrjettinn. Jeg hefi alt af heyrt, að menn gjörðu sjer vonir um að eignast það, sem þeir afla. En ef það á ekki að verða þeirra eigindómur, þá er jeg hræddur um, að það hefti eigi alllítið framkvæmdir manna, viljaþrek þeirra og viðleitnislöngun til að koma sjer áfram.

Viðvíkjandi því, að framleiðendur setji óeðlilega hátt verð á vöru sína, þá hygg jeg að erfitt sje við það að eiga. Það er verslunarsamkepnin, samtök og fjelagsskapur, sem þar verða að koma til sögunnar. En það er ilt, að þing og stjórn skuli þurfa að skifta sjer af slíku. En hins vegar býst jeg ekki við, að mikil hætta sje á því, að menn bindist samtökum um vörusölu í því skyni, að koma vörunni í óheyrilegt verð. Jeg hygg, að slíkar getgátur sjeu á engum rökum bygðar, og að í því tilfelli sje engin hætta á ferðum. Hjer á landi hefir ekki gjörst mikið af slíkum samtökum. En þó slíkt komi fyrir í einhverri mynd, þá verður erfitt að girða fyrir það með lögum.

Sigurður Gunnarsson: Aukaþingið í fyrra leit svo á, eins og kunnugt er, að full ástæða væri til að gefa stjórninni heimild til að setja slíka verðlagsnefnd, sem hjer ræðir um.

Jeg vil benda á, að eftir mínum skilningi verður nauðsynin ekki minni nú þegar haustar, eða þegar fram á veturinn kemur, heldur ef til vill miklu meiri. Við vitum allir, að ástand það, sem nú er í Norðurálfunni, og í þeim löndum sjerstaklega, sem Ísland hefir mest viðskifti við, hefir stórmikil áhrif á allan hag þessa lands, sem svo mikið þarf að flytja inn af lífsnauðsynjum sínum. Þess vegna vil jeg alvarlega ráða til, að þetta frumv. nái óbreytt fram að ganga, án þess að menn gjöri sjer alt of miklar áhyggjur út af því, hvernig nefndin muni ráða ráðum sínum. Allir vita, að hún er ekki einvöld, heldur liggja ráðstafanir hennar undir samþykki stjórnarráðsins. Því mega menn væntanlega treysta, að svo gætilega verði farið í sakirnar, sem verða má, og að ekki verði gripið til neinna stórræða, nema brýn nauðsyn krefji. Menn verða að gæta að því, að þegar hungur og neyð kallar að, en hins vegar er dýrtíð, þá verður að gjöra fleira en gott þykir.

ATKVGR.:

1. og 2. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 : 1 atkv.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. júlí, var frumv. tekið til 3. umr. (A. bls. 131—133).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv.
Afgreitt til Ed.
(A. 133).

---

10. Gullforði Íslandsbanka o. fl.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var úttbýtt
Frumvarpi til laga um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914 um ráðstafnir á gullforða Íslandsbanka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum (A. bls. 133—135).

Á 3. fundi í Nd, laugardaginn 10. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Ráðherra: Þetta frv. er lagt fyrir háttv. deild samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar. Eins og háttv. þingdeildarmenn muna, voru sett bráðabirgðalög í fyrra sumar, 3. ágúst, um að Íslandsbanki þyrfti ekki að leysa inn seðla sína með gulli. Sömuleiðis var stjórninni gefin heimild til að setja ákvæði um, að bankarnir þyrftu ekki að borga út úr sparisjóði nema svo og svo mikið í senn. Og sams konar var fyrir mælt um aðra sparisjóði. Þessi lög áttu að gilda til októberloka það ár, en vegna ástands þess, sem af styrjöldinni leiddi, sá háttv. fyrirrennari minn sjer ekki annað fært en að fá þessi lög framlengd með bráðabirgðalögum þeim, er hjer liggja fyrir. Þessi lög eru því lögð fyrir þingið samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar.

Jón Magnússon: Jeg leyfi mjer að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. Af því að jeg býst við, að það komi fram fleiri frv., sem snerta bankamál, leyfi jeg mjer að stinga upp á, að 7 manna nefnd verði kosin í þetta mál, og gjöri þá jafnframt ráð fyrir, að öllum frv., sem fram koma og snerta bankamál, verði vísað til þeirrar nefndar.

ATKVGR:
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Sjö manna nefnd samþ. með 21 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Hjörtur Snorrason,
Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,
Sigurður Gunnarsson,
Jón Magnússon,
Jón Jónsson,
Þorleifur Jónsson.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. bls. 133—135; þgskj. n. 77).

Framsm. (Björn Kristjánsson): Mjer nægir að vísa til nefndarálitsins á þgskj. 77, sem leggur til, að þessi lög verði látin gilda til ákveðins tíma, eða til 1. des. 1917, nema löggjafarvaldið gjöri aðra ráðstöfun fyrr. Þessi breyting á stjórnarfrv. stafar aðallega af því, að Íslandsbanki óskaði eftir henni, til þess að hann gæti hagað sjer þar eftir. Og þar sem nú lítur út fyrir, að ófriðurinn standi lengi enn, þá sýnist ekki

neitt í hættu, þó að ákveðið sje að lögin skuli gilda þetta lengi. Auðvitað gengur nefndin út frá því, að lögmæltur gullforði sje til tryggingar hjer í landi, þrátt fyrir það, þó að seðlarnir verði svo lengi óinnleysanlegir. Eins telur nefndin sjálfsagt, að bankanum verði skilað gullforðanum aftur, þegar seðlar hans verða gjörðir innleysanlegir, en þar sem þetta felst í fyrri lögunum, þá taldi nefndin ekki beina þörf á að taka það upp í þetta frv. Annað hefi jeg ekki ástæðu til að taka fram. Jeg vona, að stjórnin sjái ekki neitt á móti því, að þessi breyting verði gjörð.

Ráðherra: Án þess að jeg vilji segja að mjer sje það stórt kappsmál, að þetta frv. verði samþykt óbreytt, þá verð jeg að taka það fram, að jeg tel ekki brtt. nefndarinnar til bóta, heldur miklu fremur þvert á móti. Það er ekki laust við, að mjer finnist það ankanalegt, ef farið verður að setja það ákvæði, að þessi lög, sem sett eru vegna styrjaldarinnar, skuli gilda þangað til á miðju ári 1917, án þess að nokkuð tillit sje tekið til þess, hve nær styrjöldinni lykur. Ef henni lyki í haust, hvað á það þá að þýða að leysa Íslandsbanka undan því, að leysa inn seðla sína, og sparisjóðina frá því, að borga út nema svo og svo mikið o. s. frv.? Jeg sje enga ástæðu til þess. Það er ekki nema eðlilegt, að bankinn þurfi fyrirvara. En hvaða stjórn sem væri mundi gjöra ráðstafanir til þess, að bankanum gæfist sá fyrirvari, sem honum nægði, til þess að draga að sjer gull. Jeg vildi fyrir mitt leyti að frv. væri samþykt óbreytt, því að jeg tel það, sem sagt, blátt áfram ankanalegt að setja inn í það þannig lagað ákvæði, að Íslandsbanki geti um hálfs annars árs tíma verið undanþeginn því, að leysa inn seðla sína, eftir að sú ástæða er fallin burtu, sem gjörði það að verkum, að hann var nokkurn tíma leystur undan því.

Framsm. (Björn Kristjánsson): Nefndinni er þetta ekkert kappsmál. Það var að eins gjört eftir óskum bankans, að breyta frv. í þessa átt. Mjer fyrir mitt leyti sýnist það ekkert ankanalegt, og nefndinni ekki heldur. Því að þótt styrjöldinni linni í haust, sem engum dettur nú víst í hug, þá vita allir, að afleiðingar hennar standa lengur en þangað til 1. des. 1917. Það tekur lengri tíma en svo, að jafnvægi komist á peningaviðskiftin bæði innan lands og á milli landa.

Hannes Hafstein: Mjer hefir skilist, að ákvæðið um að landið taki gullforðann í sínar hendur, hafi verið sett í því skyni, að landsstjórnin mætti grípa til gullsins og nota það, ef þörf krefði, í landsins þarfir, til innkaupa á vörum eða því um líkt. Ef til þess kæmi, að gullið, sem nú er til, væri þannig af hendi látið, þá þarf tíma til þess að útvega gull aftur í þess stað, áður en innlausnarskylda bankans byrjar aftur. Með þetta fyrir augum skilst mjer að sú breyting á frv., sem nefndin hefir stungið upp á, sje á rökum bygð.

Ráðherra: Jeg get ekki verið á sama máli og þeir tveir háttv. þm. (B. K. og H. H.), sem síðast töluðu. Eins og jeg tók fram áðan, skilst mjer að landsstjórnin hafi það í hendi sinni, að nema ekki lögin úr gildi jafnskjótt og frjett kemur um, að vopnahlje hafi orðið. Hún getur hagað því svo sem hentugast þykir. Jeg get því ekki sjeð, að nein hætta sje búin bankanum nje landinu, þó að þetta ákvæði standi ekki í lögunum. Auk þess eru sum fyrirmæli

í þessum lögum, sem aldrei hafa verið notuð, t. d. ákvæðið um sparisjóðina. Jeg veit ekki betur en að allir sparisjóðir á landinu hafi haldið áfram viðskiftum sínum á sama hátt og áður, þrátt fyrir lögin. Eins er um póstávísanirnar. Póstmeistarinn hefir ekki sjeð neina ástæðu til að nota ákvæði laganna um þær. Það er því að eins ákvæðið um seðla Íslandsbanka, sem þarf að taka tillit til, eftir þeirri reynslu, sem nú er fengin. En jafnvel þó lögunum þyrfti að beita að öðru leyti, þá sje jeg ekki að brtt. nefndarinnar sje á nokkurn hátt nauðsynleg. Eins og jeg sagði áðan, finst mjer þetta ákvæði ankanalegt. Það er eins og Alþingi gjöri fastlega ráð fyrir því, að ófriðurinn standi í tvö ár, en hvorki meira nje minna.

ATKVGR.:
Brtt. 77 samþ. með 14 : 6 atkv.
1. gr. svo breytt samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkvæðum.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. júlí, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 101.).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. samþ. með 19 samhljóða atkv. og afgreitt til Ed.
(A. 134.)

---

11. Útflutningsbann á bretskum vörum.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 19. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um bann á útflutningi frá Íslandi á vörum, innfluttum frá Bretlandseyjum o. fl.,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 60).
Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Frv. þetta er stjórnarfrumv., og var lagt fram í hv. Ed. og er nú þaðan komið hingað með nokkrum breytingum. Jeg býst við því, að það muni þykja hlýða, að það sje athugað í nefnd, og leyfi mjer þá að leggja það til, að því verði vísað til dýrtíðarnefndar.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. og jafnframt til dýrtíðarnefndar, með öllum greiddum atkv., en nefnd þá skipuðu þeir:
Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,
Benedikt Sveinsson,
Þorleifur Jónsson,
Sveinn Björnsson.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. 60, n. 173.)

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Jeg ætla ekki að halda neina ræðu. Vísa einungis til nefndarálitsins á þgskj. 173.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. feld með 13 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 7. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 224).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. samþykt með þeirri breytingu á fyrirsögn þess, samkvæmt ósk nefndarinnar í málinu, að aftan af henni falli »o. fl.«, með 15 shlj. atkv. og endursent til Ed.

(A. 256).

---

12. Vjelstjóraskóli í Reykjavík.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 188).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ágúst, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Jón Magnússon: Jeg leyfi mjer að leggja það til, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og að því búnu til sjávarútvegsnefndar með 13 shlj. atkv., en í henni sátu þeir:

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson,
Guðmundur Eggerz,
Sigurður Gunnarsson.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 188, n. 270, 276).

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Þegar þetta mál var til umsagnar í nefndinni, var enginn ágreiningur um það þar. Nefndin var öll á einu máli um það, að samþykkja frumvarpið óbreytt. En svo kemur á síðustu stundu fram brtt. frá háttv. formanni þessarar nefndar (G. E.). Jeg tala ekki um, hvað slíkt er óviðeigandi. Breytingartill. þessa manns er um það, að 8. l. 2. gr. falli burt úr frumvarpinu. Það er um kröfuna, að nemendur geti þýtt ljettan kafla verkfræðilegs efnis á dönsku. Þetta er sama skilyrðið, eins og með enskuna. Um þetta atriði varð enginn ágreiningur í nefndinni, og jeg vissi ekki til, að neinum nefndarmanna væri þetta þyrnir í augum. En sje það tilgangurinn, að hætt verði að kenna dönsku í skólum, þá ætti háttv. formaður nefndarinnar (G. E.) að reyna að stemma á að ósi og byrja á okkar æðri mentastofnunum. Jeg tel þetta sem sagt hjegómamál, hreinasta þvaður, sem ekki ætti að vera talað um á þingi.

Guðmundur Eggerz: Mjer skilst, að þetta sjeu óþarfa hnútur hjá háttv. framsögum. (M. Ó.) í svona máli, enda fór hann með ósatt mál, er hann sagði, að ekki hefði komið upp neinn ágreiningur í nefndinni. Jeg sagði honum frá því, er jeg skrifaði undir nefndarálitið, að jeg ætlaði að koma með svona brtt. Jeg sje ekki ástæðu til að kenna við þennan skóla nema eitt höfuðmál, og

minsta kosti er óþarfi að vera að kenna þar dönsku. Eða hví vill háttv. framsögum. ekki láta kenna þar norsku eða sænsku. Jeg ætla að segja háttv. framsögumanni það, að honum væri betra, að hafa aldrei lært dönsku, þá væri hann ekki að sletta jafn óþinglegum orðum sem »möj« og »kvæk«.

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Það eitt er víst, að hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), væri ekki yfirvald, hefði hann aldrei lært neitt orð í dönsku. Og ekki ætti það að vera ástæða fyrir hann, að vera að koma fram með þessa breytingartillögu, sem er ekkert annað en naglaskapur. Jeg skal ekki lengja umræðurnar um þetta hjegómamál, en það vil jeg segja þessari manneskju, að ræðurnar, sem hann er að halda stundum hjer í þingsalnum, þær eru aumasta »möj«.

Bjarni Jónsson: Jeg sje ekki ástæðu til, að hafa slíkt prófsskilyrði, sem þetta er. Jeg get ekki skilið, hví á að vera að kenna dönsku við slíka skóla. Rjettast væri að kenna þar ekkert tungamál, nema okkar eigið mál, og nægi það ekki, þá ætti að minsta kosti ekki að fara að kenna þar dönsku. Þá væri heldur að kenna ensku eða eitthvert stórmálið. Það er misskilningur hjá háttv. framsm.(M. Ó.), að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) sje nokkuð að bekkjast við dönskuna. Hún skipar sitt rúm í heiminum, en það er ekkert samband milli hennar og íslensks vjelstjóraprófs. Jeg álít það beinlínis hlægilegt, að setja skilyrði eins og þetta. Jeg get eigi sjeð annað en að háttv. 2. þm. S.-Múl. hafi alveg rjett fyrir sjer, og að þetta ákvæði hafi enga aðra þýðingu en þá, að gjöra prófið óþarflega þungt.

Framsm. (Matthías Ólafsson): Það er alveg nýtt í þingsögunni, að hv. þm Dal. (B. J.) uppgötvi, að 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hafi rjett fyrir sjer. En verði honum að góðu. Jeg skal reyna að vera stuttorður; skal einugis taka það fram, að hæstv. ráðherra hefir sagt mjer, að það væri nú fengin vissa fyrir, að íslenskir vjelstjórar geti fengið atvinnu á dönskum skipum, en vitanlega verða þeir þá að kunna dönsku. Við Íslendingar erum siðferðislega skyldugir til þess, að gjöra ekki vjelstjórum okkar örðugra fyrir en þörf krefur, þegar ekki er nema lítil atvinna, sem við getum veitt þeim hjer á landi, og sama sem enginn kostnaður er fyrir okkur að gjöra þetta.

Ráðherra: Það voru að eins örfá orð út af ræðu háttv. framsm. (M. Ó.). Þegar jeg átti tal við hann um þetta mál, þá fullyrti jeg ekki, að íslenskir vjelstjórar gætu fengið atvinnu í Danmörku, en jeg bjóst við að Danir yrðu fúsir á að veita slíkt, ef sama kemur á móti.

Bjarni Jónsson: Háttv. framsm. (M. Ó.) sagði, að það væri skylda okkar, að sjá íslenskum vjelstjórum fyrir atvinnu. Það má vel vera satt, að það sje vel gjört, að sjá öðrum fyrir atvinnu. En jeg sje ekki ástæðu til að við sjeum að ala upp verkamenn handa öðrum ríkjum.

Út af því, sem hæstv. ráðherra sagði, að Danir mundu fúsir á að leyfa íslenskum vjelstjórum atvinnu á dönskum skipum, ef sama kæmi í staðinn, þá skal jeg taka það fram, að jeg er í miklum vafa um, að slíkt sje atvinnu þeirri til bóta. Og jeg efast um, að vjelstjórastjettin sjálf verði neitt þakklát fyrir slíkt.

Guðmundur Eggerz: Háttv. þm. Dal. (B. J.) er búinn að taka það fram,

sem jeg ætlaði að segja. Jeg kæri mig ekkert um, að Alþingi eða stjórnin fari að gjöra ráðstafanir til þess, að íslenskir vjelstjórar geti fengið atvinnu í Danmörku. Jeg vildi miklu heldur að þeir fengju atvinnu í einhverju öðru landi. Það getur verið, að þetta særi danskar tilfinningar háttv. framsm. (M. Ó.). Ef Íslendingar vilja endilega fara til Danmerkur að afloknu vjelfræðiprófi, ættu þeir hæglega að geta fengið sjer tilsögn í dönsku, án þess að þeim sje gjört að skyldu að læra dönsku í skólanum.

Háttv. framsm. gæti sjálfsagt tekið að sjer að kenna þeim að babla nóg til þess, að geta fleytt sjer í »sjóara«-málinu. Jeg er annars hissa á þessu uppþoti í deildinni út af jafn meinlausri tillögu og þessi tillaga mín er. Og jeg sje ekki hvað það kemur þessu máli við, sem háttv. framsm. (M. Ó.) sagði, að jeg hefði ekki getað orðið lögfræðingur, ef jeg hefði ekki kunnað dönsku. Það er þó spor í íslenskuáttina, að nú er hægt að taka próf í lögfræði á íslensku, án þess að þurfa til þess að kunna eitt orð í dönsku. Annars skal jeg taka það fram út af þessu, að þegar háttv. framsögumaður (M. Ó.) sá tillögu mína, blánaði hann og þrútnaði af reiði, og sagði að það væri tilgangur minn, að setja á sig danskan stimpil. Úr því að gjört er ráð fyrir að kenna ensku líka, þótti mjer það nóg. En ef endilega ætti að kenna eitthvert annað tungumál en ensku, þá vildi jeg alveg eins, að það væri franska eða þýska, eins og danska. Jeg leyfi mjer að óska, að nafnakall verði haft um tillöguna, fyrst þessi þytur hefir verið gjörður út af henni.

Matthías Ólafsson: Það er merkilegt, að þótt háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) sverji, að það hafi ekki verið meining hans að setja á mig danskan stimpil, þá kemur hann upp um sig með því, að bregða mjer hvað eftir annað um að jeg hafi danskar tilfinningar. En ætlar þessi manneskja, sem þarna situr, að reyna að telja nokkrum manni trú um það, að jeg sje verri Íslendingur en hann, sem er uppalinn á dönsku fje og gat ekki einu sinni leitað sjer kvonfangs annarstaðar en í Danmörku?

Guðmundur Eggerz: Jeg krefst þess, að hæstv. forseti verji mig hjer í deildinni fyrir ásökum á einkalíf mitt. Að öðru leyti tek jeg það fram, að jeg vil ekki munnhöggvast við þenna dóna.

Forseti: Jeg get ekki varist því, að benda hv. þm. (M. Ó. og G. E.) á, að sum orð, sem þeir hafa nú viðhaft, eru alls ekki þinghæf, og vona, að þeir varist slík orð framvegis.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 276 við 2. gr. feld með 15 : 8 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánsson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Arnórsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Hannes Hafstein,
Sigurður Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Bened. Sveinsson og Pjetur Jónsson voru fjarverandi.

2.—6. gr. samþykt með 17 samhljóða atkvæðum.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvgreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 17 samhljóða atkvæðum.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 188.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 341).

---

13. Stýrimannaskólinn í Reykjavík.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um Stýrimannaskólann í Reykjavík,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 174).

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Matthías Ólafsson: Jeg leyfi mjer að óska eftir, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndarinnar að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Frv. vísað til sjávarútvegsnefndar með 18 shlj. atkv., en hana sátu þeir:

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Guðm. Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Þór. Benediktsson,
Sig. Gunnarsson.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 324).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 174).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 414).

---

14. Vörutollsframlenging.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlengu á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45 sama dag. (A. bls. 155—156).

Á 4. fundi í Nd., mánudaginn 12. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Ráðherra: Jeg get verið mjög fáorður, enda er þetta frumv., eins og háttv. þm. sjá, hvorki langt nje margbrotið.

Á þinginu 1912 var það nauðsynlegt, að setja ný tollög, vegna bannlaganna, er þá voru að ganga í gildi, og þá voru lögin um þennan svo kallaða vörutoll samþykt. Var áskilið, að þau skyldu ekki gilda lengur en til loka þess árs, sem nú stendur yfir. Á þinginu 1912 mættu þessi lög nokkurri mótspyrnu, og margir eru enn, sem telja þau ekki heppileg að öllu leyti. Sumir halda því fram, að þau komi ranglátlega niður á menn, og þá er eigi síður kvartað um, að innheimtan sje erfið. En hvað sem því líður, vill núverandi stjórn leggja til, að lögin verði framlengd næsta fjárhagstímabil. Ef átt hefði að breyta þeim, eða ef eitthvað nýtt hefði átt að setja í þeirra stað, þá hefði það kostað mikla rannsókn og langan undirbúningstíma. En vegna þess hve tíminn var naumur orðinn, er núverandi stjórn tók við völdum — en fráfarandi stjórn ekki tekið málið til athugunar svo að jeg viti til, — sá hún sjer ekki fært, að inna þann undirbúning af hendi. Jeg veit ekki hvað þinginu þóknast að gjöra í þessu efni, en það tel jeg ekki ráðlegt, að farið verði nú að krukka í lögin meira en orðið er, og vafasamt að það verði til bóta.

Bjarni Jónsson: Jeg býst við, að það sje í minni margra manna, að á þinginu 1912, þegar vörutollslögin voru samþykt, var annað tollagafrumvarp, frumv. til laga um verðtoll, til meðferðar hjer í deildinni, sem ekki hafði minna fylgi. Það var fyrir þinghrekk við atkvæðagreiðslu, og ekki annað, að vörutollslögin urðu ofan á. Nú hafa þessi lög sætt mikilli mótspyrnu út um alt land, alla þá stund, sem þau hafa verið í gildi. Þykir mönnum þau koma svo ranglátlega niður, að lítt sje við unandi. Kjördæmi mitt t. d. hefir samþykt áskorun til þingsins um að breyta vörutollinum í verðtoll. Mun jeg reyna að vinna að því, að svo verði gjört. Jeg vil því segja væntanlegri nefnd, sem kosin verður í þetta mál, að hún má eiga von á, að fá til meðferðar annað frumv. frá mjer, frumv. um verðtoll, ef slíkum breytingum verður ekki komið við þetta frumv. Jeg sje ekki ástæðu til að óttast, að mikinn undirbúning þurfi, til þess að breyta vörutollinum í verðtoll. Bæði málin fengu jafn góðan undirbúning, er þau voru fyrst til umræðu hjer í þinginu. Verðtollurinn mundi að öllu leyti koma rjettlátlegar niður, án þess að verða erfiðari í framkvæmdinni.

Að öðru leyti skal jeg ekki orðlengja um málið að svo stöddu. Jeg vil að eins biðja væntanlega nefnd, að hraða ekki svo störfum sínum, að hún geti ekki bætt við sig frumv. um verðtoll, er jeg mun láta koma fram hið bráðasta.

Björn Kristjánsson: Hæstv. ráðherra mælti með því, að vörutollslögin yrðu framlengd til ársloka 1917. Það var svo fjarri því, að mjer kæmi það á óvart, að jeg hefði miklu fremur getað búist við að farið yrði fram á, að þau yrðu látin gilda um óákveðinn tíma, eins og hver önnur lög. Jeg fyrir mitt leyti tel það sennilegast, að vörutollslögin verði látin standa þangað til þjóðin er orðin 2—2½ miljón, og þess megnug, að kosta nákvæmt tolleftirlit. Þá fyrst geta menn slept þeim grundvelli, sem lögin eru bygð á, en alls ekki fyrr.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) og kjósendur hans eru á móti þessu fyrirkomulagi. En jeg hefi ekki heyrt raddir á móti vörutöllinum annars staðar frá. Í mínu kjördæmi, þar sem margir fundir hafa

verið haldnir, hefir ekki heyrst eitt einasta orð í þá átt, og innheimtumaðurinn þar kvartar alls ekki undan lögunum. En ef vera skyldu einhvers staðar innheimtumenn, sem eiga erfitt með að komast upp á að reikna út tollinn, skal jeg lýsa því hjer yfir, að slíkum mönnum er jeg fús til að kenna það endurgjaldslaust.

Hvað það snertir, að vörutollurinn sje svo óheyrilega ranglátur, þá er það ekki annað en slagorð út í loftið, sem allir geta notað. Hvaða tolllög eru það, sem ekki koma ranglátlega niður á pappírnum að einhverju leyti? Hyggur hv. þm. Dal. (B. J.) að honum sje auðið að semja slíkt tollagafrumvarp? Má ekki segja að sykur- og kaffitollurinn komi ranglátlega niður? Sykurtollurinn er þó t. d. venjulega 50% af innkaupsverði hans. Og þó kvartar enginn um það. En það er ekki þar fyrir, þótt gjaldið sýnist ranglátt á pappírnum, þá þarf það ekki að vera það í framkvæmdinni, því að kaupmennirnir jafna því á vörutegundirnar eftir eigin geðþótta. Meðan ekki eru specialistar í hverri grein, eru það kaupmennirnir en ekki tolllögin, sem jafna tollinum á vöruna, flytja hann af einni tegundinni á aðra. Prósentugjaldið er óhugsandi fyrirkomulag, enda hefir stjórnarskrifstofan í Kaupmannahöfn ráðið til, að taka heldur vörutollinn, vegna þess, að eftirlitið með prócentugjaldinu væri ómögulegt. Á fyrri þingum færði jeg dæmi þessu til sönnunar, sem ekki hefir verið vjefengt, enda ekki hægt að vjefengja það. Mjer er kunnugt um að vörutollurinn er yfirleitt miklu fremur vinsæll en óvinsæll. Innheimtumennirnir kvarta alls ekki. En sem sagt, ef einhver sýsluskrifari er til, sem á erfitt með að reikna tollinn út, þá býðst jeg til að veita honum ókeypis leiðbeiningu í því.

Bjarni Jónsson: Að eins smáathugasemdir. Jeg hafði það ekki sem aðalástæðu til að greina á milli þessara tveggja tolla, að annar væri ranglátur en hinn ekki. Heldur hjelt jeg því fram, að annar væri ranglátari en hinn. Og af tvennu illu eru skynsamir menn vanir að taka það skárra. *(Björn Kristjánsson:* Það verða þá að vera skynsamir menn). Já, skynsamari en háttv. þm. G.-K. (B. K.). Háttv. þm. talar mikið um grundvöll þessara laga, og sá grundvöllur á að vera mjög djúpskilinn. Jeg fæ aldrei sjeð, að hann sje annar en sá, að fara í vasa manna og ná úr þeim aurum. Viðvíkjandi specialistunum, sem háttv. þm. (B. K.) talaði um, skal jeg geta þess, að jeg fæ ekki betur sjeð en að einmitt vörutollurinn gjöri alla specialista ómögulega. Þegar svo hár tollur er á ódýrum vörum, hvernig eiga menn þá að geta verslað eingöngu með þær vörur? — Jeg hygg að dæmi háttv. þm. (B. K.) um það, að eftirlitið með verðtollinum væri óframkvæmanlegt, hafi ekki verið skýrara en dæmi þeirra manna, sem voru á andstæðri skoðun. Jeg man svo langt, að þessi lög flutu í gegn um þingið af öðrum ástæðum en þeim, að svo mikilli rökfimi væri beitt af þeim, er fyrir þeim börðust. En við þessa umræðu hirði jeg ekki að minna frekar á það mál.

Jón Magnússon: Þar sem enn hefir ekki verið stungið upp á nefnd, vil jeg leyfa mjer að gjöra það að till. minni, að 5 manna nefnd verði kosin í málið að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþykt í einu hljóði.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Einar Jónsson,
Matthías Ólafsson,
Björn Kristjánsson,
Björn Hallsson,
Sigurður Gunnarsson.

Eftir ósk nefndarinnar og með leyfi deildarinnar var síðar bætt við í nefndina þeim

Bjarna Jónssyni og
Stefáni Stefánssyni.

Á 11. fundi í Nd, þriðudaginn 20. júlí, var frumvarpið tekið til 2. umr.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. júlí, var frumvarpið enn tekið til 2. umr. (A. bls. 155—156; þgskj. n. 53).

Framsm. (Björn Kristjánsson): Eins og nefndarálitið ber með sjer, leggur nefndin það til öll í einu hljóði, að frv. verði samþykt. Og enda þótt annannað frv. sje hjer á ferðinni, sem þessu máli kemur við, frv. um verðtoll, þá telur nefndin þetta frv. engu að síður nauðsynlegt og sjálfsagt, að samþ. þetta frumvarp, því að þótt hitt frv. fengi framgang, þá kæmist það aldrei í gagn til fullnustu frá þessu þingi.

Jeg sagði víst við 1. umr., að mjer þætti ekki ástæða til, að binda framlengingartíma þessara laga við 1. jan. 1917, en ekki mun jeg þó gjöra ágreining út úr því ákvæði frumvarpsins.

Pjetur Jónsson: Um leið og þetta frv. kemur til umræðu hjer, get jeg ekki stilt mig um að segja nokkur orð, þótt ef til vill eigi þau ekki sjerstaklega heima við 2. umræðu.

Þegar þetta mál, vörutollsmálið, var hjer fyrst til umræðu á þinginu 1912, þá taldi jeg heppilegra, að miða tollinn við verð vörunnar en þunga hennar, og þeirri skoðun minni hefi jeg ekki breytt enn þá. Hinn tollurinn varð nú samt ofan á þá, og síðan hefir verið reynt að laga hann svo, að hann kæmi þolanlega niður.

Nú er hjer fram komið frv., sem er sama efnis og það, sem vjer verðtollsmenn vorum með 1912. (*Bjarni Jónsson:* Það er sama frv., eins og það var þá við 3. umr.). Nú skyldu menn ef til vill ætla, þar sem jeg var einn af flutningsmönnum þess, að jeg vilji nú ekki fallast á það, að framlengja þungatollinn, heldur hallast þegar á sveif með hinu frumvarpinu. Það liggur svo beint við. En jeg lít nú svo á, að úr því að vörutollurinn komst á, og úr því að skattamálin hafa ekkert verið undir búin af stjórninni, þá verði því varla komið við, að gjöra neinar róttækar breytingar á toll- og skattamálum á þessu þingi, og þá vil jeg ekki eyða tímanum í gagnslaust þref. Jeg hygg ekki, að verðtollurinn nái fram að ganga nú, og þetta gjörir það að verkum, að jeg get ekki verið með framgangi verðtollsfrumvarpsins að þessu sinni. En hins vegar hefir mjer hugsast, að nefndin gæti unnið að verðtollsfrumvarpinu til undirbúnings í framtíðinni; því hefi jeg ekki á móti að minsta kosti. En nú mun verða samþykt framlenging vörutollslaganna hjer í deildinni, og jeg get ekki verið með því, að hafa tvenn lög samsíða, önnur um þungatoll og hin um verðtoll.

Mig langaði mjög mikið til, ef jeg hefði treyst mjer til þess, að flytja hjer á þinginu skattamálin á þeim grundvelli, sem milliþinganefndin frá 1908 hefir lagt. Jeg álít afar nauðsynlegt, að koma okkar beinu sköttum í sams konar horf og nú tíðkast hjá öðrum þjóð-

um, þar sem best er, og það sem fyrst. Jeg skal að vísu játa, að af beinum sköttum er tæpast hægt að vænta mikilla tekna fyrst um sinn. En það er trú mín, að smátt og smátt megi þoka þeim upp og í fyrri rúm, og þá því fyrr, sem fyrr er byrjað. Og í sambandi við beinu skattana á nýjum grundvelli, vil jeg, að verðtollurinn sje tekinn til meðferðar. Ætti þingið nú að skora á stjórnina að taka mál þessi til meðferðar til næsta þings. Það er ekki minni þörf fyrir sveitar- og bæjarfjelögin á nýjum skattalögum í þá átt, sem milliþinganefndin lagði til. Rjettlátir, beinir skattar með tilstyrk hæfilegs verðtolls, er það, sem jeg vil að komið sje á.

Mjer finst skattamálin vera mikilsvert menningaratriði, sem við verðum að taka fyrir sem fyrst, og álít stórt spor stigið í menningaráttina með innleiðslu skatta, bygðum á þeim »principum«, sem nú er viðurkend fullkomnust um allan heim.

Matthías Ólafsson: Jeg er samdóma síðasta hv. ræðumanni (P. J.) um, að beinu skattarnir sjeu nauðsynlegir og æskilegir. En jeg gjörði það ekki að ágreiningsatriði í nefndinni, sökum þess, að jeg vildi ekki valda ruglingi á nefndarstörfum. Tel jeg verðtollinn betri, en færi ekki frekar rök að því nú, því jeg býst við að fá tækifæri til þess, að rökstyðja mál mitt betur síðar. Sá jeg ekki færi á að taka fyrir verðtollinn nú, en vil koma í veg fyrir, að slegið verði föstu um aldur og æfi að vörutollurinn eigi að haldast. Svo er og sú ástæða, að allar vörur eru nú í geypiverði, og tíminn þess vegna að mjer finst sjerlega óhentugur til þess, að leggja mjög hátt gjald á neytsluvörur landsmanna. Tel jeg annars þarflaust að fara fleiri orðum um verðtollinn í þetta sinn, vegna þess, að jeg mun á sínum tíma tala rækilegar um hann. Jeg vil annars geta þess, áður en jeg setst niður, að jeg skil ekki hvers vegna á að fjölga mönnum í nefndinni, sem um þetta mál fjallar, því jeg fæ ekki skilið annað en að 5 menn geti þar unnið eins mikið og sjö.

Einar Jónsson: Jeg get fljótlega skýrt frá því, að orsökin til þess, að jeg gekk inn á að bæta fleiri mönnum í nefndina, var sú, að háttv. þm. Dal. (B. J.) ljek hugur á að vera í nefndinni, vegna þess, að hann var flutningsmaður að frumvarpi því, verðtollsfrumv., sem sem vísað var til nefndarinnar. Hefir það einatt átt sjer stað, að flutningsm. hafa öðrum fremur verið kosnir í þær nefndir, sem frumvörpin hafa lent í. Er þess vegna óþarfi að furða sig frekar á þessu, enda get jeg ekki skilið, að það ætti að verða nefndarstörfum neitt til tafar.

Hvað frumvarpið snertir, þá sje jeg ekki ástæðu til þess, að fara um það fleiri orðum en þegar eru heyrð.

Bjarni Jónsson: Málsháttur**inn** gamli: »Svo bregðast krosstrje sem önnur trje«, datt mjer í hug, er jeg heyrði hv. þm. S.-Þing. (P. J.) tala, og lýsa yfir því, að hann vildi ekki styðja verðtoll á þessu þingi. Reyndar er þetta ekki í fyrsta sinni, sem jeg verð fyrir vonbrigðum, að því er framkomu manna snertir, í ýmsum málum, en þó þykir mjer slíkt ætíð leitt. Þó gladdi það mig, að þeir háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) og V.-Ísf. (M. Ó.) lýstu yfir því, að þeir væru fylgjandi þessari stefnu. En mjer finst einkennilegt, að þeir skuli ekki treysta sjer til þess, að koma málinu í framkvæmd á þessu þingi. Nú er þó skamt liðið á þingtímann, og finst mjer einnig sem meir ríði á því, að vanda

sig sem best en að geysast sem harðast, enda er enginn sem segir: »Flýttu þjer«. Efast jeg ekki um, ef þingmenn vildu leita sjer upplýsinga um málið, þá gæti þetta þing gengið svo frá því, að vel mætti við una. Kemur þar til hjálpar, að þingið 1912 bjó svo vel í hendurnar á þessu þingi, að ekki þarf að taka langan tíma fyrir háttv. þingmenn, að kynna sjer málið til fulls. Og ekki treysti jeg stjórninni neitt betur til þess, að ganga vel frá frumvarpinu heldur en Alþingi. Jeg skal og geta þess, að mjer finst sem einnig mætti fara þá leið, að samþykkja bæði frumvörpin á þessu þingi. Mætti þá útbúa það þannig, að verðtollurinn kæmi þá er vörutollurinn gengi úr gildi. (*Hannes Hafstein:* »Den Tid den Sorg«). Já, hverjum degi nægir sín þjáning, myndi háttv. þingmaður viljað hafa sagt. Það er nú svo, en óvíst tel jeg þó, að betra sje að geyma þau vandaverk til morguns, sem hægt er að gjöra í dag. Annars veit jeg að háttv. þm. (H. H.) á eftir að bæta fyrir gjörðir sínar í þessu máli 1912, er hann lagði á móti því frumvarpi, sem í raun og veru var honum miklu kærara, en með því, sem hann hafði skammað allra manna mest. (*Hannes Hafstein:* Þetta er ekki satt). Jú, það er áreiðanlegt. (*Hannes Hafstein:* Nei). Jú, það er nú satt samt.

Jeg hefi annars heyrt, að mjer hafi verið bætt í nefndina fyrir hæversku sakir, og er jeg þakklátur fyrir, enda skal jeg lofa því, að verða þeim ekki alt of þungur í skauti.

Matthías Ólafsson: Jeg stend upp að eins til þess, að gjöra stutta athugasemd við ræðu síðasta háttv. þm. (B. J.), þar sem hann sagði, að enginn ræki á eftir oss, til þess að flýta oss. Þetta er ekki rjett hjá háttv. þingm. Satt er það að vísu, að menn vilja að vjer vöndum oss, en jafnframt að vjer flýtum oss, sem auðið er. Enda er lítið vit í því, að hrúga saman málum sem mest, sama efnis, og láta svo tímann ganga í eilíft rifrildi.

Jeg skal og geta þess, áður en jeg lýk máli mínu, að mjer er, enn sem komið er, ókunnugt um afstöðu nefndarinnar til málsins, en álít þó, að samþykkja mætti, ef til vill bæði frumvörpin.

Sveinn Björnsson: Jeg vil ekki láta hjá líða að standa upp, til þess að láta í ljós álit mitt á stefnu frumvarps þessa. Er jeg í því máli á sömu skoðun sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Mun jeg greiða atkvæði með því hjer í deildinni, er þar að kemur, með því að jeg álít, sem stendur, að ekki sje hægt, að fara aðra heppilegri leið, enda hygg jeg að flestir munu vera mjer sammála um það.

Jeg get alls ekki verið samþykkur stefnu þeirra laga, sem ganga í þá átt, að slá sjer algjörlega á óbeinu skattana. Það er fullsýnt og sannað, að þeir eru að öðru jöfnu miklu lakari. Hið] eina gagn, sem þeir gjöra, ef gagn skyldi kalla, er það, að þeir gjöra stjórninni oft hægra fyrir um það, að fara í vasa manna og ná fje þaðan. En reynslan hefir sýnt, að sú aðferðin, sem notuð er með óbeinu sköttunum, verður landsmönnum ætíð dýrari, vegna þess m. a., að kaupmenn, sem að jafnaði greiða tollinn fyrir fram í peningum, reyna að halda sjer skaðlausum af vaxtatapi, með því að leggja það á vöruna, og auka-ábata um leið.

Jeg vil og einnig taka undir það með háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að skora á stjórnina að undirbúa málið sem allra

best, til þess að hún gæti stansað á óbeinu skattaleiðinni og halda hina leiðina, sem giftusamlegri mun verða.

Magnús Kristjánsson: Þegar verðtollsfrumv. var á ferðinni, þá lýsti jeg skoðun minni á því, og jafnframt á þessu máli, og vil ekki endurtaka það nú, sem jeg þá sagði. Jeg stend upp í þetta skifti mest til þess, að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Má það vel vera að ýmsum háttv. þingmönnum þyki undarleg afstaða mín til málsins. Það er í stuttu máli að segja, að jeg er mótfallinn vörutollslögunum, eins og þau eru nú. Sjerstaklega álít jeg flokkun vörunnar óhafandi, og með þeim ýmsar skyldur lagðar mönnum á herðar, sem þeir alls ekki ættu að bera; t. d. er það nálega ómögulegt fyrir skipstjóra að fullnægja skilyrðum laganna með slíku fyrirkomulagi; uppskipun getur naumlega átt sjer stað tafarlaust á sumum stöðum, nema með því móti, annaðhvort að tollur sje greiddur fyrirfram, eða þá að skipstjórar taki á sig ábyrgð á greiðslunni. Þetta óeðlilega fyrirkomulag m. fl., gjörir það að verkum, að jeg get tæpast greitt atkvæði með því, að það haldist. Á hinn bóginn sje jeg ekki að hægt sje, að kippa þessu í burtu, nema með því, að nema lögin úr gildi og setja annað í staðinn, og lægi þá að sjálfsögðu næst að taka upp verðtollinn. En þar sem jeg sje fram á, að það muni verða felt, þá hefi jeg ásett mjer að greiða ekki atkvæði um framlengingu vörutollslaganna að þessu sinni, í þeirri von að eitthvað betra megi finna, sem geti komið í þeirra stað.

Björn Kristjánsson: Jeg bjóst nú ekki við, að þurfa að standa upp í þetta sinn, þar eð jeg bjóst við að umræðum um þetta yrði frestað, uns hitt frv. um verðtoll kæmi á dagskrá. En jeg vil taka það fram, að jeg mun leggja á móti því, að verðtollsstefnan verði ofan á og nái fram að ganga í staðinn fyrir vörutollsstefnuna. Jeg læt mjer ekki ant um að færa ástæðu nú frekar fyrir máli mínu, vegna þess, að jeg býst við, að fá tækifæri til þess að skrifa rækilegt nefndarálit um þetta á sínum tíma, svo að háttv. þingmenn geti gjört sjer það ljóst, að ekki er hægt að koma hinni stefnunni við, og hún því óframkvæmanleg á þessu landi, og hætt við að hún myndi af sjer leiða ýmiskonar siðspilling.

En um vörutollslögin er það að segja, að jeg hygg að allir lögreglustjórar munu vera mjer samdóma í því, að eftir þeim muni kaupmenn eiga afarerfitt með að smeygja sjer undan tollgreiðslu. Með hinu mótinu yrði afarauðvelt að koma sjer hjá tollgreiðslu.

Það eitt út af fyrir sig, að innheimtum. á að byggja tollinnheimtuna á innkaupareikningum kaupmanna, gjörir þessa tollálöguleið alveg óaðgengilega. Það mætti þá úr því lögheimila, að menn alment megi opna annara manna brjef. Það er helgur rjettur kaupmanna, að fá að halda sínum verslunarsamböndum út af fyrir sig, enda er slíkt nauðsynlegt, og skil jeg ekki í því, að háttv. þingmenn ljái því fylgi sitt, að raska þessari friðhelgi verslunarbrjefa. Loks er og það, að verðtollur verður ætíð mismunandi hár árlega, eftir því sem varan stendur eða fellur, og því ekki hægt að gjöra um hann ábyggilega áætlun. Það er því ekkert rjettlæti, að leggja ákveðið gjald, 3%, á vöruna, því ekki er heldur hægt að fá neina vissu fyrir því, að kaupmenn leggi tollinn á vöruna samkvæmt lögunum, 3%. Þeir munu leggja tollinn á eftir geðþótta og eftir því, sem samkeppnin heimtar, á

sumar vörur engan toll, á aðrar miklu hærri toll en lögin ætlast til o. s. frv.

Alt annað mál er að leggja á einhverja beina skatta, því að það er framkvæmanlegt, þó að vísu sjeu margar lykkjur á þeirri leið, uns svo langt sje komið, að verulega fari að muna um þær tekjur. Mjög mikill vafi er á því, hvort rjett væri að taka landssjóðstekjur með beinum sköttum. Mjer er kunnugt um, að sum önnur lönd sneiða hjá því, t. d. Canada. Kunnugur maður þeim efnum hefir sagt mjer, að þar fái landssjóður allar sínar tekjum með óbeinum sköttum. Það hefir verið talað um, að óbeinu skattarnir væru afar dýrir, að kaupmenn legðu svo mikið á tollinn, en slíkt er fjarstæða, enda geta hv. þm. kynt sjer það, þótt ekki væri nema með því að lesa blaðaauglýsingar. Geta þeir á þeim sjeð, hvort tollvörur eru ódýrt seldar. Þeir leggja vanalega lítið á tollvöruna, og þá ekkert á tollinn. Er það sökum þess, að oft er þeim gefinn frestun á tollgreiðslunni og að þeir því oft eru búnir að selja vöruna áður en þeir hafa borgað tollinn.

Jeg ætla ekki að fjölyrða um málið að sinni. En í nefndinni mun jeg gjöra grein fyrir skoðun minni á hinum ýmsu tollleiðum, fasteignatollinum, vörutollinum og verðtollinum. Jeg vona að hv. deild velji síðan þá leiðina, sem þjóðinni er hollust, þá leiðina, að tekjurnar komi sem beinast í landsjóð, án þess að siðspilla kaupmannastjett landsins.

Eggert Pálsson: Jeg hafði ekki búist við miklum umræðum um þetta mál, á þessu stigi þess, sjerstaklega vegna þess, að frumvarpið um verðtollinn liggur alls ekki fyrir enn, og hefir ekki verið athugað í næði til hlítar. Jeg bjóst við því, að umræður manna um það, hvorri tollstefnunni þeir fylgja fremur, myndi bíða að minsta kosti 3. umræðu þessa máls, þegar verðtollsfrv. lægi jafnframt fyrir deildinni. Þá hafði jeg því hugsað mjer að gjöra grein fyrir stefnu minni í þessu máli, líkt og aðrir.

Að því er snertir beinu og óbeinu skattana, þá hefi jeg áður látið það uppi hjer á Alþingi, að jeg hallast meira að óbeinu sköttunum en þeim beinu, og það af gildum og góðum ástæðum. Vjer vitum það allir, þegar um gjöld er að ræða, þá er það ávalt viðkvæmt mál fyrir gjaldendur, hvernig sem gjöldununum er fyrir komið. En reynslan sýnir það tvímælalaust, að menn finna miklu sárar til þess, sem þeir þurfa að gjalda beint heldur en óbeint, og þeir geta meira eða minna lagt á sig sjálfir eftir eigin geðþótta. Allir kannast t. d. við þá almennu skoðun hjer á landi, að í Ameríku sjeu engin gjöld; þar sje ekki verið, eins og hjer, að knýja menn og pína með sköttum, þó það ætti öllum að vera vitanlegt, að þar er ekki síður goldið til almennra þarfa en hjer. En þar eru allir, eða því sem næst allir, skattar óbeinir en ekki beinir. Það er sem gjörir allan mismuninn. Fyrir þær sakir hefir Ameríka staðið og stendur enn í meðvitund fólksins sem frelsisins land, gagnvart þeim löndum eða þjóðfjelögum, sem byggja meira á hinu beina skattafyrirkomulagi. Beinu skattarnir eru og verða mönnum ávalt sárastir þyrnar í augum. Og þess vegna hallast jeg fremur að óbeinu sköttunum, að jeg tel rjett, að fara þá leiðina, sem vinsælli er í þessum efnum.

Það er nú sýnt, að hjer verður ekki undan því komist, að samþykkja það frumvarp, sem hjer liggur fyrir, eða þá annars kostar að samþykkja eitthvað nýtt í þess stað. En væri nú að því ráði horfið, að breyta til, þá mundi verðtollurinn að sjálfsögðu koma fyrst af öllu til greina. Jeg verð nú að segja

fyrir mitt leyti, að þar sem jeg hefi alt af hallast fremur að verðtolli, þá þykir mjer ilt að greiða atkvæði með þessu frumvarpi, vörutöllsfrumvarpinu, meðan jeg veit ekki hvort verðtollsfrv. verður felt, eða ekki. Mjer þykir leitt að binda atkvæði mitt þannig fyrirfram. Jeg hefði því fremur kosið, að verðtollsfrv. hefði komið til atkvæða á undan þessu frumv., svo að hægt hefði verið að sjá afdrif þess, áður en þetta frv. kom til atkvæða, því ef verðtollsfrumv. hefði ekki náð samþykki deildarinnar, þá hefði jeg með fúsu geði getað greitt þessu frumv. atkvæði mitt, til þess að landsjóður lenti ekki í vandræðum af fjárskorti, heldur en nú á meðan jeg veit verðtollsfrv. verandi á lífi.

Annars tel jeg rjett, að við þessa umræðu verði það látið koma skýrt fram, hvorri stefnunni menn vilja heldur hallast að, í framtíðinni, verðtollinum eða vörutollinum. Það er leitt, að þurfa að vera að burðast með þetta mál á hverju þinginu eftir annað. Nú er farið fram á, að framlengja vörutollslögin til ársloka 1917. Má svo búast við því sama á næsta fjárlagaþingi, og svo koll af kolli. Þetta er mjög óheppilegt. Jeg tel miklu rjettara, að menn reyni að komast að fastri niðurstöðu í þessu máli, svo að ekki þurfi að miða þessi tollalög við hvert fjárhagstímabil út af fyrir sig og syngja sama sönginn á hverju þinginu eftir annað.

Þar sem sakir standa þannig, sem jeg hefi lýst, þá mun jeg helst kjósa að fylgja dæmi háttv. þm. Ak. (M. K.), að greiða ekki atkvæði um málið að svo stöddu, en bíða þangað til jeg hefi sjeð, hvað nefndin leggur til að gjört verði við verðtollsfrv., bæði meiri og minni hluti hennar, því fyrir klofningi sýnist nú þegar mega gjöra ráð, eftir því sem vindurinn hefir við þessa umræðu blásið.

Björn Hallsson: Það er að eins stutt athugasemd. Eins og nefndarálitið ber með sjer, leggjum við nefndarmennirnir til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt. Það er þó ekki fyrir það, að við sjeum allir ánægðir með það, heldur sáum við ekki aðra leið færa en að framlengja vörutollslögin eitthvað, og þá vildum við tiltaka sama takmark fyrir framlengingunni og stjórnin hafði gjört í frumvarpi sínu.

En jafnframt vakti svipuð skoðun fyrir meiri hluta nefndarinnar, sem háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hafa látið í ljós, að heppilegast væri að stjórnin undirbyggi skattamálin undir næsta þing, svo að þá væri hægt að taka ákvörðun um, hvort halda ætti áfram með þessi lög eða vörutollinum breytt í beina skatta að einhverju leyti. Þetta er okkar tillaga um það atriði. Hins vegar höfum við ekki tekið ákvörðun um verðtollsfrv. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að ekki sje tiltækilegt að samþykja slík lög nú. Úr því að vörutollurinn hefir einu sinni komist á, og alt það kerfi hefir verið sett í framkvæmd, kostar það ekki litla fyrirhöfn að fara nú að breyta til, og einkanlega er í mikið ráðist, þegar ekki er vissa fyrir því, að skift sje um til hins betra. Jeg hygg, að verðtollurinn verði erfiður til framkvæmda. Einnig hygg jeg, að það sje mikið spursmál, hvort ekki sje rjettara að stefna meira að föstum sköttum. Skattalögin frá 1877 eru orðin of gömul; eignir í landinu hafa afarmikið breytst síðan. Hitt er bersýnilegt, að það þarf sterkan tollstofn, til þess að vinna upp á móti vörutollinum, og til þess duga ekki beinir skattar einir. Mjer þykir því líklegt, að vörutollslögin þyrfti að framlengja að einhverju leyti, en draga úr þeim það, sem fengist með beinum sköttum,

ef þeir yrðu á einhvern hátt lögleiddir.

Jeg get ekki verið á sömu skoðun og háttv. framsm. (B. K.), að vörutollurinn eigi að gilda endalaust. Jeg álít, að hann komi að ýmsu leyti misjafnlega niður, og sje þar af leiðandi talsvert ósanngjarnt. Þetta mál þarf að athuga rækilega. Það er síst vanþörf á, að það sje rætt á milli þinga, svo að bæði stjórninni og landsbúum gefist tækifæri til að láta uppi álit sitt á því.

Jeg get tekið undir með háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að það sje vilji okkar þingmanna flestra, að flýta þinginu fremur en seinka því. Jeg hygg, að það yrði því ekki til annars en að auka fyrirhöfn, að fara að samþykkja verðtollslög nú, sem svo yrðu afnumin aftur á næsta þingi, sem vel mætti búast við eftir öðru lagahringli nú.

Mjer skildist á háttv. þm. Dal. (B. J.), að ekki lægi á að flýta þinginu. Jeg skal taka það fram, að jeg vil ekki að við flaustrum neinum málum af um skör fram, en hins vegar vil jeg ekki, að við höngum hjer lengur en þörf er á. Og það verð jeg að segja, að ekki er alt, sem við gjörum hjer, mjög mikils virði fyrir þjóðina, að minsta kosti ekki það, sem við höfum verið að starfa nú dagana undanfarið, þar sem þrír dagar hafa gengið til þess, að þvæla um mál, sem alveg var til lykta leitt.

ATKVGR.:

1. og 2. gr. samþykt með 14 samhljóða atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umræðu með 18 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. bls. 155—156; þgskj. n. 71, 193).

Sveinn Björnsson: Fyrst enginn tekur til máls, þá álít jeg rjettara að skýra háttv. deild frá, hvers vegna brtt. á þgskj. 193 er fram komin. Þegar litið er á málið í sjálfu sjer, þá sjá allir, að heppilegra væri að strigi og segldúkur sjeu ekki í sama vöruflokki og silki. Það sjá allir, að ekki er heppilegt að sami tollur leggist á hvort um sig. En nú er því þannig háttað, að mikið af striga er flutt hingað til landsins til fiskumbúða. Mest kemur þessi strigi frá Englandi; er hann nýr, þegar hann kemur hjer fyrst, og er þá tollaður sem silki í sama flokki. Síðan fer hann út sem umbúðir um fisk og kemur því næst aftur tvisvar eða þrisvar sinnum, og hefir þá þyngst gríðarmikið. Og ábyggilegur og fróður maður um þetta hefir sagt mjer, að þá væri striginn enn tollaður sem silki. Menn hafa fundið sárt til þessa, bæði í Reykjavík og víðar, sem von er. Og því er það, að 11 fiskútgjörðarmenn úr Reykjavík og af Vesturlandi hafa sent þinginu erindi, þar sem farið er fram á, að breyting verði gjörð á þessu. Erindi þetta hefir legið frammi á lestrarsal, og er vonandi að háttv. þingmenn hafi kynt sjer það.

Jeg skal leyfa mjer að lesa nokkrar línur upp úr erindinu.

> » . . . Í fyrsta lagi er strigi til fiskumbúða mestmegnis fluttur inn frá einu landi (Englandi), og svo mikið í einu af hverjum einstökum, að engin vefnaðarvöruverslun mun taka til eins árs, sem nemur 1000 metrum, en sem fiskútflytjendur fá oft í einni sendingu 4—5000 metra. Þetta er auðskilið, þar sem vefnaðarvöruverslanir flytja inn

striga af líkri gjörð, að eins til fatnaðar (millifóður)«.

Frá sjónarmiði þeirra, er á móti frv. kunna að vera, er að vísu hægt að segja, að svíkja megi inn vöru í skjóli strigans, en sú mótbára er ekki rjett.

Ef rjettilega er að gáð, þá gildir sama um striga og ýmsar aðrar vörur, samkvæmt breytingu á vörutollslögunum 2. nóv. 1914, eins og um tóma poka og strigaábreiður.

Jeg þykist samt vita, að sagt muni verða, að vefnaðarvöruverslunum sje í lófa lagið að gefa upp vefnaðarvöru sem striga, og þær muni gjöra það, ef tollur á striga verði lækkaður. En eins og bent er á í erindinu, þá er striginn mest megnis fluttur inn frá einu landi og fluttur til ákveðinna manna, þ. e. útgjörðarmanna; og ef vefnaðarvöruverslanir gæfu upp striga svo um munaði, þá er hægurinn hjá að aðgæta, hvort þær í raun og veru fengju svona mikið af striganum, og ef um svik væri að ræða, þá hlytu þau þannig að komast upp. Þetta eftirlit er auðvelt að mínu áliti.

Jeg vona að háttv. deild fallist á, að hjer er ekki einungis um sanngirniskröfu að ræða, heldur sje þetta og nauðsynlegt til að koma lögunum í samræmi við sjálf sig.

Björn Kristjánsson: Það er afar leiðinlegt, hversu oft er reynt að breyta slíkum lögum sem þessum. Eins og menn muna, komst þetta ákvæði inn í vörutollslögin 1913 fyrir harðfylgi hv. þm. Dal. (B. J.); strigi og segldúkur voru sett í 2. flokk. Jeg færði rök fyrir því á þinginu 1914, að þetta væri brot á grundvelli laganna. Það liggur í því, sem háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) tók ekki fram, að það er önnur fragt á striga og segldúki en venjulegum vefnaðarvörum, 2 kr. fyrir 100 pd. af striga, en 3 kr. 50 a. fyrir aðrar vefnaðarvörur. Þess vegna er það, að kaupmenn freistuðust til að búa um með segldúk og striga t. d. »molskinn«, ljereft og stumpasirs, til þess að spara sjer flutningsgjald, og enn meiri yrði freistingin, ef þeir líka gætu sparað toll við það. Þannig yrði hægt að fara í kringum lögin, ef annar tolltaxti er látinn gilda um segldúk og striga en þessar vörur, sem jeg nefndi, og þær því gefnar upp sem strigi á tollskránum. Af því að lægri fragt er á striga og »Hessian», er hætta á þessu, og eftir að jeg upplýsti þetta á þingi 1914, fjellust menn á þetta og urðu einróma á sama máli.

Viðvíkjandi því, er háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) hjelt fram, að í hvert sinn, sem umbúðir kæmu hingað endursendar, væru þær tollaðar, þá er það rangt, að jeg hygg. Umbúðir eru ótollaðar, eftir því sem mig minnir, svo ef það kemur fyrir, að tollur er lagður á þær, þá er það viðkomandi mönnum sjálfum að kenna, ef þeir greiða toll af þeim. Í lögunum stendur skýrt og ótvírætt, að toll skuli að eins greiða í fyrsta skifti af þeim, en ekki oftar. Sje þetta þó einhverjum misskilningi undirorpið, þá þyrfti að eins að breyta því, en ekki öðru, því að nýjan striga verður að tolla á sama hátt og aðra vefnaðarvöru. Jeg get því verið með slíkri breytingu.

Jeg efast ekki um, að háttv. deild muni halda fast við skoðun sína á þessu frá þinginu 1914. Jeg held líka, að menn munaði ekki mikið um þetta, því að »Hessian« er mjög ljett í vigt, borið saman við aðrar vefnaðarvörur.

En hitt er alveg rjett, að æskilegt væri að breyta lögunum þannig, að brúkaðar umbúðir væru tollfrjálsar, ef mig rangminnir, að þær sjeu það. Mætti þá laga það við 3. umr.

Sveinn Björnsson: Jeg hefi ekki

sannfærst af ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um að frumv. sje brot á grundvelli laganna. Ef breytingin yrði gjörð, þá er það auðvitað, að menn gætu freistast til að hafa svik í frammi, en þannig væri um flest lög. Það er eftir farmskránum, sem á að gjöra eftirlitið einfaldara, en þá er farið eftir þyngd og umbúðum. En nú er það, að ýmsar vefnaðarvörur, sem hár tollur hvílir á, eru fluttar í kössum. Jeg hefi tekið svo eftir, að þeir kassar væru líkir kössum, sem pappír er fluttur í, en pappírinn er tollfrjáls, því væri alveg eins hægt að kalla vefnaðarvöru pappír, eins og t. d. »Hessian«. Það verður aldrei komist hjá því, að hægt sje að svíkja toll, ef menn vilja það við hafa, þrátt fyrir ákvæði vörutollslaganna.

Þegar það er viðurkent, að ósanngjarnt sje að tolla striga og segldúk svona hátt, þar sem það er notað til umbúða, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en ganga megi inn á þessa lítifjörlegu breytingu.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að »Hessian« væri hlutfallslega ljett, borið saman við aðra vefnaðarvöru; en útgjörðarmenn fullyrða, að strigi sje hlutfallslega þyngri í vigt, og þegar umbúðirnar koma aftur, þá eru þær sex sinnum þyngri en í fyrsta skifti.

Sem sagt vænti jeg þess, að háttv. deild samþykki þessa breytingu. En um það, er mjer skildist á háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að varan væri tollfrjáls, er hún væri endursend, skal jeg athuga, að það er ekki rjett. En úr því hann telur rjettlátt, að slík vara sje tollfrjáls, mun jeg ef til vill fá tækifæri til að taka það til greina síðar.

Björn Kristjánsson: Jeg ætla að eins að athuga það viðvíkjandi ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), þar sem hann sagði, að fara mætti í kring um lögin með því, að gefa upp vefnaðarvöru, sem flutt væri í kössum, sem sem pappír. Það er alveg rjett. En þetta er einmitt eitt dæmið um skemd á lögunum, sem komst inn í þau, er þingmenn, er ókunnir voru grundvelli þeim, sem lögin byggjast á, fóru að grauta í þeim 1913. Upphaflega var engin undanþága gjörð í lögunum um pappír, en þingið hefir síðan skemt þau í þessu tilliti. Pappír átti ekki að gjöra tollfrjálsan; einungis *prentpappír* átti að vera það, sem alt af má þekkja, vegna umbúða hans, en svo fórst þinginu óhönduglega, að það gjörði allan pappír tollfrjálsan, jafnvel skriffönginn líka. Þetta sýnir því, hversu varhugavert það er, að breyta lögunum á þingi án umhugsunar.

En jeg vil óska þess, að þingið breyti ekki lögunum um þetta atriði eins og brtt. fer fram á, en gjöri brúkaðar umbúðir tollfrjálsar. Þá er hægt að hafa trygt eftirlit á vörunum, þar sem þær standa á farmskrá.

Guðmundur Eggerz: Jeg vil að eins skjóta því til háttv. nefndar, að síðan vörutollslögin voru samþykt á þingi 1912, hafa á hverju þingi frá því verið gjörðar breytingar á þeim. Þetta er orðið mönnum, sem lögin eiga að nota, til mjög mikilla óþæginda. Kaupmenn og ýmsir aðrir kvarta yfir því, að löggjöfin sje komin í smá búta og því erfitt að átta sig á, hvað sjeu gildandi lög.

Jeg vil því beina þeirri ósk til háttv. nefndar, að hún annist um, að öllum breytingum, er á vörutollinum hafa orðið, verði safnað í einn texta. Háttv. nefnd ætti að athuga þetta, því að þetta er ekki þýðingarlaust spursmál.

ATKVGR.:

Brtt. 71 tekin aftur.

Brtt. 193 feld með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Jóhann Eyjólfsson,
Skúli Thoroddsen,	Þjetur Jónsson,
Sveinn Björnsson.	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stef. Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.
	Þór. Benediktsson.

Guðm. Hannesson, Hannes Hafstein, Jón Jónsson og Matth. Ólafsson greiddu ekki atkv., og voru taldir til meiri hlutans.

Fjarstaddir voru þeir Hjörtur Snorrason og Jón Magnússon.

Frumv. samþ. með 16 atkv. samhlj. og afgreitt til Ed.

(A. 220).

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlengingu á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45 sama dag,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 342).

Á 40. fundi í Nd. mánudaginn 23. ágúst, var frumv. tekið til einnar umr. (A. 342, n. 360).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 501).

---

15. Sparisjóðir.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sparisjóði (A. bls. 107—114).

Á 4. fundi í Nd., mánudaginn 12. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Bæði 1913 og 1914 lá frumv. um sparisjóði fyrir þinginu. En svo fór í bæði skiftin, að það var ekki afgreitt þaðan sem lög. Það var ekki vegna þess, að þingið teldi ekki nauðsynlegt að setja lög um eftirlit með sparisjóðum, og ýmsar tryggingarráðstafanir þeim viðvíkjandi, heldur vegna þess, að menn komu sjer ekki saman í ýmsum atriðum, hvernig því skyldi hagað.

Þegar jeg tók við stjórninni, var frumvarpið fullbúið, og þó að jeg væri í fyrra ekki samþykkur frumv. því, sem jeg nú legg fram, í öllum atriðum, taldi jeg sjálfsagt að leggja það fyrir þingið.

Um ýms atriði frumvarpsins hefi jeg því óbundnar hendur, jafnvel þótt það sje stjórnarfrumv.

Jón Magnússon: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd að umr. lokinni.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 15 shlj. atkv.

Kjörnir voru í hana með hlutfallskosningu þeir:

Guðmundur Eggerz,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Björn Hallsson,
Guðmundur Hannesson.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. bls. 107—114; þgskj. n. 97, 149 og 155).

Forseti: Jeg skal geta þess, áður en umræður um þetta mál hefjast, út af aðferðinni, sem við þetta frumvarp hefir verið viðhöfð, að komið hafa fram frá tveimur klofningum nefndarinnar 7 breytingartillögur frá hvorum, sem allar eru samhljóða að efni og orðfæri. Þar sem þetta virðist ekki geta verið málinu til neins gagns, en að eins lengja skjalapart þingtíðindanna að óþörfu, þá vildi jeg mælast til þess við hv. þingmenn, að slíkt komi ekki fyrir eftirleiðis.

Framsögum. (Guðm. Hannesson: Jeg get verið stuttorður um þetta mál. Jeg býst við, að skoðanir manna á aðalatriðum þessa frumv. sjeu þegar ákveðnar, svo að löng ræða hafi ekki mikla þýðingu.

Samkomalagið í nefndinni hefir eins og fyrri reynst afar bágborið. Nefndin hefir klofnað í þrent, þrátt fyrir allar samkomulagstilraunir.

Fyrir okkur háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) vakti það aðallega, að ólíklegt væri, eftir allar stælurnar um þetta mál á seinasta þingi, að frv., sem viki í nokkru verulegu atriði frá því, sem samkomulag varð að lokum um á seinasta þingi, næði nú fram að ganga. Þetta er því ólíklegra, þar sem allir þm. eru þeir sömu og í fyrra. Breytingar þær, er við viljum gjöra, eru litlar, snerta engin aðalatriði, en eru þó að okkar áliti til bóta. Í fyrra virtist samkomulag um það, að eitthvert eftirlit yrði að vera með sjóðunum, og skyldi stjórnarráðið láta athuga *nokkra* þeirra árlega. Þetta ákvæði virtist okkur nokkuð ónákvæmt og höfum við því stungið upp á því, að stjórnarráðið skyldi láta athuga alt að 5 sjóði árlega. Aðalatriðið er auðvitað það, að *allir sparisjóðir geta búist við eftirliti á hvaða tíma sem er.* Auk þessa aðhalds að sparisjóðsstjórnendum, þá gefur þetta jafnframt þeim mönnum, sem óánægðir kynnu að vera með stjórn einhvers sparisjóðs, tækifæri til þess að fá málið athugað, með því að gefa stjórnarráðinu vísbendingu í þá átt.

Þá er eitt atriði í frumvarpi stjórnarinnar, sem jeg get ekki skilið, að verði til bóta. Það er ákæðið um að varasjóður sje hafður í verðbrjefum. Í fyrsta lagi er það nokkuð teygjanlegt, hvað liggur í orðinu verðbrjef, og enn fremur er reynsla fengin fyrir því ytra, að sjóðirnir hafa oft beðið svo mikið tjón af því, að hafa varasjóð sinn í verðbrjefum, að þeir hafa verið neyddir til að stofna sjerstaka varasjóði, til þess að bæta upp tjónið af »kurs«-falli verðbrjefanna. Hjer á landi er heldur ekki hægt að búast við því, að fljótfært sje að koma verðbrjefunum í handbært fje. Jeg hygg því, að það mundi reynast heppilegra, að leggja fjeð inn á innlánsskírteini, svo að hægt sje að losa það, þegar þörf gjörist, miðað við venjulegar inn- og útborganir.

Jeg ætla ekki að tala mikið um hin nefndarálitin, sem fram hafa komið. Að eins skal jeg geta þess viðvíkjandi brtt. á þgskj. 155, að jeg taldi það í fyrra

vafalaust, að minni hætta væri á því, að litlu sparisjóðirnir þyrftu eins eftirlits með og hinir stærri. Þess vegna vildi jeg þá takmarka eftirlitið, svo að það næði að eins til þeirra sjóða einna, er næmu 100 þús. kr. eða meira. Jeg býst nú við, að jeg líti eins á þetta mál nú. Þó hefi jeg nýlega lesið um það í útlendu tímariti, að við rannsókn á enskum sparisjóðum hafi það komið í ljós, að þörfin hefði reynst talsvert meiri á því, að rannsaka hina smærri sjóði. En raunar býst jeg ekki við, að þessi niðurstaða hafi mikla þýðingu fyrir íslenska sparisjóði, vegna þess að útlendir sparisjóðir hafa svo margfalt meira fje til umráða, og t. d. $^1/_2$ miljón kr. sjóður mundi kallaður lítill þar.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á nál. háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) á þgskj. 149, þar sem það er talið óvarlegt, að sparisjóðsstjórnendur megi sjálfir taka eða ábyrgjast lán í sínum sparisjóði. Flestum held jeg hafi þó þótt þetta hart, ef þeir setja til tryggingar fasteign með 1. veðrjetti, og það, sem gjörði, að við fjellumst á þetta, var bæði það, að við töldum það hættulaust, þegar svo væri um búið, sem mælt er fyrir í brtt., og eins hitt, að okkur þótti það ósanngjarnt, að stjórnir sparisjóðanna, sem vinna verk sitt í þeirra þarfir fyrir ekki neitt, skuli einar vera alveg útilokaðar frá því, að fá nokkur lán úr þeim.

Hjer rakst jeg á dálítið í þgskj. 149 á bls. 3. Þar er sagt, að sögur berist af einum sjóði, er sagt sje, að sje tæpt staddur. Jeg veit ekki hvað satt er í þessu, og vona að það sje orðum aukið. En mjer datt í hug í þessu sambandi, að vert sje að hugsa út í það, að í löggjöf Frakka er lögð ströng hegning við því, að ófrægja sparisjóði. Og þegar þetta mál liggur nú fyrir hjer þing eftir þing, og það getur ekki orðið án þess, að svona sögur beri á góma, þá virðist það í mesta máta æskilegt, að það gæti lokist á þessu þingi, svo þingið að minsta kosti yrði ekki til þess að ófrægja sparisjóði vora ár eftir ár.

Guðmundur Eggerz: Mjer virtist svo, sem hæstv. forseti væri að setja ofan í við okkur fyrir það, að tillögurnar á þgskj. 155 væru svipaðar og þær á þgskj. 149, og vil jeg ekki taka því þegjandi, þótt það komi úr forsetastóli, því að þetta er ekki rjettlát aðfinsla. Þegar við, háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) og jeg, vorum að semja brtt. okkar, þá hugsuðum við okkur að skírskota til þgskj. 97, því að þar er sama efni í sumum greinunum og á þgskj. 155, en hins vegar er mismunur á sumum greinum. Við sáum því, að tilvísunin í þgskj. 97 mundi hafa verið villandi við atkvæðagreiðslu, og hættum þess vegna við hana. Jeg veit að hæstv. forseti er svo sanngjarn maður, að hann sjer það nú, að þetta var óþarfi af honum. *(Pjetur Jónsson:* Það var það ekki.) Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) þekkir þetta ekkert og botnar ekki í svo margbrotnu nál. sem þetta er.

Jeg mun nú sjálfsagt verða stuttorður í þessari fyrstu ræðu minni. Nefndarálit okkar er ítarlegt, og jeg get látið mjer að mestu nægja að skírskota til þess. Þó vildi jeg segja örfá orð um brtt.

Fyrsta brtt. er við 12 gr. Þar leggjum við til, að felt sje burtu ákvæðið um að bóka lánssynjanir. Okkur finst það vera óþarfa skrffinska, að vera að bóka það í hvert sinn, sem maður kemur og biður um 25 eða 50 kr. víxillán og fær ekki neitt, enda hugsa jeg að það sje mönnum oft nógu bagalegt, að láta neita sjer um lán, þótt

ekki verið að skrásetja það líka, að þeim hafi verið neitað.

Þá er brtt. við 13. gr. Jeg skal taka það fram, að þótt við hefðum kosið að láta hana og 17. gr. óhreyfðar, þá er okkur það ekki kappsmál. Við höfum bæði nú og fyrr teygt okkur sem lengst við gátum til samkomulags. Enn er brtt. við 21. gr. Þar stendur í frumv. stjórnarinnar, að stjórnarráðið ákveði o. s. frv., ef sparisjóður legst niður. Okkur þótti eðlilegra að sýslunefnd eða bæjarstjórn gjörði það..

Þá kem jeg nú að aðalbrtt. við 22. og 23. gr., eða þessum alkunna eftirlitsmanni. Því hefir verið haldið fram, að ef honum sje slept með öllu, þá sje þetta frumv. þýðingarlaust. Þetta getum við ómögulega fallist á. Menn verða að gæta þess, að hingað til hefir því verið svo varið, að engin lög hafa verið til um fyrirkomulag sparisjóðanna hjer á landi, því að þótt til sjeu lög frá 1874, sem að eins heimila stjórninni að veita sparisjóðum viss hlunnindi, ef þeir sækja um þau, þá er það sama og ekkert. Þeim ber engin skylda til að sækja um þessi hlunnindi, og engin nánari ákvæði eru til um skipulagið.

Hvað sem umsjónarmanninum líður, þá er þó hjer í þessu frumv. farið fram á það, að koma á föstu lögskipuðu fyrirkomulagi við sparisjóðina, og í því álítum við að sje út af fyrir sig meiri trygging en í umsjónarmanninum. Hjer koma fyrirmæli um það, hvernig bókfærslunni skuli hagað og fyrirmyndir af öllum skjölum o. s. frv., og alt verður þetta eins um land alt, og skýrslur verða sendar til stjórnarráðsins um rekstur sjóðanna, svo að það getur alt af haft þar hönd í bagga með. Þegar búið var að skrifa nefndarálitið, var spursmál, hvort ekki væri rjettast, úr því að við gátum ekki orðið samdóma um umsjónarmanninn, að fella þá alt það drasl í burtu og koma svo með sjerstakt frumv. um eftirlit með sparisjóðunum. Þá hefði mátt rífast um umsjónarmanninn, en við leggjum áherslu á það, að þetta frv. sje gott og gagnlegt, hvort sem hann verður nokkur eða enginn.

Það er alls ekki rjett, sem stendur hjer í einu nefndaráliti á þgskj. 149, að við álítum alt eftirlit óþarft. Jeg fullyrði einmitt, að við álítum báðir mjög nauðsynlegt, að það sje trygt. En þó að einn maður sje látinn ferðast um alt landið í því skyni og honum borguð fyrir það 1200 kr. laun á ári, þá álítum við, að það eftirlit myndi verða lítils virði. Fyrst og fremst fengist nú ekki nema ungur og óreyndur maður fyrir þessi laun, og svo myndi hann ekki tolla lengi í stöðunni, og væri það mjög óheppilegt, ef ekki gegndi henni sami maður í mörg ár, heldur sífelt nýr og nýr, óreyndur maður og ókunnugur. Samt höfum við nú, til þess að reyna að mæta þeim á miðri leið, sem láta sjer líka stjórnarfrumvarpið, gengið inn á það, að stjórninni skuli vera heimilt að hafa eftirlit sjerstaklega með sjóðum, er nemi 100 þús. kr. eða meira, og láta bankafróðan mann athuga þá. Við vitum, að til eru hjer á landi 3 eða 4 sparisjóðir svo stórir, og ef gengið er inn á þetta eftirlit með aðalsjóðunum, þá er ekki hægt að segja, að við höfum kastað öllu eftirliti burt. Ef stjórnin vildi, og það kæmi í ljós við rannsóknina á þessum sjóðum, að frekara eftirlit þyrfti, þá er hægur hjá að koma með frumv. í þessa átt, hve nær sem er, en meðan það er ósannað, getum við ekki teygt okkur lengra en þetta til samkomulags. Og ef jeg man rjett, þá var líka háttv. framsögum (G. H.) þessu meðmæltur um eitt skeið á þinginu í fyrra. Það má segja, að þetta stærðartakmark á sjóðunum, 100 þús. kr., sje af handahófi, en einhvers stað-

ar verða takmörkin að vera, og að skipa mann til eftirlitsins með svona lágum launum, er alveg þýðingarlaust.

Matthías Ólafsson: Jeg hefi ekki verið svo heppinn, að fá nokkurn af háttv. meðnefndarmönnum mínum með mjer, svo að jeg ræ hjer einn á báti.

Afstaða mín byggist aðallega á því, að jeg vil að sparisjóðirnir leiki við sem lausastan taum. Ef þeir gjöra það, hafa að nokkru leyti bankastörf á hendi, þá leiðir af því, að eftirlitið með þeim þarf jafnframt að vera þeim mun tryggara, en þar álít jeg, að hinir aðrir hlutar nefndarinnar hafi ekki viljað búa nógu vel um hnútana.

Þegar jeg lít á nefndarálit þeirra, þá get jeg ekki sjeð, hver bót ætti að vera að þessu frumv., eins og þeir vilja hafa það, önnur en samræmi í bókfærslu og skjalaformi. Auk þess hafa margir sparisjóðir þegar áður komið á hjá sjer slíkri reglu, svo að breytingin yrði sama sem alls engin frá því, sem nú er.

Annars skal jeg ekki vera langorður um ástæður þeirra. En þar sem þeir segja, að stofnendur sjóðanna sjeu víða á lífi enn, þá er engin trygging í því til frambúðar. Þeir góðu menn deyja áður en langt um líður.

Brtt. við 7. gr. er mjer þyrnir í augum. Áður var það regla, án þess að löggjöf eða landstjórn hefði þar nokkur afskifti af, að stjórnir sparisjóða gætu engin lán fengið úr sínum sjóði, og það er töluverð trygging í þessu. Nú vilja tveir af háttv. meðnefndarmönnum mínum leyfa sparisjóðastjórnendum þetta, ef þeir geta fengið $^2/_3$ hluta viðstaddra atkvæða með því og sett bara eitthvert fasteignarveð fyrir láninu, en sjálf á stjórnin að ákveða, hvernig veðið er. Það sjá allir, að þetta gefur betra tækifæri en áður var, til þess að koma við fjárglæfrum. Setjum nú svo, að ábyrgðarmenn einhvers sparisjóðs sjeu 21 að að tölu, og 14 af þeim mæti á aðalfundi. Ef stjórnin fær nú 8 af þeim til þess að heimila sjer lántöku, þá getur hún eftir þessu fengið alt handbært fje sjóðsins að láni með samþykki þessa eina rúma þriðja hluta ábyrgðarmannanna. Og hugsast gæti það þó, að í ráði væri að nota það fje í talsvert áhættumiklar »spekúlatiónir«. Jeg hefði ef til vill getað fallist á það, að heimila stjórnendum lán, ef það hefði verið takmarkað, hve mikill hluti sjóðsins það mætti vera, og heimtað að allir ábyrgðarmenn samþyktu, eða að minsta kosti $^2/_3$ hlutar þeirra; þá hefði jeg álitið þetta nokkurn veginn trygt.

En sjerstaklega skiftir þó máli um aðaleftirlitið, sem gjört er ráð fyrir í frumvarpi stjórnarinnar og framkvæma á af hennar hálfu. Jeg tel að það myndi verða stórum mun tryggara með því, að hafa til þess einn vissan mann. Aðrir vilja nú, að stjórnin fái bankafróðan mann til að líta eftir þessum þrem eða fjórum sjóðum, sem eiga 100 þús. kr. og þar yfir. Nú hefir háttv. framsm. þess hluta af nefndinni (G. H.) komist að því, að sú reynsla er fengin erlendis, að litlu sjóðunum er engu síður hætt en hinum stærri, og það er líka eðlilegt. Stærri sjóðirnir hafa ráð á betri mönnum og mega fremur við skakkafalli en hinir. Í nefndaráliti á þgskj. 155 er því haldið fram, að ekki myndi vera mikið varið í ókunnugan mann til þessa starfa. Vitanlega yrði hann ókunnugur þegar hann byrjaði, en með því að þetta yrði föst staða, þá yrði hann það ekki allajafna, nema hann væri þá gjörsamlega óhæfur. Hann yrði einmitt smám saman kunnugri starfsemi sparisjóðanna en nokkur annar maður á landinu.

Um það ráðið, að fá bankamanninn, er það að segja, að óvíst er að hann fáist framvegis. Bankastjórar Landsbankans, sem nú eru, segja jú, en það nær ekki langt fram í tímann. Ef bankastjórarnir eiga að ráða yfir mönnum sínum, þá er ómögulegt að neyða þá til að lána þá, og það er óvíst, að næsta bankastjórn vildi gjöra það. Hún gæti alt eins vel sagt sem svo, að hún hefði nóg að gjöra handa sínum mönnum og vildi alls ekki lána þá. Allra síst er nokkur trygging í þessu fyrir því, að sami maðurinn hefði þá starfann á hendi ár eftir ár.

Jeg legg það til, að þetta frv. sje samþ. eins og það kom frá háttv. stjórn, með þeim breytingum einum, sem er að finna á þgskj. 149. Jeg vil taka það fram, að um þetta mál hafa nú þegar fjallað þrír ráðherrar. Að vísu hefir núverandi hæstv. ráðherra ekki búið það undir þetta þing, en hann hefir þó ekki fundið ástæðu til að kippa umsjónarmanninum burt, þótt hann viti, að rifist hefir verið um það atriði undanfarið, og jeg er honum samdóma um það, að það sje eina heppilega leiðin, og jeg sæi ekki eftir því, þótt laun þessa umsjónarmanns væru hækkuð. En svo jeg tali í alvöru, þá sje jeg ekki betur en 3 þús. kr. ættu að vera nóg. 12 hundruð kr. fast og svo dagpeningar, 5 kr. á dag, þar sem jeg gjöri ráð fyrir, að maðurinn yrði meiri hluta ársins á ferðalagi.

Eitt er það, sem báðir háttv. meiri hlutar virðast hafa gleymt, og það er það, að þótt maðurinn væri fenginn til láns hjá banka, þá myndi hann eins fyrir því kosta eitthvað að öllu sjálfráðu, og það er hvergi tekið fram, að stjórnin megi verja neinu fje í þessu skyni.

Jeg legg nú þetta mál undir háttv. deild og vona, að hún sje búin að sjá það, eftir alt þetta þref, að annað hvort tjáir ekki að tefja tímann lengur með þessu, eða þá að það verður að samþykkja frumvarpið sem næst því, sem hæstv. stjórn hefir frá því gengið.

Stefán Stefánsson: Jeg get fyllilega tekið undir það með háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), að langar ræður um þetta mál hafi ekki mikla þýðingu, þar sem það hefir verið til meðferðar á undanfarandi þingum í mjög sviplíku formi og nú, og þar að auki allítarleg nefndarálit komin fram frá báðum klofningum nefndarinnar.

Það, sem jeg aðallega vil minnast á, er skipun umsjónarmanns með öllum sparisjóðum landsins, sem stjórnin hefir enn haldið fast við, þrátt fyrir alla þá mótspyrnu, er þetta ákvæði hefir mætt á undanfarandi þingum, og sem enn varð að verulegu ágreiningsefni í nefndinni.

Þegar um þetta mál hefir verið rætt á þingmálafundum út um land, í það minsta þar sem jeg þekki til, þá hafa þeir fundir verið því algjörlega mótfallnir, að einum manni yrði veitt slík yfirumsjónarstaða með öllum sparisjóðum landsins. Menn hafa enga trú á því, að á hann verði fremur að treysta en á ábyrgðarmenn og stjórnendur sjóðanna, sem bæði þekkja allra manna best til þeirra sjerstöku mála, og ræða þau með sjer nákvæmlega á hvers árs aðalfundi sjóðanna. Og það held jeg sje víst, að af þessu fyrirkomulagi, sem nú er, hafi ekki hlotist nein hætta eða nokkur verulegur skaði. Jeg held, satt að segja, að landstjórninni hefði legið nær að vinna eitthvað að þeim málum, sem skorað var á hana á síðasta þingi að leggja nú fyrir, með þeim þingsályktunartill., sem þá voru samþyktar hjer í deildinni. *(Sigurður Sigurðsson:* Ekki að leggjast á náinn.). Jeg er alls ekki

að leggjast á náinn með þessu, því hjer er hver maður með fullu fjöri. Jeg ætla annars ekki að fara neitt út í brtt. þær, sem fram hafa komið í klofningum nefndarinnar; einungis að halda mjer við þetta atriði um eftirlitsmanninn. Mjer getur ómögulega annað sýnst, en að eftirlit það, sem nú er, eigi að vera fullkomlega trygt, þar sem jafnaðarlegast munu valdir hinir ábyggilegustu menn hverrar sveitar í stjórn og þar að auki sitja allir ábyrgðarmenn sparisjóðanna á fundi einu sinni á ári og meta þar öll veð og allar tryggingar, hvort vafasamar sjeu eða ekki. Og menn verða vel að athuga, að það eru einmitt þessir menn, sem bera ábyrgðina, bæði siðferðislega og fjárhagslega. Og þegar nú svo er, að þessir menn, sem eru svo nákunnugir og varðar það svo afar miklu, að alt sje í sem bestu lagi, sjá ekki neitt athugavert, hvernig í ósköpunum á þá maður, sem kemur af öðru landshorni og ekkert þekkir til, að geta haft eftirlit með tryggingum og veðum, svo að vel megi fara? Mjer er að minsta kosti ómögulegt, og svo hygg jeg fleirum muni fara, að geta skilið hvernig þessi eftirlitsmaður getur, betur en þeir, metið, hvert tryggingargildi er í hverri jörð, sem veðsett er, eða um ástæður sjálfskuldarábyrgðarmanna fyrir hinum ýmsu útlátum. En alt slíkt kemur til álita á hverjum aðalfundi, því þar er lögð fram sundurliðuð skrá yfir allar tryggingar, hvort heldur eru jarðir eða aðrar fasteignir að veði, eða einstakir menn standa í ábyrgðinni, og með þessari nákvæmu athugun, þá er jeg alveg sannfærður um, að hver einasta samviskusöm sparisjóðsstjórn getur með þessu móti haft miklum mun tryggara eftirlit með hag sparisjóðsins, en ókunnugur eða lítt kunnugur eftirlitsmaður. Jeg vil ekki fara að lengja umræðurnar með því, að fara að tala um ýmsar þær smábreytingar, sem við minni hlutinn höfum lagt til; en með þessum eftirlitsmanni get jeg búist við, að stjórnin freistaðist oft til ónauðsynlegra og ástæðulausra endurskoðana, því sennilega mundi þessi umsjónarmaður sem allra lengst og mest vilja vinna að starfinu. En það eru sjaldnast tölurnar eða reikningsfærslan, sem ágreiningurinn verður um, heldur að eins tryggingarnar, hversu góðar þær sjeu.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) kvaðst hafa litið svo á í fyrstu, sem sjóðum, er næmu 100,000 kr. eða meira, væri auðsynlegra eftirlit en hinum smærri sjóðum, en komist síðar að því, að svo væri ekki, samkvæmt reynslu, er fengin væri í útlöndum. — Þótt þetta reynist þannig í útlöndum, þá sje jeg ekki, að þetta þurfi svo að vera hjer, vegna þess, að eftir því sem sjóðirnir eru stærri, eftir því er sviðið, er þeir ná yfir, stærra, og því hættara við, ef víðlendið verður mjög mikið, að stjórnendur verði ókunnugri tryggingum. Það væri þó sök sjer, að stjórnin hefði eftirlitsmenn við þá sjóði, þó þess þurfi ekki við hina smærri.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) kvað það ófært, að stjórnendur sjóðanna mættu fá lán úr þeim, þótt það væri gegn fasteignaveði, og það jafnvel þótt $^2/_3$ aðalfundar samþyktu, eða sæu því ekkert til fyrirstöðu. Jeg verð nú að líta svo á, sem þetta sje að eins örlítil eftirlátssemi, og óneitanlega nokkuð hart við þá búið, geti þeir ekki fengið lán úr sjóðnum gegn fyrsta veðrjetti í jörðum sínum; og mjer finst í fylsta máta ósanngjarnt, að drótta því að fundarmönnum, að þeir mundu sýna svo mikið hugsunarleysi, að þeir lánuðu gegn ótryggu veði, þótt stjórnendur ættu hlut að máli, og sýndu með því fjárglæfra, sem sjóðunum gætu orðið hættulegir. Þessi aðdróttun til

þeirra manna, sem mest og best sjá fyrir velmegun og framförum sjóðanna og öll ábyrgðin hvílir á, virðist mjer hrein óhæfa.

Jeg hygg nú, að jeg þurfi ekki að gjöra frekar grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, en vil að eins taka það fram, að það, að samþykkja eftirlitsmann með þeim sjóðum, er nema 100 þús. kr. eða meira, ber frekar að skoða sem samkomulagsatriði, en að jeg álíti það sjerlega nauðsynlegt.

Frsm. (Guðm. Hannesson): Áður en umræðum um þetta mál verður lokið, þá vil jeg leyfa mjer að benda þeim mönnum á, sem telja fastan eftirlitsmann svo nauðsynlegan, að samkv. breytingartillögunum á þgskj. 97 yrði eftirlitið töluvert eigi að síður. Landið er ekki svo stórt, að hætta sje á því, að ekki myndi berast til stjórnarinnar, ef misfellur væru stórkostlegar á einhverjum sparisjóðum eða stjórn þeirra. Og með þessu eftirliti, sem gjört er ráð fyrir, er stjórninni gjört mögulegt, að hafa alt það eftirlit, sem jeg álít að þörf sje á. Auk þessa, þá álít jeg óhugsanlegt, að bankinn eigi erfitt með að leggja til eftirlitsmann 2—3 mánuði á ári, ef honum er kunnugt um þá tilætlun, að hann eigi að gjöra það. Og jeg tel engan vafa á því, að til þess yrði valinn sá maðurinn, er best þætti hæfur til þess, af þeim mönnum, er bankinn hefir á að skipa, og sami maður hafður til þess ár eftir ár. Myndi það því fremur koma að notum, sem maðurinn myndi smám saman fá meiri og meiri áhuga á starfinu, er hann færi að fást við það. Þetta, er jeg nú hefi sagt er aðallega fyrir þá, sem telja eftirlitsmanninn nauðsynlegan. En að því er snertir hina, er vilja helst losna algjörlega við eftirlitið, þá virðist mjer ekki gott, að stjórnin geti ekkert að hafst, þótt hún heyri illar sögur af sparisjóðastjórnunum; geti ekki komist fyrir það, hvort þetta eru ástæðulausar kviksögur og rógur eða á rökum bygt, og þannig átt kost á að bera þær til baka, eða taki í taumana, ef með þarf. Jeg álít, að það sje varhugavert að breyta mikið frá frumvarpinu, sem samþykt var í neðri deild í fyrra, og hygg að það myndi tæpast verða mikið breytt til batnaðar. Jeg er þakklátur háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að hann hefir bent á, að fallið hefir á burt úr þgskj. 97 ákvæði um fjárveitingu í fjárlögunum til eftirlits; sjálfur hafði jeg ekki gáð að því. En eftir á að hyggja, nú þegar að jeg fer að gá að þessu, þá sje jeg að það stendur hjer, svo að þetta hlýtur að vera einhver misskilningur.

Sigurður Gunnarsson: Jeg stend upp út af því atriði í ræðu háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), er hann hjelt því fram, að hvergi úr kjördæmum landsins hefðu komið fram tillögur um þessi lög, er gengju í sömu átt og þetta. Jeg verð að leyfa mjer að mótmæla þessu, og skírskota jeg til þess, að tveir þingmálafundir í Snæfellsnessýslu ályktuðu, að æskilegt væri, að tillögur, er færu í sömu átt og þetta frumvarp, væru bornar fram á þessu þingi.

Þá heyrðist mjer og að háttv. þingm. teldi svo, að eftirlit með sparisjóðum væri nægilegt um land alt. Jeg verð nú að leyfa mjer að efast um það, að hann sje svo nauða-kunnugur öllu því, er lýtur að sparisjóðum, hvar sem er á landinu, að hann geti fullyrt þetta. Það verður að gá vel að því, að meira þarf til en að ráðvandir menn sjeu í stjórn sparisjóða. Það kemur svo afar margt til greina við það starf, að ráðvendnin ein er ekki einhlít. Og jeg verð að láta þá skoðun mína í ljósi, að mjer þykir harla ólíklegt, að alstaðar, í öllum hjer-

uðum landsins, sje þeim mönnum á að skipa, sem færir sjeu til stjórnarstarfa við sparisjóðina, svo að verulega vel megi við una. Og þarf þar alls ekki að koma nein prettvísi til greina. Og mikið má það vera, ef þeir háttv. þm., sem mest hamast á móti eftirlitinu, eru færir um að fullyrða að reglugjörðir sjóðanna sjeu einhlítar, einkum ef svo skyldi reynast, að þær sjeu meira og minna brotnar. Það getur verið ýmislegt áfátt við meðferð sjóðanna, þó að enn hafi ekki neitt slys hlotist af. Jeg verð að halda mjer fast við þá skoðun, er jeg hafði á síðasta þingi, sem fellur saman við það, að tillaga minsta hl. í þessari nefnd (M. Ó) nái fram að ganga. Jeg hygg, að það muni verða happasælast til frambúðar, og mikið er í húfi, ef illa fer, og því aldrei of varlega farið. Jeg mun ekki að þessu sinni fara að rekja allar þær ástæður frekar, er mæla með allsherjar eftirliti. Slíkt væri ekki til annars en að eyða tímanum, en jeg vona, að það megi vera öllum ljóst, að slíkt allsherjar eftirlit er nauðsynlegt.

Guðmundur Eggerz: Jeg hygg, að háttv. þm. Snæf. (S. G.) muni hafa misskilið orð hv. 2. þm. Eyf. (St. St.). Eftir því sem mjer skildist, þá talaði háttv. 2. þingm. Eyf. að eins um stjórn sparisjóða, að því leyti sem honum væri kunnugt, en alls ekki eins og hann væri því kunnugur alstaðar á landinu. Annars skal jeg geta þess, að sparisjóðanefnd sú, er sett var í fyrra, og sem jeg ætla að háttv. þm. Snæf. (S. G.) ætti sæti í, leitaði sjer upplýsinga eftir föngum um stjórn og eftirlit sparisjóðanna. Öll nefndin var sammála um það, að hvergi nokkurstaðar væri neitt verulegt ólag, nema í einum stað, og það var þó ekki einu sinni af því, að uppvíst væri um prettvísi, eða að tryggingar væru farnar forgörðum, heldur það, að sjóðurinn stóð inni í verslun.

Það er algjörður misskilningur hjá hv. þm. Snæf. (S. G.), ef hann heldur, að við, háttv. samnefndarmaður minn og jeg, er samferða höfum orðið í nefndarálitinu sjeum andstæðir því, að sparisjóðirnir sjer sem best trygðir. Það er svo þvert á móti. En við álítum, að frumvarpið, með breytingartillögum okkar, sje fulltryggilegt, og svo er það annað, að við viljum ekki að stofnað sje dýrt eftirlitsembætti, sem svo væri eintómt »humbug«. Því jafnvel þó að embættið yrði ekki launað nema með 1200 kr., þá myndi ferðakostnaður o. fl. bætast þar á ofan, svo að óhætt er að gjöra reikning fyrir 7000 kr. útgjöldum við þetta. Jeg vil undir engum kringumstæðum, að slíkt embætti sje stofnað að svo stöddu.

Það, sem meta þarf mest, er athugun á tryggingum og veðum, hvort þau sjeu ábyggileg, en slíkt getur ókunnugur maður ekki haft hugmynd um; hann þekkir ekki fasteignarveðin, og ekki heldur þá menn, er í ábyrgðum eru við sjóðina.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) efaðist um það, að víða á landinu væru til menn, sem væru færir um að stjórna sparisjóðum. Jeg vil leggja áherslu á, og slá föstum þessum ummælum háttvirts þingmanns, og biðja menn vel að athuga þau. Eftir því verður afleiðingin sú, að það ætti að banna mönnum að stofna sparisjóði. En mjer er þá spurn: Ef þeir menn, sem eru kosnir í stjórn, eins og nú er, eru ekki færir um að hafa hana á hendi, hvernig í dauðanum geta menn þá búist við því, að ókunnugur maður, sem kemur í sveitirnar svo sem einu sinni á 3—4 árum, sje fær um að kenna mönnum að stjórna. Jeg hygg að það sje lýðum ljóst, að í stjórnina eru ætíð valdir bestu menn hvers hjer-

aðs. Og án þess að gjöra minna úr eftirlitinu en nauðsynlegt er, þá skal jeg taka það fram, að mjer finst það harla einkennileg skoðun, að jeg ekki noti annað orð, sem virtist koma fram hjá hæstv. núverandi ráðherra, hjer á þingi í fyrra, að hann áliti að meiri hluti manna út um landið væru þjófar og bófar.

Jeg verð því að leggja til, að umsjónarmaðurinn, í því formi, sem hann er í stjórnarfrumv., verði feldur. Þeir, sem telja slíkan umsjónarmann nauðsynlegan, ættu heldur að stiga skrefið alveg út, og stofna fast embætti með 6000 kr. árlegum launum.

Sigurður Gunnarsson: Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) rangfærði dálítið ummæli mín í ræðu minni áðan, og dróg þar af leiðandi heldur djarflega ályktun út af þeim. Orð mín voru á þá leið, að jeg ímyndaði mjer, að til væru sparisjóðsstjórnir á þessu landi, sem ekki væru færar að stjórna sparisjóðum *svo að vel væri.* Það er sitt hvað, að stjórna einhvern veginn svo að fljóti, eða stjórna því svo að vel sje.

Það var að eins þessi athugasemd, sem jeg vildi gjöra.

ATKVGR.:

1., 2., 3., 4., 5. og 6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv,

Brtt. 97,1 (shlj. brtt. 155,1) feld með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Guðm. Eggerz,	Jón Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Jón Magnússon,
Jóhann Eyjólfsson,	Magnús Kristjánss.,
Skúli Thoroddsen.	Matthías Ólafsson,
Stef. Stefánsson,	Pjetur Jónsson,
Þorleifur Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Þór. Benediktsson.	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Sveinn Björnsson.

Eggert Pálsson greiddi ekki atkvæði, og taldist til meiri hl. Tveir þingm. fjarstaddir.

7., 8. og 9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 97,2 (shlj. brtt. 155,2) samþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Hannes Hafstein,
Bened. Sveinsson,	Jón Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánss.,	Magnús Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Matth. Ólafsson,
Guðm. Eggerz,	Pjetur Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Sigurður Eggerz,
Hjörtur Snorrason,	Sig. Gunnarsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Sveinn Björnsson.
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Eggert Pálsson og Einar Arnórsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

10. gr. svo breytt, og 11. gr. óbreytt samþ. með 15 : 2 atkv.

Brtt. 155,3 feld með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Arnórsson,
Jón Magnússon,	Guðm. Hannesson,
Pjetur Jónsson,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Hjörtur Snorrason,
Stefán Stefánsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Þorl. Jónsson.	Jón Jónsson,
	Matth. Ólafsson,

nei:
Sigurður Eggerz,
Sig. Sigurðsson,
Skúli Thorodnsen,
Sveinn Björnsson,
Þór. Benediktsson.

Eggert Pálsson, Bjarni Jónsson og Magnús Kristjánsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 97,3 samþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Hannes Hafstein,
Bened. Sveinsson,	Jón Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánss.,	Magnús Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Matth. Ólafsson,
Guðm. Eggerz,	Pjetur Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Sigurður Eggerz,
Hjörtur Snorrason,	Sig. Gunnarsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Sveinn Björnsson.
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Eggert Pálsson og Einar Arnórsson greiddu ekki atkæði, og töldust til meiri hlutans.

12. gr. svo breytt samþ. með 14 : 1 atkv.

Brtt. 97,4 a. feld með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Guðm. Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Hannes Hafstein,
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Magnússon,
Þorl. Jónsson,	Magnús Kristjánss.,
Þór. Benediktsson.	Pjetur Jónsson,
	Sig. Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Stef. Stefánsson,
	Sveinn Björnsson.

Eggert Pálsson, Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson, Hjörtur Snorrason og Matth. Ólafsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 149,1 (fyrri orðin) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 149,1 (seinni orðin) feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Sigurður Eggerz,
Matth. Ólafsson,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson,
Þór. Benediktsson.	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson.
	Þorleifur Jónsson.

Eggert Pálsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Brtt. 155,4 feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Hannes Hafstein,
Bened. Sveinsson,	Hjörtur Snorrason,
Bjarni Jónsson,	Jón Jónsson,
Einar Arnórsson,	Jón Magnússon,
Guðm. Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Guðm. Hannesson,	Matth. Ólafsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Pjetur Jónsson,
Sig. Sigurðsson.	Sigurður Eggerz,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Stef. Stefánsson,	Sveinn Björnsson,
Þorleifur Jónsson,	Þór. Benediktsson.

Eggert Pálsson, Björn Kristjánsson og Einar Jónsson greiddu ekki atkv.,

Brtt. 97,4 b. tekin aftur.

13. gr. svo breytt samþ. með 16 : 1 atkv.

14. og 15. gr. samþykt með 18 shlj. atkv.

Brtt. 97,5 a. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 149,2 — — 18 — —
— 97,5 b. — — 13 : 9 —

16. gr. svo breytt samþ. með 13 : 2 —

Brtt. 97,6 tekin aftur.

17. og 18. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 97,7 (samhlj. 155,6) samþ. með 14 : 6 atkv.

19. gr. svo breytt samþ. með 15 : 1 atkv.

Brtt. 97,8 (shlj. 155,7) samþ. með 15 : 7 atkv.

20. gr. svo breytt samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 97,9 (shlj. 155,8) feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Hjörtur Snorrason,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Jón Magnússon,
Guðm. Hannesson,	Magnús Kristjánss.,
Jóhann Eyjólfsson,	Matth. Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,	Pjetur Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Sigurður Eggerz,
Þorleifur Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Þór. Benediktsson.	Sig. Sigurðsson;
	Sveinn Björnsson.

Eggert Pálsson og Bjarni Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

21. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 155,9 (í stað 22. og 23. gr. komi ný 22. gr.) feld með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Arnórsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Guðm. Eggerz,	Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,	Jóhann Eyjólfsson,
Stef. Stefánsson,	Jón Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsron,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Eggert Pálsson og Björn Kristjánsson greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 97, síðasti töluliður (í stað 22. og 23. gr. ný 22. gr.) feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Guðm. Eggerz,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson,
Einar Jónsson,	Magnús Kristjánss.,
Guðm. Hannesson,	Matth. Olafsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Pjetur Jónsson,
Jón Magnússon,	Sigurður Eggerz,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Þór. Benediktsson.	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson.

Eggert Pálsson, Bjarni Jónsson, Einar Arnórsson og Hjörtur Snorrason greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

22. gr. feld með 13 : 9 atkv.

23. — — — 13 : 9 —

24.—30. gr. samþ. með 13 shlj. atkvæðum.

Fyrirsögn frumvarpsin samþykt án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 : 4 atkv.

Á 26. fundi í Nd. föstudaginn 6. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 206).

Frsm. (Guðm. Hannesson): Jeg ætla einungis að geta þess, að sparisjóðanefndin hefir ekki gjört neitt frekar við málið, síðan það síðast var hjer á ferðinni og ákvæðið um eftirlitsmann var felt. Ef málinu verður nú slept hjer úr Nd., þá gengur það til Ed., og má vel vera, að hún sjái þá eitthvað nýtt að leggja til í því efni. Tala jeg því ekki frekar um þetta að sinni.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt til Ed. — Fjórir þingmenn fjarstaddir.

(A. 247).

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um sparisjóði,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 489).

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var frumvarpið tekin til einnar umr. (A. 489, n. 494).

Framsm. (Guðm. Hannesson): Jeg sje ekki til neins að hafa miklar umræður um þetta mál. Það hefir áður verið rætt svo mikið hjer í deildinni.

Niðurstaðan varð sú hjer í háttv. Nd., að eftirlitið með sparisjóðunum var algjörlega felt burtu, og háttv. Ed. leit svo á, að ekki væri vert að taka það aftur upp. En hins vegar taldi hún frumvarpið gott og til bóta, því að með því væri sett fast fyrirkomulag á sparisjóðina.

Eina breytingu hefir þó efri deild gjört á frumvarpinu. Það var nefnilega svo ákveðið áður í frumvarpinu, að sjálfskuldarábyrgðarlán skyldi endurnýja á hverju ári. Þessum lánum hefir Ed. breytt í afborgunarlán, sem ljúkist á 10 ára fresti. Nefndin hjer í deildinni felst á að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það kemur frá Ed., og telur það til nokkurra bóta.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 535).

---

16. Vjelgæsla á gufuskipum.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt
Framvarpi til laga um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 189).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ág., var frumvarpið tekið til 1. umr.

Jón Magnússon: Jeg leyfi mjer að leggja það til, að þessu máli verði vísað til sömu nefndar og málinu næst á undan.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Tillaga um að vísa málinu til sjávarútvegsnefndar samþ. með 16 shlj. atkv., en hana skipuðu þeir:
Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Guðmundur Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Þór. Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 189, n. 283, 284).

Framsm. (Matthías Ólafsson): Jeg get verið stuttorður, því að jeg get skírskotað til nefndarálitsins á þgskj. 283. Nefndin hefir fallist á efni frumv., en þótti framsetning þess óþarflega flókin, og hefir því lagt til, að breytt yrði niðurröðun efnisins, eftir því sem breytingartillögurnar á þgskj. 284 fara fram á.

ATKVGR.:

1., 2. og 3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 284,1—15 allar bornar upp í einu lagi og samþ. með 16 shlj. atkv.

4.—13. gr. bornar upp í einu lagi, með áorðnum breytingum, og samþ. með 16 shlj. atkv.

14.—20. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkvæðum.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 323).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 16 shlj. atkv. og endursent til Ed.

(A. 357).

---

17. Atvinna við siglingar.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um atvinnu við siglingar,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 158).

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Matthías Ólafsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að vísa málinu til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umræðu með 18 samhljóða atkvæðum og til sjávarútvegsnefndar með 20 shlj. atkv., en hana skipuðu þeir:

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Guðm. Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Þór. Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 265, 266, 278).

Framsm. (Matthías Ólafsson): Eins og sjest af nefndarálitinu á þgskj. 265 og brtt. nefndarinnar á þgskj. 266, hefi nefndin leyft sjer að koma fram með allmerkar formbreytingar við frv., en engar efnisbreytingar. Nefndin taldi frumv. ekki vel fram sett, og leggur því til, að skifta því í flokka, og urðu því tilvitnanir að breytast. Hefi jeg svo ekki meira um þetta að segja, en vona, að menn skilji tillögurnar og geti áttað sig á þessu.

En því verð jeg þó við að bæta, að

komin er fram brtt. á þgskj. 278, og er hún úr hörðustu átt, sem sje frá formanni nefndarinnar (G. E.), og hafði hann raunar skrifað undir nál. með fyrirvara. Þar er lagt til, að fella úr 2. gr. frv., sem jeg með leyfi hæstv. forseta skal leyfa mjer að lesa upp. Hún hljóðar svo:

»Rjett til að vera formaður á íslenskum vjelbát eða þilskipi, 6—12 lestir að stærð, hefir sá einn, sem leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af yfirvaldi, um það:

a. Að hann þekki á áttavita.

b. Að hann þekki alþjóðareglur til að forðast ásiglingar.

Svo skal hann og sanna með vottorði læknis, að sjón hans sje ekki sjerstaklega áfátt, samkvæmt reglum, er stjórnarráðið setur.

Gegn þessum vottorðum fær hann skírteini frá yfirvaldi, er veitir honum rjett til að vera formaður á vjelbát eða þilskipi, 6—12 lestir á stærð.

Fyrir skírteini þetta greiðist ein króna, er greiðist í landssjóð«.

Menn hafa þá heyrt, hverjar kröfur eru gjörðar samkvæmt frv., til þeirra manna, sem trúað er fyrir 5—10 þús. kr. fjárhæð, og 4—6 mannslífum. Og þessi skilyrði vill nú háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) fella niður. Mjer er óskiljanlegt, hvernig menn, sem ráða vilja bót á slysförum, fara að koma með brtt. eins og þessa. Þetta eru þær allravægustu kröfur, sem hægt er að gjöra. Og mjer er sagt af sýslumanninum í Vestmannaeyjasýslu, að þar fái enginn bátur að fara á sjó, nema formaðurinn fullnægi þessum kröfum.

Formaður nefndarinnar óttast, að ekki væri hægt að fá formenn á bátana, og að þeir yrðu að standa uppi, ef þessar kröfur væru svo strangar. Vjer nefndarmenn vorum þó að reyna að koma honum í skilning um, að vel geti hver maður lært það, sem hjer er heimtað, á einum degi, svo framarlega sem hann hefði ekki verið fermdur upp á stóra-stýlinn í Balle, fræðin eða Faðir-vorið.

Sama athugasemd kom fram frá hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að hann bjóst við, að örðugleikar yrðu á því, að gjöra út báta um Ísafjarðardjúp. En svo hefir sagt mjer gagnkunnugur maður, sonur hans, Skúli S. Thoroddsen, að á þessu mundu engin vandkvæði verða.

Eins er það, að engir erfiðleikar ættu að vera á því, að fá vottorð, því að hvergi mun þurfa að fara lengra en hálfa dagleið eða svo, til þess að ná til siglingafróðs manns. Siglingafróðir eru menn kallaðir, þótt ekki hafi tekið próf. Fróðir eru kallaðir í daglegu tali menn, þótt ekki hafi próf tekið, t. d. ættfræðingar.

Meira hefi jeg ekki að segja, fyrr en tillögumaður hefir skýrt frá, hvað hann meinar.

Guðmundur Eggerz: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 278. Jeg var raunar fyrst í vafa um, hvernig ætti að taka ákvæðum 2. gr., en við nákvæma íhugun komst jeg að þeirri niðurstöðu, að ófært væri að láta hana standa.

Háttv. framsm. (M. Ó.) sagði, að allir formenn ættu að þekkja þessi skilyrði. Jeg ímynda mjer, að allir formenn þekki á áttavita, en hitt atriðið, alþjóðareglur um ásigling, efast jeg um að sje eins einfalt og háttv. framsm. (M. Ó.) telur það vera, því að það kemur væntanlega undir því, hverjar kröfur yrðu gjörðar.

Háttv. framsm. (M. Ó.) sagði, að hver maður geti lært þessar reglur á einum degi. Þetta getur ekki verið rjett. Jeg hefi hjer sönnunargagn fyrir mjer, reglur upp á 50 bls., og munu fáir svo gáf-

aðir, að þeir læri þær á einum degi og gangi síðan undir próf. Og alt annað er að taka próf í þessum efnum, eða hitt, að geta stýrt þannig vjelbát, að engin hætta stafi af. Jeg ímynda mjer að fæstir gætu fengið þenna undirbúning á skemmri tíma en viku eða hálfum mánuði. Það má segja, að þeir gætu lært þetta á vetrum, eða öðrum tíma, þegar þeir róa ekki. En setjum svo, að þeir hefðu fengið þenna undirbúning og gengju undir próf hjá siglingafróðum manni, þá er að athuga, hvað er skilið við siglingafróðan mann. Annaðhvort hlýtur hann að hafa próf frá stýrimannaskóla, eða eitthvert próf, sem því jafngildir. Afleiðingin er sú, að ekki er víst, að slíkur siglingafróður maður verði í hverju kauptúni, og gæti þá orðið langt að fara og kostnaðarsamt. En svo eru engar reglur um það, hvernig eigi að prófa. Slíkt gæti þá verið komið undir geðþótta hvers eins. Enn fremur er ekkert sagt um það, hver eigi að greiða kostnaðinn við prófin. Einhver yrði hann þó.

Hins vegar gæti sjómannastjettinni orðið bagi að þessu, t. d. formaður yrði veikur, eins og oft getur orðið, og enginn væri þá á bátnum til að stýra, og yrði þá ekki róið; en dýrir geta hlutirnir orðið fátækum að missa.

Af þessum ástæðum vil jeg fella úr 2. grein.

Jeg skal taka það fram, að bera hefði átt málið undir Fiskifjelagið og fiskideildir landsins.

Jeg skal þó geta þess, að 29. l. brtt. bætir mikið úr, þar sem ákveðið er, að þeir, sem nú eru formenn, þurfi ekki að taka próf.

Jeg get tekið dæmi til þess að sýna, hvaða gagn þetta ákvæði gjörir. Við skulum segja, að maður rói suður í Garði. Hreppstjórinn vill fá að vita, hvort hann hafi verið formaður áður; maðurinn svarar því játandi, og þá dettur hreppstjóranum ekki í hug að rekast meira í því. Þetta dæmi sýnir best, hvílíkt pappírsgagn í raun og veru 2. gr. er orðin, sbr. 29. lið brtt.

Jeg ætlaði að tala miklu meira um þetta mál, en bekkirnir eru nú sem oftar auðir hjer í þingsalnum, þegar mál sjómannastjettarinnar eru til umræðu. Jeg óskaði þess í byrjun ræðu minnar, að málið yrði tekið út af dagskrá sökum þess, að öll deildin er stödd inni í háttv. Ed., til þess að hlusta á umræður um brennivínsmálið.

ATKVGR.:

1. gr. samþykt með 13 shlj. atkv.

Brtt. 278 feld með 17 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Guðm. Eggerz,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Einar Arnórsson,
Skúli Thoroddsen.	Guðm. Hannesson,
	Hannes Hafstein,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Kristjánsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Fjórir þingmenn fjarstaddir.

Brtt. 266, 1.—15. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 266, 16 samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 266, 17.—23. samþ. án atkvgr.

3.—9. gr. svo breyttar hver um sig samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 266,24, fyrra atriðið, samþ. án atkvgr., en síðara atriðið samþ. með 15 shlj. atkv.

10. gr. svo breytt samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 266,25 samþ. með 16 shlj. atkv.

11. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 266, 25.—28. samþ. án atkvgr.

12.—18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 266,29 samþ. með 17 shlj. atkv.

19. gr. svo breytt samþ. með 16 shlj. atkv.

20. og 21. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 266,30 samþ. með 16 shlj. atkv.

22. gr. svo breytt og 23. gr. óbreytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. ágúst, var frumv. tekið til 3. u m r. (A. 312).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent til Ed.

(A. 340).

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 26. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um atvinnu við siglingar,

eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 540).

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. ágúst, var frumvarpið tekið til e i n n a r u m r. (A. 540, n. 608).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþykt með 14 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 657).

---

18. Seðlaauki Íslandsbanka.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóv. 1905 getur gefið út. (A. bls. 151—152.)

Á 3. fundi í Nd., laugardaginn 10. júlí, var frumv. tekið til 1. u m r.

Ráðherra: Þetta frumvarp er lagt fyrir háttv. deild samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar. Á þinginu 1914 lagði stjórnin fram frumv. í efri deild um heimild handa bankanum til að auka seðlaútgáfu sína. Þetta frumv. gekk í gegn um efri deild með allmiklum breytingum. Síðan var því aftur breytt í neðri deild, en er það kom til efri deildar á ný, var það felt, en jafnframt var samþykt þingsályktunartillaga um að skora á landsstjórnina, að bæta úr gjaldmiðilsskorti meðan á ófriðnum stæði.

Þetta frumv., sem hjer liggur aftur fyrir háttv. deild, er hið sama að efni til og hún afgreiddi í fyrra.

Jón Magnússon: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að þessu máli verði að umræðu lokinni vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var í næsta mál á undan.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj.

atkv. og til bankanefndar með 18 shlj. atkv., en þá nefnd sátu þeir:

Hjörtur Snorrason,
Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,
Sigurður Gunnarsson,
Jón Magnússon,
Jón Jónsson,
Þorleifur Jónsson.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók frv. út af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr.

Forseti tók frv. enn út af dagskrá.

A 35. fundi í Nd, þriðjudaginn 17. ágúst, var frv. loks tekið til 2. umr. (A. bls. 151—152; þgskj. n. 269 og 279, 280, 299).

Forseti: Áður en til dagskrár er gengið, skal jeg leyfa mjer að minna á, að í 41. gr. þingskapanna er svo fyrir mælt, að þegar dagskrá er eigi ákveðin eftir ályktun þingdeildar, geti forseti tekið mál út af dagskrá. En með því að það hefir valdið óánægju hjer í deildinni, hvernig forseti hefir beitt þessu valdi, vil jeg skýra frá, að eftirleiðis mun verða fylgt þeirri reglu, að mál, sem tími vinst til að ljúka við, verða ekki tekin út af dagskrá, nema annaðhvort eftir ósk aðalflutningsmanns eða formanns nefndar, er um málið hefir fjallað, ellegar að öðrum kosti samkvæmt atkvæðagreiðslu deildarinnar.

Að þessu mæltu hófust umræður um málið.

Framsögum. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Áður en jeg fer að tala í málinu, vil jeg benda deildarmönnum á, að nokkrar villur hafa slæðst inn í þingskjal það í þessu máli, er útbýtt hefir verið hjer í deildinni; nokkrar af öftustu tölunum eru ekki rjettar, en leiðust er prentvillan »seglaútgáfa« í stað »seðlaútgáfa«.

Eins og háttvirt deild veit, þá hefir nefndin klofnað í tvent. Vill annar hlutinn veita $^1/_2$ miljón króna, en hinn heila miljón. Íslandsbanki telur sig eiga rjettarkröfu til að gefa út svo mikla seðla, sem hann þarf, en meiri hlutinn lítur svo á, að hann hafi ekki rjett til að gefa út meiri seðla en $2^1/_2$ miljón. Nú hefir Íslandsbanki rjett til að gefa út ákveðna upphæð í 30 ár, og þó ákveðið sje, að enginn megi gefa út gjaldmiðil á þessum tíma, nema Íslandsbanki, þá felst ekki í því nein skuldbinding um að veita honum aukinn seðlaútgáfurjett; því fer svo fjarri, og er það því algjört samningsmál.

Eins og menn muna, eru nú liðin 11 ár síðan seðlaútgáfurjetturinn var veittur, og reynslan hefir sýnt, að lögunum um stofnun Íslandsbanka er í mörgu óbótavant, því að lögin voru gjörð alt of einhliða. Venjulega eru lagðar kvaðir á þá banka, er hafa safa seðlaútgáfurjett, en í stofnlögum Íslandsbanka er engin skuldbinding lögð á bankann um það, að veita landssjóði t. d. neitt lán, eins og flestir aðrir seðlabankar verða þó að gjöra. Stjórnin verður því háð bankanum, í staðinn fyrir að bankinn ætti að vera háður henni. Það er venja með alla seðlabanka, að landsstjórnin skipi æðstu stöðurnar, og auk þess nýtur ríkið ýmissa hlunninda; eru þau hlunnindi oft fólgin í því, að bankinn láni ríkinu fje fyrir lægri vexti en hann tekur af öðrum lánum. Það er reyndar ákveðið, að bankinn borgi dálitinn skatt, en það munar minst um hann. Og þegar nú Íslandsbanki biður um rjett, sem hann á enga kröfu til, þá finst mjer sjálfsagt, að þing og stjórn

gjöri kröfur í móti. Jeg ætla að nefna nokkrar af þeim kvöðum, sem hvíla á helstu seðlabönkum í Evrópu. Englandsbanki t. d. verður að lána ríkinu jafnmikið og seðlaútgáfurjetturinn nemur fyrir $2^1/_2$ %. Frakklandsbanki verður að lána ríkinu 180 miljónir franka, sem ekki eru afturkræfar á meðan seðlaútgáfurjetturinn stendur. Ríkisbankinn þýski verður að annast alla reikningsfærslu fyrir landið. Austurríkis- og Ungverjalandsbanki verður að lána landinu 60 miljónir marka rentulaust. Ítalíubanki er skyldugur að lána ríkinu 150 miljónir líra gegn 1% ársvöxtum. Noregsbanki er skyldur til endurgjaldslaust að hafa á hendi alla reikningsfærslu fyrir landið. Það verður Svíabanki einnig að gjöra, og enn fremur að lána landinu $1^1/_2$ miljón tryggingarlaust.

Úr þessu þarf nauðsynlega að bæta, auk þess sem heita má, að stjórnin hafi ekkert eftirlit með bankanum.

Af því að ekki hvílir nein slík skyldukvöð á bankanum, er stjórnin svo að segja í vösum bankans. Þetta leiddi til þess, að landið varð að taka dýrt lán (7%) á sama tíma, sem bankinn gat ekki ávaxtað sitt fje nema fyrir $4^1/_2$—5%. Og eins og jeg hefi áður sagt, er þetta einungis fyrir þá sök, að engin lagaskylda hvílir á bankanum gagnvart landinu til að veita lán, sem landið þarf að taka.

Hvað fjárflutningi frá útlöndum og til útlanda fyrir Landsbankann líður, þá hvílir engin skylda á bankanum þar um, hvorki hvað snertir flutning til eða frá landinu. Hann getur því tekið það sem hann vill fyrir það, og neitað að flytja fje, þegar honum sýnist.

Þá liggur það í augum uppi, að stjórn og þing gæti sett það upp, að hann fengi enga seðlaviðbót, nema hann leyfði, að Landsbankinn nyti þeirra að hálfu. Annars er þetta mál svo illa undirbúið, að ekki getur verið um að ræða, að veita Íslandsbanka þennan rjett að svo stöddu. Meiri hluti nefndarinnar hefir hallast að því, að veita bankanum $^1/_2$ miljón kr. aukningu á seðlafúlgunni um næsta fjárhagstímabil, í von um samkomulag á þeim grundvelli, en alls eigi af því, að hann telji það rjettmætt. En nú er sagt, að Íslandsbanka nægi ekki minna en heil miljón.

Hvað viðvíkur þeim kvöðum, sem hvíla á öllum seðlabönkum, þá hefir meiri hluti nefndarinnar ekki þorað að stynja því upp, að slík skilyrði yrðu sett, fyrr en hún heyrir undirtektir hæstvirts ráðherra og deildarinnar. Ástæðan fyrir því, að slík skilyrði eru ekki sett, er sú, að stjórnin ber sig að eins saman um þetta mál við Íslandsbanka. Nú hefir þó Landsbankinn einnig skyldur, að uppfylla viðskiftaþörfina. Eðlilegast að báðir bankarnir uppfylli viðskiftaþörfina. Jeg tala um þetta frá almennu sjónarmiði, án þess jeg líti á það, hvort ráðlegt væri að gefa út meiri seðla. Það væri ekki nema eðlilegt að hugsa sjer það, að ef Íslandsbanki er í þröng, þá sje Landsbankinn það líka, og rjettast sje að bjarga báðum; yfirleitt að sníða gjaldmiðilsfordæmn eftir þörfum beggja bankanna.

En eins og Landsbankinn verður að miða viðskifti sín við sitt starfsfje, eins ætti Íslandsbanki að geta miðað þau við það fje, sem hann hefir úr að spila. Landsbankinn getur ekki gefið út neina seðla, þó honum liggi á. Hvað veldur því, að þingið hugsar ekki um að útvega honum hálfa eða heila miljón, til þess að bjarga sjer í dýrtíðinni? Nei, hann verður að byggja á sínu veltufje, eins og það er. Og því getur þá ekki hinn bankinn gjört það líka? Og hvers vegna er umhyggjusemin að eins fyrir

þeim banka en engin fyrir landsins eigin stofnun?

Það er auðvitað, að þegar viðskiftin aukast, þarf meira veltufje en venjulega, og þá vitanlega minna starfsfje, þegar viðskiftin teppast. Bent hefir verið á það, að ófriðarríkin sjái sjer ekki annað fært en að gefa út seðla, vegna vaxandi gjaldmiðils þarfar, en svo er ekki; þeir eru gefnir út til þess að draga gull almennings inn í bankana. Eins og menn vita, er það ekki þjóðartap, þótt seðlar brenni, en hins vegar er það tap, ef gull fer alveg forgörðum, t. d. í hernaði. Það fyrsta, sem þingið hefði þurft að gjöra í fyrra, þegar stríðið skall á, var að *takmarka* seðlaútgáfuna, ef það hefði verið hægt, í staðinn fyrir að auka hana, svo meiri mynt rúmaðist í landinu. Ef hjer væri í umferð t. d. ein miljón í gulli í staðinn fyrir seðla, mætti kaupa nauðsynjar fyrir það, án þess að láta landið taka lán. Vöruþurfendurnir mundu koma með gullið sitt, sem fyrirframborgun, er þá skorti vörur; þá væri verðmæti til í landinu til að kaupa fyrir. Danska stjórnin gat ekki skorast undan að láta landið fá slíkt gull og hefði ekki heldur gjört það. Það hefðu átt að vera *fyrstu* bjargráða ráðstafanirnar að tryggja landinu gull. En í stað þess var heimilað að gefa út meira af seðlum, þó að bankinn ekki notaði þá. Og eins er farið að enn. Eflaust mun það vera talið af fjárþröng, að bankinn er nú byrjaður á að nota þennan rjett. En hvaða banki mundi vera svo óhygginn að nota ekki starfsfje, sem hann gæti fengið fyrir 2%, þegar hann getur ávaxtað það fyrir 6% eða meira.

Þjóðbankinn danski áleit 1902, að eigi mætti veita leyfi til að gefa hjer út meira af seðlum en $1^1/_2$ miljón. Hann hafði rjett fyrir sjer; hann ætlaði sem sje fyrir mynt í umferð. Samkvæmt rannsókn minni 1914, komu einar 10 kr. í landssjóð allt árið í löglegri gullmynt og í Landsbankann 3805 krónur í dönsku gulli. Þetta ætti að vera nægilegt til að sýna að landið er gjörtæmt af hreinni mynt, og að seðlarnir eru búnir að rýma nálega öllum verðmætum gjaldmiðli úr landi, en bankaskuldabrjef komin í staðinn, sem hvergi eru gjaldgeng, ef Danir komast í stríð, t. d. við Þýskaland, nema hjer innanlands.

Og fyrir hvað ætti landið þá að kaupa sjer vöruforða, ef samböndin heftust við Evrópu? Seðlarnir, sem verða nú alls $4^1/_4$ milj., ef einni miljón er nú við bætt, eru í því tilfelli einkis virði, nema til viðskifta *innan lands*. Enginn kaupmaður í Vesturheimi mundi taka seðlana, sem gilda borgun á vörum, ekki einu sinni með stór-afföllum.

Jeg verð að tala um helstu atriðin í þessu máli, því að það ríður á að menn fái sem bestar upplýsingar um það, sem upplýsa þarf. Og mjer finst það vera skylda mín, bæði sem þingmanns og bankastjóra, að upplýsa málið, eftir því sem mjer er unt.

Mjer hefir virst menn halda, að bankarnir megi gefa út eins mikið af seðlum og viðskiftaþörfin krefur. Þetta er alveg gagnstætt hugsun manna, er vit hafa á, í öðrum löndum. Þar er aukin seðlaútgáfa því að eins leyfð, að trygging sje fyrir því, að minsta kosti sje sjeð fyrir jafn miklu af mynt í umferð með meðal fólks, eins og seðlum, og er hún þá alt af ströngum skilyrðum bundin. Til þess að sýna það, að viðskiftaþörfin er ekki mælikvarðinn, nægir að vísa til samanburðar til skýrslu þeirrar, er nefndaráliti okkar fylgir. Þar sjest það, að í Englandi eru gefnir út seðlar, er nema kr. 10,85 á hvern mann í landinu, í Þýskalandi kr. 6,87, Austurríki kr. 5,25, Rússlandi kr. 4,33, Finnlandi kr. 4,57 og í Noregi kr. 14,36, en á Ís-

landi nú yfir 27 kr. á mann. Halda menn nú að *viðskiftaþörfin* sje minni í þessum löndum en hjer? Við skulum taka Noreg, þar sem hæst upphæð kemur á mann. Hann flytur hjer um bil jafn mikið út og við, en auk þessa eru þar miklu meiri siglingar og iðnaður en hjer. Samt eru Norðmenn svo varkárir, að þeir segja: »Meira má ekki gefa út, nema þess gjörist brýn þörf, og þá því að eins, að borgað sje 6% af þeirri upphæð, sem fer fram yfir það, sem trygt er«. Meðalvextir þar eru 5%. Það er þannig *dýrara* að nota seðla, en það getur samt komið sjer vel í fjárþröng. Þetta virðist mjer nóg, til þess að sýna það, að alment er ekki litið svo á, að viðskiftaþörfin sje mælikvarðinn fyrir seðlaupphæðinni, og allra síst að láta seðlaútgáfurjettarhafa ákveða, hvort þörfin sje fyrir hendi eða ekki.

Það hefir verið vitnað í England, og sagt, að þar væru tjekkar notaðir í stað peninga. En hvers vegna eru þeir notaðir svo mikið þar? Það er vegna þess, að tiltölulega er gefið svo lítið út af seðlum. Hjer höfum við nóg af þeim og höfum ekki þurft tjekka. Við ættum að mínu áliti að nota tjekka meira en við gjörum, og Landsbankinn hefir reynt að koma því á, að menn notuðu heldur tjekka, í staðinn fyrir að taka stórar fúlgur út úr bönkunum og senda út um land.

Hvað er það þá, sem veldur því, að löndin gefa ekki meira út af seðlum en þau gjöra? Ekki er það viðskiftaþörfin. Hún er þar meiri en hjer. Nei! Það er af því, þeir vita, að það er hættulegt. Það getur verið sama og að slá »falska mynt«. Annars er það undarlegt, hvað menn tala mikið um þessa viðskiftaþörf hjer. Vita menn hvað hún er mikil? Ef jeg gengi að hverjum þingmanni hjer og spyrði hann, hve mikil þörf hann áliti að væri fyrir hendi, þá býst jeg við, að fiestir svöruðu, að þeir hefðu ekki hugmynd um það. Ef þeir aftur á móti nefndu einhverja tölu, þá er jeg sannfærður um það, að þær yrðu jafn margar og þingmennirnir eru. Með öðrum orðum: Þeir hafa ekki hugmynd um það. Þetta sýnir, að þessi viðskiftaþörf er ekkert annað en slagorð. Þörfin fer mestmegnis eftir því, hvernig menn haga sjer í viðskiftum sínum. Einn notar of mikið fje, og fer því á höfuðið, vegna þess, að hann kann ekki með það að fara. Kútteraútgjörðir hjer á landi eru gott dæmi upp á þetta. Menn keyptu mikið af skipum, fengu þau fyrir gott verð og alt gekk vel fyrst framan af, meðan bestu sjómennirnir voru formenn, en af því skipunum fjölgaði of ört, voru teknir liðljettingar á skipin og útgjörðin tapaði. Það var boðið svo hátt í bestu mennina, að útgjörðin þoldi það ekki. Mestu dugnaðarmenn, vel stæðir, fóru á höfuðið. Það er hægt að nota of mikið af peningum. Það er sjálfsagt, að framleiðslan aukist, en hún verður að eflast hægt og hægt á eðlilegan hátt. Botnvörpuútgjörðin hefir gengið vel til þessa, en það getur svo farið, að menn auki hana of fljótt, neyðist til þess að taka viðvaningа á skipin, en við það fer alt á höfuðið. Okkur er það hollast, að framfarirnar gangi hægt, að eitt fyrirtækið fæði eðlilega annað af sjer með innunnum arði og bankarnir aukist af fje, sem þjóðin leggur upp.

Í Landsbankann hefir síðan á nýári safnast 700 þús. kr. í sparisjóð. Vitanlega liggur það nokkuð í því, að menn fá hærra verð fyrir afurðir sínar en áður, en það sýnir jafnframt, að menn eru ekki eins tæpir með fje og látið er.

Það er eins með bankana og fjelög eða einstaka menn. Þörfin fer eftir því hvernig þeir versla. Sje fje ódýrt, þá voga menn meira. Þeir geta grætt á

því, en geta líka farið á höfuðið. Það er svo margt, sem taka verður til greina, þegar verið er að ræða um gjaldmiðilslán til bankanna, bæði hvernig viðskiftunum er hagað, hvernig stjórnin er o. fl. o. fl.

Jeg skal svo ekki þreyta menn á lengri ræðu. Jeg þyrfti að segja talsvert meira, en sleppi því að þessu sinni. Jeg vil að eins taka það enn þá einu sinn fram, að meiri hluti nefndarinnar vill leyfa bankanum að halda þessari $^1/_2$ miljón í 2 ár, meðan líkur eru til að ófriðurinn haldi áfram, en hlýtur að mæla á móti aukningu, nema nýr samningur verði gjörður viðvíkjandi fyrirkomulagi bankans, viðskiftum hans við landið sjálft og Landsbankann.

Framsm. minni hl. (Jón Magnússon): Eftir niðurstöðu þeirri, er bæði meiri og minni hluti nefndarinnar hafa komist að, mætti halda, að nefndarhlutunum bæri eigi svo mikið á milli. Meiri hlutinn vill fallast á það, að Íslandsbanka sje heimiluð hálf milj. kr. seðlaaukning í 2 ár, en minni hlutinn ræður til, að veita 1 milj. kr. aukningu á sama tíma. Og hjer er að eins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, og það hlýtur að vera nokkurt álitamál, hvar setja eigi takmörkin fyrir útgáfu ógulltrygðra seðla og gjaldfrjálsra að meira eða minna leyti. Auðvitað er þetta nokkuð örðugra hjer á landi, með því að reynsla vor í þessum efnum er svo stutt. Samt virðist minni hlutanum það sannað með fullum rökum, að viðskiftaþörfin heimti nú mikla seðlaaukningu, áreiðanlega meiri en meiri hlutinn vill veita nú. Þörfin á seðlaaukningu var og viðurkend í áliti meiri hluta nefndarinnar í Nd. í þessu máli í fyrra. Síðan hafa komið fram órækar sannanir fyrir því, að seðlafúlgur bankanna hjer eru litlar, er bankarnir urðu að flytja inn meira en $^1/_2$ miljón erlendra seðla í fyrra. Það virðist minni hluta nefndarinnar auðsætt, að hljóti að vera mjög óheppilegt, að þurfa að nota erlenda seðla, sem þar að auki, eins og ástandið er nú í heiminum, geta verið ótryggari en seðlar banka hjer. Jeg legg að vísu ekki mikla áherslu á 2 % gjaldið til landssjóðs, þótt það sjeu líka peningar, en víst er um það, að landið hefir engar tekjur af erlendu seðlunum.

Það er í rauninni óþarfi að fara að deila um það, hvort æskilegt eða nauðsynlegt sje, að hafa mótaða peninga í umferð í landinu, jafnt seðlum eða frekar. Það er hætt við því, þótt reynt væri að spara, að hjer færi eins og reynslan sýnir alstaðar annarstaðar, og helst í þeim löndum, er viðskiftalífið er tryggara og fullkomnara í, eins og t. d. í Þýskalandi, að mótuðum peningum fækkar í stórum stíl í umferð, og það svo, að heita má að þeir sjeu sumstaðar að hverfa, nema allra smærstu silfur- og koparpeningar. En manna á milli ganga nær eingöngu bankaseðlar og aðrir viðskiftamiðlar, svo sem tjekkar og giroávísanir. Það mundi ávalt reynast örðugt, án þess að hefta heilbrigt viðskiftalíf, að spyrna á móti þessari útrýmingu á peningum í umferð. Gangurinn er alstaðar sá, að seðlar útrýma gulli, og tjekkar og yfirfærslur aftur seðlum. Hitt er satt, að það er nauðsynlegt, að seðlarnir sjeu forsvaranlega málmtrygðir í bönkum og á annan hátt og jafnframt að bankarnir hafi annars sjóð í hlutfalli við skuldbindingar sínar. Þótt menn vildu, eins og meiri hlutinn kemst að orði, gefa myntuðum peningum rúm í umferð, þá mundi það rúm verða fremur þunnskipað sem stendur. Gull er lítið til hjer, nema gullforði Íslandsbanka, sem er í höndum landstjórninni. Annars er lítið um mótaða peninga hjer, og að flytja þá að nú, er mikl-

um erfiðleikum bundið, meðan á ófriðnum stendur, vegna útflutningsbanns í ýmsum löndum o. fl.

Meiri hlutinn talar um ímyndaða viðskiftaþörf hjá minni hlutanum. Einhverja ímyndun eða áætlun verða bæði meiri hluti og minni hluti að gjöra sjer. Auðvitað er viðskiftaþörf hvers lands ekki þannig ákveðin tala, að telja megi í brotum. En minni hluti byggir hjer á reynslunni, og það mjög varlega, gjörir ekki ráð fyrir því, að fjeð sje notað til fjárbralls, sem er talsvert frítt útlagt með »speculation«. Jeg veit ekki hvað meiri hlutinn meinar með «speculation«. Það má segja um svo margt, t. d. um svo að segja alla sjávarútgjörð og verslun, að jeg ekki tali um iðnað í stærri stil. Jeg veit ekki hvernig aukin seðlaútgáfa á að geta aukið beinlínis aðflutning á vörum, nema þá á gulli, til að tryggja seðlana. Dálitið gæti hún aukið hann óbeint, nefnil. vegna verðhækkunar á hinni innlendu vöru og verðlækkunar á hinni útlendu. En hitt er satt, að nægur innlendur gjaldmiðill miðar til þess að hækka, eða halda í góðu, eðlilegu verði þeim vörum, er landið framleiðir. Skortur á gjaldmiðli miðar aftur til lækkunar á innlendu vörunni. Jeg hefi ekki orðið þess var, að verð á erlendum vörum hafi verið hjer yfirleitt, hvorki í ár, nje undanfarið, óeðlilega hátt. Þær eru að vísu nú í mjög háu verði, en jeg held, að varla verði sagt, að þær sjeu það óeðlilega eftir atvikum. Og jeg verð að efast mjög um það, að það sje rjett pólitík, að reyna að þrýsta niður verðinu á þeim, með því að sporna við því, að hjer sje til nægur gjaldmiðill í landinu. Það er fjarri því, sem meiri hlutinn segir, að seðlar rými gulli úr *landinu*. Þeir rýma því úr *umferð*, en halda því í landinu, í bönkum, landssjóði o. s. frv., þar sem svo er ástatt, að krafist er gulltryggar fyrir seðlum.

Meiri hlutinn talar um »lögþvingað lánstraust hjá þjóðinni, sem bankinn hefir notið hjá almenningi, og nemur nú $2^1/_2$ milj. króna«, tryggingarlítið. Þetta er villandi. Þegar Alþingi veitti heimildina til stofnunar Íslandsbanka, með þeim hlunnindum — seðlaútgáfurjettinum með ákveðnum kjörum —, og til þess var háttv. framsögum meira hl. (B. K.) einn helstur hvatamaður, þá var það vitanlega ekki gjört vegna þeirra manna, er báðu um leyfið til að stofna bankann, heldur var það af því, að stofnun bankans var álitin nauðsynleg fyrir þjóðina, nauðsynleg vegna almennings. Og það er ósannur og ómaklegur áburður á Alþingi það, er veitti seðlaútgáfurjettinn í heild sinni, og á hv. framsögum. meiri hl. (B. K.), að þessi rjettur væri veittur tryggingarlaust eða lítið. Tryggingin var ákveðin lík því, sem við gengst á meginlandi álfunnar, sjerstaklega eftir þýskri fyrirmynd, sjerstök gulltrygging, og auk þess eru allar eignir bankans til tryggingar. Þá kýs Alþingi 3 menn í bankaráðið af 7, stjórnin velur annan endurskoðanda, og bankaráðið hefir aðgang að því að rannsaka allan hag bankans á hverjum tíma sem er. Hinn sama rjett hefir landsstjórnin út af fyrir sig, sbr. statútur bankans 25. nóv. 1903 § 20. og 22. Ef þetta eftirlit er ekki eins og það á að vera, þá er þar um mest að kenna landsstjórninni og bankaráðinu, en ekki lögunum eða bankanum. Ef annars þætti einhverju hjer ábótavant, þá er auðvelt fyrir landsstjórnina að laga þetta.

Jeg mótmæli því afdráttarlaust, að Alþingi hafi vanrækt skyldu sína, að því er tryggingarráðstafanir að þessu leyti snertir. Og hjer eru þó í þessu frumv. heimtaðar enn meiri trygging-

ar, og það þótt um sje að ræða mjög takmarkaða aukningu, og að eins til bráðabirgða. Nú er krafist 50% gulltryggingar, áður $^3/_8$ af seðlafúlgunni.

Jeg skal enn benda á það, að lögin um stofnun Íslandsbanka heimila landsstjórninni sjálfdæmi um það, hvernig eftirlitinu skuli varið. Það nær því ekki nokkurri átt, er sagt er í nefndarálitinu, að seðlaútgáfurjetturinn sje veittur bankanum að eins upp á hans »ærlega andlit«.

Háttv. meiri hluti reynir í stuttu máli að kenna háttv. Alþingi, hvað í seðlaútgáfurjetti felist, og hvernig best gæti orðið girt fyrir það, að þjóðin geti beðið neitt tjón af notkun bankaseðla. Þess er jafnframt getið, að flestar þjóðir hafi fyr eða síðar strandað á því skeri, að gefa út ofmikið af seðlum.

Hjer við er fyrst að athuga, að ef átt er við óinnleysanlega seðla, þá er það rjett, að þeir hafa reynst þjóðum og bönkum hættulegir, en ef átt er við gullinnleysanlega seðla, svo sem eru seðlar Íslandsbanka, þá minnist jeg þess ekki, að nein þjóð hafi beðið stórtjón af notkun þeirra. En hitt, sem háttv. meiri hluti vill skýra fyrir Alþingi, gjörir hann vitanlega alls ekki; það verður heldur ekki gjört í stuttu máli. Auk þess deilt um það, hvernig best verði fyrir komið þessum tryggingarráðstöfunum. Þannig eru reglurnar fyrir Englandsbanka bygðar á alt öðrum grundvelli en hinar þýsku. En eins og áður er tekið fram, þá er Íslandsbanki sniðinn eftir þýsku reglunni, sem yfirleitt aðrar þjóðir eru farnar að taka sjer til fyrirmyndar, t. d. Bandaríkin og Japan. Enn fremur að mestu Norðurlönd. Alment er óhætt að segja það, að þýska reglan hafi reynst vel, og hefir engum orðið hált á, sem henni hafa fylgt.

Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því, hve mikið hvert land þarf af seðlum í umferð, og misjafnlega mikið er í umferð af mótuðum peningum, gulli. Á Englandi t. a. m. er talsvert mikið af gulli í umferð, sem stafar af því, að þar eru ekki gefnir út smærri seðlar en £ 5.00, gull (t. d. $^1/_2$ £) er þar notað sem smápeningur. Skotar aftur á móti gefa út 1 £ seðla, og þar er gull miklu minna í umferð.

Erlendis eru mjög notaðir tjekkar til greiðslu manna á milli, og verður þá eins konar gjaldmiðill, sömuleiðis giróávísanir. En til þess, að þetta geti komið í stað reglulegs gjaldmiðils, þarf greið innanlandsviðskifti, enda langan lærdóms- og reynslutíma.

Hjer á landi er lítið í umferð af gulli eða mótuðum peningum, eins og eðlilegt er, því að til skamms tíma voru viðskiftin í miklum mæli að eins vöruskifti, auðvitað til hins mesta ógagns fyrir landsmenn. Úr þessu hafa seðlar bankanna bætt, enda þarf hjer því tiltölulega mikið af seðlum. Auk þess eru tjekkar og slíkir viðskiftamiðlar eðlilega enn lítt notaðir hjer á landi, en viðskifti mikil á vissum árstímum, og því eðlilegt, að tiltölulega sje þörf mikillar seðlafúlgu um kauptíðir ársins, ekki síst meðan á ófriðnum stendur. En vegna hans hefir annarstaðar þótt ástæða til að rýmka seðlaútgáfu h. u. b. allra seðlabanka.

Því er haldið fram, sem mótbáru gegn því að auka seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, að hann reki sparisjóðsstörf. Hann gjörir það að vísu ekki sjálfur, heldur að eins útibú hans. En hann tekur á móti innlánum gegn vöxtum. Það er rjett, að um það hefir verið deilt, hvort rjett væri, að seðlabankar tæki á móti slíkum innlögum. Hinir skotsku bankar byrjuðu þetta þegar 1792, og hafa haldið þeim sið. Þeim er þó talið stjórnað mjög vel. Eftir þeirri fyrirmynd hafa margir fræðimenn, og það

mjög gætnir, haldið því fram, að löggjöfin geti látið seðlabankana sjálfráða um móttöku innlána, ef innlausn seðlanna sje sæmilega trygð. Yfirleitt taka seðlabankar móti rentubærum innlánum. Höfuðseðlabankarnir þó ekki nema sumir. Þýska bankanum er það heimilt. Ítalski bankinn gjörir það, og lögbannað er það yfirleitt ekki.

Hv. meiri hluti talar um það, að það þurfi að vera rannsakað af óvilhöllum mönnum, hvað sje hættulaust að gefa út af seðlum hjer á landi. Það virðist í áliti háttv. meiri hluta vera ruglað saman kenningunum um það, hve mikið þurfi eða megi hafa af seðlum alls, og hve mikið megi vera af ómálmtrygðum seðlum í hverju landi. Víðast hvar eru engin takmörk sett fyrir því, hve mikið af seðlum alls megi gefa út. Að þessu leyti er tafla meiri hlutans villandi. Hinu setur löggjöfin takmörk, hve mikið megi gefa út af ómálmtrygðum seðlum. Spurningin hjer verður að vera þessi, hve mikið er óhætt að gefa hjer út af ómálmtrygðum seðlum. Að þetta væri nokkur ástæða til að fara að skipa óvilhalla, sjerfróða menn, helst líklega erlenda, til að rannsaka þetta, get jeg ekki hugsað mjer. Mjer finst þing og stjórn ættu að geta nokkuð sjeð þetta, sjerstaklega stjórnin, sem hefir aðgang að því, að rannsaka allan hag bankans. Hjer verður að byggja á þeirri reynslu, sem þegar er fengin. Hún sýnir, að eftir því sem framtakssemi vex, öll framför í landinu og viðskiftin í landinu aukast hjer og komast í reglubundnara horf, eftir því vex eftirspurnin eftir seðlum. Sjálfsagt hefir það mikil áhrif í þessu efni, að umboðssalarnir eru nú innlendir, í stað þess að sitja úti í Kaupmannahöfn.

Jeg vil að eins drepa á fáar tölur. Í ágústmán. er seðlaumferð Íslandsbankaseðla 1908 1 milj., 1909 um 1 milj. 200 þús., 1910 sama, 1911 1 milj. 260 þús., 1912 um 1 milj. 300 þús., 1913 um 1 milj 600 þús., 1914 um 1 milj. 800 þús., 1915 um 2 milj. 700 þús. Í októbermánuði er umferðin hæst. Nú má ekki gefa út eða láta úti alla þá seðla, sem lögin leyfa. Bankinn verður bæði sjálfur og útibú hans að halda eftir í sjóði talsverðri fúlgu. Það er því auðsætt, að ekki veitir af 1 milj. kr. viðbót, og virðist sú viðbót sæmilega trygð með 50% málmforða, auk annarra eigna bankans. Mjer virðast færðar órækar sannanir fyrir því, að viðbótin megi ekki minni vera, til þess að nauðsynlegur gjaldmiðill sje fyrir hendi, ella verði viðskiftavandræði í landinu, arðsamir atvinnuvegir og framfarafyrirtæki teppist, örðugleikar á sölu innlendu vörunnar, landi og lýð til stórtjóns.

Jeg sagði áðan, að tafla meiri hlutans um seðlaútgáfurjett ýmissa banka væri villandi. Hún er bæði það, og sumstaðar beinlínis röng.

Um Englandsbanka er sagt, að ákveðinn seðlaútgáfurjettur sje 18 milj. og 450 þús. pund sterling. Þetta er ekki rjett. Seðlaútgáfurjetturinn er ótakmarkaður, en bankinn má ekki gefa meira út af ógulltrygðum seðlum en nefnda upphæð. Sem dæmi má taka, að 17. maí 1911 var seðlaútgáfan £ 54,894,240. *Ríkisbankinn* þýski hefir heimild til að gefa út ótakmarkaða upphæð í seðlum (»eftir því, sem viðskiftaþörf krefur«). Af hinni ómálmtrygðu seðlafúlgu eru hinar fyrstu 550 milj. við ársfjórðungslok, af 750 milj. marka, gjaldfrjálsar. Í nefndaráliti meiri hl. lítur svo út, sem seðlaútgáfarjetturinn nemi að eins 750 miljónum og skuli $^1/_3$ þeirrar upphæðar gulltrygður. En það er ekki rjett. Í 5 ár (1909—1913) hafði bankinn árlega að meðaltali í umferð

rúmar 1700 milj. marka í seðlum. Auk þess eru í Þýskalandi 4 aðrir seðlabankar, sem mega gefa út alt að 68,771,000 marka í ógulltrygðum og gjaldfrium seðlum.

Þá hafa þýsku ríkin gefið út 240 miljónir í ríkissjóðsseðlum, sem eru gjaldmiðill á borð við landssjóðsseðlana okkar.

Í þýsku ríkjunum nema silfur- og koparpeningar alls 1,627,072,500 mörkum. Vegna hins gífurlega verðfalls á málminum eru þessir peningar í rauninni ekki nema þriðjungsvirði. Bætist þannig við hinn ótrygða og gjaldfrjálsa gjaldmiðil Þýskalands um 1000 milj. marka.

Þetta verður samtals ótrygt og gjaldfritt:

Ríkisbankaseðlar	mörk	750,000,000
Aðrir seðlar	—	68,771,000
Reichskassenscheine	—	240,000,000
Slegin mynt umfram málmvirði	—	1000,000,000
Samtals	mörk	2,058,771,000

Austurriski-ungverski bankinn hefir rjett til að gefa út ótakmarkaða upphæð seðla. Bankinn greiðir skatt af þeirri upphæð hinna ótrygðu seðla, sem fer fram úr 600 milj. austurriskra króna. Hinn 7. desember 1812 voru í umferð 2,568,858,000.

Ítalski bankinn hefir ótakmarkaðan seðlaútgáfurjett á sama hátt. Þó skulu seðlarnir að fullu trygðir, ef upphæðin fer fram úr 660 milj. líra, ella verður bankinn að svara háu afgjaldi. Auk þess hafa tveir bankar aðrir rjett til þess að gefa út alt að 248 milj. líra. Gullforðatryggingin er jafnan 40 %.

Um *rússneska bankann* er rjett frá skýrt, gulltrygging samt ekki nema að nokkru leyti.

Finnlandsbanki má gefa út ótakmarkaða upphæð seðla. Þó skal sá hluti seðlafúlgunnar, sem er umfram 80 milj. finnskra marka, vera trygður. Til seðlatryggingar má telja lán í útlöndum með ábyrgð ríkisins alt að 50 milj. marka. Hlutfallið milli seðlaútgáfu og seðlatryggingar er óákveðið. Seðlar í umferð voru í des. 1910 nál. 124 miljónir.

Ríkisbanki Svía má gefa út ótakmarkaða upphæð seðla. Þó skal alt, sem út er gefið af seðlum, umfram 100 milj. kr. og umfram þá upphæð, er samsvarar þeim hluta gullforðans, sem er fram yfir 40 milj. kr., vera að fullu trygt. 30. des. 1910 mátti þannig gefa út rúmar 140 milj. kr. í ótrygðum og afgjaldsfrjálsum seðlum.

Noregsbanki má gefa út 45 (ekki 35) milj. króna fram yfir gullforða. Jeg þekki ekki canadisk bankalög frá 1913. Bankafræðibækur frá 1914 geta ekki um þau, en þangað til þóttu ekki bankalög þeirra fyrirmynd. Bankalög Bandaríkjanna frá 23. des. 1913 eru eftir þýsku fyrirmyndinni, seðlafúlgan ótakmörkuð eftir viðskiftaþörfinni og gullforðinn ákveðinn 40%. En bankatrygging (bankemessis) er betri en gjörist um banka á meginlandi Norðurálfunnar, nfl. gulltrygging, auk 100 % bankatryggingar (víxlar og aðrir »disconti«).

Þegar að því kemur, sem væntanlega verður á næsta þingi, að ákveða til nokkurrar frambúðar seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, þá má vel vera, að rjett sje að taka til fyrirmyndar bankalög Bandaríkjanna að þessu leyti. Þá getur vel komið til mála að ákveða það, að seðlarnir hafi forgangsrjett í málmtryggingunni. Jeg gjöri ekki ráð fyrir, að bankinn myndi hafa á móti því, að settar sjeu þær tryggingar, bæði í gullforða- og bankatryggingu, er nægar mættu þykja. Ekki svo að skilja, að tryggingin að öllu leyti, eins og nú stendur, sje ekki viðunandi. En það gæti verið gott fyrir bankann sjálfan, að þetta alt væri enn ríkara, því að bankinn hefir ráð á því.

Jeg vil svo enda mál mitt með því,

að biðja þá háttv. deildarmenn, sem styðja vilja frjáls og eðlileg viðskifti í landinu, að greiða atkvæði með minni hlutanum. Hinir greiða sennilega atkvæði með meiri hluta nefndarinnar.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Háttv. framsm. minni hl. (J. M.) hefir nú sagt mörg orð í þessu máli, en flest hafa þau snert aukaatriði, en ekki kjarna málsins. Mjer finst skoðun hans vera sú, að leyfa megi að gefa út svo marga seðla, sem viðskiftaþörfin krefur, án tillits til þess, hversu gullforðinn er hár, og án tillits til *eftirlitsins* með seðlabankanum af hálfu hins opinbera.

Jeg neita því, að það sje rjett að leyfa banka að gefa út seðla ótakmarkað, þó nokkur hluti þeirra sje trygður með gullmynt. Slíkur gullforði er ekkert *veð* fyrir seðlunum, eins og meiri hlutinn tekur fram í nefndaráliti sínu.

En þá er að líta á þörfina fyrir bankann, til þess að fá þenna seðlaútgáfurjett.

Íslandsbanki kvartar yfir því, að hann hafi ekki nægilegt fje í veltunni. Er því nauðsynlegt að gjöra sjer grein fyrir því, í hverju það liggur, að hálf milj. nægir ekki bankanum fyrir næstu tvö árin. Skyldi það nú vera áreiðanlegt, að bankann vanti fje, til þess að lána innanlands? Jeg efast mikið um að það sje svo. Jeg hygg, að bankinn hafi nú nóg fje til þess, að lána út til innlendra fyrirtækja. Eftir því, sem jeg kemst næst, mun þörfin liggja í þessu: Útlendir kaupmenn kaupa hjer vörur og láta borga fje sitt inn í reikning bankanna erlendis, til þess að spara sjer kostnaðinn við að flytja peninga sína hingað upp sjálfir.

Íslandsbanki hefir nú sett gjaldið fyrir að borga út fjeð hjer óhæfilega lágt, og því er það, að hann sjer, að það borga sig illa slík viðskifti, sem þessi, nema að hann fái nóg handbært fje til þessa fyrir lítið, eða svo sem ekki neitt. Til þess að menn skilji betur við hvað jeg á, skal jeg taka þetta dæmi. Setjum nú svo, að firma á Englandi ætli að gjöra stór innkaup hjer á landi. Til þess nú að fríast við að senda fje hingað upp, þá biður það Íslandsbanka að borga út fjeð fyrir sig hjer, en leggur svo aftur borgunina inn í reikning hans í einhverjum enskum banka. Það er auðvitað, að til slíkra útborgana þarf mikið fje, sem alt af sje fyrirliggjandi, hve nær sem kallið kemur. Við þetta safnast bankanum jafnframt innieign erlendis, sem hann hefir þar á vöxtum og sem hann vill ekki þurfa að flytja, því að yrði hann að flytja fjeð hingað upp jafnóðum, þá leiddi af því, að hann yrði að hækka nokkuð gjaldið sem þessir útlendu viðskiftamenn hans verða að greiða. Það, sem Íslandsbanki hugsar sjer nú að gjöra, er að reyna að útvega sjer tvöfalt veltufje fyrir ekki neitt, til þess að firrast flutningskostnaðinn, sem ekki er mikill, og get jeg borið um hvað það kostar Landsbankann að flytja upp 100 þús. kr. Það kostar hann 16 kr., ef hann notar íslensk frímerki, sem hann hann getur best selt aftur, og kæmu bankarnir sjer saman um að hækka dálítið gjaldið á útlendum viðskiftamönnum, þá yrði Íslandsbanka það enginn skaði, þótt hann fengi ekki þessa miklu seðlafúlgu, sem minni hlutinn fer fram á. Menn gætu nú hugsað sjer að bæta úr þessari vöntun bankans á tvöföldu veltufje, með því að auka nú í bráðina seðlafúlgu hans um 1 miljón króna. En hvað nægir það lengi? Nú er svo ástatt, að enn er að eins lítill hluti af kaupum af íslenskum afurðum gjörður á þennan hátt, sem jeg áður gat

um. Ætluðu menn sjer að uppfylla *þessa* þörf bankans með *útgáfu nýrra seðla*, eftir því sem þau viðskifti ykjust, hver yrðu þá takmörkin fyrir seðlaútgáfunni? Ef allar útfluttar vörur yrðu keyptar hjer á þennan hátt, sem jeg gat um, þá mundi núverandi verðgildi þeirra vera um $16^1/_2$ miljón, en það fer stöðugt vaxandi.

Hvernig geta menn nú hugsað sjer að uppfylla *alla þá peningaþörf* með seðlum, sem útheimtist til þess, að bankinn gæti tekið að sjer alla þá verslun á þennan hátt? Það er alveg óhugsandi að landið geti fullnægt allri þeirri viðskiftaþörf með *seðlum*, heldur með auknu *veltufje* bankanna. Það yrði því ekki annað en að smíða »endalausa skrúfu«, að samþykkja till. minni hl. í þessu máli. Höfuðið á þessari endalausu skrúfu, er $^1/_2$ miljónin, sem minni hlutinn leggur til að sje samþykt, í viðbót við það, sem meiri hlutinn vill láta samþykkja. Þetta sem jeg hefi nú sagt, er álit meiri hl. nefndarinnar, og verður hann því að ráða eindregið frá því, að bætt sje við seðlana meira en $^1/_2$ miljón í bili. Hann álítur, að það sje ekki aukið seðlaútgáfuleyfi, heldur aukið veltufje, sem þurfi til þess að bæta úr þessari viðskiftaþörf. Eins og tekið er fram af meiri hluta nefndarálitinu, álítum við, að í raun og veru ætti ekki að auka neitt seðlafúlgu Íslandsbanka, en góðrar samvinnu vegna viljum við þó ganga inn á að auka hana um $^1/_2$ milj. í næstu 2 ár. En auðvitað þá með því móti, að gullforðinn sje geymdur *hjer í Reykjavík undir öruggri umsjá landsstjórnarinnar*.

Við háttv. framsögum. minni hlutans, erum báðir viðvaningar í bankafræði. Það er því hægt að bera brigður á það, sem við segjum í máli eins og þessu, en til þess að sýna, að jeg er ekki einn um þá skoðun á bankamálum, sem jeg nú hefi haldið fram, skal jeg leyfa mjer að tilfæra hvað nokkrir bankafræðingar, þektir rithöfundar í þeim fræðum, segja um þessi mál.

Jeg skal þá fyrst nefna bók eina eftir *Ernst Seyd*. Hún heitir »*Die Wahren Grundsätze des Banknotenwesens;* þar segir svo á bls. 30:

> »Notkun ógulltryggra seðla er rjettmæt:
>
> 1) sem endurgjald á kostnaðinum við að gefa þá út,
>
> 2) til þess að fylla í skarðið, ef mynt minkar (í bili),
>
> 3) til uppfyllingar, ef peningaumferðin er um tíma meiri en vanalega.
>
> Og þessi markmið ein, sje þeim stranglega fylgt, rjettlæta það, að nota ógulltrygða seðla.
>
> Því miður hefir nálega hver einasta þjóð misbrúkað þessa nauðsynlegu og rjettmætu starfsemi þeirra«.

Hann gjörir mun á gulltrygðum og ógulltrygðum seðlum, en að því skal jeg víkja seinna. Í sömu bók segir ennfremur á bls. 3:

> »Sannreynd er og verður það, að fjárhagsósjálfstæði þeirra landa gagnvart öðrum þjóðum vex við framhaldandi of mikla útgáfu bankaseðla, og alls ekki hægt að uppheíja það, nema að þröngva seðlunum burt og að mynt komi í staðinn.
>
> Sannreynt er það enn fremur, að þjóðir, sem byggja peningaviðskifti sín aðallega á mynt, eru fjárhagslega óháðar öðrum þjóðum. Og eftir því, sem gjaldmiðillinn er orðinn hreinni, hefir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra aukist gagnvart öðrum þjóðum«.

Þetta segir nú þessi Englendingur, og hann er í svo miklu áliti, að Þjóðverj-

ar hafa þýtt bækur hans á þýsku, og sýnir það best, að hann er ekki talinn neinn vitleysingur.

Það, sem nú er mest um deilt hjer í þinginu, er ljóslega skýrt í bók sem heitir »*Aktive Währungspolitik*« eftir *Ernst Frankfurth*. Þar segir svo á bls. 21:

»Nú koma seðlabankarnir fram á völlinn og segja: Rentufóturinn hækkar; það sannar að peninga vantar (gjaldmiðil), og viðskiftalega skoðað hvílir á oss sú skylda, að jafna sveiflurnar í fjárþörfinni, með því að gefa út seðla.

Við verðum því nú að taka í taumana. Við verðum að mæta þessari vaxandi fjárþörf með vaxandi fjárframboði. Við verðum að setja rentufótinn niður með seðlum vorum. Menn mundu lá okkur, ef við gjörðum það ekki; og þeir láta fjeð úti við alla, sem bjóða vexti og tryggingu eftir þörfum og nema ekki við neglur sjer. En með þessum nýju seðlum hækka kaupmennirnir eftirspurnina á mörkuðum og kauphöllum, koma verðinu upp, auka muninn á verðhámarkinu í kauphöllunum, glæða þar með kaupfýstina, vekja nýjan sult eftir peningum og hækka rentufótinn áfram, en þetta gefur seðlabönkunum tilefni til nýrrar seðlaútgáfu.

Endalausa skrúfan«.

Það er einmitt þetta atriði, sem meiri hlutinn legggur mesta áherslu á, að hjer er farið fram á að smíða hausinn á skrúfuna. Til þess að losa Íslandsbanka við að kosta of miklu til þess að flytja fje á milli landa, er miklu betra að landssjóður greiði fyrir hann kostnaðinn við að flytja fjeð hingað frá öðrum löndum, fremur en að leyfa honum að gefa út svona mikið af nýjum seðlum, því að hvar endar skrúfan ef hausinn inn er smíðaður nú?

Háttv. framsögumaður minni hlutans, taldi það neyðarúrræði, að brúka útlenda seðla fyrir gjaldmiðil í landinu.

Við skulum nú líta á, hvað þessi ummæli háttv. framsm. minni hl. (J. M.) eiga að sanna. Útlendu seðlarnir, sem nú eru í umferð hjer á landi, eiga hjá honum að sanna það, að gjaldmiðil vanti innanlands. Þeir sanna þetta *ekki*. Þeir sanna ekkert um annað en það, *að gjaldmiðil þarf að flytja milli landanna*, ýmist upp eða niður. Innieign bankanna erlendis og lán flytjast upp, er með þarf, og niður aftur. Eða halda menn, að við Íslendingar sjeum eina þjóðin, sem höfum erlenda seðla í umferð? Nei, langt frá því. Þetta er svo í öllum löndum, og hefir víst aldrei fyrr verið notað sem tilefni til að banki fái aukinn seðlaútgáfurjett, eða halda menn, að t. d. Þjóðbankinn danski hafi beðið um seðlaviðbót fyrir það, að 1910 gengu t. d. sænskir seðlar í Danmörku, sem námu 19,675,070 kr.? Nei, auðvitað datt honum það ekki í hug, og má þó nærri geta, að sænskir seðlar hafa ekki um það leyti verið einu útlendu seðlarnir í Danmörku; þar hafa auðvitað verið öll ógrynni af norskum, enskum, þýskum og frönskum seðlum í umferð.

Jeg gæti tilfært mörg fleiri dæmi, sem sýna að jeg hefi rjett fyrir mjer, en jeg vil ekki eyða dýrmætum tíma þingsins með því að tala lengi enn. Að eins vil jeg geta þess, að höfundar þeir, er jeg hefi vísað til, eru að tala um óinnleysanlega seðla, *eins og þeir nú gjörast*, en ekki eins og seðlafyrirkomulagið var um aldamótin 1800.

Háttv. frsm. minni hl. (J. M.) talaði mikið um það, að jeg hefði notað orðið

»spekulation« í annarri merkingu en rjett væri. Jeg játa það, að »spekulation« svarar ekki alveg til orðsins fjárbrall, en það var það, sem jeg meinti. Háttv. þm. verður að gæta að því, að jeg er ekki málfræðingur, og reyna að fyrirgefa mjer, ef jeg skyldi nota einhver orð í annarri merkingu en hann telur rjett. Annars er þessi þýðing orðsins nokkuð önnur hjer á landi en annarstaðar, sem liggur í því, að hjer er svo sjaldan um heiðarlega »spekulation« að ræða, heldur brask, og leiddi það mig til að nota þetta orð í þessari merkingu.

Hann (J. M.) talaði um að seðlaútgáfa myndi tæplega auka innflutning. Jeg verð út af því að lesa nokkur orð eftir eftir tvo kunna höfunda, sem skrifað hafa um þessi efni. Annar kaflinn er úr bók, sem heitir »Das Notenbankwesen in der Schweiz, England und Deutschland«, og er eftir dr. A. Haffner. Hann hafði fyrir sjer 60 höfunda, þegar hann skrifaði þessa bók. Hann segir svo á bls. 89:

> »Eftir að nú eru leidd rök að því, að það má gefa út of mikið af seðlum, í þeim skilningi, að seðlabankarnir, vegna of mikillar seðlaútgáfu, stuðla að, eða koma ekki í veg fyrir of ör viðskifti og framleiðslu og óeðlilega verðhækkun, þá verður því næst spurningin, hvort of mikil seðlaútgáfa getur gjört það að verkum, að mynt streymi úr landi, svo að hætta geti stafað af. Þeirri spurningu verður einnig skilyrðislaust að svara játandi«.

Og annar höfundur, sem háttv. þm. þekkja líklega, Hage, segir svo á bls. 133 í sinni bók:

> »Þegar seðlabanki nýtur almenns trausts, hafa seðlar hans tækifæri til að starfa sem gjaldmiðill almennara en nokkur annar gjaldmiðill. Og einmitt þessar kringumstæður, sem í fjölda mörgum tilfellum hafa leitt til misbrúkunar á trausti almennings, og þar með til mikilla fjárhagslegra vandræða, eru orsökin til þess, að um allan heim eru settar sjerstakar takmörkunarvarúðarreglur af ríkinu, og þær oft strangar, til þess að tryggja áreiðanleik bankaseðlanna«.

Alt miðar þetta að því að sanna, að ekki megi gefa út seðla í blindni og takmarkalaust. Jeg get gengið inn á það, sem háttv. minni hl. segir, að til sjeu þau lönd, sem gefa út seðla eftir því sem »viðskiftaþörfin« krefur, en í alt öðrum skilningi en háttv. framsm. (J. M.) hefir. Það er hvergi gefið svo mikið út af seðlum, að öll gullmynt hverfi úr landi. Og þá eru líka settar strangar reglur því til tryggingar, að seðlaútgáfan verði ekki misnotuð. Það eru lögin, sem ákveða, hvað gullforðinn megi vera minstur, en reynslan sýnir, að gullforði er jafnaðarlega nokkru meiri. Jeg hefi veitt því eftirtekt, að sá *raunverulegi* gullforði er í 17 bönkum af 18, sem jeg hefi athugað, meiri en í Íslandsbanka. Íslandsbanki er þannig sá 17. í röðinni af 18. Jeg segi ekki, að Íslandsbanki sje ótryggari eða efnaminni en allir hinir bankarnir, heldur segi jeg þetta til að sýna, hvernig ástatt er í landinu. Það er ekki nóg með það, að þjóðin sje myntlaus, heldur er bankinn líka myntlítill, eða með öðrum orðum, hefir minni mynt en t. d. Búlgarar, sem eru þó ekki taldir sjerlega »civiliseruð« þjóð. Sömuleiðis höfum við minni mynt en Rúmenar. Þetta sýnir, hversu lítið menn leggja upp úr því, að alt af sje til í landinu verðmiðill, sem hafi verðgildi í sjer.

Háttv. frsm. minni hl. (J. M.) sagði, að jeg hefði stutt að stofnun Íslands-

banka 1902. Jeg játa það, að jeg greiddi atkvæði með stofnun hans, enda var gullforðinn þá ákveðinn 50%, en ekki 33⅓% eins og nú, en jeg man ekki til, að jeg hafi sagt eitt einasta orð á þingi um það efni. Utan þings sagði jeg, að jeg teldi nauðsynlegt, að ný bankastofnun kæmi upp í landinu. Jeg held að jeg hafi áður í ræðu minni áfelt þingið þá fyrir lögin um stofnun Íslandsbanka, en það var ekki rjett, því að þingið gjörði lögin vel úr garði. Stjórnarráðinu var í lögunum falið að setja tryggingarreglurnar, og þar í liggur, að löggjöf bankans varð svo ófullkomin. Það var því ekki rjett af mjer, að kenna þetta þinginu, heldur var það stjórninni að kenna.

Háttv. frsm. minni hl. (J. M.) sagði, að stjórnin gæti rannsakað bankann þegar hún vildi. Það er öldungis rjett, en hve nær gjörir hún það? *Skyldan* er engin, heldur að eins *heimild*, sem sjaldan eða aldrei er notuð. Jeg vil ekki vera að taka upp aftur það, sem jeg sagði um þetta á síðasta þingi. Það stendur glögt og óhrakið í þingtíðindunum. Jeg held því fast fram, eins og stendur í nefndarálitinu, að bankinn hafi í raun og veru nægan seðlaútgáfurjett.

Þar sem háttv. frsm. minni hl. (J. M.) sagði, að Íslandsbanki væri sniðinn eftir þýskum reglum, þá er það að vissu leyti rjett, en þótt það sje að einhverju leyti, þá er þó ekki þýsku reglunni fylgt í framkvæmdinni. Það má sjá á því t. d, að gullforði þýska ríkisbankans hefir að jafnaði verið 70% af seðlum í umferð að meðaltali, en Íslandsbanka ekki nema 40%. Það gjörir mikinn mun, þó ekkert væri annað.

Jeg hefi skrifað á tíningi upp hjá mjer það, sem háttv. frsm. minni hl. (J. M.) sagði. Mjer þótti vænt um að heyra hann segja, að seðlabankar væru ekki vanir að hafa sparisjóðsviðskifti. Hann mun þá vilja líta svo á, að Íslandsbanki sje ekki seðlabanki. Hann áleit þurfa sjerfróðan mann til að ákveða, hvað mikið mætti gefa út af seðlum, en það er ekki bankans, sem hefir seðlaútgáfurjettinn, að ákveða það, heldur verða einhverjir aðrir að gjöra það.

Jeg er nú búinn að svara flestu því, sem jeg skrifaði hjá mjer. Jeg get þá vikið stuttlega að aðfinslunum að skýrslunni. Jeg hefi ekki tíma til að lesa heilar bækur máli mínu til stuðnings við þessa umr., en við 1. umr. skýrði jeg frá, hver upphæðin væri í þýsku bönkunum. Jeg get ekki farið að endurtaka það alt nú, enda er bæði leiðinlegt og tilgangslaust að vera að lesa upp langa kafla á erlendu máli. Minn skilningur er sá, að þýsku seðlabankarnir mættu gefa út 750 milj. marka. Þessi bók, sem jeg bygði á um Svíabankann, var gefin út 1912, og jeg ber ekki ábyrgð á því, þótt bankinn hafi breytt lögum sínum síðan. En fram til þess tíma hafði hann rjett til að gefa út 100 milj. fram yfir gullforða sinn. Þó Noregsbanki hafi síðan 1912 fengið að gefa út 10 milj. meira heldur en í skýrslunni stendur, sem mjer er ekki kunnugt um, þá er hann samt ekki eins hár, miðað við fólksfjölda, eins og Íslandsbanki.

Háttv. frsm. minni hl. (J. M) var að finna að því, að jeg sagði um Englandsbanka, að hann mætti gefa út ógulltrygða seðla, sem nemi 18,450,000 punda. Þetta er rjett, en að eins með því að leggja fram jafngildi í gulli. Jeg sje því ekki, að orðalag mitt geti valdið neinum misskilningi. Í athugasemdinni stendur svo: »Heimilt er Englandsbanka að gefa meira út af seðlum gegn jafngildi í gulli«. Það, sem jeg vildi sýna, er, að hann megi gefa út seðla umfram þá fastákveðnu upphæð. Þegar

hann leggur gullið í handraðann, getur maður ekki sagt, að verið sje að gefa út óguiltrygða seðla. Jeg hefi ekki sjeð Bandaríkjalögin eftir 1911, en mjer þykir ótrúlegt, að þeim sje breytt þannig, þegar Canadalögin 1913 ákveða, að bankarnir megi gefa út seðla jafnt innborguðu hlutafje þeirra. Þar var fylgt sömu reglu og hjá Bandaríkjamönnum, að minsta kosti til 1912.

Jeg skal svo ekki þreyta deildina meira að sinni. Jeg álít, að skýrsla þessi sje að öllu leyti rjett, nema ef vera skyldi að því er snertir Þýskaland. Um það skal jeg ekki þrátta. En það yrði samt ekki meira en 8 kr., þó dreginn væri frá þeim þessi $^1/_3$. Hvernig sem maður veltir þessu fyrir sjer, þá hefir Íslandsbanki rjett til að gefa meira út af seðlum á mann, held ur en *nokkur annar banki*. Samt vilja menn nú bæta við hann, ekki einungis hálfri miljón, heldur heilli.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla ekki að halda neina ræðu um bankamál, því að um þau er jeg ófróður. Enda er mjer varla hent að koma fram á vígvöllinn, eftir að þessir fróðu menn hafa barist með svo miklum atgangi, að jafnan hafa sýnst þrjú vopn á lofti, og hefir ekki mátt í milli sjá. Mikið af því, sem þeir hafa talað um, hefir mjer virst vera langt fyrir utan þetta spursmál.

Jeg skal játa það um bankafyrirkomulagið hjer á landi, að jeg held að það þurfi að taka það alt til lagfæringar frá byrjun. Jeg held að það hafi verið rjett, sem þingið ætlaði einu sinni að gjöra, að taka 2 milj. kr. hluti í Íslandsbanka og leggja hann þann veg undir sig, svo að allur peningastofn í landinu lægi undir valdi þings og stjórnar.

Jeg skal taka það fram, að ástæðan til þess að jeg stóð upp er sú, að mig langaði til að beina fyrirspurn til nefndarhlutanna, sem hjer hafa talast við af svo miklum lærdómi. Jeg er ekki svo skilningsgóður, að jeg geti tekið á móti öllu, og þess vegna kem jeg með mína fyrirspurn. Jeg ætlaði eftir fyrstu ræðu þeirra að spyrja um, hvaða viðskiftaþörf það væri, sem krefðist aukinnar seðlaútgáfu. Jeg þykist nú hafa fengið vitneskju um að það sjeu sjerstaklega erlendu viðskiftin, sem gjörðu það æskilegt, að meiri seðlar væru til í landinu, svo að ekki þyrfti að flytja peninga inn. Jeg sje að báðir nefndarhlutarnir kannast við þessa þörf að því leyti, að báðir vilja heimila bankanum að auka seðlaútgáfu sína. Annar nefndarhlutinn vill að í staðinn fyrir hálfa miljón komi heil, trygð á sama hátt og sennilega með sömu vöxtum. Það sem ber á milli er þessi hálfa miljón fram yfir $2^1/_2$ miljón, þar sem liggi málmforði fyrir helmingnum. Það er 250000 kr., sem barist er um. Mín fyrsta spurning til framsögumannanna er þá sú, hver hætta landinu geti stafað af því, að leyfð sje hálf milj. i stað 250 þús. kr. í ógulltrygðum seðlum. Jeg sje ekki, að það geti verið svo stór hætta, þegar um skamman tíma er að ræða, og ef það er rjett, að þörfin sje brýn, þá get jeg ekki sjeð ástæðu til þess, að taka upp lægri upphæðina, en ekki þá hærri. Jeg tek það fram, að með hvorri upphæðinni sem er, greiði jeg að eins atkvæði með því skilyrði, að heimildin standi ekki lengur en tekið er til í brtt., og að eftir þann tíma verði hún ekki framlengd út í loftið. Helst vildi jeg að landið næði föstum tökum á stofnuninni. Fram til 1917 finst mjer vera rifist um keisarans skegg, ef jeg skil rjett ræður beggja framsm.

Svo var það dálítið annað, sem jeg vildi sjerstaklega spyrja minni hlutann um. Ef menn verða tregir til að láta

seinni helminginn, myndi hann þá vilja ganga inn á að borga 5% fyrir þennan seinni helming?

Svo er það enn dálítil athugasemd út af orðalagi 2. liðs 1. gr. Þar stendur, að bankinn skuli í lok hvers mánaðar greiða vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna. Mjer finst ekki tryggilegt að segja í mánaðarlok. Það mætti líklega koma því svo fyrir, að jafnan væri lítið úti af þessari upphæð í mánaðarlok. Mjer skilst, að með þessu fyrirkomulagi mætti hafa dálítið af vöxtum af landinu. Þetta er ekkert stóratriði, en að minni hyggju myndi það vera rjettlátara að öllu leyti að taka vextina eftir meðaltali. Jeg sit hjer við fætur þessara lærðu manna, og því spyr jeg þá um þetta. Að sjálfsögðu fer atkvæði mitt eftir því, hvað þeir segja hjer um. Til að neita hærri upphæðinni, þarf að fá upplýsingar um, hvort nokkur hætta geti af því stafað að heimila hana um svo stuttan tíma, en til þess að játa henni, verður maður að vita með vissu, að full þörf sje á svo mikilli auknингu.

Framsögum. minni hl. (Jón Magnússon): Jeg get ekki látið hjá líða, að svara háttv. framsögum. meiri hlutans (B. K.), þó að þess gjörist að vísu ekki mikil þörf, því að margt af því, er enn er deilt um, hefir komið áður fram í umræðunum.

Háttv. framsögum. meiri hlutans (B. K.) hefir látið þess getið, í umræðunum um þetta mál, að ríkin leggi stundum ýmislegar kvaðir á bankana. Það kemur fyrir, en efasamt er það, að rjett sje að telja það eiginlega kvöð, þótt reikningsfærsla og peningagreiðslur fyrir ríkissjóði sjeu falin banka. Það má má ske eins vel telja það hlunnindi. Hvað snertir flutning á fje landa á milli, þá er það aukaatriði. Mjer finst það vera smávægilegt, og bankar ættu að geta komið sjer saman um þann flutning.

Um það, að Landsbankinn eigi að fá rjett til að auka seðlaútgáfu sína, ef Íslandsbanka verði veittur rjettur til að auka sína fúlgu, er auðvitað hægt að segja sem svo við Íslandsbanka: Þú færð ekki neitt, nema Landsbankinn fái það sama. Það mætti setja þetta skilyrði. Þetta væri gott, ef hjer væri að eins um þörf Íslandsbanka að ræða, en það er vegna viðskiftaþarfarinnar, sem við viljum að seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka sje aukinn. Enda býst jeg við því, að hvaða banki sem væri vildi ógjarna, að öðrum banka væru veitt þau rjettindi, er honum einum ber. Og sú kenning háttv. framsm. meiri hlutans (B. K.), að viðskiftaþörfin fari eftir því, hvernig banki sníði viðskifti sín, er vitanlega röng.

Háttv. framsm. meiri hlutans (B. K.) hjelt því fram, að það væru ekki seðlar, sem viðskiftaþörfin þarfnaðist, heldur veltufje. Jeg veit ekki betur en að seðlar sjeu veltufje. Enda er það vitanlega rangt, sem háttv. framsm. meiri hlutans sagði í fyrra, að seðlarnir væru verðlaus pappír. Það er að vísu rjett, að til viðskifta við önnur lönd nægja ekki seðlar, en innanlands eru þeir góðir, jafngóðir gulli, og alls ekki verðlausir.

Það er alveg satt, að seðlaaukningarrjetturinn var ekki notaður í fyrra að fullu. En hvernig stóð á því? Það var af því, að um hálf miljón útlendra seðla var flutt inn. Nú skal jeg játa það, að jeg er ekki bankafróður, eins og háttv. framsm. meiri hl. (B. K.) segir, en jeg hefi athugað að nokkru leyti bankafyrirkomulag og ekki rekið mig á, að nokkur banki flytji inn seðla ann-

ars ríkis og noti þá. Það á sjer stað, að einstakir menn flytji með sjer erlenda seðla, og erlendir seðlar geta gengið dálítið manna á milli, en að bankar gefi »út yfir diskinn« erlenda seðla, það hygg jeg hvergi eigi sjer stað, nema hjer.

Jeg skal aftur minnast á »kútterana«, af því að háttv. framsm. meiri hlutans (B. K.) gaf ástæðu til þess. En jeg sje ekki eftir því fje, sem varið var til þeirra, enda þótt skútuútgjörðin mistækist sumum í fyrstu. Með »kúttera«-kaupunum tel jeg að hafi verið byrjuð hin stórkostlega framför, sem síðar hefir orðið á sjávarútvegi okkar Íslendinga. Það var ekki nema eðlilegt, að menn rækju sig eitthvað á fyrst. En það hefir sýnt sig, að af árekstrinum höfum vjer lært. Betur að menn hefðu ekki of fljótt orðið kjarklausir. Jeg vildi að við ættum nú »kútterana«, sem við keyptum og síðan voru seldir til Færeyja, til þess að láta þá stunda fiskveiðar nú; það myndi svara kostnaði.

Háttv. framsögum. meiri hlutans (B. Kr.) talaði um, að sparisjóðsfje hafi safnast meira en vanalega í bönkunum, síðan á nýári. Þetta kemur auðvitað, eins og háttv. framsögumaður meiri hlutans sagði, af því, að innlendar afurðir hafa hækkað í verði og menn því átt hægar um fje.

Þá talaði háttv. framsögum. meiri hl. B. Kr.) um það, að vöruskiftaverslun væri orðin mikil í landinu. Ef það er, þykir mjer það mjög sorgleg fregn, í stað þess, að vörurnar sjeu seldar gegn peningum. Jeg hjelt að vöruskiftaverslun væri að hverfa eða að mestu horfin.

Háttv. framsögum. meiri hl. (B. Kr.) sagði, að bankinn þyrfti að borga 16 milj. kr., ef hann ætti að leggja fje til allrar verslunar landsins. Þetta er ekki rjett, því að bankinn þarf ekki að greiða þetta í einu; það skiftist. *(Björn Kristjánsson:* Viðskiftin vaxa). Það er alveg rjett, en jeg tel það heppilegt fyrir innanlandsviðskifti, ef bankinn gæti stutt þau sem mest.

Háttv. framsögumaður meiri hlutans var mjög fyndinn, þar sem hann var að tala um endalausa skrúfuna, er verið væri að gjöra með þessu. Jeg skal ekkert um þetta segja, en mjer skilst, að ekki sje gott að segja, hvort endirinn á endalausu skrúfunni sje hálf eða heil miljón.

Háttv. framsögum. meiri hlutans (B. K.) sjer ekki, að það sje svo mikill munur á skoðunum meiri og minni hl. í niðurstöðunni -- ætti því ekki að vera mikið deilumál, eins og hann sagði —; en niðurstaða meiri hlutans fer í mótsögn við forsendurnar. Hann sagði, að stjórnin væri ekki skyld til að rannsaka bankann, en úr því að talið er nauðsynlegt að hafa eftirlit með bankanum, þá verður hún að hafa það eftirlit á hendi, og sje reglugjörð bankans í einhverju áfátt, þá hefir landstjórnin í hendi sinni að laga það.

Þá gat háttv. framsögum. meiri hlutans (B. K.) þess, að þýska reglan hafi ekki verið framkvæmd hjer. En uppfylli bankinn það, sem lögin heimta, þá er ekki hægt að krefjast meira. Það er ekki ólíklegt, að nú sem stendur sje meiri peningaþörf en endranær, þar sem innlendar vörur eru dýrar, og líka vegna þess, að mikið af vörum er nú selt »frítt um borð«, en það útheimtir meiri peninga en þegar beðið er eftir borguninni þar til varan er seld, eins og oft hefir átt sjer stað.

Jeg hefi ekki skrifað hjá mjer spurningar háttv. þm. Dal. (B. J.) en þær voru eitthvað á þessa leið: Í fyrsta lagi, hvort ekki væri hættulaust að gefa út 250,000 krónum meira en meiri

hlutinn vill, tryggingarlaust. Jeg get vitanlega svarað hv. þm. Dal. (B. J.), því að jeg hefi ekki komið auga á það, að landinu stafaði nein hætta af þessu.

Hin spurningin var um það, hvort ekki mætti krefjast 5% vaxta p. a. af seinni ¼ miljóninni, og gengju vextirnir í landssjóð. Jeg skal ekkert segja um það, hvort þingið vill setja þetta skilyrði, og þó að það gjörði það, þá væri óvíst hvort bankinn vildi ganga að því. (*Bjarni Jónsson:* Vill minni hlutinn setja þetta skilyrði?). Minni hlutinn hefir ekki haft ástæðu að taka afstöðu til þessa. Þetta hefir ekki komið til orða, hvorki hjá meiri eða minni hlutanum.

Annars mun háttv. framsm. meiri hl. (B. K.) færari um að greiða úr spurningum um háttv. þm. Dal. (B. J.).

Framsögum. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Það var eitt atriði í ræðu háttv. framsm. minni hlutans, er jeg vildi athuga, þar sem hann segir, að erlendir bankar hafi aldrei flutt að seðla annara ríkja. Þetta getur vel verið. En hvers vegna er Íslandsbanki nú að flytja inn útlenda seðla? Af því örðugleikar eru á, meðan á stríðinu stendur, að flytja inn gull. En þegar stríðið er á enda, getur hann flutt inn gull í stað seðla; það kostar hann hjer um bili jafn mikið, og alls eigi ókleift að flytja gull að nú, þó það kosti heldur meira, og ófáanlegt er það ekki.

Björn Hallsson: Jeg ætla að gjöra stutta grein fyrir atkvæði mínu. Háttv. framsm. meiri hlutans (B. K.) sagði í framsöguræðu sinni, að ef þingmenn væru spurðir, hversu mikið þyrfti að gefa út af seðlum, myndu þeir segja sitt hver þeirra, af því að þeir vissu það ekki. Jeg held að það sje rjett, að þingmenn viti ekki með neinni vissu, hve miklu þurfi að auka seðlaútgáfuna. En jeg er með hvoruga tillöguna alls kostar ánægður, sem hjer liggur fyrir.

Jeg ætla mjer ekki að fara hjer mikið út í ágreiningsatriði meiri og minni hluta nefndarinnar, því að jeg er maður ekki bankafróður. En jeg lít svo á, að eftir kringumstæðum sje full þörf á að auka seðlaútgáfurjettinn; en jeg vil líka taka það fram, að atkvæði mitt með hækkuninni er með því skilyrði, að þetta sje til bráðabirgða gjört, þannig að þessi aukni rjettur nái að eins til 1917. Jeg tel það mjög athugavert, að auka mikið seðlaútgáfuna á hverju þingi, með því móti gæti það orðið varanlegt, og kynni þá hæglega að fara svo, að bankinn tæki ekki til greina rjettmætar aðfinslur þingsins, heldur gengi þetta áfram, án þess að nokkuð yrði betur búið um tryggingu gagnvart seðlaaukningunni. Það voru rjettmætastar athugasemdir, sem komu hjer fram í nefndaráliti í fyrra, aðallega frá 2. þm. Árn. (núverandi ráðh.) og þm. Snæf. (S. G.), en þær forsendur voru bygðar á því, að seðlaútgáfurjetturinn yrði varanlegur, og eiga því ekki að öllu við aukna seðlaútgáfu frá ári til árs.

Jeg lít svo á, að eftirlit með bankanum sje mjög lítið. Eftirlitið verður því að tryggja um leið og varanleg seðlaaukning er gjörð. Ábyrgð landssjóðs gagnvart bankanum eykst um leið og seðlaútgáfurjetturinn er aukinn, og er því nauðsynlegt, að þing og stjórn hafi meira eftirlit með bankanum, ef hann fer að auka seðlafúlgu sína. Bankaráðið er eins og gagnslaus brúða og ekkert er gjört af bankans hálfu til þess að bæta úr göllunum.

Til þess að fara mitt á milli skoðana beggja nefndarhlutanna og reyna að gjöra sem flestum til hæfis, hefir mjer dottið í hug, hvort ekki væri nægilegt að auka

seðla Íslandsbanka nú um t. d. 750,000 kr. Jeg er þeirrar skoðunar, að það væri nægileg aukning þangað til 1917.

Af því að jeg hallast að því, að leyfa meiri útgáfu seðla en meiri hlutinn tiltekur, þó jeg hins vegar búist við því, að komist yrði af með minna en heila miljón, þá mun jeg greiða atkvæði með brtt. til 3. umræðu, en áskil mjer óbundið atkvæði þá og rjett til að bera þá fram brtt., ef mjer sýnist ástæða til.

Jeg tek það aftur fram, að jeg vil ekki gjöra þenna rjett til aukinnar seðlaútgáfu varanlegan, nema því að eins, að eftirlitið sje aukið og betur verði fyrir því sjeð en nú er. En á hinn bóginn er það ekki betra, að flytja inn seðla frá útlöndum eða gefa út heimildarlög eins og í fyrra; að eins þarf trygging að vera fyrir því, að landinu sje ekki stofnað í neinn háska, með útgáfu litt trygðra seðla.

Pjetur Jónsson: Háttv. framsm. minni hlutans (J. M.) drap á það, að sjerstakar kringumstæður liggi til þess, að nú þurfi meiri seðla en ella, og að nú sje meira selt innanlands af vörum upp á borgun en vanalega á sjer stað. Þetta er alveg rjett, og mjer virtist hann jafnvel leggja of litla áherslu á þetta atriði, því að við þessa þörf verður seðlamagnið að miða, og það er sýnilegt, eftir því sem nú er, að þá horfir til fullkominna vandræða, ef ekki fæst sú aukning seðlafúlgunnar, sem háttv. minni hluti leggur til, og jafnvel þótt hún fengist, er jeg hræddur um, að hún hrökkvi ekki til. Það hefir verið bent á það hjer, að verð hafi hækkað á útflutningsvöru, en ekki hve mikið það hefir hækkað. Ullin er nú álíka míkil og vant er, en í helmingi hærra verði, og allar líkur eru til, að kjötið verði með mesta móti og sjálfsagt $^1/_3$ hærra en venjulega. Fiskur verður líklega í meira lagi og sömuleiðis $^1/_3$ verðhærri en í meðalári. Loks er nú búið þegar að afla yfir 200 þús. tunnur af síld, og mun það vera með mesta móti um þetta leyti, og hún $^1/_2$ hærri í verði en vanalega. Alt þetta gjörir það að verkum, að seðlar í umferð hljóta að vera með langmesta móti, og það sýndi sig þegar í fyrra, að ekki var vanþörf á aukningunni þá.

Það varðar nú mestu í þessu máli, að tryggingin sje góð gagnvart seðlunum. Jeg er nú á þeirri skoðun, að það sje engin áhætta að veita seðlabanka leyfi til að gefa út svo mikið af seðlum, sem hann vill, gegn málmtryggingu, sem bankafróðir menn álíta nægilega, og eins gegn góðum bankatryggingum. Nú eru það eiginlega vörur landsins á móti seðlafúlgunni, svo að í þessu tilfelli er verðmætið til í landinu sjálfu svo miklu ríkulegra en áður. Ef menn gæta að því, hver munurinn er frá því, sem áður var, þar sem alstaðar er $^1/_3$—$^1/_2$ meira verðmæti, þá liggur í þessu bæði meiri trygging og meiri þörf jafnframt.

Hitt þarf ekki að ræða um, hve heimskulegt það er að flytja inn útlenda seðla. Því fylgir mikill kostnaður, og það er skrítið, að menn, sem kalla sig sjálfstæðismenn, skuli endilega vilja vera upp á aðrar þjóðir komnir með verðmiðla, og miðla til útlendinga þeim gróða, sem af því flýtur. Það er álíka og ef við bæðum Dani að koma og hjálpa okkur til að veiða hjerna í landhelginni.

ATKVGR.:

Brtt. 280,1 samþykt með 15 samhljóða atkvæðum.

Brtt. 280,2 samþykt með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánss.,

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Hjörtur Snorrason,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Sigurður Eggerz,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen,
Jóhann Eyjólfsson,	Sveinn Björnsson.
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

1. gr. svo breytt og 2. gr. óbreytt samþ. með 18 : 2 atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkvæðum.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið út af dagskrá samkvæmt ósk nefndarinnar.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. ágúst, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 388, 429, 446, 453).

Guðmundur Hannesson: Jeg skal ekki hætta mjer langt út í umræðurnar um bankamálin, en við höfum, nokkrir þingmenn, leyft okkur að koma með dálitla viðaukatillögu við frv., sem hjer liggur fyrir. Þótt deila megi um flesta hluti, þá eru einstaka atriði, sem allir hljóta vera sammála um. Eitt er það, að landinu sje það óhagur, að svo lítið sje til af innlendum seðlum, að það neyðist til þess að flytja inn útlenda seðla. Með því skaðar það sjálft sig. Þetta býst jeg við, að hafi vakað fyrir mönnum þeim, er auka vilja seðlaútgáfurjett Íslandsbanka. Annað atriði, sem allir viðurkenna, er það, að svo mikið megi gefa út af innlendum seðlum, að það geti orðið ótrygt. Okkur flutningsmönnum þessarar tillögu var ekki grunlaust um, að svo gæti farið hjer. Það gæti verið mikil freisting fyrir bankann, þótt hann þyrfti ekki óhjákvæmilega að gefa út meira en hálfa miljón, að grípa þá til hins helmingsins, bæði þar sem hann gæti grætt á því sjálfur og eins gjört landsmönnum þægindi. Aftur á móti teljum við það ekki frágangssök, að seinni helmingurinn verði gefinn út, ef svo er um hnútana búið, að bankinn geti ekki grætt verulega á því. Þess vegna komum við með þessa tillögu, sem við vonum að standi til bóta og verði samþykt.

Framsm. minni hl. (Jón Magnússon): Minni hluti nefndarinnar hefir ekki haft tækifæri til að bera sig saman um brtt. þær, er fram eru komnar nú við þetta frv.

Um brtt. við 1. gr. er það að segja, að í sjálfu sjer væri ekkert á móti því að samþykkja hana, því að venjulega munu bankarnir koma sjer saman um það, sem hún fer fram á. Þó getur hún bakað nokkur óþægindi.

Um brtt. á þgskj. 453 er aftur á móti það að segja, að verði hún samþykt, þá verður það beinn kostnaður fyrir Íslandsbanka að gefa út seinni 500 þús. krónurnar. Jeg býst því ekki við, að hann sjái sjer fært að nota heimildina, nema með því móti að hækka útlánsvexti sína. Það kemur til af því, að sá helmingur seðlaupphæðarinnar, sem trygður er með gulli, gefur ekki meiri tekjur, en gulltryggingin kostar. Nú er talið, að kostnaðurinn við útgáfu seðlanna

nemi 1% af allri seðlaupphæðinni. Þenna kostnað verður þá að borga af hagnaðinum við ógulltrygða helminginn, og nemur þá 2% af honum. Þegar þar við bætist 4% gjald til landssjóðs, þá hefir bankinn eftir fyrir áhættuna við útlán, sem alt af er nokkuð. Eini vegurinn fyrir bankann, til þess að nota heimildina verður því sá, að hækka útlánsvextina.

Jeg held að hyggilegra hefði verið að fara þá leið, sem háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) vildi fara, að lækka upphæðina niður í $^3/_4$ milljón. Fyrir bankann er það ekki svo mjög af atriði, hvort heimildin nær til $^1/_2$ milj. eða heillar. Bankinn getur ætíð, sjer að skaðlitlu, gætt þess, að hafa eigi meira úti en svo, að hann þurfi eigi að greiða þetta hærra gjald, en það kæmi þá harðast niður á þeim, sem á peningunum þurfa að halda, harðast niður á viðskiftunum.

Jeg skoða brtt. svo, sem hún miði að því, að færa frumv. aftur í hið fyrra form, sem það hafði upphaflega.

Forseti: Út af ummælum, sem fram hafa komið um það, að brtt. á þgskj. 453 hafi ekki verið borin út í gær, skal jeg geta þess, að samkvæmt tilkynningu frá skrifstofunni hefir brtt. verið útbýtt í gær. En fyrst raddir hafa heyrst í andstæða átt, þykir mjer varlegra að leita leyfis hæstv. ráðherra og samþykkis háttv. deildar um afbrigði frá þingsköpunum, þannig, að ræða megi þessa tillögu.

Var þá leitað afbrigða frá þingsköpunum og þau veitt á venjulegan hátt.

Guðmundur Hannesson: Mjer skildist svo á orðum háttv. 2. þm. Rvík (J. M.), að ekkert gjald hvildi að jafnaði á því, sem gulltrygging væri fyrir. En þótt tillaga okkar yrði samþykt, þá yrði gjaldið aldrei nema 5% af því, sem fram yfir fer það, sem bankinn hefir úti um fram $^1/_2$ milljón, svo að ætið yrði nokkur hagur að því fyrir bankann að nota þetta.

Ef hin tillagan á þgskj. 446 yrði samþykt, þá má vera, að væri til of mikils mælst, að bæði yrði hún og tillaga okkar samþykt. Mjer er það ekki heldur fullljóst, hve mikils virði það er fyrir Landsbankann, að slíkt skipulag kæmist á, en væntanlega gefur hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) greinilegar upplýsingar um þetta atriði.

Framsögum. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Brtt. frá mjer á þgskj. 446 er borin fram og orðuð eftir samráði við báða hluta nefndarinnar, svo að jeg gæti í rauninni sparað mjer að tala í þetta sinn.

Jeg skal samt taka það fram, að þótt tillagan sje ekki víðtækari en hún er, eða gangi í aðra átt, þá hefi jeg þó í engu breytt skoðun minni á seðlaútgáfu hjer á landi; því fer fjarri.

Út af því sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) spurðist fyrir um það, hver hagur Landsbankanum væri að tillögu minni á þgskj. 446, þá skal jeg geta þess, að þar er ekki um verulegan peningalegan hag að ræða, en þægindi eru bankanum að þessu fyrirkomulagi, án þess þó að Íslandsbanka sje nokkurt verulegt tjón að.

Úr því að jeg stóð upp, skal jeg taka það fram, að tillagan á þgskj. 453 er ekki bygð á sama grundvelli, sem önnur lönd byggja á í þessum efnum, eins og skýrt hefir verið tekið fram hjer í deildinni, svo skýrt, að það ætti að liggja jafn skýrt fyrir deildarmönnum eins og að 2 og 2 eru 4. Jeg hefði getað búist við, að numið hefði verið burt gjaldið af fyrri hálfu miljóninni, en lagt 5 eða 6% á síðari hálfu milj-

ónina, sem ógulltrygð er, og er það í samræmi við stefnu annara þjóða. En jeg tel alveg sjálfsagt, að byggja á þeirri þekkingu og reynslu, sem vjer getum fengið frá öðrum þjóðum í slíkum málum, sem Alþingi ber alt of lítið skyn á.

Sveinn Björnsson: Það er ekki rjett að segja, eins og sagt hefir verið, að tilgangurinn með þessari brtt., sem jeg og aðrir hafa flutt fram á þgskj. 453, sje sá, að »pilla« nokkrar krónur í landssjóð. Það vakti fyrir mjer, að um leið og seðlaútgáfurjetturinn væri aukinn, þá væri það vel við eigandi, að löggjafarvaldið ljeti það koma fram á einhvern hátt, að það væri nokkuð fast á þessum rjetti sínum. Um formið má deila. En það finst mjer sanngjarnt, að þegar Íslandsbanki fær leyfi til að gefa út seðla, sem eru ógulltrygðir, og þannig sama sem fengnir að láni hjá löggjafarvaldinu, að bankinn greiði þá ekki sömu lágu vextina sem áður af hinni gulltrygðu seðlafúlgu; ef hann hefir nokkura þörf fyrir aukninguna, tel jeg ekki eftir bankanum að greiða þetta gjald. Annars væri að ræða um peningagræðgi bankans, sem óþarft væri að svala. Aðalatriðið er þetta, að bankinn sjái um, að nógir seðlar sjeu til fyrir viðskiftaveltuna.

Jeg skildi ekki háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.). Hann sagði, að ef till. á þgskj. 453 væri samþykt, þá væri það sama sem að ætla bankanum að greiða 6% vexti af seinna hlutanum. Mjer er óskiljanlegt, hvernig háttv. þm. fær þetta út. Segjum, að bankinn hafi úti 600 þús. kr., þá nemur tryggingin 300 þús. kr., en eftir verða þá að eins 100 þús., sem bankinn greiðir af 4%. Þetta skilja allir, sem athuga vilja.

Hannes Hafstein: Jeg get látið mjer nægja, að skírskota til ummæla háttv. framsögum. minni hl. (J. M.).

Jeg skal að eins taka það fram, að jeg tel till. á þgskj. 453 alveg vanhugsaða; og verði hún samþykt, mun varla til þess koma, að bankinn noti heimildina. Ástæðan til þess, að bankinn fór fram á þessa heimild, var sú, að honum þótti betur við eiga í alla staði, að unt væri að nota til innanlandsviðskiftanna innlenda seðla, heldur en að bankinn neyðist til annars hvors, að neita mönnum um nauðsynlegt starfsfje, eða flytja inn útlenda seðla. En sje þessi viðauki samþyktur, þá yrði bankanum bæði hagfeldara og ódýrara að fá seðla frá útlöndum, heldur en auka seðlaútgáfu sína með slíkum kjörum. Að minni hyggju væri oss miklu sæmra að taka þetta hjá sjálfum oss, heldur en vera að hjálpa útlendum bönkum til að selja sína seðla í veltu hjer á landi.

Bjarni Jónsson: Jeg greiddi atkvæði með því á dögunum, að bankinn fengi heimild fyrir einni miljón. En um það hefi jeg ekki getað sannfærst, að bankanum geti staðið nokkur hætta af því, þótt hann greiddi nokkru hærra gjald af síðari helft þeirrar upphæðar. Það getur aldrei komið til, að bankinn noti heimildina nema örlítinn tíma árs, og aldrei nema þegar þörf er til, eftir því sem viðskiftin kalla að. Jeg hefi skilið svo beiðni bankans, að hann ætlaði sjer ekki að gjöra þetta að gróðafyrirtæki, heldur til þess að ráða fram úr þörfum manna. Það getur þá aldrei skaðað bankann, að greiða 4% af upphæðinni þann tíma, sem hún er notuð. Þar á móti er gagnið auðsætt fyrir landsmenn, og slíkt hið sama vansæmdin, að fá seðla frá útlöndum. Það er auðvitað misjafnt, hve mikið er af seðlum úti á hverjum tíma, og jafnauðvit-

að, að ekki er greitt hundraðsgjald, nema fyrir þann tíma, sem seðlar eru úti.

Jeg skal nota tækifærið, til þess að taka það fram, að nauðsyn ber til þess, að vjer eignumst þessa stofnun, sem nú er að mestu í eigu útlendra hluthafa, og því óíslensk. Frumvarp var hjer fyrir þinginu fyrir nokkrum árum, þess efnis, að koma í vorar hendur umráðum þessa banka. Það stefndi í rjetta átt. Því væri vert fyrir stjórnina að taka til athugunar til næsta þings, hver tök væru á að kaupa bankann.

Framsögum. minni hl. (Jón Magnússon): Það er rjett hjá háttv. framsögum. meiri hl. (B. K.), að samkomulag varð um að fallast á brtt. á þgskj. 446.

Öðru máli er að gegna um brtt. á þgskj. 453. Fyrst og fremst er þar um mjög litlar tekjur að ræða fyrir landssjóð, og í annan stað eru með henni, eins og háttv. framsögum. meiri hl. (B. K.) tók fram, brotnar þær meginreglur, sem viðurkendar eru með öðrum þjóðum. Það hefði ef til vill verið meining í því, að leggja engan skatt á fyrri helming seðlaaukningarinnar, en þá 6% eða svo á hinn síðari. En jeg býst við, að allir hafi áttað sig á því, hvað hjer er um að ræða, og að lengri umræður sjeu að eins til að þreyta.

ATKVGR.:

Viðaukatill. 453 feld með 17 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Hannes Hafstein,
Sigurður Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Sveinn Björnsson,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson,	Magnús Kristjánss.,
Þór. Benediktsson.	Matthías Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.

Þeir Eggert Pálsson, Benedikt Sveinsson, Björn Kristjánsson, Hjörtur Snorrason, Jón Jónsson og Stefán Stefánsson, greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 446 samþ. með 19 shlj. atkv.

Viðaukatill. 429 þar með fallin.

Frumvarpið samþykt með 20 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 464).

---

19. Rafmagnsveitur.

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 23. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um rafmagnsveitur,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 75).

Á 17. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Sveinn Björnsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði skipuð í málið.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 18 shlj. atkv., og í hana kosnir:

Sigurður Sigurðsson,
Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,
Sigurður Gunnarsson,
Björn Hallsson.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudagiun 11. ágúst, var frumvarpið tekið til 2. umr. (A. 75, n. 221, 234).

Framsm (Benedikt Sveinsson): Þetta frumv. hefir verið rækilega undirbúið; það er samið eftir lögum 1913, en reynslan hefir sýnt, að þau lög eru ekki nægilega fullkomin, og þyrftu því að koma ný lög í stað þeirra. Rafmagnsnotkun er nú á síðari árum að fara svo í vöxt, bæði í kaupstöðum og þorpum hjer á landi, að full nauðsyn er nýrra laga. Breytingar þær, sem gjörðar hafa verið á frv. í Ed., virðast nefndinni miða til bóta, svo að hún taldi óþarft að koma fram með brtt. En eftir að nefndarálitið var skrifað, þá heyrði nefndin eftir verkfræðingum hjer í bæ, er vit höfðu á málinu, að eins og frumv. væri komið úr höndum háttv. Ed., þá væru einstaka atriði þar viðsjárverð, sem laga þyrfti. Nefndin hefði ef til vill komið fram með brtt. í þá átt, ef hún hefði ekki vitað, að hæstv. ráðherra hefði komið fram með brtt.

Nefndin telur sjálfsagt, að frumv. verði látið ganga fram, og sjer ekki neina ástæðu mæla með því, að breyting verði gjörð á því. En hins vegar mun hún, til samkomulags, ekki leggjast á móti þeim brtt., sem fram hafa komið.

Ráðherra: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með tvær brtt. við frv., eins og Ed. hefir skilið við það. Mjer þykir vænt að heyra, að háttv. frsm. (B. S.) telur nefndina munu geta fallist á þær.

Í frumv. var upphaflega til skilið, að einkaleyfi mætti veita til 30 ára. Ed. hefir fært þetta hámark niður í 15 ár. En eftir samtali mínu við einn verkfræðing hjer í bænum, sem sjerstaklega hefir fengist við þetta mál, hefi jeg talið rjett að bera fram fyrri brtt. mína á þgskj. 234, um að færa ákvæðið um einkaleyfistímann í samt lag aftur. Verkfræðingurinn sagði, að það gæti verið óheppilegt, að einkaleyfi mætti ekki veita til lengri tíma en 15 ára, því að það gæti orðið til þess, að menn treystu sjer ekki til að ráðast í stór fyrirtæki í þessari grein. Hins vegar liggur það í augum uppi, að ekki þarf ávalt að veita einkaleyfi til svo langs tíma, þó að heimild sje til þess, þegar sjerstakar ástæður mæla með því, og verður þá ekki sjeð, að þetta ákvæði þurfi nokkurn skaða að gjöra.

Síðustu málsgr. 6. gr. frumv. hefir Ed. breytt þannig, að yfirmatsnefnd skuli að eins skipuð 3 mönnum, eða ekki fleiri mönnum en undirmatsnefnd. Mjer þykir andkanalegt, að ekki sje ríkar búið um yfirmatsnefndina, því að ef svo er, getur yfirmatið, eftir eðli sínu, ekki veitt meiri tryggingu en undirmatið. Síðari brtt. mín á þgskj. 234 miðar til þess að kippa þessu í lag.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vænti þess, að brtt. mínum verði vel tekið í háttv. deild.

ATKVGR.:

1.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 234,1 — — 18 — —
— 234,2 — — 16 — —
6. gr. svo breytt samþ. með 19 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
12.—17. gr. — — 19 — —
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 304).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent til Ed.
(A. 321).

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi um rafmagnsveitur,
eins og það var samþ. við eina umr. í Ed.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók frv. út af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. ágúst, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 505, n. 549).

Framsm. (Benedikt Sveinsson): Efri deild hefir gjört dálitlar breytingar á frumv., og nefndin í neðri deild hefir fallist á breytingar hennar að öðru leyti en því, að hún leggur til 20 ár í stað 15 ára. Áður voru ákveðin hjer í deildinni 30 ár, svo að jeg vænti nú, þar sem neðri deild slakar til um 10 ár, að það sæti ekki mótmælum í efri deild, heldur verði hún fús til að lengja tímann um 5 ár. Önnur brtt. nefndarinnar er að eins til skýringar og til að gjöra sanngjarnari þau ákvæði, sem hún hljóðar um. Jeg leyfi mjer fyrir hönd nefndarinnar að ráða háttv. deild til að samþykkja frumv. með þessum breytingum. Vjer höfum ekki viljað halda þessu 30 ára tímatakmarki til streitu, úr því að efri deild vildi ekki fallast á það.

Brtt. 549 var of seint fram komin, og leitaði forseti leyfis til afbrigða frá þingsköpum um hana, og voru þau leyfð og samþykt.

ATKVGR.:
Brtt. 549,1 samþ. með 15 shlj. atkv
— 549,2 — — 15 — —
Frv. svo breytt samþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt til Sþ.
(A. 599).

---

20. Kirkjugarður í Reykjavík.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um afhending á landi til stækkunar kirkjugarðsins í Reykjavík.
(A. bls. 118—119).

Á 4. fundi í Nd., mánudaginn 12. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Þetta frumv. er gamalkunnugt hjer í deildinni. Frumv. líks efnis var afgreitt í Nd. í fyrra, en sofnaði í Ed. Þegar í fyrra var svo komið, að fyrirsjánlegt var, að grafreitur Reykjavíkurbæjar yrði útgrafinn á næsta ári, en af því leiddi, að óhjákvæmilegt var að gjöra ráðstafanir til þess, að hann yrði stækkaður. Frumvarp þetta fer fram á að skylda menn, sem land eiga að Reykjavíkurkirkjugarði, til að láta það af hendi, gegn fullu endurgjaldi, og jafnframt er ætlast til, að lögleitt verði legkaup fyrir Reykjavíkursókn.

Á þinginu í fyrra mun, í sambandi við þetta mál, hafa verið skorað á stjórnina, að rannsaka líkbrenslufyrirkomulagið og búa það mál undir næsta þing. Jeg veit ekki, hvort það hefir verið gjört. Að minsta kosti hafði jeg ekki tíma til þess. Jeg býst við, að væntanleg nefnd grafist fyrir um það mál, og hvort tiltækilegt sje að koma því í framkvæmd.

Jón Magnússon: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd að umræðunni lokinni.

Sveinn Björnsson: Eins og hæstvirtur ráðherra tók fram, var þetta frv. fyrir deildinni í fyrra, og um leið og það var afgreitt frá deildinni, var samþykt þingsályktunartillaga þess efnis, að skora á landsstjórnina, að rannsaka líkbrenslufyrirkomulagið, og undirbúa það mál fyrir næsta þing. Mjer er kunnugt um, að það hefir ekki verið hægt að gjöra eins ítarlega og þörf er á Jeg vil leyfa mjer að skoða ummæli hæstv. ráðherra sem ósk um, að væntanleg nefnd taki jafnframt til athugunar líkbrensluspursmálið. Jeg vildi undirstrika þá ósk fyrir mitt leyti.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 17 shlj. atkv.

Kosningu hlutu með hlutfallskosn.:

Hjörtur Snorrason,
Matthías Ólafsson,
Jón Magnússon,
Þórarinn Benediktsson,
Guðmundur Hannesson.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. bls. 118—119; þgskj. n. 162, 163).

Framsm. (Guðm. Hannesson): Jeg held, að mest af því, sem máli skiftir, sje tekið fram í nefndarálitinu.

Aðalatriðið er verðið. Og er þá á það að líta, hvort stækka beri gamla kirkjugarðinn, eða fá ódýrara land undir nýjan kirkjugarð. Nefndin hefir athugað ýms svæði, t. d. úti á Melum, hjá Vatnsmýrinni, hjá Sunnuhvoli og víðar, og er enginn vafi á því, að utan bæjar má víðar en á einum stað fá laglegt kirkjugarðsstæði. Á þennan hátt má spara mikið fje, samanborið við það, að kaupa lóð inni í bænum. Öll nefndin var því sammála um það, að þótt stjórninni væri falin framkvæmd málsins, væri þó hyggilegast, að kaupa land undir nýjan garð utan aðalbæjarins.

Nefndin hefir einnig athugað líkbrenslumálið og komist að þeirri niðurstöðu, eins og sjá má af nefndarálitinu, að slík stofnun mundi tæplega kosta undir 50 þús. kr. Þótti henni því ekki tiltækilegt að ráðast í það nú, og ofmiklu til kostað, þar sem að eins fáir menn mundu verða til að láta brenna sig fyrstu árin, þótt leitt sje, að þurfa skuli að flytja til útlanda lík þeirra manna, sem vilja láta brenna sig. Um kostnaðinn er og það að segja, að engu ódýrara er að láta brenna sig en grafa, heldur mun dýrara. Líkvagn og skraut o.fl. er oft hið sama, og eins þarf legstað í kirkjugarði fyrir öskuna.

Þorleifur Jónsson: Mjer finst jeg vaða í villu og svima um, hvernig jeg eigi að snúa mjer í þessu máli; svo litlar bendingar gefur nefndin um það, hverja leið hún telji best færa. Svo er að sjá, sem hún hallist að því, að kaupa land undir nýjan kirkjugarð. En engar bendingar eru gefnar um það, hvað slíkt land mundi kosta.

Jeg hefi heyrt nefnt svo kallað Nýjatún, sem kosta mundi alt að 100 þús. króna, og verð jeg að telja það ægilegt, ef landið á að fara að kasta út stórfje fyrir kirkjugarðsstæði handa Reykjavík.

Mjer þætti nú fróðlegt að heyra, hvern stað nefndin hefir hugsað sjer og yfirleitt nánari upplýsingar um málið, með því að hjer getur verið um mikil útgjöld að ræða fyrir landssjóð.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Það er í rauninni eðlilegt, að slík fyrirspurn komi fram, og hefði mjer ef til vill verið skylt að gjöra nánari grein fyrir þessu atriði.

Það munu allir skilja, að mikill verðmunur hlýtur að vera á landi, sem metið er að eins til grasræktar, og dýrum húsastæðum. Það kom til tals í nefndinni, að ákveða hámark verðsins, en þótti ekki hyggilegt, því þá hefðu landeigendur ef til vill notað sjer það, og krafist að minsta kosti þeirrar upphæðar.

Aðalatriðið er þetta, að stjórnin kaupi ekki land, nema það sem metið er sem tún; með öðrum orðum, kaupi ódýrt land, en ekki þar sem hússtæði er. Því er þetta óákveðna orðalag, til þess að engum sje gefið undir fótinn. Auðvitað eru blettirnir margir, sem hægt er að nota, en til þess að ákveða, hvar besti staðurinn sje, verður að taka grafir á nokkrum stöðum, en þetta þótti nefndinni rjettast að fela stjórninni.

ATKVGR.:

Brtt. 163,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr. þar með fallin.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 163,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr. svo breytt samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 163,3 (við fyrirsögnina) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögnin svo breytt samþykt án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkvæðum.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ág., var frumv. tekið til 3. umr.

Forseti tók frv. út af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. ágúst, var frumvarpið með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík,

enn tekið til 3. umr. (A. 223, 327).

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Nefndin hefir leyft sjer að koma með breytingartillögu, sem er prentuð á þingskjali 327. Hún ætlaði sjer, þegar málið var tekið út af dagskrá um daginn, að reyna að ákveða til fulls, hvar kirkjugarðsstæði væri hagkvæmast, og hvað það myndi kosta nákvæmlega. En þrátt fyrir allar tilraunir, sem nefndin hefir gjört, til þess að finna hentugan stað, þá er hún ekki alls kostar ánægð. Og þess vegna hefir hún ekki sjeð annað heppilegra en að skjóta því til stjórnarinnar. Hins vegar hefir nefndin fengið fulla vissu um það, að víða má fá sæmileg kirkjugarðsstæði, sem ekki eru húsastæði, og að 10,000 kr. muni nægja til garðkaupa, og óþarft sje að gjöra ráð fyrir hærri fjárupphæð. Þetta er heldur minni upphæð en upprunalega var gjört ráð fyrir. Nefndin hefir því hugsað sjer, að legkaup skyldi lækkað fyrir bragðið. Hugmyndin var ekki sú, að landssjóður ætti að græða á legkaupinu, og þess vegna fanst okkur sanngjarnt að færa það niður, ef landið fengist ekki fyrir hærra verð en 10,000 kr. alls, þó væntanleg uppþurkun bættist við landsverðið.

Ráðherra: Það eru að eins nokkur orð, sem jeg vildi segja um brtt. á þgskj. 327.

2. brtt. er um það, að upphæðin verði takmörkuð við 10 þús. kr. Jeg skal ekki segja, nema sú upphæð kunni að nægja. En jeg vildi að eins benda á, að það getur verið óheppilegt, að tak-

marka upphæðina á þenna hátt, því að hugsanlegt er, að hægt verði að komast að betri kaupum, ef stærra land er keypt.

Þá er 3. brtt. Jeg er ekki viss um, hvort rjett er að færa legkaupið þannig niður. Ef það er ekki fært niður, býst jeg við, að það nemi samtals 8—10 hundruð kr. á ári. Og mjer skilst, að það megi naumast minna vera, ef tilætlunin er sú, að láta landssjóð sleppa skaðlausan. Hvern einstakling munar ekki mikið, hvort hann geldur 50 aurum eða 1 krónu meira eða minna, en það dregur sig saman, og getur munað nokkru, þegar það kemur á eina hönd.

Jón Magnússon: Að því er snertir upphæð legkaupsins, þá er jeg alveg á öfugri skoðun við hæstv. ráðherra. Jeg álít, að ekki hafi einungis verið ástæða til að færa það niður, heldur hefði að rjettu lagi átt að fella það alveg burtu. Að vísu gjörði jeg þetta ekki að ágreiningsefni í nefndinni. Jeg sá mjer það ekki fært. En jeg hygg, að það sje auðsjeð hverjum manni, að Reykvíkingar eru hjer beittir stakasta misrjetti gagnvart öðrum landshlutum. Því að annarstaðar þurfa menn hvergi að greiða legkaup. Síst hefði jeg vænst þess, að hæstv. ráðherra yrði á móti því, að færa legkaupið niður, því að þó að það yrði gjört, yrði það samt sem áður hærra en gjört var ráð fyrir í frumv. stjórnarinnar. Jeg skal ekkert um það segja, hvernig Reykjavíkursöfnuður tekur þessu, að þurfa einn af öllum söfnuðum landsins að gjalda legkaup. En ekki er það óhugsandi, að hann segði við landssjóð, að hann mætti halda prestunum og kirkjunni, söfnuðurinn skyldi sjálfur sjá fyrir sjer. Jeg er ekki að segja að söfnuðurinn gjöri þetta. En víst hefði það getað komið fyrir í öðrum söfnuðum á þessu landi, að þeir kærðu sig ekki um þjóðkirkju með þessum skilyrðum.

Til hins er nokkur ástæða, að takmarka upphæðina við 10 þús. kr., þar sem ætla má, að hægt sje að fá nægilega stórt land til garðsins fyrir þá upphæð. Jeg tel heppilegt að gjöra ráð fyrir nýjum kirkjugarði, og hann ætti helst að vera austan bæjar. Ef bærinn vex mikið úr þessu, er miklu heppilegra að garðarnir sjeu tveir, annar vestan bæjar og hinn austan, þó að vegalengdirnar hjer sjeu vitanlega ekki miklar.

Eggert Pálsson: Það er að eins stutt athugasemd sem jeg vildi gjöra.

Mjer finst dálítil ónákvæmni í frumv., ef brtt. nefndarinnar verður samþykt. Í 2. brtt. er gengið út frá, að kirkjugarðarnir verði tveir, en í 3. gr. frumv. er sagt, að legkaup skuli greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur Hjer ætti vitanlega að standa: í kirkjugörðum Reykjavíkur.

Hvað það snertir, að óviðfeldið sje að hafa legkaup hjer í Reykjavík en ekki annarstaðar, þá er þess að gæta, að hjer stendur nokkuð sjerstaklega á. Alstaðar annarstaðar á landinu er hægt að fá land undir kirkjugarða fyrir mjög lítið verð, og víðast hvar fyrir alls ekkert. En því er ekki að heilsa hjer. Það er því ekki tiltökumál, þó að Reykvíkingar verði fyrir þessu misrjetti, sem sumir kalla svo. Einnig er þess að gæta, að hjer í Reykjavík er fleira frikirkjufólk en nokkurstaðar annarstaðar á landinu, og er ekki nema eðlilegt, að landssjóður leggi því ekki grafreit fyrir ekki neitt. Hins vegar verð jeg að segja, að mjer þætti það ekkert óviðfeldið, þó að legkaup væri alstaðar tekið upp. Það yrði vitanlega haft þeim

mun lægra, því minna sem til kirkjugarðanna þarf að kosta.

Pjetur Jónsson: Út af ræðu hv. 2. þm. Rvk (J. M.) vildi jeg taka nokkuð fram til andmæla. *(Jón Magnússon:* Það er ekki hægt). Jú, jeg held það sje hægt. Jeg held, að það hafi ekki verið alveg nægilega athugað, sem hann sagði, að með legkaupinu væri Reykjavíkursöfnuður beittur misrjetti gagnvart söfnuðum landsins. Hann hefir ekki gætt þess, hvernig hagar til. Það er satt, að legkaup er úr lögum numið alstaðar, og jeg er á því, að það hafi ekki verið rjett gjört; teldi því rjett, að jafnframt því, sem það er leitt í lög hjer, væri það einnig lögleitt í öðrum söfnuðum landsins. En þessa skoðun hefi jeg ekki af því, að jeg telji Reykvíkinga beitta ranglæti, þó að þeir, einir sjer, gjaldi legkaup, Því er svo varið um flestar kirkjur landsins, að þær eru í höndum safnaðanna. Þeir borga kirkjunum nægilegt fje til viðhalds og einnig kirkjugörðunum. Það kemur niður á söfnuðunum að halda kirkjugörðunum við og leggja til grafreit, þó að þeir borgi ekki legkaup; ef lögmælt kirkjugjöld hrökkva ekki til, bætir söfnuðnrinn við eða hækkar kirkjugjaldið. Hjer veit jeg aftur á móti ekki til, að söfnuðurinn leggi kirkjunni eða kirkjugarðinum, nokkuð annað en föstu kirkjugjöldin og girðing um grafreitinn.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Jeg held að það geti tæplega misskilningi valdið, að í 3. gr. frumv. stendur »í kirkjugarði« í stað í kirkjugörðum, þegar það er að öllu leyti bersýnilegt, að frumv. gjörir ráð fyrir tveimur kirkjugörðum.

Að upphæðin til landkaupanna er bundin við 10. þús. kr., kom af því, að nefndin þóttist viss um, að hægt væri að fá nægilega stórt land undir kirkjugarðinn, án þess að farið væri fram úr þeirri upphæð.

ATKVGR.:

Brtt. 327,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 327,2 (fyrri málsgr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 327,2 (síðari málsgr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 327,3 samþ. með 16 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Bened. Sveinsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Arnórsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Sig. Sigurðsson,
Matth. Ólafsson,	Stefán Stefánsson,
Sig. Gunnarsson,	Þorleifur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

Bjarni Jónsson, Hannes Hafstein, Jóhann Eyjólfsson, Pjetur Jónsson og Sigurður Eggerz greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hl.

Einn þingmaður fjarstaddur.

Frumvarpið samþykt með 16 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 449).

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 2. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 692).

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. september, var frumv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. september, var frumvarpið enn tekið til einnar umr. (A. 692, n. 777).

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Þessar brtt., sem nefndin hefir komið fram með við frumvarpið, eru svo auðskildar, að ekki þarf orðum að þeim að eyða.

ATKVGR.:

Brtt. 777,1 samþykt með 16 samhlj. atkv.

— 777,2 samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumv. svo breytt samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent til Ed.

(A. 788).

II.

Þingmannafrumvörp.

---

1. Dómþinghár í Vöðluþingi og Þingeyjar.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 17. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sjerstakar dómþinghár í Öxnadals og Árskógshreppum. (A. 44).

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók frv. út af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. júlí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flutnm. (Stefán Stefánsson): Fyrir 2 árum flutti jeg hjer á þingi að nokkru leyti sams konar frumv. og við þingmenn Eyfirðinga flytjum nú, sem sje um sjerstaka dómþinghá í Öxnadalshreppi. Fylgdu þeirri málaleitun þá undirskriftir fjölda bænda í hreppnum. Svo stóð á, að Öxnadalshreppur var þá nýlega aðskilinn frá Skriðuhreppi hinum forna, en Öxndælir höfðu bygt sjer nýtt fundarhús. Töldu því hreppsbúar æskilegt, að hreppurinn væri sjerstök dómþinghá. Máli þessu var vel tekið hjer í deildinni, en í Ed. var frv. fargað við 1. umræðu. Síðan þetta var, hefir Arnarneshreppur skifst í 2 hreppa, Árskógshrepp og Arnarneshrepp. Árskógshreppur á myndarlegt fundarhús og Arnarneshreppur sömuleiðis; er það steinhús all vandað og vel frá gengið. En þar sem hvorugt þetta hús verður notað til manntalsþinga, eins og nú er ástatt, verða báðir hrepparnir að leigja sjer hús til þess á Hjalteyri. Við þetta þykir mönnum lítt unandi. Því var það, að á manntalsþinginu í vor, sem leið, var viðkomandi sýslumaður spurður um það, hvort hann hefði nokkuð á móti því, að þessir tveir hreppar yrðu hvor um sig sjerstök dómþinghá. Svaraði hann því á þá leið, að hvað sig snerti sæi hann því ekkert til fyrirstöðu. En því var sýslumaðurinn spurður að þessu, að helsta mótbáran, sem kom fram á móti málinu í Ed., var sú, að þetta hefði í för með sjer svo mikinn kostnað og aukna fyrirhöfn fyrir sýslumann-

inn. Álit sýslumanns var fært inn í þingbókina, og var það gjört til þess, að ef sama mótbáran kæmi hjer fram nú, þá væri hægt að fá það með símskeyti, eða á annan hátt. Jeg vona, að háttv. deild taki málinu vel, eins og áður, og afgreiði það tafarlítið til háttv. Ed. Jeg sje ekki neina ástæðu til, að nefnd verði sett í málið, þar sem það liggur svo ljóst fyrir. Það skal jeg taka fram, að því var hreyft í Ed., þegar frv. fjell þar, að ekkert mundi vera á móti því, að 2 manntalsþing væru haldin í sömu dómþinghánni. Jeg vil ekki fullyrða neitt um það atriði, en það hygg jeg að eigi sjer mjög óvíða stað hjer á landi, enda lögfræðinganna að skera úr því, hvort slík tilhögun er með öllu lögleg. En þegar viðkomandi sýslumaður sjer ekkert á móti þessari breytingu, sem frumvarpið fer fram á að gjörð sje, þá get jeg ekki sjeð, að löggjafarvaldið hafi nokkra verulega ástæðu lengur, til þess að neita um hana.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 23. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 44).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 44).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 103).

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sjerstakar dómþinghár í Öxnadals-, Árskógs-, Reykdæla- og Aðaldælahreppum,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 238).

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 9. ágúst, var frumvarpið tekið til einnar umr.

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Jeg hefi eiginlega ekkert sjerstakt um þetta mál að segja, annað en það, að jeg er þakklátur háttv. Ed. og tel það vel farið, að hún hefir samþykt frumvarpið um sjerstakar dómþinghár í Öxnadals- og Árskógshreppum. Að vísu er frumvarpið að því leyti breytt, að sjerstakar dómþinghár skuli einnig vera í Reykdæla- og Aðaldælahreppum í Þingeyjarsýslu. Þessari viðbót hefi jeg alls ekki neitt á móti, þar sem mjer er kunnugt um, að þar hagar eins til og í Öxnadals- og Árskógshreppum, að þeir eiga fundarhús hvor um sig, og er þá sjálfsagt, að þeir njóti sömu rjettinda og hlíti sömu lögum, sem hinir hreppparnir. Jeg vil því leyfa mjer að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá háttv. Ed.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 271).

---

2. Ófriðarráðstafanir.

A 16. fundi í Nd., mánudaginn 26. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðinum. [Frá dýrtíðarnefndinni]. (A. 88).

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. júlí, var frumv. tekið til 1. umr. (A. 88, n. 89, 102, 106, 113).

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Jeg finn ekki ástæðu til að fara neitt rækilega út í málið nú við 1. umr., en læt mjer nægja að vísa til nefndarálitsins. Brtt. þær, sem fram hafa komið við frv., snerta einstök atriði, sem ekki er ástæða til að ræða að svo stöddu. Jeg vænti, að háttv. deild sje á sama máli og nefndin um það, að nauðsynlegt sje að setja lög um þetta efni, og geti því vísað frv. til 2. umr. án frekari umræðu í þetta skifti.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr.

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Eins og nefndarálitið ber með sjer, og jeg benti á við 1. umr., er hjer um það að ræða, að gefa út lík lög og þau, er talið var nauðsynlegt að gefa út á síðasta þingi, út af Norðurálfuófriðnum, sem sje lög um að heimila landstjórninni að gjöra ýmsar ráðstafanir vegna þess ástands, er ófriðurinn kynni að skapa á milli þinga. Öll nefndin er sammála um það, að óhjákvæmilegt sje að setja ný lög í þessa átt, í stað laganna frá í fyrra, sem nú eru úr gildi gengin. Nefndin er einnig sammála um efni laganna að öllu leyti öðru en því, sem kemur fram í nefndaráliti minni hl. nefndarinnar á þgskj. 123 og í brtt. á þgskj. 113. Um þau atriði, sem nefndin er sammála um, skal jeg ekki fjölyrða. Jeg vil að eins drepa á það, að í 2. gr. laganna frá í fyrra var stjórninni heimilað að taka alt að 500 þús. kr. lán til matvörukaupa, ef á þyrfti að halda. Þessa heimild mun stjórnin hafa notað að mestu leyti á síðasta hausti. Nefndin leit svo á, að óþarft væri að binda þessa heimild við svo lága upphæð, og leggur því til að stjórninni verði heimiluð 1 milj. króna lántaka, en auðvitað í því trausti, að þessi heimild verði ekki notuð að fullu, nema brýn þörf krefji.

Þá skal jeg víkja örfáum orðum að breytingartillögum þeim, sem fram hafa komið.

Brtt. á þgskj. 102 fer fram á þá breytingu á 1. setningu 2. gr. frv., að bætt sje inn orðinu »brýn« á undan orðinu »þörf«. Jeg held, að þessi brtt. sje í sjálfu sjer óþörf. Þessi setning í frv. nefndarinnar er tekin orðrjett úr lögunum frá í fyrra. Jeg held, að ekkert það hafi fram komið, sem gefi ástæðu til að «brýna« stjórnina í þessu efni, og því mætti eins vel fara að halda hjer sama orðalaginu, sem haft var um þetta atriði í lögunum í fyrra.

Þá eru brtt. á þgskj. 113 frá minni hl. nefndarinnar. Eins og sjá má á frv.

á þgskj. 88, hefir meiri hl. nefndarinnar viljað leggja til, að auk útflutningsbannsins á útlendum vörum, sem heimilað var í lögunum í fyrra, verði einnig heimilað að leggja útflutningsbann á íslenskar afurðir, þó þannig, að landstjórnin hafi heimild til að veita undanþágur frá slíku banni, með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg. Minni hl. nefndarinnar hefir ekki getað fallist á þetta. Hann leggur til, að stjórninni sje að eins heimilt að leggja útflutningsbann á íslenska *mat*vöru, og þó því að eins, að »aðflutningur til landsins af útlendum matvælum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn«. Eins og sjá má á nefndarálitinu á þgskj. 123, hefir minni hlutinn gjört grein fyrir ástæðum þeim, er hann telur mæla með þessari breytingu. Skal jeg leyfa mjer að athuga þær ástæður lítið eitt.

Ástæðan til þess, að meiri hl. nefndarinnar hefir stungið upp á því, að stjórninni sje heimilað að leggja útflutningsbann á íslenskar afurðir, er sú, að hann óttast, að svo geti farið, að hið háa verð, sem nú er á íslenskum afurðum erlendis, gjöri það að verkum, að menn flytji svo mikið út, að innlend vara til manneldis verði ekki fáanleg í landinu. Meiri hlutinn lítur svo á, að af þessu geti leitt það böl fyrir landsmenn, að ekki sje forsvaranlegt fyrir þingið að loka augunum fyrir því, heldur skylda þess að sýna þá forsjálni, að gjöra ráðstafanir til þess að afstýra voðanum. Minni hlutinn lítur ekki svo svörtum augum á þetta mál. Hann viðurkennir að vísu, að það geti komið fyrir, að þurð verði á íslenskum vörum í landinu, en hann telur það ekki munu koma að sök, meðan hægt sje að fá nóg af útlendri vöru. Við þetta er það að athuga, að það er erfitt fyrir stjórnina, hver sem hún er, að setja undir lekann, ef hún má ekki grípa til neinna ráðstafana í þessu efni, fyrr en það er komið á daginn, að aðflutningur á útlendri vöru hefir tepst. Jeg skal taka dæmi þessu til skýringar. Íslenska kjötið er flutt út í október og nóvember. Nú er það hugsanlegt, að á meðan útflutningurinn fer fram, flytjist nægilega mikið til landsins af útlendri vöru. En í desember teppast allir aðflutningar. Hvernig á stjórnin þá að geta sett undir lekann? Jeg sje ekki hvernig hún á að fara að því. Hjer er einnig á annað að líta. Landsmenn eru þannig gjörðir, að þeim þykir ilt að lifa á brauði einu saman. Hingað til hafa þeir orðið að hafa annað sjer til viðurværis en erlenda kornvöru. Mönnum er næstum ómögulegt að neita sjer um alla íslenska vöru til manneldis. Mörgum mun því þykja ilt, ef innlenda varan flytst svo mikið út, að hún verði ekki fáanleg í landinu, jafnvel þótt ekki komi til þess, að það leiði til hungursneyðar. Þetta nær ekki heldur eingöngu til matvæla. T. d. má flytja svo mikið út af ull, að til vandræða horfi fyrir landsmenn. Að minsta kosti eru deildar meiningar um það, jafnvel þótt hægt væri að fá bómull frá útlöndum í staðinn, að heppilegt sje að skifta á henni til klæðnaðar og góðri íslenskri ull. Minni hlutinn heldur því fram, að ekki hafi verið flutt meira út af íslenskum afurðum en venja hefir verið til, og að engin ástæða sje til að halda, að svo verði. Meiri hlutinn heldur aftur á móti, að mjög mikil hætta sje á því, og byggir þá skoðun sína á þeirri skiljanlegu ástæðu, að innlendu afurðirnar eru í svo óvenjulega háu verði. Minni hl. segir, að kjöt muni verða fáanlegt í landinu við sama verði og bændur fái fyrir það annars staðar. Þetta getur rjett verið. En þó get jeg nefnt dæmi til þess, að íslenskt sauðakjöt hefir ekki

verið fáanlegt hjer í Reykjavík, nema fyrir mun hærra verð en það var á sama tíma selt fyrir í Kaupmannahöfn.

Þá fer minni hlutinn inn á annað spursmál, sem líka hefir vakað fyrir meiri hlutanum, að nauðsynlegt geti orðið að takmarka verð á matvælum; kjöt og fiskur geti stigið svo í verði, að það verði gjörómögulegt fyrir fátæklinga að afla sjer þeirrar fæðu. Þar til svarar minni hlutinn því, að það gjöri ekki mjög mikið til, þótt svo verði, vegna þess, að verkkaup manna hafi hækkað svo, að þeir geti staðið sig við að kaupa hærra verði. Þessu er því til að svara, að þótt litið sje burtu frá föstum embættismönnum, þá hefir kaup fastra starfsmanna eða sýslunarmanna landssjóðs eða opinberra stofnana alls ekki hækkað, og þótt kaup verkamanna hafi hækkað um 10—15%, þá hrekkur það ekki langt upp í verðhækkun nauðsynjavara, sjerstaklega ef svo reynist, að kjöt hækki um 100%, sem menn eru hræddir um að verði. Þá talar minni hlutinn um útflutning á fiski og bendir á það, að Reykjavík geti alt af verið vel birg að fiski, þar sem botnvörpungarnir geti, vegna ófriðarins, ekki flutt ísfisk til Englands; það verði því auðvelt að kaupa hann ódýru verði. Satt að segja hjelt jeg, að háttv. þm. N. Þ. (B. S.) væri að minsta kosti svo kunnugur botnvörpuútveg, að hann vissi, að þýðingarlítið var að benda á þetta. Honum ætti að vera kunnugt um það, að það hefir alls ekki svarað kostnaði að veiða fisk til að salta á haustvertíðinni. Þess vegna hafa botnvörpungar »fiskað í ís« og selt ísfiskinn til Englands. En það getur alls ekki borgað sig að fiska á þann hátt fyrir Reykjavík, vegna þess, að markaður hjer er alt of lítill og útgjörðarmenn geta ekki staðið sig við að halda skipunum úti sjer til stórskaða.

Þá finnur minni hl. ekki ástæðu til þess, að hefta á neinn hátt útflutning hrossa, af þeirri ástæðu, að bændur mundu aldrei fækka hestum sjer til skaða. En það þarf ekki að leita víða um land, til þess að finna þess dæmi, að sum hjeruð *hafa* fækkað hestum sjer til tjóns, vegna hins háa verðs og stundargróðans — og íslenski hesturinn er svo nauðsynlegur, að án hans getum við ekki verið. Jeg vil undirstrika það, að meiri hlutinn fer hjer að eins fram á varúðarráðstöfun — *heimild* til stjórnarinnar, til þess að gjöra það, sem kann að verða nauðsynlegt vegna þess ástands, sem getur skapast, vegna Norðurálfuófriðarins. Meiri hlutinn álítur þetta heppilegri aðferð, heldur en að vísa til bráðabirgðalaga. Það er betri regla, að þingið reyni að hafa töglin og hagldirnar um það, sem gjöra þarf, meðan það situr, en það neyðarúrræðislöggjafarvald, sem bráðabirgðalöggjafarvaldið er, og ekki á að grípa til, nema í allra ítrustu nauðsyn.

Jeg skal svo ekki lengja mikið umræðurnar, en vil að eins drepa á það, að mjer virðist það liggja í nefndaráliti minni hlutans, að tillögur meiri hlutans sjeu sprottnar af ástæðulausum ugg Reykvíkinga og annara sjávarkauptúna um, að hjer sje meiri hætta á ferðum en í raun og veru er, og jafnframt, að óskir þeirra stafi af smásmuglegri öfund yfir því, að landbóndinn græði dálítið meira nú en venjulega; nú sje verið að reyna að ná í hans litla hagnað. Þetta er hinn mesti misskilningur. Meiri hlutinn hefir ekki einu sinni viljað fara eins langt og margir aðrir, nefnilega að leggja ófriðarskatt á — skatt á þann hagnað einstaklinga, sem þeir fá af

framleiðslu sinni eða starfi, vegna tilviljunar einnar, en ekki fyrir eigin tilverknað. Jeg get fullvissað menn um, að það eina, sem fyrir meiri hlutanum vakir, er, að reyna að tryggja það, að næg matvæli sjeu í landinu, og menn með litlum tekjum þurfi ekki að fara á sveitina eða svelta. Meiri hlutinn væntir þess því, að brtt. 1. og 2. á þgskj. 113 og brtt. á þgskj. 106 verði feldar.

Þá er 3. brtt. á þgskj. 113. Hún fer í þá átt, að fella burtu heimild til stjórnarinnar, til þess að verja því fje úr landssjóði, sem nauðsynlegt sje til framkvæmdar þessara laga. Jeg skil ekki annað en þessi tillaga sje sprottin af einhverjum misskilningi. Það er rangt að leggja stjórninni skyldur á herðar, sem heimtað er af henni að hún ræki vel, og hún verður að rækja vel, ef að gagni á að koma, en leyfa henni ekki að verja neinu fje til þessa. Slíkt er óframkvæmkvæmanlegt. Sjeu menn hræddir um, að stjórnin fari illa með þessa heimild, þá eru alt af til eftirlits með henni 5 menn, sem settir eru til höfuðs henni, kosnir af Alþingi.

Framsm. minni hl. (Þorleifur Jónsson): Jeg vona, að nefndarálit minni hlutans á þgskj. 123 sje svo skýrt, að ekki þurfi að árjetta það með mörgum orðum. Mjer virtist háttv. framsm. meiri hl. (S. B.) ekki geta hrakið mikið af því, sem í því stendur.

Það, sem meiri og minni hl. greinir aðallega á um í þessu máli, er það, að meiri hlutinn álítur, að nú sje svo hörmulega komið, að nauðsynlegt sje að banna útflutning á aðalafurðum landsins, en minni hl. vill ekki kannast við, að ástandið sje svo geigvænlegt. Á þinginu í fyrra, þegar rætt var um dýrtíðarráðstafanir, og hvað gjöra bæri, til þess að koma í veg fyrir hungursneyð, þá voru samþykt lög, er öllum virtust vera nógu skýr og svo ströng, að þau mættu að haldi koma. Þá var stríðið í byrjun, ófyrirsjáanlegt hvernig fara mundi og því eðlilegt, að mikill geigur væri í mönnum. En nú hefir það þegar staðið í eitt ár, og það hefir sýnt sig, að betur hefir rætst úr en menn bjuggust við, og það er ólíklegt, að meiri hætta sje á ferðum nú en þá var. Það hefir ekki borið á, að nein teppa væri á aðflutningum frá útlöndum. Skipin koma nú hvert eftir annað fullfermd af matvöru og öðrum nauðsynjavörum, sem raunar verður að borga allháu verði, en það mundi ekki heldur lækka, þótt útflutningsbann kæmist á hjer. En ef þingið gefur nú heimild til útflutningsbanns, þá eru einmitt líkurnar fyrir því, siglingateppa gæti orðið, því að skipin fengju þá engan farm til útlanda, og með hverju ættum við þá að borga útlendu vöruna? Mjer finst við mega þakka fyrir, meðan við komum afurðum okkar á útlendan markað og getum náð þaðan í þá vöru, sem við þurfum á að halda. En hætti aftur á móti útlend vara að flytjast til landsins, þá er auðvitað sjálfsagt að banna útflutning á íslenskum vörum, að einhverju eða nokkru leyti. Að því leyti viljum við halda okkur við lögin frá í fyrra.

Háttv.framsm. meiri hl. (S. B.) sagði, að erfitt mundi verða að fá kjöt og fisk í vetur. Jeg get ekki skilið að svo verði. Ef einstakir menn eða bæjarfjelög panta vöruna í tíma, þá ætti engin þurð að verða á að fá hana með sama verði og hún selst í útlöndum. En jeg þykist vita, að sú hugsun liggi bak við hjá háttv. þm. (S. B.), að varan verði svo dýr, að mönnum verði ókleift að kaupa hana. Menn halda það nú, að kjöt verði svo dýrt, að það verði ókaupandi. En þótt nú sem stendur

sje útlit fyrir hátt verð á því, þá er ekki víst, að svo reynist í haust. Ef Bretar t. d. taka það, sem ekki er ólíklegt, þá mundi það strax falla í verði. Þeir hafa nú byrjað með ullina, og ekki ólíklegt, að þeir haldi áfram með kjötið. En við það verða öll viðskifti svo hæpin, að verðlækkun hlýtur að eiga sjer stað. Hins vegar finst mjer það ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að einmitt kjötið haldist í sama verði og áður, þar sem allar aðrar matvörur hafa stigið. Menn verða að sætta sig við þetta, sem ekki verður hjá komist. Þess ber líka að gæta, að öll vinna og verkakaup hefir stigið að mun, svo mjer finst það beinlínis ósanngjarnt að ætlast til þess, að hægt sje að ákveða af stjórn og velferðarnefnd sama verð á afurðunum og áður.

Jeg get að vísu skilið það, að háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) vilji fá útflutningsbann heimilað, því að mikil áhersla er á það lögð hjer í bæ. Það sjest best á blöðunum, sem alt af eru að tala um dýrtíð, og hvernig forðast megi hungursneyð. Auðvitað liggur á bak við, að bannað verði að flytja út tiltekinn forða af kjöti, og stjórn og verðlagsnefnd leggi svo »hæfilegt« verð á það, sem eftir er. Það er ekki láandi háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) þótt hann láti undan þessari »pressu«, sem á hann er lögð. Jeg sá nýlega í blaði uppástungu um það, að þingið sjálft bannaði útflutning á íslenskum afurðum, í stað þess að heimila stjórninni að setja slíkt bann. Greinarhöfundur hefir auðsjáanlega verið hræddur um, að stjórnin yrði rög á það, að banna útflutninginn og lækka verðið á íslenskum vörum. Enda þótt jeg treysti því, ef lög þau komast á, sem meiri hl. stingur upp á, að stjórnin mundi vilja reyna að vera sem varkárust í þessu efni, þá er þó hætt við því, að svo verði lagt að henni, að hún sjái sig knúða til að liðka eitthvað til og láta að óskum manna. Einkum er hætt við því, að menn leggi fast að Velferðarnefndinni, sem tómir Reykvíkingar sitja í, og að hún reynist síður föst fyrir, þegar svo hart er að gengið. Auðvitað stafar þetta alt af ótta fyrir því, að menn fái ekki kjöt, nema við afarverði. Jeg skal játa það, að það getur orðið erfitt að afla sjer kjöts; en jeg tel það afar varhugaverða aðferð, að ætla sjer að heimila það með lögum, að banna allan útflutning á því, vegna þess, að bæjarbúar í einni borg eiga erfitt með að kaupa þessa einu vörutegund. Af öðrum vörutegundum hafa þeir nóg. Í sömu blaðagrein og jeg mintist á áðan, er talað um það, að þurrabúðarmenn hjer muni þurfa að svelta, vegna þess, að þeir sjeu ekki færir um að kaupa kjöt sama verði og útlendingar. Það er auðvitað mikið leitt, að menn skuli þurfa að neita sjer um þá fæðutegund. En þetta er ekki nein ný bóla. Jeg hefi ekki heyrt það, að fátæklingar lifðu hjer mikið á kjöti, jafnvel þótt ekki sje ófriður, svo að fyrir þá mundi verðlækkunin ekki hafa mikla þýðingu. Þeir munu mestmegnis lifa á fiski og útlendri matvöru, og fiskinn er alt af hægt að fá hjer auðvitað er hann í háu verði nú, en ekki eins gífurlegu og kjötverðinu. Þetta er þó alt af bót í máli.

En fari nú svo, að bjargarvandræði beri að höndum, þá álít jeg það rjett, að lækka ekki beinlínis vöruverðið, heldur að landið alt hlaupi undir bagga, annaðhvort með því að leggja þenna margumtalaða ófriðarskatt á framleiðendur, og kann ske kaupmenn og aðra, sem hafa grætt á stríðinu, eða með hallærislánum til bæja og sveitafjelaga, eins og átt hefir sjer stað undanfarið. Þótt tillögur meiri hlutans verði samþyktar,

þá er ekki þar með loku fyrir það skotið, að hægt sje að rjetta einstaka þorpum, bæjum eða sveitarfjelögum hjálparhönd. Það lítur út fyrir, að allir Reykvíkingar haldi, að menn í sveitum eigi við ákaflega mikla velsæld að búa; það er auðvitað rjett, að þessi verðhækkun á afurðunum hefir mikið að segja, en í fyrsta lagi er ekki hægt að vita, hvort þetta er annað en skyndilegt uppþot, sem ekki stendur lengi, og í öðru lagi ber þess að gæta, að þó að nú í ár sje góðæri víða til sveita, þá er ekki lengra síðan en í fyrra, að megnið af Suðurlandi og talverður hluti af Vesturlandi varð fyrir stórtjóni á búpeningi. Sennilegast er, að arðurinn í ár gjöri lítið betur en að jafna upp það tjón.

Nú í vor hefir og landbúnaðurinn orðið fyrir allmiklu tjóni sumstaðar. Nýlega hefi jeg t. d. fengið skýrslu úr einum hreppi í minni sýslu, um að þar hafi fallið úr ormaveiki um 1700 fjár, og nemi sá skaði að minsta kosti um 30 þús. kr. í þeim eina hreppi, en íbúar þar eru alls 220. Þetta tjón væri, miðað við fólksfjölda, sama sem ef Reykjavík hefði orðið fyrir 1 ½ miljónar króna skaða. En þótt íbúar þessa hrepps hafi orðið fyrir þessu tjóni, þá eru þeir ekki að mögla, og má þó geta nærri, að ekki geta þeir lagt mikið í búið af kjöti, og ekki gjöra þeir kröfur til verðlækkunar hjá hinum, sem selt geta kjöt, nje þess, að stríðsskattur verði lagður á aðra handa sjer. Auðvitað mál er það, að ef þeir geta ekki sjeð sjer farborða, eru þeir neyddir til að leita til landssjóðs um lán.

Hjer í Reykjavík hafa menn ekki, svo jeg viti, orðið fyrir neinu líku áfalli. Aðalbjargræðisvegur manna hjer, fiskveiðarnar, hafa gengið með besta móti, og fólk hjeðan streymt nú í aðra hluta landsins til atvinnu með hærra kaupi bæði til sjávar og sveita. Þess vegna virðist ekki svo, sem hjer sje nokkur hætta á ferðum; það er að eins og þessi kvíði með kjötið, sem þó er ekki hægt segja um, hvort hækkar eða lækkar í verði. Þaðan stafar það, að sumir vilja banna útflutning á kjöti og jafnvel útflutning á hrossum og ull. Mjer er nú spurn: Hver þörf er Reykvíkingum á fleiri hrossum en þeir hafa, eða horfir til svo mikillar hrossafækkunar, að skaði sje fyrir landið? Jeg skil það ekki. Eins er um ullina. Ekki býst jeg við, að Reykvíkingar fari að setjast við tóvinnu á meðan nóg vefnaðarvaran fæst í búðunum, með allgóðu verði. Svo að jeg sje að minsta kosti ekki brýna þörf á því, að banna útflutning á þessum afurðum.

Hitt er satt, að þetta dýrtíðarmál er mikið alvörumál, sem á ríður, að þing stjórn gjöri sitt besta til að bæta úr. Jeg býst við, að Velferðarnefndin sjái um, að korn verði nóg og sömuleiðis steinolía og kol, til þess að vjelbátar og botnvörpuskip geti stundað veiðar, og þá mun hægt að fá nægan matarforða handa landsmönnum.

Háttv. 1. þm. Reykv. (S. B.) sagði, að ekki þyddi að vísa til botnvörpuskipanna, því að hjerlendis væri ekki nægur markaður fyrir þeirra afla. En jeg býst nú við, að það mundi heyra undir dýrtíðarráðstafanir, að landið borgaði eitthvað fyrir aflann, ef um neyð væri um að ræða.

Auðvitað verður að kippa í taumana og banna útflutning, þegar líkur eru fyrir siglingateppu hingað. En til þess hefir stjórnin og heimild, samkvæmt tillögum okkar.

Því leggjum við áherslu á, að þessi brtt. okkar við 3. gr., verði samþykt. Hina brtt. við 5 gr. leggjum við ekki eins sjerstaklega áherslu á, þótt ekki getum við sjeð, til hvers eigi að verja þessu fje úr landssjóði.

Jeg hefi ekki ástæðu til að fara lengra

út í málið. Mjer finst háttv. 1. þm. Reykv. (S. B.) ekki geta hrakið ástæður minni hlutans, og yfirleitt liggur málið svo ljóst fyrir, að jeg ímynda mjer, að allir þingmenn hafi myndað sjer ákveðna skoðun í því.

Jóhann Eyjólfsson: Það, sem manni verður fyrst fyrir að spyrja um, er það, hvort það sje virkilega nauðlegt að gjöra þær ráðstafanir, sem hjer er farið fram á af meiri hluta dýrtíðarnefndarinnar. Því að það, að nú er mikill ófriður í heiminum, er út af fyrir sig ekki nægileg ástæða til að grípa til slíkra örþrifaráða. Það verður að vera sjáanlegt, að styrjöldin hafi þau áhrif á hag vorn, er gjörir slíkar tiltektir rjettmætar.

Og hvernig horfir þetta við?

Eru menn hræddir við matarvandræði og hungur í öllu landinu?

Eða er það hitt, að menn sjeu hræddir við of hátt verð, svo að einstökum mönnum eða flokkum manna verði óbært að kaupa ýmsar nauðsynjar, svo sem kjöt og fleira, og þessum mönnum hljóti því að verða svo erfitt að framfleyta lífinu á komandi tímum, að löggjafarvald og landsstjórn hljóti að skerast í leikinn?

Það eru þá eiginlega tvö atriði, eða tvö tilfelli, sem í mínum augum mynda tvær hliðar á málinu. Önnur hliðin á málinu verður þá sú, hvort líkur sjeu til, að matarforða muni vanta í landinu, fyrst og fremst af því, að innflutningar á útlendum matvælum muni teppast. Og í öðru lagi, hvort líkur sje til, að innlend matvara, svo sem kjöt, slátur og fiskur, muni ekki verða framleitt og fáanlegt, eins og á undanförnum árum

Ef svo væri, að það væri full sönnun, eða að minsta kosti mjög sterkar og ábyggilegar líkur fyrir því, að matvælaskortur muni verða í landinu, þá er það hið eina, sem getur rjettlætt aðra eins neyðar-ráðstöfun og hjer er um að ræða.

Hin hliðin á málinu er svo þessi: Að vísu eru ekki horfur á neinum skorti á matvælum, hvorki á útlendum og allra síst á innlendum, en það eru líkur til, að ýmsar vörutegundir verði svo dýrar, að mörgum mönnum, jafnvel heilum flokkum og stjettum, verði afar erfitt að kaupa þær, og að þessir menn verði því í meiri eða minni vandræðum og basli með að framfleyta lífinu, og sumir telja svo mikil brögð að þessu, að Alþingi verði að koma til skjalanna.

Jeg held nú reyndar, að ekki sje enn um þá dýrtíð að ræða, að hið opinbera þurfi að fara að gjöra nokkrar ráðstafanir, og skal jeg lítið minnast á það seinna. En þótt svo væri, að hjer sje einhver hætta á ferðum, og jafnvel svo alvarleg, að yfirvöldin og hið opinbera verði að leita einhverra bráðabirgðabjargráða, þá verða þó skiftar skoðanir um það, á hvern hátt slík bjargráð skuli gjörast.

Hjer eru víst þó nokkrir þingmenn, sem álíta það þægilegustu og fyrirhafnarminstu bjargráðin, að bæta kjör þessara illa stöddu manna á beinan kostnað sveitabænda og fiskimanna, þ. e. að gjöra eins konar eignarnám hjá þessum stjettum, og rjetta svo það, sem af þeim er tekið á þann hátt, til annara, er þeir álíta að hafi meiri þörf.

Að leggja útflutningsbann á vöru, sem maður vill selja, er að fastsetja eign hans, og því sama sem að taka af honum fje. Viðskiftafrelsi hans er heft eða takmarkað, og hann er að meira eða minna leyti sviftur fjárforráðum. Jeg álít, að með þessu athæfi sje stigið það spor, sem sje alls ekki forsvaranlegt, nema í lífsnauðsyn, en jeg held, að enn sje ekki um svo svartar horfur að tala.

Það eru að vísu margar útlendar vörur nokkuð dýrar og sumar mjög dýrar, en það eru líka sumar útlendar vörur ekkert dýrari en þær hafa oft verið áður, t. a. m. grjón, kaffi o. fl., og það er vafamál, hvort útlend vara hefir stigið hlutfallslega meira en atvinna manna. Annars ættu fátækir menn nú á þessum erfiðu tímum, að leggja áherslu á það, að kaupa hinar ódýru vörutegundir, bæði útlendar og innlendar, og sneiða hjá öllum kostnaði eins og mögulegt er. Það er fallegri og mennilegri aðferð, en að fara í vasa annara og lifa af þeim.

Jeg finn reyndar, að þetta væri mikið efnahagsspursmál fyrir mig, því að jeg á enga kind og hefi engan útveg, og verð því að kaupa mjög mikið bæði af fiskmeti, kjöti og ull, svo að það væri mjög þægilegt fyrir mig, ef löggjafarvaldið vildi útvega mjer þær vörur með niðursettu verði. En jeg vil samt ekki leggja það til; jeg vil ekki gjöra mig að því lítilmenni, að fylla ask minn með slíkum svitadropum af annara erfiði.

Jeg heyri, að háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) leggur einna mesta áherslu á kjötið og vill hefta útflutning á því, og, að því er mjer skilst, sjá um, að það verði ekki of dýrt. Jeg býst við, að honum þyki kjötið nokkuð gott, og því vilji hann fyrst og fremst reyna að kræka í það. Sá hugsunarháttur virðist annars mjög almennur hjer í Reykjavík og hefir víst gripið marga af háttv. þingmönnum, að það kjötverð, sem bændur eiga von á í haust, sje langt of hátt og þeir (þ. e. framleiðendurnir) eigi ekki að njóta þess, nema að nokkru leyti, þeir verði því að miðla öðrum stjettum landsmanna af þeim gróða með sjer, annað hvort með því, að þeir (kaupstaðamennirnir) fái vöru þeirra keypta fyrir neðan gangverð, eða þá að á hana sje lagður hár stríðsskattur til styrktar bæjarmönnum.

Það er víst skoðun þessara manna, að sveitabóndinn eigi nú við svo glæsileg kjör að búa, að hann geti nú bætt á sínar breiðu herðar talsverðu af þunga þeim, sem nú liggur á meðbræðrum hans við sjávarsíðuna. En vjer megum ekki gleyma því, að það er nú ekki nema eitt ár síðan, að í mörgum hjeruðum landsins vár ástand og útlit miklu alvarlegra og iskyggilegra, heldur en það er nú hjer nokkursstaðar í bæjum og kauptúnum. En þrátt fyrir hið bágborna ástand, sem var í sveitunum í fyrra, er mjer ekki kunnugt um, að nokkursstaðar hafi komið fram orð eða tillaga í þá átt, að hlaupa undir bagga og bera eitthvað af þessu tjóni, sem sveitamenn urðu fyrir. Það eina, sem reynt var að gjöra fyrir þessa menn, var að útvega þeim dálitið bráðabirgða hallærislán úr landssjóði fyrir fulla vexti, og er víst mörgum enn í fersku minni, hversu myndarlega og röggsamlega með það mál var farið.

Jeg held því, að það væri eitthvað það allra ósanngjarnasta, sem gjört yrði, ef þrengt væri á einhvern hátt kjörum þessara manna, eða gjört nokkuð það, sem gæti tálmað eða tafið fyrir viðreisn þeirra á hinu stórkostlega fjártjóni þeirra á síðasta ári.

Svo er líka á það að líta, að það er alls ekki of hátt verð á kjöti, þótt það skyldi verða á 50 aura pundið. Hjer ætti sjálfsagt aldrei að vera lægra verð á því en það. Það mundi vera kallað ódýrt kjöt annarsstaðar í álfunni. Eða hví ættu bændur á Íslandi ekki að fá eins mikið fyrir þessa vöru og bændur í nálægum löndum? Ekki er það alment álitið, að þetta land sje svo mikið frjósamara og gæðasamara en önnur lönd, að hjer sje hægt að framleiða fjenað og foldargróða með minna kostnaði

en annarsstaðar. Það er líka alstaðar talinn stór þjóðarhagur, að þær vörur sjeu í háu verði, sem mikið eru til útflutnings hafðar, og hví skyldi það þá ekki vera hjer svo líka? Það mun ekki vera yfirleitt mikið verri atvinna í kaupstöðum á Íslandi en víða annarsstaðar og á einn og ýmsan hátt ekki dýrara að lifa, svo að bæjarmenn hjer ættu að geta lifað á kjöti eins og annarstaðar, en það mun nú yfirleitt vera vanalegt, að fátækir kaupstaðamenn lifa lítið á kjöti, jafnvel fátækari sveitabændur verða líka að neita sjer um það að miklum leyti.

Jeg verð því að álíta af þeim ástæðum, sem hjer eru nefndar, að vegna hins háa verðs, sem nú er á útlendum og innlendum vörum, þá geti ekki komið til mála að hefta útflutning á íslenskum vörum eða á nokkurn hátt binda eða þvinga frjálst viðskiftalíf, hvorki út á við nje inn á við. Það er að eins ef innflutningur á útlendum matvælum stöðvast, að jeg þá álít leyfilegt að grípa til þeirra neyðarúrræða, enda trúlegt, að þá um leið verði útflutningur af sjálfu sjer teptur.

Háttv. framsögum. meiri hl. (S. B.) sagði, að það væri svo ískyggilegar horfur vegna dýrtíðarinnar, bæði í Reykjavík og öðrum kauptúnum, að það yrði að gjöra eitthvað til að hjálpa þeim mönnum. Það væri of seint að byrgja brunninn, þegar barnið væri dottið í hann. Það er ótrúlegt, að ekki sjeu til fegri og mennilegri bjargráð að grípa til en að ræna einstaka menn arði af afla sínum og sletta honum í svanginn á þessum þurfamönnum og í ýmsa aðra menn, sem ekkert hafa til þess unnið.

Það væri betur viðeigandi af háttv. þm. Rvíkur ásamt bæjarstjórninni, að reyna að bjargast af sjálfsdáðum, að reyna á eigin spítur að sjá sínu eigin hjeraði borgið, og sýnist mjer ekki betur en að þeir ættu að hafa nóg ráð til þess.

Þeir gætu t. d. leigt 1, 2 eða 3 botnvörpunga til að afla fiskjar handa bænum og selt hann svo ódýrt, sem þeim sýndist, án þess að hugsa um að hafa ábata af því fyrirtæki, og þeir gætu líka pantað svo mikið sem þeim sýndist af útlendu bjargræði á meðan tími er til og átt það fyrirliggjandi, hvað sem fyrir kann að koma. Einnig gætu þeir keypt svo mikið sem þeir vildu af kjöti í haust og haft það handa bæjarmönnum í vetur, auðvitað með fullu verði, og þannig ætti hvert kauptún og hvert hjerað að bjarga sjálft sínum eigin málum, og jeg myndi vilja styðja að því, að landssjóður hjálpaði þar að einhverju leyti til bráðabirgða. Það hefði sjálfsagt oft verið þörf á því, að birgja ýms hjeruð á landinu upp með nægilegum bjargarforða, sökum þeirrar áhættu, að innflutningur gæti tepst. En það eru þau hjeruð, sem hafísinn segir stundum stríð á hendur og bannar aðflutninga að ströndum þeirra, en þó veit jeg ekki til, að þing eða stjórn hafi nokkurn tíma gjört ráðstafanir vegna þessarar áhættu. Þessum hjeruðum hefir verið lofað að sjá um sig sjálf.

Jeg heyri að þeim kemur saman um það, háttv. framsögum. meiri og minni hluta, að ráðherra muni fara varlega með þessa heimild, og ekki nota hana nema honum virðist full þörf. En alt af verður skoðanamunur um það, hvað sje full þörf.

Mjer fer nú líkt og manni, sem stendur í bardaga í erfiðri og ískyggilegri aðstöðu, og sem skipað er eða boðið að leggja af sjer vopn og verjur og sagt, að þá muni hann frið og grið hafa, en um annað fær hann engin fyrirheit; og þótt hann að vísu trúi því, að þetta kunni satt að reynast, þá er honum þó samt mjög óljúft að verða að ganga

að þessum kostum; vildi heldur mega hafa vopnið í sinni eigin hendi.

Jeg lít nú svo á, að þrátt fyrir það þó að jeg að vísu gjöri mjer von um, að stjórnin muni ekki beita harðneskjulega þessu valdi sínu í þessu falli, þá get jeg þó ekki verið alveg óttalaus um, að svo kunni að verða, sjerstaklega þegar jeg lít á, hvað sterkur áhrifastraumurinn er hjer í Reykjavík. Jeg vil því ekki að þessi heimildarlög sjeu samþykt svona fyrirvaralaust, og vil ekki að þjóðin standi uppi vopnlaus og verjulaus gagnvart stjórninni, hvað sem í skerst.

Björn Kristjánsson: Jeg á hjer mjög stutta brtt. á þgskj. 102, en allþýðingarmikla. Hún fer fram á það, að lánsheimildina megi ekki nota, nema brýn þörf sje til. Eins og orðalagið er nú, finst mjer það teygjanlegt, og ekki að vita, hve gætnir menn verða í nefndinni.

Að öðru leyti ætla jeg mjer ekki að blanda mjer inn í umræðurnar.

Bjarni Jónsson: Út af 2. málsgr. 3. gr. ætla jeg að gjöra þá almennu athugasemd, að það er ekki tilgangurinn, að heimilt sje að leggja lag á vörur, er lægra nemi en markaðsverð, því að það er sú eina rjetta regla, hvort sem vörur eru seldar landsmönnum eða öðrum. Jeg tel sjálfsagt að verja landsmenn fyrir of háu verðlagi, eins og gjört var í fornöld. En hitt tel jeg rangt, að leggja verðlag á það, sem selt er útlendingum; oss ber engin skylda til að verja þá, enda væri það og skemd á verslun landsins. En jeg er ekki hræddur um, að stjórnin misbeiti heimildinni. Bóndinn, sem kjötið á, og fiskimaðurinn, sem aflann á, eiga kröfu til þess, að fá ekki minna fyrir afla sinn en þeir geta fengið á útlendum markaði, því að ella væri að ræða um skatt á einstökum mönnum. Þótt það happ hendi bændur, að afurðir þeirra komist í hátt verð í ár, þá muna menn það, að báglega fór víða í fyrra með tjóni bænda og felli sumstaðar. Úr því að bændur verða að bera óhöpp sín sjálfir, hví mega þeir þá ekki njóta happanna? Slíkur stríðsskattur mundi horfa öfugt við. Þaðan er sprottið þetta hnittiorð: Hví þá ekki að leggja skatt á horskrokkana frá í fyrra og hafísinn í ár. Því að þess ber að gæta, að nú er ekkert veltiár, bæði ís fyrir landi og grasbrestur.

En hitt er fullkomlega rjett, að öll ástæða er til þess fyrir þing og stjórn, að líta einnig á hag þeirra, sem enga framleiðslu hafa, lifa á daglegri vinnu sinni eða kauptekjum, eins og flestir kaupstaðarmenn, þegar öll varan stígur svo, að ein króna gildir nú 62 aura, eftir því sem hagglöggur maður hefir skýrt mjer frá.

Mjer finst, að bjargráðin ættu að verða með þeim hætti, að landsstjórnin setji það verð á vöruna, sem henni finst sanngjarnt, en þó má framleiðandinn ekki bíða neinn halla við það, og því verður landssjóður að greiða þann mismun, sem er á því verði, er landstjórnin setur á vöruna, og því, sem fyrir hana fæst í útlöndum. Þetta finst mjer vera mjög sanngjarnt; með þessari tilhögun bera allar stjettir landsins jafnt þær byrðar, sem af þessu leiðir; verði aftur samþyktar tillögur háttvirta meiri hluta nefndarinnar, þá lendir allur skatturinn á framleiðendum í landinu. Jeg vil sjerstaklega beina þessum athugasemdum mínum til stjórnarinnar, og vona fastlega, að hún taki þær til greina.

Hvað atkvæði mínu í þessu máli viðvíkur, þá skal jeg lýsa yfir því, að jeg mun greiða atkvæði með brtt. minni

hluta nefndarinnar. Því jeg lít svo á, að stjórnin þurfi ekki heimild til frekara en þar er ráð fyrir gjört.

Jeg ætla, áður en jeg lyk máli mínu, að koma með eina athugasemd, sem þó beinlínis snertir ekki það mál, sem hjer er nú á dagskrá. Það sýnist vera orðin tíska hjer í þinginu, að beygja skakt hluttaksorð nútíðar af íslenskum sögnum. T. d. stendur hjer í nefndarálitinu á þgskj. 120 framleiðendum fyrir framleiðöndum. Það má ekki minna vera, finst mjer, en að sjálft Alþingi sjái móðurmálið okkar í friði og spilli því ekki. Jeg skal ef vill flytja frumvarp um það efni! Jeg vil geta þess, að enginn má skilja orð mín svo, sem jeg beini þessu sjerstaklega til þessarar nefndar. Þessi nefnd er ekki í þessu efni sekari en aðrar nefndir í þinginu.

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Mjer virtist það koma fram í ræðu háttv. framsm. minni hluta nefndarinnar (Þ. J.), að það, sem hjer væri um að ræða, væri aðallega stríð á milli Reykjavíkur annars vegar og landbænda hins vegar. Þessi sama skoðun er mjer sagt, að hafi komið fram í ræðu háttv. þm. Mýra. (J. E.). Því miður heyrði jeg ekki nema lítið eitt af því, sem hann sagði, þar á meðal misti jeg víst af að hlusta á mestu kjarnyrðin.

Það, sem mjer virtist háttv. framsm. minni hl. (Þ. J.) leggja mesta áherslu á í ræðu sinni, var það, að nú þyrftu Reykvíkingar að kaupa háu verði sínar vörur, og því fyndist þeim hentugt að fara niður í vasa landbóndans og sækja þangað þau auðæfi, sem þeir þyrftu á að halda, og bæta með þeim þann mismun, sem verður við það, að vörur eru nú dýrari en þær voru áður en stríðið byrjaði. Háttv. framsögum. minni hlutans hjelt því einnig fram, að nú væri ekkert neyðarástand og því væri óþarft að samþykkja tillögur meiri hlutans í þessa máli. Hjer er ekki um það að ræða, að banna þegar í stað útflutning á allri innlendri matvöru. Hjer er einungis að ræða um það, að stjórnin hafi *heimild* til að gjöra slíkt, *ef* voða bæri að höndum. Eins og nú standa sakir, dettur engum í hug, að fara að banna útflutning á ull og kjöti, en það er alveg ómögulegt að vita neitt um, hvernig ástandið verður eftir þrjá, fjóra eða fimm mánuði eða misseri. Þetta er eingöngu gjört af forsjálni. Háttv. framsm. minni hlutans sagði, að tímarnir nú væru ekkert ískyggilegri en í fyrra. Það getur nú verið álitamál. Jeg skal t. d. benda á það, að síðan í fyrra hafa orðið ýmsir örðugleikar með viðskifti og siglingar, sem engum datt þá í hug að yrðu eða gætu komið fyrir, og það er álit margra, að þegar bardagaþjóðunum slái fyrir alvöru saman í sjóorustu í Norðursjónum, þá verði ómögulegt líklega um langan tíma að sigla um hann. Og hvert eigum við þá að senda skip? Jeg býst við, að mjer verði svarað því sama og háttv. frsm. minni hlutans sagði áðan, að þá sendum við skip til Ameríku, en jeg vil spyrja: Hvar er tryggingin fyrir því, að við þá eigum nokkur skip, sem við getum notað? Það getur komið fyrir, að skip okkar verði þá fyrir austan Norðursjó, og hvert eiga þau þá að sigla? Með öðrum orðum, það er ekki útilokað, að matvöruflutningur til landsins teppist, og því álítur meiri hluti nefndarinnar óforsvaranlegt, að heimila ekki stjórninni, að viðhafa þau ráð, sem duga, til að girða fyrir það, að við verðum matarlausir. En jeg vil spyrja háttv. minni hluta að því, hvar hann haldi að við stöndum, þegar flutningar teppast til landsins. Að hverju gagni

koma þá tillögur hans, þegar stjórnin hefir ekki mátt til að girða fyrir það, að alt ætilegt yrði flutt út úr landinu? Jeg býst ekki við, að háttv. minni hl. svari mjer við þessari spurningu. Nei, hann heldur einungis því fram, að þetta sje ekki annað en tilraun hjá mjer til þess, að Reykvíkingar geti laumað hendinni ofan í vasa landbóndans.

Háttv. framsm. minni hlutans (Þ. J.) ljet þá glósu fylgja með í ræðu sinni, að landbændurnir fengju að bera sínar byrðar einir, þegar eitthvað á bjátaði fyrir þeim. Ekki hlypu Reykvíkingar þá undir baggann. Vegna þessa get jeg ekki stilt mig um að taka það fram, að þótt sí og æ sje stagast á því, að Reykjavík sje baggi á landinu, þá er það þó svo fjarri sanni, að það er einmitt *Reykjavík*, sem ber mestar byrðar landssjóðs, greiðir mest í landssjóðinn. Það er *Reykjavík*, sem tekur við ómögum af öðrum sveitum og elur þá hjer árum saman, og það oft fjölda manns. Það er *Reykjavík*, sem veitir móttöku sjúklingum og veitir þeim hjúkrun og lækningu. Jeg tek þetta ekki fram til þess, að níða önnur hjeruð, en jeg gat ekki stilt mig um að benda á þetta, þegar sífelt hvín um salinn þetta söngl um að Reykjavík sje baggi á landinu o. s. frv.

Það er ekki hægt að fullyrða um það, hve nær stjórnin þyrfti að grípa til að nota þessi heimildarlög, sem við leggjum til að verði samþykt, en að sjálfsögðu yrði í því efni mjög farið eftir tillögum velferðarnefndarinnar, og yrði þá hún og stjórnin að útkljá það mál, hve nær þeim sýndist þurfa að grípa til þessa úrræðis. Jeg gjöri ekki ráð fyrir, að það yrði gjört fyrr en brýn þörf væri á því. Og þótt örlítið yrði fært niður verðið á innlendu vörunni frá því, sem fengist fyrir hana í útlöndum, þá býst jeg ekki við, að það yrði svo mjög mikið, sem munaði um það. Það er ekki mikill hluti af öllu kjöti, sem flytst til bæjarins, sem Reykvíkingar þurfa; hitt, sem yrði mestur hlutinn, yrði vitanlega flutt út.

Háttv. framsm. minni hlutans (Þ. J.) gat um það í ræðu sinni, að við værum »pressaðir« af kjósendum okkar, og við hlypum eftir öllu voli úr þeim. Jeg tek mjer það ekki nærri, þótt slíkum hnútum sje beint til mín. Jeg álít það ekki annað en sjálfsagða forsjálni, að fara eftir tillögum meiri hluta nefndarinnar, og jeg tel mjer það ekki neina vansæmd að fylgja því fram, sem jeg, óþvingaður af öllum, er persónulega sannfærður um, að sje sjálfsögð fyrirhyggja.

Jeg vil leyfa mjer að benda háttv. andmælendum mínum á það, að það er ekkert annað en forsjálni Þjóðverja, sem hefir gjört það að verkum, að þeir standa sig svo vel í ófriðnum, sem raun er á orðin. Þeir höfðu búið sig undir ófriðinn árum saman, en ekki geymt alt þangað til í óefni var komið, og því eru þeir nú allbirgir heima fyrir og geta staðið á móti fjandmönnum sínum. Við eigum ekki í ófriði við neina þjóð, en samt mundi það ekki skaða okkur, að fara að dæmi Þjóðverja og byrgja brunninn áður en barnið er dottið í hann.

Jeg skal nú ekki fjölyrða frekara um þetta mál, en jeg vildi leyfa mjer að óska eftir því, að við atkvæðagreiðslu um málið yrði haft nafnakall um brtt. á þgskj. 113.

Eggert Pálsson: Við háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) eigum saman brtt. á þgskj. 106. Hvað hana áhrærir, þá sjá allir, að hún er lík að efni til brtt. minni hluta nefndarinnar á þgskj. 113. Mönnum, sem lesa brtt. okkar, getur ekki dulist, að stefna okkar og háttv. minni hluta nefndarinnar í þessu máli er

harla svipuð og í rauninni sú sama og var ráðandi á þinginu í fyrra, sem sje sú, að vilja ekki banna útflutning á innlendri matvöru, nema til voða horfi fyrir landsmenn með samgönguleysi við önnur lönd.

Þegar lögin um þetta efni voru samin á síðasta þingi, þá var stríðið ný skollið á og geigur mikill hafði gripið alla. Minsta kosti var það svo um mig, að hjá mjer var óttinn við stríðið, eða afleiðingar þess fyrir okkur, þá miklu ríkari en hann er nú. Nú hefir reynsla síðasta árs fært mjer heim sanninn um það, að ekki er ástæða til að óttast matvælaskort í landinu, og því finst mjer ekki vera nokkur skynsamleg ástæða til að setja nú strangari lagaákvæði en sett voru á þinginu í fyrra.

Meiri hluti nefndarinnar lítur sýnilega alt öðru vísi á þetta mál. Hann telur ástandið hættulegra nú en það var um þetta leyti í fyrra, og vill því nú gefa stjórninni heimild til að banna útflutning á ýmsu, svo sem kjöti, ull, hrossum og fiski, og það meira að segja skilyrðislaust. Hann vill leyfa stjórninni, »*ef þörf gjörist*«, að kaupa frá útlöndum ýms matvæli. En þetta »ef þörf gjörist« þykir honum ekki einu sinni ástæða til að hafa með, þegar ræða er um haft á útflutningi, heldur vill hann heimila stjórninni, að banna útflutning á innlendri matvöru *þótt þess gjörist engin þörf*. Það er því öllum sýnilegt, að hjer er ekki deilt um einstök atriði, heldur veltur hjer beinlínis á stefnumun í málinu. Það er sýnilegt, að háttv. meiri hluti telur það ekki hættulegt, að takmarka eða hefta viðskiftalífið með því, að banna útflutning á framleiðslu landsins. En jeg lít alt öðrum augum á slíkt. Mjer finst það sje í eðli sínu það sama, sem að skera á einhverja lífæð mannlegs líkama. *Allir* hlutir líkamans finna til og líða við það, þegar skorið er á æðina. Það er öldungis óhjákvæmilegt. Auðvitað finna þeir hlutar líkamans fyrst og mest til, sem næstir eru skurðinum, en að lokum hlýtur allur líkaminn að líða af áverkanum að meira eða minna leyti.

Ef til dæmis væri alt í einu bannaður útflutningur á fiski, ætli útgjörðarmennirnir ættu þá hægt með að standa í skilum við verkamenn sína og þá aðra, sem þeir skulda? Jeg held ekki. Það er ekki hægt fyrir þá, að koma öllum fiskinum út innan lands, og með hvaða móti ættu þeir þá að fá peninga til þess að gjalda verkafólki sínu kaup? Bannið kæmi því fyrst niður á útgjörðarmanninum, en síðan einnig á verkamanninum. Alveg sama máli er að gegna um landbóndann. Með hvaða gjaldmiðli á hann að borga kaupafólki sínu, ef hann getur ekki komið afurðum sínum í peninga. Og fyrir hvað á svo kaupafólkið að kaupa, þegar það kemur hingað í haust, og hefir enga peninga fengið fyrir vinnu sína? Og enn fremur, hvernig geta kaupmenn fengið peninga, til þess að kaupa fyrir erlenda vöru, ef salan á hinni innlendu er hept? Til þess að þeir geti fengið erlenda vöru, verða þeir að koma innlendu vörunni á markaðinn utanlands, og fá fyrir hana peninga þar.

Háttv. framsögumaður meiri hlutans (S. B.) sagði áðan, að ekki yrði gripið til heimildarlaganna fyrr en þörf krefði. En úr því að svo er, hví má þá ekki þetta ákvæði standa skýlaust í frumv., eins og við viljum vera láta?

Jeg skil ekki hvað háttv. meiri hl. meinar, ef þetta er rjett, sem háttv. framsögumaður sagði. En hins vegar skil jeg hann vel, ef það er rjett, sem mjer finst gægjast út á milli orða hans, að meiningin væri sú, að láta lögin

koma til framkvæmda strax nú í slátur-tíðinni í haust.

Háttv. framsögumaður meiri hlutans (S. B.) gjörir ráð fyrir því, að í haust verði verðið á íslenskum afurðum afskaplega hátt. Jeg sje ekki neina ástæðu til þessa álits hans. Jeg býst við því, að mörgum sje það kunnugt, að Sláturfjelagi Suðurlands hefir borist tilboð um 50 aura í kjötpundið af dilkakjöti, með því skilyrði, að það sje til um eða fyrir miðjan ágústmánuð. En ef bændur hjer sunnanlands vilja vinna til, að taka dýra menn frá slætti, til þess að smala fje sínu og reka það hingað, þá búast þeir ekki við háu verði í haust. Það sjá og skilja allir. Því yrði verðið svipað eða ekki mikið lægra í haust, þá er auðsær skaðinn á því, að skilja dilka snemma frá. En setjum nú samt svo, að innlendar afurðir verði í afarháu verði. Jeg sje samt enga ástæðu til að óttast matvælaskort í landinu. Ef mörgu fje verður slátrað hjer, þá fá bæjarmenn því meira slátur til neytslu. Nema ef þeir láta enn til þess koma, að fleygja þurfi slátri fyrir þúsundir króna í sjóinn, eins og gjört hefir verið undanfarið, af því að enginn hefir viljað hagnýta sjer það.

Hvað það snertir, að kjöt hafi verið í hærra verði hjer en í Kaupmannahöfn að undanförnu, skal jeg taka það fram, að mjer er vel kunnugt um, að þetta er ósatt. Jeg hefi verið í stjórn Sláturfjelags Suðurlands um nokkurra ára skeið, og veit því vel, að verðið á kjöti hjer í bænum hefir ætíð verið miðað við erlenda markaðsverðið yfirleitt. Svo að ef einstakir menn hjer í bænum hefðu viljað fá tunnu af kjöti, þá gátu þeir ætíð fengið hana fyrir hið sama og fæst fyrir hana í útlöndum, að frádregnum flutningskostnaði. En hafi þeir viljað fá kjötið brytjað sundur og í smásölu selt, og heim til sín flutt, þá hafa þeir vitanlega orðið að borga þá sundurdeilingu og kostnað aukreitis. Það liggur í hlutarins eðli. Og með tilliti til þess getur útsöluverð á hverju einstöku kjötpundi hjer í Reykjavík hafa orðið hærra en á kjötpundinu í tunnum erlendis.

Það, sem mjer finst verða að leggja áherslu á í öllu þessu máli, er það, að fá sem fyrst flutt hingað nægan forða af nauðsynjavörum frá útlöndum, ef svo kynni að fara, að skipaferðir teptust. Það er aðalatriðið.

Jeg sje ekki, að það sje hundrað í hættunni, þótt menn yrðu að neita sjer um að borða nema lítið eitt af kjöti í vetur. Ef nægilegt er fyrir hendi af annari matvöru, þá hygg jeg að af megi komast, og engin neyð eða hungur þurfi að vera fyrir dyrum.

Það er gott að vera forsjáll og byrgja brunninn áður en barnið er dottið í hann, eins og háttv. framsögum. meiri hlutans (S. B.) sagði; því skal jeg ekki neita. En forsjálnin verður þó að vera eitthvað annað en fálm út í loftið, eins og mjer finst hjer koma fram. Það, sem mest veltur á í þessu máli, og það, sem okkur greinir mest á um í insta eðli sínu, er það, hvort heldur það er happ eða óhapp fyrir þjóðina í heild, að innlenda varan hækki í verði. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að hækkunin leiði yfirleitt til framfara og lyftingar fyrir þjóðfjelagið. En það lítur svo út, sem aðrir álíti það happadrýgst fyrir landið, að framleiðsla þess sjálfs standi sem lægst, og allar vörur, þótt innlendar sjeu, sjeu fáanlegar með sem bestu verði. En slíkt hlýtur frá mínu sjónarmiði að draga úr allri framleiðslu.

Annars skal jeg nú ekki fjölyrða um þetta mál að sinni, meira en orðið er. Að eins vil jeg að lokum taka það fram, að af því að brtt. okkar háttv. þingm. N.-Þing. (P. J.) á þgskj. 106 er svo lík

að efni til brtt. háttv. minni hluta, og það getur ef til vill valdið ruglingi við atkvæðagreiðsluna, að hafa þær báðar fyrir sjer, þá hefir mjer og háttvirtum meðflutningsmanni mínum þótt rjett, að taka tillöguna aftur, og láta brtt. minni hlutans einar gilda.

Forseti: Brtt. á þgskj. 106 er tekin aftur, og ef enginn tekur hana upp, þá er hún þar með úr sögunni.

Ráðherra: Jeg skal leyfa mjer að fara fáeinum orðum um brtt. þær, sem fram hafa komið við frv. á þgskj. 88.

Það er þá fyrst brtt. á þgskj. 102. Hún er í raun rjettri mjög lítilfjörleg að efni. Það er að eins farið fram á, að bæta inn orðinu »brýn«, svo það er að nokkru leyti sama, hvort hún verður samþykt eða ekki. Um það, hvort þörfin sje brýn eða ekki, dæmir velferðarnefndin og stjórnin á sínum tíma, og jeg hygg, að það sje fullkominn óþarfi, að vera að »brýna« stjórnina í þessu efni; hún mun varla grípa til þessarar heimildar, nema hún álíti fulla þörf á því.

Það hefir mikið verið talað um brtt. á þgskj. 106 og 113. Brtt. á þgskj. 106 hefir víst verið tekin aftur, svo að þá koma að eins til álita brtt. á þgskj. 113. Það, að minni hluti dýrtíðarnefndarinnar vill takmarka heimild til að banna útflutning á íslenskum afurðum, byggist á hræðslu við það, að sú heimild yrði óheppilega notuð. En það vill nú svo til, að stjórnin verður ekki ein í ráðum. Samkvæmt 1. gr. frumv. er í ráði að kjósa fimm manna nefnd stjórninni til ráðuneytis. Í tíð háttv. fyrirrennara míns (S. E.) var það venja stjórnarinnar, að fara jafnan að ráðum velferðarnefndarinnar, og eins hefir það verið síðan jeg tók við. Jeg þekki enga undantekningu frá því, að svo hafi verið.

Í breytingartillögunni er farið fram á, að bannið nái að eins til íslenskra matvæla, en ekki til lifandi hesta, lifandi sauðfjár, ullar o. þ. h. Jeg legg ekki mikið upp úr þessu, því að í haust, þegar lögin koma væntanlega til framkvæmda, verður búið að flytja út alla þá ull, sem flutt verður út á þessu ári, og sömuleiðis lifandi hross. Þetta bann gæti því ekki komið til greina í haust, og yrði þá ekki fyr en á næsta ári, sem um slíkt gæti verið að ræða.

Einhver háttv. þingm. tók það fram, að það væri ekki ástæða til að ætla, að íslenskir bændur væru svo grannvitrir, að þeir myndu farga ofmiklu af bústofni sínum, t. d. hestum. Jeg vil ekki segja neitt öfugt orð í garð bændastjettarinnar, en það er kunnugt, að í öðrum löndum, þar sem upplýsing alþýðu er talin vera í góðu lagi, hefir þótt ástæða til að banna útflutning á hrossum. Svo er það t. d. í Danmörku. Vegna þess geypiverðs, sem Þjóðverjar buðu í hesta í fyrra, hafa Danir selt þeim ofmikið, svo að nú er hrossaekla þar í landi. Það hefir aftur gjört það að verkum, að að nú kaupa Danir hesta háu verði af oss Íslendingum. Jeg get vel hugsað mjer, að gífurlega hátt verð einnar vörutegundar, t. d. hrossa, freisti manna til að selja ofmikið. *(Þorleifur Jónsson:* Það er betra en að fella þau úr fóðraskorti). Það er betra en að fella þau úr fóðraskorti, segir háttv. þingmaður. Það er auðvitað rjett; en hvaðan kemur honum sú viska, að hætta sje nú á því, að hross verði feld úr fóðraskorti? Jeg veit ekki til, að það sje siðvenja í meðalári nú orðið.

Samkvæmt 1. brtt. á þgskj. 113 á bannið að eins að ná til matmæla, en takmarkað við það eitt, að aðflutningur til landsins af útlendum matvælum heftist, svo að til voða horfi fyrir landsmenn.

Það hefir rjettilega verið tekið fram,

að þetta bann gæti ekki komið að tilætluðum notum, því að það er ætlast til, að ekki megi banna útflutning, *fyrr en* aðflutningur til landsins heftist, en það gæti borið að þá og þegar. Það myndi venjulega ekki vera hægt að fá ábyggilega vissu um það löngu fyrir fram, og sennilega ekki fyrr en aðflutningsteppan dytti á.

Það var rjett dæmi, sem háttv. 1. þm. Rvk (S. B.) kom með áðan, þegar hann benti á, að í sláturtíðinni í haust, í október og nóvember, yrði meginið af því kjöti, sem til fjelli í landinu, flutt út eða gjörðir kaupsamningar um það, en svo gætu aðflutningar til landsins tepst í desember. Þá dygði ekki að banna útflutning á þeirri vöru, sem þegar er flutt út úr landinu. Það lifir enginn hjer á þeirri vöru úr því. Þetta er því alveg sama sem að skipa manni að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið í hann.

Í 2. brtt. á þgskj. 113 er farið fram á, að 3. málsgr. 3. gr. frumv. falli burtu. Það getur verið, að ekkert sje á móti því, ef 1. brtt. verður samþykt. En jeg á bágt með að skilja hvers vegna 3. brtt. er fram komin. Ef það er tilætlunin, að stjórnin megi alls ekki verja fje landssjóðs til að gjöra ráðstafanir til þess, sem lögin heimila henni, þá eru lögin óþörf og með öllu ómöguleg í framkvæmdinni. Það verður ómögulegt að hafa neinar framkvæmdir á hendi í þessu efni, án þess, að mega verja til þess einhverju fje. Það verður t. d. oft að senda símskeyti, og hvaðan á þá að taka þann kostnað? Ef hitt er ætlunin, að stjórninni sje heimilt að verja af fje landssjóðs nægilegu, til þess að standa straum af kostnaði við ráðstafanirnar, þá er bein mótsögn í því, að koma með þessa brtt. En ef brtt. yrði samþykt, dytti manni strax í hug, að álykta andstætt, að þingið vildi banna stjórninni að verja nokkru fje í þessu skyni. Jeg kysi helst, að háttv. minni hluti vildi taka þessa tillögu aftur. Annars er nú, ef litið er á málið frá öðru sjónarmiði, ekki afskaplega mikið í hættu, þótt stjórninni verði heimilað, auðvitað með ráði Velferðarnefndarinnar, að leggja slíkt útflutningsbann á, vegna þess, að það yrði alt af mjög lítill hluti þess kjöts, sem til fellur í landinu, sem komið gæti til mála að banna að flytja út. Samkvæmt verslunarskýrslum fyrir árið 1912, voru það ár flutt út 2,407,300 kg. af kjöti. Það hefir mikið verið talað um þarfir Reykjavíkur í sambandi við þetta, en á sama tíma, 1912, voru 199,300 kg. af kjöti flutt út frá Reykjavík, eða því sem næst $^1/_{12}$ partur alls útflutts kjöts frá landinu. Jeg get hugsað mjer, að líkt sje ástatt í öðrum kaupstöðum landsins, t. d. Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði. Þar er fólkið miklu færra en í Reykjavík, svo að það gæti aldrei orðið stórmikið, sem til mála kæmi að banna að flytja út þaðan í samanburði við allan kjötútflutning landsins. Það er ekki ástæða til að mála þetta of svart. Það getur aldrei orðið nema örlítill hluti kjötsins, sem bannað yrði að flytja út.

Jeg get ekki skilið, að það sje ástæða til að bera kvíðboga fyrir, að Velferðarnefndin og stjórnin íþyngi verslun landsins meira en brýn nauðsyn krefur.

Menn segja, að ástandið í landinu sje ekki svo ískyggilegt nú, að ástæða sje til að veita stjórninni heimild til slíks banns, sem um ræðir í frumv. Það er líka rjett, eins og stendur, nú í augnablikinu. En við verðum að gæta þess, að við erum að setja lög, sem eiga að gilda meðan styrjöldin stendur yfir, og það getur vel verið, að hún standi til næsta reglulegs Alþingis, eða hver veit hvað. Jeg veit vel, að háttv. minni hluti og hans fylgismenn eru að reyna

að koma lögunum í það horf, sem þau komust í í fyrra að þessu leyti. En þess ber að gæta, að það sem gjört var í fyrra, var gjört í flaustri og af mikilli hræðslu. Extrema se tangunt, segir latínumálsháttúrinn. Ein hræðsla fæðir aðra af sjer. Hræðslan í fyrra um matvælaskort fæddi af sjer gagnstæða hræðslu um að farið yrði of langt í að banna útflutning matvæla úr landinu. Þó að menn kalli þetta óþarfa hræðslu hjer, þá er sá ótti ekki álitinn ástæðulaus annarstaðar. Í Noregi hefir t. d. verið bannað að flytja út kjöt, nema stjórnin leyfi það í hverju einstöku tilfelli. Í vor voru flutt út 400 sauðarföll, að mig minnir, og olli það töluverðu uppþoti. Þótti mönnum stjórnin hafa gengið alt of langt, að leyfa svo mikinn útflutning. Í Danmörku hefir verið bannaður útflutningur hrossa, eins og jeg mintist á áðan, vegna þess, að bændur og búalið hafa selt of mikið. Það er og kunnugt, að þar í landi er að nokkru leyti sama máli að gegna um flesk sem um kjöt hjer. Þó var því afstýrt, að útflutningur þess væri bannaður með öllu, gegn því, að samvinnusláturfjelögin eða »Andels-Slagterierne« skuldbundu sig til að láta af hendi nægilegt flesk til neytslu í landinu.

Ef t. d. Sláturfjelag Suðurlands vildi gjöra hið sama hjer, þá væri öðru máli að gegna, og eins ef hægt væri að komast að sams konar samningum við sláturfjelög annarstaðar á landinu og kaupmenn, sem kaupa kjöt. Jeg skal ekki fullyrða neitt um það, hvort hægt sje að komast að slíku samkomulagi, en það ætti ekki að vera fyrir fram ómögulegt. Ef það reyndist fært, þá er bannið óþarft. *(Þorleifur Jónsson:* En eignarnámsheimildin?) Jeg held að ekki myndi hægt að nota eignarnámsheimild fyrr en búið væri að banna útflutning og einhverjir framleiðendur sætu inni með birgðir, sem þeir neituðu að láta af hendi.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) tók nokkuð stór orð í munninn út af því skaðræði fyrir verslun landsmanna, sem af því gæti hlotist, ef þingið stuðlaði að siglingateppu milli landa, með því að leggja bann við útflutningi íslenskra afurða. En það var alt gjörsamlega rangt, sem háttv. þingmaður sagði um þetta, því það gæti aldrei komið til mála, að banna útflutning íslenskra afurða, nema að örlitlu leyti í samanburði við alla framleiðsluna. *(Jóhann Eyjólfsson:* Hvar eru takmörkin?) Hvar eru takmörkin, spyr þingmaðurinn. Það er á valdi Velferðarnefndarinnar og stjórnarinnar, að ákveða þau, og jeg verð að álíta, að stjórninni hjer sje ekki síður treystandi til að ráða fram úr því, heldur en stjórnum annara landa hjá sjer. Nú standa yfir óvenjulegir tímar, og það verða menn að taka til greina. Menn segja, að það muni ekki verða erfitt að fá íslenska vöru í haust. Það getur vel verið að svo fari, en þá er heldur ekki þörf á banninu, ef enginn hörgull er á vörunni í landinu.

Þá sagði háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), að það gæti komið fyrir, að kjöt yrði tekið á leiðinni út, og myndi það valda verðfalli á kjöti og koma því til leiðar, að ekki yrði flutt út eins mikið kjöt og ella. Þetta er líka vel hugsanlegt, en það leiðir til hins sama og áður. Þá væri ekki lengur þörf á banninu. Og jeg get ekki sjeð, að framleiðendurnir gætu haft neitt á móti því, ef þeir fengju sama verð fyrir sína vöru. Svo hefir háttv. minni hluti dýrtíðarnefndarinnar sagt sem svo, að ef til þess kæmi, að vöntun yrði á þessari íslensku vöru til neytslu á einhverjum stað, þá gæti landið hlaupið undir bagga.

Jeg veit ekki hvernig landið ætti að fara að hlaupa undir bagga, áður en útsjeð er um, að aðflutningar teptust.

Ef aðflutningar teptust áður en til vöntunar kæmi á íslenskri vöru, hvernig ætti landið þá að bjarga? *(Þorleifur Jónsson:* Þetta höfum við búið við í eitt ár). Við höfum ekki búið við það í eitt ár, að ekki væri hægt að fá íslenska vöru til neytslu í landinu, en það er talað um, að svo gæti farið eftirleiðis. Ef til þess kæmi, og öll okkur vara væri áður flutt út, þá dugar ekki að tala um hallærislán, því að þótt nóg væri af seðlum og gulli í landinu, þá kæmi það að litlu haldi, ef matvaran væri farin og ekkert eftir skilið, því að gull og seðla etum við ekki.

Svo var háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) að tala um, að fjenaði hefði fækkað mjög í sínum hreppi. *(Þorleifur Jónsson:* Það var ekki í mínum hreppi). Þá var það í einhverjum hreppi í kjördæmi þm. En þetta getur ekki snert þann hrepp neitt, úr því að það an er farið svo mikið af fje. Útflutningsbannið gæti því ekki komið hart niður á honum sjerstaklega. Sama máli var að gegna hjá háttv. þingmanni um útflutning hrossa. Þar var hjá honum sama stefnan, eins og með kjötið og fiskinn. Hann vildi ekki láta banna útflutning hrossa, fyrr en sýnt væri fram á, að hrossaekla væri í landinu, eða með öðrum orðum, ekki setja undir lekann, fyrr en það væri víst, að það væri um seinan. Allar brtt. háttv. minni hluta á þgskj. 113 byggjast á hræðslu við að heimildin myndi verða brúkuð óþarflega hörkulega. Jeg get ekki skilið, að háttv. minni hluti hafi ástæðu til að vera mjög hræddur við það. Hingað til er óhætt að segja, að stjórnin hafi ekki farið of hart í sakirnar í ráðstöfunum sínum út af styrjöldinni. *(Þorleifur Jónsson:* En blöðin?) Blöðin ráða engu um það, hverjar ráðstafanir verða gjörðar.

Það hefir verið talað um, að þetta væri sjerstaklega gjört fyrir Reykjavík. Má vel vera, að Reykjavík hefði gott af því, en jeg hygg að líkt sje ástatt um aðra kaupstaði landsins, svo sem Hafnarfjörð, og ekki ósvipað um Vestmannaeyjar, jafnvel Eyrarbakka og Stokkseyri. Enn fremur snertir það ekki síður hina stærri kaupstaði landsins, Akureyri, Ísafjörð og Seyðisfjörð. Enn má nefna aðra Austfirði, t. d. Eskifjörð og Fáskrúðsfjörð og ef til vill fleiri. Það er að vísu satt, að fólksfjöldinn er langmestur í Reykjavík, og er að því leyti eðlilegt, að mönnum detti Reykjavík fyrst í hug.

Mjer virtist það vera niðurstaðan hjá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), að það væri yfirleitt einkennilegt, að vera að gefa heimild til útflutningsbanns hjer á landi. Jeg skil ekki, hvers vegna það er einkennilegra á þessu landi heldur en í öðrum hlutlausum löndum. Nú er stjórnum flestra landa gefin slík heimild, og jeg veit ekki, í hverju það getur legið, að það sje sjerstaklega einkennilegt hjer.

Þegar hjer var komið umræðunum, tók forseti málið út af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 88, n. 89, 102, 113, n. 123).

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Það er ekki gustuk að þreyta menn á löngum ræðum, enda skal jeg ekki vera langorður.

Jeg nota tækifærið til að slá því föstu, að við umræðurnar um daginn komu

fram frá minni hlutanum tvær aðalástæður gegn frv., og þær voru ekki á rjettum rökum bygðar.

Önnur var bygð á því, að það væri hugmynd meiri hluta nefndarinnar, að bannað væri algjörlega að flytja út innlendar afurðir. En nefndinni hefir aldrei komið til hugar, að bannað væri að flytja út meira en sem nemur *litlum hundraðshluta* útfluttra afurða landsins.

Hin var bygð á því, að hvort sem bannað væri að flytja út mikið eða lítið, þá væri það áreiðanlega víst, að afurðirnar yrðu færðar niður. Þetta hefir þó nefndin hvergi látið í ljós.

Í öðru lagi vil jeg benda á það, að í ástæðum minni hlutans felst það, annað tveggja, að ekki geti til þess komið, að hefta þurfi útflutning; þeir um það, hvað þeir hugsa um þetta atriði. En svo getur líka falist í þeim vantraust til stjórnarinnar, um að hún beiti þessari heimild vel. Þann grun tel jeg ástæðulausan, ekki síst þar sem stjórninni verður til aðstoðar 5 manna nefnd, kosin hlutfallskosningum af öllum flokkum.

Að lokum skal jeg leyfa mjer að óska nafnakalls um brtt. á þgskj. 113. Jeg giska á, að það geti verið þægilegt fyrir stjórnina, að vita, ef neyð verður í landinu vegna matvælaskorts, til hverra þingmanna hún geti snúið sjer.

Magnús Kristjánsson: Mjer hefir skilist svo af umræðunum, að í raun og veru væru meiri og minni hlutinn sammála í aðalatriðunum. Báðir telja það sjálfsagða skyldu, að gjöra ráðstafanir til að forða landinu sem mest við skaðlegum afleiðingum ófriðarins. Þess vegna furðaði mig mjög á hitanum, sem var í umræðunum áðan, þar sem ágreiningurinn var að eins um leiðina. En að minni skoðun er ágreiningurinn ekki meiri en svo, að vel mætti jafna; eftir því sem mjer hefir skilist, er það 2. málsgrein 3. gr., sem aðalágreiningnum hefir valdið, og mun jeg síðar víkja að því, hvernig jeg ætla, að greiða megi úr þeim ágreiningi.

Fyrir mjer hefir það mikla þýðingu, að hjer er að eins um heimildarlög að ræða, lög, sem þingið getur og ætlar sjer að hafa eftirlit með. Eins og hv. framsögum. meiri hlutans (S. B.) tók fram, er til þess ætlast, að skipa nefnd manna stjórninni til aðstoðar, og finst mjer það næg trygging fyrir því, að þessum heimildarlögum verði ekki beitt óheppilega.

Það kom fram við umræðurnar síðast, að hæstv. ráðherra hallaðist að tillögum meiri hlutans. Háttv. framsögumaður minni hlutans (Þ. J.) tók það fram, að minni hlutinn bæri fult traust til ráðherra í þessu máli. Þess vegna er mjer það ekki vel ljóst, hvað verulegt menn geta óttast. Og með því að gjöra lítið úr þessari nefndarskipun, velferðarnefndinni svo kölluðu, sje jeg ekki betur, en þingið sje hreint og beint að lýsa vantrausti á sjálfu sjer. Það mætti undarlegt heita, ef ekki væri unt að finna hjer á þingi 5 menn, sem veitt gætu stjórninni nægilega aðstoð í þessu efni. Jeg hygg því ekki, að ástæða sje til að óttast það, þótt frumv. verði samþykt, eins og það liggur fyrir. En mjer þykir það betur sama, að þingið standi sem einn maður í þessu máli, til þess að fyrirbyggja alla tortrygni, sem kvikna kann hjá þjóðinni.

Jeg skal þá skýra frá minu sjónarmiði, hvað jeg tel helst gjörlegt til að sameina nefndarmennina. Jeg gat þess áðan, að aðalágreiningsefnið væri 2. málsgrein 3. gr., og mun jeg nú reyna að sýna, á hvern hátt mjer virðist sem báðir nefndarhlutarnir geti komið sjer saman og jafnað ágreininginn. Mín

skoðun er sú, að nefnd málsgrein mætti til samkomulags falla burt, vegna þess, að með 4. málsgrein sömu greinar má ná því takmarki, sem til er ætlast, og þó svo, að fullnægt er minna hlutanum. Til þess að skýra þetta nánar, skal jeg taka það fram, að jeg sje ekki betur en að eftir 4. málsgrein sje vegur fyrir landstjórnina, til að koma alveg sama fram, — þeim tilgangi frumvarpsins að tryggja landinu nægar birgðir. Aðferðin ætti að vera þessi, að stjórnarráðið gæfi sem fyrst út fyrirskipanir til allra bæjarstjórna og sveitarstjórna á landinu, um að leita upplýsinga um það, hverra ráðstafana almenningur óskaði sjerstaklega frá hálfu hins opinbera, til þess að tryggja landinu nægar birgðir af innlendri nauðsynjavöru. Þegar svo þessi rannsókn hefir farið fram, og fengin er vissa um það, hve mikils væri óskað af vörunni, þá gjörir stjórnarráðið auðvitað ráðstafanir til þess, að eignarnámsheimildinni yrði beitt, ef á þyrfti að halda, og verður þá aldrei kyrsett meira en nauðsyn krefur. Hins vegar getur útflutningsbann, ef það er ekki takmarkað að miklum mun, þannig, að það sje að eins bundið við lítinn hluta af öllu vörumagninu, orðið til mikils tjóns og óþæginda. Það hljóta allir að sjá, hve afar-ísjárvert það er, að hefta eðlileg verslunarviðskifti um skör fram, eins og nú er ástatt.

Auðvitað getur það komið fyrir, að fátæklingar geti ekki borgað undir eins, og kemur þá til sveitastjórnanna að ráða fram úr því, og leggja fram fje í bráðina; en ef til þess kæmi, þá má ekki skoða slík lán sem sveitarstyrk, heldur sem bráðabirgðalán, sem endurgoldin yrðu svo fljótt, sem auðið yrði.

Jeg þykist þá hafa bent á færa leið, sem báðir aðiljar ættu að taka til íhugunar. Jeg skal taka það fram, að það gæti orðið mjög svo hættulegt, ef hefta þyrfti útflutning í verulega stórum stil; af því gæti stafað tjón, sem næmi hundruðum þúsunda eða jafnvel miljónum króna. Þess vegna er þessi leið, sem jeg hefi bent á, einföld og í alla staði heppileg.

Áður en jeg lyk máli mínu, skal jeg taka það fram, að í raun og veru held jeg, að ástandið í landinu sje að minsta kosti ekki lakara en fyrir einu ári.

Í fyrsta lagi hygg jeg, að lánsheimild sú, sem veitt var á síðasta þingi til vörukaupa, sje að nokkru leyti ónotuð. Í öðru lagi gjöri jeg ráð fyrir því, að Eimskipafjelag Íslands gjöri sitt til þess, að skipaferðir verði þannig lagaðar, að til ljettis megi verða, ef landstjórnin þarf að halda á skipum til flutninga á vörum, sem keyptar eru í þessu skyni.

Jeg skal taka það fram, að mjer hefir hálfvegis skilist svo á sumum, sem meiri hluti nefndarinnar vildi með tillögum sínum íþyngja landbændum og atvinnurekendum. Þetta hygg jeg ekki rjettlátt, og vildi feginn leggja eitthvað það til, sem girti fyrir þann misskilning. Hingað til hafa það verið kaupstaðirnir og kauptúnin, sem drýgstan hluta hafa lagt fram af landstekjunum, og vona jeg, að það hlutfall haldist framvegis, svo sem verið hefir hingað til, enda væri óviðfeldið, ef landbændur gætu með rökum sagt, að á þá væru skattarnir lagðir, þegar í harðbakkann slægi. Jeg vona þá, að þessi misskilningur hverfi.

Jeg kom ekki fram með brtt. í þetta sinn, af því að jeg bjóst við, að nefndarhlutarnir mundu leita að ná samkomulagi. *(Sveinn Björnsson:* Það hefir verið reynt). Jeg veit ekki, hvort þeir hafa tekið þessa leið til íhugunar.

Um brtt. þær, sem fram hafa komið, skal jeg að eins geta þess stuttlega, að með brtt. á þgskj. 102, get jeg ekki greitt atkvæði, vegna þess, að hún bein-

línis takmarkar 1. málsgr. 3. gr., þótt hún sje stíluð við 2. málsgr., en úr 1. málsgr. má síst draga.

Þá eru brtt. frá minna hlutanum á þgskj. 113.

1. brtt. get jeg ekki verið samþykkur, af því að hún gjörir ráð fyrir, að útflutningur verði ekki að neinu leyti takmarkaður.

2. brtt. get jeg ekki heldur fylgt, vegna þess, að þótt slíkt geti átt við á sumum stöðum, á það aftur á móti ekki við á öðrum stöðum. Og býst jeg við, að háttv. þingmenn skilji, við hvað hjer er átt.

3. brtt. get jeg heldur ekki fallist á, af því að meinlaust er að veita heimildina. Ef ekki er til fje, nær það ekki lengra.

Fleira hefi jeg ekki að segja að þessu sinni. Vona jeg, að háttv. þingmenn skilji, að þótt jeg beri fult traust til stjórnarinnar og Velferðanefndarinnar, þá álít jeg rjett að fara varlega, og að eignarnámsheimild 4. málsgr. 3. gr. sje næg til að ná tilgangi frumv., ef rannsóknir fara fram í tíma, og vona jeg, að þá rætist betur úr en á horfðist.

Sigurður Eggerz: Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, er sjálfsagt eitt af mestu vandamálum, sem þingið hefir til meðferðar.

Aðalágreiningurinn er um það, hvort veita skuli stjórninni þrengri eða rýmri heimild til að hefta útflutning innlendra matvæla. Meiri hluti nefndar þeirrar, sem um málið hefir fjallað, vill veita stjórninni mjög víðtæka heimild í þessa átt, þannig að stjórnin getur bannað útflutning, ef henni sýnist verulega ástæða til þess; minni hlutinn bindur þessa heimild við að aðflutningur til landsins teppist.

Hæstv. ráðherra hefir tekið fram, að hann álíti tillögur minni hlutans í þessu efni þýðingarlausar, því að þau takmörk, sem sett eru fyrir heimildinni, sjeu svo þröng, að bersýnilegt sje, að heimildin verði ekki notuð fyrr en alt sje um seinan, því ef útflutningurinn verði ekki bannaður nú í sláturtíðinni, þá sje kjötið farið úr landinu.

Af þessum orðum hæstv. ráðherra, dreg jeg þá ályktun, að hann ætli sjer að nota heimildina, ef hún fæst, til þess að banna útflutning á íslenskum vörum, meðan á sláturtíðinni stendur.

En væri það nú heppilegt, að hefta útflutninginn? Við athugun þessa spursmáls, vil jeg reyna að líta á málið, ekki með Reykjavíkuraugum og ekki heldur með sveitamannaaugum, — jeg vil reyna að líta á það með heill alls landsins fyrir augum.

Það er öllum ljóst, að verðhækkun sú, sem vegna stríðsins hefir orðið á útlendu vörunni, memur allmiklu. Þessi verðhækkun er vitanlega tap, sem landið í heild sinni hefir orðið fyrir. Hins vegar hefir verðhækkun á innlendu vörunni orðið til mikils hagnaðar fyrir landið. Og jeg hygg, að verðhækkunin á innlendu vörunum nemi margfalt meiru til hagnaðar fyrir landið, heldur en tapið, sem hlýtst af verðhækkun útlendu vörunnar.

Ef útflutningur þeirrar vöru, sem vjer græðum á, yrði teptur, er það sýnilegt, að sú ráðstöfun væri frá fjárhagslegu sjónarmiði óheppileg.

Það er því mín skoðun, að það væri mjög athugaverð ráðstöfun, að hefta útflutning á íslenskum matvörum, meðan annars er kostur. Jeg held því, að það sje hárrjett, sem minni hlutinn segir, að nauðsynlegt sje að setja þau takmörk fyrir heimildinni.

Þótt jeg mæli svo, þá dylst mjer það samt ekki, að bæjarmenn verða hjer á

landi langharðast úti, vegna stríðsins, og það er því ekki nema eðlilegt, að þeir gangi með þungum hug gegn vetrinum, og það er ekki nema ofur eðlilegt, að þeir fylgi með áhuga öllu, sem þingið gjörir í þessu máli. En ef satt skal segja, þá býst jeg við, jafnvel þó útflutningur á kjöti yrði bannaður að nokkru leyti, að verð á kjötinu mundi reynast svo hátt, að þeir, sem fátæktin kreppir mest að, mundu ekki njóta mikils góðs af kjötbanninu, því þeir mundu ekki hafa ráð á að kaupa það. Þessar dýrtíðarráðstafanir, sem meiri hlutinn vill gjöra, yrðu því ekki til annars en að efnamennirnir gætu fremur fengið keypt kjöt, en þeir fátækari engu fremur en áður.

En um leið og horfið er frá því ráði, að hefta útflutning þeirra matvæla, sem landið græðir á, þá er sýnilegt, að hins vegar verður að gjöra eitthvað til að tryggja það, að nægur matarforði verði til í landinu. Og í því efni væri ekki úr vegi að fara að reynslu annara hlutlausra þjóða. En þær leggja mesta áherslu á að korntryggja sig. Nú á landið 600 þús. kr. í Ameríku, sem þangað voru fluttar í minni stjórnartíð, einmitt í því skyni, að til þeirra mætti grípa, þegar í vandræðin ræki. Mjer virðist rjett að kaupa kornvörur fyrir fje þetta sem fyrst. Þessa matvöru ætti því næst að geyma, þangað til harðnar í ári, og mætti þá selja hana að sínu leyti eins og kolin síðasta ár, með innkaupsverði til þeirra, sem erfiðastar eiga kringumstæðurnar.

Einhver kann að segja, að með ráðstöfunum eins og þessum, væri gengið á rjett kaupmannastjettarinnar. Þeir hjeldu því að minsta kosti sjálfir fram síðasta vetur, að landstjórnin hefði átt að afhenda þeim Ameríkuvörurnar til sölu síðasta ár. Í fjarveru minni í Kaupmannahöfn samþyktu þeir hálfgjörða vantraustsyfirlýsingu á mig, fyrir að vörunum var úthlutað, eins og átti sjer stað. En jeg verð að taka það fram hjer á Alþingi, að jeg sje ekki, að kaupmannastjettin eigi nokkura heimtingu á því, að fá ágóða af þeim vörum, sem þeir geta ekki útvegað landinu sjálfir, og landssjóður verður því að kaupa, en svo stóðu sakir síðasta ár, enda vonlegt, að kaupmennirnir hafi ekki fje undir þessum sjerstöku kringumstæðum, til að útvega landinu nægilegan vöruforða. Því má og ekki heldur gleyma, að hjer er að ræða um vörur, sem á að geyma að mestu leyti til tryggingar, og svo er á hitt að líta, að engir hafa grætt eins á þessu ári og margir kaupmennirnir. Vjer stöndum nú á alvarlegum tímamótum. Á þinginu hvílir mikil ábyrgð í þessu máli. Vjer getum ekki varpað þessari ábyrgð á kaupmannastjettina eina, og ekki er það heldur verjandi, að láta sjer nægja með að gefa stjórninni heimildarlög. Vjer verðum að láta stjórnina heyra nú ákveðinn vilja vorn um, hvað vjer óskum að gjört sje nú strax. Ærið nóg verður það samt, sem vjer verðum að leggja í hendur stjórnarinnar í þessu máli. En því mega menn ekki gleyma, að stríðið verður ef til vill aldrei harðara en á næstkomanda vetri. Ef einhverjar stórþjóðirnar komast í dauðateygjurnar, þá verður engum hlíft.

Sigurður Sigurðsson: Það hafa nú þegar orðið miklar umræður um þetta mál, og jeg skal ekki lengja þær að miklum mun. Málið er mikilsvert, og því ekki að undra, þótt á það sje litið frá ýmsum hliðum. Hjer er meðal annars um það að ræða, hvort heimila eigi stjórninni eða ekki, að leggja haft á útflutning innlendra afurða.

Þótt jeg beri fult traust til stjórnarinnar, að hún beiti ekki þessari heimild

fyrr en í fulla hnefana, þá dylst mjer það samt ekki, að löggjafarvaldið er hjer komið út á mjög hála braut.

Mig langar til þess að spyrja nokkurra spurninga út af þessu máli, og jeg vona, að háttv. framsm. meiri hluta (S. B.) svari þeim.

Ef það verður ofan á hjer í þinginu, að heimila stjórninni að leggja bann fyrir útflutning á kjöti, fiski o. s. frv., annað hvort nú þegar eða í sláturtíðinni, þannig, að ekki verði flutt út nema viss hluti af þessum afurðum, og að hitt verði þá eftir í landinu til sölu, hvernig hugsa menn sjer svo framkvæmdina á því? Er það tilætlunin, að það, sem verður eftir í landinu, verði selt við sama verði og fæst fyrir það á erlendum markaði? Eða á að selja það við lægra verði?

Nú eru íslenskar afurðir í allháu verði, og verði þær seldar hjer með útlendu markaðsverði, þó að kostnaður allur sje dreginn frá, þá er þess naumast að vænta, að sú ráðstöfun komi að gagni. Það er dýrt fyrir fátæklinga að kaupa kjötið á 30 aura pundið, og undir því verði verður það ekki selt, hvað þá heldur ef það yrði 40—50 aura pundið. Kjötið mundi því ekki lenda hjá fátækara hluta fólksins, heldur hinum, er ráð hafa á að kaupa það, þó að það sje dýrt. En ef nú þessar vörur verða ekki seldar mönnum með sama verði og fæst fyrir þær á útlendum markaði, heldur verði verðið á þeim fært niður, hver á þá að borga mismuninn?

Það ganga hjer í þinginu ýmsir spádómar um það, að aðflutningar muni teppast til landsins. Jeg sje enga skynsamlega ástæðu til að óttast slíkt. Jeg trúi því ekki fyrr en jeg má til, að ekki verði með einhverju móti hægt að ná í vörur frá Ameríku. En fari nú svo, að aðflutningar teppist, þá hlýtur útflutningur að teppast um leið, og þá fellur íslenska varan í verði.

En nú langar mig til að spyrja að annari spurningu: Hvernig á að haga þessu banni, ef til þess kemur? Hvernig á að skifta því niður á hina ýmsu útflutningsstaði á landinu? Mjer skilst, að það muni vera einkum tvent, er hafa verður hugfast í þessu stóra máli:

1. *að* tryggja það, að landið standi ekki uppi í vandræðum, vegna matvælaskorts, og

2. *að* sjá um, að matvaran verði ekki seld dýrara en svo, að allir geti keypt hana. En það má ekki gjöra á kostnað framleiðslustjettanna í landinu.

Nú eru, eins og þegar var getið um, íslenskar afurðir í mjög háu verði, og hærra en svo, að fátækri alþýðu manna sje fært að kaupa þær. Hins vegar er útlenda varan ekki afskaplega dýr. Jeg tek því undir það með háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), að eitt hið allra fyrsta, sem þing og landstjórn þarf að gjöra, er að styðja að því, að birgja landið með þeirri vöru, sem auðið er að afla með sæmilegu verði. Það myndi koma öllum betur, ekki síst fátækari hluta þjóðarinnar. Stjórnin ætti því, eins og háttv. þm. V.-Sk. (S E.) tók fram, sem allra fyrst að gjöra ráðstafanir til innflutnings matvæla, t. d. frá Ameríku.

Jeg vil í þessu sambandi leyfa mjer að benda á, að eitt aðalhlutverk stjórnarinnar í þessari dýrtíð ætti að vera það, að útiloka úr viðskiftalífinu alla óþarfa milliliði, svo að neytendur geti fengið vöruna með sama verði og framleiðendur selja hana, án alls aukaskatts til milliliða.

Viðvíkjandi útflutningi á lifandi fjenaði hygg jeg, að óhætt sje að segja, að ekki muni vera mikil hætta á, að sauðfjenaður verði að mun fluttur út í haust á fæti. Hitt er alkunna, að hestar hafa verið fluttir út með mesta móti í sum-

ar. Mjer getur þó ekki skilist, á hverju varhygð nefndarinnar byggist í þessu efni. Er það til að tryggja það, að nóg hrossakjöt verði til í landinu til átu, eða er nefndin hrædd um, að hestar fækki svo mjög, að til vandræða horfi að öðru leyti? Viðvíkjandi því, að hestarnir verði of fáir, skal jeg leyfa mjer að benda á það, að því hefir verið haldið fram til þessa tíma af búfróðum mönnum, að hrossafjöldinn í landinu væri of mikill og gjörði búnaðinum tjón. Hrossum hefir smátt og smátt fjölgað í landinu, og skal jeg geta þess, að á árunum 1905—1906 voru hross flest hjer á landi. Árið 1905 voru þau talin að vera 48975, eða hartnær 49000. Svo fækkaði þeim að vísu næstu árin, 1907—1908, en 1911 hafði þeim fjölgað töluvert á ný, og þá töldust þau tæplega 44000. En árið 1912 eru hrossin enn fleiri. Þá eru þau talin 45847, eða tæpum tveim þúsundum fleiri en árið áður. Hvort þeim hefir fækkað nokkuð verulega síðan 1912,skal jeg láta ósagt. Jeg hygg þó, að í ár og í fyrra hafi verið flutt út með mesta móti og nokkru meira, ef til vill, en viðkoman hefir numið. Ástæðan til þessarar varhygðar nefndarinnar getur því ekki verið sú, að hún sje hrædd um, að hestarnir verði of fáir. Hitt er annað mál, að birgja landið með matvælum. En ef við eigum að fara að lifa á hrossakjöti, þá er ekki bætt úr dýrtíðinni með því. Jeg skal bæta því við, að þrátt fyrir allan útflutning, er margt til af hrossum í landinu, sem að skaðlausu mætti slátra handa Pjetri og Páli, því að eins og kunnugt er, er lítið flutt út af hrossum, eldri en átta til tíu vetra. Hvernig sem jeg lít á þetta mál, get jeg ekki sjeð, að þessar ákveðnu tillögur í frv. um hefting á útflutningi íslenskra afurða hafi við rök að styðjast. Það er að minsta kosti ekki upplýst, að það gjöri fátæklingunum hægara að ná í vöruna. Jeg vil ekki væna háttv. meiri hluta um, að hann sje með þessu aðallega að bera fyrir brjósti hag betri borgara Reykjavíkurbæjar, en óneitanlega virðist mega lesa það milli línanna í umræðunum, að þessir menn líti meira til hinna betur stæðu bæjarbúa, heldur en á afkomu fátækara lýðsins. Væru gjörðar ráðstafanir til innflutnings útlendra matvæla með sæmilegu verði og án milliliða, myndi það verða fátæklingunum miklu hagkvæmara, heldur en að vera að hefta útflutning á íslenskum afurðum, þjóðinni til stór skaða.

Einar Jónsson: Þetta er vandasamt og þýðingarmikið mál, enda er það svo, að því meira sem um það er fjallað, því vandfundnari verða færar leiðir. Eins og öllum er kunnugt, er það aðalefni þessa frv., að sjá landslýðnum fyrir nægri matbjörg og fela stjórninni framkvæmdir í því efni. Það hefir komið fram í umræðunum, að menn álíta þetta mjög vandasamt og umsvifamikið verk, og er jeg því samþykkur. Mjer hefir því dottið í hug, hvort ekki myndi tiltækilegt, að skipa fleiri ráðstöfunarnefndir, heldur en þá nefnd eina, sem hjer er gjört ráð fyrir að stjórnin hafi sjer til ráðuneytis. Með öðrum orðum, að skipa ráðstöfunarnefndir í hverju hjeraði til að gefa stjórninni upplýsingar um það, sem hún hlýtur að þurfa að vita.

Jeg álít, að stjórnin og hennar nefnd, Velferðarnefndin, eigi að byrja starf sitt á því, að afla sjer vissu um að geta fengið nægilegan útlendan matarforða. En til þess að vita, hve mikið þarf að flytja inn, verður stjórnin að fá upplýsingar um, hve mikið þurfi á þann og þann verslunarstaðinn, miðað við viðskiftamenn þess sjerstaka kauptúns. Þegar nú vissa er fengin fyrir því, að

næg útlend matvara sje fáanleg, eða fyrirliggjandi, þá er að hugsa um, hvort eða hve mikið af innlendu vörunni þurfi að kyrsetja. Jeg fyrir mitt leyti er alls ekki mótfallinn því, að eitthvað lítið verði kyrsett af íslenskum afurðum, ef þess þykir þörf.

Jeg er samþykkur því, sem hv. þm. Ak. (M. K.) sagði í dag, að frv. myndi koma að meiri notum, ef 2. málsgr. 3. gr. yrði feld burtu. Það mætti hugsa sjer, að fólkið óskaði að lifa í vetur meira á útlendri vöru heldur en innlendri, vegna þess, hvað innlenda varan er í háu verði.

Það hefir ýmislegt og ekki smávægilegt borið á milli í umræðunum. Það er eins og sumir heyri það glymja fyrir eyrum sjer, að það þurfi að skapa lágt verð á vöruna, sem framleidd er í landinu, svo fátækir daglaunamenn og íbúar sjávarþorpa yfir höfuð beri af að kaupa sjer fæðu. Fyrir mínum eyrum er engin suða um það, en hitt liggur í augum uppi, að verðið hlýtur að lækka, ef útflutningur verður heptur takmarkalaust, svo að því get jeg ekki gengið.

Háttv. frsm. meiri hl. (S. B.) sagði, að kjöt, sem flutt er út úr landinu, væri fyrirfram selt lægra verði, heldur en Reykvíkingum gæfist kostur á að kaupa það. Þessu verð jeg að mótmæla, sem algjörlega ósönnu og ósannanlegu. Jeg skal skýra frá því, að kjöt það, sem Sláturfjelag Suðurlands sendi út síðastliðin ár, er selt á 70—75 kr. tunnan. Í tunnunni eru 220 pund, svo að þetta verður þá 32—34 aura hvert pund. En á sama tíma seldi fjelagið sams konar kjöt hjer í Reykjavík á 26—28 aura pundið. Það er 5—6 aurum minna fyrir hvert pund, heldur en fjelagið fjekk fyrir kjötið á erlenda markaðinum. Jeg skal enn fremur geta þess, að Sláturfjelagið græddi á kjötinu, sem það seldi út síðast liðið haust, 10,666 kr.

Jeg skal svo aftur víkja að þeim óviðeigandi ummælum, sem fallið hafa um, að það beri nauðsyn til að lækka verðið á framleiðslu sveitamannsins. Þetta getur naumast stafað af öðru en öfund Reykjavíkurbúa út af þeirri verðhækkun, sem afurðir landbóndans hafa hafa komist í nú um stundarsakir. En í fyrsta lagi er þess nú að gæta, að þessi verðhækkun getur varla haldist lengi, og í öðru lagi er mjer kunnugt um, að árið sem leið mistu sveitamenn fje sitt svo þúsundum skifti, og aftur í í ár á stöku stöðum í hundruðum. Það er því ekki mikil ástæða til að öfundast út af þessari verðhækkun, þar sem sannarleg vissa er fyrir því, að alflestir landbændur töpuðu af bústofni sínum síðastliðið ár fleiri þúsundum króna, heldur en þeir græða hundruð í ár á verðhækkun afurðanna, og ættu þessar slæmu meiningar manna í milli ekki að verða til þess, að lengja umræðurnar hjer í deildinni og vekja úlfúð.

Það var ýmislegt fleira í ummælum háttv. frsm. meiri hl. (S. B.), sem jeg gæti hrakið, en kæri mig ekki um að vera að eltast við að svo stöddu. Það, sem er sjerstaklega aðgæsluvert í þessu máli, er að ganga ekki á rjett einstaklinganna, og þó að málið sje vandasamt og erfitt viðfangs, þá verður að gæta þess, að gjöra ekki neitt það, sem auðsjáanlega miðar til að gjöra viðkomendur óánægða, svo að þessi lög verði ekki kölluð þvingunarlög, eins og áður hefir komið fyrir með löggjöfina hjer á landi, t. d. horfellislögin sælu, aðflutningsbannið og fleiri lög, sem við hefir legið að vektu uppreisn í landinu.

Jeg vildi svo að lokum biðja nefndina að íhuga, hvort ekki myndi rjett og heppilegt að skipa nefnd í hverri sýslu, stjórninni til aðstoðar. Jeg vorkenni stjórninni að taka við þessu verki, sem

bæði hlýtur að verða vandasamt og vanþakklátt.

Það voru að eins þessar fáu athugasemdir, sem jeg vildi gjört hafa, og býst jeg við, að jeg bæti þær ekki, þó jeg hjeldi lengri ræðu, og læt því þetta nægja.

Jóhann Eyjólfsson: Það eru svo margir dagar síðan þetta mál var tekið út af dagskrá, að jeg er nú búinn að gleyma, hvað jeg ætlaði að segja. Þegar jeg þá beiddi um orðið, ætlaði jeg víst að leiðrjetta einhvern misskilning hjá hæstv. ráðherra, en man ekki lengur, eða kæri mig ekki um að muna, hvað það var, og fell því frá orðinu.

Matthías Ólafsson: Það er í rauninni búið að tala nóg um þetta, en jeg get þó ekki stilt mig um að segja nokkur orð. Mjer skilst, að þeir, sem talað hafa á móti tillögum meiri hl., hafi verið að berjast við sinn eiginn skugga, nefnilega þar sem þeir hafa talað um, að meiri hl. ætlaðist til að leggja ákveðið verð á þá vöru, sem eftir yrði í landinu. Þeir hafa þar verið að berjast við óvætti, sem ekki er til, því að frumv. gefur ekki tilefni til þess. Þeir eru flestir á þeirri skoðun, að rjett sje að gjöra ráðstafanir til, að nægar matbirgðir verði til í landinu, en þeir vilja ekki að það sje íslensk vara, heldur útlend, svo að jafnvel sjómennirnir eiga ekki að fá að neyta þeirrar kraftfæðu, sem þeir sjálfir afla.

Það hefir ekki verið minst á eina vörutegund, sem sje haustullina. Það gæti farið svo, ef ekki væri til heimild fyrir stjórnina til að hefta útflutning á haustull, að ekki fengist einu sinni næg ull í vetlinga handa sjómönnunum. Það væri fróðlegt að sjá, hvernig sjósóknin gengi, ef sjómenn gætu ekki fengið vetlinga.

Annað hafa menn athugað, hvort ódýrara væri hveiti frá Vesturheimi, með því verði, sem þar er á því, eða íslenskar matartegundir. Mjer er það mikið efamál, hvort hveiti sje betra til manneldis en nautakjöt. Jeg hygg, að menn vilji alment engu síður en jeg, að við tryggjum okkur fyrst og fremst að nægar matarbirgðir sjeu til í landinu, og þar næst, að framleiðendurnir verði fyrir sem allra minstum skaða. Jeg hefi alt af hugsað mjer, að þeir fengju sæmilegt verð fyrir sína vöru. Það er hægt að sanna, að íslensk matvara hefir verið seld hjer dýrara verði en fengist hefir fyrir hana í útlöndum. Þannig hefir t. d. smjör oft og tíðum verið selt hærra verði hjer, heldur en bændur hafa á sama tíma fengið fyrir það í Englandi.

Jeg verð að halda því fram, að þótt það sje sjálfsagt, að byrgja landið sem best með útlendri kornvöru, þá sje hitt engu síður nauðsynlegt, að halda eftir í landinu nokkru af þeirri matvöru, sem landið sjálft framleiðir. Jeg get ekki sjeð, að neitt af því, sem sagt hefir verið á móti þessu, hafi verið á verulegum rökum bygt. Það getur enginn haft neitt á móti því, að landsstjórnin gjöri ráðstafanir til að tryggja það, að nógur matur sje til í landinu, en að ætla sjer þá fyrst, þegar íslenski maturinn er farinn burtu, að tryggja sjer útlenda vöru eftir á, það er sama sem að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í hann. Setjum svo, að við værum í dag búnir að kaupa þrjá skipsfarma af matvælum í Ameríku, en ekki væri hægt að fá skip, fyrr en í lok þessa mánaðar. Verðið á vörunni væri ránverð og leigan á skipunum líka. Þó við værum nú búnir að kaupa þessa vöru, þá er enga sönnun hægt að fá fyrir því, að hún kæmi hingað nokkurn tíma. Skip geta farist á skemri leið, og það þó ekki

sje á ófriðartímum. Við verðum að hafa sterkar gætur á, að ekki verði flutt of mikið út úr landinu af matvöru, sem við framleiðum sjálfir.

Það hefir verið spurt, hver borgaði fyrir þá, er ekkert hefðu að láta fyrir hana? Það er auðvitað landið, þegar einstakir menn geta ekki sjeð um sig.

Ráðherra: Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hefir tekið fram ýmislegt, er jeg vildi sagt hafa, svo jeg sje ekki ástæðu til að endurtaka það. En það er þá fyrst eitt atriði í ræðu háttv. þm. Ak. (M. K.). Hann mun hafa getið þess, að nauðsynlegt væri, að gjöra fyrirspurnir til bæjarfjelaga og sýslunefnda, til þess að vita nokkurn veginn víst, hversu mikils þurfi við á hverjum stað. Það hafa verið gjörðar ráðstafanir um slíkar fyrirspurnir, hversu sje ástatt með matvæli og um neytslu kjöts og fiskjar í venjulegu ári. Að vísu er erfitt að fá ábyggilega vitneskju um þetta, en tilraunirnar hafa þó verið gjörðar.

Þá var það, að háttv. þm. Ak. (M. K.) taldi eignarnámsheimildina í 4. málsgrein 3. gr. nægilega. Jeg held að hún komi ekki að fullum notum, þó hún geti orðið til gagns að einhverju leyti. En ef brtt. á þgskj. 113 er samþykt, þá er auðsjeð hver afleiðingin verður, því þá yrði ekki hægt að framkvæma eignarnám fyrr en aðflutningur heftist. Það er því ekki hægt af þingmönnum, að fara fram á að eignarnám sje framkvæmt meðan aðflutningar heftast ekki. Með öðrum orðum, í haust er ekki hægt að framkvæma eignarnám á íslenskum vörum meðan innflutningur á útlendum vörum heldur áfram.

Þetta er skoðun þeirra manna, sem ekki vilja veita heimild til banns á útflutningi íslenskra afurða. Annars er ekki samræmi í þessu. Það má ekki banna útflutning á íslenskum vörum, en þó á að veita eignarnámsheimild. Jeg heyri að menn segja jú, jú, en þeir verða þó að beygja sig fyrir logiskum rökum. En ef þessir háttv. herrar vilja fella heimild til banns á útflutningi, en halda svo fram, að eignarnámsheimildin komi að notum, eftir sem áður, þá fara þeir eftir öðru en vanalegum lögskýringarreglum, og væri þá heppilegt, að skoðun þeirra á þessu kæmi fram í umræðunum.

Svo skal jeg geta þess, að jeg lít svo á, að framkvæmd á eignarnámsheimild sje ekki betur þokkuð en vægileg framkvæmd á útflutningsbanni. Það ætlast enginn til þess, að útflutningsbannið yrði notað, nema brýna nauðsyn bæri til, og miðað við það, hversu miklu væri eytt af hverri einstakri vöru, og svo yrði það ekki stjórnin ein, sem rjeði um þetta, heldur yrði og nefnd, sem fjallaði um það. Það er eins og háttv. þingm. sjeu hræddir við, að bannið yrði notað svo stranglega, að yfirleitt yrði bannað að flytja út kjöt og fisk. En það hefir engum komið til hugar, enda væri það þarfleysa. Og þó að sumir trúi ekki stjórninni til að fara með þetta, þá bakaði hún sjer ákúrur, ef lengra væri farið en þingið vill og Velferðarnefnd sú, er þingið að sjálfsögðu kýs til að vinna með stjórninni að þessu. Jeg veit ekki til að slíkt hafi komið fyrir, því að undanfarið hefir verið góð samvinna milli stjórnar og Velferðarnefndar, og stjórnin alt af farið eftir tillögum meiri hluta Velferðarnefndar. Og myndi það mælast betur fyrir, að vaða inn í hús manna og taka þar vörur með eignarnámi, en að veita heimild til að sjá um, að skildar væru eftir nægilegar vörur í landinu? Jeg held, að það síðara muni mælast miklu betur fyrir, auk þess, að eignar-

námsheimild kostar miklu meira í framkvæmdinni; hin að eins nokkur símskeyti. Og ef tilgangurinn er sá, að gjöra eignarnámsheimildina nothæfa, þá verður að gjöra nánari reglur um, hvernig eigi að framkvæma hana. Það gæti nefndin komið fram með við þriðju umræðu.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) skaut því fram, að jeg myndi framkvæma útflutningsbannið í haust. Má vel vera, að slíkt sje nauðsynlegt, og auðvitað er það meiningin, ef það yrði álitið heppilegast. Um það dæmir stjórnin ekki ein, heldur Velferðarnefndin og hún í sameiningu, eins og háttv. þingmaður V.-Sk. veit.

Enn fremur hjelt háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) því fram, að það væri fjárhagslegt tap, að hefta verslunarviðskifti með útflutningsbanni. En ætli það væri ekki meira tap, ef fólkið yrði að svelta, vegna engra ráðstafana?

Það var rjett hjá háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), að með dýru verði á kjöti er erfitt fyrir fátæklinga að afla sjer þess. En hjer kemur fleira til greina, nefnilega að hafa vöruna, því þótt fátæklingar geti ekki borgað hana, þá láta sveitarfjelögin þá ekki deyja úr skorti, ef matvæli eru fyrir hendi.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) mælti með því, að birgja landið með kornvöru. Það yrði ekki gjört í einni svipan. Jeg man ekki hversu mikið það var, samkvæmt áætlun þingsins í fyrra, er búist var við að, myndi þurfa af kornvöru á ári, en áreiðanlega yrðu það margir farmar. Og lítið hefðu »Hermóðsvörurnar« dugað, ef kaupmenn hefðu ekki haldið áfram að flytja inn vörur. Þetta er líka neyðarúrræði, því að fjárhagur landsins er svo bágborinn, og lánstraustið ekki svo gott, að hægt væri að birgja landið upp með korni. Enn fremur útheimtir það geymslu um lengri tíma. Suma mjölvöru er erfitt að geyma, án þess hún spillist. Þetta kom mikið til athugunar í Velferðarnefndinni í fyrra, og einn maður í nefndinni, sem þessu var kunnugur, tók þetta eindregið fram. Og hvernig ætti að útdeila vörunum, orkaði mjög tvímælis í fyrra; kaupmenn voru þá mjög gramir, þótti gengið á sinn hlut.

Jeg var alveg sammála stjórninni um það, að hún hefði gjört rjett, en í þessu sambandi hefir það ekki mikið að þýða. Jeg er ekki með þessu að tala á móti því, að birgja landið með útlendum vörum, en áður en það er gjört, verður að athuga framkvæmdirnar.

Háttv. 1. þingm. Árn. (S. S.) spurði, hvort bannið ætti að eins að ná til þeirra vara, er fara til Reykjavíkur. Jeg býst við, að þessu hafi verið beint til háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), en það hefir víst engum dóttið í hug, að bannið næði ekki til allra hluta landsins, ef heimildin til þess yrði samþykt, og þörf væri á. Jeg skil ekki spurninguna, því jeg sje ekki, að orðalagið gefi átyllu til hennar. Spurningin er því út í bláinn, og jeg veit ekki hvers vegna háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir komið með hana. En í Reykjavík er íbúatalan hæst, og því mundi þurfa þangað flesta skrokka. *(Sigurður Sigurðsson:* Eftir hvaða hlutfalli á að hefta útflutning?). Eftir þörf í viðkomandi hjeruðum; að öðru jöfnu eyða fleiri menn meiru en færri. T. d. eyða 13000 menn í Reykjavík meiru en 1000 menn í Hafnarfirði.

Háttv. samþingismaður minn (S. S.) talaði um hross og hrossafjölda í landinu. En hann er ekki ægilegur í mínum augum, því ef 6500 býli eru á landinu, þá eru þó ekki nema 7—8 hross á hvert býli. *(Sigurður Sigurðsson:* Það er nóg). Sumstaðar er það ekki nóg,

og svo hefir háttv. 1. þingm. Árn. engar skýrslur frá 1914—15. Annars liggur mjer þetta í ljettu rúmi, því að banninu yrði ekki framfylgt út í ystu æstar, og ekki nema í ítrustu nauðsyn.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) stakk upp á því, að skipa aðstoðarnefndir út um land, er ættu að vera Velferðarnefnd og stjórn til fulltingis. Þetta getur verið góð hugmynd, en spurningin er, hvort það bakaði ekki talsverðan kostnað, og hvort ekki sje nóg að njóta aðstoðar hreppsnefnda og sýslunefnda. Ef slík nefnd yrði í hverjum hreppi, þá yrði það faktiskt hreppsnefndin. Og stjórnarráðið verður nú, eins og í fyrra, að snúa sjer til sýslunefnda. Jeg er því ekki alveg sannfærður um, að þessar nefndir kæmu að meira gagni en núverandi skipulag.

Háttv. samþingismaður minn (S. S.) kom fram með þá spurningu, hvernig útflutningsbannið yrði framkvæmt. Jeg svaraði því síðast. Það er hægur vandi, og vitanlega verður það gjört á sama hátt og annarstaðar. Stjórnin gefur út auglýsingu um, að útflutningur á þessum vörum sje bannaður, án sjerstakra heimilda frá stjórninni. Jeg býst við, að heiðarlegir menn hlýði; en ef menn vilja flytja út bannvöru, þá senda þeir beiðni um undanþágu frá banninu til stjórnarinnar, og eftir að stiórnin hefir aflað sjer upplýsinga um ástandið í viðkomandi hjeruðum, segir hún álit sitt, og ákveður, hversu miklu skuli vera haldið eftir. Í Danmörku er sjerstök skrifstofa, er heyrir undir dómsmálaráðherrann, og fjallar hún um slík mál sem þessi.

Þar sem sími er til flestra kaupstaða, getur framkvæmd á þessu ekki orðið nein frágangssök á þennan hátt.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) vildi láta þingið ráða þessu alveg til lykta. Frá sjónarmiði stjórnarinnarinnar væri það æskilegt, ef það væri hægt, því að það ljetti vanda og ábyrgð af henni. En jeg veit ekki hvort það var meining hans, að þingið segði hversu mikið ætti að útvega af hverri vörutegund, t. d. korni, salti, steinolíu o. s. frv. Ef það væri unt, þá væri það ágætt, en jeg er hræddur um að það yrði ekki fullnægjandi: 1) þingmenn sjá ekki fram í tímann og vita ekki hvað að höndum muni bera, og þess vegna ekki unt að gjöra ráð fyrir öllu, og 2) þyrfti að binda mikla peninga, sem ekki er víst að þingið hafi handbæra o. fl. En ef þingið treysti sjer til þess, þá skyldi jeg vera óendanlega þakklátur.

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Það eru 2—3 athugasemdir, er jeg vildi koma fram með. Fyrst er það, að háttv. þm. Ak. (M. K.) skaut því fram, að fella algjörlega burt 2. og 3. málsgr. 3. gr. frv., en láta að eins ákvæðið um eignarnámið standa. Hæstv. ráðherra svaraði þessu, en jeg að eins undirstrika það, að eignarnám getur verið óþægilegra en bann, og allra síst ef menn óttast að lögin verði misbrúkuð, er betra að byggja á eignarnámi en banni. Ef ekki er hægt að tryggja nógar vörur í landinu með útflutningsbanni, þá er það ekki fremur hægt með eignarnámi.

Þá var það eitt atriði hjá háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), sem jeg vildi athuga. Reyndar lýsti hann því yfir, að full þörf væri á að gjöra ráðstafanir, vegna ástandsins í heiminum. Mjer þótti vænt um að heyra þetta, því að það hefir ekki fyr heyrst úr hóp þeirra, er á móti mæla. Hann sagði eitthvað á þessa leið: Það er enginn vafi á því, að landið græðir miklu meira á hækkun verðsins á íslensku vörunum en það,

sem það skaðast á hækkun verðlags á útlendum vörum, því er rjettara að flytja íslensku vörurnar út og kaupa útlendar vörur í staðinn.

Þetta lítur vel út, en í fyrsta lagi vantar sannanir um verðhækkun varanna, og þegar fram á kemur, eru ýmsar orsakir, er binda þetta. Við vitum ekki nú, hvernig þetta muni verða í haust. Það getur vel staðið svo á í haust, að það borgi sig betur að kaupa hina hækkuðu íslensku vöru en hina hækkuðu útlendu vöru. Útlenda varan getur hækkað svo mikið. Jeg vil benda háttv. þm., sem eru mótfallnir útflutningsbanninu, á það, að vel getur farið svo, að það verði búmannlegra, að kaupa íslensku vöruna, þótt með hækkuðu verði sje, en að sæta því verði, sem í gefnu augnabliki kann að verða á útlendu vörunni. Auk þess vil jeg benda á það, að útlenda matvaran er mestmegnis kornmatur. Það má komast langt með því, að lifa á kornmat, en einhvers staðar er það sagt, að maðurinn lifi ekki á einu saman brauði, og jeg hygg að það sje rjett. Og að flytja út úr landinu allan fisk og alt kjötmeti, en flytja tóman kornmat inn í staðinn, að flytja út allar kjarnbestu manneldisvörurnar, en kaupa aðrar lakari í staðinn, þótt ódýrari kunni að vera, það er ósannað mál, að það borgi sig. Danir hafa deilt mikið um þetta, eða þessu líkt, og munu margir kannast við það, sem hjá þeim er kölluð »Margarinepolitik«. Þeir flytja út því nær alt smjör sitt, svo sem kunnugt er, en kaupa smjörlíki í staðinn, og orkar mjög tvímælis, hvort það sje rjett.

Nei, svo falleg sem kenning þeirra háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) kann að vera til að sjá, þá vantar mikið á það, að hún hafi rök við að styðjast, sem bygt verði á.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) gjörði margar fyrirspurnir. Jeg heyrði eiginlega ekki nema eina af þeim, og hún er þessi:

Er það meiningin, að þessi bannaða vara, sem ekki fæst útflutt, fáist þá seld hjer innanlands við sama verði og fyrir hana fengist, ef leyfilegt væri að flytja hana út?

Jeg skal nú svara þessu því fyrst og fremst, að ef nokkur er sú vara, að bannað sje að flytja hana út, og hún seld hjer innanlands, þá hlýtur að skapast hjer á henni *innlent* markaðsverð. Það er ekki gott að segja nákvæmlega, hvert það verð myndi verða. Jeg hygg fyrir mitt leyti, að það myndi verða dálítið lægra en hið útlenda markaðsverð, en það er erfiður samanburður, t. d. á kjöti, sem hjer er selt í kroppum og einstakir menn salta sjálfir, og hinu, sem flutt er út í tunnum og »fragt« legst á. Ef framleiðendur ættu að fá jafnt fyrir hvorttveggja, þá ætti það auðvitað að vera í lægra verði, sem selst hjer innanlands. *(Sigurður Sigurðsson:* Jú, auðvitað þeim mun lægra, sem sendingarkostnaðinum nemur). Og þá verður spurningin sú, hverjir eigi að borga þann mismun. Jeg hygg nú fyrir mitt leyti, að flestir framleiðendur hjer á landi muni vera svo gjörðir, að þeir myndu ekki horfa í það, þótt nema kynni örfáum aurum, þar sem annars vegar er um að ræða mikinn gróða þeim til handa, ef þeir væru sannfærðir um það, að tilslökunin kæmi miklum hluta þjóðarinnar að gagni. Því að það verða menn að muna, að þótt oft og einatt sje talað fyrirlitlega um kaupstaðabúa hjer á landi, þá eru þeir þó eigi minna en $^1/_3$ hluti þjóðarinnar, og sá hluti hefir þó rjett til þess, að nokkurt tillit sje tekið til hans.

Í þessu sambandi þykist jeg verða að segja það, sem þó ætti að vera óþarfi að taka fram, að það hefir engum manni

dottið í hug, að þessi lög ættu að vera gjörð fyrir Rvík eina, enda finst hvergi, hvorki í umræðunum, nefndarálitinu eða frumv. sjálfu, minsta átylla fyrir því, að svo sje. Alt þess konar verð jeg að álíta, að sje einbert hugmyndaflug hjá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Enda virtist mjer ekki betur en að hann notaði þetta að eins eins og »Springbrædt«, til þess að komast að öðru. Hann vildi að vísu ekki drótta því að mjer, auðvitað, að jeg væri hjer eingöngu að hugsa um hag »betri borgaranna« hjer í Reykjavík, en hins vegar mátti skilja það á honum, að það »liti svo út«, eins og jeg gjörði það. Og þá komst háttv. þm. út á þá línu, sem honum er svo títt að vega salt á, sem sje milli bændanna annars vegar og jarðnæðislausra smælingja hins vegar, og þegar þangað er komið, þá veit jeg, að þessi háttv. þm. á mjög bágt. En það vona jeg að allir skilji, að verði kaupstaðarbúum það til góðs, sem jeg fer hjer fram á, þá hlýtur það að verða eins til góðs þeim, sem efnaminni eru, og jafnvel engu síður.

Já, jeg vildi gjarna reyna að stytta þessar umræður sem mest. Næst held jeg sje, að minnast örfáum orðum á hrossin. Jeg vil benda háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) á það, að hjer er að eins um *heimildarlög* að ræða, og jeg gæti hugsað það, að með því mikla verði, sem nú er á hrossum, og þeim gífurlega útflutningi, sem af því stafar, þá *gæti* farið svo, að hrossum fækkaði svo hjer í landi, að þau yrðu ekki nógu mörg til þess, sem landsmenn þurfa nauðsynlega á að halda. Og hjer er ekki farið fram á annað en það, að *ef* svo færi, þá skuli stjórnin hafa heimild til þess, að taka í taumana. Það getur orðið þessu landi tjón, ekki síður en öðrum löndum, ef of mikið selst af þessari vöru.

Þá kem jeg að því, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) sagði, að heppilegast mundi vera, að hafa nefndir sem víðast í hjeruðum til aðstoðar í þessu máli. Jeg held að það hafi vakað fyrir nefndinni, að þetta geti orðið, og að hún hafi meðal annars haft það fyrir augum, þegar hún gjörði ráð fyrir að stjórnin mætti verja nokkru fje í kostnað. Það stendur beint í 5. gr., að stjórnin láti safna skýrslum, og hæstv. ráðherra hefir lýst yfir því, að þegar hafi verið gjörðar ráðstafanir í þá átt.

Framsögum. minni hlutans (Þorleifur Jónsson): Þetta mál, sem nú hefir verið hjer á dagskrá í fleiri daga, er nú orðið svo þrautrætt, að jeg hygg, að menn komist ekki inn á nýjar brautir í því hjeðan af, og málstaður okkar, minni hluta nefndarinnar, hefir verið varinn svo dyggilega af ýmsum háttv. þingmönnum, að jeg þykist ekki þurfa að fara mikið út í málið.

Háttv. andmælendur okkar, þeir sem ekki vilja gjöra sig ánægða með annað en útflutningsbann, segja, að það sje ofseint að hefta útflutninga, ef siglingateppa yrði, t. d. í desember, því að þá sje t. d. kjötið farið út úr landinu. Jeg hefi nú ætíð búist við því, að bæði hæstv. stjórn og Velferðarnefnd muni hafa vakandi auga á öllu þessu dýrtíðarmáli, og einkum gengur minni hlutinn að því vísu, út af umræðum þeim, sem hjer hafa fram farið, og ótta þeim, sem hefir lýst sjer í blöðunum, að stjórn og Velferðarnefnd muni hafa mikinn áhuga á því, að gjöra svo ítarlegar ráðstafanir, sem unt er, til þess að tryggja landinu matarbirgðir fram á komandi sumar. Jeg hefi gengið að því vísu, að spurst yrði fyrir um það sem fyrst út um alt land, hve miklar matarbirgðir til sjeu, t. d. seint í ágúst, og mjer þótti vænt um að heyra, að hæstv. ráðherra gat þess, að þegar væri byrj-

að á þessu. Einnig hafði jeg búist við því, að stjórn og Velferðarnefnd myndu spyrjast fyrir um það, að hve miklu leyti kaupmenn myndu geta birgt sig upp með útlenda matvöru, því jeg er samdóma þeim háttv. þingmönnum, sem talað hafa um það, að nú er það hin mesta nauðsyn, að fá þegar í haust svo mikið af kornvöru, að það nægði handa öllum fram á næsta sumar. Það er ekkert vit í öðru. Ef ekki verður gott útlit fyrir, að kaupmenn treysti sjer til að liggja með svo miklar birgðir, þá ætti stjórnin að panta það, sem á vantar, upp á landssjóðs kostnað. En jeg þykist nú mega vænta þess, að þar sem ágætt verð er á innlendri vöru, og bændur ættu því að standa sig þolanlega hjá kaupmönnum, að þá hafi þeir aftur tækifæri í betra lagi, til þess að fá sjer miklar vörubirgðir frá útlöndum, ef siglingar heftust ekki. En ef kaupmenn brestur máttinn til að birgja landið, getur stjórnin pantað matvöru, og vænti jeg þess, að hún gjöri það, ef á þarf að halda. Heimildin til þess er í 2. gr. frv. á þgskj. 88, og um þetta var enginn ágreiningur heldur í nefndinni.

Þá er að minnast á innlendu matvöruna. Þar getur stjórnin líka spurst fyrir um það, hvort nokkur tregða muni verða á því, að menn fái hana keypta, og ef útlit er fyrir, að sláturfjelög eða fiskifjelög vilji ekki með góðu móti selja það, sem bæir og sjávarþorp þurfa eða vilja, þá sje jeg ekki annað en að stjórnin geti gripið til eignarnámsheimildarinnar í 3. gr., og að hún sje einmitt stiluð upp á þetta. Hún er alveg eins ljós og örugg leið að fara, eins og útflutningsbannið, en kemur ekki eins illa niður. Hún tekur ekki fyrir kverkarnar á eðlilegri verslun.

Það var alveg rjett hjá háttv. þm. Ak. (M. K.), að þessi heimild væri í sjálfu sjer alveg nóg til þess, að sjá landinu fyrir nægum matarforða, svo að þess vegna mættu hinar málsgreinarnar í rauninni falla burt. En hins vegar sje jeg ekki að það skaði neitt, þótt þær yrðu samþyktar með brtt. minni hlutans.

Jeg sje ekki annað en að öllu sje vel borgið, ef undinn er bráður bugur að því, sem gjöra þarf, og stjórn og Velferðarnefnd eru vel vakandi. Munurinn hjá okkur og háttv. meiri hluta er sá, að við viljum ekki fyrr en í síðustu lög fara að raska eðlilegum viðskiftum í landinu, en tryggingin er alveg jafngóð í okkar tillögu, eins og jeg hefi áður sagt. Hins vegar býst jeg ekki við því, að oft þurfi að grípa til þessara úrræða, því að jeg hygg, að flestir framleiðendur muni eins vel vilja selja innlendum sem útlendum vörur sínar. Og þar sem þær eru í háu verði nú sem stendur, þá munu menn síður sækjast eftir henni, t. d. kjöti, en kaupa fremur þær matartegundir, sem þeir geta fengið ódýrari, bæði innlendar og útlendar, af innlendu vörunum t. d. slátur og ódýrari fiskitegundirnar.

Sumir háttv. þingmenn hafa látið í ljós ótta við það, að ef brtt. á þgskj. 113 nái fram að ganga, þá muni ekki verða hægt að grípa í taumana fyrr en voðinn sje dottinn á. Jeg held nú, að mönnum þurfi ekki að verða skotaskuld úr því, að gjöra við þessu. Það mætti koma með brtt. til 3. umr., þess efnis, að stjórnin gæti gripið strax í taumana, ef það sæist, að flutningateppa væri í aðsigi. Það er alls ekki tilgangur minni hlutans, að setja stjórninni svo stólinn fyrir dyrnar, að ekkert sje hægt að gjöra fyrr en algjört siglingabann er skollið á, og því myndi hann ekkert hafa á móti brtt. í þá átt.

Þá ætla jeg, meðan jeg man, að leyfa mjer fyrir hönd minni hlutans að taka aftur 3. brtt. okkkar við 5. gr. Úr því

að þetta er komið inn í greinina, sem aldrei þurfti þar að vera, þá er það ef til vill varhugavert, að setja stjórninni svo stólinn fyrir dyrnar, sem gjört væri með þessari brtt. Það gæti þá litið svo út, eins og stjórnin mætti ekki verja neinu fje til þessara mála, en það leiðir af sjálfu sjer, að hún verður að hafa fje til framkvæmda málsins. Það hefir verið talað um, að það sje af tortrygni við stjórnina, að minni hlutinn hefir ekki getað fylgst með, en það er alveg gripið úr lausu lofti. Minni hlutinn vantreystir alls ekki hæstv. stjórn, þótt hann hins vegar vilji ekki ganga að því, að hefta töluvert eðlilega rás viðskiftanna. Og auk þess er þess að gæta, að þótt stjórnin hefði besta vilja á því, að fara varlega í þessu máli, þá hljóta ætíð ýms öfl að verka á hana í mótsetta átt, og þau bæði sterk og frá mörgum hliðum, svo að hún hlýtur að verða í allmiklum vanda stödd. Það er sem sje áreiðanlega vilji sumra manna, að knýja fram útflutningsbannið, til þess einmitt, að innlenda varan geti fallið í verði. Þó að háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sje nú farinn að draga úr því, þá var það áreiðanlega tilgangurinn upphaflega, enda fanst mjer svar hans til háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) benda í þá átt, að hann sje ekki alveg fallinn frá þessu. Hann gat þess sem sje, að við útflutningsbann hlyti að skapast innlent markaðsverð, og að það yrði *lægra* en útlenda markaðsverðið, og þetta skýrir það, að enn er ekki brotinn á bak aftur sá uggur, sem minni hlutinn hafði um það, að það væri meiningin, að fella innlendu vöruna að nokkru leyti í verði.

Nei, jeg tek það fram enn og aftur: Það er ekki því líkt, að minni hlutinn hafi á móti því, að ráðstafanir sjeu gjörðar, til þess að sjá landinu fyrir mat. Við viljum að eins fara dálítið aðra leið til þess en háttv. meiri hluti, og við vonum, að sú leið verði alveg eins hagkvæm og hin.

Jeg held svo að það sje ekki vert, að jeg haldi lengri ræðu að sinni. Jeg býst þá við að taka til máls seinna, ef jeg hefi gleymt einhverju.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi ekki tekið þátt í þessum umræðum, sem nú eru orðnar svo langar, og hafði ekki hugsað mjer að gjöra það, enda virðist mjer hjer vera þráttað út af litlu efni í sjálfu sjer. Það er ekki mikið, sem á milli ber.

Mjer virðist hugsunin hafa verið sú, hjá flestum háttv. þm., sem talað hafa og eitthvað stutt að þessu máli, að hjer sje um það að ræða, að veita stjórninni *vald og möguleika* til þess að *bjarga, ef til stórvandræða skyldi horfa vegna matarskorts.* Þetta hefir vakað fyrir báðum hlutum nefndarinnar.

Jeg býst ekki heldur við, að vilji manna um það, að hjálpast sem best að í þessu máli, sje neitt verulega sundurleitur. Það er aðallega aðferðin, sem menn greinir á um. Það er ákvæðið í 3. gr., sem valdið hefir mestum ágreiningi á milli meiri og minni hlutans, og eins og þrefið og stappið hefir gengið um þetta nú að undanförnu, þá er eins og alt af sje verið að auka bilið, í staðinn fyrir að draga það saman og minka það. Þegar jeg sá þetta frumvarp, þá gjörðist jeg meðflutningsmaður að brtt. við 3. gr. um það, að setja samskonar skorður og í fyrra til þess, að stjórnin noti bannið því að eins, að full nauðsyn sje til. Það er álit meiri hl., að bannið sje algjört, eða þannig, að stjórnin hafi óskoraða heimild, en mjer finst að eins, að meiri hlutinn ekki skýri með nægum rökum þetta álit sitt, eða það, hvernig hann vill að farið sje að. Jeg álít vitaskuld, að við hjer settum

að haga okkur í þessu efni sem líkast öðrum þjóðum. Og ekki vantreysti jeg stjórninni til, að gjöra sitt besta í þessu efni. En það var þó í fyrra, þegar sams konar frumv. var á ferð hjer, eftir mínum till., að heimild stjórnarinnar til að banna útflutning væri bundin við aðflutningsbann á matvörum. Það var þá ekkert haft á móti þessu, og jeg hjelt, satt að segja, að þetta myndi ekki valda svo miklum deilum nú. Þess vegna gjörðist jeg líka meðflutningsm. að brtt. í þessa átt. Þetta má ekki skilja svo, sem jeg vantreysti stjórninni. Jeg býst við, að hún fari vel með vald sitt, og gjöri því ekki að neinu kappsmáli, hvort samþykt verður brtt., samhljóða minni hluta nefndarinnar, eða það stendur, sem meiri hlutinn vill hafa. Jeg er á þeirri skoðun, að heimild sú, er stjórnin fær, til þess að framkvæma eignarnám á íslenskum vörum, sje nægileg, til þess að birgja landið að matvælum, engu síður en sú aðferð, sem meiri hl. ætlast til, að hún komi til leiðar með banninu. Jeg sá hvergi í nefndaráliti meiri hlutans neina skýringu á því, hvernig hann hugsaði sjer þetta í framkvæmd. Nú er aðalatriðið, að stjórnin geti eitthvað gjört, sem gagn er að, og mjer er ekki kappsmál um, hver aðferðin er höfð, bannið eða eignarnámið. Jeg mun þess vegna hvorki greiða atkvæði með nje móti tillögu þessari, sem jeg hefi gjörst meðflutningsmaður að, því að jeg álít nauðsynlegt að draga saman hugi okkar í þessu máli, svo sem unt er.

Jeg hafði hugsað mjer, að fara nokkrum orðum um það, á hvern hátt myndi heppilegast að birgja landið að matvælum, en nú eru svo fáir viðstaddir, að jeg sleppi því. Sumir hafa talið það hreinustu fjarstæðu, að setja niður verð á íslenskum vörum, svo að þær yrðu kaupandi fyrir fátæklinga. Jeg vil ekki, og álít ekki neinn hafa umboð til, að flytja þenna hugsunarhátt hjer á þingi fyrir hönd bændastjettarinnar. Jeg get vel felt mig við það, að einhvers konar kvöð eða skattur sje lagður á þann gróða, sem framleiðendur nú hafa af völdum stríðsins, nokkurs konar stríðsskattur, og að þeir verði látnir njóta góðs af þessu, sem líða mest við þessa óskaplegu styrjöld. Jeg hefi íhugað, að ef t. d. tekinn væri $^1/_{10}$ partur af öllu kjöti í landinu, og haldið eftir, og verðlagsnefnd setti svo verðið á því kjöti niður um 20 %, þá væri þetta þó ekki nema 2 % skattur á öllu kjötinu, og það eru sannarlega engin ósköp, þegar litið er á, hvað kjöt hefir stigið í verði síðasta ár. Sama máli er að gegna um fisk. En þetta væri nægilegt til þess, að tryggja landinu nægar vörur, með hæfilegu verði.

Jeg segi reyndar ekki, að frumvarpið sje fullkomið, eins og það er, t. d. með tilliti til eignarnáms, en því má breyta til batnaðar. Jeg hygg, að þó jeg segði, að framleiðendur alment myndu sætta sig við, að einhver kvöð, lík þessu, yrði lögð á þá, þá myndi jeg hafa fult svo mikið til míns máls og hinir, er móti slíku mæla. En sú hugsun, sem mjer finst koma fram hjá meiri hluta nefndarinnar, að bann skuli sett á, og svo leyft að flytja nokkuð út af vörunni, í þeirri von, að verðið á því, sem eftir sje, þrýstist svo niður af sjálfu sjer, finst mjer ekki rjett. Ef sú tilhögunin á ekki að koma misjafnt niður á framleiðendum, þá verður hún alt eins fyrirhafnarsöm og lögnámsaðferðin, eins og jeg hafi bent á að mætti haga henni.

Guðmundur Hannesson: Jeg vil taka það skýrt fram, út af ummælum, er komu fram í ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), að hvort heldur sem 3. gr. frumvarpsins á þgskj. 88 verður samþykt óbreytt eða ekki, þá á það alls

ekkert skylt við vantraust á stjórninni. Henni verða hvort sem er fengin mikil völd í hendur. Hún má kaupa vöru fyrir landssjóðsfje, taka þær eignarnámi, ef henni líst, leggja lag á þær, verja landssjóðsfje til þessa, og þar að auki með vissum takmörkum banna útflutning á ýmsum vörum. Það sjest því, að hún hefir rúmt vald yfir öllu þessu, og það á því ekkert skylt við vantraust hvor leiðin sem farin er.

Afstaða manna til þessa frumv. mun fara mikið eftir því, hvað þeim finst haganlegast. Mjer fyrir mitt leyti stendur stuggur af, að haft sje lagt á útflutninginn. Ef að ráðstafanir þingsins eiga að koma að nokkru verulegu haldi, þá þurfa þær ekki einungis að tryggja það, að enginn skortur verður á matvælum í landinu, heldur og einnig, að svo miklu leyti sem hægt er, að tryggja það, að verðið fari ekki svo fram úr hófi, að fátæklingum verði algjörlega ofvaxið að nota sjer vörurnar, vegna dýrleika. Geti þeir ekki keypt, þá má alveg eins flytja vöruna út.

Hvað snertir innlend matvæli, svo sem kjöt og fisk, þá nægir eignanámsheimildin fullkomlega, til þess að birgja landið af vörum með fullu verði, og þarf það ekki að trufla verslunina, svo að teljandi sje. Ef svo síðan skal selja vöruna við hæfilegu verði, svo að fátæklingunum verði ekki það ókleift, þá verður stjórnin að setja verðið lægra en inn var keypt, og landsjóður þá að borga mismuninn. En ekki finst mjer búmannlegt, að láta sitja við þetta eitt, því ef þessi leið er farin, þá má búast við því, að landssjóður biði tilfinnanlegan halla af. Fyrir þessu hefði átt að sjá með lágu útflutningsgjaldi af kjöti og fiski, sem gæti bætt hallann að miklu leyti. Jeg hafði nú búist við, að dýrtíðarnefndin kæmi með eitthvert slíkt frumvarp, en svo varð þó ekki. Hefði t. d. verið lagður svo sem 2 aura skattur á hvert kjötpund og eitthvað tilsvarandi á fisk, sem seldist fyrir hærra verð en vjer höfum átt að venjast, þá hefði stjórnin fengið nægt fje til þess að ráða úr vandræðum. Jeg hygg bændur ekki algjörlega ófúsa á, að greiða eitthvert lágt gjald, en auðvitað er, að þeir vilja að það komi rjettilega niður. Mjer er með öllu óskiljanlegt, að aðflutningar teppist. Öll nágrannalönd vor hljóta að flytja mikið inn af matvælum, og svo framarlega sem vjer höfum samband við eitthvert þeirra, myndum vjer geta keypt nauðsynjavörur handa oss. Að Ameríka hætti að flytja út kornvöru, nær engri átt, jafnvel þó hún lenti í ófriði.

Meðan Danmörk sleppur hjá ófriðinum, getum vjer væntanlega fengið nauðsynjavöru þaðan. Færi nú svo, að Danmörk kæmist í ófriðinn, þá er tæplega nokkur vafi á því, að Englendingar krefjast yfirráða yfir landinu, uns stríðið er útkljáð, og jafn vel þó að herskip það, er nú siglir hjer inn höfnina, væri komið til þess að draga upp enska fánann hjer á landi, þá er jeg ekki vitund smeikur um, að Englendingar myndu láta okkur sitja í sveltu. Jeg tel þetta þess vegna óþarfa grýlu. Og jeg tel varhugavert, að stjórninni sje gefin heimild, til þess að kaupa nú þegar miklar birgðir af korni, meðal annars af því, að ef Englendingar komast í gegn um Dardanellasund, þá mun kornverð falla á heimsmarkaðinum, vegna hinna miklu birgða, er Rússar sitja með og geta ekki komið út meðan að sundið er lokað. Það gæti því orðið talsvert fjármunalegt tjón, að kaupa nú miklar birgðir. Jeg skal ekki eyða fleiri orðum að þessu, en viðvíkjandi því, er

háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði, að kaupmönnum myndi óþægilegra, ef tekið, væri eignarnámi hjá þeim, en ef að bannið kæmist á, þá fæ jeg ekki annað sjeð, en að stjórninni sje í lófa lagið að semja þá um það við kaupmenn, að ákveðinn hluti vörunnar sje ekki fluttur út og seldur hjer. Kæmi þá alt í sama stað niður.

Jón Magnússon: Jeg þarf engu að bæta við ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.). Rök þau, er hann færði fyrir sínu máli, voru svo skýr. Jeg vil að eins minna menn á, að þetta, sem kemur nú frá meiri hluta nefndarinnar, er ekkert annað en það, sem allar Norðurlandaþjóðirnar hafa gjört, hver hjá sjer. Mjer datt satt að segja ekki í hug, að meiri hlutinn myndi fá ákúrur fyrir þetta. Norðmenn, Danir og Svíar hafa gjört sams konar ráðstafanir, en að öðru leyti falið stjórninni framkvæmdirnar. Að mönnum hjer sýnist annað, get jeg ekki skilið, ef þeir eru sömu skoðunar sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), að hjer sje engin hætta á ferðum. Auðvitað, ef svo er, að engin hætta er á ferðum, engin þröng, þá er hreinasti óþarfi að vera að gjöra nokkrar ráðstafanir yfirleitt. Jeg hygg samt, að menn sjeu yfirleitt annarar skoðunar.

Aðrar þjóðir hafa farið þessa leið, af því, að alstaðar hefir sú skoðun verið ríkjandi, að landsmenn ættu fyrst og fremst sjálfir að njóta góðs af afurðum landsins og framleiðslu sinni. Það er rjett, að sams konar ráðstafanir erlendis hafa haft það í för með sjer, að verð á innlendu matvörunni lækkaði dálítið, frá því sem hún hefði annars selst fyrir, en annarsstaðar hafa menn sætt sig við það.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) kvað stjórnina eiga að bera ábyrgð á því, að alt það, sem ekki flyttist út af bannvörunni, verði selt. Þetta er hvergi annarsstaðar gjört, það jeg veit til. Það er og alveg satt, að það er mikið hyggilegt, ef til vill, að kaupa kornvöru annarsstaðar að. En örðugleikar eru nokkrir á því, að geyma miklar birgðir af kornvöru. Jeg veit, að hjer í Reykjavík eru að minsta kosti miklir örðugleikar á því, ekki síst eftir brunann mikla, og jeg get ímyndað mjer, að út um land sje lítið um geymsluhús til þess, nema hjá kaupmönnum. *(Jóhann Eyjólfsson:* En hvar á þá að fá húsnæði fyrir kjöt og fisk?). Væri bann lagt gegn útflutningi einhvers lítils hluta af kjöti og fiski, mundi þessi hluti verða keyptur jafnóðum af einstökum mönnum, og ekki þurfa að útvega neina sjerstaka geymslu. Það mun nú vera svo komið, að fyrirsjáanlegt er, að ráðstafanir meiri hlutans ná ekki fram að ganga, og það er náttúrlega ekki til neins að tala um það; það verður svo að vera En jeg er þess alveg fullviss, að eignarnámsheimildin myndi aldrei verða að notum, nema að því eina leyti, að birgja upp fiskiskip okkar í vetur, áður en þau leggja út til fiskjar. Jeg hygg annars tæplega, að til þess mundi yfirleitt ekki verða gripið, að taka eignarnámi þessar nauðsynjavörur. Jeg verð annars að segja það, að mjer þykir afar leitt, að menn skuli vera að reyna í máli þessu, að vekja deilur milli sjávarútvegsmanna og bænda, eða reyna að fá menn til að trúa því, að í tillögum meiri hlutans felist einhver árás á landbúnaðinn. Slíkt hafði nefndinni, eða meiri hluta hennar, aldrei til hugar komið. Hið eina, sem fyrir okkar vakti, var þetta, að reyna að gjöra einhverjar ráðstafanir um bjargráð, og þótti okkur þá ekki óskynsamlegt, að fara eins að og aðrar þjóðir hafa gjört. Hvernig sem menn annars líta á þetta mál, þá tel jeg það illa farið, að svo mikið kapp skuli hafa

komist í þetta mál, að jeg ekki segi ofsi og illindi. Það átti að ræða það með hinni mestu alvöru og stillingu.

Jeg hygg það óráðlegt, að þingið fari sjálft að fást við nánari dýrtíðarráðstafanir. Framkvæmdirnar í þessu efni verður að fela stjórninni, eins og alstaðar annarstaðar hefir gjört verið. En ef þingið sjálft ætlar að fara að gjöra þetta, hvað halda þá háttv. þm. að muni þurfa marga mánuði til þess, þegar að við höfum eytt tveim dögum nú þegar, í þessa þrætur.

Eggert Pálsson: Það eru nú orðnar þegar æðilangar umræður um þetta mál, en jeg verð þó að segja nokkur orð, út af því, er hæstv. ráðherra hjelt, að 2. og 3. grein frumvarpsins væri óþörf. Mjer getur ekki annað virtst en að tillagan sje á rökum bygð, enda er ekki annað líklegra. Hann hefir oft lagt skynsamlega til um margt, sem hans er von og vísa, enda má ætla að hann sem lögfræðingur hefði opnara auga en við hinir fyrir hinni formlegu og lagalegu hlið, bæði þessa máls og annara. En í þessu máli hygg jeg þó, að honum muni skjöplast.

Hæstv. ráðherra lýtur svo á, að óumflýjanlegt samband sje á milli útflutningsbannstillögunnar og eignarnámstillögunnar. Mjer er algjörlega ómögulegt að sjá nokkurt samband þar á milli. Jeg get ekki betur sjeð en að eignarnámsheimildin geti staðið út af fyrir sig, án þess að nokkurt útflutningsbann sje á undan gengið. Ef háttv. deild samþykkir tillöguna um eignarnámsheimildina, en fellir tillöguna um útflutningsbannsheimildina, er öllu sambandi slitið þar á milli, og stjórninni heimilt að beita að eins eignarnáminu einu út af fyrir sig.

Ef litið er á málið frá hálfu framleiðenda, þá bíða þeir vitanlega engan skaða við það, að landsmenn sjálfir neyti vöru þeirra, ef þeir fá með því móti sama endurgjald fyrir hana og þeir geta fengið með því, að flytja vöruna út. Hitt er annað mál, að ef útflutningsbannið er látið haldast nokkurn tíma, þá hlýtur það að verka svo á verð vörunnar, að það lækkar. Þegar útflutningsbannið er komið á, er um tvent að gjöra. Annað hvort hrúgast varan á verslunarstaðina, og af því leiðir, að verðið lækkar, eða varan flytst ekki á verslunarstaðina, er haldið kyrri heima fyrir, og getur það haft illar afleiðingar. Tökum t. d. kjötframleiðsluna. Ef svo færi, að menn þyrðu ekki að reka fje sitt í kaupstaðina til slátrunar, mundu menn freistast til að setja óvarlega á, en það gæti aftur leitt til fellis. Hvað fiskinn snertir, liggur það opið fyrir, að kaupmenn mundu ekki þora að bjóða framleiðendum neitt í fiskinn, ef þeir ættu útflutningsbann í vændum.

Jeg vil ekki að gripið sje til þessara örþrifaráða, fyrr en öll önnur suud eru lokuð. Og sem betur fer erum við enn ekki svo illa farnir.

Mjer er sama þó að sagt sje, að nágrannaþjóðirnar hafi gjört þetta. Menn verða að líta á það, að þær hafa ekki gjört það ótilneyddar, eins og ætlast er til að við gjörum, heldur hafa þjóðirnar sem í ófriðnum eiga, að meiru eða minna leyti, neytt þær til þess. Ef litið er til Dana, þá hafa þeir lögleitt útflutningsbann mest fyrir það, að Englendingar hafa þröngvað þeim til þess. Til þess hefir ekki komið hjer hjá okkur, og vonandi kemur aldrei til þess. Hluturinn er sá, að engin hætta er á því, að við komum afurðum okkar beint til þeirra þjóða, sem í ófriðnum eiga, nema Englendinga einna. Þær verða að ganga í gegnum hlutlaust land eða Eng-

land. Það gæti raunar hugsast, að Þjóðverjar vildu fegnir hefta útflutninga hjeðan til Englands, en hins vegar er mjög lítil hætta á, að þeim tækist það. Það skyldi þá helst vera með neðansjávarbátum. Með öðrum hætti er það ekki hugsanlegt.

Jafn vel þó svo færi, að stjórnin beitti ekki þessum lagaákvæðum, mundu þau verða, eins og jeg hefi sýnt fram á, skaðleg öllu viðskiftalífi landsins, ef þau standa í lögunum, af því að menn findu sig aldrei örugga um, að þeim yrði ekki þá og þegar beitt. Jeg vildi því helst, að ekkert væri átt við að innleiða þau. En hins vegar tel jeg mikla bót að þeim takmörkunum, sem minni hluti nefndarinnar hefir lagt til, að settar verði fyrir framkvæmd laganna. Sje stjórninni heimilað, að banna útflutninginn takmarkanalaust, þá getur enginn vitað fyrir, hvernig hún eða Velferðarnefndin kunna að haga sjer í þessu efni.

Ráðherra: Áð eins örfáar athugasemdir út af ræðu háttv. 2. þm. Rang. (E. P.).

Hann virtist ekki geta fallist á þann skilning minn, að eignarnámsheimildin stæði í sambandi við útflutningsbannsheimildina. Jeg gæti skilið þenna hugsanagang háttv. þm. (E. P.), ef 2. og 3. málsgr. 3. gr. væru alveg feldar burtu. Þá væri öðru máli að gegna. En ef 3. gr. á að breyta samkvæmt tillögu minni hluta nefndarinnar á þgskj. 113, þá hverf jeg ekki frá því, að eftir almennum lögskýringarreglum, verður greinin ekki skýrð á aðra leið en þá, að ekki megi beita eignarnámsheimildinni, nema sama þörf kalli að, og ákveðið er að þurfi til útflutningsbannsins. Þetta er hvorttveggja svo líkt í eðli sínu, þó að bæði mjer og öðrum finnist eignarnámsheimildin erfiðari í framkvæmdinni og jafn vel lítt nothæf í flestum tilfellum.

Ýmislegt annað í ræðu háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), var bygt á æði miklum misskilningi. Hann vildi halda því fram, að ef útflutningsbannsheimildin yrði notuð, þá mundu vörurnar að sjálfsögðu lækka í verði. *(Eggert Pálsson:* Það er áreiðanlegt). Ekki er það svo frá mínu sjónarmiði; jeg held miklu fremur hið gagnstæða. Sá hluti vörunnar, sem út verður fluttur, en það verður vitanlega langmesti hlutinn, hækkar í verði, því að kaupandinn á útlenda markaðinum lítur svo á, líkt og háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), að vegna útflutningsbannsins verði útflutta varan minni en ella. Eftirspurnin eykst, og fyrir því hækkar vöruverðið en lækkar ekki. Þá er það hinn hluti vörunnar, sem eftir kynni að verða í landinu, að hann fari með gjafverði. Jeg held, að menn þurfi ekki að vera hræddir um það, þegar af þeirri ástæðu, að útflutningsbannsheimildin mundi aldrei verða notuð, frekar en nauðsyn krefði. Kyrsetta varan yrði alt af hverfandi í samanburði við útfluttu vöruna. *(Eggert Pálsson:* Í lögunum stendur, að útflutninginn megi hefta að öllu leyti). Já, en það er að eins sett vegna þess, að á ýmsum stöðum, getur svo fáu fje verið slátrað, að kjötið verði svo lítið, að alls sje neytt þar á staðnum. Það þarf varla að eyða orðum að því, að yfirleitt verður ekki nauðsynlegt að nota útflutningsbannsheimildina, nema að litlu leyti. Mismunandi mikið, auðvitað, á hinum ýmsu stöðum, eftir því hvað mikið berst að af vörunni.

Háttv. þingmaður (E. P.) hjelt svo áfram, og sagði, að útflutningsbannsheimildin gæti leitt til þess, að menn yrðu hræddir við að farga fje sínu, settu óvarlega á, og það yrði svo til þess, að menn feldu úr hor í vor. Þetta mun vera það, sem kallað er að »mála fjandann á vegginn«. Það getur náttúrlega komið fyrir, að menn felli úr hor — til

þess eru því miður dæmi, — en það verður aldrei af þessari ástæðu.

En þá fyrst kastaði tólfunum, er hv. þm. (E. P.) leiddi þessar röksemdir frá kjötinu og yfir á fiskinn. Nú veit það hvert barnið, að það er og hlýtur að verða alveg hverfandi lítið, sem hjer er etið af fiski, í samanburði við það, sem út er flutt. Háttv. þingmanni (E. P.) þýðir ekki að hrista höfuðið yfir því. Þetta vita allir. Útflutningsbann á saltfiski, til þess að landsmenn geti fengið hann sjer til viðurværis, gæti ekki haft hin minstu áhrif á saltfisksverðið erlendis. Svo lítið þyrfti að kyrsetja af fiskinum. (*Eggert Pálsson:* Það stendur ekki í lögunum, að það eigi að vera lítið). Jeg er ekki að karpa um þetta við þingmanninn. En hitt þykir mjer nokkuð hart, að láta væna mig eða aðra um það, að jeg notaði útflutningsbannsheimildina meira en nauðsyn krefði, einungis til skaða fyrir landsmenn. En jafnvel þótt haldið væri eftir miklu meiru af fiski en nauðsyn krefði, mundi samt sem áður ekkert muna um það. Jeg skil ekki, að háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) nje nokkrum öðrum, detti sú fásinna í hug, að nokkur stjórn eða bjargráðanefnd gjöri aðra eins vitleysu og þá, að leggja t. d. útflutningsbann á *allan* saltfisk hjer frá Reykjavík.

Háttv. þingmaður (E. P.) talaði um, að ekki ætti að lögleiða útflutningsbann fyrr en öll sund væru lokuð. Þessu hefir verið margsvarað, og sagt, að ofseint væri að byrgja brunninn, þegar barnið væri dottið ofan í hann, og þarf jeg því ekki að eyða orðum að því frekar.

Enn sagði háttv. þingmaður, að herþjóðirnar hefðu kúgað hlutlausu þjóðirnar, til þess að lögleiða útflutningsbann. Það getur verið, að þetta sje ekki svo mikil fjarstæða í nokkrum tilfellum. En það er alls ekki almenn regla. Hann tók dæmi af Dönum, og þar gildir þessi regla alls ekki. Danir hafa lagt útflutningsbann á flesk, en þeim hefir alls ekki dottið í hug, að leggja útflutningsbann á alt flesk, sem framleitt er í landinu. En þó að Dönum hafi þótt skynsamlegt að gjöra þessar ráðstafanir, þá er síður en svo, að aðflutningar til þeirra sjeu teptir, eins og jeg býst við að háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) viti til fullnustu. Norðmenn hafa farið eins að.

Menn hafa talað um, að þá varði ekki um, hvernig þessu sje fyrir komið í öðrum hlutlausum löndum. Jeg verð að halda því fram, að við sjeum ekki ofgóðir, nje ofvitrir, til að læra af öðrum þjóðum í þessu efni. Jeg býst við, að það, sem talið er nauðsynlegt í þessu efni annarstaðar, geti ekki síður orðið nauðsynlegt hjer.

Bjarni Jónsson: Að eins örstutt athugasemd. Þegar háttv. framsögum. minni hl. (Þ. J.) hafði talað, fann jeg, að jeg þurfti eiginlega ekki að standa upp. Till. minni hluta nefndarinnar um útflutningsbannsheimild, þegar aðflutningar teptust, skildi jeg svo, að þegar stjórnin óttaðist aðflutningsteppu, gæti hún gripið til útflutningsbannsins. Hitt liggur í augum uppi, að ofseint er að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann.

Þegar jeg heyrði, að háttv. framsm. minni hl. (Þ. J.) tók líkt í strenginn, sá jeg, að jeg hafði skilið rjett. Skilst mjer þá jafngott fyrir stjórnina, að taka við lögunum eins og minni hluti nefndarinnar vill ganga frá þeim, einkum ef orðalaginu væri breytt þannig, að ekki orkaði tvímælis um, hvernig þau beri að skilja. Finst mjer nú, að mjög hafi verið rifist hjer um keisarans skegg, viðvíkjandi útflutningsbanninu.

Það eina, sem menn greinir eiginlega á um, er það, hvort leggja eigi lag á vöruna um leið og útflutningsbann er

lagt á hana. Jeg vil standa við það, sem jeg sagði um daginn, að jeg tel rjett, að það verð verði látið ráða, sem er á heimsmarkaðinum, þegar varan er kyrsett. En af því að jeg sje fram á, að það verður harla erfitt fyrir þurrabúðarmenn að kaupa kjöt við svo háu verði, sem væntanlega verður á því, þá endurtek jeg það, sem jeg sagði um daginn, að jeg vil að þeir fái það við sannvirði, og landssjóður borgi mismuninn. *(Ráðherra:* Hvar á hanu að fá fje til þess?). Af landsmönnum. *(Ráðherra:* Hvernig?). Með sköttum og tollum.

Út af þessum spurningum hæstv. ráðherra skal jeg geta þess, að mjer hefir dottið í hug, að ef stjórnin yrði fjárþrota, gæti hún gefið þessum mönnum skírteini fyrir því, að þeir ættu innistandandi verðmismuninn. Annars tel jeg áreiðanlegt, að stjórnin komist fram úr þessu á sæmilegan hátt, án hjálpar minnar. En ef hún vill þiggja hjálp mína, er jeg boðinn og búinn til að veita hana, því að jeg sje hjer hundrað vegi fyrir einn.

Jeg vil beina þeirri spurningu til nefndarinnar og stjórnarinnar, hvort ekki mætti koma þessu svo fyrir, sem jeg stakk upp á, að landssjóður verði látinn greiða mönnum mismuninn á gangverði og sannvirði vörunnar. Ef enginn annar verður til þess, má vera að jeg komi með till. í þessa átt við 3. umr. Vænti jeg þess, að þeir menn, er að málinu standa, spjalli um þetta og hugsi djúpt og lengi. Býst jeg þá við, að þeir fallist á, að þetta sje besti og greiðasti vegurinn út úr vandræðunum.

Jóhann Eyjólfsson: Mjer virðist sumir háttv. deildarmenn reyna að láta á sjer skiljast, að hjer sje enginn meiningarmunur á milli manna, heldur að eins lítils háttar orðamunur, sem sundrþykkju veldur. Jeg held, að menn vilji ekki skilja, ef þeir skilja ekki, að hjer er meiningamunur í deildinni, og hann mikill. Með þessu segi jeg þó ekki, að frv. megi ekki breyta svo til 3. umr., að lítið beri á milli.

Það hefir verið sagt hjer, að ekki ætti að þröngva kosti manna með þessum lögum. Jeg get þó ekki sjeð annað, en að framleiðendur verði hart úti, ef þetta frumv. verður samþykt, í þeirri mynd, sem það liggur fyrir hjer í deildinni. Ef varan er sett föst, meðan á markaðstímanum stendur, hlýtur hún að falla í verði, og þá hljóta framleiðendurnir að bíða halla, nema ef það opinbera á að borga mismuninn. En þenna skaða, sem framleiðendur bíða af slíku útflutningsbanni, getur undir mörgum kringumstæðum orðið erfitt að meta rjettilega til verðs.

Mjer virðist kenna ósamræmis í ræðum hæstv. ráðherra í þessu máli. Þegar háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) stakk upp á öðrum bjargráðum en þeim, sem hjer er um að ræða, þá kvað hæstv. ráðh. ekkert fje vera fyrir hendi, til þess að birgja landið með vörum. Svo mikið hjelt hann að þá þyrfti til slíkra ráðstafana, að landssjóður hefði engin ráð til þess. En þegar verið er að friða framleiðendur, þá á þetta að vera svo ósköp lítið, sem kyrsetja þarf af vörum, að ekkert geti munað um það. Jeg skil ekki, að hjer sje samræmi á milli. Ef landssjóður hefir ekki ráð á að kaupa nægar vörur frá útlöndum, þá hefir hann ekki ráð á að kaupa nægilegt af íslenskri vöru. Eða eiga íslenskir framleiðendur ekki að fá neitt fyrir sína vöru? Eða þá svo sáralítið, að ekkert muni um það? Og þó eiga þeir ekki að verða fyrir neinum halla! Í öllu þessu finn jeg ekki gott samræmi. Eða eiga þeir ekki að fá borgunina fyrr en seint og síðar

meir? Jeg get þó trúað því, að mörgum þeirra liggi ekki svo lítið á borguninni, og kæmi vel að fá hana strax í haustkauptíðinni.

Útflutningsbann verður maður að álíta einhverja mestu neyðarráðstöfun, sem hægt er að grípa til, því alt svo ilt og leiðinlegt, sem það er að leggja á útflutningsgjald eða dýrtíðarskatt í einhverri mynd, þá er þar þó í mínum augum ólíku saman að jafna.

Háttv. framsögum. meiri hl. (S. B) sagði, að ef við litum með rósemd á málið, mundum við komast að annari niðurstöðu um það. Þetta sama getum við einnig sagt um hann og þá, sem honum fylgja að málum.

Magnús Kristjánsson: Ýmsir háttv. þingmenn hafa sýnt mjer þann heiður, að minnast nokkuð á fyrri ræðu mína. Sumir hafa verið mjer sammála, og þeim þarf jeg vitanlega ekki að svara, en fjórir háttv. þm. hafa gjört athugasemdir við ræðu mína. Það eru þeir hæstv. ráðherra, háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og báðir þm. Rvk. (S. B. og J. M.).

Jeg býst við því, að það yrði of langt mál að svara hverjum einstökum fyrir sig, enda voru þau víst sömu athugasemdirnar, og þær fremur ljettvægar, sem komu frá þeim öllum. Jeg skal þá sjerstaklega snúa mjer að ræðu hæstv. ráðherra; mjer virtist hún einna matarmest. Hann upplýsti deildina um það, að ráðstafanir hefðu verið gjörðar til þess, að spyrjast fyrir um ástandið í einstökum hjeruðum alls landsins. Þetta er auðvitað mikið gott, en það snertir alls ekki það mál, sem jeg var að tala um. Jeg var að tala um fyrirskipanir, en ekki fyrirspurnir. Jeg taldi það sjálfsagt, að stjórnin fyrirskipaði það, að grenslast eftir því hjá almenningi um alt land, hvort hann óskaði eftir svona ráðstöfunum, sem hjer er farið fram á, og ef svo væri, þá að hve miklu leyti, svo hægt væri að vita um það, hve mikil höft þyrfti að leggja á í þessu skyni. Enn fremur fanst mjer kenna talsverðs misskilnings í ræðu hæstv. ráðherra, þar sem hann dró það út úr orðum mínum, að jeg hefði haldið því fram, að það væri fyrst þegar innflutningsbann á útlendum vörum væri komið á, sem nota ætti eignarnámsheimildina. Mjer hefir aldrei komið slíkt til hugar, því síður að jeg hafi talað það. Auðvitað á að nota eignarnámsheimildina, þegar fengin er vissa fyrir því, eftir upplýsingum þeim, er jeg taldi sjálfsagt að stjórnin aflaði sjer, hvað þarf að gjöra, en það stendur í engu sambandi við innflutningsbann.

Þá var hæstv. ráðherra að reyna að sýna fram á það, hversu eignarnám væri miklu óaðgengilegra en útflutningsbann. Hann spurði, hvort það væri ekki harðara aðgöngu, að vaðið væri inn í hús manna og eigur þeirra teknar, jafnvel þótt til almenningsnota væri. Jeg get svarað honum því, að jeg er ekki viss um, hvort það sje harðara, að taka einhverja eign manna, svo að fult verð komi fyrir, til almenningsnota, en að leggja á stóra eign óeðlileg höft, sem talsvert tjón er að búa við, og menn geti ekki verið sjálfráðir um, á hvern hátt þeir ráðstafi fjármunum sínum. Jeg hygg, að það sje fult eins nærgöngult.

Af athugasemdum hæstv. ráðherra þarf jeg ekki að svara fleirum, því eins og öllum ætti að vera ljóst, þá var jeg ekki beinlínis að berjast á móti því, að vilji meiri hluta nefndarinnar næði fram að ganga, heldur var jeg að leitast við að sýna fram á það, hversu lang heppilegast það mundi vera fyrir alla, að ágreiningurinn gæti jafnast og alt þingið komið fram sem einn maður. Það mundi

verða til þess, að ráðstafanirnar mundu alstaðar mælast betur fyrir og síður vekja tortrygni manna.

Jeg var að reyna að benda á leiðir, sem gætu náð þessum tilgangi. En þetta virðist nú ekki hafa fundið náð fyrir augum háttv. meiri hluta nefndarinnar, svo að það verður þá að vera á hans ábyrgð, hvernig hann hagar sjer í málinu. En þótt undirtektirnar hafi nú orðið þessar, þá ætla jeg að standa fast við það, að jeg mun greiða atkvæði móti tillögum minni hlutans við þessa umræðu, en geymi mjer atkvæðisrjett minn óskertan til þriðju umræðu, ef þá kann að koma eitthvað nýtt fram. En fyrst jeg er nú staðinn upp, þá langar mig til að benda á ýmislegt, sem að minu áliti lægi fyrir að gjöra, og jafnvel miklu fremur en að hrapa að því óyndis úrræði, sem útflutningsbann er. Í fyrsta lagi tel jeg það alveg bráðnauðsynlegt að sjá fyrir því í tíma, að nægar birgðir verði til í landinu af þeim vörum, sem nauðsynlegar eru til framleiðslu nauðsynjavörunnar, svo sem salt, kol og olía. Þetta verð jeg að leggja afarmikla áherslu á, því ef hægt er að reka sjávarútveginn hindrunarlítið, þá er síður hætta á ferðum. Enn fremur vil jeg benda á það, að jafnvel þótt forðagætslulögin sjeu yfirleitt ekki vinsæl, þá getur það verið gott, að nú sje haft strangt eftirlit með því, að þeim sje beitt vel og þess gætt, að menn setji ekki á í voða. Það er svo þýðingarmikið nú, að ef full vissa er fengin fyrir því, að fargað verði svo miklu fje í haust, að fóðrið verði nóg, þá má segja, að góð ráðstöfun sje gjörð. Þetta þykir nú ef til vill heldur ljett á metunum, en það er þó þess vert, að það sje athugað.

Áður en jeg skilst frá málinu — jeg er nú bráðum dauður, — þá vil jeg lítlilega minnast á það, sem nú síðast í umræðunum hefir komið skýrt fram, en mönnum mun áður hafa verið óljóst. Jeg held, að mönnum hafi ekki verið það ljóst, hvernig útflutningsbanninu yrði fyrir komið. Nú liggur fyrir skýr yfirlýsing stjórnarinnar um það, að ekki sje til annar vegur, en leggja bann á allan útflutning af vörunum, en svo er auðvitað gjört ráð fyrir því, að hægt sje að veita undanþágu frá þessu banni. Mjer var það raunar ljóst, að þetta yrði ekki framkvæmt á annan hátt, en það er gott að hafa yfirlýsingu hæstv. ráðherra um það, að þetta sje eini vegurinn. Og jeg efast ekki um, að stjórnin muni veita þessar undanþágur að svo miklu leyti, sem hún sjer sjer fært. En jafnvel þótt hún gjöri alt sitt besta í þessu efni, þá sjá allir, að þetta hlýtur að valda miklum óþægindum og takmörkun á frjálsu viðskiftalífi. Mönnum verður það erfitt að gjöra samninga, þótt tækifæri bjóðist, því að þau bíða ekki alt af eftir því, að hægt sje að ná í undanþáguna. Þar sem símasamband er, þarf þetta auðvitað ekki að taka langan tíma, en því er nú ekki nærri alstaðar að fagna, og svo er því nú þannig varið um þau mál, sem verða að ganga stjórnarvalda leiðina, að töfin getur oft orðið mikil og stundum vandkvæði á því, að ráða úr, hvort leyfi beri að veita eða ekki. Mjer þótti vænt um, eins og jeg hefi þegar sagt, að þessi yfirlýsing er fram komin vegna þess, að sumir háttv. þingmenn hafa gefið það í skyn, að þessu útflutningsbanni mundi ekki verða beitt, nema að einhverju litlu leyti. En vegna þessara óþæginda, sem jeg hefi ómótmælanlega sýnt fram á, að mundi leiða af þessu fyrirkomulagi, þá væri mjer það jafnvel nær skapi, að ákveðið væri fyrir fram af þinginu, að fengnum nægum upplýsingum, að einhver viss hluti af vörunum skyldi vera kyrsettur í

landinu, en menn hafa óheft yfirráð yfir afganginum.

Það er auðvitað erfitt, að ákveða það nú þegar, hve mikill hluti skuli vera kyrsettur. Það er órannsakað enn, og þess vegna vil jeg ekki koma með neina uppástungu núna í því efni, en sem sagt, þá feldi jeg mig betur við þetta fyrirkomulag og það jafnvel þótt tiltekinn væri nokkuð ríflegur hluti, sem eftir skyldi vera í landinu.

Jeg man svo ekki eftir, að jeg hafi fleiri athugasemdir að gjöra að þessu sinni.

Sigurður Sigurðsson: Spurningu minni um það, með hvaða verði ætti að greiða framleiðendum þær vörur, sem lagt væri haft á, og seldar hjer, hefir framsögumaður meiri hlutans (S. B.) svarað frá sínu sjónarmiði. Svarið er það, að þær yrðu seldar þeim mun lægra verði hjer, er kostnaðinum við útflutning vörunnar næmi. Svo vildi hann gjöra ráð fyrir því, að markaðurinn hjer, t. d. í Reykjavík, mundi færa verðið enn meira niður. Hann hefir þar ef til vill haft vörumatsnefndina bak við eyrað, sem skipuð er tómum Reykvíkingum. Með þessu svari lætur þá framsögum. meiri hlutans (S. B.) greinilega í ljós, að hann ætlist til, að varan verði seld *lægra verði* en hægt er að fá fyrir hana á erlenda markaðinum. Jeg þakka háttv. þm. (S B). fyrir þessa sjaldgæfu hreinskilni hans. Meiningin er auðsæ. Það á að taka sama sem fje úr vasa framleiðenda og stinga að Sveini Björnssyni og öðrum bæjarmönnum eða kaupstaðabúum þeim, sem hafa ráð á að kaupa. Þarna kom það í ljós, sem háttv. þm. (S. B.) hefir einlægt verið að fela undir umræðunni.

Mjer hefir skilist svo á háttv. framsögum. meiri hlutans (S. B.) og hæstv. ráðherra, að þeir leggi ekki mikið upp úr því, að kaupa útlendar vörur fyrir landsjóðs hönd. Það eiga að vera ýmsir annmarkar á því, að geyma vörurnar o. fl. Og það er búist við því, að þær vörur verði alldýrar, því að vitanlega gjöra menn ráð fyrir því, að þær hækki frá því, sem nú er. Því vil jeg benda á annað. Samkvæmt frumv. er stjórninni heimilað að taka alt að 1 miljón króna lán til að kaupa vörur fyrir í útlöndum. Hví má ekki eins nota þessa heimild til þess að kaupa innlendar vörur eða matvæli með *markaðsverði?* Hver munur er á því? Það sýnist liggja beint við, að þetta yrði gjört, ef nauðsyn krefði.

Hæstv. ráðherra hefi jeg fáu að svara. Spurningu minni um það, hvernig ætti að framkvæma bannið, svaraði hann á þá leið, að útflutningsbann mundi miðað við fjölda þeirra, sem ætti að tryggja með útflutningsbanninu. Jeg er hræddur um, að þar gæti orðið handahóf og að ekki verði gætt allrar rjettsýni, vegna ókunnugleika stjórnarinnar, eða vegna þess, að henni væru gefnar skakkar og hlutdrægar upplýsingar.

Það hefir verið sagt, að Danir og aðrar þjóðir hafi lagt bann á útflutning afurða sinna. En jeg hygg, að það hafi verið meira á pappírnum en í framkvæmdinni, að minsta kosti fram að þessu.

Það sannast á háttv. framsögumanni meiri hlutans (S. B.), að hann lætur sjer fyrst og fremst ant um kjósendur sína, enda hjelt hann við fyrra hluta þessarar umræðu, eina af þessum alkunnu lofræðum um Reykjavíkurbúa. — Hann taldi þá ekki vera á mösulbeinunum; þeir væru ekki þurfamenn, heldur þvert á móti. Þeir önnuðust þurfamenn annarra sveita, og ælu önn fyrir sjúklingum utan af landinu. En jeg vil

minna hann á, að þetta hefir verið endurgoldið aftur, svo sem lög standa til, og meira getur hann ekki heimtað. Hitt er kunnugt, að því hefir verið beitt ósleitilega upp á síðkastið, að reka fólk úr bænum af ótta við það, að það kynni að verða þurfandi.

En það væri nær, og á það ætti hv. framsögum. meiri hlutans (S. B.) að líta, að útvega bæjarmönnum meiri atvinnu en nú á sjer stað. Þótt þetta komi ekki beint málinu við, þá er það augljóst, að minstur hluti verkfærra manna hjer í bænum getur fengið atvinnu innan bæjarins, en verður í þess stað að leita í burtu — austur, norður og vestur, — til þess að fá sjer eitthvað að gjöra. Fyrir því mætti segja, gagnstætt því, er 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði, að Reykjavík lifði mest á öðrum hjeruðum landsins.

Þar sem háttv. framsögum. meiri hl. (S. B.), sem er maður gamansamur og mein-fyndinn, var að segja, að jeg ætti erfitt með að gjöra upp á milli verkamanna og bænda, þá er þar til að svara því, að illa situr á þeim, sem heima á í brothættu glerhúsi, eins og hann, að vera með slíkar hnútur til annarra. Hann er alt af að vega salt milli verkamanna annars vegar og embættismanna og hinna efnaðri manna hins vegar, og öll framkoma hans í þessu máli bendir á það, að efnamennirnir hafi orðið yfirsterkari og eignast hug hans og hjarta.

Sigurður Eggerz: Það eru að eins nokkur orð. Það er ein spurning, sem jeg ætla að varpa fram:

Hve nær er meiningin að bjarga landinu? Hve nær er kominn tími til þess, að stjórnin gjöri þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja, til þess að bjarga landinu? Er þessi tími nú? Eða kemur hann í haust? Búast menn við, að tilkynning komi um hættuna?

Hættan getur komið þegar minst vonar varir; hún getur komið á morgun, og verið getur, að hún komi aldei. Þess vegna eiga menn að vera viðbúnir og varpa ekki öllu upp á stjórnina, heldur á þingið sjálft að taka í taumana.

Það er full ástæða til þess, að nú þegar verði keyptir 2 skipsfarmar og geymdir þangað til í harðbakkann slær. Þar með á ekki að steypa kaupmönnum í nokkura hættu, heldur að eins tryggja það, að landið eigi þennan forða.

Jeg get ekki að því gjört, að oft hefir mjer í dag dottið í hug saga, eftir Gest Pálsson, að mig minnir, sem svo byrjar: »Eigum við að setja?« Mennirnir eru staddir niðri í fjöru og eru með ráðagjörðir um, hvort þeir eigi að setja bátinn eða ekki, þangað til sjór tekur bátinn. Það væri óskandi, að Alþingi væri ekki svo lengi að hugsa málið, að of seint yrði að gjöra nokkuð. Ef Alþingi finst ekki nú þegar tími til kominn að gjöra eitthvað, þá getur það engan veginn kastað steini á stjórnina, þótt hún kynni að draga málið þangað til of seint er orðið. Ráðstafanirnar verður að gjöra sem fyrst, því að of seint er að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í.

Háttv. framsm. meiri hl. (S. B.) og hæstv. ráðherra hafa tekið það fram, að ekki væri hægt að fá húsrúm til að geyma í vörurnar. Hugsum oss, að oss væri kunnugt um, að 20. október yrði algjörð siglingateppa, en vjer gætum fengið nægan vöruforða 10. október. Ef stjórnin neitaði þessu, vegna húsleysis, þá er jeg hálfhræddur um, að ekki yrði sólskinsandlit á þjóðinni. Slíkt og því um líkt er að eins viðbára, sem ekkert hefir við að styðjast. Því að til hvers væri þá ella að gefa stjórninni heimild til vörukaupa?

Nei, vjer ættum að muna það, að hættan getur skollið á undir eins, og gjöra því ráðstafanir til að kaupa. Svo

framanlega sem ráðstafanirnar eru gjörðar nú, þá geta þingmenn horfið rólegir til kjósenda sinna og landslýður getur verið rólegur.

Hæstv. ráðherra sagði, að örðugt væri fyrir þingið sem slíkt að vasast í þessu máli. Það er auðvitað ekki meiningin, að forsetar eða þingmenn gjöri pantanirnar, heldur hitt, að samþykkja t. d. þingsályktunartillögu, sem feli stjórninni þetta. Mjer finst sjálfsagt, að þingið varpi ekki allri ábyrgðinni á stjórnina; það ætti að hafa dug til að bera eitthvað af henni sjálft.

Matthías Ólafsson: Af þeim, sem talað hafa með minni hluta nefndarinnar, hefir enginn komið fram með nokkurt verulegt ráð til bjargar. Ef ráðin hefðu ekki komið annarstaðar að, hygg jeg, að enginn úr þeim flokki hreyfði hönd nje fót til bjargar.

Hvað er það sem á að gjöra? Er ekki unt að halda nægilegum mat í landinu? Liggur ekki næst fyrir, að halda þeim mat, sem vjer höfum sjálfir?

Þótt vjer nú hefðum skip, þá erum vjer samt eigi trygðir, og þrátt fyrir hávær orð háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), þá getur hann alls ekki bent á, hvar á að geyma forðann. Það er líka vert að athuga, hvað einn skipsfarmur er mikið. Hann er að eins 65 kíló á mann í Reykjavík. Og hvað nægja 65 kíló alls og alls af öllum vörum upp og ofan? Menn segja, að hægt væri að geyma vörurnar út um land. En á landssjóður nokkur geymsluhús út um land, eða halda menn, að kaupmenn muni fúsir til að lána hús sín?

Nei, það er vissara að fastráða húsnæði áður en vörurnar koma. Mjer er kunnugt um, hvernig gekk með vörur landssjóðs í fyrra. Það var af hendingu, að nýsmíðað hús fekst undir þær, og mundu þær hafa stórskemst, ef þær hefðu ekki verið geymdar þar að eins stuttan tíma, og mundu ekki hafa komist þar fyrir, ef ekki hefðu selst jafnóðum, sem þeim var skipað upp.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) talaði um, að aðrar þjóðir hefðu veitt undanþágu frá útflutningslögum sínum. Þetta er rjett, og af þessu banni þeirra stafar verðið hjer, ella væri kjötið ekki svo dýrt hjer.

Hvernig þingið á að gjöra annað en það, sem aðrar þjóðir gjöra, sem sje að fela stjórninni framkvæmdir þessa máls, fæ jeg ekki skilið. Jeg sje ekki betur en að það sje grýla, að vera hræddur við útflutningsbann, enda er það tekið fram, að ekki sje ætlast til, að bannið verði nema á nokkrum hluta og á einstökum stöðum, þar sem nauðsynlegt þætti að banna.

Jeg mun greiða atkvæði með tillögum meiri hlutans, því jeg tel þær það eina, sem tiltækilegt er að gjöra í þessu máli, því það er það eina, sem kemur að nokkru gagni.

Jeg býst við því, að þeir menn, sem við kjósum í Velferðarnefndina, verði þeir bestu menn, sem við eigum völ á, og jeg sje því ekki ástæðu til að óttast, að þeir bruki ekki alla sanngirni, enda þarf þess mjög með í þessu máli. Jeg myndi beita allri varfærni, sem mögulegt væri, ef jeg væri í nefndinni, og sama býst jeg við af öðrum. Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar meira, og læt nú útrætt um þetta mál.

Ráðherra: Jeg skal þá fyrst minnast á það, sem háttv. þm. Mýr. (J. E.) sagði. Honum fanst það ósamkvæmni hjá mjer, er jeg sagði, að landssjóður mætti ekki við því, að binda fje sitt í vörum, sem keyptar væru frá útlöndum. Því spyr hann, hvort landssjóður

megi betur við því, að binda fje sitt í kjöti, sem hann kaupi af landsmönnum. Jeg skal reyna að sannfæra háttv. þm. um, að jeg hafi ekki sagt hjer neitt, sem ekki sje hvað öðru samkvæmt.

Landssjóður þarf ekki að binda neitt fje, þótt hann kaupi kjöt af landsmönnum, því það yrði þá jafnóðum selt til neytenda og þeir greiddu auðvitað andvirði þess við móttöku. Um hitt er alt öðru máli að gegna. Ef keyptur yrði skipsfarmur af korni frá útlöndum, þá yrði hann sennilega geymdur í 3—6 mánuði eða lengur. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje mótfallinn því, að keypt verði korn frá útlöndum, heldur einungis til þess, að sýna háttv. þm., að hjer þarf engin ósamkvæmni að eiga sjer stað.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir víst að einhverju leyti misskilið mig. (*Magnús Kristjánsson:* Nei, alls ekki). Jæja, jeg hefi þá misskilið hann, því jeg hjelt að tillögur hans væru tilraun til samkomulags. Háttv. þm. var í efa um, hvort væri harðara, eignarnám eða útflutningsbann. Jeg get frætt hann á því, að það er ekki vafi á því, að eignarnámið er miklu harðara.

Þá hjelt háttv. þm. (M. K.) því fram, að bannið hlyti að ná til allra vörutegundanna, þegar það kæmi til framkvæmda. Þetta er ekki rjett, því það gæti vel komið fyrir, að bannaður yrði útflutningur á kjöti og fiski, en ekki ull og hrossum o. s. frv. Jeg sje heldur enga ástæðu til þess ótta, sem kom fram í ræðu háttv. þm. um að undanþágur frá banninu mundi ekki fást. Jeg býst varla við, að beiðnum um undanþágur yrði neitað. Enda hjálpar síminn nú svo mikið til þess, að koma slíkum umsóknum á framfæri.

Háttv. þm. (M. K.) talaði um það, að útflutningsbannið gæti haft illar afleiðingar fyrir kaupmenn, því þeir gætu þá ekkert sagt um það fyrirfram, hve mikið þeir gætu selt út úr landinu. Þetta er auðvitað rjett, að þeir gætu það ekki til fulls, en jeg sje ekki, að þeir væru neitt betur staddir, ef þeir mættu eiga það á hættu, að teknar yrðu hjá þeim eignarnámi á hverri stundu þær vörur, er þeir ætluðu að flytja út. Ekkert gætu þeir vitað um hve mikið yrði tekið af birgðum þeirra. Háttv. þm. talaði einnig um það, að hægra væri við að eiga, ef við vissum hve mikið þyrfti af hverri vörutegund. Þetta er auðvitað rjett hjá háttv. þm., en það er ekki svo gott að koma því svo fyrir, að við fáum að vita það, því að engar skýrslur eru nú til um það. Það gæti því auðveldlega farið svo, að við tækjum eitthvað of lítið eða of mikið.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) talaði um handahóf í sambandi við útflutningsbannið. Jeg vil spyrja háttv. þm. hvort hann geti ekki hugsað sjer handahóf í sambandi við eignarnámið. Sami háttv. þm. sagði, að útflutningsbannið í Danmörku væri meira í orði en á borði. Jeg veit ekki hvaðan honum kemur slík viska; jeg veit ekki annað en strangt eftirlit sje haft með því þar, að bannlögin sjeu ekki brotin. Og það veit jeg, að smyglun er þar hegnt mjög stranglega. Þá skal jeg geta þess, að jeg veit ekki til að það útflutningsbann, sem hefir verið hjer á kolum, hafi komið að nokkru óliði.

Jeg held nú að það sje ekki fleira, sem jeg þarf að taka fram, því háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hefir svarað flestu því, er svara þyrfti.

ATKVGR.:

1. gr. samþykt með 20 shlj. atkv.

Brtt. 102 feld með 12 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Pjetur Jónsson,	Jón Magnússon,
Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Skúli Thoroddsen,	Matth. Ólafsson,
Stefán Stefánsson,	Sig. Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Þór. Benediktsson.	Sveinn Björnsson.

Einn þingmaður var fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 113,1 samþ. með 16 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Bened. Sveinsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Magnús Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Matth. Ólafsson,
Guðm. Eggerz,	Sig. Gunnarsson,
Guðm. Hannesson,	Stef. Stefánsson,
Hjörtur Snorrason,	Sveinn Björnsson.
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Pjetur Jónsson greiddi ekki atkvæði, og taldist til meiri hlutans.

Einn þingmaður var fjarstaddur.

Brtt. 113,2 samþ. með 18 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Bened. Sveinsson,	Magnús Kristjánss.,
Björn Kristjánsson,	Matth. Ólafsson,
Einar Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Stefán Stefánsson.
Guðm. Hannesson,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Einar Arnórsson, Sig. Gunnarsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Einn þingmaður var fjarstaddur.

3. gr. svo breytt samþykt með 18 shlj. atkv.

Brtt. 113,3 tekin aftur.

4.—6. gr. samþykt með 20 samhljóða atkvæðum.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 18 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 210).

Sigurður Eggerz: Í samræmi við það, er jeg sagði, þá er þetta frv. var til 2. umr., þá vil jeg leyfa mjer að gjöra fyrirspurn til hæstv. ráðherra um það, hvort stjórnin gjöri ekki neinar ráðstafanir til þess, að kaupa kornbirgðir handa landinu. Svari hæstv. ráðherra þessu játandi, þá mun jeg láta mjer það nægja, en fái jeg ekki fullnægjandi svar, þá mun jeg sennilega bera fram þingsál.till. um þetta mál síðar á þinginu.

Ráðherra: Jeg skal geta þess, að stjórnin hefir engar ráðstafanir gjört í þessu efni, vegna þess, að hvorki liggja

fyrir nokkur lög, samþykt af þessu þingi, hjer að lútandi, og ekki hefir þetta þing heldur kosið neina Velferðarnefnd stjórninni til aðstoðar, en fyrr getur stjórnin ekkert aðhafst. En jeg tel víst, að jafnskjótt sem þingið hefir afgreitt þetta mál, þá mun stjórnin gjöra alt, er hún má í þessu efni og henni virðist ráðlegast, í samráði við væntanlega Velferðarnefnd.

Sigurður Eggerz: Það þarf ekki að líða á löngu að heimildarlögin frá þinginu verði afgreidd, og má þá fá þau staðfest símleiðina. Eðlilegt er, að stjórnin vilji hafa einhverja heimild bak við sig, en mjer skildist svar hæstv. ráðherra vera svo óákveðið, að full ástæða sje að koma með þingsályktunartillögu, í þá átt, er jeg hefi getið um, svo eitthvað verði gjört sem fyrst í málinu.

Ráðherra: Jeg skildi ekki vel það, sem háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) sagði um þetta mál við 2. umr., og ekki heldur það, er hann sagði nú. Þó skildist mjer, að hann vildi láta þingið fara að taka ákvörðun, og skipa fyrir um, hve mikið skuli keypt af kornvöru inn í landið af hálfu stjórnarinnar. Þetta er að minsta kosti alt annnað og meira en gjört var í fyrra; þá var stjórninni að eins gefin heimild til vörukaupa. En nú á þingið, eftir vilja háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), að skora á stjórnina að kaupa svo og svo mikið af vöru inn í landið. Jeg get ómögulega sjeð ástæðu til þess, að menn fari að koma með slíkar tillögur nú, fremur en í fyrra. Þá þótti nægilegt að setja 5 manna nefnd til aðstoðar stjórninni, eins og gjört var með lögum 3. ágúst 1914. Jeg get ekki sjeð, að hættan sje meiri nú en í fyrra. Vöruflutningar hafa alt af verið stöðugir til landsins, og kann ske miklu minna útlit fyrir snöggar sveiflur niður eða upp á við á heimsmarkaðinum, sökum þess, að nú, þegar svo langt er liðið frá upphafi ófriðarins, þá er hræðslan farin að jafna sig og óróleikinn orðinn minni. Þetta má reyndar ekki skilja svo, er jeg hefi nú sagt, að mjer fyrir mitt leyti sje ekki sama um, þó að þingið gjöri einhverja ályktun um, hvernig ráðstafanir gjöra skuli. En jeg vil benda á, að hafi þingið sagt *A*, þá verður það líka að segja *B*, það er að segja, að útvega peninga þá, sem nauðsynlegir voru til slíkra ráðstafana.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 246).

Á 33. fundi Nd., laugardaginn 14. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 360).

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn, 16. ágúst, var frumv. tekið til einnar umr. (A. 330, n. 336 og 343).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 353).

3. Akureyrarhöfn.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 19. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað. (A. 52).

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Magnús Kristjánsson): Það ætti ekki að þurfa langa framsögu í þessu máli. Það hefir verið vandlega undirbúið af bæjarstjórninni á Akureyri, og er hún að sjálfsögðu málinu best kunnug. Ástæðurnar til þess, að þetta frumv. kemur fram, eru þær, að það hefir komið í ljós, að talsverðir erfiðleikar eru á að koma í framkvæmd ýmsum mannvirkjum til hafnarbóta á þessum stað, og lítur helst út fyrir, að þeir örðugleikar fari vaxandi. Þessir örðugleikar stafa af því, að mikill hluti strandlengjunnar, sem að höfninni liggur, er eign einstakra manna, eða rjettara sagt, útlendra auðmanna og fjelaga, sem eðlilega hugsa mest um eiginn hag. Það er alls ekki tilgangurinn, þó að þetta frumv. næði fram að ganga, að þröngva kosti þessara manna um skör fram. En aðaltilgangurinn er sá, að lög verði sett, er myndi nokkurs konar undirstöðu undir reglugjörð, er væntanlega verður samin síðar viðvíkjandi ýmislegu, snertandi hafnarmál kaupstaðarins. Jeg býst við, að deildin álíti þetta eðlilega og heppilega ráðstöfun, og finn jeg því ekki ástæðu til að fjölyrða um málið að sinni, en leyfi mjer að vænta góðra undirtekta háttv. deildar. Jeg sje ekki ástæðu til að setja málið í nefnd, en hygg, að það geti sem best gengið áfram sinn gang án þess. Þó hefi jeg orðið var við, að sumir háttv. deildarmenn telja það heppilegra, og í rauninni hefi jeg ekkert á móti því, þótt jeg hins vegar telji það óþarft.

Jón Magnússon: Jeg verð fyrir mitt leyti að álíta heppilegra, að málið verði athugað í nefnd. Leyfi jeg mjer því, að gjöra það að tillögu minni, að því verði vísað til sjávarútvegsnefndarinnar.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 19 shlj. atkv., en í henni sátu þeir

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Guðmundur Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 29. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 99).

Framsm. (Matth. Olafsson): Jeg hefi litlu við það að bæta, sem sagt er í nefndarál. Að eins skal jeg geta þess, að heyrst hafa umkvartanir frá Akureyri, síðan málið var tekið hjer fyrir, út af því, að menn vilja helst, að þeir sjeu lausir við að gjalda skatt, sem nota þar bryggjur einstakra manna. En jeg býst ekki við því, að það þyki rjettlátt, að taka tillit til þessa. Það er augljóst, að ekki tjáir, að einstakir menn gjörist til þess, að keppa við bæjarbryggjuna.

Um breytingartillögurnar er það að segja, að lagt er til, að í stað orðsins vitagjald komi ljósagjald, til þess að koma í veg fyrir misskilning. Svo er um sektaákvæði, þar er prentvilla. Þar á að standa 500, og til þess ætlaðist nefndin.

Jeg vona svo, að frumv. nái fram að

ganga og sje heldur ekkert því til fyrirstöðu.

ATKVGR.:

1., 2., 3., 4., 5., 6. og 7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 99 við 8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

8. gr. svo breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

9., 10., 11., 12. og 13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 99 við 14. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

14. gr. svo breytt, 15. og 16. gr. óbreyttar samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 144).

Forseti tók frumvarpið út af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var frumv. enn tekið til 3. umr. (A. 144, 183).

Framsm. (Matthías Ólafsson): Eftir að nefndin í þessu máli hafði samið álit sitt, bárust henni tilmæli frá Akureyri, þar sem farið var fram á, að fiskiskip einstakra manna skyldu undanþegin því, að greiða bryggjugjald. Nefndin hefir ekki getað fundið ástæðu til þess, að verða við þessum tilmælum að öllu leyti. En eins og brtt. okkar á þgskj. 183 ber með sjer, virtist nefndinni það sanngjarnt, að fiskiskip bryggjueigenda sjálfra skyldu undanþegin þessu gjaldi. Aftur á móti virðist ekkert mæla með því, að leysa aðra skipaeigendur, sem nota þurfa hafnarbryggjuna, ef til vill til þess, að draga verslun frá öðrum, eða til bekkni við hjeraðsmenn, undan þessu lögmæta gjaldi.

Jeg álít óþarft að fara frekari orðum um málið, en vil mæla með því, að brtt. okkar á þgskj. 183 verði samþykt.

ATKVGR.:

Brtt. 183 samþykt með 15 samhljóða atkvæðum.

Framvarpið svo breytt samþykt með 19 samhljóða atkv. og afgreitt til Ed. (A. 203).

---

4. Landhelgissjóður.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands (A. 33).

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 15. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson): Eins og kunnugt er, samþykti þingið 1913 lög um stofnun Landhelgissjóðs Íslands. Þetta eru mjög góð lög og vel hugsuð af þinginu, að stofna sjóð í þessu skyni. Nú hefi jeg, ásamt öðrum þingmanni, leyft mjer að bera fram frv. um breytingar á þessum lögum, þess efnis, að hækkað verði tillag landssjóðs til sjóðsins. Jeg vil benda á, að nú virðist sjerstök ástæða til að hækka tillagið, þar sem gjöra má ráð fyrir, að sektir fyrir landhelgisbrot verði litlar fyrst um sinn. Vegna ófriðarins er svo lítið um útlenda botnvörpunga hjer við land. Jeg veit ekki hvort sektirnar hafa verið nokkrar á þessu ári, en jeg hygg, að þær hafi verið mjög litlar. Árið 1914 voru tekjur sjóðsins, auk landssjóðstil-

lagsins ca. 39 þús. kr. Er sjóðurinn nú rúmar 49 þús. kr.

Jeg býst við, að allir sjeu sammála um það, að æskilegt væri, ef við, á sínum tíma, gætum sjálfir tekið að okkur strandvarnirnar. Það er ilt, að þurfa að vera upp á Dani komnir með þær, einkum þar sem það er vel kleift fyrir okkur, að annast þær sjálfir, ef hyggilega er að farið, og fje til þess safnað smátt og smátt. Það er búmannlegri aðferð, heldur en að taka lán til þess. Þetta hefir sjálfsagt verið meiningin með lögunum 1913, en jeg býst við, að bið verði á, að þau nái tilgangi sínum, ef þau verða látin standa óbreytt eins og þau eru. 5 þús. kr. á ári eru litlar tekjur fyrir sjóð, sem jafn stór þarf að verða og þessi sjóður, einkum ef sektirnar, sem í hann eiga að renna, verða nú lengi litlar. Það má ef til vill segja, að með frumv. sje farið fram á nokkuð hátt tillag, einkum nú á þessum tíma, þegar talsverðir erfiðleikar eru á bjargræði manna. En jeg lít svo á, að þetta sje svo stórt mál og mikils varðandi fyrir landið, að í þetta megi ekki horfa. Jeg hefi þá trú, að landsmenn hugsi svo hátt, að þeir mundu jafn vel ekki kvarta, þó að beinn, nýr skattur yrði lagður á þjóðina í þessu augnamiði. Ef til vill má vinna þetta upp á einhverjum lið fjárlaganna, þó að það sje raunar vafasamt, því að þarfirnar eru margar. En hvernig sem verður hagað, þurfum við aldrei að standa með kinnroða frammi fyrir kjósendunum, vegna þessarar ráðstöfunar á landsfje. Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið, en vona að það fái góðar undirtektir.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkvæði.

Fimm manna nefnd samþykt með 18 shlj. atkv.

Kosnir með hlutfallskosningu:

Benedikt Sveinsson,
Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Jón Jónsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 26. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 85,98).

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Jeg hefi lítið að segja fram yfir það, sem stendur í nefndaráliti nu. Eins og frumv. ber með sjer, vilja flutningsmennirnir að tillag landssjóðs til Landhelgissjóðsins verði hækkað upp í 30 þús. kr. árlega. Nefndin í heild sinni fjelst á, að rjett væri að auka tillagið, sjerstaklega þar sem búast má við, að sektirnar, sem til hans eiga að renna, verði litlar fyrst um sinn. En hins vegar fanst meiri hluta nefndarinnar iskyggilegt, eins og fjárhag landsins er nú háttað, að auka tillagið eins mikið og frumv. fór fram á. Meiri hlutinn leggur því til, að árstillagið verði 20 þús. kr. í stað 30 þús. kr. Minni hlutinn gat fallist á, að færa tillagið eitthvað niður úr 30 þús. kr., en þó þótti honum meiri hl. fara heldur langt í því efni. Mundi minni hl. hafa sætt sig betur við, að tillagið væri ákveðið einhvers staðar á milli þeirrar upphæðar, sem farið er fram á í frumv., og þeirrar, sem meiri hlutinn stingur upp á, t. d. 25 þús. kr. Áskildi minni hluti sjer rjett til að greiða atkvæði með till., sem færi í þá átt, ef svo færi, að hún kæmi fram. Meiri hl. heldur fast við,

að árstillagið verði ekki ákveðið að þessu sinni hærra en 20 þús. kr. Hann sjer ekki, að fært sje að hafa það hærra, þar sem óáran er í landinu. Þess vegna verður meiri hl. að leggja á móti brtt. á þgskj. 98, um að landssjóðstillagið til sjóðsins sje 60 þús. kr. á ári. Það er vitanlega öllum ljóst, að því örar sem sjóðurinn eykst, því fljótar er hægt að koma því í framkvæmd, sem allir þrá, að við getum sjálfir tekið að okkur landhelgisvarnirnar. En hvað sem því líður, þá hjálpar ekki að tala um viljann þegar getan er ekki fyrir hendi. Þegar getan er takmörkuð, en þarfirnar margar, verður að meta það, hver þörfin er mest knýjandi. Meiri hl. nefndarinnar er ljóst, að það er þjóðþrifa fyrirtæki, sem hjer er um að ræða, en hins vegar dylst honum ekki, að margar þarfir kalla bráðar að, og á því byggist það, að hann hefir lagt til að færa niður þessa upphæð.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, fyrr en þá að andmæli koma fram gegn áliti nefndarinnar. Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að háttv. deild samþykki frumv. með þeim breyttingum, sem nefndin hefir stungið upp á.

Skúli Thoroddsen: Það, sem hefir gefið mjer tilefni til að koma fram með brtt. mína á þgskj. 98, eru undirtektir háttv. nefndar undir þingsályktunartillögu mína á þgskj. 86, um landhelgisvarnirnar.

Eins og nefndarálitið ber með sjer, leggur nefndin til, að þingsályktunartill. verði feld, og leiðir þá þar af, að jeg tel þá og nauðsynina enn brýnni, en ella, að efla Landhelgissjóðinn *sem fyrst*, svo að vjer Íslendingar getum þá sjálfir tekið strandvarnirnar að oss.

Jeg sje ekki, að það sje landinu ofvaxið, að styrkja sjóðinn með 60 þús. kr. á ári, enda aðgætandi, að hjer er þá og um það að ræða, sem vjer, hvað sem tautar, blátt áfram **verðum** að geta.

Það kemur ekki það árið, er ekki sjeu t. d. sí-kvartanir frá Vestfjörðum: Sí-kvartanir úr Aðalvík, Jökulfjörðum, Ísafjarðardjúpi, Dýrafirði, Patreksfirði, Arnarfirði, og hvað á að telja? Enn fremur heyrast og sömu umkvartanirnar undan Jökli, úr verstöðunum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og frá Austfjörðum *(Sigurður Eggerz:* Úr Skaftafellssýslu.) — sömu umkvartanirnar um það, að *strandgæslan sje* **alsendis** *ófullnægjandi*, eins og mjög eðlilegt er, meðan einu skipi er ætlað að annast hana að öllu leyti.

Það hefir verið haft á móti brtt. minni, — þeirri tillögu minni, að skora á ráðherra, að koma því til leiðar, við Dani, að þeir ljetu 4—5 fallbyssubáta, á stærð við botnvörpunga, annast strandgæsluna, en notuðu »Islands Falk« á annan hátt, — »haft á móti henni«, að hún kæmi í bága við sjálfstæðisþrá Íslendinga. En jeg verð að telja það **mjög** *einkennilega skoðun*, að sjálfstæðismanni sje það *ekki* samboðið, að heimta skuld sína hjá öðrum, eða borgi hann öðrum fyrir framkvæmd ákveðins verks, þá megi hann þó *ekki* ganga eftir því, að það sje almennilega af hendi leyst.

Jeg þykist og hafa sýnt það, að jeg er **ekki** minni sjálfstæðismaður en hver annar, en samt sem áður gat jeg þó ekki gengið í gildru hæstv. ráðherra, er hann sló á þessa strengi, er málinu var fyrst hreift hjer í deildinni.

En hitt get jeg vel skilið, að það gæti verið óþægilegt fyrir hæstv. ráðherra, að fara að þrefa um þetta við Dani. Jeg þykist vita, að þeim muni falla þessar málaleitanir illa, og að hæstvirtur ráðherra vilji því sjálfsagt helst vera laus við þær.

Á hinn bóginn mega menn *ekki* gleyma

því, að því fer mjög fjarri, að hjer sje verið að biðja Dani um ölmusu. Þeir fá fulla borgun fyrir strandgæsluna, og því er það ekki nema sanngjarnt, að krefjast þess af þeim, að þeir leysi hana og full viðunanlega af hendi.

Hjer ræðir eigi að eins um það, að Danir hafa slegið því föstu, með stöðulögunum, sem þeir telja hjer gildandi, að strandvarnirnar sjeu alríkismál, heldur hafa þeir, og Færeyingar, sem og danskir þegnar yfirleitt, fengið æ að njóta jafnrjettis við Íslendinga, að því er til fiskveiðanna við Ísland kemur, og gegn því er það þá síst um of, að þeir hafi strandgæsluna á hendi, bæði í vora, og í sína eigin, þágu.

Jeg spái því og, að svo fari — verði þingsályktunartillaga mín feld, en tillaga nefndarinnar samþykt, — að þá fái þeir, sem því valda, fyrr eða síðar, bölbænir margra.

Hitt, að byggja á því, að vjer fáum að nokkru bætt landvarnirnar, með eftirliti hjerlendra vjelbáta, býst jeg við, að geti reynst fallvalt, enda blátt áfram hættuspil, að stefna íslenskum vjelbátum á botnvörpungana, sem eiga á hættu, að missa jafn vel yfir mánaðar-atvinnu, verði aflinn gjörður upptækur, en vita ef til vill albjargarlaus heimilin, og geta því leiðst út í það, að svífast jafn vel alls einskis.

Menn verða og að gæta þess, að nú, þegar manndrápin daglega fara fram í stórum stíl víðs vegar í heiminum umhverfis oss, þá horfa margir ekki í mannslífið, verða að mun óprúttnari, en áður en Norðurálfuófriðurinn mikli hófst.

Mjer finst því, að þingið ætti nú að sýna þá sjálfstæðisþrá, að samþykkja tillögu mína á þingskjali 98, þar sem ekki er um hærri upphæð en 60 þús. króna á ári að ræða, svo að sá tíminn kæmi þá heldur fyrr, en síðar, er vjer þyrftum ekki lengur að heyra sí-kvartanir um yfirgang botnvörpunga, eins og nú á sjer stað, og fá eigi að gjört.

Jeg vona því, að háttv. deild samþykki oft nefnda tillögu mína, og fjölyrði því eigi frekar um málið.

Ráðherra: Þar sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að nefndin hefði gengið í gildru, er jeg hefði lagt fyrir hana, í þessu máli, þá verð jeg að mótmæla því. *(Skúli Thoroddsen:* Hvers vegna brosir hæstv. ráðherra?). Af því að þm. N.-Ísf. er í þennan svipinn ofurlítið broslegur. Háttv. þm. N.-Ísf. er það vel kunnugt, að í nefndinni eiga sæti þeir menn, sem eru svo sjálfstæðir, að hvorki jeg nje aðrir myndi hafa áhrif á skoðanir þeirra í þessu efni. En vel má vera, að margir líti sömu augum á það, að krafan um að fá fallbyssubátana, fari ekki í sömu átt og sjálfstæðisstefna sessunautar háttv. þm. N.-Ísf. (B. J. frá Vogi).

Mjer er sama persónulega, þótt tillagan sje í samþykt. Það gjörir mjer ekkert til eða ráðherra þeim, sem á eftir mjer kæmi, því að sjálfsögðu bærum við enga ábyrgð á því, hvort málið kæmist í höfn á þann hátt, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vill, eða ekki.

Viðvíkjandi brtt. á þgskj. 98, þá væri það skemtilegt, að Landhelgissjóðurinn yxi sem mest. En þar sem sjóðurinn hlýtur nú sem stendur að vaxa mest fyrir bein framlög úr landssjóði, er það mjög hæpið, að maður megi missa svo mikið fje úr honum, af því að önnur lögmælt gjöld úr honum vaxa líka. Verður því að klífa þrítugan hamarinn til þess að fullnægja þeim. Og fyrir utan þessi lögmæltu gjöld, hefir landssjóður ýmsar þungar byrðar að bera, $^1/_2$ miljón króna árlega í afborgun og

rentur af lánum og 100,000 kr. árlega til Landsbankans, og svo má lengi telja. Nú kann að fara svo, að landssjóður fái ekki nógu mikið fje til þess að standast þetta. Að visu má þá segja sem svo, að þá megi grípa til viðlagasjóðs, en þá er því til að svara, að hann er allur í lánum, er eigi verða innheimt á skömmum tíma, og nú sem stendur er engin verðbrjef hægt að selja, af þeirri einföldu ástæðu, að markað vantar erlendis fyrir þau.

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Jeg hefi ekki kært mig um að tala um tillöguna, en setti málið í samband við hana, af því að mjer fanst það vera rjett. Jeg veit hver verða forlög hennar, og betra hefði verið að taka tillöguna aftur, er hún kom til umræðu. Jeg held fast við þetta, að fjárhagsútlitið sje nú svo iskyggilegt, að eigi beri að verja stórfje til neins þess, er eigi gefur skjótan og áreiðanlegan arð, en undir slíkt heyrir þetta ekki. Enn fremur held jeg því fram, að vjer eigum að stefna að því, að taka að okkur landhelgisvörnina, og verja í því skyni eins miklu og vjer sjáum okkur fært, en ekki meira. Hvað það snertir, að kvartanir hafi komið viðs vegar að, um það, að strandgæslan sje ekki í sem bestu lagi, þá má vel vera að svo sje. Jeg held því ekki fram, að þetta eina skip, sem nú hefir strandgæsluna á hendi, geti nægt. En þar sem botnvörpungum hefir fækkað gríðarlega, og því nú lítið af þeim hjer við land, og mun svo verða á næstu árum, þá sje jeg ekki ástæðu til þess, að strandgæsluskipunum sje fjölgað. Og lengi mætti bæta flotann, ef hvergi ættu kvartanir að heyrast.

Hvað bölbænirnar snertir, er háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) var að spá um, þá hugga jeg mig við það, að hafa í þessu máli fylgt samvisku minni. Jeg hefi ekki farið til hæstv. ráðherra til þess að vita skoðun hans; jeg vissi ekki fyrr en nú, hver hún var. Mjer þykir að vísu gott, að hana lítur á þetta svipuðum augum og jeg, en get þó farið mínu fram. En það þykir mjer hart, að hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), skuli væna mann þess, að maður fylgi ekki eigin sannfæringu, heldur fari eftir skoðunum annara. Jeg var eitt sinn þar, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) var yfirvald, og má honum vera það kunnugt, að jeg elti ekki á honum rófuna.

Jeg held því fast við skoðun nefndarinnar. Svo munu og aðrir nefndarmenn gjöra, og jeg vonast til, að deildin fallist á hana.

ATKVGR.:

Brtt. 98 leyfð með afbrigðum frá þingsköpum af ráðherra og deildar samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 98 (aðal tillagan) feld með 16 : 3 atkv.

Brtt. 98 (vara tillagan) feld með 15 : 3 atkv.

Brtt. 85 samþ. með 16 : 5 atkv.

1. gr. svo breytt samþ. með 19 shlj. atkv.

2. og 3. gr. hvor um sig samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 104, 120).

Pjetur Jónsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 120, um að þessi lög komi ekki til framkvæmda fyrr en í ársbyrjun 1918. Það, sem orsakar að jeg gjöri þetta, er

það, að jeg get ekki sjeð, að það væri rjett eins og nú standa sakir, að taka fje frá landssjóði og setja í sjerstakan sjóð, sist svo að nokkru nemi eða fram yfir það, sem lög þegar standa til. Vegna fyrirsjáanlegrar dýrtíðar verður maður að neita sjer um svo margt og strika mikið út úr fjárlögunum, og mun hver maður sjá, að það er ekki síður ástæða til að fresta þessu, heldur en ýmsum öðrum framkvæmdum, sem við verðum að láta sitja á hakanum. Jeg er ekki að draga úr tilgangi sjóðsins með þessu, en það verður að hafa það, þótt hann vaxi ekki meira á næstu tveimur árum, heldur en núgildandi lög standa til. Jeg held að jeg þurfi ekki að leiða nánari rök að þessu, því að það er auðskilið hverjum manni.

Bjarni Jónsson: Má jeg biðja hæstv. forseta um að hafa nafnakall um þessa brtt.

Forseti leitaði afbrigða frá þingsköpum; brtt. 120, og voru afbrigðin leyfð og samþykt.

ATKVGR.:

Brtt. 120 feld með 16:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Einar Arnórsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Eggerz,
Jón Magnússon,	Hjörtur Snorrason,
Pjetur Jónsson,	Jón Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Kristjánss.,
Stefán Stefánsson.	Matth. Ólafsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson,
nei:	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Björn Hallsson greiddi ekki atkvæði og taldist til meiri hlutans.

Frv. samþ. með 20:1 atkv.

Afgreitt til Ed.

(A. 135).

---

5. Vatnsveitur í verslunarstöðum.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 26, 22. okt. 1912, um vatnsveitur í löggiltum verslunarstöðum,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 303).

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Björn Kristjánsson: Jeg vil að eins geta þess, að þetta frv. var flutt í Ed. af háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), samkvæmt umboði frá hreppsnefndinni í Keflavíkurhreppi, sökum þess, hve ilt er um vatn í Keflavík. Jeg vona, að háttv. deild hafi ekkert á móti því að gefa þessa heimild, er frumvarpið fer fram á, svo að ekki einungis Keflvíkingar, heldur og allir þorpsbúar í landinu, geti grafið brunna og veitt vatni á kostnað bæjarbúa, að svo miklu leyti sem þeir æskja sjálfir.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 303).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með 12 shlj. atkv. og vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 303).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 411).

---

6. Dalavegur.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907. (A. 130).

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Þetta litla frumv. lá hjer fyrir þinginu í fyrra. Það gekk þá greiðlega, að fá það samþykt hjer í Nd., en í Ed. var það kæft. En af því að ekki er hægt að ákveða brúarstæðið á Ljá, fyrr en frumv. nær fram að ganga, þá er nauðsyn á því, að fyrir því verði greitt sem best.

Þeir, sem þekkja til í Dalasýslu, vita, að þetta, sem frumv. fer fram á, er heppilegra; en þeir, sem ekki þekkja þar til, munu fljótt skilja, að svo er, þegar þeir heyra, að hjer er um það eitt að ræða, að flytja veginn á örlitlum kafla í Dalasýslu; láta hann liggja um kauptúnið og yfir brú þá, sem nú er á Laxá.

Það, sem mönnum í fljótu bragði mun sýnast kostnaður fyrir landssjóð, er ekki neinn kostnaður, ef að er gáð, því ef vegurinn lægi framvegis sem nú, hjá Hjarðarholti, þá er áin þar breiðari, og því dýrara að gjöra þar brú.

Jeg vil því biðja menn að láta frv. ganga rjetta boðleið gegn um deildina, því að brúin þarf að komast á í ár, svo að eigi þurfi nýjar fjárveitingar til hennar.

Jeg skal svo ekki tefja tímann með þessu.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umræðu með 12 samhlj. atkvæðum.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 130).

Sveinn Björnsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að þessari umræðu sje frestað, og 5 manna nefnd sett í málið.

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Jeg tel óþarft að skipa nefnd í þetta mál. Það var hjer til umræðu í þinginu í fyrra, og í þingtíðindunum þá eru prentuð sem fylgiskjöl við nefndarálitið um málið (þgskj. 217) brjef landsverkfræðingsins, brjef frá sýslunefnd Dalalasýslu og brjef frá stjórnarráðinu, og eru þar saman komin á einn stað öll nauðsynleg gögn í málinu. Það er ekki að eins til að

tefja málið, að setja það í nefnd, heldur getur það einnig orðið til þess, að tefja fyrir brúarsetningunni, því að fjárveitingin til hennar fellur niður, ef hún verður ekki sett í ár.

Sveinn Björnsson: Þar sem fleiri frumvörp um breytingar á vegalögunum liggja fyrir deildinni, verð jeg að telja heppilegt, að sama nefndin fái öll þau mál til meðferðar. Ef þetta mál er svo einfalt, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) segir, þá þarf nefndin ekki að hafa það lengi til yfirvegunar, og getur afgreitt það fyrst allra mála.

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Ef mál þetta verður sett í nefnd með öðrum vegamálum, verður því að sjálfsögðu slengt saman við þau, og er þá auðvitað að málið tefst. Frv. þarf að samþykkja nefndarlaust og umræðulaust, ef ekki á að gjöra leik að því að tefja fyrir því.

Pjetur Jónsson: Jeg get ekki verið á sama máli og háttv. þm. Dal. (B. J.) um það, að þetta frumv. eigi að afgreiða umræðulaust og umhugsunarlaust. Mjer er kunnugt um, að hjeraðsbúar eru ekki einhuga um að stefnu þjóðvegarins verði breytt á þann hátt, sem frumvarpið fer fram á. Jeg vil því mæla með því, að nefnd verði sett í málið. Getur þá nefndin tekið við skilríkjum þeim, sem lúta að því, hvort hjeraðsbúar eru ánægðir með þessa ráðstöfun eða ekki. Einnig er sjálfsagt, að nefndin ráðgist um málið við verkfræðing landsins. Þetta þarf ekki að vera neitt banatilræði við málið. Jeg get ekki trúað, að það sje háskalegt, að það tefjist nokkur dægur, meðan hjeraðsbúar eru ekki sammála um, hvernig því skuli fyrir komið.

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Ef menn vilja vjefengja það, að frumv. sje í samræmi við vilja hjeraðsbúa, vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp ummæli sýslunefndar Dalasýslu, sem prentuð eru sem fylgiskjal við nefndarálitið um málið í fyrra. Þau eru á þessa leið:

> »Sýslunefndin skorar á Alþingi, að breyta svo vegalögunum, að þjóðvegurinn, sem nú liggur um Hjarðarholt, verði framvegis ákveðinn frá Breiðamel, sem er milli Saura og Sauðhúsa, um brúna á Laxá og Búðardal, og þaðan svo kallað Land fyrir neðan Ljárskóga að Fáskrúð«.

Nú er aðgætandi, að hjer er það eitt deilumál, hvort brúin eigi að vera á efra eða neðra vaðinu yfir ána. Jeg hefi ekki ákveðið neitt um það í frv., því að jeg skoða það ekki lagamál, heldur eigi landsverkfræðingurinn og sýslunefndin að jafna þann ágreining.

Um hitt er aftur á móti enginn ágreiningur, enda hefir sýslunefndin samþykt það hvað eftir annað með öllum atkvæðum gegn einu.

Allar upplýsingar, sem landsverkfræðingurinn getur gefið um þetta mál, eru í brjefi hans, dagsettu 18. júlí 1914, sem prentað er ásamt nefndarálitinu í fyrra á þgskj. 217, í skjalaparti þingtíðindanna bls. 324—325. Það þarf enga nefnd til þess að ná í þær upplýsingar. Vilji menn láta Dalabúa gjalda þess, að jeg hefi ekki sömu pólitiska skoðun og meiri hluti þingsins, þá er þeim það velkomið. En það vil jeg láta þá vita, að þeir vinna mjer ekki tjón með því, heldur sjálfum sjer, ef þeir ætla að senda mann á móti mjer til næstu kosninga.

ATKVGR.:

Fimm manna nefnd samþ. með 14 : 6 atkvæðum.

Kosnir með hlutfallskosningu:
Bjarni Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,
Pjetur Jónsson,
Jón Jónsson,
Sigurður Gunnarsson.

2. umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til frh. 2. umr. (A. 130, n. 235, 236).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Þetta litla frv. er, eins og menn hafa sjeð í nefndarálitinu og heyrt af umræðum um málið hjer í deildinni, einungis um það, að breyta örlitlum kafla á vegi í Dalasýslu, og er það alveg samkvæmt áliti sýslunefndar í Dalasýslu og landsverkfræðingsins. Nefndin hefir tekið upp tillögu hans, bæði hvað viðhald vegarins snertir og að þjóðvegarkaflinn, sem fellur úr, sje gjörður að sýsluvegi.

Jeg sje ekki ástæðu til, að halda langa ræðu fyrir þessu máli; það er svo sjálfsagt og einfalt, að þess ætti ekki að gjörast þörf.

ATKVGR.:

Brtt. 236,1 samþykt með 20 samhljóða atkvæðum.

1. gr. svo breytt samþykt með 18 samhljóða atkvæðum.

Brtt. 236,2 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 236,3 (ný 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr., er verður 4. gr., samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 272).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 302).

---

7. Hafnarfjarðarvegur.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 29, 2. nóv. 1914, um breyting á lögum um vegi, nr. 57, 22. nóv. 1907. (A. 154).

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Björn Kristjánsson): Eins og háttv. deild er kunnugt, hefir veitt örðugt að halda við hinum umkvartaða vegarspotta milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Og þess vegna var það, að þingið 1914 ákvað, að vegur þessi skyldi gjörður að flutningabraut. En það hefir komið á daginn, að þó að vegurinn væri gjörður að flutningabraut, var engin bót ráðin á viðhaldi hans eða endurlagningu. Nú hefir sýslunefnd Kjósarsýslu afsagt að skoða veg þenna í tölu sýsluvega sinna.

Landsverkfræðingurinn bendir á þessa leið, sem farin er í frv., að vegurinn verði gjörður að þjóðvegi. Og þar sem þessi vegur er ekki lengri en það, að hann er ekki fram úr hálfrar stundar reið, þá virðist hann ekki vera nein veruleg viðbót við þjóðvegu á Íslandi.

Það, sem jeg vil þá leggja hjer áherslu á, er það, að landsverkfræðingurinn hefir talið heppilegast að gjöra veginn að þjóðvegi, og svo hitt, að fjárlaganefnd er því meðmælt.

Jeg hygg, að þetta mál sje svo einfalt, að ekki gjörist þörf á nefnd í því, en ef deildinni virðist það betur farið, skal jeg ekki vera á móti því.

Ráðherra: Það er víst alveg rjett, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B K) hjelt fram, að best verði að gjöra veginn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar að þjóðvegi. Enda mælir engin sanngirni með því, að Kjósarsýsla að minsta kosti sjái um viðhald vegarins.

En hvað áhrærir álit landsverkfræðingsins um þetta mál, þá hefir hann bent á tvær leiðir. Önnur er sú, að gjöra veginn að þjóðvegi, eins og háttv. flutningsm. (B. K.) tók fram, eða þá að ákveðið verði með lögum, að Hafnarfjörður haldi við $^1/_3$ hluta vegarins, Gullbringusýsla $^1/_3$ hluta og Reykjavík $^1/_3$ hluta. Jeg læt þessa getið af því, að einungis fyrri leiðin kom fram hjá háttv. flutningsmanni. Mjer er sama hvor leiðin er farin, en ákveða verður hver eigi að hafa viðhaldið á hendi, því að vegurinn er mjög fjölfarinn.

Hygg jeg, að rjett sje, að vísa málinu til nefndar þeirrar, er kosin var hjer áðan, og á að fjalla um breytingar á lögum um vegi.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Frv. vísað til vegalaganefndar með 18 shlj. atkv., en þá nefnd sátu þeir

Jóhann Eyjólfsson,
Bjarni Jónsson,
Þjetur Jónsson,
Jón Jónsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 154, n. 240).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Það stendur alveg eins á með Hafnarfjarðarveginn og veginn í Dalasýslu, að málið er næsta einfalt, og virðist því vera sjálfsagður hlutur, að frv. þetta verði samþykt.

Jeg hefi látið prenta álit frá landsverkfræðingi, og þarf því ekki langa ræðu. Allir sjá, að hjer er um nauðsyn að ræða, og málið virðist ofur skiljanlegt.

Aðalástæðan fyrir því, að eigi er lagt til, að Hafnarfjarðarvegur sje gjörður að sjerstökum vegi, er sú, að rannsóknir vantaði um, hversu mikil umferð er eftir veginum og fleira þar að lútandi. Því er heldur ekki hægt að segja, hvort tiltækilegt sje að gjöra sporbraut eftir veginum.

Tillögur landsverkfræðings og fjárlaganefndar eru þær, að landssjóður taki að sjer viðhald vegarins sem hvers annars þjóðvegar. Kæmi þá trauðla fyrir, að vegurinn yrði lítt fær vegna torfæra, eins og verið hefir.

Jeg vona, að menn sjái, að nauðsyn ber til þessa, sem frumvarpið fer fram á, og sjálfsagt sje því að samþykkja það.

Guðmundur Hannesson: Mjer er ekki vel ljóst, hvers vegna farið er fram á þessa breytingu, og vildi því fá fullkomnari skýringu á því. Á síðasta þingi var vegurinn gjörður að flutningabraut, og fylgdi það með, að landssjóður sæi um, að vegurinn yrði gjörður góður, eftir því sem gildir um flutningabrautir. Nú er hjer farið fram á þá breytingu, að vegurinn sje gjörður að þjóðvegi; fylgir þá að eins með,

að vegurinn verði ruddur og gjörður greiðfær fyrir hesta. Þetta eru lítil hlunnindi, borið saman við flutningabraut. Viðhaldið fer eftir því, samkvæmt 16. gr. vegalaganna, hvort akfærir vegakaflar, sem þessi áreiðanlega er, nái að kauptúni eða liggi í bygð. Ef svo er, þá er það viðkomandi sýslufjelaga að annast um viðhald vegarins, en ekki landssjóðs.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að hjeruðunum beri eftir sem áður að halda vegi þessum við. Þetta er ef til vill misskilningur, en sanngirni er engin í því, að landssjóður haldi vegi þessum við, sem svo mannmörg hjeruð og bæir standa að, ekki síst þegar fátækar sveitir verða víða að bera viðhald sinna vega.

Jeg get ekki verið samdóma landsverkfræðingnum um það, að ókleift sje að finna nokkurn ábyggilegan mælikvarða fyrir notkunarhlutföllum vegarins, ef viðhaldskostnaðinum yrði jafnað niður á hjeruð þau og kaupstaði, sem nota veginn. Nefna mætti að Reykjavík sæi um $^1/_8$ hluta viðhaldsins, Hafnarfjörður $^1/_8$ og Gullbringusýsla $^1/_8$ hluta. Kjósarsýsla slyppi við allan kostnað, þar sem hún hefir ekki not vegarins.

Jeg vildi því óska, að háttv. flutningsmaður frumv. skýrði þetta nánar. En þótt vegurinn yrði gjörður að þjóðvegi, þá ætti ekki að koma til tals, að landssjóður greiði viðhaldskostnað.

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Jeg skal ekki fara langt út í lögskýringar á málinu, en vandræðin stafa af því, að nokkur kafli vegarins liggur í Kjósarsýslu, en þar sem hún hefir ekki nein not vegarins, afsegir hún að viðhalda þessum vegarkafla, sem eðlilegt er. Um þetta þyrfti því sjerstök lagaákvæði, og ekki gott að skylda aðra sýslu til að annast viðhald vegar, sem liggur utan takmarka hennar. En hins vegar ekki sanngjarnt að skylda Kjósársýslu til að annast viðhald vegar, er hún hefir ekkert gagn af. Vill ekki einu sinni hafa vegarkaflann í tölu sýsluvega. Hjer sjá allir að er um vandkvæði að ræða.

Aðalatriðið er hjer það, að rannsókna þarf við, til þess að sjá með vissu, hvernig heppilegast verði að láta haga til með veg þenna, hvers konar vegur þetta eigi að verða í framtíðinni. En þar til þær rannsóknir yrðu gjörðar og málið komið í kring, ætti ekki að neyða sýslurnar til að halda honum við. Það er þetta, sem frumv. fer fram á, að vegurinn sje gjörður að þjóðvegi, þar til rannsóknir sjeu gjörðar, og landssjóði sje á meðan gjört að skyldu að viðhalda honum.

Jeg sje ekki ástæðu til að metast á um viðhald á vegum, nje vitna í vegagjörðir í sveitum, því að þar er landssjóðsstyrkurinn meiri en hjer í Reykjavík og Hafnarfirði. Væri síst þörf að telja eitthvert lítið viðhaldsfje eftir þessum bæjum, þar sem hjer er $^1/_6$ hluti þjóðarinnar. Ekki gjöri jeg það, þó jeg vilji sem mestar umbætur á vegum í Dalasýslu. Mjer virðist Alþingi ætti sannarlega að fara hjer eftir tillögum landsverkfræðings; þær eru ekki þann veg, að mönnum þurfi að standa stuggur af þeim. Og dýrara verður fyrir landssjóð, ef umræður verða hjer langar, en þó að frumvarpið nái fram að ganga.

Guðm. Hannesson: Jeg skal vera stuttorður; en viðhald vega er svo þýðingarmikið mál, að ekki dugar að ganga alveg þegjandi fram hjá viðhaldi þessa vegar. Hvað það snertir, að vegurinn geti ekki talist flutningabraut, þá er sú ástæða lítils virði. Vegurinn er notaður til hvers konar vöruflutninga.

En að ókleift sje að skipa fyrir um þann vegarkafla, sem liggur í Kjósarsýslu, get jeg ekki fallist á.

Þó er það mikil bót í máli, ef landssjóður á að eins um fáein ár að annast viðhald vegarins, þótt lítil sanngirni sje í því, að skella viðhaldinu á nokkurn hátt á hann. Jeg óttast að eins, að langur tími líði, áður en það kæmist á annan rekspöl. Að vegurinn sje nú illur yfirferðar, eða jafnvel ófær um suma tíma árs, er einungis þeim til skammar, er nú eiga að annast viðhald hans.

ATKVGR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með 14 : 5 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 275).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 301).

---

8. Vatnssala í kaupstöðum.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um vatnssölu í kaupstöðum (A. 290).

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Þetta frumv. er ofseint fram komið; það er sem sje ekki afhent fyrr en 10. ágúst, en það er hjer um bil viku seinna en bera mátti fram frumvörp í síðasta lagi, þ. e. 4 vikum eftir þingbyrjun. Þarf því samþykki háttv. deildar, til þess að það verði tekið fyrir hjer, en áður en þess samþykkis er leitað, gefst háttv. flutningsmanni, þingm. Ak. (M. K.), leyfi til að segja nokkur orð, til þess að lýsa þýðingu frumvarpsins.

Flutnm. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi neyðst til þess að flytja þetta frumv. hjer, þótt seint sje orðið, vegna þess, að mjer hefir verið símað það fyrir skemstu heiman af Akureyri, sem ekki hefir við borið áður, en það er, að einstakir menn þar sjeu byrjaðir að keppa við bæjarfjelagið um sölu á vatni til skipa, sem á höfnina koma. Þetta er tilfinnanlegt, því að nú er bærinn nýbúinn að koma á vatnsveitu, sem kostaði 70 þúsund krónur, og þessi vatnssala til skipanna var einmitt þýðingarmikill tekjuliður, sem ætlast var til, að bærinn hefði, til að standast þann kostnað. Það virðist því óhjákvæmilegt, að gjöra ráðstafanir til þess að annað eins og þetta geti ekki átt sjer sjer stað framvegis, og það því fremur, sem það eru einkum útlendingar, sem hafa tekið upp á því, að baka bænum tjón á þenna hátt.

Jeg gjöri nú ráð fyrir því, að einhverjir kunni að álíta, að til sjeu einhver lög, sem hægt sje að nota, til þess að koma í veg fyrir þetta, en það er nú samt svo, að yfirvaldið þarna á staðnum treystir sjer ekki til að hafa hemil á því með þeim lögum og reglu-

gjörðum, sem til eru. Og jeg vona, að háttv. deild taki þessu máli vel, þar sem menn vissu ekki áður, að þörf væri á slíkum ákvæðum. Og þótt undanþága verði veitt frá þingsköpum, til þess að koma því fram, þá vona jeg, að það verði ekki skoðað sem hættulegt fordæmi, heldur einmitt sem gott fordæmi um það, að slakað sje á reglunum, þegar það er beinlínis nauðsynlegt.

Samþykt var í e. hlj. að leyfa að taka málið fyrir.

ATKVGR.:
Frumvarpinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var frumv. tekið til 2. u m r. (A. 290).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögnin talin samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 290).
Áður gengið væri til dagskrár og þetta mál væri tekið til umræðu, mælti

Forseti: Út af því, sem fram fór hjer í deildinni í lok síðasta fundar, þegar samþ. var að hætta umr. um síðasta mál á dagskrá (Þorlákshafnarkaup), finn jeg ástæðu til að lýsa yfir því, að jeg tel það eitt rjett samkvæmt 40. gr. þingskapanna, að tillaga um að umræðum skuli lokið, fyrirvaralaust, sje borin undir atkvæði að loknu máli þess þingmanns, er þá hefir orðið, en að það sje ekki heimilt að fresta atkvæðagreiðslu um þetta atriði, þangað til þeir þingmenn hafa lokið máli sínu, er hafa beðið sjer hljóðs, þegar tillagan kemur fram, nje heldur að bera upp tillöguna með þeim fyrirvara, án samþykkis tillögumanna.

Jeg vil því leyfa mjer að skjóta því til háttv. þm, er þeir bera upp ósk um að umræðum skuli lokið, að taka það skýrt fram, hver sje tilætlun þeirra í þessu efni.

Enginn tók til máls um frumvarpið.

ATKVGR.:
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.
(A. 412).

---

9. Stykkishólmsvegur.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi. (A. 197).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 1. u m r.

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson): Jeg hefi talið mjer skylt, að flytja þetta litla frumv. eftir ósk sýslunefndar í Snæfellsnessýslu. Á tveimur fundum hennar, bæði 1914 og 1915, hefir verið farið fram á að fá þá breytingu, sem hjer er um að ræða.

Með þessu litla frumv. er ekki farið fram á mikið, einungis það, að vegurinn frá Borgarnesi að Stykkishólmi sæti sömu meðferð og allir aðrir þjóðvegir landsins. Hjer er því einungis farið fram á, að 1. málsgr. 18. gr. laga um vegi 22. nóv. 1907, sje feld burtu. Hún hljóðar svo:

»Hlutaðeigandi sýslufjelög skulu kosta viðhald þjóðvegarins frá Borgarnesi til Stykkishólms, sem að undanförnu«.

Nú er í frumv. farið fram á, að þessi málsgr. sje feld í burtu. Ekki neitt annað. En samkv. 16. gr. sömu laga verða þó sýslufjelögin að sjá um viðhald vegarins að miklu leyti eftir sem áður. En fáist breytingin, er því samt náð, að fullkomið samræmi kemst á milli þessa vegar og annarra þjóðvega.

9. sept. 1899 voru samþykt lög, þar sem ákveðið var, að leggja skyldi veg frá Borgarnesi til Stykkishólms á kostnað landssjóðs, samkvæmt reglum þeim, er gilda um þjóðvegi, og skyldi viðhald vegarins kostað af hlutaðeigandi sýslum, jafnóðum og vegurinn yrði lagður. En síðan var gjörð breyting á þessu með vegalögunum 22. nóv. 1907. Í 8. tölulið 3. gr. þeirra laga er vegurinn frá Borgarnesi til Stykkishólms tekinn upp í tölu annarra þjóðvega landsins. En í 1. málsgr. 18. gr. sömu laga var þó þessu gamla ákvæði haldið, að hlutaðeigandi sýslufjelög kosti viðhald þjóðvegar þessa, sem að undanförnu.

Nái frumv. fram að ganga, hlýtur þó viðhald þessa þjóðvegar að miklu leyti að hvíla á sýslufjelögunum, eins og viðhald annarra þjóðvega, því samkvæmt 14. gr. laganna 22. nóv. 1907 nyti hann þá sömu rjettinda og aðrir þjóðvegir, þar sem torfærur yrði þá bættar með vegaruðningi og brúargjörð á kostnað landssjóðs. Það er þá þetta eina, sem græðist við breytinguna. Allir sjá því, að hjer er ekki mikið í húfi; en fyrst að vegurinn er þjóðvegur, þá er eðlilegt, að sama regla gildi um hann og aðra þjóðvegu landsins.

Jeg ætla óþarft að lengja umræður um þetta mál frekar, enda get jeg vísað til hins ítarlega erindis sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, er legið hefir frammi í lestrarsalnum. Jeg sting upp á því, að málinu sje vísað til veganefndar.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til veganefndar samþ. með 17 shlj. atkv., en þá nefnd sátu

Jóhann Eyjólfsson,
Pjetur Jónsson,
Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 9. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 197, n 253).

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Jeg skal geta þess, að milli þingsáltill. um endurskoðun vegalaganna, er síðar kemur fram, og þessara vegamála er engin mótsetning. Hún er ekki fram komin til þess að hefta þau.

Jeg skal svo snúa mjer að þessu síðasta vegamáli, sem er enn þá einfaldara og sjálfsagðara en hvert hinna, því að sá vegur, sem þar er um að ræða, er eini þjóðvegurinn á landinu, sem 14. gr. vegalaganna nær ekki til, og breytingin, sem hjer er farið fram á, er, að feld sje burt fyrri málsgr. 18. gr. vegalaganna, til þess að þessi vegur falli undir sömu ákvæði og allir aðrir þjóðvegir. Þetta sýnir, að hjer er um svo sjálfsagða sanngirniskröfu að ræða, að jeg þykist ekki þurfa að orðlengja þetta meira, en vona að það verði samþykt mótmælalaust.

ATKVGR.:

Frv.gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkvæðum.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 274).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 300).

---

10. Prestakallaveitingar.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um veitingu prestakalla,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 419).

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Magnússon: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að þessu máli verði að umræðunni lokinni vísað til prestakallanefndarinnar.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og vísað til prestakallanefndar með 18 shlj. atkv., en í þeirri nefnd sátu þeir:

Stefán Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,
Jón Jónsson,
Sigurður Sigurðsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 44. fundi í Nd., fimtudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 419, n. 552).

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Þetta mál var flutt hjer á þinginu af háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) í Ed., og kemur því þaðan. Vjer nefndarmenn álítum þá breytingu hagkvæma, sem frv. fer fram á, sem sje þá, að prestskosning fari fram í hverri kirkjusókn prestakallsins fyrir sig, en ekki að eins á einum stað, eins og núgildandi lög mæla fyrir. Er þeim sóknum, er prestskosningin fer þá ekki fram í, gjört erfiðara fyrir að nota sinn kosningarrjett, enda mun það ekki svo sjaldan hafa fyrir komið, að flest hin greiddu atkvæði hafa verið úr þeirri kirkjusókninni, er kosningin fór fram í. Það yrði því til verulegra bóta, ef þessu fyrirkomulagi yrði breytt og hluttaka manna fengist þar af leiðandi miklu almennari en verið hefir. Þar sem líka áhugi manna fyrir því að nota kosningarrjett sinn, hlýtur að vera að mestu leyti hinn sami, hvar sem er í prestakallinu, þá er það líka ofur eðlileg breyting, að hverjum kjósanda leyfist að neyta rjettar síns í sinni kirkju.

Málið er mjög rækilega undirbúið, þar sem leitað hefir verið umsagnar nær 200 kirkjusókna og flest allar þeirra hafa tjáð sig með þeim þeim breytingum, sem frumvarpið fer fram á. Annars er þessi breyting í fullu samræmi við þingkosningarnar, þar sem þær kosningar fara nú orðið fram í hverjum hreppi, og koma því á líkan hátt í veg fyrir stífsinnaðar »agitationir« kjördaginn.

Önnur aðalbreyting frumvarpsins er sú, að í yfirkjörstjórn eigi sæti biskup og tveir menn, sem skipaðir eru af stjórnarráðinu, og sóknarnefndir stýri kosningunum hver í sinni sókn. Verður því þessi breyting til þess, að veit-

ing brauðanna fer langt um greiðlegar fram en verið hefir.

Nefndin vill því eindregið mæla með því, að frumvarpið verði samþykt.

ATKVGR.:

1.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

6.—13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

14.—22. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv, vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 419).

Bjarni Jónsson: Má jeg gjöra dálitla fyrirspurn til nefndarinnar?

Það stendur hjer í einhverri greininni: »af sömu gjörð«. Á það ekki að vera »með sömu gjörð«? *(Stefán Stefánsson:* Jú, það á að vera »með sömu gjörð«). Það má þá leiðrjetta þetta sem prentvillu.

Forseti: Jeg ber þá frv. upp með þeim fyrirvara, að þetta sje prentvilla, og eigi að vera »með sömu gjörð«.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 665).

---

11. Dýraverndun.

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýraverndun. (A. 146).

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Jeg og háttv. samþingismaður minn (J. M.) komum fram með þetta frumvarp eftir tilmælum Dýraverndunarfjelagsins. Eina ákvæðið, sem til er í íslenskum lögum um dýraverndun, er í 299. gr. hegningarlaganna, og er hún á þessa leið:

> »Hver, sem verður brotlegur í *þrælslegri misþyrmingu* eða annarri *grimdarfullri og miskunnarlausri* meðferð á skepnum, einkum húsdýrum, skal sæta sektum alt að 100 rd. eða einföldu fangelsi alt að 4 mánuðum«.

Það virðist af orðum laganna, að það þurfi meira en lítið illa meðferð á skepnum, til þess að verða brotlegur. Og eftir þessum lögum er ekki hægt að framfylgja eftirliti með meðferð á skepnum, svo viðunandi sje.

Frumvarpið fer fram á meiri og betri vernd gagnvart skepnunum en felst í lögum þessum. Hygg jeg, að ekki þurfi mörg orð um þetta, því að öllum ætti að vera það ljóst, að þetta lagaákvæði, sem til er, og tryggja á góða og mannúðlega meðferð á dýrunum, er alls kostar ófullnægjandi. En þó má vera, að rjett væri að athuga *þetta* mál nokkru nánar í sambandi við næsta mál, útflutning á hrossum.

Jeg hefi ekki hugsað mjer, að þörf væri á því, að kjósa nefnd í þessu máli, en ef háttv. deild virðist annað um það, skal jeg ekki vera því mótfallinn.

Þorleifur Jónsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að þessu máli verði vísað til landbúnaðarnefndar.

Flutnm. (Sveinn Björnsson): Úr því að þessi uppástunga hefir komið

fram, þá gjöri jeg það að tillögu minni, að sjerstök nefnd sje kosin til að fjalla um þetta mál. Mjer finst fjarri sanni að vísa málinu til landbúnaðarnefndar, bæði af því, að hún hefir þegar mjög mörg mál til meðferðar og því ærið að starfa, og af hinu, að þetta mál er meira almenns eðlis en þau mál, sem til þeirrar nefndar er vísað.

Bjarni Jónsson: Jeg vil sýna háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), að mjer er ekki í hug að skemma mál fyrir honum. Þetta mál er svo almenn mannúðarspurning, að það getur að sjálfsögðu ekki fremur átt heima hjá landbúnaðarnefndinni en hverri annari nefnd. Mannúðleg meðferð á skepnum varðar ekki frekar bændur þessa lands en aðra, því að öllum ætti að vera það sjálfsögð skylda að gjöra sitt ítrasta til þess, að skepnunum liði sem best. Og þó að jeg hafi ekki heimild til þess frá samnefndarmönnum mínum, vil jeg samt beiðast undan því, að málinu sje vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til landbúnaðarnefndar, feld með 14 : 1 atkv.

Till. um að kjósa fimm manna nefnd í málið var samþ. með 18 shlj. atkv.

Með hlutfallskosningu voru þessir kosnir:

Einar Jónsson,
Benedikt Sveinsson,
Stefán Stefánsson,
Sveinn Björnsson,
Björn Hallsson.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 285).

Framsm. (Sveinn Björnsson): Jeg ætla að fylgja þeirri gullvægu reglu, sem fram hefir komið, að vísa til nefndarálitsins, og með það fyrir augum legg jeg það til, að frumvarpið, með brtt. nefndarinnar, verði samþykt.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv., (með því að ekki voru nema 16 þingmenn á fundi).

Brtt. 285,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 285,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. svo breytt og 4. og 5. gr. óbreyttar samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkvæðum.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 322).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 355).

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýraverndun,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 612).

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 612, n. 643).

Framsm. (Sveinn Björnsson): Háttv. Ed. hefir gjört tvær lítilvægar breytingar á frv., sem nefndin ræður háttv. deild til að samþykkja. Jeg skal að eins benda á það, að í 2. gr. frv., eins og það fór hjeðan úr deildinni, stendur: »Frá 1. okt. 1917 skulu allir búandi menn hafa næg hús fyrir allan búpening sinn«. En Ed. breytir þessu svo: »Frá 1. okt. 1917 skulu allir þeir, sem skepnur eiga, hafa næg hús fyrir þær allar«. Svo hefir Ed. bætt inn í 3. gr. orðunum »í brúkun«.

ATKVGR.:
Frv. samþ. með 15 shlj. atkvæðum og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 658).

---

12. Hrossaútflutningur.

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 30. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útflutning hrossa 22. nóv. 1907. (A. 147).

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Sveinn Björnsson): Það er sama um þetta mál að segja og hið næst á undan, að það kemur hjer fram að tilhlutun Dýraverndunarfjelagsins í Reykjavík. Það þarf ekki að fjölyrða um þetta frv. Það eru margir, er finna mjög til þess, að hörmung sje til þess að vita, að hestar skuli vera fluttir út að vetrarlagi, þegar verstu stormviðri og kuldatíð er. Og þeir, sem hafa sjeð hesta um borð, vita hversu afarilla þeim líður.

Annars er þetta mál líks eðlis og málið hjer á undan (Dýraverndun), og að umræðunni lokinni vil jeg óska, að því verði vísað til sömu nefndar.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til dýraverndunarnefndar samþ. með 17 shlj. atkv., en nefnd þá skipuðu þeir
Einar Jónsson,
Stefán Stefánsson,
Bened. Sveinsson,
Björn Hallsson,
Sveinn Björnsson.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 286).

Framsm. (Sveinn Björnsson): Jeg leyfi mjer eins og í dýraverndunarmálinu að vísa til álits nefndarinnar, og legg það til, að frv., með brtt. á þgskj. 286, verði samþykt.

ATKVGR.:
Brtt. 286 feld með 11 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Hjörtur Snorrason,	Guðm. Hannesson,
Jón Jónsson,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Stef. Stefánsson,	Jón Magnússon,
Sveinn Björnsson,	Sigurður Eggerz,

já:	*nei:*
Þór. Benediktsson.	Sig. Sigurðsson,
	Þorleifur Jónsson.

Matthías Ólafsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Guðmundur Eggerz: Jeg óska nafnakalls um sjálft frumvarpið.

ATKVGR.:

Frv. óbreytt samþ. með 19 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Guðm. Eggerz,
Bened. Sveinsson,	Jóhann Eyjólfsson.
Björn Kristjánss.,	
Einar Arnórsson,	
Einar Jónsson,	
Guðm. Hannesson,	
Hannes Hafstein,	
Hjörtur Snorrason,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Matth. Ólafsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Björn Hallsson og Sigurður Eggerz greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd, mánudaginn 16. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 146).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 14 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 356).

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 613).

Á 46. fundi í Nd, mánudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 613, n. 642).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 15 : 1 atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 659).

---

13. Vigtarmenn.

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 24. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilta vigtarmenn. (A. 79).

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 26. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Magnús Kristjánsson): Við flutningsmenn þessa frumv. lítum svo á, að hjer á landi sje nauðsyn á lögum um vigtarmenn, eins og víðar. Þörfin fer vaxandi, af því að verslunin er farin að breytast í það horf, að selja innlendu vörurnar hjer á staðnum, en senda þær ekki til útlanda á eigin ábyrgð, eins og áður hefir ver-

ið venja. Það er því nauðsynlegt, bæði fyrir kaupmenn og kaupfjelög, að geta fengið vottorð um þyngd og gæði vörunnar í einstökum tilfellum. Kaupendur krefjast og þessa. Óhætt er að fullyrða, að einstöku menn hafi orðið fyrir stórtjóni, af því að undirvigt kom fram, er til útlanda kom, enda þótt eigendur væru þess fullvissir, að varan væri rjett úti látin. Það er því, að okkar áliti, síður hætt við að þetta kæmi fyrir, ef frv. þetta næði fram að ganga.

Jeg tel það líklegt, að ekki verði ágreiningur um aðalatriðið, en athugamál, hvort ekki verði deildar meiningar um önnur atriði, t. d. hvernig vigtarmennirnir ættu að vera skipaðir og hverja þóknun þeir eigi að fá. En þar sem jeg hygg, að menn verði sammála um aðalatriðið, þá sje jeg ekki þörf á að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en vonast til, að þessu máli verði vel tekið í deildinni.

Þorleifur Jónsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að skipuð verði 5 manna nefnd í þetta mál.

Matthías Ólafsson: Mætti ekki stinga upp á, að vísa málinu til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR:

Samþ. að vísa málinu til 2. umr. með 19. shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til sjávarútvegsnefndar var samþ. með 14 shlj. atkv., en í henni sátu þeir:

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Guðmundur Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 20. fundi Nd., föstudaginn 30. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 79, 90, n. 139).

Framsm. (Matthías Ólafsson): Eins og jeg hefi tekið fram, og eftir þeirri niðurstöðu, sem nefndin hefir komist að, þá álít jeg nauðsynlegt, að lögum verði komið á um mælingu á vörum En við sáum það og, að menn eru almennt ekki færir um að mæla og reikna rjett út, og þess vegna órjettlátt, að leggja þeim þær skyldur á herðar. Nú er svo með ýmsar vörur, að þær eru bæði taldar og vegnar, og hefði verið ástæða til þess, að láta vigtarmenn hafa þar og tölu á hendi, t. d. á gærum. Jeg ætla annars ekki að tala meir um þetta nú, því að nefndin mun áskilja sjer rjett til þess að koma með brtt. við 3. umr. Jeg legg til að brtt. á þgskj. 90 verði samþykt. Jeg býst ekki við að háttv. þingmenn sjái neitt, sem mæli á móti þessu frumv., heldur að alt sje sem mæli með því. Vona jeg því, að frekari umræður þurfi ekki að verða um þetta að sinni.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi að eins gjöra þá fyrirspurn, hvort hv. nefnd myndi ekki vilja taka til greina brtt. um það, að vogarmenn *(Hannes Hafstein:* Vogamenn!) kæmu í staðinn fyrir vigtarmenn. Benda má 1. þm. Eyf. (H. H.) á, að fleira byrjar á v o g en vogur, t. d. að *voga* sjer aðra eins fyndni og hann kom með.

Framsm. (Matthías Ólafsson): Jeg get vel hugsað mjer, að nefndin sje fáanleg til að íhuga þessa brtt., þó að jeg reyndar ekki fái sjeð að vogarmenn sje neitt heppilegra. *(Bjarni Jónsson:* Það er rjettara). En vel má vist gjöra

það háttv. þm. Dal. til þægðar, að þessir menn verði samnefndir honum.

Bjarni Jónsson: Jeg þakka auð mjúklega, háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) fyrir tillátssemi hans við mig. En annars vil jeg benda háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) á það, að eignarfallið af kvenkynsorðinu vog er ekki hið sama og af vogur. Er það ilt, ef háttv. þm. eru ekki sæmilega kunnandi í móðurmáli sínu.

ATKVGR.:
Brtt. 139,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 139,2 — — 18 — —
og þar með fallin brtt. 90.
Brtt. 139,3 samþ. með 18 — —
1. gr. svo breytt samþ. með 19 shlj. atkvæðum.
Brtt. 139,4 (á eftir 1. gr. komi ný gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. (sem verða 3.—4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkvæðum.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst var frumv. tekið til 3. u m r. (A. 153).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. samþykt með 16 shlj. atkv. og greitt til Ed.
(A. 185).

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um löggilta vigtarmenn,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 542).

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. ágúst, var frumv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 542, n. 645).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 660).

---

14. Útflutningsgjald.

Á. 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald. (A. 291). [Frá fjárlaganefnd Nd.].
Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. ágúst, var frumv. tekið til 1. u m r.

Framsm. fjárlagan. Nd. (Pjetur Jónsson): Nefndin hefir gjört grein fyrir ástæðum sínum og athugasemdum við frumv. þetta. Jeg tel því framsöguræðu óþarfa, og vil því að eins skírskota til þessara ástæðna; vona svo að málið gangi viðstöðulaust til 2. umr.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var frumv. tekið til 2. u m r. (A. 291).

Magnús Kristjánsson: Jeg var því miður ekki viðstaddur síðast, þegar

þetta mál var til umræðu, því að jeg hefði þá lagt til, að fella þetta mál þá þegar. Þegar þessi núgildandi lög um útflutningsgjald af síld voru samin, þá varð ágreiningur um það, hvort rjett væri að leggja á slíka kvöð. Þetta gjald var þungur skattur á síldarútveginn, sem var í barndómi, er lögin voru samin. Innlendir síldarútvegsmenn áttu þá við mikla örðugleika að stríða, og það útheimti mikið fje, að reka slíka atvinnu, sem síldarútgjörðin var þá. Það var því ekki nema eðlilegt, að þá komu strax fram mótmæli frá síldarútvegsrekendum gegn þessu gjaldi. Jeg átti þá þátt í, að ákvæði var sett inn í lögin, sem gjörði það að verkum, að menn sættu sig fremur við kvöðina. Nú er farið fram á, að kippa þessu ákvæði í burtu og það alveg að ástæðulausu. Ef það er viðurkent, að ekki sje rjett, að íþyngja innlendum síldarútvegi meira en gjört er, þá er það ekki rjett að kippa þessu ákvæði burtu. Þetta var viðurkent á þinginu 1907, og því var sett inn það ákvæði, að 10% af útflutningsgjaldinu væri greitt í Fiskveiðasjóð Íslands og þaðan aftur íslenskum síldarútgjörðarmönnum.

Jeg vil nú biðja háttv. framsögum. þessa frumv. að athuga það, að hafi þetta verið rjettlátt 1907, þá hlýtur það að vera órjettlátt að kippa þessu ákvæði burtu nú.

Jeg geng út frá því sem gefnu, að mjer verði svarað því, að þetta sje gjört til þess að bæta landhelgisvarnirnar, og gangi því eins og áður til þess að ljetta undir með síldarútgjörðinni. En til þess er því að svara, að það virðist vera mjög óviðeigandi, að ætlast til þess af útvegsmönnum, að þeir haldi uppi löggæslu á landhelgissvæðinu, auk alls annars, sem þeir greiða í landssjóðinn. Að taka þetta fje af útgjörðarmönnum, er ekki annað en að fara ofan í vasa þeirra eftir því fje, sem landinu í heild sinni ber að borga.

Yrði þetta frumv. samþ. hjer á þinginu, þá er ekki hægt að líta öðru vísi á en að það sje *spor í öfuga átt — brot á allri sanngirni*. Þegar útgjörðarmennirnir fara þess á leit við þingið, að meira sje gjört til að halda uppi löggæslu á landhelgissvæðinu, þá er það frekasta, sem hægt er að heimta af þeim, það, að þeir leggi fram eitthvað mjög lítið á móti landsjóði.

Nú leggur háttv. fjárlaganefnd til, að færa hluttöku þeirra niður í $^1/_3$ á móts við landsjóð. Það mælir líka öll sanngirni með því, að það framlag væri látið hverfa að mestu, sem áskilið er í fjárlögunum, að útvegsmenn leggi fram til landhelgisvarna. Að taka það fje, sem ætlað er til endurgreiðslu á síldartolli til innlendra manna, til greiðslu á kostnaði við landhelgisvarnir, eins og háttv. fjárlaganefnd fer fram á, það er ekkert annað en að bjóða steina fyrir brauð.

Jeg álít, að það sje mjög óviðfeldið að ráða þessu máli til lykta nú, þegar svona fáir þingmenn eru viðstaddir, því að hjer er verið að hafa endaskifti á því, sem þingið 1907 gjörði. Jeg vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá.

Frsm. (Pjetur Jónsson): Við fjárl.-nefndarmenn skiftum svo verkum með okkur, að ekki væri hvert atriði athugað af allri fjárlaganefndinni í heild sinni. Þetta mál, sem hjer liggur nú fyrir, kom þá í hlut hv. formanns nefndarinnar (S. B.). Hann er því miður ekki viðstaddur hjer, og getur því ekki svarað háttv. þm. Ak. (M. K.). En jeg hefi ekki kynt mjer málið sem skyldi.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að hjer væru höfð endaskifti á því, sem þingið 1907 gjörði í þessu máli. Háttv. þm.

veit það vel, að þessi 10. hluti útflutningsgjaldsins, sem rennur til innlendra útgjörðarmanna, var ákveðinn þannig til þess að veita útgjörðarmönnunum hlunnindi, eins og í lögunum stendur: »styðja innlendan síldarútveg«. Það er því ekki rjett hjá honum, að hjer sjeu höfð nokkur endaskifti. Hjer er ekki farið fram á annað en að þetta komi útgjörðarmönnunum til góða á annan hátt. Eða með öðrum orðum, að vernda þá fyrir ágangi útlendra lögbrjóta. Mjer er spurn um það, hvort nokkuð getur miðað betur til þess að styðja innlendan síldarútveg. Mjer er ekki málið svo kunnugt, að jeg viti glögglega, hvort þessi 10. hluti útflutningsgjaldsins hefir dregið útgjörðarmennina nokkuð til muna. En jeg held hann hafi brytjast svo niður, að enginn teljandi stuðningur hafi að honum orðið fyrir neinn mann. Aftur á móti er mjer kunnugt um, að mjög er kvartað yfir, hve örðugt gangi að fá og krefja inn þetta gjald, sem útgjörðarmennirnir eiga að greiða til landhelgisvarnanna á móti landssjóðstillaginu. Jeg er því ekki í neinum vafa um, að rjettast hefði verið, að þessi tilhögun, sem nú er farið fram á, að höfð verði framvegis, hefði verið gjörð í upphafi.

Jeg hygg, að það væri rjettara af hv. þm. Ak. (M. K.) að reyna fremur að koma sjer saman við fjárlaganefndina um þetta mál, heldur en að leggja alla áherslu á, að fá þetta mál drepið nú þegar. Jeg skal ekki segja neitt um, hvort samkomulag getur orðið, en ekki er neinu spilt með að því, reyna það, en þó býst jeg við, að fjárlaganefndin haldi fast við aðalatriði frumvarpsins.

Magnús Kristjánsson: Það gleður mig að heyra háttv. framsögumann (P. J.) viðurkenna það, að fjárlaganefndin hafi ekki athugað þetta mál vel, því að það gefur mjer ástæðu til að ætla, að hún falli þá fremur frá þessu frv. sínu. Mjer heyrðist á hv. þm. S.-Þing. (P. J.), að honum þætti jeg taka illa í málið, þegar jeg sagði, að höfð væru endaskifti á því, sem gjört var í málinu 1907. Jeg get ekki sjeð, að jeg hafi ofmælt. Þegar einhver — hvort það eru nú heldur síldarútgjörðarmenn eða aðrir — biðja þingið um hjálp, þá get jeg ekki kallað það annað en endaskifti, þegar þingið vill veita hjálpina á þann hátt, að fara eftir fjenu ofan í vasa þeirra, sem um hjálpina biðja. Jeg ætla nú að minna háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) á það, að síðastl. ár var ekki veitt til strandvarna norðanlands úr landsjóði, nema 3000 kr., en á sama tíma námu sektir fyrir landhelgisbrot á því svæði fullum 15 þús. kr. Þetta fje rennur í landhelgissjóðinn, svo að með nokkrum sanni má segja, að landið græði stórfje á landhelgisvörnunum, sem síldarútvegsmenn norðan lands hafa kostað að hálfu, að minsta kosti. Það væri því hægt að krefjast þess með fullri sanngirni, að landið tæki að sjer strandvarnirnar skilyrðislaust, eða að minsta kosti einhver hluti sektarfjárins rynni til þessa. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál. Jeg veit ekki, hvort mögulegt verður fyrir mig, að komast að samningum við háttv. fjárlaganefnd um þetta mál, en til þess slíkt sje mögulegt, er eina leiðin, að hæstv. forseti tæki málið út af dagskrá í þetta skifti og frestaði annari umræðu. Jeg vil því ítreka tilmæli mín um það við hæstv. forseta.

Forseti: Út af þessum tilmælum háttv. þm. Ak. (M. K.) vil jeg taka það fram, að jeg sje mjer ekki fært að taka málið út af dagskrá, nema jeg fái einnig tilmæli um það frá háttv. fjárlaganefnd, sem flytur málið.

Framsm. fjárlagan. (Pjetur Jónsson): Jeg skal taka það fram, að jeg sje mjer ekki mögulegt, að leggja það til í nafni nefndarinnar, að málið sje nú tekið út af dagskrá. Nefndin hefir enn ekki hugsað neitt um neinar samkomulagstilraunir, og jeg sje ekki betur, en að hægt sje að reyna slíkt áður en málið kemur til 3. umr., og nægur er tíminn til þess, því fjárlaganefndin hefir oftast fund með sjer á hverjum degi.

Sigurður Eggerz: Í gær var mál tekið út af dagskrá, þrátt fyrir mótmæli framsögumanns, og ætti ekki síður að vera ástæða til að taka þetta mál út af dagskrá.

Forseti: Jeg skal geta þess, að í gær, þegar tillaga til þingsályktunar um kaup á kornvöruforða til tryggingar landinu var til umræðu hjer í deildinni, stóð sjerstaklega á þar sem hæstv. ráðherra þurfti að vera við umræðurnar, en gat ekki verið viðstaddur.

Bjarni Jónsson: Þau fara að verða torskilin, afskifti löggjafarvaldsins, ef þetta, sem hjer um ræðir, á að vera löggjafaratriði. Það ætti að vera nægilegt fyrir deildina, að skora á stjórnina að auka þessa gæslu, og að hún taki fje til þess upp á væntanlega fjárveitingu. Það er undarlegt, hvernig fjárlaganefndin lítur á þetta mál. Það er eins og það eigi að vera náðarbrauð, að menn fái að reka atvinnu sína í friði. En þessi náð var ekki gjöf, því að hún var seld. Það stendur hjer í ástæðunum fyrir frumvarpinu:

»Þegar útflutningsgjald var lagt á síld með lögum nr. 11, 31. júlí 1907, var í 2. gr. laganna ákveðið, að 10% af öllu síldarútflutningsgjaldi skyldi renna í Fiskveiðasjóð Íslands, og skal því fje varið til eflingar síldarútveg innlendra manna«.

»Með lögum nr. 18, 11. júlí 1911 er svo nánar tiltekið, að styrk þessum skyldi úthlutað til útgjörðar skipa þeirra, sem veiðina stunda«.

Nú þegar menn biðja um aukna löggæslu, þá ætlar þingið af náð sinni að láta þetta fje ganga til þess. Hjer er beinlínis verið að taka af mönnum eign þeirra með lögum. Jeg skal ekki segja, að þeir eigi lögsóknarkröfu á þingið, en þeir ættu að eiga það. Þetta ákvæði í lögunum hefir hlotið að vekja hjá þeim eftirvæntingu þess, að fjeð ætti að vera þeirra eign.

Annað eins og þetta er ekki sæmandi fyrir þingið. Það ætti að vera svo trúverðugt, að því mætti treysta til að skrifa upp á smávíxil, án þess að ganga frá undirskriftinni.

Það er sannarlega af vanefnum gjört, ef nú ætti að fara að samþykkja slík lög sem þessi, og jeg álít, að engin örlög sjeu frumv. þessu sæmri en að það verði steindrepið nú þegar.

Sveinn Björnsson: Jeg hefi ekki heyrt allar umræðurnar, en jeg heyrði, að háttv. þm. Dal. (B. J.) leit svo á, að með þessu frumv. væri verið að svifta menn eignum þeirra að ástæðulausu. Frá upphafi var það ætlunin með þessu ákvæði, að þessum hluta sektanna skyldi varið til eflingar íslenskum síldarútvegi. Nú er mjer spurn: Hvað mikið myndi hvern einstakling muna um það, sem honum bæri af þessu fje? Myndi nokkurs manns úgjörð geta oltið á því? Ef þessu verður ekki svarað játandi, þá verð jeg að segja, að ákvæðið nær betur tilgangi sínum, ef þessu fje verður varið til að verja landhelgina. Hjer er

ekki um annað að ræða en að breyta um aðferð til að gjöra hið sama. En ávinningurinn er sá, að með því að nota peningana á þennan hátt, koma þeir vafalaust að meiri notum. Einu sinni hefir áður verið breytt um aðferð í þessu efni, með lögum nr. 18, 11. júlí 1911. Þá var ákveðið, að þessu fje skyldi úthlutað milli útgjörðarmanna. Hjer er aftur verið að breyta um aðferð. Jeg get ekki skilið, hvernig á því stendur, að þetta frumv. skuli mæta mótþróa. Jeg er sannfærður um, að allir þeir menn, sem hlut eiga að máli, mundu harðánægðir með þessa breytingu.

Bjarni Jónsson: Það er að eins dálítil athugasemd í framhaldi af viðræðum háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) við mig.

Síldartollurinn var hækkaður til að ná sjer niðri á erlendum mönnum, sem síldarútgjörð stunda hjer, en það þótti hart, að leggja þann toll á innlenda menn, sem þá atvinnu stunda. Þess vegna var sá krókur fundinn, að borga þeim *lítið* eitt af því aftur. Með lögunum frá 1907 er svo ákveðið, að því fje skuli varið til eflingar síldarútvegi innlendra manna, en með lögunum 1911 var svo nánar ákveðið, að því skyldi úthlutað til útgjörðar skipa þeirra, sem veiðina stunda. Þeim hefir því verið veittur fullkominn eignarrjettur á þessu fje, og þess vegna er það ekki að verða við áskorun þeirra um aukna löggæslu, að taka þetta fje og verja því til hennar. Það geta þeir gjört sjálfir. Þeir biðja löggjafarvald og stjórn um styrk, en þetta er engin hjálp, því að með þessu væri það ranglæti látið skella á þeim nú, sem ekki þótti hæfa að láta skella á þeim áður. Jeg stend fast við að slíkt væri hneyksli.

Magnús Kristjánsson: Það hefir að mestu leyti verið tekið fram, sem jeg ætlaði að segja.

Jeg fór fram á það við hæstv. forseta, að málið yrði tekið út af dagskrá, bæði vegna þess, hve fáliðað er hjer í deildinni, og hins, að jeg bjóst við að fjárlaganefndin væri fús til að taka málið fyrir á ný til frekari íhugunar, eftir því sem ráða mátti af ummælum háttv. framsm. hennar (P. J.). Hæstv. forseti svaraði, að hann myndi ekki taka málið út af dagskrá, nema eftir ósk nefndarinnar.

Nú vil jeg á ný beina þeirri spurningu til formanns nefndarinnar, hvort hann vilji ekki óska, að málið verði tekið út af dagskrá, til þess að vita, hvort ekki geti dregið til samkomulags um það.

Sveinn Björnsson: Jeg skal upplýsa það, að jeg hefi borið mig saman við meðnefndarmenn mína um það, hvort ástæða sje til að taka málið út af dagskrá. Við lítum svo á, að það sje ekki ástæða til þess. Þetta er 2. umr., og ef menn kynnu að vilja koma fram með brtt. við frumv., þá er nægur tími til þess við 3. umr.

Forset bar undir deildina, hvort taka skyldi málið út af dagskrá; var það samþ. með 15 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Arnórsson,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
Hjörtur Snorrason,	Skúli Thoroddsen,
Jóhann Eyjólfsson,	Sveinn Björnsson,
Jón Jónsson,	Þór. Benediktsson.
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Stef. Stefánsson.	

Einar Jónsson, Pjetur Jónsson og Sig. Sigurðsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Fjarstaddir voru: Bened. Sveinsson, Guðm. Eggerz og Þorleifur Jónsson.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. ágúst, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 291, 374).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum um brtt. 374, er var of seint fram komin.

Afbrigðin voru leyfð og samþykt.

Sveinn Björnsson: Þetta mál var tekið hjer út af dagskrá í gær, til þess að vita, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi milli þeirra, sem ekki vildu ganga að því, eins og það lá fyrir, og nefndarinnar. Nú hefir fjárlaganefnd átt fund með sjer og fengið hv. þm. Ak. (M. K.) til viðtals við sig, og niðurstaðan varð sú, að koma fram með brtt. á þgskj. 374, í þeim tilgangi að ná samkomulagi um frumv. og brtt. jafnframt.

Annað hefi jeg ekki að segja af hendi fjárlagan. að svo stöddu.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að eins að gjöra þá athugasemd, að jeg get ekki verið með þessu undir neinum kringumstæðum, ekki heldur þótt þingið ákveði það af mildi sinni, að helmingurinn skuli vera kyrr í vasa manna af því fje, sem átti að vera þar kyrt alt.

Frsm. (Pjetur Jónsson): Jeg skal bæta því við það, sem hv. form. fjárl.n. (S. B.) sagði, að jeg hefi leyfi nefndarinnar til þess að lýsa yfir því, að að svo miklu leyti sem þessi hluti síldartollsins ekki hrekkur til þessa eftirlits, þá standi þessir menn jafnt öðrum að vígi og eigi sama konar rjett til þess fjár, sem í fjárlögunum er veitt til sama konar eftirlits. Þetta er sagt til að sýna það, að hjer er ekki verið að fara fram á neina ósanngirni eða rjettarskerðingu.

Þar sem svo sýnist, sem síldarútgjörðarmenn nyrðra leggi með þessu móti meira fram, sama sem úr eigin vasa, til eftirlitsins, heldur en aðrir styrkþegar, þá er á það að líta, að hjer á líka að leggja meira í kostnað, meðan á eftirlitinu stendur, heldur en annarstaðar, ef 2 mótorbátar verða hafðir við Norðurland, eins og Fiskveiðafjelagið fór fram á.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi áður talað í þessu máli og skal ekki endurtaka það.

Eins og kunnugt er mörgum, sem til þekkja þarna fyrir norðan, þá er eftirlitið þar hvergi nærri nægilegt með einum eftirlitsbát, og því kom fram ósk um það, að fá öðrum bætt við, og að þingið legði í því skyni til meira fje. Nú hefir háttv. fjárlaganefnd ekki sjeð sjer það fært, en í þess stað komið fram með þessa tillögu. Jeg skal nú játa það, að þótt jeg geti frekar gengið að henni en frumv. eins og það var, þá er samt langt frá því, að jeg sje ánægður með hana, en hins vegar treysti jeg því ekki, að frumvarpið verði felt, og vil jeg þá heldur hálfan sigur en algjörðan ósigur.

Það virðist svo, sem fjárlaganefndin hafi í fyrstu ætlast til þess, að auk þeirra 8 þúsund kr., sem hún leggur til að veittar verði í fjárlögunum til landhelgisvarna, gegn $^1/_3$ framlagi annarstaðar að, verði varið í sama skyni úr Fiskveiðasjóði Íslands öllum þeim hluta síldartollsins, sem í Fiskveiðasjóðinn

hefir runnið. Þessu er jeg mótfallinn, vegna þess, að þetta fje er ætlað til endurgreiðslu á síldartolli til innlendra manna. En með því að hjer er fram komin miðlunartillaga um, að helmingi af þessu fje verði útbýtt á sama hátt og öðru, mun jeg ganga að því, svo framarlega sem háttv. framsögum. fjárlaganefndar (P. J.) lýsir yfir því, að ekki sje til þess ætlast, að fje verði lagt fram annarstaðar að, móti því, sem varið verður til landhelgisvarna úr Fiskveiðasjóðnum.

Frsm. (Pjetur Jónsson): Hafi hv. þm. Ak. (M. K.) skilið fjárl.nefndina svo, að hún ætlaðist til framlags frá einstaklingum, á móti því af síldartollinum, sem úr Fiskveiðasjóði gengi til eftirlitsins, þá er það misskilningur. En ef þeir þar nyrðra þurfa til eftirlitsins viðbót úr landssjóði, þá verða þeir auðvitað að leggja þar í móti eins og aðrir. Frá þessu kvikar fjárlaganefndin ekki.

ATKVGR.:

Brtt. 374 samþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. þar með fallin.

2. og 3. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.

Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 17 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. ágúst, var frumv. tekið til 3. u m r. (A. 400).

Frsm. (Pjetur Jónsson): Jeg hefi ekkert um þetta mál að segja, annað en að óska, að það verði afgreitt til Ed.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 445).

---

15. Lögtak og fjárnám.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar 16. des. 1885. (A. 209),

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 7. ágúst, var frumv. tekið til 1. u m r.

Flutnm. (Sveinn Björnsson); Þetta litla frumv. er fram komið eftir ósk ýmsra manna, sem standa að fríkirkjusöfnuðinum hjer í Reykjavík.

Eins og kunnugt er, fylgir lögtaksrjettur kirkjugjöldum þjóðkirkjunnar, en gjöldum fríkirkjunnnr, sem jafnað er niður í samræmi við 2. gr. sóknargjaldalaganna, fylgir ekki lögtaksrjettur. Af þessu hefir leitt það, að ýmsir hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni og gengið í fríkirkjuna, til þess að losna við gjaldið til kirkju. Sá hefir þó aldrei verið tilgangur laganna. En raunin hefir orðið þessi, að ýmsir hafa undanfelt að greiða gjaldið, en hins vegar hefir ekki þótt leggjandi út í, að ná gjaldinu inn með málsókn, sem er dýr, með því að um svo lágar upphæðir er að ræða.

Því væri það heppilegt fyrir fríkirkjusöfnuðinn hjer og ef til vill sams konar söfnuði annarstaðar á landinu, ef þessum gjöldum væri gefinn lögtaksrjettur, enda er það í samræmi við tilgang laganna. Meðan á annað borð er skylt að greiða gjald til einhverrar kirkju, þá er óheppilegt, að menn skjóti

sjer undan gjaldinu, en hjer er nú reynt að hamla því með þessu frumvarpi, sem að eins felur í sjer viðauka við 1. lið 1. gr. lögtakslaganna frá 1885.

Guðmundur Eggerz: Jeg leyfi mjer að leggja til, að 5 manna nefnd sje kosin í málið.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Tillaga um að vísa frv. til 5 manna nefndar feld með 11 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkv.-greiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Arnórsson,
Jón Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Sigurður Eggerz,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Stefán Stefánsson.	Magnús Kristjánss.,
	Sveinn Björnsson.

Jóhann Eyjólfsson, Þorleifur Jónsson og Þór. Benediktsson greiddu ekki atkvæði og voru taldir til meiri hlutans.

Fjarstaddir voru: Eggert Pálsson, Bjarni Jónsson, Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Matth. Ólafsson, Pjetur Jónsson, Skúli Thoroddsen,

---

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 209).

Flutnm. (Sveinn Björnsson): Það hafa ýmsir hjer í háttv. deild látið í ljós við mig, að æskilegt væri og rjett, að þetta mál yrði sett í nefnd. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði sett í málið.

ATKVGR.:

Fimm manna nefnd samþykt með 17 shlj. atkv. Fór fram hlutfallskosning og hlutu kosningu í nefndina:

Benedikt Sveinsson,
Matthías Ólafsson,
Sigurður Sigurðsson,
Þórarinn Benediktsson,
Sveinn Björnsson.

Annari umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til frh. 2. umr. (A. 209, n. 438).

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Í nál. á þgskj. 438 eru í stuttu máli teknar fram ástæðurnar fyrir því, að meiri hlutinn vill láta þetta litla mál ná fram að ganga. Hið eina, sem ágreiningur varð um í nefndinni, er í rauninni formsatriði, sem sje það, hvort fara eigi með Fríkirkjuna sem hverja aðra einstakra manna stofnun, þannig, að ríkisvaldið skifti sjer sem minst af henni og finni því eigi ástæðu til að veita henni slíkan rjett sem lögtaksrjett, eða ekki. Jeg er fyrir mitt leyti á því, að þótt hún sje fjelag einstakra manna, þá skifti ríkið sjer nú þegar svo mikið af henni, að hún sje að hálfu leyti opinber stofnun. T. d. ákveður hið opinbera, hverjir vera skuli forstöðumenn hennar, og sömuleiðis lágmark gjaldanna til hennar. Þetta álít jeg að ætti að nægja til að heimila það, sem hjer er farið fram á, því að rjettur og skylda eiga að fylgjast að, og eins og hið opinbera leggur skyldur á Fríkirkjuna, eins og jeg nefndi áðan,

eins á það líka að veita henni sjálfsögð rjettindi, sem svara til skyldnanna, svo sem það, er hjer ræðir um.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar.

Framsm. minni hl. (Benedikt Sveinsson): Eins og sjest á nefndarálitinu, erum við tveir af nefndarmönnum ekki á sama máli og hinir. Samt þótti okkur ekki taka því, að fara að rita sjerstakt nefndarálit, heldur ætlum að láta okkur nægja, að gjöra grein fyrir skoðun okkar hjer í deildinni, því málið er einfalt.

Við viljum ráða háttv. deild til að fella frumvarpið, því að við álítum það ekki nauðsynlegt, að veita Fríkirkjunni þessa heimild. Yfir höfuð ætti hið opinbera sem minst að skifta sjer af söfnuðunum, hver gjöld þeir greiði o. s. frv. Um þetta var nefndin öll sammála, og af þeirri ástæðu bárum vjer fram frv. til laga um breyting á sóknargjaldalögum, þar sem farið er fram á það, að ekki sje hlutast til um lágmark gjaldanna, og er þá því frekar ástæða til að hlutast ekki til um það, hvernig farið er að ná þeim inn.

Nú eru til hjer á landi margar fríkirkjur, þótt síður sje að kalla þá eina því nafni, sem er jafn »rjetttrúuð« og ríkiskirkjan lútherska, því að auk hennar eru hjer bæði kaþólskir menn og aðventistar, sem kirkju hafa og söfnuð, og með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, öðlast þeir einnig þenna rjett. Fer því fjarri, að þeir hafi farið fram á slíkt, svo að hjer er farið að hlutast til um þeirra málefni að þeim fornspurðum, en við teljum ekki rjett að vera að blanda sjer í slíkt. Einnig væri það eins dæmi, að veita »privat« fjeiögum slíkan rjett, sem þann, sem hjer er um að ræða, einkum ef þau standa að einhverju leyti undir umsjón hins opinbera. Það eru ýms fleiri fjelög, sem gjaldkvaðir eiga og háð eru eftirliti stjórnarinnar, og dettur þó engum í hug, að veita þeim lögtaksrjett. Enn fremur teljum við það vera heldur í þvingunaráttina, ef þetta yrði samþykt, því að við teljum alt slíkt eiga að vera á valdi safnaðanna sjálfra.

Jeg vona því, að frumvarpið falli.

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Háttv. framsm. minni hlutans (B. S.) lagði, eins og jeg vissi, aðaláhersluna á það, að Fríkirkjan væri einstakra manna fjelag. En jeg benti á, að þessi fjelög væru að því leyti frábrugðin öðrum, að hið opinbera legði á þau gjaldskyldu, en ekki eins og oftast tíðkast í öðrum fjelögum, að fjelögin leggi þau sjálf á meðlimi sína. Nei, hið opinbera heimtar þetta og sömuleiðis það, að ekki sjeu aðrir, sem stjórni þessum fjelögum, en þeir, sem það löggildir til þess. Jeg veit nú ekki, hvort háttv. þingmaður getur bent mjer á önnur fjelög, hliðstæð þessu.

Þá vildi háttv. þm. (B. S.) láta það skiljast, að þetta væri ekki með þeirra vilja gjört, sem hlut ættu að máli. Út af því skal jeg benda á það, að frv. er fram komið beint eftir ósk fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, og jeg hygg, að aðrir söfnuðir, sem hlut eiga að máli, vilji það líka gjarna, enda er það ekki of mikið, eins og jeg benti á áðan, þótt sá rjettur komi á móti skyldunni, sem hið opinbera leggur þeim á herðar.

Háttv. framsm. minni hl. (B. S.) gat þess, að samkomulag hefði verið í nefndinni um frv. um breytingu á sóknargjaldalögunum, og játa jeg að það er rjett, en það snertir ekki þetta mál beinlínis. En þótt svo væri, þá ættu þeir tvímenningarnir einmitt að greiða þessu frv. atkv. til 3. umr. nú, til þess

að sjá, hverning hinu reiðir af, ef þeir vilja halda sambandinu á milli þeirra, því að það væri of hart að skera þetta niður, ef hitt yrði ekki samþykt.

Framsm. minni hl. (Benedikt Sveinsson): Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) leggur mikla áherslu á það, að það sje ekki nema rjett að veita kirkjufjelögum lögtaksrjett, þar sem hið opinbera legði á þau gjaldskyldu, og væri það frábrugðið því, sem gjörist um önnur fjelög. Látum svo vera, að þau vilji það, en nú hefir þó eigi komið fram ósk í þessa átt, nema frá einu einasta slíku fjelagi í landinu. En þar sem nú er bent á aðra leið í hinu frv., sem um er að ræða, til þess að losa söfnuðinn við kvaðir af hálfu hins opinbera, þá fellur sú ástæða burt, ef það frv. er samþykt. Rjettindakrafan fellur niður, ef skyldunni er ljett af. Og þótt ekki kunni að vera alveg eins varið með önnur fjelög, þá hefir þó hið opinbera á ýmsan hátt hönd í bagga með starfsemi margra þeirra og leggur á þau kvaðir, og fylgir því þó ekki lögtaksrjettur. T. d. er Bókmentafjelagið styrkt af hinu opinbera og kröfur gjörðar til þess, að það standi í skilum um ákveðna útgáfu bóka, og verður það þó að eiga alla innheimtu undir sjálfu sjer og er ekki styrkt með lögtaksrjetti. Jeg jata það, að hjer er ekki alveg eins ástatt, en líkt er það.

Enn fremur má minna á það, að nú er að eins ákveðið lágmark gjaldanna til þessara safnaða af hinu opinbera, en oft er það, að meðlimir þeirra gangast undir það, að gjalda meira, og mætti þá spyrja, ef 5 kr. hefði verið lofað, hvort lögtaksrjetturinn ætti að ná til þeirra allra, eða að eins kr. 2,25. Þetta ætti að koma skýrt fram, því að ella getur þetta valdið þrætum.

Á hinn bóginn eru það eins dæmi, að semja lög um lögtaksrjett á *gjöfum*. Jeg veit þess að minsta kosti engin dæmi í nokkurri löggjöf í heiminum. En það, sem menn borga í söfnuðum umfram lögboðið skyldugjald, það eru gjafir. Frumv. er og fram komið eftir óskum einnar fríkirkju hjer í bænum, en þær munu vera þrjár hjer alls, fyrir utan smærri söfnuði, er óháðir eru þjóðkirkjunni, svo að jeg sje enn síður ástæðu til þess að taka þetta til greina. Jeg held algjörlega óvíst, að þessir fríkirkjusöfnuðir kæri sig minstu vitund um það, að hið opinbera sje nokkuð að vasast í þeirra málefnum. Samkvæmt þessu, er jeg nú hefi sagt, get jeg ekki breytt skoðun minni í þessu máli, þrátt fyrir skýringar háttv. 1. þm. Reykv. (S. B.).

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra örstutta athugasemd, ef hún mætti verða til þess að breyta skoðunum háttv. þm. N.-Þing. (B. S.). Hann álítur ekki nægilega tekið fram hvort lögtaksrjetturinn skuli ná til gjafa. En í frumv. stendur: »enda sje *niðurjöfnunin* staðfest af stjórnarráðinu«, svo grundvöllurinn er svo skýr og ákveðinn, sem mest getur verið. Svo ef hv. þm. N.-Þing. (B. S.) hefir ekki aðra ástæðu fram að færa fyrir skoðun sinni, þá getur hann vel greitt frumv. atkv. sitt. Hann talaði og um, að þessi áskorun væri komin frá að eins einni fríkirkju af þremur hjer í bænum. En jeg hygg, að oft sje því þannig varið, að ef löggjafarþing samþ. einhver lög, sem veita einhverri stjett manna, sjerstök hlunnindi eða rjettindi, þá sje það ekki alt af af því, að meiri hluti þeirrar stjettar manna hafi farið fram á það við þingið, að þeir fengju þessi rjettindi. Ef nú þessi rjettindi væri þannig löguð, að þau *skylduðu* söfnuðina að ná inn gjöldum sínum með lögtaki, þá væri

skiljanlegt, að mönnum þætti það óviðkunnanlegt ákvæði, en það er svo langt frá að þetta sje tilfellið, að frumvarpið *heimilar* að eins lögtak, en *býður* það ekki. Jeg hefi því fylstu ástæðu til þess að halda, að háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) greiði frumv. atkvæði sitt við 3. umr, þegar jeg hefi leiðrjett þenna misskilning.

ATKVGR.:
Frvgr. samþ. með 15 : 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 samhlj. atkvæðum.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 209, 509).

Ráðherra; Jeg á eina brtt. á þgskj. 509. Það er í rauninni formsbreyting, en eigi efnisbreyting, að eins um orðun á frumvarpsgreininni.

Mjer finst það fara lögulegar, að frumvarpið sje sjálfstæður viðauki við lögin nr. 29, 16 des, 1885, heldur en innskot í þau.

Ef brtt. mín verður samþykt, þá má auðvitað telja fyrirsögnina samþykta án atkvgr.

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson); Jeg skal leyfa mjer að lýsa yfir því, að nefndin felst á breytinguna, og leggur til, að hún verði samþykt.

ATKVGR:
Brtt. 509,2 samþykt með 13 samhlj. atkv.
Brtt. 509,1 (fyrirsögn) samþykt án atkvgr.
Frumv. samþ. með 14 : 1 atkv. og afgreitt til Ed.
(A. 533).

---

16. Líkbrensla.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt
Frumvapi til laga um líkbrenslu. (A. 204).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Sveinn Björnsson): Eins og háttv. deild er kunnugt, þá var ætlast til þess, að kirkjugarðsnefndin íhugaði líkbrenslumálið. Að málinu athuguðu hefir hún ekki sjeð sjer fært að leggja það til, að komið yrði hjer á stofn líkbrenslu að svo stöddu. En hún er málinu hlynt og þykir æskilegt, að það mál kæmist í framkvæmd, er tök væru á því. En hjer vantar lög um þetta, sem ákvæðu, undir hvaða skilyrðum líkbrensla geti farið fram. Jeg hefi því leyft mjer að koma fram með þetta frumv. Það er ekki flókið eða margbrotið, og ef háttv. deild áliti málið þess virði, að það næði fram að ganga, þá sje jeg ekki sjerstaka ástæðu til þess, að nefnd fjalli um þetta mál.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Tillaga um að vísa málinu til kirkjugarðsnefndar samþ. með 14 : 3 atkv., en í þeirri nefnd áttu sæti þeir:
Matthías Ólafsson,
Jón Magnússon,

Hjörtur Snorrason,
Guðm. Hannesson,
Þór. Benediktsson.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 204, n. 384, 385).

Framsm. (Guðm. Hannesson): Nefndarálitið er stutt, og er það af því, að nefndin hafði lítið sem ekkert við frumv. að athuga. Eina örlitla brtt. hefir nefndin borið fram. Hún er að nokkru leyti orðabreyting, en að öðru leyti á hún að koma í veg fyrir, að deilur verði á milli vandamanna hins látna.

Þegar nefndin ræddi um kirkjugarðsmálið, kom það til tals, að nefndin flytti frumv. um líkbrenslu. En að hún gjörði það ekki, kom af því, að hún taldi litlar líkur til, að einstakir menn mundu fyrst um sinn hefjast handa í þessu máli, eins og víðast hvar hefir orðið ytra, þar sem þetta er komið á rekspöl. En úr því að einhver von er um, að einstakir menn slái sjer saman, til þess að koma þessu fyrirtæki á fót, þá þykir nefndinni gott, að frumv. er komið fram, og leggur því til, að það verði samþykt.

ATKVGR.:

1. gr. frv. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 385 samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. frv. svo breytt samþ. með 15 shlj. atkv.

3., 4. og 5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 451).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 483).

---

17. Sjúkrasamlög.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög. (A. 212).

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Sveinn Björnsson): Hjer er um einfalt mál að ræða. Frv. er komið fram samkvæmt óskum sjúkrasamlaganna hjer á landi. Það fer sumpart fram á það, að landssjóðsstyrkurinn til sjúkrasamlaganna sje hækkaður, og sumpart að hækka launatakmarkið.

Þar sem nú gjöra má ráð fyrir, að þingið nú sje sama sinnis, sem þingið 1911, þá vænti jeg, að frv. fái góðan byr, og muni jeg því ekki þurfa að lýsa því, hve þörf þessi stefna er, og hver blessan fylgir henni.

Sigurður Eggerz: Af því að hjer er um all-þýðingarmikið mál að ræða, leyfi jeg mjer að leggja til, að kosin verði í það 5 manna nefnd.

Flutnm. (Sveinn Björnsson): Eins og kunnugt er, þá hafa flestir eða allir þingmenn nú ærið að starfa við nefndarstörf, svo að ekki er á bætandi,

enda ætti það að vera reglan, að setja aldrei nefnd í hin smærri mál.

Ráðherra: Jeg vil vekja athygli á því, hvort ekki mætti vísa þessu máli til nefndarinnar, sem kosin var til að athuga frv. um slysaábyrgð. *(Margir:* Því var vísað til sjávarútvegsnefndar). Þá mætti ef til vill einnig vísa þessu frv. til sömu nefndar.

Sigurður Eggerz: Jeg tel það ekki verjandi, að láta svo merkilegt mál, sem þetta, fara nefndarlaust gegn um deildina. Jeg álít ekki við eiga, að vísa því til sjávarútvegsnefndar nje landbúnaðarnefndar, enda hafa þær mjög mikið að gjöra. Jeg held fast við þá tillögu, að skipuð sje sjerstök nefnd í málið.

ATKVGR.:

Frumvarpinu visað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Till. um 5 manna nefnd samþ. með 14 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Benedikt Sveinsson,
Sigurður Sigurðsson,
Jóhann Eyjólfsson,
Björn Hallsson,
Sveinn Björnsson.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 212, n. 389, 457).

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Eins og sjá má á nefndarálitá þgskj. 389, hefir nefndin gjört tvær brtt. við frumv., þannig, að landssjóðstillagið verði að sinni eigi hækkað meira en upp í kr. 1,50 fyrir hvern samlagsmann í kaupstöðum og kauptúnum, sem læknir er búsettur í, í stað þess, sem farið var fram á í frumvarpinu, að það yrði hækkað úr einni krónu upp í tvær, en annarstaðar upp í kr. 2,25.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þessi atriði, en get vísað til þess, sem tekið er fram um þetta í nefndarálitinu og breytingartillögunni. Sama er að segja um hina breytinguna, að full sanngirni virðist mæla með því, að launahámark samlagsmanna sje hækkað. Ef það væri ekki gjört, myndu samlögin fara varhluta af fjölda þeirra manna, sem annars myndu ganga í þau, þ. e. handiðnarmenn og verslunarþjónar. En að laun flestra manna úr þessum flokki eru nú hærri en 1200 kr., stafar sumpart af því, að verðgildi peninga hefir lækkað svo mjög á síðari árum, síðan lögin voru samþykt. Nefndin hefir því hækkað launahámarkið úr 1200 kr. upp í 1800 krónur, en ekki sjeð sjer fært, að hækka það upp í 2000 kr., eins og frumvarpið gjörir ráð fyrir.

Það hefir komið fram viðaukatillaga frá mjer á þgskj. 457. Það stendur þannig á henni, að eftir að nefndin hafði lokið störfum sínum og nefndarálitið var prentað, upplýstist það, að sjúkrasamlag eitt, og það jafnvel það elsta hjer á landi, yrði útilokað frá að geta notið hlunninda sjúkrasamlaganna af sjerstökum ástæðum, ef frv. yrði samþ. eins og það lá fyrir; og það var af þeim ástæðum, að af 78 meðlimum fjelagsins voru 2 eða 3 menn, sem höfðu hærri laun en gjört er ráð fyrir í seinni brtt. á þgskj. 389. Fjelag það, sem hjer er um að ræða, er sjúkrasamlag prentara í Reykjavík, sem stofnað var 1897. Þess vegna kom jeg fram með viðaukatillöguna á þgskj. 457, sem fer fram á, að sjúkrasamlag þetta sje undanþegið ákvæði frv. um ákveðið launahámark. Það virðist vera hart fyrir fjelag, sem starfað hefir nálega í 20 ár, og varð til þess að

brjóta sinn fyrir þessari hreyfingu, að menn, sem í því eru, færu varhluta af þeim hlunnindum, er sjúkrasamlögin veita; því að annað hvort yrði sjúkrasamlag þetta, að verða án allra hlunninda, sem það annars gæti átt von á, eða reka þessa 2 eða 3 menn úr samlaginu. En það virðist ekki vera sanngjarnt, þar sem þeir menn nú hafa goldið iðgjöld í nærfelt 20 ár.

Af þessum ástæðum vonast jeg til þess, að háttv. deild verði því ekki mótfallin, að breyta þessu í lögunum. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum um brtt. 457, er var of seint fram komin, og voru þau leyfð og samþykt.

ATKVGR.:
Brtt. 389 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr. þar með ákveðin.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Viðaukatill. 457 samþykt með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkvæðum.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 469).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.
(A. 500).

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. september, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 731).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. september, var frv. tekið til einnar umr. (A. 731, n. 763).

Framsm. (Sveinn Björnsson): Háttv. Ed. hefir gjört lítilfjörlegar breytingar á frumvarpinu, og hefir nefndin orðið sammála um að fallast á þær.

ATKVGR.:
Frumvarpið samþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 791).

---

18. Síldarskoðun.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 506).

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Sveinn Björnsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu verði, að lokinni umræðu, vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkvæðum og vísað til sjávarútvegsnefndar með 15 shlj. atkv., en í henni voru þeir

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Guðmundur Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 506, n. 626).

Framsm. (Matthías Ólafsson): Þetta frv., sem hjer er um að ræða, kom fyrst fram í háttv. Ed. Ástæðan er sú, að það er í fyrsta skifti í ár, að síld er veidd fyrir Vesturlandi til útflutnings, og má búast við, að svo verði framvegis. Þess vegna er nauðsynlegt, að hafa þar síldarmatsmann, eins og t. d. á Siglufirði. En í háttv. Nd. komu fram tilmæli um það, að best myndi að binda ekki starfssvið hans við Bjargtanga, heldur við Öndverðanes, þar eð líkur væru til, að farið yrði að veiða síld á Breiðafirði áður en langt um liði. Nefndinni virðist það sennilegt og sanngjarnt, að hann sitji þá á Ísafirði og hafi svo yfirsókn alt til Öndverðaness. Nefndin hefir því leyft sjer að koma fram með brtt. í þessa átt, og ræður svo hátt. deild til að samþykkja frv. með þeirri breytingu.

ATKVGR.:

Brtt. 626 samþykt með 15 samhljóða atkvæðum.

1. gr. svo breytt og 2. gr. óbreytt samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkvæðum.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 2. september, var frv. tekið til 3. umr. (A. 681).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 14 samhljóða atkv. og endursent til Ed.

(A. 681).

---

19. Áfengir drykkir.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 541).

A 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Magnússon: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað, að loknum umræðum, til nefndar þeirrar, sem fjallar um breytingu á bannlögunum.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umræðu með 14 shlj. atkv. og til bannlaganefndar með með 13 shlj. atkv., en þá nefnd skipuðu þeir

Pjetur Jónsson,
Jón Magnússon,
Sigurður Eggerz,
Jón Jónsson,
Sveinn Björnsson.

A 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. september, var frv. tekið til 2. umr. (A. 540, n. 713).

Framsm. (Sveinn Björnsson): Jeg vænti þess, að háttv. þingdeildarmenn hafi lesið álit nefndarinnar. Þar er alt sagt, sem hægt er að segja um þetta mál. Nefndin hefir öll orðið sammála um að samþykkja frumvarp þetta óbreytt, eins og það kom frá háttv. Ed. Jeg þarf þess vegna ekki að orðlengja málið frekar.

ATKVGR.:
1.—3. gr. frumv. samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—7. gr. frumv. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frumvarpsins samþykt án atkvgr.
Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. september, var frv. tekið til 3. umr. (A. 541).

Leyft með afbrigðum frá þingsköpunum, að taka málið til umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.:
Frumvarpið samþykt með 12 : 8 atkvæðum og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 815).

---

20. Verkfall opinberra starfsmanna.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um verkfall opinberra starfsmanna,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 769).

A 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. september, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Þetta frumvarp var borið fram í efri deild af 4 þingmönnum, og samþykt þar, með einum viðauka, með 12 atkvæðum gegn 1 að viðhöfðu nafnakalli.

Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að mæla mörgum orðum með frumvarpinu. Jeg tel sjálfsagt, að enginn neiti því, að þörf sje á lögum um þetta efni, eftir þá atburði, sem hjer hafa gjörst.

Í öðrum löndum eru lög sett um þetta efni, t. d. á Frakklandi, og þar lagt tveggja mánaða fangelsi við sams konar samtökum og talað er um í þessu frumvarpi. 144. gr. hegningarlaganna kann að ná til verkfalls, en vafasamt, hvernig dómstólarnir mundu líta á það mál, sjerstaklega þar sem löggjafinn mun ekki hafa haft þess konar tilfelli í huga.

Þar sem nú er áliðið þingtímans og mig væntir, að menn játi, að nauðsyn sje á lögum um þetta efni, þá vona jeg, að deildin láti frumvarpið ná fram að ganga nefndarlaust eins og Ed.

Bjarni Jónsson: Jeg legg til, að 5 manna nefnd sje kosin til að athuga frumvarpið.

ATKVGR.:
Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.
Tillaga um nefnd feld með 13 : 3 atkv.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. september, var frv. tekið til 2. umr. (A. 769, 795)

Forseti: Jeg skal geta þess, að frumv. þetta þarf afbrigði frá þingsköpunum, og skal jeg svo, að fengnu leyfi hæstv. ráðherra, bera það undir háttv. deild, hvort umræður um það skuli leyfðar.

Leyfið veitt með öllum þorra atkvæða.

Bjarni Jónsson: Jeg tel lög þessi mjög nauðsynleg, og þinginu skylt að sjá um, að verkamenn geti ekki algjörlega sett vinnuveitendum stólinn fyrir dyrnar og heft með því framkvæmdir og ónýtt unnið verk. En lögin geta verið of hörð. Jeg tel það ákvæði ranglátt í frumvarpinu, sem meinar verkamönnum að krefjast uppbótar á kaupgjaldi sínu, meinar þeim það, nema því að eins, að þeir í auðmýkt snúi sjer til vinnuveitanda. Það þarf ekki svona hörð lög. Það má nærri geta, að vinnuveitendur sinna engum kröfum um kauphækkun, þegar þeir hafa svona ströng lög að baki sjer. Það er ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt, að þetta fólk geti átt tal við yfirboðara sína og haft einhverja von um árangur. Hagur lands og þjóðar er trygður með breytingartillögunni frá okkur á þgskj. 795, og byrjar svo: »Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 1. gr. o. s. frv.«. Eins og sjest á þessari brtt., sem komið hefir áður fram í Ed., þá er svo ætlast til, að gjörðardómur skeri úr ágreiningi, sem verða kann, á milli starfsmanna og vinnuveitanda, og þegar starfmennirnir skipa einn dómara og vinnuveitandi annan og landsyfirdómur þann þriðja, þá get jeg ekki betur sjeð en hagur landsins sje fullkomlega trygður. Jeg álít að lögin verði nógu ströng með þessu, og vernda þar að auki landið gegn fyrirvaralausri uppsögn einn góðan veðurdag. Menn segja ekki upp vinnu, nema allar leiðir sjeu lokaðar. En ef svo er, þá geta allir starfsmenn bundist samtökum um að hætta vinnu kl. 12 á hádegi. Það er ekki verkfall að segja upp vinnu, slíkt er öllum heimilt, nema samningar sjeu um einhvern ákveðinn tíma. Í stað verkfalls gætu allir sagt upp, og frumv. byrgir ekki þann brunn.

Um sektir þær, sem talað er um í 1. gr. frumv., sem verður 2. gr. samkv. brtt. okkar, þá er það að segja, að þær eru alt of háar. Það virðist hæfilegt, að þær væru 100—1000, en ekki 500—5000 kr.

Verkfall er hlutur, sem ekki er óþektur í heiminum, og er heldur ekki talinn neinn glæpur. Starfsmenn við járnbrautir á Frakklandi, sem eru landsins eign, gjörðu verkfall í vetur, og stjórnin hafði ekki önnur ráð en að kalla þá í herinn, og skylda þá sem hermenn að halda áfram starfi sínu.

Jeg sje ekki ástæðu til að gjöra meira í þessu máli. Ríður á að tryggja landið gegn verkföllum opinberra starfsmanna þess, og það er trygt með frumvarpinu, og þó enn betur með tillögu okkar.

Mæli jeg með því, að samþykt verði frv. þetta með brtt., sem við berum fram, sem gjöra frumv. bæði mannúðlegra og aðgengilegra til fylgis og framkvæmda og heppilegra til úrslita.

Ráðherra: Þessar brtt., sem fram eru komnar, eru þær sömu og í Ed, og það svo nákvæmlega þær sömu, að jafnvel formlegar villur eru ekki leiðrjettar.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) lítur svo á, að með áorðnum breytingum sje það trygt, að opinberir starfsmenn geti sagt af sjer, en þetta er ekki rjett, því að opinberir starfsmenn geta ekki sagt af sjer fyrirvaralaust. En ef brtt. nær fram að ganga, þá væri betra að hafa

engin lög; því að samkvæmt henni gætu allir starfsmenn sagt af sjer og lagt málið í gjörðardóm. Þá gæti svo farið, að landssjóður yrði að borga svo og svo mikið, og þar með tekið fjárveitingarvaldið af þinginu og fengið í hendur gjörðardómi. Ef þessi brtt. nær fram að ganga, verður landsstjórn og þing alveg máttlaust gagnvart starfsmönnum sínum. Jeg býst við að önnur tilfinning hafi vakað fyrir flutningsmönnum þessa frumvarps. Háttv. þm. Dal. (B. J.) áleit, að landinu væri borgið, ef breytingartillögurnar næðu fram að ganga, en því fer fjarri, að svo sje; það getur þvert á móti kostað landið stórfje, auk þess sem það er viðurhlutamikið fyrir þingið, að afsala sjer fjárveitingarvaldinu. Það er því gjörsamlega rangt hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að brtt. útiloki þá hættu.

Í Ed. var komist svo að orði, að menn mættu ekki einu sinni kvarta. En það er alls eigi svo að skilja, að mönnum sje bannað að berjast fyrir launahækkun og rjettarbótum á rökrjettan og sæmilegan hátt. Hitt er satt, að kúgun viljum við ekki þola.

Opinberir starfsmenn standa betur að vígi en aðrir, því að þó að ekki gangi saman með þeim og stjórninni, þá geta þeir farið til þingsins og sannfært þingmenn. Þeir standa einnig betur að því leyti, að ekki getur til þess komið, að þeir missi atvinnu sínu fyrir lock aut. Auk þess hafa þeir eftirlaun, og er varla vikið úr stöðunni fyrr en þeir hafa reynst óhæfir til hennar. Það er öllum ljóst, að það er mikilvægt atriði, ef hægt væri að koma í veg fyrir, að menn leggi niður verk sitt, og vitanlega eru hagsmunir landsins í voða, ef starfsmenn þess leggja niður vinnu sína.

Það er ekki rjett hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að verkfall sje ekki talið refsivert í öðrum löndum. Hann nefndi Frakkland. Þar varðar það tveggja mánaða fangelsi hið minsta, og hjer gæti það ef til vill heimfærst undir 144. gr. hegningarlaganna. Í Noregi er það einnig talið hegningarvert. Ef þessi brtt. verður samþykt, þá væri betra að hafa engin lög um þetta atriði, önnur en þau sem nú gilda.

Bjarni Jónsson: Það er ýmislegt sem hæstv. ráðherra vildi bera í bætifláka um þetta atriði. En hann sannfærir engan og ekki einu sinni mig, sem þó er auðvelt að sannfæra, ef rök eru. Það kann að vera rjett hjá honum, að embættismenn geti ekki gengið burtu eða sagt upp starfi sínu fyrirvaralaust, en hitt er víst, að sýslunarmenn geta það. Hann óttast dóma, en það er ekki hætt við hann verði dæmdur til að borga. *(Ráðherra:* Það væri gaman að sjá hv. þm. Dal. (B. J.) sem oddamann í þessum gjörðardómum hans).

Jeg veit að þm. Dal. mundi bera þá stöðu betur en margur annar, og að minsta kosti er það meira en hægt er að segja um marga af þeim, er skipa landsstjórn oft og einatt. En svo jeg víki að málefninu aftur, þá getur það ekki komið til neinna mála, að samkvæmt þessar brtt. okkar afsali þingið sjer fjárveitingarvaldinu. Eins og menn vita, hefir stjórnin vald til að ákveða verkakaup; einungis verður þingið að samþykkja það síðar. Enda væri það erfitt fyrir þingið, ef það ætti að ráða öll sín hjú og ákveða laun þeirra í svipinn. Nei, það getur ekki komið til greina, að tekið sje fram fyrir hendurnar á fjárveitingarvaldinu með þessari breytingartillögu okkar. Hæstv. ráðherra talar um, að yfirboðarar sjeu máttlitlir gegn undirmönnum sínum, en jeg fæ ekki betur sjeð en að landið sje fullkomlega trygt, þó málið sje lagt í gjörðardóm, þegar honum er svo hagað, sem breytingartillagan segir fyrir, enda er óþarft að gjöra endilega

ráð fyrir því, að kröfur verkamanna um kauphækkun sjeu endilega ósanngjarnar, og ótrúlegt, að stjórnin þurfi að nota sultinn sem keyri á starfsmenn landins. Hæstv. ráðherra mintist á það, að hjá mörgum þjóðum væri til lög um verkfall, sem legðu meiri og minni refsingar við. En eins og flestir vita, þá er verkfall neyðarvörn fyrir heilan flokk manna, og sama er að segja um opinbera starfsmenn, ef þeir hafa engin vopn til að knýja fram kröfur sínar. Ef að verkamenn og opinberir starfsmenn gætu ekkert frekara gjört en senda vinnuveitanda sínum auðmjúkt bænarskjal um launaviðbót, þá gjöri jeg ráð fyrir, að hver og ein stjórn mundi daufheyrast, ekki síst á erfiðum tímum.

Það er full tryggilegt fyrir land og þjóð, að stjórnin skipi annan dómarann, en æðsti dómstóll landsins hinn. Mjer er sama þótt hæstv. ráðherra nefni annan enn þá óttalegri mann en hann nefndi áðan. Það er miklu betra vopn heldur en ströng lög, að tryggja landinu og einstaklingunum góða gjörðardóm í ágreiningsmálum. Auk þess er það bæði viturlegra og mannúðlegra. Það þýðir ekki neitt, þótt hæstv. ráðh. telji agnúana á lögunum formsatriði. Það sýnir ekki annað en það, að lögin eru eins og mennirnir, ekki eins góð og þau ættu að vera. Þótt hægt sje að finna einhver ákvæði í hegningarlögum annara landa, sem beita má óviturlega gegn því, sem ekki er hegningarvert, þá efast jeg um, að það sje nokkur grein til í íslenskum hegningarlögum, sem hægt sje að teygja út yfir þetta, því að þetta er í eðli sínu alls ekki glæpsamlegt. Má vera að landið einn góðan veðurdag standi vopnlaust uppi gagnvart verkfalli. Ef það er þá trygt, þá nægir. — Þetta mál er í eðli sínu ofur einfalt, og það vona jeg að allir sjái. Þessir starfsmennn eiga að hafa einhvern veg til að ná sínum rjetti, eins og aðrir menn.

Hvað sem öðru líður, þá hefi jeg þó að minsta kosti gjört sjálfum mjer það þægðarverk, með því að bera fram þessar brtt., að mjer verður ekki kent um, þótt þingið samþykki þessi lög. Slík lög sem þessi ættu ekki að vera samþykt á þingi neinnar svonefndrar menningarþjóðar, svo gjörræðisfull sem þau eru.

Með þessu ætla jeg, að nægilega sje svarað öllu því, sem fram hefir komið í þessu máli.

Ráðherra: Jeg skal láta mjer nægja að svara háttv. þm. Dal. (B. J.) mjög stutt.

Það er þá fyrst, að hann hjelt því fram, að þetta bryti ekki bág við fjárveitingarvald löggjafarvaldsins, því að það veitti ekki laun hverjum einstökum þessara manna. Þetta vissi jeg mætavel áður. En háttv. þm. Dal. virðist ekki hafa hugmynd um það, að þingið veitir heildarupphæðina, og samkv. 24. gr. stjórnarskrárinnar má ekki greiði neitt fje, nema heimild sje fyrir veitingunni í fjárlögunum. Það situr síst á löggjafarþinginu, að gjöra sitt til að þessi grein verði brotin. Annars var fátt annað en þetta í seinni ræðu háttv. þm. Dal., sem nokkru máli skiftir.

Hann sagði, að gjörðardómurinn væri fyllilega tryggilegur þannig skipaður. Jeg býst við, að það sje ósköp svipað og gjörist um gjörðardóma. Stundum sitja í þeim góðir menn, en stundum ekki. Til þess að hv. þm. Dal. (B. J.) væri viss um, að gjörðardómurinn yrði tryggilega skipaður fyrir starfsmennina, þá þyrfti hann að vera öðru vísi skipaður. Það myndi jafnan verða svo, að sá maður, sem tilnefndur væri í dóminn af þeirra hálfu, hjeldi fram þeirra kröfum, og sá maður, sem stjórnin tilnefndi, hjeldi fram

hennar kröfum. Þá færi svo, að alt valdið yrði lagt í hendur þess eina manns, sem yfirdómurinn skipaði.

Jeg held að það sje svo ekki ástæða til að vera að karpa meira um þetta mál við háttv. þm. Dal. *(Bjarni Jónsson:* Jeg er líka dauður). Það er rjett, þm. er dauður. Ef jeg hefði munað eftir því, þá er jeg ekki viss um að jeg hefði tekið til máls, því að mjer er ekkert ljúft að vera að tala við framliðna menn.

ATKVGR.:

Brtt. 795,1 feld með 18 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Bened. Sveinsson,
Skúli Thoroddsen.	Björn Kristjánss.,
	Einar Arnórsson,
	Guðm. Eggerz,
	Guðm. Hannesson,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Sigurður Eggerz fjarverandi. Sömuleiðis forseti (Ó. B.). Pjetur Jónsson sat forsetastóli.

Brtt. 795,2 tekin attur.

1. gr. samþ. með 18 : 1 atkv.

2. — — — 19 shlj. atkv.

3., 4., 5. og 6. gr. samþ með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. september, var frumvarpið tekið til 3. umr. (A. 769).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að mega taka frv. þegar í stað til 3. umr., og voru þau leyfð og samþykt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 827).

---

21. Ritsíma- og talsímakerfi.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 364).

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Ráðherra: Jeg býst við því, að nefnd verði skipuð, til þess að fjalla um þetta mál, og vil því láta þess getið henni til athugunar, að stjórninni hefir borist brjef frá landsímastjóranum, þar sem farið er fram á það, að 6. gr. símalaganna sje breytt svo, að í hana sje sett heimild til að láta reisa hjer loftskeytastöð, þótt eigi dragi hún til útlanda. Eins og tekið var fram hjer í deildinni um

daginn, er það vafasamt, hvort nú er heimild til að reisa slíka loftskeytastöð. Jeg vildi að eins benda nefndinni á þetta henni til athugunar, en býst við, að jeg komi með brtt. við frumv. við næstu umræðu, ef nefndinni sýndist ekki að gjöra það.

Björn Hallsson: Þetta frumvarp, sem hjer liggur fyrir, kemur frá háttv. Ed. Jeg býst við, að nefnd verði kosin hjer í deildinni, til þess að athuga málið. Þess vegna stend jeg upp til þess að benda henni á, að hjer er farið fram á breytingu frá núgildandi símalögum, viðvíkjandi símanum, sem á að leggja frá Egilsstöðum niður Fljótsdalshjerað. Í núgildandi lögum er ákveðið, að síminn skuli liggja frá Egilsstöðum, út Hjeraðið um Unaós til Borgarfjarðar, og kostnaðurinn við þenna síma er áætlaður 32 þús. kr. Aftur á móti leggur landsímastjórnin nú til þá breytingu, að síminn skuli ekki lagður alla leið til Unaóss, heldur yfir Sandaskörð, sem er fjallvegur milli Hjeraðs og Borgafjarðar, beina leið til Borgarfjarðar, og gjörir hann ráð fyrir, að sú lína kosti um 25,500 kr. Nú er í þessu frv. frá Ed. ákveðið, að auk þess skuli liggja lína frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar, og kostnaðurinn við hana er áætlaður um 7000 kr., svo að ef báðar þessar línur verða lagðar, þá er kostnaðurinn líkur sem við að leggja upphaflegu línuna um Unaósi til Borgarfjarðar. En nú kemur ekki skýrt fram í þessu frv., að línu eigi að leggja frá Egilsstöðum niður Hjerað til Borgarfjarðar, heldur virðist mjer megi skilja frv. svo, að þar eigi engin lína að koma. En það er ekki meining símastjórans, heldur, að auk hennar komi þessi stúfur frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar. Þessu vil jeg skjóta til háttv. nefndar, að hún athugi og skýri málið, svo hægt sje, að sjá hvað meint er með þessu frv.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Samþ. að kjósa fimm manna nefnd með 17 shlj. atkv., og voru kosnir í hana þeir

Sigurður Eggerz,
Pjetur Jónsson,
Stefán Stefánsson,
Björn Hallsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 47. fundi í Nd. þriðjudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 364, n. 615, 635).

Framsm. (Sigurður Eggerz): Nefndin hefir ekki sjeð ástæðu til þess, að koma fram með nema 2 breytingartillögur. Fyrri brtt. er að eins til þess, að fá skýrara orðalag. Prentvilla er þar þó; orðið »til« á að falla burt, en komma að koma í staðinn.

Hin brtt. lýtur að loftskeytunum. Samkvæmt ritsímalögunum er heimilt, að láta reisa loftskeytastöð, er dragi til útlanda, en hins vegar mun ekki heimilt samkvæmt þeim að reisa minni stöð. Samkvæmt breytingartillögunni, ef hún verður samþykt, er þessi heimild veitt. Nefndin mælir öll með því, að þessi heimild sje ákveðin í lögunum, en um hitt er ágreiningur nokkur í nefndinni, hvort ástæða væri til að ýta undir stjórnina eða eigi í þessu máli. Gjöri jeg ráð fyrir, að háttv. nefndarmenn gjöri grein fyrir þessum ágreiningi í ræðum sínum; en að því er snertir mig persónulega, þá skal jeg taka það fram, að jeg tel rjett, að stöð þessi verði reist sem fyrst.

Að öðru leyti skírskota jeg til nefndarálitsins.

Björn Hallsson: Jeg benti á það, þegar þetta frv. kom frá Ed., að ónákvæmt væri tiltekið í því, að því er tekur til símans frá Egilsstöðum. Í lögunum frá 1913 var ætlast til, að síminn skyldi liggja frá Egilsstöðum um Unaós, þar sem Uni danski nam lönd, til Borgarfjarðar. En síðan hefir landsímastjórinn lagt til, að breyta þessu þannig, að síminn væri ekki lagður til Unaóss, sem er niður við sjó, og engin bygð þar nú, heldur niður í miðja sveit í Hjaltastaðaþinghá og þaðan til Borgarfjarðar um Sandaskörð. En eftir Ed.-frumvarpinu virðist ætlast til, að síminn liggi um Loðmundarfjörð til Borgarfjarðar, en þá ekki niður Hjerað. Þessu telur nefndin sjálfsagt að breyta, enda hefir aldrei verið ætlast til, að þessi sími lægi þannig.

Símalínan um Unaós til Borgarfjarðar átti að kosta eftir áætlun um 32 þús. kr. En með því að leggja símann ekki alla leið frá Egilsstöðum til Unaóss, heldur niður í miðja Hjaltastaðaþinghá, yfir Sandaskörð til Borgarfjarðar, sparast um 6—7 þús. kr., vegna þess, að með því móti verður línan styttri. Aftur á móti ætlast símastjóri til, að aukalína verði lögð frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar, svo að sá hreppur komist í símasamband, og áætlar, að sú lína kosti um 7 þús. kr. Þannig verður lítill aukinn kostnaður, sem þessari breytingu fylgir, í mesta lagi um 1000 kr., svo úr því er ekki mikið gjörandi. Hins vegar býst jeg líka við, að Seyðfirðingar yrðu fúsir til að leggja eitthvað fram af hreppsfje, til þess að fá símann til sín.

Eftir það, að nefndin hafði rætt þetta við símastjórann, fjelst hún eindregið á þessa breytingu, og samdi nefndarálit og brtt. samkvæmt því. En svo þegar nefndarálitið kom úr prentun, er sama villan á ferðinni, þannig, að svo má skilja, að síminn eigi að liggja frá Loðmundarfirði til Borgarfjarðar, en Hjeraðssíminn ekki nefndur. Jeg sendi þá brtt. í prentsmiðjuna, og er hún hjer á þgskj. 635.

Nú hefir háttv. framsögum. (S. E.) skýrt tekið fram, að hjer sje um prentvillu að ræða, þannig, að orðið »til« hafi slæðst inn í milli Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar. Í því trausti, að þetta sje skoðað sem prentvilla, sem verði leiðrjett, um leið og frumv. er prentað upp, þannig, að orðið »til« falli burtu, en *komma* komi í staðinn, tek jeg mína brtt. aftur. Verður þá setningin svona: Borgarfj. (austur) um Sandaskörð — Loðmundarfjarðar; kemur þá fram, að síminn eigi að liggja niður Hjerað, og að síminn til Loðmundarfjarðar sje honum óviðkomandi.

Jeg þarf svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en vona að jeg sje búinn að skýra það nægilega fyrir háttv. deild.

Háttv. framsögum. (S. E.) benti á, að ágreiningur hefði orðið dálítill í nefndinni, um viðbætinn við 6. gr. símalaganna, um það, að ýta undir stjórnina með að reist yrði loftskeytastöð hjer í Reykjavík. En þar sem fengin var upplýsing um að ekki væri hægt, að reisa loftskeytastöð hjer í Reykjavík, er væri svo sterk, að hún gæti haft samband til Skotlands eða Noregs, eins og helst hefir verið gjört ráð fyrir og símanefndin í fyrra tók fram í nefndaráliti sínu, þá var jeg og háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) ekki harðir í því, að ýta undir stjórnina með að byggja þessar stöðvar. Við viðurkennum fúslega, að þörf gæti verið á loftskeytastöð, en töldum rjettast að reisa hana þá fyrst, er hægt væri

að hafa haŋa svo stóra, að hún næði til útlanda. En samt viljum við ekki ganga beint á móti þessari litlu stöð, af því að álitið er, að hún geti komið að talsverðu gagni fyrir sjávarútveginn, og ef til vill oft og tíðum bjargað mönnum úr sjávarháska, vegna þess, að ýms skip eru að fá sjer loftskeytaáhöld, og þar á meðal botnvörpungar.

Jeg vona einungis, að viðaukatillaga þessi verði frumvarpinu ekki að falli. Jeg hefi að vísu heyrt utan að mjer, að háttv. Ed. sje ekki hlynt þessari litlu stöð. En jeg vona að minsta kosti, að deildirnar gjöri þetta ekki að neinu kappsmáli á milli sín, þannig, að þótt t. d. háttv. Ed. feldi þetta burtu, þá færi háttv. Nd. ekki að fella frumvarpið fyrir það, er það kæmi til hennar aftur. Svo skal jeg ekki lengja umræður meira.

Sveinn Björnsson: Háttv. framsögum. (S. E.) gat um, að ágreiningur hefði um það orðið í nefndinni, hvort ýta skyldi undir stjórnina eða ekki, með það að láta reisa loftskeytastöð. Eftir því sem mjer hefir skilist á nefndarálitinu, þá hefir þetta hik stafað af því, hve mikið öll tæki og áhöld væru dýrari nú en fyrir ófriðinn.

Hæstvirtur ráðherra gaf þær upplýsingar við fyrirspurnina um daginn, að kostnaðarmunurinn nú og þá væri hjer um bil 10%. *(Pjetur Jónsson:* 10—15%). Jeg hefi fengið upplýsingar síðan, að það muni liggja nær 10%. Jeg vildi nú óska, ef ekki liggja aðrar ástæður fyrir þessu hiki nefndarinnar, að hún vildi falla frá því hiki, og hvetja stjórnina til þess, að koma upp þessari stöð sem fyrst. Jeg er raunar algjörlega samdóma þeim, er álíta, að hjer eigi að reisa stóra stöð. En á því eru allmikil vandkvæði sem stendur, eins og hæstv. ráðherra hefir þegar skýrt frá. Og ef farið er að meta mannslífin til peninga, eins og svo oft er gjört hjer í háttv. deild, þá gæti sú upphæð, er sparaðist í mannslífum, margborgað þann kostnað, er leiddi af að reisa stöðina, svo að engan veginn væri forsvaranlegt, að leggjast það undir höfuð. En væri nú þessi litla stöð bygð, þá ætti að útbúa hana svo, að stækka mætti síðar.

Jeg vona sem sagt, að menn láti ekki kostnaðaraukann vaxa sjer í augum, en skori á stjórnina, að láta reisa stöðina sem *allra fyrst.*

Framsm. (Sigurður Eggerz): Jeg er þakklátur háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) fyrir að taka aftur brtt. sína. Málið verður við það miklu einfaldara. Hvað snertir 2. breytingartillögu nefndarinnar, þá vil jeg láta þess getið, eins og kom líka fram í nefndarálitinu, að við áttum ítarlegt tal um hana við landsímastjórann. Hann tók það fram, að meðan á stríðinu stæði væri óhugsandi að reisa stöð, er drægi til útlanda. Hins vegar mætti reisa smástöð, er samband hefði við skip. Mætti koma þessari stöð þannig fyrir, að seinna yrði fult gagn að henni, er stærri stöð yrði reist, þannig, að stærri stöðin yrði þeim mun ódýrari, er að því kæmi, að reisa hana. Þetta álít jeg að sje mjög verulegt atriði.

Hvað snertir kostnaðinn, þá áætlaði landsímastjóri, að hann myndi verða 40,000—50,000 kr. Af ritsímaláninu, sem tekið var, mun nú vera svo mikið eftir, að hægt sje að reisa þessa stöð fyrir þá peninga.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess, að tala meira um þetta, en legg eindregið með því, að breytingartillugur nefndarinnar verði samþyktar.

ATKVGR.:

Brtt. 615,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 635 tekin aftur.

Brtt. 615,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv.gr. svo breytt samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 2. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 680, 688).

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. sept., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 680, 688, 764).

Bjarni Jónsson: Tillaga mín, sem fram er komin á þgskj. 764, er ekki annað en leiðrjetting á hinu skjalinu, sem jeg leyfi mjer þá hjer með að taka aftur.

Það, sem þessi brtt. mín fer fram á, er það, að lagðar verði auka-símalínur til Skarðs og Staðarfells. Þetta er borið fram hjer í deildinni fyrir margítrekaða beiðni Dalamanna. Það hafa nú verið feldar tillögur frá mjer um að veita mönnum í nokkrum hreppum fyrir vestan styrk, til þess að leita læknis í lífsnauðsyn, og því ber jeg nú þetta fram. Það hljóta allir að skilja það, að það er ekki lítill hægðarauki fyrir menn, sem langt eiga til læknis, að geta fengið að vita hver í sinni sveit, hvern af þremur læknum hægast sje að ná í. Þarna hagar nefnilega svo til, að nærri því jafn erfitt er að sækja alla þrjá læknana, þann í Búðardal, í Reykhólahjeraði og læknirinn á Hólmavík. Það væri því mjög mikill ljettir að því, að fá þessar símalínur, einmitt af þessum ástæðum. Þingið ætti því að sjá að sjer og samþykkja þessa tillögu mína, þótt það vildi ekki veita hreppunum styrkinn, sem farið er fram á við 2. umr. fjárlaganna um daginn. Jeg trúi því ekki, að menn verði svo ósanngjarnir, að vilja láta þessa hreppa gjalda þess, að þeir liggja ekki í þeim sveitum, þar sem símí liggur um. Auðvitað býst jeg ekki við, að ráðist yrði í að leggja þessar símalínur á þessu næsta fjárhagstímabili, en það væri samt mikið unnið fyrir hreppana, ef þeir hefðu vissu fyrir því, að þessar símalínur yrðu látnar ganga fyrir öðrum, og framkvæmdir yrðu að ráðast í þessu efni. Það er auðvitað, að þessar línur verða ekki lagðar, nema löglegt gjald komi á móti frá sveitunum, sem hlut eiga að máli. Jeg býst varla við því, að þessar línur yrðu mjög mikill kostnaðarauki fyrir landið. Símalagningin þyrfti ekki að verða svo mjög dýr, því að vel mætti nota stálþráð í staðinn fyrir eirþráð; en það er mjög mikill munur á kostnaði.

Mjer hefir reiknast svo til, að leiðin, sem báðar línurnar ættu að liggja um, sje um 40 stikuþúsundir á lengd, eða ef menn skilja betur gríska, þá um 40 kílómetrar.

Framsm. (Sigurður Eggerz): Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir nú borið fram brtt. við þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, og sem hann hefir mælt með og skýrt í ræðu sinni. Þessi tillaga er svo seint fram komin, að nefndin hefir ekki getað athugað hana nákvæmlega. Þó hjelt hún fund í morgun, til þess að ræða þessa tillögu. Á þessum fundi var landssímastjórinn staddur, og upplýsti hann það, að hann hefði ekki rannsakað málið neitt, en taldi það ekkert brot á símalögunum, þótt þessum línum yrði bætt við. Nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að gjöra neina ályktun um málið, vegna ókunnugleika og

vantandi upplýsinga, og er því óbundin að öllu leyti.

Þá er önnur brtt. frá sama háttv. þm., þar sem lagt er til, að 2. gr. frv. falli burtu. En 2. gr. frumv. hljóðar um það, að stjórninni veitist heimild til að reisa loftskeytastöð hjer í Reykjavík, þótt hún nái ekki til útlanda. Jeg held, að háttv. þm. (B. J.) hafi ekki minst á þessa brtt. sína í ræðu sinni; að minsta kosti hefi jeg ekki heyrt ástæður hans fyrir henni, en jeg verð eindregið að leggja það til, að hún verði feld.

Eins og jeg tók fram við síðust umræðu þessr máls hjer í deildinni, þá hefir landssímastjórinn lýst yfir því við nefndina, að þessi litla stöð, sem í ráði er að reist verði, komi að fullum notum, þótt síðar verði reist önnur stærri, því að það sje ekkert því til fyrirstöðu, að litla stöðin verði stækkuð. Kostnaðurinn við að reisa stóru stöðina minkar því í hlutfalli við það, hvað þessi stöð verður dýr.

Jeg gleymdi að taka það fram við 2. umr. þessa máls, að landssímastjórinn ljet það í ljós við nefndina, að honum þætti rjett, að bærinn ljeti af hendi ókeypis lóð undir stöðina. Það mun vera siður annarstaðar að gjöra það, svo sem í þakklætisskyni fyrir þau þægindi, sem loftskeytastöðvar veita.

Jeg skal taka það fram, að þótt nefndin sje öll á einu máli um það, að rjett sje að gefa stjórninni þessa heimild, þá hefir hún þó ekki getað orðið sammála um það, að ýta undir stjórnina með að flýta þessu máli. Jeg skal lýsa yfir því, fyrir mitt leyti, að það er mín persónulega skoðun, að meira liggi á að reisa þessa stöð en nokkra símalínu, sem nú er í fjárlögunum. Sjávarútveginum væri áreiðanlega trygging í þessari stöð. Það er ekki vafi á því, að þegar þessi stöð er komin upp, þá fara íslensku togararnir að koma sjer upp loftskeytatækjum. Auk þess yrði þessi stöð ómetanlegra þæginda fyrir skip Eimskipafjelagsins, sem nú hafa fengið loftskeytatæki. Jeg álít, að Alþingi eigi að leggja aðaláhersluna á það, að stuðla sem best að því, að auka framleiðsluna landinu, en það gjörir það á engan hátt betur en með því, að greiða sem best götu sjávarútvegarins og landbúnaðarins. En af þessu leiðir svo aftur það, að við megum ekki íþyngja þessum atvinnuvegum með sköttum og álögum, eins og mjer hefir fundist bóla á, að sumir vildu gjöra á þessu þingi.

Jeg skal taka það fram, að mjer er fullkunnugt um það, að það er nógu mikið eftir af ritsímalánu, sem tekið var 1913, til þess að reisa þessa loftskeytastöð fyrir, og skal jeg ekki orðlengja þetta frekara að sinni.

Guðmundur Hannesson: Jeg get ekki greitt atkvæði með brtt. háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgskj. 686. Öllum þykir að sjálfsögðu þægilegt, að hafa síma til læknis, en víða verða menn að vera án þess, þar sem þörfin er þó óliku meiri en í Dölunum. Jeg sje því enga ástæðu til þess, að láta þessa línu sitja í fyrirrúmi.

Hvað því viðvíkur, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um, að kostnaðurinn yrði ekki svo mikill við þessa símalagningu, af því að hægt væri að nota stálþráð í staðinn fyrir koparþráð, þá vil jeg taka það fram, að jeg veit ekki til, að stálsímar sjeu neitt ódýrari en koparsímar, er til lengdar lætur. Þeir munu að því skapi endingarminni, svo að sparnaðurinn verður enginn.

Aftur á móti getum við háttv. þm. Dal. (B. J.) orðið sammála um það, að ekki sje ástæða til þess, að reisa loftskeytastöð nú sem stendur hjer á landi. Eina ástæðan til þess, að reisa slíka

stöð, væri sú, að botnvörpungarnir hefðu gagn af henni, en á það hafa ekki enn verið færðar sönnur. Aftur á móti get jeg ekki sjeð, að nokkurt gagn yrði að slíkri stöð fyrir skip Eimskipafjelagsins. Þau myndu varla nota stöðina til annars en að gjöra boð á undan sjer, að þau væru á leiðinni hingað, en þetta vitum vjer nú án loftskeyta. Jeg vildi beina þeirri ósk til nefndarinnar í þessu máli, að hún leitaði sjer upplýsinga um það hjá útgjörðarmönnum botnvörpunganna, hvort þeir myndu láta þá nota loftskeytatæki, ef stöðin yrði reist, og hvort þeir teldu sjer það verulegan hag. Þessi stöð, sem hjer er farið fram á að reisa, myndi kosta um 2000 kr. á ári, auk stofnkostnaðarins, og þótt það sje ekki mikið fje, þá vil jeg þó ekki láta kasta því út, meðan enginn veit, hvort stöðin kemur nokkrum manni að verulegu gagni. Auk þess eru nú slæmir tímar, til þess að ráðast í slík byggingarfyrirtæki sem þetta. Landssímastjórinn skýrir frá því, að verðhækkun á símatækjum muni nú nema 10 %. En jeg hygg, að það sje of lágt reiknað; að minsta kosti hefir Jón Þorláksson landsverkfræðingur skýrt mjer frá því, að efni til brúabygginga hafi hækkað um að minsta kosti 15 %, og jeg hygg, að verðhækkun á símatækjum muni ekki nema öllu minna.

Björn Hallsson: Það, sem aðallega kom mjer til að standa upp, eru brtt. háttv. þm. Dal. (B. J.) á þgskj. 688 og 764. Mjer finst þær vera út í loftið, eða að minsta kosti sá liður þeirra, sem fer fram á, að lagðar sjeu tvær aukalínur í Dalasýslu. Ritsímanefndin hafði landssímastjórann á fundi með sjer í morgun, og hann gat engar upplýsingar gefið nefndinni um þessar línur; um þær hefir engin áætlun verið gjörð. Það er því ekki sjáanlegt, að þær yrðu lagðar fyrst um sinn og því tilgangslaust að setja þær inn í lögin. Auk þess er hætt við, ef brtt. þessar verða samþyktar hjer í deildinni, að þá geti það orðið frv. að falli í háttv. Ed. En það vil jeg með engu móti. Mál þetta er alveg óundirbúið, og við höfum ekki minstu hugmynd um, hvað línur þessar muni kosta. Vildi jeg því stinga upp á því, að háttv. flutningsmaður (B. J.) taki brtt. þessar aftur. Annars mun jeg greiða atkvæði á móti þeim, því jeg sje ekki betur en að þær sjeu alveg óþarfar, en stofni á hinn bóginn frumvarpinu í hættu. Annars er það ekki í fyrsta sinn, að þessi háttv. þingmaður kemur með brtt., sem hafa við lítil rök að styðjast.

Þá stingur háttv. sami þm. (B. J.) upp á því, að 2. gr. frv. falli burtu, nefnilega loftskeytastöðin í Reykjavík. Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að mjer væri þessi stöð alls ekkert kappsmál, þótt jeg gjörði engan ágreining um hana í nefndinni, af því talsverð líkindi eru til, að hún geti komið að miklu liði fyrir sjávarútveginn. Jeg hafði þá skoðun í fyrra, og hefi hana enn, að við ættum helst ekki að reisa slíka stöð, nema hún drægi til útlanda. En jeg vil þó ekki sitja í vegi fyrir, að hún sje bygð í þessu formi, af því ætlast er til, að hana megi nota að mestu leyti þegar sterkari stöð verður reist hjer. Einungis yrði þá að bjargast við þessa litlu stöð í bráð, en peningunum ætti ekki að vera eytt til einskis í þessa byrjun.

Jeg verð eindregið að leggja á móti brtt. háttv. þm. Dal. (B. J.). Jeg sje ekki, að þær gjöri málinu neitt gagn, en geta orðið til að spilla framgangi þess.

Matthías Ólafsson: Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) talaði um það, hve mikið

gagn væri að hinni fyrirhuguðu loftskeytastöð. Jeg spurði hann, að hverju leyti hún kæmi sjávarútveginum að gagni, en fjekk ekkert svar við því. Jeg ætla nú að endurtaka spurninguna og óska, að fá greinilegt svar við henni. Það er alt undir því komið, hvernig jeg greiði atkvæði í þessu máli. Jeg get ekki skilið gagnið af loftskeytastöð, sem ekki dregur til útlanda, og ætti mjer þó að vera það mál eins ljóst og háttv. þm. V.-Sk. (S. E.). Það er að vísu satt, að við gætum ef til vill fengið frjettir af skipum, sem eitthvað gengi að eða hefðu farist, og gagnið yrði þá ekki annað en að sorgarfregnir kæmu fyrr en ella. Þetta held jeg sje eina dæmið.

Annað mál er það, ef stöðin drægi til útlanda; þá gæti verið hjálp að henni á ýmsa vegu, t. d. ef sæsíminn bilaði, en það yrði ekki eingöngu sjávarútveginum í hag, heldur öllu landinu. Að vísu gætu útvegsmenn fengið að vita, hvað botnvörpungar þeirra fengju á hverjum degi, ef þeir þá hafa loftskeytaáhöld, en að það eitt sje hagur fyrir útgjörðarmennina held jeg sje ómögulegt að segja.

Það væri hugsanlegt, að frjettir kæmu hingað með sæsímanum um, hvernig markaður stæði í útlöndum, t. d. að hann væri lágur í einhverjum hafnarbæ, sem útgjörðarmaður hefði sent botnvörpung sinn til, og að hann gæti þá sent skipinu skeyti um, að fara ekki þangað, heldur eitthvað annað. Jeg get ekki sjeð, að stöðin gæti komið að gagni á annan hátt. Það er ekki nóg að segja, að það sje sjávarútveginum til gagns, að þessi stöð sje reist, það verður að leiða skýr rök að því. Og mitt atkvæði í þessu máli veltur á því, að það sje sýnt.

Jeg get ekki heldur sjeð, að stöðin geti komið landbúnaðinum að haldi, meðan hún dregur ekki lengra en til Færeyja.

Framsm. (Sigurður Eggerz): Út af fyrirspurn háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um, hvort hægt væri að benda á, að loftskeytastöð, eins og sú, sem hjer er farið fram á að byggja, geti komið sjávarútveginum að haldi, vildi jeg leyfa mjer að taka fram, að jeg fæ ekki betur sjeð en þetta gæti orðið með ýmsu móti.

Fyrst og fremst veit jeg ekki betur en að svo hafi verið litið á, að brýna nauðsyn bæri til að gjöra eitthvað til öryggis lífi sjómanna, og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hefir sjálfur borið fram tillögu til þingsályktunar um að skora á stjórnina að rannsaka orsakir slysa á sjó. Með því að byggja þessa stöð, er ein tryggingarráðstöfun gjörð til að bjarga lífi sjómanna, því jeg gjöri ráð fyrir því, að þegar hún er komin upp, muni togararnir fá loftskeytatæki. Í öðrum löndum er það talin sjálfsögð öryggisráðstöfun til að bjarga lífi sjófarenda, að skip sjeu útbúin með slík tæki. Og í Ameríku er það beint gjört að skilyrði með lögum, að skip, sem flytja ákveðna tölu farþega, hafi loftskeytaútbúnað. Þetta sýnir best, hve nauðsynleg menn álíta loftskeytatæki annarstaðar. Enda er hægt að benda á ótal dæmi um það, að mörgum mannslífum hefir verið bjargað, bara fyrir það að loftskeytatæki voru til. *(Matth. Ólafsson:* Af öðrum skipum). Satt er það, að oftast nær er mönnum í neyð bjargað af öðrum skipum, sem kvödd eru til hjálpar með loftskeytum. En ef t. d. skeyti kæmi frá einhverjum togaranna til stöðvarinnar hjer, að hann væri í háska, þá má venjulega fá hjer skip á höfninni til þess að fara út og bjarga.

Auk þess, sem stöðin hjer gæti sent skeyti til skipa í hafi, um að halda togaranum til hjálpar. Það þarf því ekki annað, en vísa til reynslu annara þjóða í þessu efni. Og þetta atriði, að tryggja líf sjómannanna, tel jeg það lang þýðingarmesta atriði í þessu máli. En svo má benda á ýmislegt fleira, þar sem loftskeytastöð getur komið sjávarútveginum að haldi. T. d. er hægt að senda togurunum skeyti um, hvar best fiskist, hvar þeir geti fengið kol og yfirleitt ráða fram úr ótal spursmálum, sem fyrir kunna að koma. Þegar stöðin er bygð, fá útgjörðarmenn hvöt til að setja loftskeytatæki í skip sín, enda nú æði margir, ef ekki allir, erlendir nýtýsku togarar útbúnir með loftskeytatækjum.

Þar sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mintist á ummæli mín um landbúnaðinn, þá skal jeg geta þess, að jeg nefndi ekki landbúnaðinn í sambandi við loftskeytastöðina, heldur í sambandi við óeðlileg höft á aðalatvinnuvegum landsins.

Bjarni Jónsson: Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) talaði um, að þingmönnum væri ofætlun að greiða atkvæði um tillögu, sem ekki kæmi fram fyrr en á fund væri komið. Ef hann hefir mælt það til brtt. minna, þá eru þau ummæli ekki á rökum bygð, því að fyrri brtt. mín kom fram, þegar máli þessu var frestað um daginn, og hefir verið í vörslum þingmanna síðan, en síðari tillagan er að eins orðabreyting. Jeg hafði nefnt Patreksfjörð, sem upphaf símalínunnar, en síðan hefir landssímastjórinn sagt mjer, að það væri ekki ráðið, hvort línan byrjaði þar, það gæti verið, að hún yrði látin byrja í Bíldudal.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) kom með þá mótbáru, að engin kostnaðaráætlun væri til um símalínur þær, sem jeg hefi borið fram. En sama mótbáran á við um alla 3. flokks síma. Um Barðastrandarsímann er heldur engin kostnaðaráætlun, það er ekki einu sinni ákveðið, hvar hann eigi að byrja. Hitt ætla jeg að væri nægar upplýsingar, sem jeg gaf, að vegalengdin, sem báðar þessar símalínur eiga að ná yfir, eru samtals 40 stikuþúsundir og að engar torfærur eru á leiðinni. Það er því engin ástæða gegn aukalínunum, að ekki sje til kostnaðaráætlun. Það er ekki rjett hjá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), að stálþráður sje ekki ódýrari en koparþráður. Að því þarf engum getum að leiða; allir vita það.

Ein ástæða, sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) bar fram gegn brtt. minni, var sú, að hún mundi verða frv. að falli í Ed, ef hún væri samþ. hjer. Hvernig getur hann vitað það? Hvaða ástæða er það móti tillögunni, þó að einhver þingmaður ímyndi sjer, að Ed. verði henni mótfallin? Ed. er ekki svo ósanngjörn, að hún fari að fella frumv., þó þessum línum sje bætt við, þegar hún sjer þörfina. Vona jeg, að þm. breyti nú skoðun og greiði till. minum atkv., þegar hann sjer, hversu spádómar hans liggja í lausu lofti. En þó að þær yrðu frumv. að bana, hvað er þá í hættu? Jú, þá væri símaspotti í hans kjördæmi austur í Múlasýslu í veði. Þess vegna má ekki tefla frv. í neina tvísýnu. Það gjörir ekkert, þótt Dalamenn deyi.

Jeg hefi lagt til að fella loftskeytastöðina úr frv., af því jeg vil ekki loftskeytastöð, sem dregur skemra en til Noregs. Það hefir alt af verið þyrnir í mínum augum, að vera upp á þessa Færeyjastöð kominn. Samt er jeg sammála nefndinni um það, að stöðin getur orðið skipum að gagni, þótt hún dragi ekki lengra en til Færeyja. Það er alveg rjett, sem háttv. framsögum. (S. E.) sagði um gagn það, sem skip geta haft

af henni. Og jeg vil bæta því við, að ef botnvörpungur strandar austur á fjörum, þá mætti oft senda björgunarskip austur, sem gæti dregið hann heilan út, áður en hann grefst í sandinn. Lítil stöð er ekki lengi að borga sig á þann hátt; til þess þarf ekki marga botnvörpunga. Eins er það, ef útgjörðarmaður fær frjettir um góðan markað erlendis, en skip hans úti í sjó, þá getur hann sent því skeyti, að fara strax út, í stað þess að koma inn áður, eins og ráð hafði verið gjört fyrir í fyrstu.

Nú vil jeg sýna minn samvinnu þýðleik og taka aftur till. mína um að fella loftskeytastöðina í burtu, ef framsm. vill lýsa því yfir, að slík smástöð, sem gjört var ráð fyrir að reisa, tefji ekki fyrir stóru stöðinni. Jeg vil fá að vita, hvernig turninn á að vera bygður. Það er satt, að vjelarnar í litlu stöðinni má alt af selja aftur, en turninn þarf að vera því hærri, sem stöðin á að draga lengra, og því hærri sem turninn er, því traustari verður undirstaðan að vera. Verði byggingunni hagað svo, að neðri hluti hennar geti orðið undirstaða að stærri turni, og ef framsögum. lýsir yfir því, að þessi stöð tefji ekki fyrir því, að stærri stöð verði reist, þá get jeg tekið aftur till. aftur, með tilliti til þess gagns, sem sjávarútvegurinn getur haft af þessari litlu loftskeytastöð.

Sveinn Björnsson; Jeg bjóst ekki við, að svo langar umræður mundu verða um þetta mál. Jeg hjelt, að allir væru sammála um, að hjer væri um verulega nauðsyn að ræða. Mig furðaði sjerstaklega á því, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skyldi standa upp og mæla á móti því, að bygð væri loftskeytastöð. *(Matthías Ólafsson:* Jeg talaði ekki á móti því). Mjer skildist ekki betur, en hafi hann ekki gjört það, þá bið jeg afsökunar. En hann hjelt því þó fram, að botnvörpungaútgjörðin mundi lítið eða ekkert gagn hafa af loftskeytastöðinni. Út af þeim ummælum vildi jeg bæta fáeinum orðum við það, sem aðrir hafa sagt.

Í fyrsta lagi er varla við því að búast, að botnvörpungarnir fái loftskeytatæki, fyrr en stöð er komin á landi, og geta þeir þá ekki orðið hver öðrum að liði á meðan.

Í öðru lagi er það fjarri því, að þýðingarlaust sje að hafa stöð á landi í hættutilfellum. Það er oft, sem botnvörpungarnir gætu kallað hver á annan, en í mörgum tilfellum gætu þeir þurft að fá hjálp úr landi. Það geta komið fyrir þannig lagaðar bilanir á skipum, sem gjöra það að verkum, að þau farist eftir 1—2 daga, ef ekki næst til hjálpar.

Fleira mætti telja upp, sem væri til hagnaðar fyrir botnvörpungaútgjörðina, en jeg ætla að snúa mjer að öðru.

Það má líka líta á það í þessu sambandi, að þegar mikið fiskast, getur hver dagurinn staðið á tugum þúsunda. Það varðar botvörpungana ekki litlu, að geta fengið að vita það, á hvaða tíma fiskurinn gengur á þessum og þessum stað. Það skiftir t. d. miklu, að fá að vita það með vissu, þegar fiskurinn er að minka á Bankanum, hve nær hann kemur á Hvalbak. Hjer er því um auknar tekjur landssjóðs og einstakra manna að ræða. Og þetta nær ekki eingöngu til Suðurlands — það varðar hag alls landsins. Yfirleitt hygg jeg það, að hver sá, er nokkra nasasjón hefir af sjávarútvegi, hljóti að sjá, að hjer getur verið um gríðarmikla hagsmuni að ræða. Enginn hefir haldið því fram, að þetta sje útveginum til tjóns, og þegar um svona mikla hagsmöguleika er að ræða, þá get jeg ekki skilið það, að unnendur sjávarútvegarins leggi á móti þessu frumv. Jeg get tekið undir það

með háttv. framsm. (S. E.), að jeg álít meiri þörf á þessu fyrirtæki en öllum þeim símum, sem ætlast er til að verði lagðir á næsta fjárhagstímabili. Það er ekki rjett af háttv. þm. Dal. (B. J.), að leggja móti þessu frumv., þótt við getum ekki strax reist stöð, er dragi til útlanda. Við meðmælendur þessa frv., höfum hver eftir annan lýst yfir því, að við óskuðum þess, að slík stöð yrði reist sem fyrst. En þótt ekki sjeu tök á því í ár, þá tjáir ekki, að vilja ekki koma neinu af því, er til var ætlast, í framkvæmd, vegna þessa. Hann sagði, að athugavert væri að reisa slíka stöð, nema trygging væri fyrir því, að hún kæmi að notum, er stærri stöð yrði reist. En það hefir þegar verið sýnt fram á það, af þeim mönnum er tekniskt vit hafa, að hún geti komið að fullum notum, að minsta kosti mest af henni, er stærri stöðin verður reist. Jeg ætla ekki að fara að hætta mjer út í deilu um þetta tekniska atriði, en vil benda háttv. þm. á álit ritsímastjórans, er prentað er með nefndarálitinu í fyrra. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vænti þess, háttv. þingmenn, þar á meðal háttv. þm. Dal. (B. J.), beygi sig fyrir þeim rökum, er færð hafa verið fyrir málinu og samþykki frumv.

Matthías Ólafsson: Jeg get lofað háttv. flutningsmönnum þessarar brtt., að greiða atkvæði með henni, ef þeir geta sannfært mig um það, að það komi að nokkru gagni. En það hefir þeim ekki heppnast, og jeg kem ekki auga á það, meðan engu er slegið föstu um það, hvort botnvörpungaeigendurnir muni setja loftskeytaáhöld á skip sín, þótt þetta frumv. verði samþykt. Þá fyrst, er þeir gjöra það, á landið að rjetta þeim höndina. Verði þessi stöð, er frumv. heldur fram, reist, þá býst jeg við því, að hún eyði miklum tíma ársins í það að tala við sjálfa sig og einstaka útlend skip. Til þess að nokkurt gagn gæti orðið að henni, yrði jafnframt að gjöra öllum botnvörpungum það að skyldu, að útvega sjer loftskeytatæki. En þá færi skörin að færast upp í bekkinn, ef menn væru ekki látnir sjálfráðir um slíkt, og þá býst jeg við að háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) fengi verulega ástæðu til þess að tala um, að verið væri að leggja skatt á sjávarútveginn. Og jeg þekki sjómenn þá illa, ef þeir tækju slíkum valdboðum vel.

Það er svo margt, sem hljómar ósköp vel í eyrum, en er í raun og veru lítils virði, þegar það er athugað niður í kjölinn. Formælendur frumv. segja, að stöðin geti sagt mönnum frá því, hvar fiskur sje í það og það skiftið. En hvernig eiga menn að vita það á landi? »Þeir fá skeyti um það«, segja þeir. En ætli það sje ekki fult eins títt, að menn reyni sem mest að dylja það, hvar þeir fá mestan aflann og jafnvel reyni að villa mönnum sýn, til þess að geta verið sem lengst einir um hituna. Að minsta kosti þekki jeg mörg dæmi til þessa. Það er auðvitað satt, að viti menn almennt á landi um það, hvar fiskurinn er, þá er hægt að senda skeyti um það, en það er alveg eins hægt nú, því að botnvörpungarnir skjótast svo oft inn á hafnir og síma þá venjulega, til þess að afla sjer frjetta um fiskinn.

Háttv. þm. Dal (B. J.) vitnaði í það, hve loftskeyti gætu komið að góðu haldi og bjargað mörgum, ef skip lenti í háska. Þetta er alveg rjett, en til þess að gagn verði að því, þá verða skipin að hafa tækin. Það tjáir lítið, þótt loftskeytastöðin ein frjetti þetta. Það voru skip, er loftskeytaáhöld höfðu, er björguðu t. d. farþegum þeim, er komust lífs

af, er »Titanic« fórst. En þá ber aftur að því, sem jeg sagði fyrst, til þess að stöðin kæmi að nokkru haldi, þá yrði því að vera slegið föstu, að skipin öfluðu sjer þessara tækja.

Það er líka rjett, að stöðin geti gefið upplýsingar um, hvar kol væri að fá á þessum og þessum tíma. En þetta hefir ekki verulega þýðingu, því venjulega hafa útgjörðarmenn fyrir fram trygt sjer kolabirgðir á ákveðnum höfnum, Eskifirði, Norðfirði, Önundarfirði, Ísafirði o. s. frv., og ganga alt af að þeim þar.

Ef jeg hefði vissu fyrir því, að von háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) um það, að botnvörpungarnir útveguðu sjer þessi tæki, rættist, þá mundi jeg manna fúsastur greiða frv. atkvæði. En jeg kann því illa, að verið sje að færa ástæður, sem ekki eru til, fyrir málinu. Þess ber líka að gæta, að það mun vera lítt mögulegt fyrir skipin, að afla sjer þessara tækja, meðan ófriðurinn stendur yfir. Þess vegna væri það, að mínu áliti, best að láta málið bíða næsta þings, enda væri þá hægt að vera búinn að afla sjer vitneskju um það, hvort útgjörðarmenn mundu afla sjer loftskeytatækja, ef svipað frv. þessu yrði að lögum.

Framsm. (Sigurður Eggerz): Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að ástæða sín, til þess að leggja á móti málinu, væri sú, að hann væri hræddur um, að þetta frv. yrði til þess að tefja fyrir því, að við fengjum svo öfluga stöð, að hún drægi til útlanda. Jeg er honum sammála um það, að heppilegt sje sem fyrst að fá svona öfluga stöð, en eins og jeg tók fram áðan, þá eru ekki tök á því nú, vegna ófriðarins. Hins vegar hefi jeg orð landsímastjórans fyrir því, að þessi minni stöð getur ekki orðið stærri stöðinni Þrándur í Götu, því að hana má reisa svo, að hægt verði að nota hana, þegar stærri stöðin verður reist. Turninn má stækka og mótorinn má nota við minni stöðvar.

Að því er snertir Færeyjastöðina, þá þarf háttv. þm. ekki að bera kvíðboga fyrir því, að hún verði reist, því að jeg skýrði frá því hjer í háttv. deild, er háttv. 1. þm. Rvk. (S. B) bar fram fyrirspurn sína um loftskeytastöð í Reykjavík, að jeg hefði átt tal við »trafik«-ráðherra Dana um Færeyjastöðina, sem einu sinni var ráðgjört að komið væri upp í sameiningu við oss, en ummæli hans um stöðina voru á þá leið, að ekki gæti borgað sig fyrir Dani að hafa stóra stöð, er til Íslands dragi, til þess að annast sambandið milli tveggja eyja á Færeyjum, þar sem kabel verður ekki komið við, af þeirri ástæðu, að reksturskostnaður við stóru stöðina yrði hlutfallslega svo mikill, er hún væri notuð til að annast Færeyjasambandið. Jeg ljet þess þá og getið við ráðherrann, að jeg gjörði enga kröfu til samvinnu um stöðina frá Íslands hálfu, enda hefir mjer skilist, að lítið hljóð væri fyrir því að taka stöð, er til Færeyja drægi.

Jeg vona því, að háttv. þm. taki brtt. sína aftur, er hann hefir fengið þessar upplýsingar.

Jeg hygg ástæðulaust, að svara háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mörgum orðum, þar sem mjer heyrðist það á niðurlagi ræðu hans, að hann mundi ljá þessu máli atkvæði sitt. Mjer skilst líka að allir, og ekki síst hann, hljóti að sjá af því, sem jeg tók fram í síðustu ræðu minni, að sjávarútveginum getur orðið margvíslegt gagn að þráðlausri stöð, og vænti jeg, að rök þau, sem færð hafa verið máli þessu til stuðnings, nægi til að tryggja því velvilja háttv. deildar og greiðan gang gegn um þingið.

Bjarni Jónsson: Eftir yfirlýsingu háttv. framsögum. (S. E.) og því, sem

hægt var að fá út úr ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), þegar vefurinn var rakinn utan af henni, þá sje jeg, að mjer hefir verið svarað fullnægjandi. Þessi stöð á ekki að verða til þess að tefja fyrir öflugri stöð, og það er tilætlun nefndarinnar, að stjórnin fari strax að leita samninga við »Mikla norræna« um það, hvernig málinu skuli hagað. Nefndin hefir þá látið ótvíræðlega uppi, að hún er á sama máli sem símanefndin í fyrra. Þetta vildi jeg fá fram. Og þar sem jeg á hinn bóginn sje, að þessi litla stöð getur orðið sjávarútvegi Íslendinga til mikils gagns, þá tek jeg brtt. mína aftur.

Brtt. 764 var of seint fram komin, og afbrigði frá þingsköpum um hana leyfð og samþykt.

ATKVGR.:

Brtt. 688 tekin aftur.

— 764, 2 tekin aftur.

— 764, 1 feld með 17 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Sigurður Eggerz,	Björn Kristjánss.,
Sig. Gunnarsson,	Guðm. Eggerz,
Skúli Thoroddsen,	Guðm. Hannesson,
Sveinn Björnsson.	Hannes Hafstein,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stef. Stefánsson,
	Þór. Benediktsson.

Þeir Matth. Ólafsson og Þorl. Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hl. Tveir þm. fjarstaddir.

Frumv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

(A. 770).

---

22. Bannlagabreyting.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka og breytingu á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 431).

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Magnússon: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að skipuð verði 5 manna nefnd í málið, að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:

Samþ. að vísa málinu til 2. umr. með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Einar Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Guðm. Eggerz,
Jón Magnússon,	Hannes Hafstein,
Sig. Eggerz,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Gunnarsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Kristjánss.,
Stef. Stefánsson,	Þór. Benediktsson.
Sveinn Björnsson,	
Þorl. Jónsson.	

Matthías Ólafsson og Pjetur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Einn þm. fjarverandi.

Fimm manna nefnd samþ. með 18 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu

Sigurður Eggerz,
Pjetur Jónsson,
Jón Magnússon,
Jón Jónsson,
Sveinn Björnsson.

Á 50. fundi í Nd, föstudaginn 3. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 431, n. 654 og 691).

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Jeg vænti þess, að allir háttv. þingmenn hjer í deildinni hafi lesið bæði nefndarálitin á þgskj. 654 og 691. Ef svo er, þá er mönnum víst ljóst, hvað það er, sem milli ber og ljósar þær ástæður, er við færum fyrir því, að við viljum samþykkja frv. með þessum breytingum, er við leggjum til. Eins og háttv. þingmönnum er kunnugt, þá er þetta frv. komið fram til þess, að bæta úr bannlögunum. Tilgangurinn er ekki annar en sá, að fá skýrari þau ákvæði, sem ekki eru nægilega ljós í bannlögunum, og sumpart að bæta þá galla, sem á þeim voru og sem *verður* að bæta úr, ef lögin eiga að haldast í gildi. Meiri hlutinn fær ekki skilið, hvernig á því stendur, að menn skuli ekki vera alveg ákveðnir í þessu máli, annað hvort að nema lögin alveg úr gildi, eða þá að gjöra þau svo úr garði, að þeim verði sem minst áfátt. Þetta frv. fer ekki fram á neina stefnubreytingu í þá átt, að útrýma áfengisnautn úr landinu. Minni hlutinn mun heldur vera á þeirri skoðun, að lögin sjeu til bóta en hitt, en úr því þeir vilja ekki afnema lögin, þá er mjer óskiljanlegt með öllu, að þeir skuli ekki vilja bæta þau. Ef einhverjir gallar eru á einhverjum lögum, sem gjöra framkvæmd þeirra erfiða, þá er það beinlínis *skylda* löggjafarvaldsins, að bæta þá galla, er það hefir tekið eftir þeim. En til allrar óhamingju virðist sú skoðun vera ríkjandi hjá helsti mörgum andbanningum, að best sje að bannlögin sjeu svo ófullkomin, og sýni sig *þess vegna* svo óheppileg, að menn fái augu sín opnuð fyrir því, að þörf sje að nema þau úr gildi. En þó menn nú hugsi svo, þá mega þeir menn, sem á Alþingi sitja og eru löggjafar þjóðarinnar, ekki gjöra neitt, sem getur orðið til þess, að spilla fyrir lögunum, svo lengi sem þau eru í gildi, heldur ber þeim þvert á móti skylda til, að gjöra þau svo vel úr garði, að sem öruggast sje, að þau verði sem best haldin.

Jeg vil nú leyfa mjer að minnast á brtt. háttv. minni hluta í sem fæstum orðum. Eins og frv. liggur fyrir frá Ed., þá mega læknar útvega sjer eins mikið af áfengi og þá lystir. Það hefir verið deilt töluvert um það í landinu, hvort nokkra nauðsyn bæri til þess, að lyfsalar hefðu annan vínanda í búðum sínum en hreinan spíritus. Æðsti maður læknastjettarinnar hjer á landi segir, að þess þurfi ekki, en meiri hluti allra lækna úti um landið telur það óheppilegt, að þeir geti ekki náð í þau vín, er þeir vilja. Eins og á stendur, þá vill meiri hlutinn gjöra læknunum þetta mögulegt, en á hinn bóginn vill hann setja þau ákvæði inn í frv., að þeir geti einungis fengið þessi vín í gegn um lyfjabúðir. Mikið hefir verið talað um, að hætt væri við misbrúkun frá læknanna hálfu, að þeir mundu nota vínin til neytslu, bæði handa sjálfum sjer og öðrum. Slíkt er ekki tilgangurinn, og þess vegna verður að hafa eftirlit með læknunum, og hægast verður að hafa eftirlit með þeim með því, að láta þá fá vínin gegn um lyfjabúð-

irnar, í stað þess að leyfa þeim að útvega sjer það beint frá útlöndum, án nokkurs milligöngumanns.

Í 3. gr. er ákvæði um það, að ekkert íslenskt skip megi flytja áfengi til landsins, nema það, er fara skal til umsjónarmanns áfengiskaupa. Meiri hlutinn er þessu samþykkur hvað þau skip snertir, er vjer eigum, að undanskildum fólksflutningaskipunum. Nefndinni fanst álitamál, hvort ætti að veita mönnunum vín fyrir utan landhelgislínuna. Og með tilliti til þess, að vínbann gæti skaðað fólksflutningaskipin, þá leggur meiri hlutinn það til, að stjórnin geti veitt millilandafólksflutningsskipum undanþágu í þessu efni. Jeg skal þó geta þess, að einn af nefndarmönnum (S. E.) hefir skrifað undir þetta atriði með fyrirvara.

Meiri hlutanum finst varhugavert að herða nú á þessum lagaákvæðum. Að vísu má segja, að á ákvæðunum sje hert í 3. gr. En það, sem þar er gjört, fer ekkert lengra en lögin sjálf í því, að skerða *rjett* manna til áfengisneytslu; þau snúa sjer að eins að eftirlitinu. Sama er að segja um ákvæðin í 4. gr.

Að hafa lög í landinu, sem ekki má líta eftir með, hvort haldin sjeu, er með öllu óhæfilegt. Þá er miklu betra að nema þau úr gildi. Minni hlutinn álítur varhugavert, að samkvæmt 4. grein frumvarpsins sje ákveðið, að láta ölvaða menn sæta tvöföldum sektum. Það er ekki óvanalegt í útlendri löggjöf, að hegning fyrir tvenns konar brot sje harðari. Enda er alveg sjálfsagt, að sá, sem ekki vill skýra frá því, hvar hann hefir náð í áfengi, sje látinn sæta sektum; annars væri ákvæðið í 13. grein bannlaganna alveg tilgangslaust. Það væri líka eins dæmi í íslenskri löggjöf, ef engin tök væru til þess, að fá menn til að gjöra þá skyldu sína, sem þeim ber samkvæmt lögum. Jeg fjölyrði nú ekki frekar um þetta að sinni, en leyfi mjer að vona, að *háttv.* deild taki þessu vel, því það má ekki sæmilegt heita, að láta bót á þessum lögum undir höfuð leggjast, fremur en öðrum.

Framsm. minni hlutans (Jón Jónsson): Jeg hygg, að þetta mál hafi verið flutt meira af kappi en forsjá, að minsta kosti fanst mjer það koma fram við umræðurnar í Ed. Þjóðin sjálf hefir ekki æskt eftir neinum breytingum á lögunum. Við, sem erum í minni hluta, álítum, að það, að herða á lögunum í hegningaráttina, geti miklu fremur orðið til þess, að vekja mótspyrnu á móti þeim, en hitt. Það er ekki rjett hjá *háttv.* framsm. (S. B.), að við andbanningar *viljum hafa* lögin sem ófullkomnust. Við höfum látið okkur hægt síðan lögin gengu í gildi, og er þess vegna ekki ástæða til þess, að drótta þessari ásökun að okkur.

Jeg skal þá með fáum orðum minnast á greinar frumvarpsins.

1. gr. er mikið til eins og 2. gr. bannlaganna, en þó er orðin breyting í þá átt, að nú er læknum **heimilað** að flytja áfengi það, er þeir telja nauðsynlegt til lækninga. Jeg skal játa það, að brtt. meiri hlutans við þessa grein eru mjög hógværar. Um 2. gr. er ekkert að segja. Þá kemur 3. gr. með það ákvæði, sem mest er um vert, að íslensk skip megi ekkert vín **hafa** meðferðis. Það má kann ske segja, að þetta sje í samræmi við bannlagastefnuna, en þó álít jeg þetta mjög athugavert, enda játar meiri hlutinn, að það muni geta fælt menn frá fólksflutningsskipunum, þar sem útlend skip öll, sem eru í förum hjer á milli landa, hafa áfengi meðferðis. Hvað snertir fiskiskipin, þá vill minni hlutinn ekki, að þeim sje bannað að hafa meðferðis áfengi. Það er bent á það í nefndaráliti minni hlutans, að

það geti verið til góðs fyrir skipverja að hafa með sjer lítils háttar vínbirgðir, t. d. rauðvín og öl, og í rauninni hefði öllum landsmönnum átt að vera heimilt að fá sjer til neytslu rauðvín og öl, þótt í því væri meira en $2^1/_4$ % af vínanda, því að þeir drykkir eru þó ekki banvænir. Jeg tel ekki líklegt, að sjómenn búi jafnan við allsnægtir á fiskiskipum, og væri þeim neitað um að hafa vín meðferðis, þá gæti það vel komið fyrir, að tregt gengi að fá menn á skipin, svo að útgjörðarmenn neyddust til að láta skrásetja skip sín í Danmörku, og það væri þó sannarlega enginn þjóðarsómi að láta skrásetja skip okkar sem danska eign, sem auðveldlega gæti þó komið fyrir.

Það stendur hjer í 6. gr., að brot gegn 2. gr. laga þessara varði sömu sektum og brot gegn 1. gr. oftnefndra aðflutningsbannslaga. Það mun eiga að vera 3. gr. en ekki 2. gr. Er það ekki rjett skilið hjá mjer? *(Sveinn Björnsson:* Jú, það er prentvilla). Þá er og hægt að beita sömu sektum við brot gegn 4. gr., ef ölvaður maður gjörir dómara ekki grein fyrir, hvar hann hafi fengið það vín, sem hann varð ölvaður af. Við því má beita stigandi sektum frá 200 upp í 5000 kr. Sömu sektum má víst beita við brot gegn 3. gr., en það sjá allir, að slíkt er mjög hart aðgöngu fyrir skipstjóra, því að það getur vel verið, að hann eigi enga sök á því, þótt einhver skipverja leyni hjá sjer áfengi, og er vel hugsandi, að skipstjóri geti alls ekki við slíkt ráðið.

Þá er 4. gr. Háttv. frsm. meiri hl. (S. B.) fanst það ekkert óeðlilegt, að hneppa menn í hald og láta þá sæta sektum fyrir að láta sjá sig ölvaða á almanna færi. En mjer finst það nú vera full hart, að taka manninn fastan fyrir að að láta sjá sig ölvaðan á almanna færi, þótt ekki sje hann líka látinn sæta sektum. Það er fullnóg hegning fyrir ekki meira brot, að taka manninn fastan og áminna hann. Það er líka lítandi á, að hafa hóflega sekt við hinu brotinu, ef maður gjörir ekki grein fyrir, hvar hann hafi fengið vínið, sem gjörði hann ölvaðan. Það er gríðarleg sekt, sem eftir þessari grein er hægt að beita, auk 10—100 kr. fyrir að vera ölvaður, 200—5000 kr. fyrir að gjöra ekki grein fyrir, hvar vínið var fengið. Jeg lít svo á, að þessi sektarákvæði sjeu ómannúðleg og með öllu óhafandi. Það ætti heldur að reyna að fá menn einhvern veginn öðru vísi til að aðhyllast lögin, en með þessum óhæfilegu sektarákvæðum.

Þá kem jeg að 5. gr. Þar koma enn þessi háu sektarákvæði, sömu ákvæðin, sem gilda um brot gegn 1. gr. Það er hverjum manni auðsætt, að þetta eru alt of hörð sektarákvæði, þar sem brot gegn þessari grein geta auðveldlega verið framin af fáfræði eða vangá. Það getur vel verið, að menn gleymi eða viti eigi, að þeir eiga að segja til um vínbyrgðir sínar í tæka tíð.

Að því er snertir ákvæði 6. gr., þá er þar bætt inn, að það áfengi, sem íslensk skip flytja til landsins, og ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, skuli gjört upptækt. Þetta er nýtt ákvæði, sem ekki er í eldri lögunum. *(Sveinn Björnsson:* Ekki er það svo mjög hörð refsing). Það er þó harðara en það, sem verið hefir, því að nú eru að eins til ákvæði um að innsigla slíkar byrgðir og sjá um, að vínið sje ekki veitt innan landhelginnar.

Þá er jeg nú búinn að minnast nokkuð á allar gr. frumv. Það kemur ljóst fram í því, að bannmenn vilja leitast við að vernda bannlögin, með því að herða á sektarákvæðunum. Það getur minni hlutinn ekki fallist á að sje rjetta leiðin. Jeg er sannfærður um, að það mun einmitt vekja mótspyrnu á

móti lögunum. *(Sveinn Björnsson:* Það er vel farið). Þótt menn hafi ekki gjört mikil samtök um að brjóta lögin enn sem komið er, þá getur komið sá tími, að það verði hafin mótstaða á móti þeim. Vilja bannmenn stuðla að því með frekari ákvæðum í þessu efni? Jeg er hræddur um, að þeir sjeu nú að því. Þeir þykjast í nafni mannúðar og rjettlætis vilja útrýma áfenginu úr landinu, en það er ekki mannúðlegt að taka menn svona prælatökum.

Þá vil jeg segja nokkur orð viðvíkjandi því, sem stendur í niðurlagi nefndarálits meiri hlutans. *(Sveinn Björnsson:* Er það til umræðu?). Það kemur þessu máli við, og jeg vildi leyfa mjer að minnast lítillega á það. Það er tillagan um 5000 kr. styrk til aukins eftirlits með bannlögunum, sem var borin upp hjer í deildinni við 3. umr fjárlaganna. Minni hlutanum getur ekki skilist, að með þessari litlu fjárhæð geti orðið verulega bætt úr þeim brotum á bannlögunum, sem kunna að eiga sjer stað kring um alt land. Það gæti ef til vill komið að notum á einstaka stað, t. d. hjer í Reykjavík, en það nær ekki nokkurri átt, að hægt sje fyrir svo lítið fje að halda uppi eftirliti, sem að gagni geti komið kringum alt land. Ef við tækjum upp þá stefnu, að veita fje til eftirlits með bannlögunum, þá hlyti það að leiða til þess, að sú fjárveiting yrði alt af hækkuð, þangað til hægt væri að segja, að eftirlitið væri orðið nægilega trygt. En hve nær skyldi sá tími koma, að menn játi, að eftirlitið sje nægilega trygt? Jeg býst við að það yrði seint. Og jeg býst við að þessi gauragangur allur með að herða á bannlögunum, verði fremur til þess að vekja óhug á þeim og mótspyrnu heldur en hitt. Jeg leyfi mjer að benda bannmönnum á þessi atriði, því að þeir virðast hafa lokað augunum fyrir þeim. Það hlýtur alt af að verða varasöm leið, að kúga menn til hlýðni við lögin með því, að beita mjög hörðum sektarákvæðum.

Guðmundur Hannesson: Jeg vil leyfa mjer að mótmæla því skrafi, sem hefir brytt á hjer í deildinni um að afnema bannlögin. Mjer finst enginn hlutur vera meiri fjarstæða, því að það mundi gjöra þingið hlægilegt í augum annarra þjóða, og er þar að auki ábyrgðarhluti gagnvart hinni íslensku þjóð. Það er mikill munur á ástandinu í þessu efni fyrir þá unglinga, sem nú eru að alast upp, eða því, sem áður var. Vínið liggur nú ekki svo að segja á glámbekk, eins og verið hefir. Hins vegar þurfum við ekki að vera smeykir, þó að þeir, sem hafa vanið sig á vín, fái sjer í staupinu einstaka sinnum, því að þeir deyja og líða undir lok, og ef unga fólkið venst ekki á það, þá er öllu óhætt. Við þurfum ekki heldur að vera hræddir um, að bannlögin verði afnumin fyrst um sinn, því að kvenfólkið, sem hefir nú nýlega fengið kosningarrjett, mun sjá um, að þau standi óhögguð.

Jeg vil ekki fara út í stæluna um bannlögin og læknana. Jeg sje ekki, að malaga, rauðvín og portvín í höndum læknanna geti orðið til að viðhalda drykkjuskap í landinu. En hitt finst mjer vera hálf hlægilegt, að setja það í lögin, að smáskamtalæknar megi sjálfir panta vínanda frá útlöndum, ef þeir fá til þess meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Jeg veit ekki betur en að lyfjabúðir hafi öll smáskamtameðul. En að öðru leyti er jeg viss um, að með þessu móti væri hægt að útvega vínanda frá útlöndum undir nafninu smáskamtameðul, sem svo, þegar til kæmi, yrðu drukkin sem brennivín. Þetta þýðir því ekki annað,

en að hver sá maður, sem fæst eitthvað við smáskamtalækningar, gæti pantað brennivín frá útlöndum.

Jeg get fúslega tekið undir það, að ströng sektarákvæði bjargi líklega ekki fyllilega frá þessum brotum. En ef svo er, að dómari geti ekkert við menn gjört, þótt þeir sjeu fullir, ef þeir neita að gjöra grein fyrir, hvar þeir hafi fengið vín, þá má það ekki svo til ganga, að ekki sje hægt að sekta þá. Sje þetta svo eftir núgildandi lögum, þá er þar að mínu áliti glompa, sem úr þyrfti að bæta, því að það er ekki nema sjálfsagt, að hægt sje að skylda menn undir svona kringumstæðum til að gjöra grein fyrir, hvar þeir hafi fengið vín.

Í nefndaráliti minni hlutans er talað um, að sjómönnum sje nauðsynlegt að hafa rauðvín sjer til hressingar og heilsubótar í sjóvolkinu og til að bæta sjer upp þá ljelegu fæðu, sem þeir hafi. Jeg get ekki neitað því, að mjer þykir gott að fá mjer í staupinu á ferðalagi í vondu veðri. En það vita allir, að þeir, sem í mestar mannraunir rata, t. d. heimskautsfararnir, forðast eins og heitan eldinn ekki einungis vín, heldur og tóbak. Jeg er mjög efablandinn um að vín bæti úr matarhæfi. Matarhæfi á skipum á að vera svo, að það valdi ekki heilsutjóni. En þeir sjúkdómar, sem menn fá út af því, eru þess eðlis, að það er óhugsandi, að þeir verði bættir með víni.

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Jeg hjelt, að háttvirtur framsm. minni hlutans (J. J.) ætlaði að láta sjer nægja með sína skorinorðu ræðu, svo að nú hefði mátt ganga til atkvæða um frv. En jeg sje, að hann er ekki búinn ennþá, og þykir mjer því rjett að segja nokkur orð líka.

Fyrst skal jeg geta þess, að jeg tel líklegt, að nefndin taki til greina breytingu háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) um smáskamtalæknana. Þá þarf að setja í lyfjabúðina. Enn fremur skal jeg benda á, að það er rjett, sem háttv. framsm. minni hlutans (J. J.) sagði, að í 6. gr. frumv. er prentvilla, þar stendur 2. gr. en á að vera 3. gr. Það verður að sjálfsögðu lagað til 3. umræðu.

Háttv. framsm. minni hlutans (J. J.) sagði, að þetta væri kappsmál, og að það væri hyggilegra af meiri hlutanum, að fara rólega í sakirnar og beita ekki kappi. Jeg hefi ekki orðið var við það, hvorki hjer í deildinni nje í nefndinni, að nokkurt kapp hafi komið fram af hálfu meiri hlutans. Enda hefir minni hlutinn viðurkent það, að meiri hlutinn hafi viðhaft alla gætni, og það svo, að minni hlutinn mun ætla sjer að greiða atkvæði með brtt. meiri hlutans. Annars virtist aðalkjarninn í ræðu háttv. framsm. minni hlutans (J. J.) vera sá, að lýsa yfir sinni og annara andbanninga umhyggju fyrir því, að ekkert komi fram í þessu máli, sem gæti orðið þessum ágætu lögum að falli. Hann sagði, að ef farið yrði að breyta lögunum, mætti eiga það á hættu, að það yrði þeim að falli, og þeir menn bæru ábyrgðina á því, sem með breytingarnar kæmu. Jeg fyrir mitt leyti er ekki hræddur við að bera þá ábyrgð og greiða atkvæði með breytingunum, þótt það skapi einstaka manni óánægju. Hann vildi halda því fram, að við bærum líka ábyrð á auknum brotum á lögunum. Út af þessu vil jeg taka það fram, að ef reyndin verður sú, að þessi lög verði brotin meira en önnur lög, þá er ástæðan til þess sú, að hjer eru of margir menn í landinu, sem prjedika það sýknt og heilagt, að þessi lög sjeu þrælalög, sem engin synd sje að brjóta. Það er ekki rjett af neinum borgara, að hvetja menn til að brjóta lög, hvaða lög sem það eru. Eina löglega aðferð-

in til að vinna á móti lögunum, er sú, að reyna að fá þau afnumin.

Háttv. framsm. minni hlutans (J. J.) sagði enn fremur, að það, sem sjer gengi til og skoðunarbræðrum sínum, væri það, að þeir vildu fá reynslu fyrir því, hvort bannlögin væru heppileg eða ekki. Þá reynslu vilja þeir skapa, með því að halda bannlögunum í því formi, sem bannmenn telja óheppilegt. Jeg get ekki fundið fullkomið samræmi í þessari skoðun.

Þá sagði hann, að það væri hart, að taka rauðvínið frá fiskiskútunum. Jeg veit ekki, hvort hann er svo kunnugur lífinu á fiskiskútunum, að hann geti um það dæmt. Jeg veit ekki til, að þar hafi daglega verið haft rauðvín á borðum, hvað sem verður hjer eftir. Ef menn hafa viljað fá sjer hressingu í sjóvolkinu, eins og reyndar líka í landvolkinu, þá mun það tíðast hafa verið brennivín. Eins og háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) tók fram, þá er það venjulega talið heppilegast, þegar um mannraunirnar er að ræða, að neyta alls ekki áfengis.

Þar sem háttv. framsm. minni hlutans sagði, að það væri svo vond fæða á fiskiskipunum, að skipverjum veitti ekki af að bæta sjer það upp með vínnautn, þá er það algjörlega rangt, að minsta kosti að því er snertir togarana. Jeg veit það, að ef hann sneri sjer til útgjörðarmanna, þá myndi hann komast að raun um, að sjómenn á togurunum lifa á mjög góðu fæði.

Jeg ætla ekki í þessu sambandi að fara út í að tala um fjárveitinguna, sem farið var fram á hjer um daginn og minst er á í nefndaráliti meiri hlutans. Það var fullskýrt tekið fram þá, að fram á þessa fjárveitingu væri farið eingöngu í því skyni, að ljetta lögreglustjóranum eftirlitið með því að hafa vörð úti í skipunum. Og upphæðin, sem farið var fram á, 5000 kr., var talin nægileg til þess af kunnugum mönnum, sem jeg treysti betur til að bera skyn á, hvað til slíks eftirlits myndi þurfa, heldur en háttv. framsm. minni hlutans (J. J.), með allri virðingu fyrir kunnugleika hans og góðum vilja.

Loks sagði háttv. framsm. minni hlutans, að það væri varasamt, að kúga menn til að hlýða lögunum. Ef þetta væri rjett, þá leiddi af því, að það væri yfirleitt mjög varhugavert fyrir Alþingi, að setja nokkur lög, því að þau hljóta alt af að þvinga þá menn, sem ekki vilja hlýða þeim. Lög eru ekki annað en þvingun á menn til að gjöra það, sem almenningi er fyrir bestu, að áliti löggjafans. Þegar um önnur lög er að ræða, er það ekki kallað kúgun, þótt lögð sjeu viðurlög við að brjóta þau. En þegar um þessi einu lög er ræða, þá er þetta kallað kúgun. Það er einn þátturinn í tilraununum til að gjöra lögin óvinsæl, en það er ekki rjettmætara í þessu máli heldur en í öðrum lögum.

Að endingu skal jeg leyfa mjer að segja það, að þar sem háttv. framsm. minni hlutans (J. J.) segir, að því harðari refsing sem lögð sje við að brjóta einhver lög, því meiri mótspyrnu sæti þau, þá hlýtur að leiða af því, að sje refsingin væg, þá brjóti menn lögin síður. Það er því bein hugsanarjett ályktun af þessari skoðun, að rjettast sje að leggja svo sem 2—10 kr. sekt við að drepa mann. *(Jón Jónsson:* Það er alt öðru máli að gegna). Það er fjarri mjer, að ætla að fara að bera þetta tvent saman, en jeg vildi að eins sýna fram á, að þetta er hugsanarjett ályktun af þessari skoðun.

Framsm. minni hl. (Jón Jónsson): Jeg ætla ekki að fara meira út í þetta mál, en vil að eins geta þess út af orðum háttv. framsm. meiri hlutans (S. B.), að jeg sagði aldrei, að þetta hefði verið gjört að kappsmáli af meiri hluta nefndarinnar. Meiri hlutinn fór hógværlega í málið, og það hefir háttv. framsm. meiri hlutans gjört líka. En ástæðan fyrir því, að jeg sagði, að þetta mál hefði verið gjört að kappsmáli, er sú, að jeg var viðstaddur í háttv. Ed., er málið var þar til umr.; heyrði jeg þá, af hversu miklu kappi fyrir málinu var barist, og hygg jeg, að því verði ekki neitað.

Mjer er mikil ánægja í því, hversu rólega hjer hefir verið tekið í málið, og skil jeg það svo, að deildinni sýnist mál þetta ekki mikið nauðsynjamál, enda vona jeg það komi fram við atkvæðagreiðsluna.

En hvað það snertir, er háttv. framsögum. meiri hlutans (S. B.) sagði, að lögin væru mest brotin vegna þess, að á móti þeim væri barist, þá held jeg að það sje ekki rjett. Jeg fullyrði það, að þau muni verða meira brotin og verr liðin, ef ákvæðin verða gjörð enn harðari, ef út af er brugðið.

Ef þingið ljeti málið afskiftalaust og sæi hverju fram færi, þá gæti farið svo, að við, sem í fyrstu vorum lögunum andvígir, gætum sætt okkur við þau.

Heilbrigðir menn geta ósköp vel lifað án áfengis; við, sem höfum verið og erum á móti banni, gjörum það ekki af því, að okkur langi svo ósköp í vín, heldur af því, að við álítum rangt, að ákveða þetta með lögum. Það getur verið, að einstöku menn sjeu á móti bannlögunum vegna sjálfra sín, en jeg get fullvissað háttv. framsögum. meiri hl. (S. B.) um það, að því er ekki þannig farið með okkur.

Því hygg jeg, að rjettast hefði verið, að láta lögin standa óbreytt fyrst um sinn, og það hjelt jeg að verið hefði meiningin í upphafi. Það kom því flatt upp á mig, og víst marga aðra, er þetta frumvarp var lagt hjer fyrir Alþingi, því að jeg veit, að það hefir ekki verið gjört að vilja almennings.

Það er víst umhyggja þessara mannúðarmanna, er vilja afstýra óhamingu með því, að einstakir menn geti ekki fengið sjer í staupinu, er hefir hrundið þessu af stað, þó að mannúðin skíni reyndar ekki út úr hverju orði í umræðum þeirra um málið og í lögunum sjálfum. En þar sem jeg tel engan veginn víst, að þeim tilgangi verði náð með þessu, hefir minni hlutinn leyft sjer að koma fram með svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

> *»Í því trausti, að stjórnarráðið löggildi nú þegar til lækninga, með viðauka við lyfjaskrá landsins, Rauðvín, Malaga, Sherry, Portvín og Cognac, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.*

Þessi rökstudda dagskrá er í samræmi við skoðun meiri hlutans, því að hann hefir verið hógvær og sanngjarn, og viðurkent, að ilt væri að varna því, að þessar víntegundir, er í dagskránni eru nefndar, fáist í lyfjabúðum.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi skrifað undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara, að því er snertir undanþáguna fyrir fólksflutningaskip, sem eru í siglingum landa á milli. Í frumvarpinu stendur, eftir að það kom frá Ed., að ekkert íslenskt skip, er kemur hingað til lands, megi hafa með sjer áfengi, en meiri hlutinn vill heimila stjórninni að veita undanþágu frá þessu. Jeg sje enga ástæðu til þessa, því að jeg lít svo á, að þar sem um bannland er að ræða, eigi það að láta bannlögin ná einnig til skipa sinna. Enda er það

þannig, að sum lönd, sem ekki eru bannlönd, takmarka vinnautn á sjó, þó ekki sje hún takmörkuð á landi. Þannig er mjer kunnugt um, að enskir togarar hafa nú nálega aldrei áfengi meðferðis.

Þetta sýnir, að aðrar þjóðir álíta ekki nauðsynlegt, heldur öllu fremur skaðlegt, að hafa áfengi um hönd í siglingum.

Sú athugasemd, að íslensk skip geti ekki kept við erlend skip, ef þeim sje bannað að hafa áfengi, held jeg að sje ljettvæg. Jeg gjöri ekki mikið úr því, og allur þorri manna vill eins vel ferðast með þeim skipum, sem ekkert áfengi hafa meðferðis. *(Matthías Ólafsson:* Ekki útlendingar). Það er öðru nær, en að það sjeu allir, er kjósa það heldur. Jeg talaði nýlega við mann, sem kom frá Ameríku, og hann sagði mjer, að á þeim skipum, sem hann ferðaðist með, hafi áfengis varla verið neytt af nokkrum manni, og mun það ekki vera eins dæmi með þau skipin.

Úr því að jeg er staðinn upp, ætla jeg að minnast á úrskurð þann, er minst var á í Ed., að stjórnin hafi gefið síðastliðinn vetur, um að ekkert annað vín mætti vera í lyfjabúðum en Malagavín. Það kendi misskilnings viðvíkjandi þessu í háttv. Ed., því að þetta var ekkert annað en lögskýring á pharmacopeunni. Hjer á landi gilti pharmacopea donica samkvæmt konungsúrskurði um það efni. Í meginmáli pharmacopeunnar eru að eins nefnd vina medica, en til þess að búa þau til, þarf Malagavín. Samkvæmt því var heimilað að hafa Malagavín í lyfjabúðum, sbr. og 2. gr. bannlaganna, þar sem segir svo, að lyfsalar og læknar megi ekki hafa önnur vín en þau, sem standi á lyfjaskrá.

Í inngangi pharmacopeunnar stendur: »Vine og andre let tilgængelige Stoffer ere ikke beskrevne i Pharmacopeen«. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að ekki hafi þótt ástæða til að taka vínin í pharmacopeuna, og fyrir því var heldur ekki heimilað að leyfa þau í lyfjabúðunum, sbr. 2. gr. bannl.

Þessi úrskurður er því ekkert annað en lögskýring á lyfjaskránni, og það var skýrt tekið fram, að stjórnarráðið tæki enga afstöðu með úrskurði þessum í læknaágreiningnum um, hvort nauðsynlegt væri að hafa vín til lækninga eða eigi.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að taka það upp, er háttv. framsögum. meiri hl. (S. B.) tók fram, en það gladdi mig, að háttv. framsögum. minni hl. (J. J.) skyldi vera þeirrar skoðunar, að svo myndi fara, að andbanningar fjellust á bannlögin. Jeg gjöri líka ráð fyrir að svo fari, því að sú alda, er hefir risið gegn bannlögunum, mun hjaðna sem bóla.

Jeg hefi minst á það hjer áður í hv. deild, hvað það væri, er bannlögunum stafaði mest hætta af. Það er ekki svo mjög það, hvernig þau sjálf eru sniðin, heldur hitt, að þeir menn, er mestu ráða og efstir eru í mannfjelagsstiganum, anda kalt á móti bannlögunum. En af því, að þessir menn gjöra þetta, álíta aðrir að þetta sje fínt, þeir eru herrar tískunnar í þessu landi, en það hefir reynst alstaðar í heiminum erfitt að berjast á móti tískunni; hún er svo máttug, að hún kemur að minsta kosti smámennum á knje — og smámenni — smámenni — hvað haldið þjer að þau sjeu mörg í þessu landi?

En þessi hugsunarháttur verður að breytast; nýir herrar verða að skapa nýja tísku. Bannlögin eiga að lifa í þessu landi, ekki brotin, heldur óbrotin,

og þá mun þeim fylgja gifta, sem verður máttugri en tiskan, sem skipar nú of hátt sæti.

Þetta vildi jeg gjarna hafa sagt.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin á þgskj. 691 (frá minni hl. nefndarinnar) feld með 14 : 11 atkv.

Brtt. 654,1.a samþ. án atkvgr.

— 654,1.b — með 21 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Guðm. Eggerz,
Björn Kristjánsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Einar Arnórsson,	Jón Jónsson,
Einar Jónsson,	Magn. Kristjánss.
Hjörtur Snorrason,	
Jón Magnússon,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Hallsson, Benedikt Sveinsson, Bjarni Jónsson, Guðmundur Hannesson, Hannes Hafstein, Matthías Ólafsson og Þór. Benediktsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hl.

Brtt. 654,1.c samþykt með 17 samhlj. atkv.

1. gr. svo breytt samþ. með 20 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Bened. Sveinsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Magnús Kristjánss.,
Guðm. Hannesson,	Þór. Benediktsson.
Hjörtur Snorrason,	
Jón Magnússon,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Hallsson, Hannes Hafstein, Jóhann Eyjólfsson, Jón Jónsson, Matthías Ólafsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

2. gr. samþ. með 22 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Magnús Kristjánss.,
Björn Kristjánsson	Þór. Benediktsson.
Einar Arnórsson,	
Guðm. Hannesson,	
Hjörtur Snorrason,	
Jón Magnússon,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Stef. Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Hallsson, Benedikt Sveinsson, Einar Jónsson, Guðm. Eggerz, Hannes Hafstein, Jóhann Eyjólfsson, Matthías Ólafsson, Pjetur Jónsson, Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 654,2 samþ. með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Eggert Pálsson,	Hjörtur Snorrason,
Bened. Sveinsson,	Jón Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Matth. Ólafsson,
Björn Kristjánss.,	Sigurður Eggerz,
Guðm. Eggerz,	Sig. Sigurðsson,
Hannes Hafstein,	Stefán Stefánsson.
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	

já:
Pjetur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,
Sveinn Björnsson,
Þorleifur Jónsson,
Þór. Benediktsson.

Einar Jónsson og Guðm. Hannesson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

3. gr. svo breytt samþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánss.
Sig. Gunnarsson,	Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,	Pjetur Jónsson,
Sveinn Björnsson,	Þór. Benediktsson.
Þorleifur Jónsson.	

Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

4. gr. feld með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Guðm. Eggerz,
Jón Magnússon,	Hannes Hafstein,
Sig. Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Kristjánss.,
Stefán Stefánsson,	Matth. Ólafsson,
Sveinn Björnsson,	Pjetur Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Skúli Thoroddsen,
	Þór. Benediktsson.

5. gr. samþ. með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Gunnarsson,	Matth. Ólafsson,
Sig. Sigurðsson,	Pjetur Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen,
Sveinn Björnsson,	Þór. Benediktsson.
Þorleifur Jónsson.	

6.—8. gr. samþ. með 13 : 8 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 12 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Gunnarsson,	Matth. Ólafsson,
Sig. Sigurðsson.	Pjetur Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen,
Sveinn Björnsson,	Þór. Benediksson.
Þorleifur Jónsson,	

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. september, var frv. tekið til 3. umr. (A. 758).

Forseti tók frv. út af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. september, var frv. tekið aftur til 3. umr. (A. 758, 794).

Forseti (Pjetur Jónsson): Jeg verð að gjöra þá athugasemd, að tvær breytingatillögur, er snerta

dagskrármálin, eru ekki nógu snemma fram komnar. Það er brtt. á þgskj. 794 við 1. mál á dagskrá (bannlagabreytingar), og brtt. á þgskj. 795 við 3. mál (verkfall opinberra starfsmanna). Þessar brtt. eru bornar fyrst fram nú á fundi, og þarf því að leita afbrigða frá þingsköpunum. Með leyfi hæstv. ráðherra ber jeg það undir úrskurð deildarinnar, hvort þær megi koma til atkvæða.

Hannes Hafstein: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki mundi heppilegt, að taka málið út af dagskrá, því að brtt. þessar eru svo víðtækar, að ógjörningur virðist að átta sig á þeim í einni svipan.

Jeg veit, að þessi málaleitan er í samræmi við vilja fleiri þingmanna.

Forseti (P. J.): Mjer þykir viðurhlutamikið að taka málin út af dagskrá, nema þá með leyfi háttv. framsögumanna.

Jón Magnússon: Jeg get ekki sjeð ástæðu til að taka málið út af dagskrá. Breytingartillögur þessar eru þannig lagaðar, að hægt er að átta sig á þeim þegar í stað, því að þær fara í líka átt og það, sem í lögunum stendur, eru að eins til frekari skýringa. Að öðru leyti hefi jeg ekki heyrt ástæður færðar fyrir því, að málin yrðu tekin út af dagskrá. Það væri líka illa farið, ef menn færu að óska þess, að mál væru tekin út af dagskrá, þegar er orðið áliðið þings, þótt breytingartillögur komi of seint fram. Það myndi lengja þingtímann að óþörfu. Enda hefir verið sá siður, að þingmenn væru frjálslegir í þessu efni. Jeg verð því að mótmæla því, að málið (bannlagabreytingin) verði tekið út af dagskrá.

Forseti (P. J.): Jeg heyri, að það er ágreiningur um þetta, og þar sem óskað hefir verið, að taka málið út af dagskrá og færðar nokkrar ástæður fyrir, leyfi jeg mjer að bera það undir úrskurð deildarinnar.

Tillaga frá 1. þm. Eyf. (H. H.) um að taka málið út af dagskrá var feld með 13 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Guðm. Eggerz,	Einar Arnórsson,
Hannes Hafstein,	Guðm. Hannesson,
Jóhann Eyjólfsson,	Hjörtur Snorrason,
Jón Jónsson,	Jón Magnússon,
Magnús Kristjánss.,	Sigurður Eggerz,
Matth. Ólafsson,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson,
Þór. Benediktsson.	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson.

Forseti deildarinnar (Ó. B.) fjarstaddur.

Forseti (P. J.): Málið liggur þá fyrir til umræðu.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Mjer þykir leitt, að brtt. þær, er meiri hluti nefndarinnar hefir borið fram, skuli reynast svo torskildar einstökum mönnum, eftir að háttv. deild hefir leyft, að þær kæmust að, að þessir menn hafa óskað að málið væri tekið út af dagskrá. Ekki síst þar sem ekki er eins erfitt að átta sig á þessum brtt. og annari, er eins stendur á frá háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) í öðru máli hjer á skránni.

En fyrst þær hafa reynst svona erfiðar, þá vil jeg skýra þær með örfáum orðum, til þess að menn greiði ekki atkvæði um þær, án þess að vita hvað þeir eru að gjöra.

Í 1. brtt. felst ekki annað en að leiðrjetta misrjetti, sem orðið hefði, ef læknum hefði verið gjört að skyldu að fá,

þau lyf, sem um er að ræða, í gegn um lyfsala, en smáskamtalæknum heimilað að fá þau beint frá útlöndum. 1. brtt. fer því fram á, að smáskamtalæknar fái lyfin líka í gegn um lyfsala.

Önnur brtt. er líka lítil. Það var samþykt hjer við síðustu umræðu, að stjórnarráðið gæti veitt fólksflutningaskipum undanþágu frá bannlögunum. Til þess að búa tryggilegar um þetta er það nú lagt til, að þetta ákvæði gildi að eins um skip, sem rúm hafa fyrir 25 farþega eða fleiri. Það var aldrei tilgangurinn, að undir það mætti skjóta hverjum dalli, sem kynni að geta flutt einn eða tvo farþega, heldur átti það að eins við regluleg fólksflutningaskip.

Þriðja brtt. miðar að því, að milda þá ábyrgð, sem í upphafi var gjört ráð fyrir, að skipstjórar bæru á því, ef skipverjar flytja inn áfengi. Við leggjum það sem sje til, að þeir beri þá því að eins ábyrgð á þessu, *ef* brotið sannast ekki upp á neinn annara skipverja; það er með öðrum orðum, ekki fyrr en rannsókn hefir farið fram á því, hvort ekki sje einhver annar sekur. Allir sjá að þetta er miklu mildara ákvæði en hitt, sem í frv. stóð, eins og það lá hjer fyrir við 2. umr., og lítur því meiri hl. svo á, sem nú ættu þeir, sem voru á móti því þá, að geta ljeð þessu atkvæði sitt.

Þá er að minnast á 4. gr., sem feld var hjer í deildinni síðast, eins og hún kom frá háttv. Ed. Í henni voru tveir liðir, fyrst og fremst heimild til að taka ölvaða menn fasta og sekta þá, og svo í öðru lagi viðurlög við því, ef maður, sem leiddur yrði fyrir dómara, neitaði þar að segja til þess, hvar hann hefði fengið áfengið. Í núgildandi lögum er það sem sje leyft, að krefja menn sagna um þetta, en það vantar öll viðurlög, ef menn neita því. *(Matth. Ólafsson:* Þau eiga ekki heldur að vera til). Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) er víst ágætur lagasemjari, eftir þessu að dæma. Eða hvernig list mönnum á það, að taka öll viðurlög, öll hegningarákvæði út úr hegningarlögunum? Þá myndi standa þar eftir, að menn mættu ekki stela, ekki svíkja, ekki drepa mann o. s. frv., en það kostaði bara ekkert, þótt menn gjörðu það samt. Nei, það, að vilja halda þessu ákvæði, en gjöra það þó ónýtt um leið með þessu, það er að minsta kosti meinloka, sem ekki ætti að vera til í nokkrum þingmanni.

Þetta eru nú allar þessar erfiðu brtt., sem kallaðar hafa verið, og allar miða þær til þess að gjöra frv. aðgengilegra fyrir þá, sem áður höfðu eitthvað út á það að setja. Og jeg er á þeirri skoðun, að allir geti með glöðu geði greitt þeim atkvæði sín, en hins vegar geti þeir tæplega vansalaust látið það undir höfuð leggjast.

Guðmundur Eggerz: Jeg hefi ekki meir en svo haft tíma til að átta mig á brtt., en það sje jeg, að 3. brtt. (við 3. gr.) er tómt kák og gjörir frv. á engan hátt aðgengilegra en áður. Hjer er því að eins bætt inn í, að skipstjórar skuli því að eins bera ábyrgð á innflutningi áfengis, að ekki sannist brotið á neinn annan skipverja. Verður það nú þeim mun rjettara að skella skuldinni á skipstjóra, sem skipverjar hans eru slungnari lögbrjótar? Þetta er bara hlægilegt.

En svo er brtt. í stað 4. gr., sem var feld hjer á dögunum, eins og menn muna. En hjer er nú komin fram brtt., sem er alveg sama efnis og sú grein var, og held jeg því fastlega fram, að þetta sje brot á þingsköpunum, og leyfi mjer af þeim ástæðum, að krefjast úrskurðar hæstv. forseta um það, hvort sú brtt. megi koma hjer til atkvæða eða eigi, því að þótt margt megi líða

þeim herrum, sem hjer eru að káka við lagabreytingar, þá ætti þeim þó ekki að vera heimilt að brjóta þingsköpin á þenna hátt.

Framsögum. meiri hl. (Sveinn Björnsson): Jeg þarf ekki, frekar en vant er, að svara háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) mörgu, en af því að jeg heyrði að einhver sagði »heyr« áðan, þegar hann talaði, þá lítur út fyrir að einhverjir fleiri sjeu honum samdóma, og því ætla jeg að segja nokkur orð.

Háttv. þm. sagði að 4. brtt. væri alveg sama efnis og 4. gr., sem hjer var feld á dögunum. Jeg held að jeg ætti að sýna mönnum þar lítið dæmi um sannleiksást og samviskusemi þessa hv. þm. Jeg ætla að lesa upp með leyfi hæstv. forseta það, sem felt var á dögunum. Þar stendur svo:

> »Nú er maður ölvaður á almannafæri og raskar ró og almanna friði, eða er ósjálfbjarga, og má þá taka hann fastan, en ekki má hafa hann í haldi lengur en þörf krefur — — —«.

Hvar stendur um þetta í minni brtt.? Auðvitað hvergi. Svo kemur síðari hluti greinarinnar: »Skylt er hverjum ölvuðum manni að gjöra fyrir dómara grein fyrir því, hvernig hann hafi fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Gjöri hann það ekki, skal hann talin brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909«. Í stað þessa gjörir nú 4. brtt. meiri hlutans á þgskj. 794 ráð fyrir þeim viðurlögum, að sá, sem ekki vill gjöra grein fyrir því, hvar hann hafi fengið áfengi, skuli sæta 20—500 kr. sektum. Eins og allir sjá, er hjer um alt aðra og miklu vægari refsingu að ræða. *(Guðmundur Eggerz:* Þetta er bara »pro forma«-breyting). Þetta eru bara bein ósannindi og alt hjal um þingskapabrot fellur alveg um sjálft sig. Að þessi háttv. þingmaður er á móti greininni, stafar af því, að hann er hræddur um, að fyrir sig verði leiddir ölvaðir menn, og það telur hann vera að misbjóða sjer persónulega. Það hefir hann oft sagt. En þetta er misskilningur hjá honum. Það þarf ekki að leiða þá fyrir hann fyrr en á eftir.

Guðmundur Eggerz: Jeg stend ekki upp af því, að jeg þykist þurfa að leiðbeina hæstv. forseta í þingsköpunum, heldur háttv. sessunaut mínum (S. B). Það stendur sem sje svo í þingsköpunum:

»Breytingatillögu um atriði, sem búið er að fella í deild má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi«.

Það er ómótmælanlegt, að hjer er um sama atriði að ræða, sem hjer var felt á dögunum, þótt orðabreyting hafi verið gjörð. Skal jeg svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en óska um það úrskurðar hæstv. forseta.

ATKVGR.:

Brtt. 794,1 samþ. með 13 : 11 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Einar Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Guðm. Eggerz,
Hjörtur Snorrason,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Jóhann Eyjólfsson,
Sigurður Eggerz,	Jón Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Sigurðsson,	Matth. Ólafsson,
Stef. Stefánsson,	Skúli Thoroddsen,
Sveinn Björnsson,	Þór. Benediktsson.
Þorleifur Jónsson.	

Bjarni Jónsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Forseti (Ó. B.) var fjarstaddur, og gegndi því 1. varaforseti (Pjetur Jónsson) forsetastörfum.

Brtt. 794,2 samþ. með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Bened. Sveinsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Magn. Kristjánss.,
Sig. Sigurðsson,	Matth. Ólafsson,
Stef. Stefánsson,	Skúla Thoroddsen,
Sveinn Björnsson,	Þór. Benediktsson.
Þorleifur Jónsson.	

Þeir Björn Hallsson, Einar Arnórsson og Sigurður Eggerz greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 794,3 felld með 16 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Arnórsson,
Jón Magnússon,	Einar Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Guðm. Eggerz,
Sigurður Eggerz,	Hannes Hafstein,
Stefán Stefánsson.	Hjörtur Snorrason,
Sveinn Björnsson,	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Matth. Ólafsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þór. Bendiktsson.

Þeir Bjarni Jónsson, Sig. Gunnarsson, Sig. Sigurðsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 794,4, er 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hafði krafist úrskurðar forseta um, hvort bera skyldi undir atkvæði, sakir skyldleika við 4. gr. frv., er felld hafði verið við 2. umr., úrskurðaði forseti koma skulu undir atkvæði, með því að ekki væru þeir meinbugir á með henni og hinni föllnu 4. gr., að óþinglegt þyrfti að teljast, og var hún að því búnu samþ. með 13 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánss.,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Einar Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Guðm. Eggerz,
Hjörtur Snorrason,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Jóhann Eyjólfsson,
Sigurður Eggerz,	Jón Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Magn. Kristjánsson,
Sig. Sigurðsson,	Matth. Ólafsson,
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen,
Sveinn Björnsson,	Þór. Benediktsson.
Þorleifur Jónsson.	

Bjarni Jónsson greiddi ekki atkvæði, og taldist með meiri hl.

Frumv. svo breytt samþ. með 13 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Gunnarsson,	Matth. Ólafsson,
Sig. Sigurðsson,	Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,	Þór. Benediktsson.
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Frumv. endursent til Ed.
(A. 814).

23. Sveitarstjórnarlög.

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 19. nóv. 1905,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 381).

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Magnússon: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að máli þessu verði vísað til nefndar þeirrar, er fjallar um breytingu á fátækralögunum.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fátækralaganefndar með 16 shlj. atkv., en í þeirri nefnd sátu þeir

Sigurður Sigurðsson.
Jóhann Eyjólfsson,
Þorleifur Jónsson,
Sigurður Gunnarsson,
Hjörtur Snorrason.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 381, n. 614).

Forseti tók frumvarpið út af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 3. september, var frumvarpið enn tekið til 2. umr.

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu, því að frumv. er ekki í raun og veru margbrotið. Það fer að eins fram á þá breytingu á sveitarstjórnarlögunum, að kosningar í sýslunefndir og hreppsnefndir fari fram með leynd, ef hreppsnefndir eða nokkur hluti kjósenda krefst þess.

Það má nú ef til vill segja, að ekki muni mikil þörf á því, að hafa þessar kosningar leynilegar, þar sem ekki mun hafa hingað til átt sjer stað kapp í þessum kosningum. En nefndin bjóst þó við, að einhverstaðar hafi nauðsyn þessa ákvæðis gjört vart við sig, fyrst farið var að bera þetta frumv. fram í háttv. Ed. Og sá tími getur komið, að betra sje, að menn eigi kost á að hafa þessar kosningar leynilegar, líkt og kosningar til Alþingis og bæjarstjórna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið nái fram að ganga, þó með þeirri breytingu við 1. gr., að $^3/_{10}$ kjósenda þurfi til þess, að geta óskað leynilegrar kosningar, í stað $^1/_{10}$, sem stendur í frumvarpinu. Meiri hl. nefndarinnar þótti oftlitið brot af kjósendum til tekið í frumv. Ed., og leit svo á, að ekki mætti takmarkið vera minna en nálægt $^1/_3$, enda þá líka fengin trygging fyrir því, að um einhver þau mál sje að ræða, sem orðið geti eða sjeu veruleg kappsmál.

Það er nú sennilegt, að mál þetta sje ekki mjög áríðandi, en meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að frv. væri að minsta kosti meinlaust. Að vísu er það athugavert, að dálitinn kostnað geta þessar kosningar haft í för með sjer fyrir hreppssjóðina, en þar sem ekki mundi til þeirra koma, nema í knýjandi nauðsyn, þá ætti sá kostnaður að verða greiddur með góðum vilja.

Aðrar greinir frumvarpsins eru líkar því, sem er í lögum um kosningar til Alþingis.

Jeg hefi þá ekki ástæðu til þess, að fara lengra út í málið, en legg það á vald háttv. deildar.

ATKVGR.:

Brtt. 614 samþ. með 16 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Hannesson,
Guðm. Eggerz,	Skúli Thoroddsen,
Hannes Hafstein,	Þór. Benediktsson.
Hjörtur Snorrason,	

já:
Jóhann Eyólfsson,
Jón Jónsson,
Jón Magnússon,
Magnús Kristjánss.,
Sigurður Eggerz,
Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Sveinn Björnsson,
Þorleifur Jónsson,

Atkvæði greiddi ekki Pjetur Jónsson, og var talinn til meiri hlutans.

Fjarstaddir voru: Bened. Sveinsson, Bjarni Jónsson, Einar Arnórsson, Einar Jónsson og Matthías Ólafsson.

1. gr. svo breytt samþ. með 14 : 8 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Eggerz,
Björn Kristjánsson,	Jóhann Eyólfsson,
Guðm. Hannesson,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Kristjánss.,
Hjörtur Snorrason,	Matthías Ólafsson,
Jón Magnússon,	Pjetur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sigurður Eggerz.
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Sigurður Sigurðsson og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkv., og voru taldir til meiri hlutans.

Fjarstaddir voru: Bjarni Jónsson, Einar Arnórsson og Einar Jónsson.

2.—5. gr. samþ. með 13 : 7 atkv.

6.—8. gr. samþ. með 14 : 7 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 14 : 7 atkæðum.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. september, var frv. tekið til 3. umr. (A. 744).

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg hefi tekið eftir meinlegri prentvillu í frumvarpinu. Í 1. gr. stendur: $^1/_8$ hluta kjósenda, í stað $^1/_8$ hluta, svo sem samþykt var við 2. umræðu. Þessa prentvillu má laga á skrifstofunni, og jeg vænti að það verði gjört.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 15 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Eggerz,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Guðm. Hannesson,	Jóhann Eyólfsson,
Hjörtur Snorrason,	Jón Jónsson,
Jón Magnússon,	Matthías Ólafsson.
Magnús Kristjánss.,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorl. Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Einar Arnórsson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Frv. endursent til Ed. (A. 792).

---

24. Vestmannaeyjahöfn.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóv. 1913,

eins og það var samþykt við. 3. umr. í Ed. (A. 735).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. september, var frv. tekið til 1. u m r.

Sveinn Björnsson: Jeg legg til, að frumvarpinu verði vísað til sjávarútvegsnefndarinnar að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Frv. vísað til sjávarútvegsnefndar með 14 shlj. atkv., en í þeirri nefnd áttu sæti þeir

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Guðm. Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Þór. Benediktsson,
Sig. Gunnarsson.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 10. september, var frumv. tekið til 2. u m r. (A. 735, n. 871).

Forseti: Þar sem nefndarálitið um þetta mál kom ekki fram fyrr en í gær, og hefir því ekki legið fyrir lögákveðinn tíma, verður að leita afbrigða frá þingsköpunum.

Afbrigðin samþykt í einu hljóði

Forseti: Málið liggur þá fyrir til umræðu.

Framsm. (Matthías Ólafsson): Jeg hefi ekkert frekara um þetta mál að segja en það, sem stendur í nefndarálitinu.

ATKVGR.:

1. gr. samþykt með 15 samhlj. atkv.

2.—3. gr. samþykt með 14 samhljóða atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkvæðum.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 11. september, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 735).

Afbrigði frá þingsköpum, til þess að taka frumvarpið fyrir, voru leyfð og samþykt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþykt með 13 shlj. atkvæðum og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 975).

---

25. Þingsköp.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 24 ágúst var útbýtt

Frumvarpi til laga um þingsköp Alþingis. (A. 514. [Frá samvinnunefnd beggja deilda um þingsköpin]).

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 26. ágúst, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 514, n. 548, 554, 563).

Framsm. meiri hlutans (Jón Magnússon): Eins og menn muna, urðu alls engar umræður um þetta mál við 1. umræðu, og kom það til af því, að þá var orðinn mjög langur fundur, svo að menn vildu ekki tefja tíma deildarinnar með því að fara að ræða þetta mál. Það var ekki heldur ástæða til að segja mikið um málið þá, því að það er gjörð nokkurn veginn glögg grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar á núverandi þingsköpum.

Jeg vil leyfa mjer að minna á það, að í fyrra fóru frá þessari deild breytingar á þingsköpunum, sem nauðsynlegar urðu að álítast, vegna breytingar þeirrar á stjórnarskipuninni, sem þá varð á. Ed. feldi þá málið, og tel jeg það illa farið. Það mátti vel samþykkja frumvarpið eins og það þá kom frá þessari deild og fá það staðfest, en taka síðan upp í ró og næði gagngjörða endurskoðun á þingsköpunum Það þótti lengi ekki sjálfsagt, mikinn part af vetrinum, sem leið, að stjórnskipunarbreytingin yrði staðfest, og því kom ekki neitt frumvarp um þingskapabreytingu frá stjórninni fyrir þetta þing. Jeg skal annars ekki fara mikið út í aðgjörðir Ed. í málinu í fyrra, þótt mjer þyki þær ekki fyllilega rjettar gagnvart þessari deild. Frá Ed. hafa komið mikil störf í þessu máli, og skal jeg þar sjerstaklega tilnefna háttv. 5. kgk. (G. B.). Frá honum eru flest allar breytingarnar. Jeg vænti að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer nefndarálitið og breytingarnar. Það hefir verið útbýtt meðal háttv. þingmanna uppkasti að þingsköpunum, þar sem prentaðar eru með öðru letri breytingar þær, er nefndin stingur upp á, svo að hægra væri að átta sig á nýmælunum. Að öðru leyti skal jeg láta mjer nægja að drepa lítils háttar á breytingar þær á frumvarpinu, sem nú eru fram komnar.

Jeg ætla þá fyrst að minnast á brtt. á þgskj. 554. Eins og getið er um í nefndarálitinu, þótti rjett að taka eiðstaf upp í þingsköpin. Einn nefndarmanna, háttv. þm. Dal. (B. J.) gat þó ekki fallist á eiðstafinn, og hefir hann komið fram með tillögu um að hafa hann öðru vísi en meiri hluti nefndarinnar leggur til. Þetta er auðvitað ekki neitt aðalatriði. Mjer finst eiðstafur sá, er stendur í frv. vera viðkunnanlegri, heldur en í brtt. háttv. þm. Dal. (B. J.) Jeg tel okkar eiðstaf klassiskari og hátíðlegri, t. d. orðin: »jeg segi það guði.«

Þá er 2. brtt. á sama þgskj., við 5. gr. Þar vill minni hlutinn, háttv. þm. Dal. (B. J.), ekki láta fresta kosningu, ef efi þykir á, að hún sje lögmæt. Hann telur að hætta sje á, að þessu ákvæði geti orðið misbeitt af meiri hl. gegn minni hluta. Jeg hygg, að þetta sje hreinn misskilningur. Meiri hlutinn getur alveg eins misbeitt valdi sínu í þá átt, að fella kosninguna úr gildi, ef efi þætti á vera. Hitt virðist mjer lakara, ef kosning yrði gjörð ógild, og svo kæmi það síðar fram, að það hefði gjört verið vegna vantandi upvlýsinga. Jeg hygg, að það væri ekki rjett, að taka þetta ákvæði burt úr frv.

Þá er 3. tillagan, sem jeg og meiri hlutinn álítum heldur ekki heppilega. Það kom talsvert til umræðu í nefndinni, vegna þess, að í stjórnarskipunarlögunum er ekkert ákveðið um það, hvernig að skuli fara, þegar kosinn er maður á miðju kjörtímabili í stað kjördæmiskosins þingmanns, er sæti hefir átt í Ed. Meiri hlutanum þótti rjett, að sá maður, sem kosinn yrði í hans stað, færi líka í sæti hans í Ed. Það kom fram í nefndinni, að þetta gæti orðið til

þess, að flokkaskipun yrði eitthvað öðru vísi en ætti að vera, en meiri hlutinn heldur að engin hætta stafi af þessu.

Þá er 4. brtt. við 11. gr. um eitt atriði, sem snertir starfa þann, er skrifstofustjóra er ætlaður. Það er í rauninni ekki mikilvægt atriði. Meiri hlutinn heldur fast við, að það sje rjett, að láta hinn fyrirhugaða skrifstofustjóra ráða starfsmenn til þingsins, auðvitað þó með samþykki forsetanna. Þetta er meira en orðabreyting, en vitanlega myndu forsetarnir alt af ráða miklu.

Þá er enn dálítill ágreiningur milli meiri og minni hlutans um föstu nefndirnar. Jeg tel gott, að þessar brtt. eru fram komnar, því að við það skýrist enn betur, hvað nefndin hafði ætlað sjer. En jeg álít, að rjettast sje, að fastákveða þetta ekki nú þegar, frekara en gjört er í frumv., tel betra að láta reynsluna skera úr. Jeg hygg, að það mætti vel við una, að hafa þrjár fastar nefndir, sem hefðu aðallega að sýsla með atvinnumál landsins. Að minsta kosti er það vel í lagt í samanburði við aðrar greinar landsmálanna. Jeg hygg, að verslunarmálin geti vel komið í samgöngumálanefnd og sjávarútvegsnefnd, jafnvel einnig í landbúnaðarnefnd. Jeg vil þess vegna fyrir hönd meiri hlutans mæla á móti því, að þessi tillaga verði samþykt, en vona að þetta verði tekið eins og það liggur fyrir í frumv. Það er alt af hægt að sníða þetta í hendi sjer, þegar reynsla fæst.

Þá kem jeg að 6. brtt. Þetta aðalágreiningsefnið. Meiri hlutinn hefir viljað stuðla að því, að hægt yrði að halda fjárveitingunum innan hæfilegra takmarka og fá sem mesta festu í fjármál landsins. Þetta virtist oss verða helst með því, að stjórn og fjárveitinganefnd hefði sem mest að segja um útgjaldahlið fjárlaganna. Því var að vísu hreyft í nefndinni, að það væri efasamt, hvort þessi tillaga væri ekki á móti stjórnarskipunarlögunum. En því var afdráttarlaust haldið fram af miklum meiri hluta, að þessi tillaga kæmi ekki í bága við neitt ákvæði í stjórnarskipunarlögunum. Meiri hlutanum þykir mikið unnið með þessarri tillögu um að $^2/_3$ hluta atkvæða þurfi til þess að brtt. frá einstökum þingmönnum nái fram að ganga í trássi við fjárveitinganefnd. Á síðustu þingum hefir nokkuð verið um þetta rætt, og hefir það aðallega mætt mótstöðu frá þeim, sem ósparari eru á fje landsins, en verið haldið fram af hinum, sem vilja spara.

Þá er að minnast á 7. brtt. Meiri hluti nefndarinnar vildi taka upp það nýmæli, að takmarka nokkuð ræðufjölda framsögumanna, með því að ekki er ástæðulaust að álíta, að það sje jafnaðarlega varið of miklum tíma í umræður hjer á þinginu, sjerstaklega í neðri deild, og ætti því ekki að vera ófyrirsynju, þótt reynt væri að takmarka það. Yfir höfuð álítur meiri hl. að miklar umræður hjer á þinginu gjöri allajafna fremur lítið gagn, en kosti hins vegar mikið fje og mikinn tíma. Jeg get ekki skilið, að það sje ekki fyllilega nóg fyrir framsögumann, að tala þrisvar við hverja umræðu máls. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að það ber enga nauðsyn til þess, að framsögumaður svari hverjum andmælanda út af fyrir sig. Það mætti kannske segja, að sama ætti að ganga yfir ráðherrann, en um hann er nokkuð öðru máli að gegna. Það gæti komið fyrir í umræðunum fyrirspurn eða eitthvað þess konar, sem ráðherra þyrfti að svara þegar.

Áttunda atriðið er um leynilega atkvæðagreiðslu. Jeg býst við, að menn greini á um þetta; sumum finnist ekki ástæða til að vera að fara í launkofa með atkvæðin. En það hefir verið tek-

in upp í mörgum greinum leynileg atkvæðagreiðsla og þótt hentugra, og í samræmi við að slíkt geti komið fyrir, að þingið kjósi heldur leynilega atkvæðagreiðslu í sumum málum. Meiri hlutinn hefir, að dæmi sumra annarra þjóða, tekið upp ákvæði um þetta. Minni hlutinn vill ekki fallast á þetta. Stórvægilegt getur þetta atriði ekki talist.

Nefndin hefir ekki tekið neina afstöðu í heild sinni gagnvart tillögunni á þgskj. 563, en jeg get fyrir mitt leyti lýst yfir því, að jeg tel hana til bóta. Það er eflaust gott og rjett til skýringar, að hverju máli fylgi skrifaðar upplýsingar og skýringar. Ef haft er á móti því, þá er það ekki annað en verið er að ala upp leti í mönnum, því að flutningsmaður hvers máls ætti að gjöra sitt til að skýra og reifa málin sem best þegar í upphafi.

Að endingu skal jeg láta þess getið, að úr 53. gr. frumv. átti að falla burtu orðin: »og má hver þingmaður, er vill«. Jeg spyr háttv. forseta, hvort ekki megi skoða þetta sem prentvillu.

Forseti: Jeg sje ekkert á móti því, að frumv. sje borið upp með þeim fyrirvara, að þetta sje skoðað sem prentvilla.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg býst við, ef Alþingi á að vera þjóðinni það, sem hún ætlast til, að þá ríði ekki lítið á, hvernig þingsköpin eru úr garði gjörð. Alþingi á að vera sverð og skjöldur þjóðinni, og þingsköpin eiga að gjöra það auðveldara, að svo geti verið. En því tryggara verður þetta, því betur og viturlegar sem að er farið. Það má ekkert það standa í þingsköpunum, er varnar því, að þingmenn njóti sem best rjettar síns, og rjettur kjördæmanna sje ekki fyrir borð borinn, og það hvaða flokkur sem á í hlut. Það er því nauðsynlegra og auðsæjara en margt annað, að þingsköpin eiga og mega ekki vera óviturlega samin, svo að þau geti ekki valdið skaða.

Háttv. framsm. meiri hl. (J. M.) talaði um breytingartillögur, er væru til bóta. Við erum þá sammála um það, að allar breytingartillögur, er samkvæmar eru stjórnarskránni, sjeu til bóta, og hafi átt fram að koma. En það var ein, sem hann mintist ekki á að koma mætti fram, en það var um ákvæði um, hvernig þingmenn ættu að haga sjer ef t. d. forseti sjálfur yrði vitskertur. En við því er gjört með því, að þingið geti vikið honum frá.

En um það, sem jeg tel aðallega til bóta fyrir þingið, eru föstu nefndirnar, því að allir hljóta að vera sammála um það, að meira verði af forsjá unnið, ef þær værn kosnar þegar í þingbyrjun. Þær myndu leggja sig óðara í framkróka með að rannsaka og íhuga málin, því að málin græða ekki svo mikið á því, þótt nefnd setjist niður, svo sem nú er títt, og allir í nefndinni lýsi yfir því, að þetta og þetta sje sín skoðun, að órannsökuðu máli.

En jeg get ekki fallið frá þeirri skoðun minni viðvíkjandi 16 gr., að rjettara sje, að ákveða starfsvið nefndanna í lögunum. Stæði það berum orðum í lögunum, álít jeg að ekki yrði farið í kringum það, því að þá sæist, hvaða mál ætti að hverfa undir sjerhverja nefnd, þar sem nú er ekkert beinlínis ákveðið um það.

Um fjölda nefndanna skal jeg svara því, að mjer þykir sjálfsagt, að í þingsköpunum sje gjört ráð fyrir verslunar- og iðnaðarnefnd. Þá nefnd tel jeg einna mesta. Og ef einhver skyldi segja, að það starfssvið, er jeg ætla henni, geti horfið undir samgöngumálanefnd, þá er því að svara, að þótt sú nefnd sje mikilsverð, þá getur hún þó ekki látið til

sín taka kjör daglaunamanna og atvinnumál, er ekki heyra undir landbúnaðarefna sjávarútvegsnefnd. En þetta er hvortveggja mjög mikilsvarðandi mál, og veitir því ekki af sjerstakri nefnd, til þess að hafa þau með höndum.

Jeg skal taka það undir eins fram, að þó að frv. verði samþ. óbreytt, þá vil jeg þó ekki láta það sjást, að jeg þegjandi hafi látið það við gangast, að sumar tillögur meiri hlutans kæmist fram.

Fyrst skal jeg þá snúa mjer að eiðstafnum. Hann er sniðinn eftir eiðspjalli Marðar Valgarðssonar, þar sem hann býður Flosa »at hlýða til eiðspjalls síns ok til framsögu sakar«, (Njálssaga, Rvík 1894, kap. 142, bls. 359). Mjer þykir ekki hyggilegt, að taka þenna eið hjer upp, því að þessi eiður er ekki þingmannseiður, heldur eiðspjall málaflutningsmanns. Því að þar sem talað er um *vætti*, og inna af hendi lögmæt *skil*, er fram koma, á eigi við um þingmenn, því að varla er hægt að orða það svo, að þeir eigi að inna skil af hendi.

Um hátíðablæinn, sem háttv. framsm. meiri hlutans (J. M.) sagði að væri yfir orðunum: »jeg sver og segi það guði«, þá er meiri hlutanum ekki of gott að eiga ánægjuna og heiðurinn af þessu. En hjer kunna að koma menn, er ekki trúa á guð, og því er betra að vinna lögeið. Og þó að háttv. framsm. meiri hl. þyki ekki orðalag mitt smekkvíslegt, þá má lengi deila um það, hvort orðalagið ber af öðru, en það get jeg sagt honum, og það með jafnmiklum rjetti, að mjer þykir mitt orðalag miklu smekkvíslegra, og óefað er það miklu rjettara, enda mun það verða almannadómur.

En hins vegar skiftir það ekki svo miklu máli, hvernig eiðstafurinn er orðaður.

Svo er það út af brtt. minni við 5. gr. frumvarpsins. Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir mint mig á, að mjer hafi gleymst að breyta öðrum orðum í samræmi við þetta. Jeg tek því þessa brtt. aftur að sinni, og bið háttv. forseta að taka eftir þessu.

Þá kem jeg að 9. gr. Þar hefi jeg ekki heldur getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar, og get ekki orðið það. Raunar var jeg ekki mjög harður á þessu í nefndinni, en við nánari athugun sannfærðist jeg um, að ef t. d. efri deildar þingmaður deyr, kosinn óhlutbundinni kosningu, þá sje rangt að kjósa annan mann beinlíns í sæti hans, heldur skal kjósa mann í sæti hins látna í Ed., þannig, að sameinað Alþingi kjósi einhvern þingmanna, kosinn óhlutbundinni kosningu. Er þá óvíst á hverjum valið lendir.

Þetta kemur bæði af því, eins og tekið er fram í nefndaráliti minni hlutans, að þetta getur brjálað um of flokkahlutföllum og jafnvel orðið stjórn að falli, og þó að jeg sje ekki neinn stjórnarvinur, hvorki fæddrar nje ófæddrar, þá þykir mjer þetta varhugavert, því að Ed. verður hjer eftir þýðingarmeiri fyrir stjórnina og þjóðmál öll, er þeir konungkjörnu eru dottnir úr sögunni.

Þá kem jeg að hinu, sem mælir á móti tillögum meiri hlutans í þessu. En það er það, að í stjórnarskránni er til tekið, að þeir, auk þeirra þingmanna, er kosnir eru hlutbundinni kosningu, sem eiga sæti í Ed., skulu kosnir af sameinuðu Alþingi, eins og áður er sagt. En sje hinn nýkosni þingmaður beinlínis kosinn í stað hins látna, eins og meiri hl. vill, er stjórnarskráin hersýnilega brotin.

Þetta atriði kom ekki til orða í nefndinni, og jeg vona því, að háttv. meiri hluti samþykki þetta, er hann athugar það.

Þá er það brtt. mín við 11. gr. viðvíkjandi skrifstofustjóra. Mjer virðist

svo, að vald forsetanna til þess að ráða starfsmenn þingsins, sje mjög skert með ákvæði frumv. um þetta. Því að þótt gjört sje ráð fyrir því, að skrifstofustjóri ráði starfsmenn þingsins með samþykki forseta, er það ekki sama, sem þeir hafi völdin í þessu efni. Og jeg verð harðari á þessu, eftir að háttv. framsm. meiri hlutans (J. M.) talaði, því að hann kvað þetta vera meira en orðabreytingu. Með öðrum orðum vald forsetanna er minkað.

En það vil jeg ekki, því að þeir geta haft stuðning skrifstofustjóra um ráðningu þessara manna — og það tel jeg alveg rjett, — án þess að vald þeirra sje skert. Annars er jeg sammála meiri hlutanum um það, að ráða skrifstofustjóra til langs tíma.

Á brtt. mína við 16. gr. hefi jeg minst hjer að framan, og læt jeg þar við sitja.

Þá verð jeg loks að gjöra grein fyrir afstöðu minni út af þrem síðustu brtt. mínum, því að þar er mikið sem í milli ber.

Jeg tel það ótækt, og næstum vítavert, að koma fram með slíkar tillögur sem tillaga meiri hlutans er, um að gjöra tiltekinn meiri hluta (»qualificeret Majoritet«) að skilyrði fyrir fjárveitingu, er fjárveitinganefnd hefir ekki fallist á. Með því er þeim þingm., er í henni eiga sæti, gefið meira vald en öðrum þingmönnum. Mennirnir eru þó ekki kosnir í nefndina, til þess að fái meira vald en aðrir, heldur eru þeir kosnir í nefndina til þess, að afla sjer og öðrum upplýsinga um þau mál, er undir nefndina hverfa, skýra þau og greiða úr þeim eftir föngum. — Rjettur þessara manna er því nákvæmlega sá sami, sem annara þingmanna, hvorki minni nje meiri.

Þetta ákvæði frv. er ótækt, því að af því getur leitt misrjetti og ranglæti gagnvart þeim kjördæmum, sem sá einstaki maður er fyrir. Jeg get líka bent á, að þetta er hárbeitt vopn í hendur flokkunum á mótstöðumenn sína. Því ef sá tiltekni meiri hluti kæmi í framkvæmd, yrði meiri hl. fjárveitinganefndar á móti tillögu hins einstaka þm. Og eftir andanum að dæma, má ekki kljúfa fjárlaganefnd og koma fram með minni hluta tillögu, því að þótt þetta sje hvergi beinlínis nefnt, má samt lesa á milli línanna, að ekki er ætlast til að nefndina megi kljúfa. Þetta er hugsanagangurinn og verður hann líklega færður út í æsar.

En þótt þessi yrði ekki raunin á, og minni hluti gæti komið fram með sínar breytingartillögur, þá yrði samt mönnum, er væru utan flokka, eða hefðu fámennan flokk að baki sjer engin björg vís. Þeir væru alveg komnir upp á náðir fjárlaganefndar. Því þótt þeir ættu víst, að hafa allan þorra atkvæða þingdeildarinnar á sínu bandi, næði fjárveiting sú, er þeir bæru fyrir brjósti, hversu sanngjörn og sjálfsögð sem hún annars væri, ekki fram að ganga, ef fjárlaganefnd vildi ekki taka hana upp. Þann veg tækju einir 5 menn í fjárlaganefnd öll ráð af meiri hluta allrar þingdeildarinnar. Og er þar langt farið.

Þar að auki er það hlægilegt, að fara að koma með sjerstaka atkvæðagreiðslu um útgjaldatillögur, eins og það sjeu merkilegri mál en alt annað. Alveg eins og það sje merkilegra, svo að jeg taki dæmi, að jeg kom fram með tillögu um bryggju í Salthólavík, en að jeg kæmi fram með breytingartillögu móti mentamálanefnd við einhverjar tillögur hennar, t. d. um refsiákvæði, varðandi líf og æru, og þær væru taldar bandvitlausar, en gengi fram, af því að meiri hlutinn er vitlaus í deildinni.

Það er svo hlægilegt, segi jeg aftur, að gjöra svo mikið úr þessu, því að það

er engin hætta á því, að tillögur einstakra manna, er næmu stór-upphæðum, fyndu náð í augum deildarinnar, eða þessir einstöku menn gætu mútað henni. Það mundi aldrei koma fyrir. En þó að róið væri öllum árum að því, að koma slíkum fjárveitingum einstakra þingmanna fram, yrðu þær samt aldrei samþyktar á móti vilja fjárlaganefndar.

Tillögur um fjárveitingar til stórfyrirtækja, kæmust því aldrei fram frá einstökum þingmönnum. En ef meiri hluti þingdeildar vill láta útgjöld, enda þótt þau sjeu borin fram af einstökum mönnum, ná fram að ganga, þá vil jeg spyrja: Hvaða rjettur er þá á því, að láta þau ákvæði standa í þingsköpunum, er banna þennan sjálfsagða hlut. Enda er þetta blátt áfram brot á móti stjórnarskránni, því að þar stendur að frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, er þau hafa gengið í gegn um 8 umræður, verði samþ. þannig, að um það ráði það eitt, að meiri hluti greiði þeim atkvæði. Um önnur lagafrumvörp ræðar tiltekinn meiri hluti, en fjárlaga- og fjáraukalagafrumvörp eru undanþegin þessu ákvæði.

Þetta er ekki andi stjórnarskrárinnar. Andi stjórnarskrárinnar er sá, að hefta þá fyrst framgang máls, er það hefir gengið í gegnum allar umræður í báðum deildum, og er komið í sameinað þing, og hann er viturlegri en þetta, þar sem hann ákveður jafnvel, að um fjárlagaákvæði skuli ráða einfaldur meiri hl. Og jeg kann þá ekki að lesa lög, ef það er ekki alveg óleyfilegt, stjórnarskrárinnar vegna, að setja í lög annað eins og þetta ákvæði meiri hl., og þess vegna vona jeg, einkum af þessari ástæðu, að háttv. deild felli það, en fallist á till. mína.

Þá vill háttv. meiri hluti spara tíma og peninga með því, að taka fyrir munninn á framsögumönnum nefnda. Látum nú þetta vera, ef alt væri óbreytt um nefndaskipanir, eins og áður var; en þar sem nú eiga að koma fastanefndir, og þar sem gjöra má ráð fyrir, að þeir verði valdið til að vera framsögumenn, sem færastir eru, þá er þetta sjerstaklega óskynsamlegt, að takmarka málfrelsi þeirra. Jeg skal taka það dæmi, að nú spyr jeg framsögum. að einhverju, og hann geymir sjer að svara, til þess að tala sig ekki dauðan, en þá spretta upp einir 10 aðrir þingmenn og tala allir um þetta sama atriði.

Ef nú framsögum. hefði svarað strax, þá hefði ef til vill sparast alt það hjal, og kemur það þá í ljós, að þetta er öfugur sparnaður. Það fjölgar ræðunum, en fækkar þeim ekki, og þingið nær ekki með því þeim göfuga tilgangi, að taka fyrir munninn á sjálfu sjer. Jeg held að sú skoðun hafi ekki orðið til fyrr í nokkru landi, að þingmenn eigi að vera bundnir við eintal sálarinnar við sjálfa sig, af því, að annars tali þeir ofmikið eða heimskulega, og jeg fyrir mitt leyti geng ekki að slíku fyrir mína hönd eða þingsins. Það getur verið, að nú vilji sumir helst hlaupa út eða í felur, til þess að forðast menn, sem ef til vill gætu sannfært þá með ræðu sinni, eða gjört þeim örðugra fyrir að framkvæma vitleysurnar, en þeir ættu samt ekki að álykta af því, að svo ætti eða þyrfti ætíð að verða framvegis, því að það er þó hugsanlegt, að upp kunni að koma þeir menn, sem geti sannfærst af skynsamlegri ræðu. Jeg tel það illa ráðið, og hreint og beint ósæmilegt, að hefta málfrelsi þeirra manna, sem þjóðin hefir sent til að fara með mál sín. Það er ekki slæleg mynd af þingi að tarna, þar sem fulltrúarnir mega helst ekki tala neitt um málin, og greiða svo leynilega atkvæði um þau á eftir! Mjer er sem jeg sjái gengið um með kúlnakassana! Það þarf svo sem ekki að óttast, að borgaralegt frelsi

slíkrar þjóðar komist á neinar villigötur, þar sem engu er spilt með óþarfa hjali! — Nei, það er segin saga, að þessar þrjár tillögur: Um tiltekinn meiri hluta, um mestu smámál, en ekki um stærstu velferðarmál; um takmörkun á málfrelsi fulltrúanna, og um leynilega atkvæðagreiðslu. Það er lyklakippa, sem jeg vil ekki ganga með; og jeg vildi ekki vera íslenska þjóðin, og eiga frelsi mitt og velferð undir leynilegri atkvæðagreiðslu þegjandi manna, og þeirra, sem samþykkja slíkt.

Eitt atriði er enn, sem ekki hefir verið vikið að, sem sje ákvæðið um það, að enginn megi greiða atkvæði með styrk til sjálfs sín eða sinna nánustu vandamanna. Það er ekki langt síðan hjer voru greidd atkvæði um fjárveitingarnar til þeirra nafna, dr. Helga Pjeturss og Helga bróður míns, sem gjört hafði verið ráð fyrir í frv. stjórnarinnar, en farið að hrófla við í nefnd. Ef jeg hefði nú ekki mátt greiða atkvæði um styrkinn til bróður míns, eins og til hins mannsins, þá hefði hann fallið, því að þetta marðist rjett í gegn, og það hefði jeg talið illa farið, ekki af því, að hann er bróðir minn, heldur af því, að jeg tel styrknum vel varið, og þegar svo er, þá myndi jeg greiða atkv. með fjárveitingunni. jafnvel þótt versti fjandmaður minn ætti í hlut. Það er jafnvel vafasamt, hvort það er rjett, að meina þingm. að greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín. Hún getur sem sje haft aðra hlið en hina fjárhagslegu. Hún getur haft rjettarhlið, þannig, að látin sje í ljósi sekt eða sakleysi mannsins með því, hvort hann fær fjárveitinguna eða ekki, og hví má þá ekki þingm. greiða atkvæði um það í þessu formi, þar sem t. d. jafnvel ráðherra má neyta rjettar síns sem þingmaður í deild, til þess að greiða atkvæði um það, hvort hann skuli dreginn fyrir landsdóm eður eigi? Hví ætti þá ekki hver þingmaður að mega greiða atkv. um lítilfjörleg fjármálefni, jafnvel þótt hann eigi sjálfur í hlut, því hvað eru peningar í samanburði við æruna?

Það er ekki langt síðan að þvarg varð um gæslustjóra Landsbankans, og þeir greiddu sjalfum sjer atkv., og var það þá ekki komið á stefnuskrá heimastjórnarmanna, að meina þingm. atkv. í sjálfs sín sök. En upp á síðkastið hafa þeir sýnt lofsverða þrautseigju í því, að koma með slík ákvæði hvað eftir annað, því að þaðan er þetta runnið, og er það víst ekki gjört út í loftið.

Það ætti nú hverjum manni að vera auðsætt, að málið á hjer fram að ganga með þeim breytingum á stóratriðum, sem jeg hefi talað fyrir hjer.

Að því er tekur til þessa, er jeg taldi síðast, þá er það að eins aths., sem jeg gjörði, en engin brtt. Jeg álít það smámunasemi og ástæðulaust, að meina manni að greiða atkvæði um fjárveitingu til sjálfs sín, þar sem það getur alt af komið fyrir, að hann dæmi um annað, sem miklu meira er vert, í sjálfs sín sök. Mjer hefir oftar en einu sinni verið brigslað um það, að jeg hafi notað tækifærið hjer á þingi til að greiða atkvæði með sjálfum mjer, en jeg vil nota þetta tækifæri til þess, að lýsa yfir því, að það er rógur einn og lygi.

Pjetur Jónsson: Jeg á hjer eina brtt., en háttv. framsm. meiri hl. (J. M.) tók henni hlýlega, svo að jeg vona, að hún verði samþykt. Að eins vildi jeg skýra meiningu hennar í fám orðum. Hún er sú, að ætíð fylgi með frumvörpum skýringar eða ástæður flutningsmanna fyrir þeim, öldungis eins og stjórnin er vön að láta fylgja sínum frumvörpum. Það gengur nú svo, að

við 1. umr. verða oft langar umræður, og stafa þær stundum af því, að þeir, sem andmæla, hafa eigi skilið frumvörpin, eða stefnu þeirra, og gætu þær því sparast, ef skýringar fylgdu frumvörpunum, enda er það oft, að skýringar í ræðum flutningsmanna heyrast ekki eins vel, eða skiljast, og þær myndu hafa gjört, ef þær hefðu verið skrifaðar.

En úr því að jeg stóð upp, þá ætla jeg að minnast á tvö atriði, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) hafði á móti frumv. Í fyrsta lagi er takmörkunin á fjárhækkunartillögum frá einstökum þm. í 32. gr. Jeg varð feginn, þegar jeg sá það nýmæli, og hefði óskað að eitthvert sams konar ákvæði hefði komist inn í stjórnarskrána, en það var nú ekki hægt þegar hún var á ferðinni. Jeg álít það alt annað en heppilegt, að frumkvæðisrjettur um útgjaldahækkanir sje svo óbundinn, sem hann hefir verið hingað til, og helst hefði jeg kosið, að engin fjárhækkunartillaga hefði komist að, sem stjórnin legði á móti.

Í þessu efni ætti mest að binda sig við stjórnina, því hún hefir meiri ábyrgð á því en aðrir, hvernig um fjárhaginn fer. Við þurfum ekki annað en þukla í okkar eigin barm; ef margir ættu að ráða jafnmiklu um útgjöldin á einhverju heimili, þá mundi þar alt lenda í ógengd, sem engar tekjur hrykkju við. Þannig er því og varið á þessu stóra heimili hjer, landsbúinu, þinginu, að það kann ekki góðri lukku að stýra, að hver maður geti kastað inn brtt., sem rugla allan fjárhag landsins, og það á hverju stigi málsins sem er, svo að lítil athugun kemst að.

Jeg lít svo á, sem hver þingmaður mætti vel við það una, að eiga áhugamál sín og síns kjördæmis undir stjórninni, því ef málaleitanirnar eru sanngjarnar, þá komast þær fram á endanum. Þetta er mín reynsla, og eftir þessu hefi jeg hagað mjer.

Hitt atriðið var takmörkun á málfrelsi framsögumanna. Mjer finst það nú vera lítilsháttar atriði, en yfirleitt finst mjer málfrelsi þeirra óþarflega mikið. Jeg væri alveg ánægður með, að það væri ekki umræður nema við eina umræðuna. Yfirleitt væri það heppilegra, að gjörð væri skriflega grein, bæði fyrir frumvörpum og brtt., og síðan greidd atkvæði þegjandi; annars verður úr þessu málaþras, sem flestir eru hættir að hlusta á, eins og sýnir sig nú á þingfundum. Flestir þingmenn una betur við kaffisumbl á »Kringlu«, og salirnir eru tómir undir umræðunum.

Frsm. meiri hl. (Jón Magnússon): Háttv. framsm. minni hl. (B. J.) þótti það óviturlegt, að nefna guðs nafn í eiðnum. Jeg get ekki kannast við það, en hitt mætti orða, að í sjálfu sjer hafi má ske mátt nægja, að hafa drengskaparheit, en stjórnarskráin heimtar nú beint eið og virðist þá ekki verða hjá því komist, að nefna guðs nafn, enda hefir það ekki komið að sök hingað til; enginn íslenskur þingmaður neitað að vinna eiðinn.

Sami háttv. þm. (B. J.) talaði mjög óvirðuglega um fjárveitingarvald Alþingis, kallaði það vesælasta starf þess o. s. frv. Jeg tel nú, að einstakar fjárveitingar sjeu ekki svo óverulegar, þegar þær nema þetta upp undir 100 þús. kr. og þar um bil. En þetta er nú hans gamla álit, og fáir aðrir munu vera komnir svo langt, að þeir meti það á sama hátt og hann. Hann talaði um, að það væri ekki rjett, að láta fjárveitinganefnd hafa eins mikið vald og hjer er ráð fyrir gjört. Hún ætti eftir hans skoðun eiginlega ekki annað að gjöra en safna skýrslum um þau mál og erindi, er fyrir liggja. Jeg er nú á öðru

máli um þetta. , Og hvað sem öðru líður, þá er ástæða til að takmarka tillögurjett þingmanna til aukinna útgjalda. Að einstök kjördæmi geti orðið afskift með því lagi, er að vísu hugsanlegt, en hitt er engu síður víst, að með því fyrirkomulagi, sem hingað til hefir verið, hafa mörg kjördæmi, sem átt hafa lægna þingmenn til hrossakaupa, borið miklu meira úr býtum en nokkur ástæða var til.

Jeg mintist á það áðan, hvort þetta ákvæði kæmi í bága við stjórnarskrána. Það er álit meiri hlutans, að svo sje ekki.

Háttv. þm. (B. J.) talaði um, að ekki mætti takmarka ræðufjölda framsögumanns.

Jeg hefi áður reynt að sýna fram á það, að nægilegt sje, að framsögumaður tali þrisvar, og tala háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir ekki sannfært mig um hið gagnstæða. Annars er þetta atriði svo vaxið, að háttv. deildarmenn hljóta að geta áttað sig á því, án frekari málalenginga.

Um það, hvernig að verði farið, ef laust verður í Ed. sæti þingmanns, er kosinn er óhlutbundinni kosningu, hefi jeg talað áður, og hefi engu þar við að bæta. Meiri hluti nefndarinnar gjörir þetta ekki að neinu kappsmáli. Honum fanst beinast liggja við, að hinn nýkosni þingmaður kæmi að öllu leyti í stað hins.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Það var ekki rjett hjá háttv. framsm. meiri hl. (J. M.), að jeg hefði farið lítilsvirðandi orðum um fjárveitingavald Alþingis. Þetta er alveg rangt. Jeg talaði einmitt um, að jeg vildi ekki afhenda fjárveitingavald Alþingis í gáleysi hinum og öðrum þingmönnum.

Háttv. framsm. meiri hl. (J. M.) talaði einnig um það, að hætta væri á, að einstök kjördæmi fengju of mikið, ef einstökum þingmönnum væri leyft að koma fram með brtt. Jeg skil þetta ekki. Er ekki hægt að gjöra upp á milli einstakra kjördæma alveg eins fyrir því? Jeg sje enga ástæðu til, að óttast fremur hrossakaup meðal fjörutíu manna en þriggja manna. Mjer virðist miklu fremur vera ástæða til, að óttast hrossakaup innan fjárlaganefndarinnar en innan alls þingsins, og því álít jeg beinlínis hættulegt, að fela fjárveitingavaldið þessum fáu mönnum.

Hv. frsm. meiri hl. (J. M.) talaði mikið um og kvartaði undan málæði hjer í þinginu. Jeg get ofurvel skilið það, að þeir, sem ekki geta svarað fyrir sig sjálfir (og meina jeg það ekki til hans), vilji helst að allir aðrir þegi. Mjer finst það alveg nóg takmörkun á málfrelsi manna, sem stendur í núgildandi þingsköpum, að menn mega ekki tala oftar en tvisvar, og jeg vil ekki láta takmarka málfrelsið meir.

Annars er til eitt óyggjandi læknislyf við málæði, og það er það að þegja, bæði um þetta og annað.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að lögskýringum háttv. framsm. meiri hl. (J. M.) um það, þegar þingmaður er kosinn í stað annars. Það stendur ekki í stjórnarskránni, að hann eigi að koma í sæti hins, heldur beint í stað hans, og að fara eftir tillögu meiri hlutans í þessu efni væri því beint stjórnarskrárbrot. Jeg var í stjórnarskrárnefndinni í fyrra, og jeg man það, að það var tilætlunin þar, að nýkosinn þingmaður kæmi í stað þess, sem færi, en ekki í sæti hans.

Benedikt Sveinsson: Jeg kann háttv. þm. Dal. (B. J.) miklar þakkir fyrir tillögur hans í þessu máli. Mig undrar það eitt, að hann skuli vera í

minni hluta í nefndinni, jafn sjálfsagðar og mjer virðast þó tillögur hans vera. Það er svo að sjá, sem meiri hlutinn ætlist ekki til, að miklar ræður fari fram á næstu þingum, því að þeir vilja takmarka málfrelsi manna alveg óhæfilega mikið.

Háttv. framsögum. meiri hlutans (J. M.) gat þess, að sjer þætti eiðstafur þeirra sjerlega hátíðlegur. Mjer finst hann ekkert hátíðlegri en eiðstafur hv. þm. Dal., nema síður sje. Mjer finst kenna í eiðstaf meiri hlutans óþarfa málskrúðs og auk þess finst mjer uppruni eiðstafsins ekki vera svo hátíðlegur, að ástæða sje til að halda honum á lofti, því þetta er eins og allir vita, eiðstafur Marðar Valgarðssonar. Þykir mjer eiðstafur sá, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) leggur, til að lögleiddur verði, miklu viðkunnanlegri; kann t. d. mætavel við orðatiltækið »að vinna lögeið«. Hitt finst mjer að eins hálfskringilegt málskrúð.

Háttv. framsm. Dal. (B. J.) hefir sýnt það ljóslega, að það væri beint brot á stjórnarskránni, að kjósa nokkurn mann beint til Ed. Mjer finst það vera alveg sjálfgefið, að allir hjeraðakjörnir þingmenn hljóti að vera kosnir til *Alþingis* en ekki til Ed. Tillaga minni hlutans er því alveg sjálfsögð. Þá get jeg ekki heldur felt mig við, að einstakir þingmenn skuli ekki hafa leyfi til að koma fram með brtt. við fjárlögin. Jeg sje ekki betur en að þetta sje einnig að nokkru leyti brot á stjórnarskránni. Það kemur áreiðanlega ekki vel heim við anda stjórnarskrárinnar, að fela fjárlaganefndinni þannig fjárveitingarvaldið; það er alveg sams konar ofriki eins og vjer segðum við stjórnina, að hún skyldi úthluta öllu fje úr landssjóði, og jeg býst við því, að menn verði mjer sammála um, að það sje þó helst til mikið einveldi. Jeg sje enga tryggingu fyrir því, að fjárlaganefndin verði nokkru gætnari í fjármálum, heldur en meiri hluti Alþingis, og það getur ekki komið til nokkurra mála, að samþykkja annað eins og till. meiri hlutans í þessu efni. Það er þá miklu betra að hætta við að hafa nokkurt þing. Mjer finst, að best sje, að hafa þetta eins og það er nú, að þingið í heild sinni dæmi um það, hvort brtt. skuli komast fram eða ekki.

Jeg leiði minn hest alveg hjá því, að tala um hrossakaup í þessu sambandi. Jeg sje ekki, að þau sjeu á nokkurn hátt útilokuð þótt fjárlaganefndin eigi ein að ráða.

Jeg sje enga ástæðu til þess að takmarka málfrelsi þingmanna, fremur en nú er gjört í þingsköpum. Þótt málfrelsi sje meir takmarkað í sumum öðrum þingum, þá sannar það ekkert. Allir sjá, að nauðsyn er meiri að takmarka málfrelsi þar, sem 400—600 manns sitja saman á þingi, heldur en þar, sem þeir eru einir fjörutíu. Þetta hefir nefndin ekki athugað, þegar hún fór að sníða ákvæði sín eftir erlendum þingsköpum.

Allra verst er mjer við þá breytingatillögu meiri hl., að atkvæðagreiðsla geti verið leynileg, ef fimm þingmenn í efri deild, níu í neðri deild og fimtán í sameinuðu þingi krefjast þess. Mjer finst þetta vera byrjun á því, að þingið verði háð fyrir luktum dyrum. Þetta elur upp óhreinskilni og pretti í stjórnmálum, og er alveg óhafandi. Jeg treysti því, að þessi brtt. verði feld.

Hjer endar handrit skrifarans á „Framhald“ og vantar í allan seinni hluta ræðunnar, en of langt um liðið til þess, að jeg geti nú rifjað hann upp. 20. des. 1915.

Benedikt Sveinsson

Eggert Pálsson: Brtt. frá meiri hlutanum og minni hlutanum eru svo skýrar, að þeim er hægt að svara með atkvæðagreiðslunni, og því fer jeg ekki út í þær. Jeg vildi að eins gjöra litla athugasemd við 11. gr., um kosningu skrifstofustjóra, því að mjer þykir það ákvæði óljóst. Þar stendur, að forsetarnir kjósi skrifstofustjóra til 6 ára í senn. Aftur á móti er ekki gjört ráð fyrir því, að skrifstofustjóri geti forfallast milli þinga, og hvernig kosning þá skuli fara fram. Það getur verið, að forsetarnir eigi heima úti á landi, og eigi ilt með að ná saman, til þess að kjósa nýjan skrifstofustjóra, og heldur ekki er neitt ákvæði um það, hve lengi kosningin skuli gilda, ef nýr skrifstofustjóri er kosinn, hvort heldur það, sem eftir er af tíma þess, sem frá gekk, eða til 6 ára á ný. Þetta held jeg þurfi að skýra nánar, og vil því skjóta því til nefndarinnar, að athuga þetta til 3. umræðu, og vita hvort hjer er ekki ástæða til að kveða skýrara á, t. d. kjósa varamann. Það getur komið sjer illa, ef skrifstofustjóri deyr skömmu eftir þinglok og enginn er til að annast störf hans, þangað til þing kemur saman á ný. Sjerstaklega þegar svo stendur á eins og hjá oss, að þing kemur ekki saman nema annaðhvort ár.

Frsm. meiri hl. (Jón Magnússon): Jeg býst við, að nefndin athugi athugasemdir hv. 2. þm. Rang. (E. P.) um það, hvort breyta þurfi ákvæðum 11. gr. um kosningu skrifstofustjóra. Jeg held, að það mundi ekki horfa til vandræða, þó að greinin væri látin standa eins og hún er.

Jeg þykist ekki þurfa að svara því, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) sagði. Hann kom ekki fram með nein ný rök, og sagði ekkert annað en það, sem hv. þm. Dal. (B. J.) hafði sagt áður, og að minni skoðun á engan hátt betur.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 554,1 samþ. með 12:9 atkv.

Brtt. 554,2 tekin aftur.

2. gr. svo breytt og 3.—8. gr. óbreyttar samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 554,3 samþ. með 15:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bened. Sveinsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Bjarni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Matthías Ólafsson,
Einar Arnórsson,	Pjetur Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Sig. Sigurðsson,
Hjörtur Snorrason,	Sveinn Björnsson,
Jón Jónsson,	Þór. Benediktsson.
Magnús Kristjánss.,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Guðmundur Hannesson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Tveir þm. fjarstaddir.

9. gr. svo breytt og 10. gr. óbreytt samþ. með 20 shj. atkv.

Brtt. 554,4 samþ. með 13:2 atkv.

11. gr. svo breytt og 12.—15. gr. óbreyttar samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 554,5 feld með 17:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Sig. Eggerz,	Guðm. Hannesson,
Skúli Thoroddsen,	Hjörtur Snorrason,
Sveinn Björnsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,

nei:
Sig. Sigurðsson,
Þór. Benediktsson.

Björn Hallsson, Jóhann Eyjólfsson, Magnús Kristjánsson, Matthías Ólafsson, Stefán Stefánsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Tveir þm. fjarstaddir.

16. gr. svo breytt og 17. og 18. gr. óbreyttar samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 563 samþ. með 18 shlj. atkv.

19. gr. svo breytt og 20.—31. gr. óbreyttar samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 554,6 feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Björn Kristjánss.,	Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,	Jóhann Eyjólfsson,
Magnús Kristjánss.,	Jón Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson,
Stef. Stefánsson,	Sveinn Björnsson,
Þorleifur Jónsson,	Þór. Benediktsson.

Matth. Ólafsson greiddi ekki atkv.

Tveir þm. fjarstaddir.

32., 33. og 34. gr. óbreyttar samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 554,7 feld með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Eggerz,	Björn Kristjánss.,
Jóhann Eyjólfsson,	Einar Arnórsson,
Sig. Eggerz,	Guðm. Hannesson,
Skúli Thoroddsen,	Hjörtur Snorrason,
Stef. Stefánsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matthías Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	nei:
	Sig. Gunnarsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Sig. Sigurðsson greiddi ekki atkv., og taldist með meiri hlutanum.

Tveir þm. fjarstaddir.

35.—45. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 554,8 samþ. með 19 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Guðm. Hannesson,
Bjarni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánss.,	Pjetur Jónsson.
Einar Arnórsson,	
Guðm. Eggerz,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Magnús Kristjánss.,	
Matthías Ólafsson,	
Sig. Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Tveir þm. fjarstaddir.

46. gr. svo breytt og 47.—50. gr. óbreyttar samþ. með 22 shlj. atkv.

51.—55. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn og kaflaskifting frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 2. sept., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 666, 667, 670, 671, 673, 682, 683, 690).

Skúli Thoroddsen: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með nokkrar brtt.

við frumv., sem jeg vil minnast á með nokkrum orðum.

Fyrst er þá brtt. mín við 7. gr., þar sem farið er fram á, að niðurlag hennar sje felt burt, þ. e. það ákvæði greinarinnar, að þingmenn skuli einatt hluta um sæti, í fyrsta skifti, er á þing er komið, að kosningum um garð gengnum.

Þetta er ákvæði, sem jeg kunni illa við.

Hingað til hafa þingmenn einatt sjálfir valið sjer sæti, þ. e. hver tekið það sæti, sem hann feldi sig best við, og það gengið vel, eða þó að minsta kosti allþolanlega.

Hins vegar mundi það geta leitt til leiðinda, og óþæginda, ef þingmenn, sem lengi hafa setið í sama sætinu, ár eftir ár, ættu síðan alt í einu að fara að skifta um sæti.

Fjöldi manna er, sem kunnugt er, ekkert, nema vaninn, — *vilja eigi breyta til, og* sakna *þess, sem þeir hafa lengi við búið*, og vona jeg því, að háttv. þingdeildarmenn aðhyllist þessa brtt. mína.

Þá á jeg brtt. við 8. gr., sem fer í þá átt, að í stað þess, að embættismenn þingsins sjeu kosnir fyrir allan þingtímann, *þá sjeu þeir að eins kosnir til 4 vikna í senn.*

Ástæðurnar fyrir þessari brtt. minni eru eigi að eins þær, að mjer er kunnugt um, að á sumum löggjafarþingum eru embættismenn þingsins ekki kosnir fyrir allan þingtímann, en að eins fyrir einhvern ákveðinn tíma, *heldur eru ástæður mínar öllu fremur þær, að það getur* verið heppilegt, að kosningarnar gildi að eins um styttri tíma, með því að *fleiri þingmenn geta þá kynst þeim störfum þingsins, er hjer um ræðir, og haft þá og unað af, að minnast þess, oft síðar, er þeir gegndu því eða því trúnaðarstarfinu á þinginu*, og vona jeg því, að þessari brtt. verði vel tekið; það getur ekki leitt neitt ilt af henni, heldur þó dálítið gott.

Þá á jeg enn fremur brtt. við 16. gr., sem teljast mun mega *nýmæli*, þar sem jeg hefi leyft mjer, að stinga upp á því, að einni fastri nefnd sje bætt við tölu föstu nefndanna, þ. e. svo nefndri *lögumbótanefnd.*

Jeg skal játa, að nafnið er ef til vill *ekki* heppilega valið, en jeg hefi hugsað mjer, að verkefni þessarar nefndar ætti að vera í því fólgið, að athuga, **hvort lagafrumvörp o. fl., sem fram er borið á þinginu, sje rjett, og ákjósanlegt, er frá siðferðislegu sjónarmiði er skoðað.**

Það er *skylda* hvers einstaklings, **að vera sjálfan sig sí og æ umbætandi,** *sem unt er*, þ. e.: *að verða æ fastari, og eldheitari í því,* **að fremja eigi það, sem siðfræðilega rangt er, nje þola, að framið sje.** En eins og þetta er skylda einstaklingsins, *svo á og hvert þjóðfjelag einatt að stefna að hinu sama.*

Eitt af því, sem hvert þjóðfjelag verður því og að leggja **afar-mikla** áherslu á, það er það, að **ekki** *sjeu sett, nje látin gilda önnur lög, en þau, sem siðfræðilega rjett eru.*

Lögin eru, sem kunnugt er, það, sem **neytt er til að hlýða,** *og engan á að neyða, til að fremja það, sem siðfræðilega rangt er, nje til hins, að þola, að það sje framið, eða látið viðgangast.*

Jeg skal nú enn fremur taka dæmi máli mínu til skýringar:

Ef slík nefnd, sem hjer er farið fram á, hefði verið til á Alþingi 1913, halda menn þá ekki, *að hún hefði tekið í taumana*, þegar fram kom tillaga um það, að veita **ekki** *kosningarrjett, og kjörgengi í bráðina*, nema fertugum konum og eldri, nje öðrum hinna nýju kjósenda yfirleitt, en þeim, sem sama aldursskilyrðinu fullnægði?

Þingmenn *játuðu* — og því veittu þeir

fertugum konum o. fl. þegar rjettinn —, *að siðfræðilega skoðað bæri konum o. fl. kosningarrjetturinn, og kjörgengið*, með sömu skilyrðum, sem karlmenn, er notið höfðu rjettindanna, og **þó** *leyfa þeir sjer* — þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir — *að gjöra þennan greinarmuninn*, sem fyrr var um getið.

En myndi þá eigi »lögumbótanefndin«, ef til hefði verið, hafa sagt eitthvað á þessa leið:

Eruð þjer háttv. þingm. þau *börnin*, að þjer vitið ekki, að **tröðkun fræðilega rjettarins fylgir æ siðferðislega ábyrgðin**, fyrr eða síðar? Siðferðilega ábyrgðin, sem þjer rekið yður á einhver tíma, ef ekki í þessari tilverunni þá væntanlega í þeirri næstu?

Ef slík nefnd hefði verið til á löggjafarþingum þjóðanna, þá hefði þar og **ekki** getað verið til *lög, sem skipað hefðu mönnum, að ráða á önnur þjóðerni, með hernaði.*

Ekki hefðu þá og heldur verið til þau lög, er skipa mönnum að skerða eða hefta sjálfstæði annarra þjóðerna.

Þá hefðu og heldur **ekki** verið til *lög, sem banna fulltíða konum og körlum að neyta kosningarrjettar, og njóta kjörgengis*, o. fl. o. fl.

Annars skal jeg geta þess, að jeg hefi **ekki** borið þessa tillögu fram af því, að jeg — eins og jeg veit þingið skipað — byggist við, að hún næði fram að ganga, heldur af því, að mjer *fanst þó rjett*, að máli þessu væri hreyft, og að þingmenn fengju, að lýsa á því skoðun sinni, og greiða um það atkvæði.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um oft nefnda tillögu mína, heldur víkja að annarri brtt., sem jeg á við 16. gr.

Hún fer fram á það, að fella burt ákvæðið um það, að *engir þingmenn megi sitja í fleirum, en tveim*, af »föstu nefndunum«.

Jeg kann **illa** við það ákvæði, því að jeg hygg, að oft gæti þó staðið svo á, að *heppilegt* gæti verið, að sami maður ætti sæti í 3—4 nefndum.

Hann gæti verið öðrum svo að mun fremri, að það væri og ákjósanlegt, að hafa hann í fleirum en tveim nefndum.

Auk þess er það og **frjálslegra**, að hafa það *óbundið*, og ætla þá þinginu sjálfu, að gæta, sem þörf gjörist, hófs í því, að ofhlaða þó eigi störfum á einstaka þingmenn.

Þá hefi jeg einnig flutt brtt. í þá átt, að *ekki skuli fastákveðið, að ekki megi fleiri en fimm, sitja í neinni »föstu nefndanna«*.

Það er nú t. d. orðinn *gamall* siður, að 7 menn eigi sæti í fjárlaganefnd, og væri ilt, að sú regla yrði lögð niður, þar sem fjárlaganefnd hefir einatt mikið verk að vinna, auk þess, hve *nauðsynlegt* það er, þegar margir flokkar eru í þinginu, að hún sje svo fjölskipuð, að hver flokkur geti komið manni að.

Frsm. meiri hl. (Jón Magnússon): Jeg mun halda mjer við brtt. eins og þær liggja fyrir, en ætla mjer ekki að ræða málið í heild sinni. Brtt. nefndarinnar hafa fengið yfirleitt góðan byr í deildinni.

Er þá fyrst að minnast á 1. brtt. á þgskj. 667. Meiri hl. nefndarinnar hefir fallist á hana. Ef þessi brtt. hefði ekki komið fram, mundi nefndin hafa flutt hana. Tillagan gjörir ákvæði greinarinnar skýrari.

Um 2. brtt. á sama þgskj. get jeg sagt, að hún er fremur meinlaus. Það hefir ekki verið hægt að kalla saman nefndina, til þess að taka afstöðu til hennar, en jeg hygg þó, eftir þeirri þeirri niðurstöðu, sem nefndin komst að áður, að hún eða meiri hluti hennar haldi fast við tillögur sínar að þessu

leyti. Hún byggir á því, að yfirleitt sje hver þingmaður fær um að hafa framsögu í því máli, er hann fjallar um í nefnd, enda sje hann ritari nefndarinnar í því máli. Og þeir, sem ekki hafa haft sig frammi nú, munu reynast eins færir og aðrir, þegar þeir fá æfingu í störfunum.

Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til að fara að samþykkja 3. brtt.; sje ekki, að neitt sje grætt með henni.

Jeg vona, að 4. brtt. verði tekin aftur. Hún er í rauninni um atriði, er búið er að fella áður í deildinni, og verði nokkur breyting gjörð í þessu efni, þá er þó nær að samþykkja brtt. á þgskj. 670.

Þá vil jeg minnast á brtt. á þgskj. 670. Eftir því sem nefndin leit til, þá mundi nægilegt að hafa 5 menn í fjárveitingarnefnd, þar sem störfum fjárlaganefndar nú er skift á milli fjárveitingarnefndar og fjárhagsnefndar. Það hlýtur alt af að verða náið samband milli fjárveitingarnefndar og fjárhagsnefndar, svo að breytingin yrði í raun og veru sú, að í stað þess, sem 7 manns hafa átt sæti í fjárlaganefnd yrðu það 10 manns, sem hefðu sama starfið. Jeg er ekki heldur viss um, að betra sje að hafa 7 manna nefndir en 5 manna nefndir, því að í fámennum nefndum vinnast nefndarstörfin fljótara. Að vísu gæti ef til vill verið trygður meiri kunnugleiki í 7 manna nefnd, en þegar skifta á fáum mönnum í margar fastar nefndir, þá er ekki hægt að hafa fleiri en 5 í þeim. Verð jeg því að telja óheppilegt, að gjörð sje breyting í þessu efni.

Um aðrar brtt. get jeg verið stuttorður. Meiri hluti nefndarinnar er þeim öllum meira eða minna mótfallinn.

Jeg verð sjerstaklega að mótmæla 2. brtt. á þgskj. 670, því að verði hún samþykt, þá er mjög dregið úr þýðingu þess ákvæðis, er samþykt var við 2. umr., og fer í þá átt, að hefta nokkuð tillögur einstakra þingmanna til auknings útgjöldum í fjárlögunum.

Viðvíkjandi 3. brtt. skal jeg geta þess, að nefndin hefir ekki beinlínis á móti henni; hún er í samræmi við till. hennar að efninu til, en jeg held að hún fari nokkuð langt; ætti ekki að ná til annars en fjarveru þingmanns frá nafnakalli. Að svipta þingmann dagkaupi sínu, ef hann er fjarstaddur, við hvaða atkvæðagreiðslu sem er, ætla jeg alt of strangt. Það er ekki dæmi til þess um þingsköp nokkurra landa, að þau gangi svona langt, jafn vel þótt þau yfirleitt sjeu mikið strangari.

Þá kem jeg að brtt. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Um brtt. á þgskj. 671 var talað við 2. umr. Nefndin taldi það rjett, að einhver regla væri höfð um sætaskipun þingmanna. Að öðru leyti er það aukaatriði, hvernig því er fyrir komið; væri kann ske rjettara að skipa niður í sæti eftir kjördæmum; hvert kjördæmi hafi ákveðið sæti. Þetta er auðvitað þýðingarlítið, en fyrir nefndarinnar hönd, vil jeg mæla á móti brtt. á þessu þgskj. Um brtt. á þgskj. 682 er ekki ástæða til að fara mörgum orðum. Hin er brtt. við brtt. háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), sem jeg hefi talað um. Verði hún samþykt, þá er mjer sama um þessa brtt., því að þá er ákvæðið sjálft í frumv. orðið lítils virði. Um fyrstu brtt. á þgskj. 673 er það að segja, að það kom til orða í nefndinni, að ástæða væri til þess, að láta starfstíma embættismanna þingsins ekki ná yfir allan þingtíman. Það á sjer stað sumstaðar erlendis. Samt varð það ofan á, að breyta í þessu efni ekki frá núverandi fyrirkomulagi. Annars er nefndinni þetta lítið kappsmál. Önnur brtt. á sama þgskj. verður nefndin aftur á móti

að mæla eindregið á móti. Hún brýtur alveg í bág við tilgang nefndarinnar í niðurskipuninni í fastar nefndir. Hún ætlaðist til þess, að sömu mennirnir ættu ekki sæti í mörgum nefndum í senn; það gæti orðið til alt of mikillar tafar fyrir nefndarstörfin. Nefndin verður því alvarlega að ráða frá því, að samþykkja þessa brtt. Þá getur nefndin ekki sjeð, að þessi nýja nefnd, er háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) stingur upp á (þgskj. 683), að bætt verði við, muni koma að miklu gagni. Hún verður því að leggja á móti henni og yfirleitt halda fast við þá nefndatölu, er hún hefir stungið upp á, þangað til reynslan hefir sýnt, að þörf sje á fleiri nefndum, sem vel getur auðvitað komið fyrir. En við erum svo fáir og höfum svo fáum mönnum á að skipa í nefndirnar, að við getum ekki í þessu efni farið eftir nefndafjölda erlendra þinga, þar sem sumstaðar eru um 20 fastar nefndir eða fleiri.

Jeg get ekki felt mig við eiðstafinn, eins og hann var samþyktur við 2. umr. Jeg hefi því tekið það ráð, að leggja til, að hann yrði feldur burtu úr þingsköpunum og sú skipun látin haldast, sem nú er. Sjerstaklega kann jeg ekki við það orðatiltæki, að þingmenn »vinni lögeið«, því að eins og menn vita, þá er hann alt öðru vísi, en eiður sá, er hjer getur. Háttv. þm. Dal. (B. J.) gat um, að eiðstafur meiri hlutans væri óheppilegur, en okkur virðist þessi sýnu verri. Þess vegna er best að vera ekki að vekja deildur um þetta, en hafa það fyrirkomulag, sem nú er, og láta forsetana ráða eiðstafnum.

Þá er brtt. við 11. gr., sem raunar skiftir ekki miklu máli, en nefndin leggur heldur á móti. Hún verður að álíta það heppilegra og til betri undirbúnings undir störfin við þingið, að skrifstofustjóri hafi áhrif á ráðningu starfsmanna við þingið. Vitanlega er það sjálfsagt, að hann ráði öllu um val manna á skrifstofunni, og um aðra starfsmenn hygg jeg það sje hyggilegra, til þess að alt sje betur undirbúið, að hann hafi sjeð fyrir þeim að einhverju leyti.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Þetta mál virðist ætla að verða flækjur miklar, og brtt. þær, er nú hafa komið fram, sýnist mjer fremur lítið í varið. Jeg hygg því, að ráðlegast væri, að afgreiða ekki málið til fulls á þessu þingi, en breyta að eins núgildandi þingsköpunum á þann hátt, er ekki verður hjá komist vegna stjórnarskrárbreytingarinnar.

Jeg skal byrja á síðasta atriðinu í ræðu háttv. framsögum. meiri hlutans (J. M.), og minna á það, að eftir mínum skilningi liggur í orðinu »má«, að skrifstofustjóri hafi heimild til þess, að gjöra tillögur um starfsmenn við þingið. Það er auðvitað sjálfsagt, að hann hafi tillögurjett um starfsmenn skrifstofunnar, sem beinlínis stendur undir hans stjórn, og hann ráði mestu um ráðningu þeirra. Hins vegar fæ jeg ekki sjeð, að hann þurfi að gjöra tillögur um deildarskrifara, því að þeir standa á engan hátt undir hans umsjón, og jeg er óviss um, að hann sje yfirleitt á neinn hátt kunnari hæfileikum slíkra manna en forsetar sjálfir; þess vegna er rjett, að orðalagið standi svo, að hann megi gjöra tillögur um þetta.

Jeg varð hissa þegar jeg sá brtt. hv. 2. þm. Rvk. (J. M.) um að fella eiðstafinn burtu. Jeg hafði ekki hugsað mjer að þann flokk, er stóð að baki Marðareiðsins, hefði tekið það svona sárt, að hann skyldi falla. Jeg gat ekki sjeð, að aðfinslur hans að mínu orðalagi, sem vel má raunar játa, að getur staðið til bóta, væru á rökum bygðar. Það er vitanlega lögeiður, sem maðurinn vinnur að stjórnarskránni, þar sem það er eið-

ur, ákveðinn með lögum. Auðvitað hefir enginn ætlast til þess, að hann færi að rjetta upp fingurna, þegar hann ynni eiðinn. Mjer virðist því kenna talsverðs útúrsnúnings hjá háttv. þm. (J. M.) í þessu. Annars skal jeg kannast við, að það er smávægilegt ariði, á hvaða hátt, eða í hvaða formi, þingmaður gefur yfirlýsing um, að hann muni ekki brjóta stjórnarskrána.

Fyrsta brtt. mín er alveg sjálfsögð, enda kannaðist hv. frsm. meiri hl. (J. M.) við það, að sjálfsagt væri að hækka kaup skrifstofustjóra, þar sem ætlast væri til þess, að hann annaðist prentun og útgáfu Alþingistíðindanna.

Önnur brtt. mín miðar að eins að því, að hægt sje að kjósa þann mann til framsögumannns nefndar, sem best er til þess fallinn í það og það skiftið. Eftir því sem frv. er nú orðað, getur formaður aldrei verið framsögumaður í máli, en það getur oft komið fyrir, að hann sje best til þess fallinn. Þess vegna vil jeg ekki útiloka hann frá þessu starfi, og brtt. mín miðar í þá átt.

Þriðja brtt. mín er svo einföld, að hún getur ekki valdið deilum. En það er viðfeldnara, að frumvarpið verði afgreitt til fullnustu með nafnakalli og vænti jeg, að háttv. þm. geti fallist á það.

Fjórða brtt. er við brtt. háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Verði hans brtt. samþykt, þá vil jeg líka hafa það inn í hana, að það sje að eins við 3. umr., að nefndin geti útilokað einstaka þingmenn frá tillögurjetti. Það er nóg, að þessir spekingar, sem alt af eru að tala um, að það sje hin mesta fjarstæða, að einstakir þingmenn megi koma með tillögu um 100—1000 kr. útgjöld úr landssjóði, geti útilokað þingmenn og kjördæmi frá því, að koma með þessar smá-tillögur sínar við 3. umr. Annars er jeg hræddur um það, að þessi 12 manna þingskapanefnd úr báðum deildum, hafi ekki tekið eftir því, hve dásamlega þetta ákvæði kemur niður í Ed. Þar sitja 14 manna — og forseti er ætlast til að hafi atkvæðisrjett. Hvað er $^2/_3$ úr 14? Það er 9 og brot. Til þess að koma fram fjárveitingu þar, sem nefndin leggur á móti, þarf því 10 atkvæði, eða með öðrum orðum: Það þarf einn mann eða tvo úr nefndinni, og hann þarf að hafa fengið alla aðra þingmenn en nefndarmenn með sjer. En hvað þýðir þetta þá? Ekkert annað en það, að fjárveitingavaldið í Ed. er fengið nefndinni einni í hendur. Á þessu sjest, hversu vel meiri hlutinn hefir reiknað þetta út. Honum ætti nú að lærast, hvað þetta hefir að þýða og sjá það, að ákvæðið um $^2/_3$ dugar ekki; það verður að finna einhverja aðra tölu, ef á að keyra þetta í gegn. Annars býst jeg varla við, að menn sjeu svo sólgnir í að fjötra sitt eigið frelsi, til þess að gjöra tillögu um fjármál, að þeir greiði þessu atkvæði, þótt þeir sjái hvernig það kemur niður í Ed. Jeg þykist nú hafa gjört það, sem í mínu valdi stendur, til þess að sýna fram á, hve rangt það er og hlægilegt, að ætla að blása tillögur manna í fjármálum upp í stórmál, sem miklu meira varði en t. d. refsilög, sem varða líf manna og æru, en engum dettur í hug, að krefjast ákveðins meiri hluta til þess, að gild sjeu.

Með öðrum orðum: Smá-fjárveitingar eru gjörðar að mestu velferðarmálum landsins, og þau á að tryggja betur en nokkuð annað, að ekki komist fram. En enga trygging þarf við því, að einhver maður felli burt fjárveitingar til skaða þjóðinni. Það er alveg eins og mönnum sje ókunnugt um, að oft er meiri skaði að því, að veita ekki tiltekna fjárupphæð, heldur en að veita hana. Það er miklu nær að tryggja það, að einhver níðskur maður drepi

ekki fyrir manni listamenn eða listamannaefni, heldur en að sporna við því, að einstakir menn fái veittar smáupphæðir til fyrirtækja og annars, sem þeir vita vel, að full þörf er á. Mig hefir oft undrað, hve þinginu ferst oft illa við mennina, rjett eins og um hunda eða ketti væri að ræða. Menn ættu þó að vita það, að einn afburðamaður er meira virði en alt, sem stendur í fjárlögunum. Jeg vil minna menn á, að hugsa sig betur um það sem jeg sagði við 2. umr., að þetta ákvæði, sem þá gekk fram, er brot á stjórnarskránni. Jeg vil biðja menn að vara sig á dómi eftirtímans, sem vel getur komið fram fyrir næsta þing. Jeg hefi nú aðvarað menn full ljóslega.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 670. Eins og menn muna fjell hjer við 2. umr. brtt., sem fór fram á, að fella burtu þessa síðustu málsgrein 32. greinar, því miður. Nú þykir bæði mjer og fleiri þingmönnum varhugavert, að svo skuli vera fyrir mælt, að fjárlaganefndin geti felt allar fjárveitingar, nema $^2/_3$ deildarmanna sjeu sammála um að veita þær. Þetta táknar í raun-inni ekki annað en það, að 3 menn af 5, sem skipa eiga nefndina, geta ráðið öllum fjárveitingum í Ed. Jeg efast ekki um það, að þessi tillaga nefndarinnar sje fram borin í góðu skyni, sem sje til þess, að fyrirbyggja hrossakaup, sem því miður eiga sjer of oft stað. En jeg er því miður hræddur um, að þessi tillaga verði einmitt til þess, að *auka* hrossakaupin, með öðrum orðum, að hrossakaupin verði rekin í enn stærra stíl, til þess að hamla upp á móti fjárlaganefndinni. Tillagan mun því koma í veg fyrir það, sem vakað mun hafa fyrir nefndinni. Þess vegna legg jeg til, að fjárlaganefndin verði skipuð 7 mönnum, eins og verið hefir, því að þar með er fengin meiri trygging fyrir því, að fjárlaganefndin beiti ekki gjörræði. Og í sambandi við það legg jeg til, að öll fjárlaganefndin þurfi að vera á einu máli, til þess að krefjast þurfi $^2/_3$ deildarmanna til að greiða atkvæði með fjárveitingu, sem fjárlaganefndin hefir lagt á móti. Ef allir í fjárlaganefndinni eru á einu máli, þá er það trygging fyrir því, að flokkshlutdrægni komist ekki að, og þá er hættuminna, að herða á hnútunum og heimta kvalificerað majoritet. Aðalatriðið er að útiloka flokkapólitík í fjárlaganefndinni, og það tekst með þessu. Jeg veit það af reynslu þetta eina þing, sem jeg hefi setið í fjárlaganefnd, að ekkert hefir bólað á slíku, en þeir tímar geta komið, að flokkapólitíkin verði harðvítug og að hætta vofi yfir af þeim völdum. Þess vegna má gjöra ráð fyrir, að gjörðar kunni að verða þær kröfur, sem annaðhvort fjárhagurinn leyfir ekki, eða sem ekki mega komast að. En að sjálfsögðu má gjöra ráð fyrir því, að fjárlaganefndin *öll* beiti varlega valdi sínu, þegar hún veit, hve þröngt öðrum einstökum þingmönnum er gjört fyrir um fjárbeiðnir sínar. Úr því nú að þessi málsgrein var ekki feld við síðustu umræðu, þá vona jeg, að háttv. deild fallist á að endurbæta hana þannig, eins og jeg nú legg til.

Hv. frsm. meiri hl. (J. M.) tók það fram, að nefndin væri mótfallin þessari tillögu og teldi nægilegt, að fjárlaganefndin væri skipuð 5 mönnum, vegna þess, að fjárlögin væru tvískift og annar kafli þeirra, tekjukaflinn, yrði tekinn til meðferðar í sjerstakri nefnd. Jeg get nú ekki talið það mikið verk, að athuga tekjuhliðina; aðalverkið er gjaldahliðin, og jeg veit það af reynslu, að ekki veitir af 7 mönnum til þess starfs.

Þá er 53. gr. frv. Jeg get fallist á

það, að fjarstaddir menn sjeu sektaðir um kaupgjaldið, ef þeir hafa ekki leyfi forseta til fjarvistar, en það kann jeg ekki við, að þingmenn sjeu sektaðir með fjesekt, þótt þeir greiði ekki atkvæði. Viðurlögin eru svo óviðeigandi og smámunaleg, að það er eins og verið væri að reka barn í skammarkrókinn, eða eins og sagt væri við óþekkan krakka: »Þú færð ekki sykurmola, fyrst þú gjörðir þetta«. Og yfir höfuð lít jeg svo á, að ekkert brot sje í því fólgið, þótt einhver hlífi sjer við að greiða atkvæði; þetta getur verið eðlilegt undir vissum kringumstæðum og jafneðlilegt getur verið, að menn tilgreini ekki ástæður. Slíkt og þvílíkt á hver þingmaður að eiga við sína kjósendur, hvort þeir vilja refsa honum fyrir þetta eftir á eða ekki. Fyrir því kýs jeg heldur, að halda gömlu reglunni, sem sje að forseti, ef honum sýnist svo, heimili greinagjörð þingmannsins fyrir því, að hann greiðir ekki atkvæði, eða sleppi honum hjá því ella. Sú regla held jeg að sje frjálslegust. Auðvitað er mjer þetta ekki kappsmál. En hin tillagan er mjer kappsmál, að fjárveitingavaldið sje ekki lagt í hendur þriggja manna, eða ef til vill tveggja manna, þegar um fjárlaganefnd Ed. er að ræða.

Frsm. meiri hl. (Jón Magnússon): Jeg ætla fyrst að svara háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) út af því, sem hann sagði um fimm eða sjö manna fjárlaganefnd og um takmarkanir í fjárveitingavaldinu. Það liggur í augum uppi, að því hægara er að koma fram fjáveitingum á móti tillögum fjárlaganefndar, sem sú nefnd er færri mönnum skipuð; það er hægara á móti fimm manna nefnd en á móti 7 manna nefnd. Þess vegna var það dálítið með tilliti til þess arna, að nefndirnar hugsuðu sjer, að fjárlaganefndin í Nd. yrði skipuð fimm mönnum.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) vissi vel, að nefndinni var það ljóst, að ef fimm menn ættu sæti í fjárlaganefnd Ed., væri tæplega unt að koma þar fram fjárveitingum gegn vilja hennar. Enda mun það sjaldgæft, að þar hafi fjárveiting hafst fram gegn vilja allrar nefndarinnar, en ef svo hefir komið fyrir, þá sannar undantekningin regluna. En þrátt fyrir það álíta nefndirnar engan skaða skeðan, þótt Ed. bæti ekki fjárveitingum á fjárlögin. Nefndirnar líta svo á, að fjárveitingarvaldið eigi aðallega að vera hjá Nd., og að hlutverk Ed. sje þá heldur að kippa úr heldur en hitt.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) var gramur yfir því, að reynt væri að stemma stigu fyrir einstökum fjárbeiðnum einstakra þingmanna. Allir vita, að öll fjárlögin eru einstakar fjárveitingatillögur. En hvað það snertir, að sumir menn álíta eins og verið sje að gefa fjárlaganefndinni fjárveitingavald, þá er það ekki rjett. Hjer er að eins um tillögurjett að ræða og kvalificerað majoritet, sem svo er kallað, fyrir tillögur annara þingmanna en nefndarinnar. Það væri ef til vill full ástæða til þess, að hafa þetta ákvæði miklu víðtækara.

Jeg vil ekki tefja umræðurnar lengur um þetta atriði. Allir háttv. þingmenn hljóta að hafa gjört sjer grein fyrir því, og það því fremur, sem oft hefir verið að því vikið á mörgum undanförnum þingum.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að girt væri fyrir það, að formenn gætu orðið framsögumenn í nefndum. Þetta er alveg rjett. Nefndirnar eru þeirrar skoðunar, að þegar svo er skift niður störfum, sem til er ætlast í frumv., og ekki hlaðið margs konar skrifarastörfum á

sama manninn, þá sje ekki til ofmikils ætlast, þótt skrifararnir gjöri sig færa um að hafa framsöguna á hendi, en hins vegar ekki víst, þótt formenn hrifsi til sín framsögu, að þeir sjeu færari um hana en skrifararnir.

Jeg er ekki eins og háttv. þm. Dal. (B. J.), að jeg fari með svívirðingar í garð mótstöðumannanna, eins og hann gjörir hvað eftir annað. Hann var að tala um þá, sem stæðu að baki Marðareiðsins. Jeg hefði talið rjett af forseta að ávíta háttv. þingm. fyrir slík ummæli, sjerstaklega vegna þess, að þau eru sögð móti betri vitund. Háttv. þm. Dal. (B. J.) veit það ofboð vel, að söguritarinn tekur upp eiðstafinn, að eins til þess að sýna, hvernig hann hefir gengið mann frá manni.

Framsögum. minni hlutans (Bjarni Jónsson): Ekki mun jeg ganga frá orðum mínum. En ekki lá það í þeim, að meðhaldsmenn frumv. væru sama sinnis og Mörður, heldur vitnaði jeg að eins í Njálu, því það vita allir, að eiðstafurinn er þaðan tekinn eftir Merði, í viðskiftum hans og Flosa. Ef þetta á að skiljast sem svívirðing, þá er það af því, að sök bítur sekan, en ekki var sá tilgangur minn. Háttv. framsögum. meiri hl. (J. M.) getur lagt sína skoðun í orðin, þess að hann drótti þó ekki röngu að mótstöðumönnunum.

Jeg skal geta þess út af því, sem jeg sagði, að ekki væri rjett að girða fyrir það, að formenn gætu orðið framsögumenn, að vel getur komið fyrir, að í tilteknu máli sje formaður nefndarinnar sá eini maður, sem vit hefir á málinu. T. d. ef lögfræðingur væri formaður í mentamálanefnd, og lögfræðilegt frumv. væri þar til meðferðar. Þá er auðvitað sá lögfróði maður sjálfkjörinn til framsögunnar.

Háttv. framsögum. meiri hl. (J. M.) sagði, að fjárveitingarvaldið væri ekki lagt í hendur fjárlaganefndar. En því getur hann ekki neitað, að henni er í Nd. veitt neikvæðisvald, og í Ed. fullkomið neikvæðisvald. Það er undarlegt af meiri hlutanum, að telja sjer leyfilegt, að setja slíkt í lög, er svo mjög raskar jafnvægi í atkvæðum manna, svo að þeir, sem ekki eru fremstir í fjárlaganefndar kapphlaupinu, missa af atkvæði sínu. Þótt þetta sje ekki brot á einhverri sjerstakri grein í stjórnarskránni, þá er það brot á anda hennar og almennum jafnrjettishugmyndum.

Háttv. framsögum. meiri hl. (J. M.) sagði, að jeg hefði viljað gjöra lítið úr fjárveitingarvaldi Alþingis. Þetta er ekki rjett, en mjer þótti tillögum um fjárlögin gjört hærra undir höfði en öðrum tillögum. En þetta er að eins bragð hans, sem venjulegt er í kappræðum, og vil jeg ekki ávíta hann fyrir það.

Ef menn á annað borð vilja hafa þetta meiri hluta ákvæðisvald um fjárlögin, þá mæli jeg með því, að samþyktur verði 2. liður á þgskj. 670.

Að svo mæltu get jeg sneitt hjá því, að segja meira, með því að hvorki hafa komið fram nýjar skýringar nje röksemdir í málinu.

Framsögum. meiri hl. (Jón Magnússon): Mjer kom það ekki á óvart, þó að háttv. þm. Dal. (B. J.) þyrði ekki að standa við aðdróttun sína, og skal jeg svo ekki minnast á það frekar.

Háttv. minni hluti vill, að þingmenn fái að láta vera að greiða atkvæði við nafnakall. Þar hlýt jeg að vera á öðru máli. Jeg verð að álíta það mjög óheppilegt, sem nú er jafnvel farið að tíðkast hjer í deildinni, að ekki greiði

1/3 deildarmanna atkvæði um áríðandi mál við nafnakall. Annarstaðar er það álitin bein skylda, að greiða atkvæði um öll mál, sem nokkru varða, nema gildar ástæður sjeu til. Nefndin leggur mikla áherslu á þetta atriði. Hafi menn ekki áttað sig á málinu, sem fyrir liggur, þá er sjálfsagt af hverjum þingmanni að segja nei, því að það er oftast ábyrgðarminst, að hafa óbreytt það ástand, sem er.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg skal lýsa yfir því, að jeg hefi ekki komið með neina aðdróttun, og því þurfti jeg við enga aðdróttun að standa.

ATKVGR.:

Brtt. 690,1 samþ. með 17 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Arnórsson,	Hjörtur Snorrason,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Guðm. Hannesson,	Sigurður Eggerz,
Hannes Hafstein,	Stefán Stefánsson.
Jón Magnússon,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Björn Kristjánsson, Jóhann Eyjólfsson, Sigurður Sigurðsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Einn þingm. fjarstaddur.

Brtt. 671 feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Eggerz,
Jón Jónsson,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Kristjánss.,
Stefán Stefánsson,	Matth. Ólafsson,
Sveinn Björnsson.	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Þór. Benediktsson.

Guðmundur Hannesson, Jóhann Eyjólfsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 673,1 feld með 21 : 1 atkv.

— 690,2 samþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Magnús Kristjánss.,
Jón Magnússon,	Sigurður Eggerz,
Matth. Ólafsson,	Stefán Stefánsson,
Pjetur Jónsson,	Þorleifur Jónsson.
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediksson.	

Skúli Thoroddsen greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hl.

Brtt. 667,1 samþ. án atkvgr.

— 683 feld með 20 : 2 atkv.

— 673,2 feld með 17 : 1 atkv.

— 673,3 — — 13 : 4 —

— 670,1 samþ. — 14 : 8 —

— 667,2 feld — 14 : 6 —

— 667,3 — — 15 : 8 —

— 682 — — 15 : 10 — að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Guðm. Hannesson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,	Jóhann Eyjólfsson,
Magnús Kristjánss.,	Jón Jónsson,
Sig. Eggerz,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Matth. Ólafsson,
Stefán Stefánsson,	Pjetur Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Kristjánsson og Guðm. Eggerz greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 670,2 samþ. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Arnórsson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Eggerz,
Bened. Sveinsson,	Guðm. Hannesson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Hjörtur Snorrason,	Pjetur Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson,	Sveinn Björnsson,
Magnús Kristjánss.,	Þór. Benediktsson.
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Einar Jónsson og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 667,4 sjálfallin.

— 670,3 feld með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Guðm. Eggerz,
Sigurður Eggerz,	Guðm. Hannesson,
Sig. Gunnarsson,	Hannes Hafstein,
Þorleifur Jónsson.	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Skúli Thoroddsen greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Frumvarpið í heild sinni, svo breytt, samþykt með 21 : 2 atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 709).

---

26. Járnsandur.

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (volcanic sand). (A. 219).

Á 27. fundi í Nd, laugardaginn 7. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson): Mál það, sem hjer liggur fyrir, er nýtt hjer á þingi og allþýðingarmikið. Við, sem höfum gjörst flutningsmenn að þessu frumvarpi, höfum að vísu athugað málið nokkuð, en þó ekki haft tíma til að kynna okkur það eins og skyldi. Skal jeg nú skýra frá því, sem jeg veit um undirbúninginn.

Í fyrra sumar var enskur maður að nafni Lambert á ferð um Fljótsdalshjerað til að leita að járnsandi (volcanic sand). Hann fann engan nýtilegan sand

við Lagarfljót, en aftur á móti fann hann járn í sandinum við Jökulsá. Fór hann með henni endilangri alt til sjávar og komst að raun um, að sandurinn var allálitlegur. Fór Lambert svo að kynna sjer, hver yfir landi ætti að ráða þar, sem tiltækilegast var að byggja höfn við Hjeraðsflóa, en það var Magnús prestur Blöndal í Vallanesi. Samdist nú með þeim Magnúsi, Þórarni B. Guðmundsson og Magnúsi lögmanni Gíslasyni, að prestur legði til við kirkjustjórnina, að þessi atriði yrði tekin upp í fullnaðarsamninga um lóðarrjettindi við Hjeraðsflóa:

1. Leyfi til að gjöra höfn við Unaós og öll nauðsynleg mannvirki, sem standa í sambandi við hafnargjörð þar, þar á meðal:

a) að breyta klöppinni,

b) að sprengja sker og klappir úr ósnum,

c) að grafa niður Selfljótsósinn,

d) að gjöra hafnarkví með hafnarvirkjum þar, og

e) taka sand, grjót, möl o. s. frv. hvar sem er í landareigninni.

2. Leyfi til að fá land til bygginga og annarra nauðsynlegra afnota svo langt upp með Selfljóti, sem þörf er á.

3. Samningurinn skyldi gilda um 50 ár með forgangsrjetti til endurnýjunar að þeim tíma liðnum.

En ekkert ábyggilegt svar fjekkst um eftirgjald eftir lóðina frá sjera Magnúsi.

Sömuleiðis hefir hlutafjelagið »Framtíðin« á Seyðisfirði leyft óhindraðan aðgang og afnot af lóð þess á Unaósi með samþykki landeiganda. Þetta verslunarfjelag hefir sem sje haft þar verslunarhús og lóð til afnota.

Enn fremur er samningur fullgjörður um 50 ára leigu á hálfum Lagarfljótsfossi. Í samningnum stendur, að leigutaka sje heimilt, að byggja eða láta byggja aflstöð eða aflstöðvar, verksmiðjuhús eða önnur nauðsynleg mannvirki, og nota til þess, án frekara endurgjalds, landrými það, óyrkt, í landeign Stórasteinsvaðs, er nauðsyn krefur. Enn fremur skal honum heimilt, að leiða aflið um landeignina eftir þörfum. Í brjefinu stendur, að svohljóðandi símskeyti hafi verið sent:

»Landlicence to be obtained. Althing likely Juli August. Other agreements in hand«.

Það er enskt fjelag, sem hygst að vinna sandinn og hagnýta. Það er í London og heitir S. & O. Company. Fjelagarnir heita Simpson og Ovialt. Þeir hafa sent skjöl viðvíkjandi einkaleyfinu til utanríkisráðuneytisins danska, en þau eru ekki enn komin til hins íslenska stjórnarráðs. Til sönnunar því, að þetta sje á rökum bygt, skal jeg með leyfi hæstv. forseta, lesa upp brjef, sem jeg hefi í höndum, til Þórarins B. Guðmundsson frá þessu fjelagi. Það er svona:

»Th. B. Guðmundsson.

Dear sir. Refering to our conversation we shall esteem it a favour if you will enquire of the minister of Iceland as to whether our proposals relating to volcanic sand, which we submitted to the Foreign secretary of Denmark last year have yet been disclosed to the government of Iceland. If there have not, we will (if he so advices us) place before the government of Iceland direct the proposals which we made to Denmark.

Yours truly
Simpson & Ovialt.

Brjefið er dagsett 28. apríl 1915. Maður sá, sem hjer er nú staddur og veitt er einkaleyfi eftir frumvarpi þessu, til að hagnýta sandinn, hefir verið um-

boðsmaður fjelagsins hjer á landi. Einkaleyfið telur hann nauðsynlegt að fá á þessu þingi. Og þar sem nú er nokkuð liðið á þingtímann og umsókn fjelagsins ekki enn komin hingað, tók Þórarinn B. Guðmundsson það ráð, að sækja um einkaleyfið í sínu nafni, til að geta komið málinu í æskilegt horf fyrir fjelagið. Stofnfje þess segir hann að sje 3 miljónir sterlingspunda. Það hafi fundið nýja aðferð til að búa til stál úr járni og hafi bækistöðvar í ýmsum löndum. Hann segir, að að eins sje ætlast til, að taka sand fyrir utan netjalög í sjó. Sandinn á að soga upp af mararbotni með dælum. Ekkert firma segir hann að sje til, sem hagnýti sand á þennan hátt, annað en þetta eina.

Þessi maður hefir nú tjáð mjer, að hann sje reiðubúinn til að fá bretska konsúlinn hjer til að útvega Alþingi upplýsingar um fjelagið. Hefir hann talað um að fá þær hjá Foreign Office Bank of London eða Bank of England, því að vitanlega verður að byggja allar framkvæmdir í málinu á þessu enska fjelagi.

Nú hefi jeg heyrt á ýmsum þingm., að þeir bera ekki fullkomið traust til Þórarins B. Guðmundsson, og margir þekkja hann alls ekkert. Gæti það spilt fyrir framgangi málsins, og er þó maðurinn duglegur og ötull og vel að sjer og ber gott skyn á fjármál. Það hefir því orðið að ráði, að öðrum manni til, Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á Eskifirði, yrði veitt einkaleyfið með Þórarni. Magnús hefir sent háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) svo hljóðandi símskeyti:

»Tobogi segir þið teljið rjettara jeg sæki um »sandconsession« með honum. Ef þú heldur að það yrði að nokkru liði fyrir málefnið, bið jeg þig undirskrifa umsóknina fyrir mig. Magnús Gíslason«.

Jeg hefi heyrt því fleygt hjer í þinginu, að danskur maður að nafni Steenstrup, sje að hugsa um að sækja um sams konar einkaleyfi, og að það, gæti ef til vill verið álitlegra. Til þess að taka af allan vafa um þetta, skal jeg lesa hjer upp brjef frá þessum manni, sem hann skrifaði í dag Þórarni B. Guðmundsson í viðurvist minni. Brjefið hljóðar svo:

»Hr. Th. Gudmundsen. Herved erklærer jeg ikke at ville söge Konsession paa Vulkan-Sand og ikke at have kendt til dette Sand för De fortalte mig derom.

Svend Steenstrup«.

Þórarinn B. Guðmundsson hefir skýrt mjer frá, að áformað sje að flytja út 1 miljón smálesta af nothæfum sandi, og yrðu tekjur landsjóðs þá eftir frumvarpinu af útfluttum sandi 150,000 kr. auk 4% af ársarði af fyrirtækinu. Þetta væri allálitlegur skildingur. Gæti líka komið til mála að áskilja meira gjald í landsjóð af smálest hverri.

Eins og jeg hefi skýrt frá, eru framkvæmdir allar í málinu miðaðar við Hjeraðsflóa. Auk þessara tekna, sem landsjóður fengi, liggur í augum uppi, hver hagur það væri fyrir Fljótsdalshjerað, ef höfn yrði bygð við Flóann, því að það hefir lengi verið mikið mein Hjeraðsbúum, að höfn vantar þar. Það hefir alt af verið talið ókleift kostnaðarins vegna að byggja slíka höfn. Í frumv. er áskilið, að höfnin verði opin til almenningsnota. En nú eru fleiri staðir á landinu, þar sem vinna mætti járnsand, t. d. við Hvítá í Borgarfirði og annað hvort við Ölfusá eða Þjórsá, jeg veit ekki hvort er. Um fleiri staði gæti verið að ræða, þó að það sje órannsakað.

Nú er gjört ráð fyrir því í frumv., að einkaleyfið gildi kringum alt landið. Er það eðlilegt, að áskilið sje, að samkepni

sje útilokuð, vegna hins gífurlega kostnaðar, sem fyrirtæki þetta hefði í för með sjer. En þó gæti komið til mála í nefnd, að takmarka leyfið við vissa staði í landinu.

Í sýnishorninu af sandinum við Hjeraðsflóa, er Þór. B. Guðmundsson hefir haft með sjer hingað, reyndist 13,8% járn við efnarannsókn hjer, eftir brjefi frá efnafræðingi Ásgeiri Torfasyni. En þessi sandur var tekinn á landi. Eru líkur til, að meira járnefni sje í sandinum úti á sjó.

Frumvarp þetta er samið í flýti, af því að því þurfti að koma inn í þingið fyrir ákveðinn tíma. En þó að misfellur kunni að vera á því, má laga það í nefnd. Vænti jeg svo, að þetta mál fái sæmilegar undirtektir í deildinni.

Skal jeg leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd að umræðunni lokinni.

Jón Magnússon: Jeg hjelt nú sannast að segja, að Alþingi hefði fengið nóg af saltgjörðarlögunum sælu, og við myndum ekki fá slík frumv. sem þetta hjer inn á þing fyrst um sinn. En fyrst svo er ekki, þá vil jeg minnast á það fáeinum orðum.

Ef á að veita slíkt leyfi sem þetta, þá verður að gæta þess vel, að það komi ekki í bága við nauðsynleg afnot landsmanna af sjávarsandi. Eins og málið liggur nú fyrir, er það alveg óverjandi, að samþykkja það. Yrði nefnilega frumv. samþykt, eins og það liggur fyrir, þá yrði að sækja um leyfi til þessa fjelags, sem einkaleyfið á að fá, til þess að fá sand til húsabygginga. Jeg veit, að það er svo hjer í Reykjavík, að allur sandur, sem notaður er til húsabygginga, kemur undir ákvæði frumvarpsins. Þetta verður að sjálfsögðu að laga.

Flutningsm. (Jón Jónsson): Jeg er alveg samdóma háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) um það, að nauðsynlegt sje að athuga þetta frumv. vandlega. En jeg álít að það sje hlutverk þeirrar nefndar, sem jeg stakk upp á að yrði kosin. Aftur álít jeg, að þingið megi ekki umsvifalaust vísa máli slíku sem þessu frá sjer. Þetta mál getur haft mikla þýðingu fyrir land og lýð, og því nærri óforsvaranlegt, að sýna því ekki þann sóma, að rannsaka það í nefnd.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 12 : 1 atkv.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd í málið með 14 shlj. atkv., og í hana kjörnir með hlutjallskosningu:

Stefán Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,
Matthías Ólafsson,
Jón Jónsson,
Guðm. Hannesson.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 26. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 219, n. 511).

Framsögum. (Jón Jónsson): Í brtt. nefndarinnar eru tvær prentvillur, sem jeg vil biðja háttv. deildarmenn að athuga. Þær eru báðar í niðurlagi seinni brtt.: »fyrirtækisins« fyrir: fyrirtæki og »7%« fyrir: 4%. Þetta verður að sjálfsögðu leiðrjett, ef málið gengur til 3. umræðu.

Nefndin hefir öll getað orðið sammála, og leggur til, að frumvarpið verði samþykt með nokkrum breytingum.

Nefndinni þótti ekki ráðlegt, að veita einkarjettinn fyrir alt landið, heldur vildi hún takmarka hann við Hjeraðsflóa einan.

Þegar nefndinni hafði komið saman

um það, ljet hún falla niður eftirgrenslanir um fjelag það, sem hjer er átt við. Okkur fanst það ekki skifta svo miklu máli, hvernig hagur þess væri, þar sem einkaleyfið var takmarkað við einn stað, og því ekki mikið í hættu lagt. Málið er líka seint á ferðinni, og svo vaxið, að rjett er að afgreiða það nú frá þinginu, því ef það tefst, þá getur það orðið til þess, að það strandi algjörlega.

Þó að ýmislegt megi segja um málið, eins og það er í garðinn búið, þá vonum við þó, að það geti orðið landinu að gagni, að semja þessi lög. Að því er hættuna snertir, eða hvort nokkuð verður gjört í málinu eða þá á rjettan hátt, þá skal jeg taka það fram, að hæstv. ráðherra hefir látið þess getið við nefndina, að hann mundi ekki veita einkaleyfið, nema hann fengi vissu fyrir því, að eitthvað yrði gjört í málinu, og ættu þessi ummæli hans að vera nægileg til þess, að menn ekki hikuðu ekki við að samþykkja frumvarpið.

Athygli nefndarinnar hefir verið vakin á því, að ekki væri rjett að orði komist í síðari brtt. hennar, þar sem talað er um að borga skuli útflutningsgjald »af hverri smálest, sem út er flutt«. Rjettara væri að segja, að útflutningsgjald skuli greiða af hverri smálest, sem framleidd er. Jeg efast um, að hægt sje að fara í kring um lögin, þó að þetta orðalag verði látið halda sjer, því að eftir því orðalagi verður hver sá, sem flytur út þenna járnsand, að borga útflutningsgjald, hvort sem það er leyfishafi eða einhver annar. En ef það kæmi fram við umræðurnar, að mönnum þætti þetta að einhverju leyti athugavert, þá er nefndin fús á að taka það til greina.

Það hefir orðið að ráði í nefndinni, að bæta við öðrum manni í 1. gr., sem einkaleyfið má veita ásamt þeim, sem áður er þar til nefndur. Vonar nefndin, að deildin telji það til bóta. Maðurinn er lögfræðingur, og er jafnan talið hyggilegt, að þannig lærðir menn sjeu við slík fyrirtæki.

Hvað snertir síðari hluta brtt. við 1. gr., þá virtist okkur ekkert geta mælt á móti því, sem þar er ákveðið, því að það verður alt af undir þinginu komið, hvort einkarjetturinn verður frekar veittur en hjer er gjört ráð fyrir. Aftur á móti virtist okkur það fremur vera hvöt fyrir leyfishafana, að starfa eitthvað í málinu, ef þeir ættu fyrir fram víst, að þurfa ekki að óttast hættulega keppinauta, því að það vakir aðallega fyrir nefndinni, að eitthvað verði gjört í málinu. Enda þýðir ekkert að vera að semja lög, ef engin von er um, að þau hafi nokkra þýðingu.

Nefndin hefir lagt til, að færa útflutningsgjaldið af hverri smálest úr 15 aurum upp í 50 aura. Við urðum varir við, að leyfisbeiðandi, hr. Þór. B. Guðmundsson er óánægður með þessa hækkun. Hann segir, að hver smálest af sandinum sje ekki dýr, og þá er ekki nema eðlilegt, að hann setji fyrir sig hvern eyri, sem gjaldið hækkar um, einkum þar sem vinslan á sandinum mun vera afardýr. En hvernig sem það er, þá hefir nefndin orðið sammála um, að láta þetta arka að auðnu. Ef til vill þykir mönnum rjettara, við frekari athugun, að fara hjer einhvern milliveg, og má þá breyta þessu til 3. umræðu.

Þá þótti nefndinni líka vissara að ákveða gjaldið af hverri smálest af útfluttu járni. Vakir þar fyrir henni, að ef til vill verði hægt að vinna járnið hjer, sem æskilegast væri, því að þá hefði fjelagið hjer að sjálfsögðu fastari setu, og yrði sennilega að meiru gagni.

Ekki held jeg, að ástæða sje til að óttast innflutning útlendinga vegna þessa

fyrirtækis. Jeg gjöri ekki ráð fyrir, að aðrir starfi en menn, sem mikla þekkingu hafa, en alls ekki neinn tartaralýður.

Jeg sje svo ekki ástæðu til, að fara fleiri orðum um breytingar þær, sem nefndin leggur til að gjöra á frv. Í nefndarálitinu stendur, hvern undirbúning málið hefir fengið. Hann er að vísu ekki mikill, en bendir þó í þá átt, að talsverður hugur sje í fjelagi einu ensku, að fá rjett til að vinna þenna sand.

Að lokum vil jeg mæla með því, að frumvarpið verði samþykt með þeim breytingum, sem nefndin hefir lagt til.

Ráðherra: Jeg skal ekki tefja lengi tímann fyrir hinni háttv. deild, með því að ræða þetta mál. Jeg vildi að eins taka fram frá almennu sjónarmiði, að varla er rjett að veita einkaleyfi í þessa átt, fyrr en sjeð er, hverjir taka það að sjer, hverjar líkur eru til, að það verði notað o. s. frv. Þeir, sem slík einkaleyfi fá, verða að sjálfsögðu að leita fyrir sjer í öðrum löndum, ef eitthvað á að verða úr framkvæmdunum. En þá er mikið undir því komið, bæði fyrir lánstraust landsins og framkvæmd fyrirtækisins, hverjir þeir menn eru, sem einkaleyfið fá.

Nefndin virðist ekki hafa framkvæmt þær rannsóknir viðvíkjandi þessu máli, sem hún hafði ætlað sjer og átt að gjöra í upphafi.

Eins og sagt er óbeinlínis í nefndarálitinu, ef ekki beinlínis, er hugmyndin með því að fá einkaleyfið, sú, að selja það í hendur útlendu fjelagi, sem sams konar störf hefir með höndum, sem hjer um ræðir. Nefndinni hefir ekki tekist að fá upplýsingar um þetta útlenda fjelag. Hún hefir snúið sjer til ensku stjórnarinnar, en hún hliðrað sjer hjá að gefa nokkrar upplýsingar. Hún bendir að eins nefndinni á, að fá þær hjá einhverjum banka eða upplýsingaskrifstofu. Það hefir nefndin ekki gjört, ekki talið sig hafa tök á því, á svo skömmum tíma, sem nú er til stefnu.

Sú fræðsla, sem nefndin hefir að gefa í þessu efni, er þá ekki mikil. Að eins það, að hingað hefir komið einhver Lambert, enskur maður, til þess að leita að járnsandi. Slíkan sand fann hann austur á Hjeraði, og taldi gjörlegt að vinna úr honum járn. Jeg efast ekki um, að þessi maður hafi komið hingað til landsins, en mjer er ekki kunnugt um, hver árangur hefir orðið af för hans, og það er nefndinni ekki heldur.

Í öðru lagi er nefndinni kunnugt um, að tveir nafngreindir menn hafi gjört tilraunir til þess, að fá leyfi Magnúsar Bl. Jónssonar prests í Vallanesi, til að gjöra höfn og önnur nauðsynleg mannvirki við Unaós. En það sjest ekki, hvort þær tilraunir hafa hepnast, eða ef samningar eru enn ekki til lykta leiddir, hvort líkindi eru til að þeir muni takast.

Í þriðja lagi segir nefndin að hálfur fossinn í Lagarfljóti sje leigður um 50 ár til aflframleiðslu til reksturs fyrirtækisins. En jeg veit ekki hvort nefndinni er kunnugt, hvort nauðsynlegt er eða ekki að fá yfirráð yfir öllum fossinum, og ef þess skyldi þurfa, hver á landið hinu megin að fossinum og hvort eigandinn er fáanlegur til að leigja sinn helming.

Fjórða atriðið sem nefndin telur, er í sjálfu sjer einskisvert. Þetta enska fjelag hefir sakir ókunnugleika snúið sjer til utanríkisráðherra Dana, til að fá einkaleyfi til hagnýtingar á járnsandi á Íslandi. Jafnvel þó að fjelaginu sje alvara að vilja fá þetta leyfi, þá sannar það ekki, að það hafi mátt til að hagnýta sjer það, nema þá til þess, að »spekúlera« með það, eins og sumir gjöra.

Um fimta atriðið, sem nefndin telur, liggur ekkert skjallegt fyrir. Þetta, sem sagt er um peninga fjelagsins og starfsaðferðir, er að eins tekið eftir sögusögn annars manns. Mjer dettur ekki í hug að halda því fram, að hann skýri viljandi rangt frá. En þegar um jafn mikilsvert atriði er að ræða, er ekki heimild til að fara einungis eftir sögusögn, síst þess manns, sem hagsmuni gæti haft af því, að skýra rangt frá.

Mjer mun verða svarað því, að ekkert gjöri til, þó að allar upplýsingar vanti. Hjer sje að eins að ræða um heimildarlög fyrir stjórnina. En þó að svo sje, þá þykir mjer óviðkunnanlegt, að annar aðili löggjafarvaldsins, þingið, sje að setja þannig lög, alveg út í bláinn.

Þá segir í nefndarálitinu, að í sandinum sje 13,8% af járni. Jeg hefi vitanlega ekki vit á að dæma um það, hvort það mundi borga sig að vinna þetta járn. En jeg vil beina þeirri spurningu til nefndarinnar, hvort það hafi verið »kontrollerað«, að sandurinn hafi verið tekinn á þeim stað, sem greint er. Við þekkjum svo margar sögur úr Vesturheimi, þar sem menn hafa gint fólk til þess, að leggja stórfje í námufyrirtæki, með fölskum sýnishornum af gullsandi. Mjer dettur ekki í hug, að væna þá menn, er hjer eiga hlut að máli, um nokkra prettvísi, en þar sem um svona mál er að ræða, þá er það beinlínis skylda þingsins, að gæta allrar varúðar, hver sem í hlut á. Jeg efa það ekki, að leyfisbeiðendur sjeu heiðursmenn, en löggjafarvaldið verður að vera varkárt; það má ekki veita slík leyfi, eins og hjer er um að ræða, út í bláinn, án þess að hafa nokkuð verulegt að byggja á. Jeg vona, að háttv. framsögum. (J. J.) svari þessari fyrirspurn minni, ef honum er unt.

Jeg hefi enn fremur tvær athugasemdir að gjöra við brtt. nefndarinnar. Önnur þeirra er formlegs eðlis. Í brtt. stendur, þegar »Alþingi« gjöri o. s. frv. Ætti að vera »löggjafarvaldið« o. s. frv. Svona er um gjaldið. Það er of lágt. Hví var það sett lægra en í einkaleyfislögum Páls Torfasonar?

Framsm. (Jón Jónsson): Það er mjög eðlilegt, að hæstv. ráðherra hafi einhverjar athugasemdir að gjöra við þetta frumv. Auðvitað er sjálfsagt, að rannsaka allar ástæður sem best, áður en fullnaðarákvörðun er tekin.

Viðvíkjandi athugasemdum hans um, að betur bæri að athuga, hvort virkilegt fjelag með nægu fje stæði á bak við fyrirtækið, þá skal jeg geta þess, að nefndin gat ekki komið því við. Annars býst jeg í þessu efni við því, að líkt muni hafa staðið á, þegar gefið var einkaleyfið til þess að vinna salt úr sjó. Menn höfðu víst ekki hugmynd um neitt ákveðið fjelag, er þar stæði á bak við. Þrátt fyrir það fanst nefndinni engin ástæða til að hika við að veita þetta leyfi, vegna þess, að engin hætta gæti stafað af því fyrir landsjóð, en hins vegar gæti það orðið talsverður hagnaður fyrir landsjóð og hjeraðið, er hlut á að máli, ef fyrirtæki þetta kæmist á fót.

Þá spurði hæstv. ráðherra, hvað samningum liði milli leyfisbeiðenda og landsdrottins um lóðarrjettindi á þessum stöðvum. Þessir samningar eru ekki fullgjörðir enn þá, en jeg hefi hjer með höndum brjef, er síra Magnús í Vallanesi hefir skrifað biskupi, þar sem hann spyr hann um, hvort nokkur vandkvæði mundu vera á því, að fá leyfi til þess að leigja leyfisbeiðendum lóðarrjettindi, ef hann sjálfur sem landsdrottinn hafi ekki fult leyfi til þess.

Jeg veit ekki hverju biskup hefir svarað, en þetta brjef sýnir það, að

sjera Magnú í Vallanesi er fús til samninga.

Viðvíkjandi fossinum get jeg svarað hæstv. ráðherra því, að annar helmingur hans — fossinn er tvískiftur — er þegar leigður Þórarni B. Guðmundsson, og hefir hann tjáð mjer, að hann hafi fengið loforð fyrir hinum helmingnum, sem tilheyrir annarri jörð.

Það er mikið rjett, að beiðni um einkaleyfi er ekki sama og að veikið verði framkvæmt. Það er vitanlega undir því komið, hvað mikið fjelagið gjörir sjer von um að bera úr býtum. En jeg verð að halda því fram, að rjett sje, að samþykkja frumv. með það fyrir augum, hve mikill hagur landssjóði gæti orðið af því, að verkið kæmist í framkvæmd. Enn fremur yrði hafnarbygging á þessum stað að afar miklu gagni fyrir Hjeraðið og framtíð þess. En höfnin yrði svo dýr, að bæði landinu og hjeraðinu mundi ofvaxið að sinni að leggja út í slíkt fyrirtæki. Aftur á móti er höfn á þessum stöðvum nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að fjelagið geti starfað nokkuð.

Út af athugasemdum hæstv. ráðherra um sýnishorn það af sandinum, er rannsakað hefir verið, þá skal jeg geta þess, að jeg hefi ekki sannanir fyrir, að það sje ósvikið, en mjer kom ekki til hugar, að tortryggja mennina um það, sjerstaklega þar sem mjer var kunnugt um, að þessi enski maður ferðaðist um þessar slóðir í fyrra, og gat þess þá þegar, að talsvert járn væri í sandinum. Enn fremur virðist ágreiningur leyfisbeiðanda við nefndina benda á það, að hann hafi von um, að verkið verði framkvæmt, þar sem hann gat þess beinlínis, að hann bæri kvíðboga fyrir því, að hið háa útflutningsgjald, sem nefndin stingur upp á, mundi fæla fjelagið frá því að taka til starfa.

Viðvíkjandi athugasemdum hæstv. ráðherra um fyrirkomulagið á útflutningsgjaldinu, skal jeg geta þess, að það er velkomið, að nefndin treysti ákvæðin í þá átt, er hann stingur upp á. En jeg á bágt með að skilja, að eftirlitið með útflutningnum geti orðið erfitt, því að það kæmist þegar upp, ef aðrir færu að flytja vöruna út en fjelagið sjálft, þar sem engir aðrir en það framleiða þessa vöru hjer á landi.

Að öðru leyti get jeg verið hæstv. ráðherra þakklátur fyrir athugasemdir hans, og fyrir það, hve hann vill láta frumv. vera bygt á traustum grundvelli.

Guðmundur Hannesson: Jeg hefi heyrt það á mörgum, að þeir litu svo á, sem þetta járnsandsmál sje endileysa ein og lítil ástæða til þess að sinna því, en eftir því, sem jeg fæ frekast sjeð, eru nokkrar horfur á því, að fyrirtækið sje framkvæmanlegt. Í sýnhorni því, sem sýnt hefir verið hjer af sandinum, er áreiðanlega nokkuð af járni, og lítil hætta á, að sýnishornið sje falsað, því járnefnið er svo smágjört duft, að það eitt mundi erfitt að falsa. En þótt lítið sje af járni í sandinum, þá er ekki örvænt um, að járn megi vinna úr honum með hagnaði. Því er þannig varið, að það er tiltölulega auðvelt að skilja járnefnið frá járnsnauðari sandinum með segulmagni. Sandi má lyfta úr sjávarbotni á ströndinni á mjög ódýran hátt með sanddæluskipum og hreinsa járn úr feiknum öllum af sandi annaðhvort á sjó eða landi. Falla þá járnagnirnar í sjerstakt hólf, en járnsnauða sandinum er fleygt. Hugmyndin er að minsta kosti skiljanleg, og má vel vera, að með miklu fjármagni megi hafa mikinn arð af slíkri járnvinslu.

Hitt er auðsjeð, að yrði úr þessum

framkvæmdum, þá væri þetta eitt af okkar stórmálum, er gæti orðið til mikils hagnaðar fyrir landið alt og einstök hjeruð þess. Landssjóði bættust drjúgum tekjur. Hjeraðið fengi góða höfn á stað, sem engin líkindi eru til, að annars yrði hreyft við.

Jeg gjöri ekki mikið úr þeim mátbárum, er komið hafa fram gegn brtt. nefndarinnar. Eftirlitið getur ekki orðið vandasamt, þar sem ekki verður nema þessi eini maður, eða fjelag, sem flytur þessa vöru úr landinu. Það verður því erfitt að fara kringum lögin. Kæmist þetta fyrirtæki á fót við Hjeraðsflóa og borgaði sig þar, væri það ekki óliklegt að svo gæti víðar verið við strendur landsins, þar sem líkt hagar til, eins og t. d. á Eyrarbakka eða Stokkseyri, og hvar sem slík járnvinsla væri rekin, hlyti að rísa upp góð höfn. Jeg treysti ekki mikið á þetta, en virðist þó hins vegar, að úr því að áhættan er engin, og ekki örvænt um talsverðan hag, þá sje heimskulegt að sinna því ekki.

Björn Kristjánsson: Jeg er sömu skoðunar og hæstv. ráðherra, að allrar varúðar þurfi að gæta, þegar um það er að ræða, að veita slík einkaleyfi, sem hjer er farið fram á. Það er svo varhugavert, að jeg álít það tæplega meðfæri þingnefnda, að afgreiða slík mál, með þeim litlu þekkingartækjum, er þær hafa. Það sjest líka á brtt. nefndarinnar, að hana hefir skort þekkingu til að búa svo um hnútana, sem þurft hefði. Yfirleitt hefir mjer virst þingið á seinni tímum liggja of flatt fyrir svona beiðnum. Vitanlega geta þær átt sjer eðilegan rjett, en oft eru þær einungis svik, gjörð í því skyni að fleka ókunnuga menn til þess að leggja fram fje. Ef slík einkaleyfi lenda, annað hvort upphaflega eða með framsali, í höndum misendismanna, þá er það lítt skemtilegt, að láta þá geta flaggað með því, að Alþingi hafi samið svona lög. Þess vegna *má ekki* veita svona leyfi, nema vissa sje fyrir fram fengin fyrir því, að fyrirtækið sje heilbrigt og nægilegt fje fyrir höndum, til þess að reka það með.

Þetta frumvarp er svo úr garði gjört, að það gefur einhverjum, sem enginn veit hver er, einkaleyfi, til þess að vinna járn úr sandi. Einkaleyfið er að nafninu til bundið við Hjeraðsflóa einan, en leyfishafar hafa forgangsrjett fyrir öðrum til hins sama í kringum alt landið. Þetta er í raun og veru hið sama og leyfishafendur hafi einkarjett kring um alt land. Því að heyri þeir, að aðrir hugsi til að fara að reka þetta fyrirtæki, þá er þeim innan handað að bjóða hærra, og þá er skylt að veita þeim leyfið. Og jeg tel það mjög vafasamt, að Íslendingar eigi að útiloka alla aðra frá samkepni í þessu efni, sjerstaklega þegar enginn veit um það enn þá, til hvers eigi að nota þetta einkaleyfi.

Þá virðist mjer brtt. nefndarinnar um útflutningsgjaldið af hverri smálest allónákvæmt. Það má skilja á margan hátt. Það má skilja það á þann hátt, að reikna skuli af hverri smálest, þegar búið er að draga járnagnirnar úr með segulstáli, þegar sandurinn er blautur. En líka má ætla, að gjaldið sje miðað við járnsandinn þurran og heitan, en í því ástandi næst miklu meira járn úr sandinum.

Þetta þarf að orða nákvæmlega. Mjer hefir verið sagt, að fjelagið ætli að þurka sandinn, en auðvitað er ekki á því byggjandi, þótt það sje sagt.

Enn fremur er gjaldið miðað við »unnið járn«. Hvað er það? Er það unnið járn, þegar segullinn er búinn að draga það úr sandinum, eða útheimtist það til þess, að hægt sje að tala um »unnið járn«, að það sje brætt í kubba, »pi-

giron«, sem kallað er, eða er átt við hreint járn í stöngum eða plötum? Það verður að ákveða nánara.

Jeg get ekki lagt mikið upp úr gróða þeim, er landssjóður á að hafa af þessu. Jeg hygg, að erfitt verði að hafa eftirlit með útflutningnum. Og ákvæði frv. eru heldur ekki glögg. Það getur verið efamál, hvort fjelagið geti ekki flutt alt sitt járn tollaust út, með því að fá sjer »strámann«, er kaupir afurðir þess hjer á landi pro forma. Það er vafasamt, hvort ákvæði frumvarpsins um útflutningsgjald ná til þess tilfellis.

Það hefir verið gjört ráð fyrir stórhöfnum, sem kosta mundu svo miljónum króna skiftir. Jeg tel það víst, að þessar hafnir mundu kosta margar miljónir króna. Þess vegna tel jeg það víst, að fjelagið eða starfrækjendurnir mundu nota fossaaflið öðruvísi en svo, að þeir ynnu á landi. Þeir mundu spara sjer að gjöra höfn fyrir margar miljónir króna, og leggja heldur rafmagnsþræðina út á sjó og vinna alt þar. En ef svo færi, hvernig yrði þá eftirlitið fyrir hönd landssjóðs?

Yfirleitt verð jeg að telja málið svo illa undirbúið, að ótækt sje, að frumv. verði að lögum á þessu þingi, heldur beri að vísa því til stjórnarinnar, til þess að hún geti aflað sjer upplýsinga um það. Það er engin von til þess, að einföld þingnefnd geti unnið að málum, sem til þurfa sjerstakar rannsóknir og tekniska þekkingu. Þetta mál er alt annars eðlis en saltvinslumálið á síðasta þingi; þar var öllum skiljanlegt, hvað um var að ræða. En þetta frumvarp er í því formi, og brtt. sömuleiðis, að ómögulegt er að greiða þeim atkvæði, eins og er. Mjer þætti því liggja beinast við, að málinu væri vísað til stjórnarinnar, eftir að þingið hefir haft það til meðferðar og rætt það, sjerstaklega, þegar þess er gætt, að oss er ókunnugt um það, hvert fjármagn stendur hjer að baki.

Framsögum. (Jón Jónsson): Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði um það, hvernig hugsað væri að vinna sandinn, skal það tekið fram, að eftir skýrslu leyfisbeiðanda, er til þess ætlast, að sandurinn verði unninn í húsum, bygðum á landi, verði þurkaður með segulmögnuðum völsum, en járnið loði svo við sívalningana og kastist niður í annan stað. Þess vegna er ekki um það að ræða, að sandurinn verði fluttur út óhreinsaður, enda mundi það ekki borga sig, að flytja út bráðónýt efni.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að rjett væri að fara varlega í þetta mál, því að vel mætti vera, að svik ein byggju undir. Það getur verið, en svo er þó ekki frá þess manns hálfu, sem um leyfið sækir, því að hann vissi ekkert um þetta fyrr en Lambert hafði gjört rannsóknir sínar. Jeg get auðvitað ekki sagt, hvað haldgott fjelagið verður, en engin ástæða er til að tortryggja leyfisbeiðanda; hann þekkir nokkuð til fjelagsins, hefir skrifast á við Lambert og gjörir sjer yfirleitt bestu vonir um framkvæmdirnar.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) vildi láta fella niður forgangsrjett leyfisbeiðanda. Jeg skil ekki, að það ákvæði geti verið hættulegt; ef háttv. þingmaður telur það vera svo, þá er það til marks um, að hann telur málið vera stórmál. En hins vegar er þess að gæta, að ef leyfisbeiðendum er gjört svo lágt undir höfði, að löggjafarvaldið veiti ef til vill öðrum leyfi á öðrum stöðum, án þess að þeir, sem eru upphafsmenn fyrirtækisins, fái að hugsa sig um, hvort þeir vilja sitja fyrir, þá er leyfið miklu

óútgengilegra. Jeg sje ekki heldur neitt hættulegt við að veita þennan forgangsrjett. Setjum svo, að landið sjálft vildi leggja út í slíkt fyrirtæki, og er það því heimilt.

Háttv. sami þingmaður sagði, að engin vissa væri fyrir því, hvernig verkið yrði unnið. Jeg get ekki sagt annað en að til er ætlast, að járnið verði svo vel unnið, sem frekast er unt, því að það borgar sig best.

Viðvíkjandi útflutningi járnsandsins, þá hefir nefndin ekki rannsakað, hvernig því atriði yrði hagað. Það getur vel verið, að járnið verði flutt út í klumpum, og ef svo yrði, þótti oss vissast að setja þetta ákvæði, og þá sjálfsagt, að meira yrði greitt fyrir. En það veit jeg, að leyfisbeiðendur hafa að eins hugsað sjer að flytja út hreinan járnsand.

Ekki þarf að óttast það, að vinnan færi fram í skipum, en þótt svo yrði, þá yrði það í landhelgi, og eftirlitið því sama sem á landi.

Jeg álít ekki nauðsynlegt að vísa málinu til stjórnarinnar. Ef einstakir þingmenn vilja breyta frumvarpinu, geta þeir komið með þær brtt. til 3. umr.

Ráðherra: Svo fór, sem mig varði, að háttv. framsögum. (J. J.) gæti ekki komið með fullnægjandi svör í þessu máli, enda var ekki við því að búast. Í gær var rætt hjer um mál, sem sjerþekkingu þarf til að dæma um. Nú er um að ræða mál, sem enn meiri sjerþekkingar þarf við, ef menn eiga að geta ráðið málinu til lykta á öruggum grundvelli.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) kom fram með ýmsar athugasemdir, sem mjer höfðu ekki komið til hugar, enda brestur mig þekkingu á við hann í þessum efnum, þótt hann því miður sje ekki svo fullkominn, að hann sje fær um að leiða menn í allan sannleika. Vjer erum hjer að fljetta reipi úr sandi, og er oss því skylt að gæta þess, að ekki sje stráð sandi í augu vor.

Háttv. framsögum. (J. J.) sagði, að engin hætta væri á því að veita leyfið, hvernig sem um fyrirtækið færi.

Ekki get jeg verið á sama máli og hann um það. Hugsum oss að fyrirtækið væri gott; þá skiftir miklu, hve nær á því væri byrjað, og hverjum böndum vjer yrðum bundnir. Hjer er að ræða um 50 ára einkaleyfi, og vel getur hugsast, að aðrir, sem færari væru til framkvæmda, yrðu þannig útilokaðir frá verkinu. Jeg játa, að hjer er um að ræða mikilsvert framtíðarmál fyrir hjeraðið og landið, ef það á að koma að því gagni, sem umsækjendurnir, nefndin og þingið gjöra sjer vonir um. En það getur líka orðið humbug og til skaða og skammar þingi og þjóð, því að jeg endurtek það, að mjög varlega er farandi í að gefa slík einkaleyfi, til þess að taka gæði landsins og verðmæti, og útiloka þannig aðra, sem færir væru til framkvæmda.

Háttv. framsögum. (J. J.) taldi það sönnun þess, að fyrirtækið væri gott, að umsækjendur ýfðust við hækkun afgjaldsins. Ef þeir hefðu ekki trú á fyrirtækinu, þá mundu þeir láta sig litlu skifta, hvort útflutningsgjaldið væri hátt eða lágt. En þetta er hinn mesti misskilningur. Það er ekki hægt að gjöra ráð fyrir því, að umsækjendur, nje nokkur Íslendingur, geti komið þessu verki í framkvæmd. Annað liggur því ekki fyrir umsækjendunum en að selja leyfið, sem auðvitað verður misjafnlega seljanlegt, eftir því hversu útflutningsgjaldið er ákveðið og önnur kjör. Þess vegna er það engin sönnun fyrir trú eða vantrú umsækjendanna á fyrirtækinu, þótt þeir reyni til að útvega leyfið með sem bestum kostum.

Jeg er samþykkur háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), um að oss muni veita erfitt að hafa fullkomið eftirlit með fyrirtækinu, og sennilega þarf að ákveða nánara, hvað átt sje við með járnsandi.

Mjer er sagt, að 7% sje prentvilla fyrir 4%, en þá verð jeg að spyrja að því, hvernig því víki við, að leyfishöfum er ætlað að greiða lægra gjald en samkvæmt lögum nr. 57, 1913 var áskilið á Pál Torfason, fyrir einkarjett til saltvinslu.

ATKVGR.:

Brtt. 511,1 fyrri málsgr. samþ. með 15 : 1 atkv.

Brtt. 511,1 önnur málsgr. samþ. með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Björn Kristjánsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Guðm. Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Hannesson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson,	Magnús Kristjánss.,
Matthías Ólafsson,	Sigurður Eggerz,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Stefán Stefánsson,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson,	Sveinn Björnsson,
Þór. Benediktsson.	

Eggert Pálsson og Einar Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Hannes Hafstein og Pjetur Jónsson voru fjarstaddir.

1. gr. þar með ákveðin.

2.—4. gr. samþ. með 15 : 5 atkv.

Brtt. 511,2 (ný 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr. frv. þar með fallin.

6, 7. og 8. gr. samþ. með 13 : 3 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 17 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Björn Kristjánsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Guðm. Eggerz,	Sig. Gunnarssson,
Guðm. Hannesson,	Sig. Sigurðsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Sveinn Björnsson.
Jón Jónsson,	
Magnús Kristjánss.,	
Matthías Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	
Þór. Benediktsson.	

Eggert Pálsson og Sigurður Eggerz greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Hannes Hafstein fjarstaddur.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 572, 574, 603, 633).

Björn Kristjánsson: Það er með samþykki háttv. framsm. (J. J.), að jeg hefi beðið um orðið fyrst, til þess að skýra brtt. mínar á þgskj. 603, sem aftur eru leiðrjettar á þgskj. 633. Það stendur nefnilega svo á, að inn í 2. lið 1. málsgr. á þgskj. 603 hefir slæðst meinleg villa, eins og háttv. þm. sjá, sem sje »landhelgislinuna« í staðinn fyrir »lægsta fjöruborð«.

Jeg legg þá fyrst og fremst til, að breytt sje fyrirsögn frumv., slept heitinu »volcanic sand«, með því að allur sjávarsandur hjer við land er »vulkanskur«, sem kallað er, og óþarfi því að taka þetta fram í fyrirsögninni, en

sett í staðinn: sjávarsand í Hjeraðsflóa.

Þá er brtt. við 1. gr. um það, að stjórnin hafi ekki heimild til að veita þetta einkaleyfi, fyrr en hún veit fyrir víst, að fyrirtækið komist á stofn á fulltryggilegan hátt, bæði vegna fjár og annars. Við vitum, að svo mörg fjelög hafa sótt um slíkt einkaleyfi og jafnvel fengið þau, án þess að þau hafi nokkurn tíma komið þeim á fót. Hafa þá leyfin verið höfð til að braska með og gengið frá einum brallara til annars, og er það verr farið en heima setið. Jeg álít, að þingið eigi ekki að veita neitt einkaleyfi, eins og privatmenn, upp á guð og lukkuna, og til þess að fyrirbyggja það, kom jeg með þessa brtt. mína.

Í þessu verður að vera hreint borð, og jeg álít að þingið hafi gjört skakt í þessu efni 1913, þótt jeg greiddi þá atkvæði með einkaleyfi, og á jeg þar við einkaleyfið til saltvinslu. Það hefðu átt að vera heimildarlög fyrir stjórnina, sem því að eins hefðu komið til framkvæmda, að alt væri fulltrygt áður, en nú má búast við, að braskað verði með einkaleyfið fram og aftur, án þess að nokkuð komist í framkvæmd.

Það felst þá í till. minni, að einkaleyfið verði ekki veitt upp á nafn, og er það ekki af því, að jeg hafi neitt á móti mönnunum, sem um þetta sækja, eða vantreysti því að neinu leyti, að þeir sjeu eins hæfir til þessa og hver annar, heldur er það hitt, að fari svo, að þeim takist ekki að fá nægilegt fje til fyrirtækisins, þá er ekki rjett að útiloka aðra, þótt þessir hins vegar hljóti að hafa forgangsrjettinn.

Fresturinn, 5 ár, ætti að vera nægilega langur, til þess að útvega veltufjeð. Það eru ákveðin 5 ár í 1. gr. frv. og undir samkomulagi við stjórnina komið, hve lengi látið væri dragast að veita öðrum rjettinn, ef þessum mönnum tekst ekki að hrinda fyrirtækinu í framkvæmd. Jeg legg til að 2. gr. falli burt, því að bæði er nokkuð af efni hennar komið í 1. gr., og svo þarf ekki á ákvæðinu um framsal að halda, þegar leyfið verður ekki veitt, nema það sje tryggt, að nóg fje sje fengið.

Við 4. gr. er sú brtt., að því sje bætt inn, að stjórnarráðið hafi eftirlit með reikningsfærslu fjelagsins, til tryggingar því, að rjett eftirgjald sje greitt í landsjóð.

Í 5. gr. er tekið til gjald það, er greiða skal af framleiðslunni, og hefi jeg lagt það til, að þar standi 50 aurar af hverri smálest »af járnefni«, sem unnið er úr sandinum. Þetta verður sem sje ekki nánar skilgreint; það fer alt eftir því, hver aðferð er höfð til þess, að ná járninu úr sandinum, hvort járnefnið er hreinna eða óhreinna. Sje það gjört með segulstáli, þá loðir ætið mikið af sandi við. Svo hefi jeg lagt til, að gjaldið yrði helmingi hærra, ef sandurinn er unninn úti á sjó, og gjöri jeg það af því, að jeg vil einmitt að hann sje unninn í landi, jeg vil styðja að innlendum iðnaði, og að fossaafl verði notað við framleiðsluna á landi, enda væri hægra eftirlitið við framleiðsluna á landi en úti á sjó. Og af sömu ástæðum hefi jeg einnig lagt það til, að gjaldið sje einnig 50 aurar af sandinum óunnum, því að þá borgar sig betur að vinna hann hjer á landi.

Í samræmi við þetta eru svo aðrar brtt. Jeg legg til, að einkaleyfið verði eigi veitt, nema að því er snertir járnvinslu við Hjeraðsflóa, og að því skuli fella burt úr 7. gr. orðin: »hvar sem er á landinu«. Við 8. gr. er sú brtt., að þegar einkaleyfistíminn er út runninn, þá geti stjórnin krafist kaups á fyrirtækinu með öllu saman, og sama rjett hafi landið einnig, ef leyfishafi brýtur samning sinn eða þess háttar.

Þá skal jeg að eins minnast lítið eitt á brtt. nefndarinnar. Jeg tel þær til mikilla bóta, frá því sem frv. var, þótt ekki felist það alt í þeim, sem mínar brtt. fara fram á, og gæti jeg því gjarnan greitt atkv. með þeim.

Það sem gjörir það, að jeg kem fram með þessar brtt., er ekki það, að mjer sje þetta tilfinningamál, heldur það, að jeg vil ekki að þingið hrapi að þessu, eins og það hrapaði að saltvinslumálinu sæla 1913, og jeg vil fyrirbyggja það, að þetta verði þinginu til vanvirðu. Það gæti leitt til þess, ef þetta leyfi er veitt, að rjettindin yrðu notuð til þess að leigja alla fossa í landinu, undir því yfirskyni, að vinna ætti sand með þeim, en að eins til þess að tryggja, að fossarnir yrðu *ekki* notaðir fyrsta mannsaldurinn.

Erlend fossafyrirtæki eru við því búin að leigja fyrir litla leigu fossana, sem eru í nálægum löndum, til þess að þeir sjeu eigi notaðir, og samkeppni geti ekki við þeirra fyrirtæki heima fyrir.

Þess vegna er svo áríðandi, að veita ekki slík leyfi, nema trygging sje fyrir, að fyrirtækin sjeu sett á fót.

Framsm. (Jón Jónsson): Nefndin á hjer nokkrar brtt., sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir játað að væru til bóta. Það hefir verið fundið að því, að það væri ekki getið um það, hvort sandurinn væri hreinsaður eða óhreinsaður. Okkur virðist ekki ástæða til að óttast, að sandurinn verði fluttur út óhreinsaður, því það mundi ekki borga sig, svo lítið sem járnið er í sandinum. Við höfum lagt til, að 5. gr. væri orðuð upp, svo að skýrt væri tekið fram, að gjald væri lagt á það, sem framleitt væri, en ekki það, sem útflutt væri, eins og áður stóð, og enn fremur, að gjald skuli lagt jafnt á járn í stöngum eins og annað, svo ekki sje hægt að komast hjá að borga ákveðið gjaldið af smálestinni.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um brtt. okkar nefndarmanna, en háttv. þm. G.-K. (B. K.) hefir einnig komið fram með brtt., og vildi jeg fara um þær nokkrum orðum. Brtt. hans eru þannig vaxnar, að verði þær samþyktar, þá er frumvarpinu gjörbreytt. Hann vill í fyrsta lagi breyta fyrirsögn frumv. Jeg sje nú ekki mikla nauðsyn á því, en satt að segja finst mjer það ekki skifta miklu máli. Þá vill hann ekki veita einkaleyfið upp á nafn. Mjer finst þessi breyting hans bæði vera ósanngjörn og ónauðsynleg. Þessir menn, sem um er talað að einkaleyfið fái, hafa mest til matarins unnið, enda er það að öllu leyti á valdi ráðherrans, að setja þau skilyrði, sem honum sýnist. Þórarinn hefir barist fyrir þessu máli af miklum dugnaði, og hefir gjört okkur það skiljanlegt, að þetta geti orðið okkur að miklu gagni.

Það stendur á þgskj. 603 grein, þar sem talað er um, að taka eigi sandinn 60 faðma fyrir utan landhelgislínuna. Þetta hlýtur að vera hugsunarvilla, því ekki getum við sett nein ákvæði um það, sem fram fer fyrir utan landhelgislinuna.

Þá hefir háttv. sami þm. (B. K.) talið það nauðsynlegt, að setja ráðherranum skilyrði fyrir því, hve nær hann megi veita þetta einkaleyfi. Það stendur svo hjá honum: »Einkaleyfi þetta skal þó eigi veitt, nema ráðherranum sje afhent greinileg áætlun um, hvernig sandvinslunni skuli fyrir komið, og hvað kostar að koma fyrirtækinu á fót, full trygging fyrir því, að nægt veltufje fáist, til þess að koma fyrirtækinu á fót og að reka það, svo og trygging fyrir því, að fyrirtækið verði sett á stofn samkvæmt áætluninni«. Þetta virðist okkur vera alveg ónauðsynlegt. Ráðherrann gjörir

auðvitað allar þær ráðstafanir, sem honum þykja nauðsynlegar. En aftur á móti viljum við hafa ákvæði í frumv. um það, að einkaleyfið verði upphafið, svo framarlega sem fyrirtækið verði okki komið á fót fyrir vissan tima.

Þá vill háttv. þm. (B. K.), að önnur gr. falli burt. Hún er um það, að einkaleyfishafi megi með samþykki stjórnarráðsins framselja öðrum manni einkarjett sinn, eða öðru fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið sje heimilisfast hjer á landi. Þetta álítum við líka alveg ónauðsynlegt. Við viljum treysta stjórninni til þess, að samþykkja ekki skiftin, svo framarlega sem hún álítur ástæðu til að óttast illar afleiðingar af því. Aftur á móti getur verið athugavert, að útiloka það, að slík skifti geti átt sjer stað, því það er hugsanlegt, að það gæti orðið til þess, að fyrirtækið kæmist ekki á fót. Nefndin hefir tekið það fram, að hún búist ekki við því, að innlendir menn hafi kraft til þess að hagnýta sjer þennan sand. Jeg hygg, að það sje ekki hægt að hrekja það, og því viljum við ekki útiloka útlendinga frá því, að geta átt þátt í fyrirtækinu. Að gjöra það er alveg sama sem að hætta við fyrirtækið eða fella frumvarpið. Mjer virðist það ekki vera nein ástæða til að óttast nokkuð, þó við samþykkjum þetta frumv.; engin hætta getur stafað af því að neinu leyti. Þetta einkaleyfi nær ekki til nema eins flóa á öllu landinu. Þar er hafnleysi og sandar, en kæmi þar höfn að tilhlutun þessa fjelags, sem hjer er um að ræða, og yrði hún til afnota fyrir nærliggjandi hjeruð, þá gæti það orðið til ómetanlegs gagns.

Þá kem jeg að brtt. háttv. þm. (B. K.) við 3. gr. Það er ákveðið svo í frumvarpinu, að verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót þegar fimm ár eru liðin frá dagsetningu einkaleyfisins, þá geti ráðherra sagt upp einkaleyfinu með eins árs fyrirvara, svo framarlega sem það sje ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu. Þessu vill hann breyta þannig, að hægt sje að segja upp leyfinu strax með eins árs fyrirvara, eða það er með öðrum orðum, að breyta þessum sex árum, sem ákveðin eru í frumvarpinu, í eitt ár, svo framarlega sem ekki eru öll skilyrði uppfylt, sem getið er um í frumv. Okkur virtist, að ekki væri ástæða til þessara breytinga, því að þær gætu orðið því til hömlu, að fyrirtækið kæmist á, en annars til lítils eða einskis gagns. Annars leggjum við ekki sjerlega mikla áherslu á þetta, teljum það ekki svo mikils varðandi.

Þá kem jeg að næstu brtt. háttv. þm. (B. K.), við 4. gr. frumv. Í frumv. er það ákveðið, að stjórnarráðið megi hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins, en þingmaðurinn vill láta það hafa leyfi til að hafa einnig eftirlit með reikningsfærslunni. Við getum fallist á þessa brtt. og álítum, að hún geti verið til bóta.

Þá vill háttv. þingm. (B. K.) einnig breyta 5. gr. frumv. Hann vill láta greiða 50 aura í landssjóð fyrir hverja lest af járnefni því, sem unnið er úr sandinum á landi, en 1 krónu fyrir hverja lest, ef járnefnið er unnið úr sandinum á sjó. Jeg skal játa það, að nefndinni hefir ekki komið til hugar að gjöra ráð fyrir því, að járnið yrði unnið úr sandinum á sjó. Okkur hefir skilist svo, að til þess að hagnýta þennan sand, þyrfti svo mikinn vjelaútbúnað, að það væri óhugsanlegt, að mögulegt yrði að komast hjá því að fara með sandinn í land, svo hann yrði unninn. Við höfum því ekki sjeð neina ástæðu til að taka þessa brtt. til greina. Okkur finst hún sje með öllu óþörf, því að

vitanlega er frumvarpið alt bygt á því, að leyfishafi fái leyfi til að vinna sandinn á landi. Þessi brtt. virðist okkur mjög barnaleg og alsendis óþörf. Nefndin verður því eindregið að leggja á móti henni.

Brtt. háttv. þm. (B. K.) við 8. gr. teljum við til bóta, og jeg get lýst yfir því fyrir hönd nefndarinnar, að hún getur aðhylst hana.

Nefndin er öll sammála um það, að engin hætta geti stafað af því, að þetta frumvarp fái fram að ganga, og þó það verði samþykt óbreytt.

Jeg gleymdi áðan að geta um brtt. háttv. þm. (B. K.) við 7. gr. Hann vill ekki láta forgangsrjett til einkaleyfis ná til annara staða á landinu; að eins að einkaleyfið nái til Hjeraðsflóans. Okkur virðist engin hætta geta verið á því, að það gæti orðið hagur fyrir landið. Líkur eru miklar til þess, að stórhagur geti orðið að þessu fyrir landssjóðinn; auk þess er ekki hægt að fá þetta einkaleyfi nema með samþykki stjórnarráðsins, og það er vitanlegt, að stjórnarráðið muni gjöra það að skilyrði, að ákveðin trygging verði sett fyrir því, að ekki verði svik úr þessu öllu saman. Þegar málið er þannig vaxið, þá getum við ekki sjeð, að minsta hætta sje á ferðum.

Björn Kristjánsson: Háttv. 2. þm. N.-M. (J. J.) bar, að því er mjer skildist, kvíðboga fyrir því, að þessir menn, sem um einkaleyfið sækja, mundu ekki fá að njóta einkaleyfisins, ef ráðherranum væri í sjálfsvald sett, hverjum hann veitti leyfið. Jeg sje ekki ástæðu til að óttast þetta svo mjög, en býst við því, að hæstv. ráðherra taki til greina umræður þær, sem orðið hafa hjer í deildinni, og láti þessa menn sitja fyrir, þótt það sje ekki beint tekið fram í frumvarpinu. Mjer þykir það eðlilegra, að þeir fái að sitja fyrir að verða einkaleyfisins aðnjótandi, vitanlega að öðru jöfnu. Úr því að þeir hafa brotið ísinn, þá er rjett að þeir fái að njóta ávaxtanna af vinnu sinni, en hitt finst mjer ekki rjett, að þeir fái einkaleyfið, svo framarlega sem aðrir bjóða miklu betri kjör.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þingm. (J. J.) sagði um það, að æskilegast væri fyrir einkaleyfishafana, að fá einkaleyfið bundið við alla sanda á landinu, þá er það vitanlega rjett, að það er mjög æskilegt fyrir þá. En hvort að þjóðfjelaginu er það jafn æskilegt, að slíkt einkaleyfi verði veitt, er annað mál. Jeg óska, að hæstv. ráðherra vildi gjöra svo vel að láta það í ljós, hvort hann mundi ekki láta þessa menn sitja fyrir, þó að einkaleyfið væri ekki bundið við nafn. Mjer virðist, að þótt nauðsynlegt sje að setja lög um þetta efni, sem jeg raunar efast um, þá sje þó ekki nauðsynlegt að setja stjórninni skilyrði fyrir því, hverjum einkaleyfið megi veita.

Það getur verið, að það verði til baga, eins og háttv. þm. N.-M. (J. J.) komst að orði, að útiloka útlendinga frá þessu fyrirtæki, en jeg sje ekki, að það sje gjört með brtt. mínum. Jeg skal benda hönum á eitt hlutafjelag hjer í bænum, sem er sams konar eins og jeg gjöri ráð fyrir, að hægt væri að setja á laggirnar í þessu tilfelli. Það er hlutafjelagið »Edinborg«. Það hlutafjelag starfar fyrir enskt »capital« að öllu leyti, en er þó innlent fjelag. Mætti nú ekki í þessu tilfelli setja á stofn slíkt fjelag? Það var það, sem jeg meinti þegar jeg samdi brtt. mínar.

Eins árs uppsagnarfrestur er hjer settur til þess, að gefa leyfishöfum tækifæri til að kippa því í lag, sem aflaga fer.

Mjer skildist á háttv. framsm. (J. J.), að hann áliti, að það væri ekki hægt að vinna járn úr sandi úti á sjó. En það má að sjálfsögðu eins vel gjöra það úti á sjó, eins og í landi, hvort sem til þess eru notaðar vjelar eða rafmagn.

Það fer eftir því, hvernig maður lítur á þetta mál, hvort maður vill fela stjórninni að setja skilyrðin. Jeg hygg að það sje tryggast, að þingið sjálft setji skilyrðin sem allra greinilegust, svo að stjórnin hafi ekki annað að gjöra en að hegða sjer þar eftir.

Ráðherra: Eftir því, sem mjer skildist, var beint til mín fyrirspurn um það, hvort þeir menn, sem nefndir eru á þgskj. 572, myndu verða látnir sitja fyrir leyfinu, ef þeir uppfyltu þau skilyrði, sem lögin setja. Það mun ekki vera vani, að stjórnin veiti stöður eða einkaleyfi opinberlega í þingi, og mun jeg því ekki svara þessu nema að litlu leyti. Stjórnin mun að sjálfsögðu veita þessum mönnum einkaleyfið, ef hún hefir trú á þeim, þegar til kemur. En það gætu ef til vill komið einhverjir aðrir, sem byðu betri kjör, og tel jeg þá rjett, að þeir sætu fyrir leyfinu að öðru jöfnu.

Út af brtt. háttv. 1. þm. G. K. (B. K.) skal jeg geta þess, að mjer geðjast betur að þeim heldur en að frv. Það er að eins ein tillagan, sem jeg er í vafa um, og það er tillagan um að fella 2. gr. í burtu. Mjer skilst það svo, að ef 3. brtt. á þgskj. 603 verður samþykt, þá sje numin í burtu heimild einkaleyfishafa til að framselja rjett sinn í hendur öðrum. Við vitum, að það er varla því að heilsa, að nokkurt innlent fjelag geti í náinni framtíð ráðið yfir nægu fje til að reka þetta fyrirtæki. Ef framsalið er útilokað, má búast við, að innlendu mennirnir yrðu ekkert annað en leppar fyrir útlendinga. Vitanlega má að nafninu til stofna innlent fjelag, sem að einhverju leyti hafi búsetu hjer, en það yrði væntanlega ekki annað en leppur fyrir annað fjelag útlent. En jeg legg nú ekki svo mikla áherslu á þetta. Annars mun jeg yfir höfuð greiða atkvæði með brtt. háttv. 1. þm. G. K. (B. K.), því að mjer virðast þær yfirleitt vera til bóta. Það er ekki nema gott fyrir stjórnina, að löggjafarvaldið setji nokkuð nákvæm skilyrði fyrir slíkum einkaleyfisveitingum, og að þau skilyrði komi sem ákveðnast fram á þinginu. Það er ekki vert að hrapa að því, að semja lög um einkaleyfi. Þau geta vitanlega gefist vel, en þau geta líka orðið þingi og þjóð til vansa.

ATKVGR.:

Brtt. 633 samþ. án atkvgr.

Brtt. 603,2 feld með 11 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánss.,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Bjarni Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Guðm. Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Hannesson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Pjetur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sigurður Eggerz,
Sig. Sigurðsson,	Stefán Stefánsson,
Sveinn Björnsson.	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Fjarstaddir voru Einar Jónsson, Hannes Hafstein, Matthías Ólafsson og Skúli Thoroddsen.

Brtt. 603,1 og 3.—8. teknar aftur.

Brtt. 574,1 samþ. án atkvgr.

Brtt. 574,2 samþykt með 19 samhljóða atkvæðum.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 13 : 9 atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 674.)

27. Tún og matjurtagarðar.

Á 17. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mælingar á túnum og matjurtagörðum. (A. 100).

Á 19. fundi í Nd, fimtudaginn 29. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Þórarinn Benediktsson): Eins og sjest á þgskj. 100, þá er þetta frumv. runnið frá Búnaðarfjelagi Íslands og búnaðarþinginu, eða búnaðarþingum.

Málinu var fyrst hreyft á búnaðarþingi 1913, og varð af því sá árangur, að fram kom þingsályktanartillaga á Alþingi, þar sem skorað var á stjórnina, að koma fram með frumvarp um þetta efni fyrir þingið 1915. Af því varð þó ekki, að frumv. kæmi þessa leiðina, heldur kemur það, eins og jeg sagði, frá Búnaðarfjelaginu. Það hefir lýst sjer á búnaðarþingum, að vaknaður er áhugi á því, að fá ábyggilegar mælingar gjörðar á túnum og matjurtagörðum, eða með öðrum orðum á ræktuðu landi, til þess að ná þannig undirstöðu undir hagskýrslur um það efni. Og hjer liggja fyrir fylgiskjöl, sem sýna það, hvað gjört hefir verið í þessu máli, og hvernig menn hafa hugsað sjer, að koma því í framkvæmd. Það hefir þegar fengið dálítinn undirbúning og tilraunir verið gjörðar um það, hvað mælingarnar myndu kosta. Eins og tekið er fram í brjefi frá Búnaðarfjel. til stjórnarráðsins, sem hjer er prentað sem fylgiskjal, þá hafa tilraunirnar sýnt það, að mælingarnar munu kosta eitt dagsverk tveggja manna, mælingamanns og aðstoðarmanns hans, á hvert býli að meðaltali. Einnig er þar sýnt hvernig menn hafa hugsað sjer kostnaðinum skift niður á landssjóð og jarðeigendur, en inn á það skal jeg ekki ganga nánar að þessu sinni.

Jeg býst við að engum blandist hugur um það, að þetta er nauðsynjamál. Hjer er um það að ræða, að fá ábyggilega undirstöðu undir hagfræðisskýrslur, til þess að vjer getum sjeð það með nokkurn veginn fullri vissu, hvernig jarðrækt vor er á vegi stödd og hvernig henni miðar áfram. Við vitum að við höfum nú, að dæmi annara siðaðra þjóða, komið okkur upp hagstofu, sem ætlað er að búa til rjettar skýrslur um alla landshagi, er sýni ástand vort á ýmsum sviðum. Til þess að slíkar skýrslur geti orðið ábyggilegar, þarf grundvöllurinn undir þeim að vera góður og óyggjandi; annars eru þær oft verri en ekki neitt. En hins vegar vitum við það, sem nokkuð höfum fengist við að safna skýrslum um búnaðarmál, hve afar óábyggilegt framtal manna reynist einatt um þá hluti í ýmsum greinum, og þó jafnvel nærri allra helst að því er snertir jarðræktina.

Jeg skil því ekki, að ástæða sje til fyrir mig, að fjölyrða mikið um þetta. Að eins skal jeg taka það fram, áður en jeg setst niður, að búnaðarþingið 1915 hefir ekki lagt mjög mikla áherslu á það, að frumv. þetta verði endilega afgreitt frá þinginu sem lög nú, heldur að eins hitt, að það kæmist á dagskrá þings og þjóðar, svo að tækifæri yrði til þess, að kynnast öllu, bæði kostnaðinum og öðru, sem best, áður en lög voru samin.

Jeg óska þess svo, að frv. verði látið ganga til landbúnaðarnefndarinnar, til þess að hún geti unnið að því og greitt fyrir því, svo sem hún best sjer fært.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 15 shlj. atkv., en í henni sátu þeir

Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Guðmundur Hannesson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 308, 309).

Forseti tók frv. út af dagskrá.

Á 35. fundi, þriðjudaginn, 17. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið aftur út af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. ág., var frumv. enn tekið til 2. umr. (A. 100, n. 308, 309, 439).

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Þótt skömm sje frá að segja, þá hefir nefndin átt í basli með þetta frv., og komið fram með nýjar brtt. á þgskj. 439 í stað brtt. á þgskj. 309.

Upprunalega vakti það fyrir nefndinni, að gjöra fyrirkomulagið óbrotnara en það er í frv. á þgskj. 100; fela búnaðarsamböndunum, bæði að hafa mælingarnar á hendi og innheimtuna. Eftir að fyrri brtt. voru komnar út, varð nefndin þess vör, að ýmsir kunnugir, vel metnir menn, töldu, að það myndi valda óánægju og væri búnaðarsamböndunum t. d. ofætlun, að annast innheimtuna. Fjell þá nefndin frá fyrri fyrirætlun sinni, til þess að komast hjá því, að þetta yrði óánægjuefni, og ljet ákvæði frv. að mestu haldast, hvað innheimtuna og niðurjöfnun gjaldsins snertir. Aftur er sú aðalbreyting á frumv. hin sama og fyr, að kostnaðurinn við mælingarnar eru lagðar að mestu leyti á jarðeiganda.

Þórarinn Benediktsson: Það er víst alveg rjett hjá háttv. framsögum. (G. H.), að nefndin hefir átt í mesta basli. Hún er nú loks búin að gefa út tvennar brtt. Og þótt þær síðari sjeu talsvert skárri en þær fyrri voru, þá finst mjer samt ekki því að heilsa, að þær sjeu til bóta, minsta kosti ekki allar. Jeg skal nú í fám orðum segja hvað það er, sem jeg finn mest að till. nefndarinnar.

Samkvæmt frumvarpinu áttu sýslunefndirnar að sjá um framkvæmd mælinganna, og var þá ætlast til þess, að þær fengju búnaðarsamböndunum þær í hendur, auðvitað með því fororði, að búnaðarsamböndin vildu taka góðfúslega að sjer, að framkvæma þær. Jeg efast alls ekki um, að búnaðarsamböndin mundu taka þetta starf að sjer, enda best komið í höndum þeirra. Nú er ætlast til þess, samkvæmt brtt. nefndarinnar, að þessi mælingarskylda sje lögð á búnaðarsamböndin með lögum. Það tel jeg vafasamt, hvort hægt er að leggja slíka kvöð á búnaðarsamböndin. Jeg lít svo á, að þau sjeu ekki skyld til að hlýða því, þótt þeim væri falið það. Í raun og veru eru búnaðarsamböndin privatfjelög, sem ekki standa undir löggjafarvaldi eða landsstjórn beinlínis, enda hafa þau ekki styrk úr landssjóði, heldur frá Búnaðarfjelagi Íslands, eftir því sem búnaðarþingið úthlutar þeim. Auk þess eru hálfar og heilar sveitir utan búnaðarfjelaga og þá um leið utan búnaðarsambanda, jafn vel heilar og hálfar sýslur. Fæ jeg ekki með nokkru móti sjeð, að löggjafarvaldið geti skyldað búnaðarsamböndin til að fara þannig út fyrir starfssvið sitt. Þá er næsta aðfinslan. Nefndin vill stytta tímann, sem hafður er til að framkvæma alt verkið. Hún vill færa tímann úr 6 árum niður í 5 ár. Jeg lít

svo á, að jafnvel 6 ára tími væri of stuttur, hvað þá hitt. Búnaðarsamböndin hafa bæði takmarkað fje og starfskrafta. Jeg sje því ekki betur en að þau yrðu að láta allar aðrar framkvæmdir sitja á hakanum fyrir þessu, ef þeim er ætlaður svona stuttur tími, og efast jafnvel um, að þau vildu taka að sjer, að ljúka verkinu á svona takmörkuðum tíma. Þetta virðist mjer að gæti haft mjög slæmar afleiðingar og ættu því ekki að stytta tímann, fremur lengja hann. Jeg verð því að álíta, að brtt. við 1. gr. sjeu til skemda. Aftur eru brtt. við 2. gr. mest orðabeytingar, og get jeg fallist á þær.

Þá er 3. brtt. Hún er vitanlega sjálfsögð, ef brtt. við 1. gr. verða samþyktar.

Þá skal jeg lítilsháttar víkja að því, hvernig Búnaðarþingið hugsaði sjer framkvæmdirnar á þessu máli og kostnaðinn við það.

Það hugsaði sjer, að landssjóður greiddi helming kostnaðarins og eigandi jarðar hitt; taldi það þetta sanngjarnt, því það er í þágu alls landsins, að fá sem rjettastar hagskýrslur. En undirstaðan undir rjettar hagskýrslur um ræktun landsins, fást ekki fyrr en þessar mælingar hafa farið fram. Nú hefir nefndin breytt þessu svo, að landssjóði ber ekki, samkvæmt tillögum hennar, að greiða nema 2 kr. fyrir hvert býli á landinu. Færir með öðrum orðum hluttöku landssjóðs niður um að minsta kosti helming; hinum hluta kostnaðarins á svo að jafna niður á jarðeigendur. Þetta tel jeg ekki til bóta, því það verður í alla staði að álítast sanngjarnt, að kostnaðinum sje skift að jöfnu milli landssjóðs og jarðeigenda. Búnaðarþingið var eindregið þeirrar skoðunar, að ekki yrði fundinn annar sanngjarnari mælikvarði. Hafði það þó vandlega athugað það spursmál.

Í upphaflega frv. var gjört ráð fyrir niðurjöfnun, og tekið til hámark, bæði á því, sem landssjóður og jarðeigendur eiga að borga. Þetta vill nefndin afnema, en það álít jeg óheppilegt, af því, að með brtt. nefndarinnar hlyti þetta að koma mjög ójafnt niður. Sumar jarðir eru mjög stórar að hundraðatali, vegna ýmsra hlunninda, sem þeim fylgja, en ef til vill lítil tún á þeim jörðum; en á slíkum jörðum yrði þetta afarhár og órjettlátur skattur. Til þess að fyrbyggja þetta misrjetti, var hámarkið sett í frumv. Það væri því ilt, ef það yrði afnumið.

Þessar eru þá aðalaðfinslur mínar, og geta allir sjeð, að þær eru á góðum rökum bygðar, og að brtt. nefndarinnar eru síður en ekki til bóta.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Það voru einungis fáein orð, sem jeg ætlaði að segja.

Munurinn er ekki mikill, hvort það eru búnaðarsamböndin eða sýslunefndirnar, sem eru skyldaðar til að sjá um framkvæmd þessara laga. Fyrir nefndinni vakti, að setja það skilyrði í fjárlögin, að styrkur til búnaðarsambandanna væri bundinn því, að þau ljetu framkvæma þessar mælingar.

Um tímatakmörkunina var nefndin öll á einu máli. Hvað kostnaðinum og hámarkinu viðvíkur, þá skal jeg taka það fram, að jarðir, sem eru hundraðamargar, þola þyngri byrðar en hinar, jafnvel þótt túnin kunni að vera tiltölulega lítil. Yfirleitt held jeg að breytingar nefndarinnar sjeu til bóta.

Þórarinn Benediktsson: Jeg hefi í rauninni ekki miklu við að bæta. Jeg tel það óhapparáð að stytta tímann. Ástæðuna tók jeg fram áðan, þá, að búnaðarsamböndin hefðu ekki svo mikinn kraft og fje, að þau gætu framkvæmt mælingarnar í flýti, eins og

nefndin ætlast til, nema með því, að leggja öll önnur störf sín til hliðar, og það álít jeg mjög óheppilegt.

Það hefir vakað fyrir mjer, að hafa tímann rúman, svo hægt væri að samrýma þetta öðrum störfum búnaðarsambandanna.

Svo var það 10 kr. hámarkið, sem jeg vildi minnast dálítið á. Þetta hámark er ekki ósanngjarnt, vegna þess, hvernig reglum um niðurjöfnun gjaldsins á landssjóð og jarðeigendur er fyrir komið. Það eru ekki svo fáar jarðir, sem eru svo hundraðamargar, jafnvel þótt tún og garðar þar sjeu ekki stærri heldur en á miklu minni jörðum.

Víða á landinu eru jarðir, sem eru metnar afarhátt að hundraðatali, án þess að það standi í hlutfalli við stærð túns eða annars ræktaðs lands. Þannig er dæmi þess á Austurlandi, að einstök jörð er metin svo hátt, að hún er að hundraðatali meira en helmingur þess hrepps, sem hún er í. Á slíkri jörð mundi mælingarkostnaður verða afarhár og ósanngjarn í alla staði. Til þess að fyrirbyggja misrjetti, var hámark sett fyrir því, hve gjaldið mætti stíga hátt á hverri einstakri jörð. Gjöri jeg því ráð fyrir, að háttv. deild sjái, að það myndi verða afaróvinsælt, að hafa ekkert takmark.

Öðru en þessu þarf jeg ekki að svara háttv. framsm. (G. H.)

Sigurður Sigurðsson: Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið í þessu máli með fyrirvara. Eins og háttv. flutnm. (Þ. B.) tók fram, var það ekki ætlun okkar, að því yrði ráðið til lykta á þessu þingi. Frumv. var flutt aðallega samkvæmt ósk búnaðarþingsins, í þeim tilgangi einum, að málinu yrði hreyft hjer, svo að álit manna kæmi fram um það. En hins vegar var þá tilætlunin, að málið yrði látið bíða næsta þings, og stjórnarráðinu falið að leita umsagnar sýslunefnda um það til þess tíma. Og það er enn skoðun mín, að þetta sje æskilegasta og rjettasta leiðin.

Um brtt. nefndarinnar skal jeg ekki segja margt. Jeg er sumum þeirra samþykkur, en aðrar tel jeg miður til bóta, svo að jeg taki ekki of djúpt í árinni. En þar sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (Þ.B.) hefir nú gjört sínar athugasemdir við brtt. nefndarinnar, þá get jeg vísað til þess, sem hann hefir sagt um það efni, og tek undir það með honum. Sjerstaklega tel jeg varhugavert að sleppa ákvæðum 5. gr., þar sem talað er um, að kostnaðinum skuli jafnað niður að hálfu eftir býlatölu og að hálfu eftir hundraðatölu, en að því er snertir hundraðatöluna þó svo, að aldrei komi meira á eitt býli en 10 kr. alls. Um hitt, að þessum mælingum geti ekki orðið framgengt til 1920, legg jeg ekki mikið upp úr, og hallast heldur að því áliti nefndarinnar, að það mætti takast.

Þá er eitt atriði enn, sem jeg vildi vekja athygli á, og það er þetta, að enn þá eru margar sveitir á landinu, sem ekkert búnaðarfjelag er í, og í mörgum sveitum, þar sem búnaðarfjelög eru, eru margir einstakir menn, sem ekki eru í fjelögunum. Nú er spurningin fyrir mjer þessi: Er ekki vafasamt, að búnaðarsamböndin geti gjört sig gildandi gagnvart þeim sveitum, sem ekkert búnaðarfjelag er til í, og enn fremur gagnvart þeim mönnum, sem ekki eru í neinu búnaðarfjelagi?

Jeg hefði fyrir mitt leyti helst viljað afgreiða þetta mál með rökstuddri dagskrá. Jeg skal þó ekki bera fram slíka dagskrá við þessa umræðu, því að jeg ætla fyrst að sjá, hvernig reiðir af brtt. nefndarinnar og málinu í heild sinni.

En jeg geymi mjer rjett til að gjöra það við 3. umr., ef málið kemst svo langt, og mjer býður svo við að horfa.

Björn Hallsson: Jeg ætla nú að byrja á endirnum og láta það í ljós, að mjer kom nokkuð á óvart þessi ræða háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), af því að jeg starfaði með honum í landbúnaðarnefndinni. Þessi fluga, sem hann sendi frá sjer, þegar hann settist niður, var ekki svo vart yrði komin honum í hug í nefndinni. Mjer finst ekki rjett að setja fótinn fyrir frumvarpið; jeg vil lofa því að ganga til Ed. og ræðast þar.

Annars ætlaði jeg að leyfa mjer að minnast örfáum orðum á brtt. nefndarinnar.

Brtt. á þgskj. 439 eru soðnar upp úr brtt. á þgskj. 309, sem hafa verið teknar aftur. Þegar nefndin hafði athugað frumv. betur og átt tal um þetta mál við formann Búnaðarfjelagsins og fleiri, þótti henni rjettara, að færa það nær því horfi, sem farið er fram á í þessu þgskj. Sjerstaklega var það viðvíkjandi teimur liðum, gagnvart því, hver ætti að framkvæma mælingarnar, hvort hægt væri að skylda Búnaðarfjelagið eða búnaðarsamböndin til þess, og eins hvar ætti að taka fje til að kosta þær. Jeg leit svo á í nefndinni, að það væri vafasamt, hvort hægt væri, að skylda Búnaðarfjelagið til þess, fyrst og fremst af því, eins og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók fram, að enn sem komið er, eru ekki til búnaðarfjelög í öllum sveitum landsins, og hafa þá samböndin lítil ráð þar. Þess vegna settum við meðal annars það ákvæði, að sýslumenn hefðu yfirumsjón mælinganna og gætu þá sjeð um mælingar þar, sem samböndin næðu ekki til.

Þá er hjer í brtt. okkar felt niður 10 kr. hámarkið. Það er gjört af því, að þegar um afskektar jarðir inn til dala er að ræða, eða eyjar, sem ekki eru nema eitt býli, þá er kostnaðurinn við að fara þangað svo mikill, að það er ekki hægt að gjöra það fyrir 10 kr. Það er í sjálfu sjer rjett hjá háttv. 1. þm. S.-Múl. (Þ. B.), að þetta getur orðið ranglátt gagnvart öðrum stöðum, en það er ilt að sigla milli skers og báru í þessu efni. Við höfum ætlast til, að mælingunum yrði lokið 1920. Við vildum, að mælingunum yrði lokið á sem stytstum tíma, til þess að fullkomnara samræmi væri í þeim. Við ætluðumst til, að það yrðu ekki miklar breytingar á stærð túna og garða á þeim tíma, sem mælingin stæði yfir, og þess vegna er æskilegast, að tíminn sje sem stytstur. Það var þetta, sem aðallega lá til grundvallar fyrir því, að stytta tímann. Hins vegar get jeg tekið undir það með háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að mjer er það ekkert áhugamál, að frumv. gangi fram nú, þó ekki sjái jeg raunar nein veruleg vandkvæði á því.

Það er engin grýla fyrir jarðeigendur, þótt þeir greiði meiri hluta kostnaðarins við mælingarnar. Það er bæði fróðlegt og gaman fyrir þá að vita með vissu um stærð túna sinna og garða og eiga uppdrætti af þeim. Jeg held því, að það sje vel fært, að leggja meiri hluta kostnaðarins á þá. Hins vegar borgar landssjóður fyrir ummálsuppdrætti þá, sem stjórnarráðið á að fá, svo að hann tekur fyrir sitt leyti ríflegan þátt í greiðslunni. Okkur fanst ekki rjett að íþyngja landssjóði um of, því að hann hefir í mörg horn að líta, og rjettara að láta jarðeigendur bera sem mest af kostnaðinum, og það því fremur, sem landssjóður á mikið af jörðum, svo að töluverður kostnaður lendir á honum hvort sem er.

ATKVGR.:
Brtt. 309 tekin aftur.

Brtt. 439,1 samþ. með 18 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Jón Jónsson,
Eggert Pálsson,	Magnús Kristjánss.,
Bjarni Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Guðm. Eggerz,	Þorleifur Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Þór. Benediktsson.
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Magnússon,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	

Björn Kristjánsson, Einar Arnórsson, Einar Jónsson, Hannes Hafstein, Matth. Ólafsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Bened. Sveinsson og Sigurður Eggerz voru fjarverandi.

1. gr. frv. þar með fallin.

Brtt. 439,2 samþykt með 13 samhljóða atkv.

2. gr. svo breytt samþykt með 13 shlj. atkv.

Brtt. 439,3 (3. gr. falli burt) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 439,4 samþ. með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Jóhann Eyólfsson,
Björn Kristjánsson,	Magnús Kristjánss.,
Guðm. Hannesson,	Matth. Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Sig. Gunnarsson,
Hjörtur Snorrason,	Þorleifur Jónsson,
Jón Jónsson,	Þór. Benediktsson.
Jón Magnússon,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson.	

Eggert Pálsson, Einar Arnórsson, Guðm. Eggerz, Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Bened. Sveinsson og Sigurður Eggerz voru fjarverandi.

4. grein frv. þar með fallin.

Brtt. 439,5 samþ. með 13 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Jón Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Magn. Kristjánss.
Guðm. Hannesson,	Matthías Ólafsson,
Hjörtur Snorrason,	Sig. Sigurðsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Þorleifur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Þór. Benediktsson,
Stef. Stefánsson,	

Eggert Pálsson, Benedikt Sveinsson, Einar Arnórsson, Hannes Hafstein og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Guðm. Eggerz, Jón Magnússon, Pjetur Jónsson, Sigurður Eggerz og Sveinn Björnsson voru fjarverandi.

5. gr. svo breytt, samþ. með 18 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Magn. Kristjánsson,
Bjarni Jónsson,	Matth. Ólafsson,
Björn Kristjánss.,	Þorleifur Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Þór. Benediktsson.
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson.	

Eggert Pálsson, Benedikt Sveinsson, Einar Arnórsson, Einar Jónsson, Guðm. Eggerz, Hannes Hafstein, Jón Jónsson, Sig. Sigurðsson og Skúli Thorddsen greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Jón Magnússon, Pjetur Jónsson og Sigurður Eggers voru fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 samhljóða atkvæðum.

Á 40. fundi í Nd., mánudagiðn 23. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 468).

Framsögum. (Þórarinn Benediktsson): Þrátt fyrir það, að við flutningsmenn erum ekki allskostar ánægðir með frumvarpið í þeirri mynd, er það fjekk við 2. umr., hefir okkur komið saman um, að mæla með því, að það verði samþykt og háttv. Ed. gefist kostur á að lagfæra það, sem athugavert er við það. Jeg lýsti göllum þeim, er að mínu áliti eru á frumv., við 2. umræðu, og skal ekki fara að endurtaka það.

Jeg skal — vegna þess, að okkur hefir komið saman um að mæla með að frv. verði samþykt — leyfa mjer, fyrir hönd meðflutningsmanns míns, að lýsa því yfir, að hin rökstudda dagskrá, er hann talaði um við 2. umr., kemur ekki fram.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 499).

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 9. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mælingu á túnum og matjurtagörðum,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 839).

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 839, n. 921).

Enginn tók til máls.

Frumvarpið samþykt með 15 samhlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 972).

---

28. Þjóðskjalasafn.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 6. ág., var útbýtt

Frumvarpi til laga um allsherjar þjóðskjalasafn í Reykjavík (A. 217).

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 9. ág., var frumv. tekið til 1. umr.

Forseti tók frumv. út af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. ágúst, var frumvarpið aftur tekið til 1. umr.

Flutnm. (Hannes Hafstein): Jeg skal fúslega játa, að það hefði átt betur við, að þetta frumv. hefði verið stjórnarfrv., að hlutaðeigandi sýslunarmaður hefði snúið sjer til stjórnarinnar með málaleitun sína, og stjórnin síðan til þingsins, ef hún hefði aðhylst hana. En að svo var ekki gjört, táknar engan veginn það, að núverandi stjórn sje á móti því, sem hjer er farið fram á.

Mjer skilst, að það hafi verið af atvikum einum, að forstöðumaður Landsskjalasafnsins, sem hjer er hlutaðeigandi, valdi þessa leið, að snúa sjer til þings og stjórnar í einu, með því að semja þetta frumvarp og biðja tvo þingmenn að flytja það fyrir sig á þinginu.

Það er í rauninni ekki mikið nýmæli, sem hjer er farið fram á. Aðalkjarni frumvarpsins er sá, að laun landsskjalavarðarins verði hækkuð, því að hitt tel jeg engan veginn mikilsverða breytingu,

að safninu verði gefið annað nafn um leið.

Það, sem mælir með því, að laun þessa sýslunarmanns verði hækkuð, er ekki eingöngu þær almennu ástæður, að allar lífsnauðsynjar eru nú komnar í miklu hærra verð en áður, heldur miklu fremur það, að starf þetta er nú alt annað en það var, er launin voru ákveðin. Það er orðið alt annað og miklu meira. Fyrir umönnun skjalavarðarins, sem nú er, hefir safnið vaxið meira en nokkrum gat til hugar komið í öndverðu.

Jeg skal ekki verða langorður um þetta mál. Það er öllum háttv. þingmönnum kunnugt, að safn þetta er tiltölulega ungt. Það var stofnað með auglýsingu landshöfðingja 1882, og var þá gripið tækifærið, er pláss losnaði í kirkjuturninum, þar sem þinghúsið, sem við nú sitjum í, hafði verið bygt svo stórt, að í það var hægt að setja landsbókasafnið og önnur söfn, sem í kirkjunni höfðu verið. Safnið var lagt undir landshöfðingjadæmið, og var svo fyrirskipað, að raða skjölunum í 7 flokka Var aðallega gjört ráð fyrir, að í safninu yrðu embættismannaskjöl, svo sem skjöl biskups, amtmanna, landfógeta og landshöfðingja.

Þannig stóðu sakirnar, þangað til núverandi skjalavörður kemur til sögunnar. Með sínum mikla og alkunna áhuga á því, að geyma alt það, sem við kemur sögu landsins, studdi hann að því, að reynt var að koma skipulagi á safnið og mynda úr því vísi til safns, sem að verulegum notum gæti komið. Þetta varð þess valdandi, að núverandi skjalavörður var skipaður, í stað landshöfðingjaritarans, sem áður hafði haft aðalumsjón með skjölunum.

Árið 1900 er svo gefin út ný reglugjörð fyrir safnið, og er þar gjört ráð fyrir, að það verði miklu viðtækara. Skjalaflokkarnir verða 16 í stað 7 áður. Jafnskjótt og þessi nýja reglugjörð var komin út, tók núverandi skjalavörður til óspiltra málanna, og kappkostaði með sínum alkunna dugnaði, að bæta úr þeirri óreglu, sem verið hafði á safninu, þar sem skjölin höfðu legið í hrúgum eftirlitslaust, sem ekki var tiltökumál, því að þeir menn, sem landshöfðingjadæmið hafði á að skipa, voru alt öðrum störfum kafnir, og höfðu heldur ekki sjerstaka köllun til að vera jafnframt skalaverðir.

Síðan þetta nýja fyrirkomulag komst á, hefir safnið fengið afarmikið af skjölum, og mikið verk verið lagt í það af hálfu núverandi landsskjalavarðar. Jeg veit til þess, að þó að upphaflega hafi verið til ætlast, að þetta væri hjáverk, ekki nema 1—2 klt. vinna á dag, þá hefir núverandi skjalavörður langtímunum saman unnið daglega 10—12 klt. að safninu. Þetta hefir hann gjört vegna þess, að honum var það hjartans mál, að koma safninu svo áfram, að það gæti orðið að verulegu gagni.

Árið 1911 er reglugjörðin frá 1900 orðin ófullnægjandi. Safnið hafði vaxið svo mikið. Var þá enn gefin út ný reglugjörð og fyrirskipaðir 20 skjalaflokkar, allir merkilegir fyrir sögu landsins. Eru allir þessir flokkar þegar komnir á laggirnar, þó að mikið sje enn þá óaðgreint.

Nú eru í skjalasafninu yfir 20 þús. bindi og bögglar, og eykst það mjög hraðfara ár frá ári. Eftir kúbikmáli er viðbótin meiri við skjalasafnið árlega heldur en við Landsbókasafnið. Þetta hefi jeg eftir skýrslu landsskjalavarðarins sjálfs, og hefi jeg ekki ástæðu til að halda, að hann fari hjer ekki rjett með, þó að jeg hafi ekki rannsakað þetta sjálfur.

Alt þetta mikla safn er, undir umsjón núverandi skjalavarðar, komið í

það ástand, að svo má segja, að það sje komið til afnota. Enn er þó feiknamikið óunnið að safninu á marga vegu. Aðalverkefnið hefir hingað til hlotið að vera það, að koma safninu á laggirnar, að búa það til úr engu, ef svo má segja. Nú er eftir að vinna úr því, og gjöra það aðgengilegra til afnota.

Í skjalasafninu eru auk embættaskjalanna mesti fjöldi af merkustu fornskjölum, þar á meðal um 600 skinnskjöl. Elsta fornritið er hinn gamli og merkilegi Reykholtsmáldagi frá því fyrir eða um 1200. Jeg get um þetta til þess að menn skuli ekki halda, að í safninu sje eingöngu embættisskjalarusl; þar eru jafnframt stórmerkileg heimildarrit, til þess að byggja á fyrir þá, sem halda vilja uppi sögu þessa lands.

Eins og jeg gat um, hefir verið unnið meira að safninu en til var ætlast upphaflega. Í síðustu reglugjörðinni er gjört ráð fyrir 2—3 stunda vinnu á dag. En eftir því, sem landsskjalavörðurinn hefir skýrt mjer frá, hefir það verið stöðug venja, að daglegi vinnutíminn hefir verið 6 stundir. Og langtímum saman hefir vinnutíminn verið lengri, 10—12 stundir, bæði fyrir landsskjalavörðinn sjálfan og aðstoðarmann hans.

Nú hefir landsskjalavörðurinn farið fram á, að laun hans verði hækkuð, svo að hann þurfi ekki að eyða kröftum sínum að alt öðrum störfum en þessu aðalstarfi hans. Maðurinn er dugnaðarmaður með afbrigðum, eins og öllum er kunnugt, og hefir líklega ritað meira en nokkur annar Íslendingur. En við því er ekki hægt að búast, að hann verði alt af sama vinnuvjelin. Árin færast yfir hann eins og aðra. Mætti þykja gott, ef hann gæti haldið áfram að vinna að þessu mikla safni. En til þess að hann geti lifað á því starfi einu, þarf að hækka laun hans.

Hann hefir farið fram á, að launin verði fyrst um sinn miðuð við laun landsbókavarðarins. En hann hefir 3000 kr. árleg laun. Jeg fyrir mitt leyti verð að segja, að þetta sje hóflega til tekið. Ef landsskjalaverðinum hefði verið launað líkt og landsbókaverðinum, sem þó er launað af skornum skamti, þá hefðu útgjöld landssjóðs til landsskjalavarðarins verið síðustu 8 árin 9900 kr. meiri en verið hefir.

Jafnframt því, sem farið er fram á, að bæta laun forstöðumanns safnsins, er farið fram á að breyta launum aðstoðarskjalavarðarins þannig, að þau verði hækkuð upp í 2000 kr. úr 1200 kr. Svo stendur á, að þessi maður hefir 2000 kr. í fjárlögum til annarra ritstarfa. Nú hefir hann tjáð sig samþykkan því, að svo framarlega, sem skjalavarðarlaun hans verði hækkuð, þá megi færa niður styrkinn til bókagjörðarinnar að sama skapi. Þetta þurfa því ekki að vera aukin útgjöld fyrir landssjóð. En hins vegar þykir manninum talsvert unnið við það, að föstu launin verði færð þetta upp, svo að það verði því minna, sem hann á undir högg að sækja hjá þinginu.

Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekara, en vona að deildin taki frumv. vel.

Jeg vil láta þess getið, að mjer virðist ástæða til að koma fram með lítils háttar brtt. við frumv. til 2. umr. Það er einungis við orðalagið. Það stendur hjer í frumv. »landsskjalavörður skal skipaður«. Jeg tel rjett að taka það fram, að hann skuli skipaður af stjórnarráðinu, eins og vitanlega er átt við. Jeg vona að háttv. meðflutningsm. að frumv. hafi ekki móti því, að gjörast meðflutningsm. að brtt. í þessa átt.

Jeg sje ekki ástæðu til að nefnd verði skipuð í þetta mál. Jeg hygg, að eng-

ar sjerstakar upplýsingar þurfi, til þess að gjöra sjer það ljóst, hvort ástæða sje til að bæta laun þessa starfsmanns landsins svo, að þau verði nokkurn veginn viðunanleg.

Guðmundur Eggerz: Það er ekki af meinbægni við Landsskjalasafnið, að jeg get ekki greitt atkvæði með þessu frumv. Eins og við vitum, hefir verið skipuð milliþinganefnd, til þess að athuga launakjör embættismanna og opinberra starfsmanna landsins. Það eru fleiri en jeg, sem hafa þá skoðun, að ekki sje rjett að stofna ný embætti eða breyta launum embættismanna fyrr en álit þeirrar nefndar er fram komið. Jeg veit, að menn munu segja, að hjer sje ekki um mikla upphæð að ræða, einar 4000 kr. *(Hannes Hafstein:* Ekki svo mikið). Það er heldur ekki aðalatriðið. Jeg sje ekki, að nein sjerstök ástæða sje til, að taka frekar launakjör starfsmanna Landsskjalasafnsins til athugunar heldur en launakjör starfsmanna hinna safnanna, bæði Landsbókasafnsins og Þjóðmenjasafnsins. Þeir hafa líka kvartað um að þeim sje illa launað. En hvað sem því líður, það eitt að launanefndin situr á rökstólum, nægir til þess, að jeg get ekki greitt þessu frv. atkvæði til 2. umræðu. *(Hannes Hafstein:* Það er nóg, ef þm. gjörir það við 2. umr.). Jeg skil, að háttv. flutningsm. óski þess, að jeg gjöri það. En jeg er ekki vanur að greiða atkvæði ofan í mig. Úr því að háttv. flutnm. skaut þessu að mjer, þá vil jeg skjóta öðru að honum. Jeg skil ekki hvernig í því liggur, að háttv. flutningsm. skyldi ekki koma með þetta mál, þegar hann var í ráðherrasessi, úr því að hann álítur það svo bráðnauðsynlegt. *(Hannes Hafstein:* Þá var ekki sótt um þetta). Annars þykir mjer það undarlegt, að á þessu þingi, þegar allir eru að tala um hversu nauðsynlegt sje að halda spart á fje landssjóðs, skuli hafa komið fram tillögur um stofnun svo margra nýrra embætta, sem raun er á orðin. Fyrst bankastjóraembætti með 6000 kr. launlaunum, þá ráðherraembætti með 8000 kr. launum, þá docensembætti með 2800 kr. launum, síðan prófessorsembætti í hagnýtri sálarfræði með 3000 kr. launum og loks docentsembætti í sömu grein með 2800 kr. launum. En yfirleitt virðast mjer undirtektir deildarinnar undir þessi mál hafa verið á þá leið, að flutningsmenn þessa frrumv. geti tæplega búist við því, að það sigli beggja skauta byr í gegnum deildina. Menn eru orðnir leiðir á slíkum frumvörpum. Jeg tel það óþarfa töf fyrir þingið, að setja þetta mál í nefnd. Rjettast að fella það frá 2. umræðu. En ef menn vilja endilega láta það ganga til 2. umr., þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að það verði fengið 5 manna nefnd til athugunar.

Bjarni Jónsson: Jeg skal ekki lengja mikið umræðuna með almennum athugasemdum. En samvisku minnar vegna ætla jeg að lýsa því hjer yfir, að það er ekki rjett að leggja mínar syndir á herðar flokksbræðra minna. Þetta tek jeg fram, vegna þess, að blað eitt hjer í bæ hefir hvað eftir annað talið mig foringja Sjálfstæðismanna. Vitanlega er þetta gjört til þess að vinna stefnu flokksins mein, með því að nefna heimskasta manninn foringja hans. Þetta er gamalt bragð, sem ýmsir líta svo á, að geti verið hættulegt. Þess vegna vildi jeg gefa þessa yfirlýsingu, bæði vegna sjálfs mín og flokksbræðra minna. Jeg ætla mjer einn að bera ábyrgð á þessari skoðun minni, og menn mega ekki telja hana til synda flokksins. *(Ráðherra:* Telur háttv. þm. þetta þá vera synd?). Jeg tala stundum frá annarra sjónarmiði, eins og fleiri; t. d. hefi jeg oft heyrt það,

þegar um frelsismál landsins hefir verið að ræða, að sumum háttv. þm. hefir hætt við að líta mest á þau frá dönsku sjónarmiði.

Viðvíkjandi þessari launahækkun, sem hjer er farið fram á, þá hefir háttv. meðflutningsmaður minn (H. H.) sýnt rækilega fram á ástæðurnar til þessa frv., og að það sje rangt að halla svo rjetti einnar stofnunar í samanburði við aðra, sem hjer hefir átt sjer stað. Þetta þarf jeg ekki að endurtaka. Tilgangur minn með því, að gjörast flutningsmaður að þessu frumv., var sá einn, að það væri rjett og sjálfsagt, og jeg veit að háttv. þm. trúa því, að pólitiskt fylgi eða vináttа við meðflutningsmann minn hefir ekki ráðið þar um

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) þótti það ægilegt, að flytja á þessu þingi frv. um aukna kenslukrafta við Háskólann, eða um það, að jafna ranglátan launamismun. En hvers vegna? Raunar heyrist alt af kveða hjer við »veraldarstríð og dýrtíð«, og að vísu er það satt, en dýrtíðin hvílir öll á þeim mönnum, sem ekki eru framleiðendur; hinir fá tvöfalt verð fyrir sínar afurðir. Þessir menn eiga eftir að sýna fram á það, að tekjur landssjóðs sjeu minni nú en endranær. Mjer er ekki kunnugt um það, því að lítilfjörlega upphæð í kolatolli og vitagjaldi get jeg ekki tekið til greina. Ástæður þessar hanga því alveg í lausu lofti. Jeg minnist þess, að hafa heyrt marga háttv. þm. halda því fram, að það væri ekki tími til að ráða málinu til lykta á þessu þingi og vilja vísa því til stjórnarinnar. Þetta þing virðist annars illa við komið að koma nokkrum málum frá. Það er líklega vegna stríðsins; menn hugsa svo mikið um varúðarráðstafanir, að menn geta ekki sett kraft á að koma þessum fáu málum, sem liggja fyrir þinginu, frá. Annars er þetta mál svo óflókið, að jeg vona, að það fái að ganga fram; að öðrum kosti neyðist jeg til þess að halda, að kjósendahræðsla ráði atkvæðum hv. þm., þar sem þetta er seinasta þing áður en gengið er til nýrra kosninga. En jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að jeg þekki svo vel mína kjósendur, að jeg er ekki hræddur við það þeirra vegna, að greiða atkvæði með skynsamlegum fjárveitingum. *(Guðm. Eggerz:* T. d. eins og að stækka Klepp). Já, þeir munu hafa sannfærst um það af ræðum háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að þar muni einu bóli of fátt. Jeg ætla ekki að láta neinn ótta ráða mínu atkvæði, og jeg ætla að gjörast svo ósvífinn, að fylgja þessu máli, þó að stjórn, sem jeg er á móti, sje því meðmælt.

En sje þetta kveisan, kjósendahræðslan, sem að hv. þm. (G.E.) gengur, þá ætla jeg að lýsa því yfir, að jeg tel það alveg rangt, að fella slíka dóma yfir íslenskum kjósendum og gjöra þeim þær getsakir, að þeir kunni ekki að meta það, að varið sje fje úr landssjóði til andlegra eða verklegra framfara í landinu. Kjósendur vita það, að þessi sjóður er þeirra sameiginleg eign og honum á að verja til þess, að hjálpa bæði til. hagfræðilegs og andlegs gróða, en milli þessa tvenns er ekki eins langt bil og margir halda.

Jeg vil svo enda ræðu mína með því að lýsa yfir því, að jeg tel þetta mál rjett og sjálfsagt og ástæðulaust að fresta því, að þessir menn fái að njóta jafnrjettis við aðra. *(Sigurður Eggerz:* Því kemur háttv. þm. ekki með samskonar frumv. viðvíkjandi Forngripasafninu?). Jeg vildi lofa háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) að sýna hversu mikill mentavinur hann væri og lofa honum að koma með það frumv. En skorist hann undan því, þá er jeg fús á að koma fram með það, þegar búið er að samþykkja þetta frumvarp.

Ráðherra: Jeg vil að eins mótmæla því, að nefndar þurfi í þetta mál. Það er svo einfalt, hvort menn eigi að vera með því eða móti, að nefndarskipun er ekki annað en óþarfa tímaeyðsla.

Sigurður Eggerz: Jeg vil mæla með því, að nefnd verði kosin í þetta mál. Jeg tel það alveg sjálfsagt, ef hækka á launakjör starfsmanna við þetta safn, þá beri líka að athuga kjör starfsmanna við önnur söfn landsins. Það hafa heyrst háar umkvartanir, bæði frá starfsmönnum Landsbókasafnsins um hve lág launin sjeu og eins hefir forngripavörðurinn farið þess á leit, að laun hans yrðu hækkuð. Það væri því bersýnilegt ranglæti, að hækka að eins kaup þessara starfsmanna, er frv. lýtur að, en taka ekkert tillit til umkvartana starfsmanna hinna safnanna.

Annars verð jeg að vera sammála háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E) um það, að það sje óhyggilegt að vera að gjöra nokkra breytingu í þessu efni nú, meðan launanefndin, sem á að rannsaka launakjör embættismanna, situr á rökstólum.

Hvað viðvíkur kjósendahræðslu þeirri, er háttv. þm. Dal. (B. J.) var að tala um, þá má auðvitað alt af koma með þess háttar grýlur, en jeg er óhræddur þótt háttv. þm. (B. J.) bregði mjer um slíkt. Annars er hann vanur því, að tala svo vel um kjósendur og þeirra vilja, að það situr illa á honum, að brígsla mjer með því, að jeg sje á sömu skoðun og kjósendur í þessu máli. Jeg vona það, að jeg sje bæði í þessu máli og ýmsum öðrum í samræmi við kjósendur þessa lands.

Guðmundur Eggerz: Jeg ætla ekki að fara að svara hnútum hv. þm. Dal. (B. J.) til flokks þess, er hann telst til. En þar sem hann var að tala um pólitiska dauðastund okkar alþingismanna, þá skildist mjer svo, að hann teldi, að það væri af hræðslu við kjósendur, ef einhver væri á móti þessu frumvarpi. Jeg veit ekki betur en að hann hafi sjálfur verið á móti stofnun sumra embætta, og býst ekki við, að hann þykist hafa verið það af hræðslu við kjósendur. En auðvitað slær háttv. þm. (B. J.) þessu fram núna, vegna þess, að hann er þessu frv., sem hjer liggur fyrir, fylgjandi. Annars er það allóviðfeldið, að heyra þetta alt af kveða við, að menn sjeu að halda kjósandaræðu, ef þeir eru á móti stofnun einhvers embættis. Heldur háttv. þm. Dal. (B. J.), að menn geti ekki haft þá sannfæringu, að sum embætti sjeu óþörf? Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en mun greiða atkvæði á móti frumv. Jeg neyðist til þess að halda það, að háttv. þm. sje alt af að tala um sálarfræði, til þess að koma því í þingtíðindin, að hann sje mentaður maður, en það þarf dálítið meira en orðin tóm, til þess að almenningur komist á þá skoðun. Yfirleitt efast jeg um að þessi skoðun komist inn hjá almenningi á háttv. þm., enda þótt hann riti og tali fyrir fólkið fram á síðustu dauðastund.

Ráðherra: Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) minntist á launakjör forngripavarðarins. Jeg skal kannast við það, að hann hefir lægri laun en ætlast er til með þessu frumv., að landsskjalavörður hafi. Auðvitað er það sjálfsagt, að þeir sjeu jafnhátt launaðir, ef þeir hafa jöfnum störfum að gegna. Enn fremur minntist sami háttv. þm. (S. E.) á Landsbókasafnið, en það átti ekki við í þessu sambandi, vegna þess, að landsbókavörður hefir jafnhá laun og ætlast er til að landskjalavörður hafi eftir þessu frumv. Um aðstoðarmenniua er

það að segja, að annar þeirra hefir 1800 kr., en hinn hefir á pappírnum að eins 1200 kr., en nýtur jafnframt eftirlauna úr landssjóði. Þessi samanburður háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) á því ekki við. Annað hvort eru orð hans töluð út í hött, eða stafa af athugaleysi eða hann veit ekki betur. Að hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) sje móti öllum launahækkunum er skiljanlegt. Því er svo varið um takmarkaða menn, sem nóg hafa sjálfir, að þeir fá ekki skilið að aðra vanti fje. Hann er í góðu embætti, með 6—9000 kr. tekjum, og fær því ekki skilið nauðsyn annara. Jeg er ekki að væna háttv. þm. um illvilja, býst við að þetta stafi að eins af takmörkuðum andlegum hæfilegleikum. *(Guðmundur Eggerz:* De mortius nihil nisi bene). Það er alt gott, sem jeg er að segja; jeg er að bera blak af háttv. þm. S.-Múl. (G. E.), þar sem jeg kenni þessu afstöðu hans ekki »subjectivum« illvilja, heldur »objectivum« skilningsskorti.

Sigurður Eggerz: Jeg held fast við það, að laun forngripavarðar sjeu alt of lág í samanburði við það, sem hjer er farið fram á. Og mjer er kunnugt um það, að hann hefir alt af nóg að gjöra, og er mjög samviskusamur maður. Og jeg býst við því, að væri hann sömu skoðunar í stjórnmálum og þeir menn, sem njóta eiga góðs af þessu frumv., þá myndi hann fá lofræðu úr ráðherrastólnum hjer á þingi. Jeg neita því heldur ekki, að laun starfsmanna Landsbókasafnsins eru nokkuð lág, 1. aðstoðarmaður hefir 1500 kr. og annar aðstoðarmaður 1200 kr. Enn fremur vinnur þar við safnið hæfur maður, Árni Pálsson, fyrir einar 1000 kr. á ári. Það álít jeg smánarkjör fyrir mann með hans hæfileikum. Og hefðu tilfinningarnar fyrir þeim, sem eiga við örðug kjör að búa, ráðið eins miklu hjá hæstv. ráðherra og hann ljet í veðri vaka, þá hefði hann átt að byrja á því að bæta kjör þessa manns. En jeg býst við, að annað hafi ráðið meira um hjá honum, og þess vegna hafi hann viljað byrja á hinum konungkjörna þingmanni, er hann treystir sjerstaklega vel.

Ummæli hæstv. ráðherra um háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) sýndu hve ráðherrahæfileikar hæstv. ráðherra eru takmarkaðir, eins og jeg hefi fyrr tekið fram. Það er hart að heyra, hvað eftir annað úr ráðherrastólnum orð, sem eru þannig vaxin, að það er ekki sæmilegt að hlýða á þau. Og það er leitt, hvað seint það sækist, að kenna hæstv. ráðherra að haga sjer eins og siðuðum manni sæmir.

Ráðherra: Háttv. þm. V.-Sk. (S. E) stóð upp til þess, að kenna mönnum »mores«. Hann er kann ske vel til þess fallinn, að minsta kosti vantar hann ekki *stillinguna*. Orð hans viðvíkjandi Landsbókasafninu sýndu, að hann hefir ekki heyrt orð mín. Jeg gat þess, að launakjörin væru sæmileg, eins og þau eru nú, meðan þessir menn eru við safnið, og nefndi tölur, sem ekki verða hraktar. Viðvíkjandi aðstoðarmanninum, sem hann var að tala um, þá er það að segja, að hann er ekki fastur maður við safnið.

Háttv. þm. (S. E.) talaði um hlutdrægni og pólitík. Jeg get vísað þessu frá mjer, vegna þess, að háttv. þm. Dal. (B. J.) er flutningsmaður frv., og vill háttv. þm. (S. E) víst ekki væna hann því, að hann sje það af pólitískum ástæðum.

Þar sem háttv. þm. (S. E.) gat þess í sambandi við þjóðmenjavörðinn, að sæmra væri að hlynna að honum, þá vil jeg spyrja hann um, hvort hann viti nema það verði gjört í sambandi

Þjóðskjalasafn.

við fjárlögin. Annarsstaðar verður því ekki við komið. Fyrst háttv. þm. (S. E.) á annað borð er að minnast á pólitik og segja, að jeg sje frumvarpinu hlyntur, vegna þess, að landsskjalavörður sje fylgismaður minn, þá get jeg eins snúið þessu við og sagt, að hann sje því mótfallinn vegna þess, að maðurinn sje andstæðingur hans. Hvorttveggja er jafn hugsunarrjett.

Þá var háttv. þm. (S. E.) að tala um hegðun »úr« ráðherrastóli. En mjer er spurn: Stendur maður, sem er nýkominn úr ráðherrastóli, fyrir utan það að þurfa að hegða sjer sæmilega. Hann ætti að vera svo vitur, að vera ekki að koma með aðrar eins ásakanir og þessar og kunna betur að stilla orðum sínum en hann gjörði síðast. En orð *hans* tek jeg mjer annars ekki nærri.

Bjarni Jónsson: Jeg vil að eins taka það fram út af ummælum háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að í mínum orðum fólust engin brigsl til Sjálfstæðismanna. Jeg talaði þau til allra þeirra manna, er kveða þá sömu vísu sem jeg gat um.

Út af ræðu háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) skal jeg geta þess, að jeg er þess albúinn að flytja með honum viðaukatill. við 2. umr. málsins, þar sem forngripavörður sje tekinn með í frv., ef það að eins er hægt formsins vegna.

Flutnm. (Hannes Hafstein): Út af orðum háttv. þm. Dal. (B. J.) skal jeg geta þess, að jeg lít svo á, að það eigi ekki við að taka breyting á launum forngripavarðar upp í þetta frv. Þetta frv. er sjerstætt, svo að slíkt ákvæði gæti ekki bætst við það, án þess að umsteypa öllu frumvarpinu.

Jeg er samdóma hæstv. ráðherra um það, að engin ástæða sje til þess að skipa nefnd í þetta mál. Það hlýtur öllum að vera ljóst, hvort þeir vilji, að þau störf, sem hjer er um að ræða, sje þannig launuð, að nauðsyn knýi starfsmenn til þess, að verja starfskröftum sínum til annara starfa, til þess að þeir geti lifað, eða fái þau laun fyrir störfin við safnið, að þeir geti nokkurn veginn lifað af þeim. Spurningin er ekki önnur.

Jeg er alveg ósamþykkur því, að rjett sje að bíða eftir tillögum launanefndar í þessu efni, í fyrsta lagi vegna þess, að þetta atriði snertir ekki það verkefni, sem henni er falið, og enn fremur, þótt svo væri, þá álít jeg ekki rjett að bíða með það, að gjöra jafn sjálfsagðar rjettlætisbætur meðan sú nefnd er að hugsa sig um, sem guð má vita hve lengi verður.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 16 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Einar Arnórsson,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Guðm. Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Guðm. Hannesson,	Matthías Ólafsson,
Hjörtur Snorrason,	Skúli Thoroddsen.
Jón Jónsson,	
Þjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Sigurðsson,	
Stef. Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Sveinn Björnsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Einn þm. fjarstaddur.

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Þjóðskjalasafn.

Hannes Hafstein,
Matthías Ólafsson,
Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,
Þór. Benediktsson.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 26. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 217, n. 510 og 547).

Framsm. meiri hl. (Matthías Ólafsson): Eins og sjest á nefndaráliti nu, hefir nefndin ekki getað orðið á einu máli um þetta frv. Meiri hl. vill, að landsskjalavörður fái nú þegar 3 þús. kr. í föst laun, en minni hlutinn hefir ekki viljað fallast á það, og hefir sjerstaklega fært til þess þá ástæðu, að nú sitji á rökstólum milliþinganefnd, sem eigi að gjöra till. um launakjör opinberra starfsmanna, og muni þá laun þessa manns einnig koma til greina. Minni hlutinn er á sama máli og við um það, að starf manns þess, sem hjer er um að ræða, hafi verið mikilsvert fyrir þjóðina og að nauðsyn sje á því, að hæfur maður setjist í stöðuna þegar hans missir við. En einmitt þess vegna er það nauðsynlegt, að einhver góður maður geti og vilji nú þegar fara að búa sig undir það, og undirbúningurinn þarf að vera talsverður. Jeg veit ekki til þess, að nú sje til neinn hjer á landi, sem fær væri um að gegna starfinu eins vel og þessi maður, og þess þyrfti þó við.

Í nál. er því lýst, hvert starf þessa manns er og hefir verið, og það er ekki lítið, fyrir alveg óviðunanlega litla þóknun. Hver maður veit það, að þótt maðurinn væri alveg skuldlaus í fyrstu, þá gæti hann þó ekki lifað á því einu saman, sem fyrir það er borgað, og mjög litlar aukatekjur fylgja því, en hins vegar tekur það upp nær því allan tíma mannsins. Auk þess er núverandi landsskjalavörður orðinn roskinn, og það er ósanngjarnt, að láta hann bíða svo og svo lengi eftir niðurstöðu launanefndar, til þess að fá sanngjarna kauphækkun. Það er jafnvel efasamt, að starf þetta komi nokkuð til greina í launanefndinni. Í nál. minni hlutans er því haldið fram, vegna þess, að hann sje starfsmaður landsins, en það er ekki víst, að nefndin fáist við nema svo kölluð föst embætti, eftirlaunaembætti, og þá kemur þessi sýslan þar ekki til álita. Og enda þótt hún kæmi það, þá situr sú nefnd að starfi sínu alt næsta ár og ef til vill lengur, og svo er ekki víst, að endilega verði undið strax að því, að koma í framkvæmd tillögum hennar. Þrátt fyrir alt starf launanefndarinnar gæti það dregist um tugi ára, að þessum manni yrði maklegur sómi sýndur, og meiri hlutinn vill ekki láta hann svelta á meðan. Þegar einhver maður hefir int þjóðþarft verk af hendi, þá er það skoðun *mín*, að hann eigi skilið laun fyrir það, og þegar sagt er, að hann sje ómissandi, þá er það hróplegt vanþakklæti, að sjá það ekki við hann, að hann hefir alitið sjer út til þess.

Jeg get því ekki annað en lagt það eindregið til, að háttv. deild fallist á tillögur meiri hlutans, og þarf ekki að segja öllu meira að sinni. Í nefndaráliti meiri hlutans, er skýrt frá miklu af starfi mannsins, og það er mikið, svo að jeg býst við, að allir verði að fallast á það með báðum hlutum nefndarinnar, að hann sje góðs verður. Ágreiningurinn er að eins um það, hvort nú eigi að gjöra starfann að fastri stöðu eða ekki, og rök meiri hlutans fyrir því eru þau, að gefa nýjum manni hvöt

til þess, að fara nú þegar að búa sig undir að taka við verkinu. Það vill minni hlutinn ekki, og er það skakt, og óhæfilegt að láta alt bíða þangað til þingið kann að fara að framkvæma væntanlegar tillögur launanefndar. Það er alveg óhætt að þetta nái samþykki þingsins nú þegar, og það vona jeg að verði.

Framsögum. minni hl. (Þórarinn Benediktsson): Jeg held að þetta mál græði ekkert á því, að menn fari að halda um það langar ræður, og það skal jeg ekki gjöra, því síður þar sem báðir nefndarhlutar eru að ýmsu á sama máli. Báðir líta sem sje svo á, að Þjóðskjalasafnið sje mjög merkilegt og dýrmætt safn og að áríðandi sje, að þar sje skipaður til safngæslu sem hæfastur maður, að vanda þurfi sem best val á slíkum manni. Enn fremur getur minni hluti nefndarinnar fallist á það, að núverandi landsskjalaverði sje það mest að þakka, hvern vöxt og viðgang safn þetta hefir fengið á síðustu árum, og að hann eigi skilið að honum sje sýnd viðurkenning fyrir vel unnið starf við safnið.

En eins og stendur í nefndaráliti minni hlutans, þá leggur sá hluti nefndarinnar aðaláhersluna á það, að ekki sje nauðsynlegt að breyta þessari stöðu í fast embætti með 1200 kr. launahækkun á ári nú þegar á þessu þingi. Eins og kunnugt er, situr að störfum milliþinganefnd, sem hefir það verkefni að gjöra tillögur um launakjör allra embættismanna og annarra opinberra starfsmanna.

Þar sem það var beinlínis tekið fram í þingsál.till., þegar nefndin var skipuð, að hún ætti jafnframt að athuga kjör allra starfsmanna landsins, þá hlýtur starf landsskjalavarðar einnig að verða tekið þar til greina, eins og alt annað, sem þar undir hverfur. Minni hlutinn gat því ekki sjeð, að það lægi svo mjög á að hrapa að því, að skapa þetta nýja embætti, meðfram af því, að fleiri hafa sams konar starfa við hin söfnin, og liggur ekki fyrir að breyta til um þá. Þess vegna er sjálfsagt að bíða og sjá hverjar tillögur milliþinganefndarinnar verða, áður en nokkru slíku er breytt.

Þá skal jeg minnast á eitt, sem hv. framsögum. meiri hlutans (M. Ó.) lagði mikla áherslu á, sem sje það, hve langt geti orðið þess að bíða, að tillögur þeirrar nefndar komist í framkvæmd. Jeg skal nú ekki fullyrða neitt um það, en eftir venjunni er ekki ástæða til, að búast við öðru en að þær komi í ljós þegar á næsta þingi, og það er ekki svo langur tími þangað til, að ekki megi vel bíða eftir því, að sjá hvað nefndin leggur til. Ef tillögur nefndarinnar þykja ekki þannig lagaðar, að hægt sje að taka þær til greina, þá er fyrst kominn tími til að finna annað betra.

Það er drepið á það í nefndaráliti minni hlutans, að til sje önnur leið til þess að sýna mönnum slíka viðurkenningu, sem hjer er um að ræða, og það er með því, að veita þeim persónulega launaviðbót í fjárlögum. Sú leið hefir oft verið farin. Jeg skal nú ekki segja, hvort minni hlutinn myndi fallast á það í þessu tilfelli, en jeg fyrir mitt leyti myndi ekki hafa á móti hóflegri fjárveitingu í því skyni.

Jeg skal svo ekki fjölyrða þetta frekar, heldur leyfa mjer að lesa upp svo hljóðandi rökstudda dagskrá, sem jeg mun afhenda hæstv. forseta með ósk um að hún verði borin undir atkvæði háttv. deildar að lokinni umr.:

> Vegna þess, að milliþinganefnd situr að störfum, sem hefir það verkefni, að athuga og koma fram

með tillögur um launakjör embættismanna og annarra starfsmanna landssjóðs, sjer deildin ekki ástæðu til að taka ákvörðun um frumvarpið á þgskj. 217, meðan till. nefndarinnar eru ekki komnar fram. Tekur hún því fyrir næsta mál á dagskrá.

Framsögum. meiri hl. (Matth. Ólafsson): Mjer þykir leitt að þurfa að tala oftar en einu sinni í jafn litlu og ljósu máli, en gjöri það þó, af því að háttv. framsögum. minni hl. (Þ. B.) tók ekki framar nokkurt tillit til þess í ræðu sinni, sem jeg hafði sagt, en hann hefði aldrei heyrt það.

Þó að *tillögur* milliþinganefndarinnar í launamálunum *komi fram* á næsta þingi, þá er þó engin vissa fengin fyrir því, að nokkrar af þeim *nái fram að ganga* á því þingi. Og þó að allir viti að það er sanngirniskrafa, að þessi maður, sem hjer er um að ræða, fái skárri laun, þá gæti það því, eins og jeg hefi marg tekið fram, dregist um áratugi, að hann fengi þau, og eins og jeg hefi áður tekið fram, þá er óforsvaranlegt að svelta hann þangað til.

Háttv. framsögum. minni hl. (Þ. B.) læst mundu vilja láta manninn fá persónulega launaviðbót, en háttv. minni hluti hefir engan lit sýnt á því í verki. Þetta eru bara tóm orð alt saman, og maðurinn lifir ekki á þeim. Ef þeir hefðu haft vilja á þessu, þá hefðu þeir átt að koma fram með tilllögu í þá átt, en meðan þeir gjöra það ekki, þá verð jeg að efast um, að þeim sje það svo mikil alvara, því að ef þingnefnd eða nefndarhluti ræður til þess, að hafa eitthvað öðruvísi en ætlað er, þá er að gjöra eitthvað til þess. Dagskráin, sem hjer var lesin, sje jeg ekki að sje annað en leið til þess, að gjöra ekkert í þessu máli, og þess hefði varla verið að vænta eftir orðum háttv. þm.

Jeg verð því fyrir hönd meiri hlutans að lýsa yfir því, að við munum greiða atkvæði á móti þessari dagskrártillögu, og það vona jeg að sem flestir háttv. þm. gjöri. Háttv. minni hl. hefir líka alveg gengið fram hjá einu þýðingarmiklu atriði, sem jeg nefndi, og meiri hlutinn byggir skoðun sína á, og það er, að einhver efnilegur maður, sem líklegur væri til þess, að taka við af núverandi skjalaverði, fengi að vita það, að hjer væri þó lífvænleg staða í vændum og tæki því þegar að búa sig undir hana.

Guðm. Hannesson: Jeg hefi ritað undir nál. með fyrirvara. Jeg er samdóma þeim mönnum, er álíta, að landsskjalaverði beri að sýna einhvern sóma, og að sanngjarnt sje, að veita honum persónulega launaviðbót. Þetta tel jeg í raun og veru nægilegt, ekki síst er milliþinganefnd starfar að því, að athuga alt launamálið. Jeg gjöri þó ráð fyrir, að alt komi í sama stað niður, því nefndin setur tæplega laun svo virðulegs embættismanns öllu lægri en 3000 kr. Má þá á sama standa, hvort frumvarpið er samþykt eða persónuleg launaviðbót.

Hannes Hafstein: Háttv. framsögum. minni hl. (Þ. B.) hefir játað, að starfið, sem hjer er um að ræða, hafi verið bæði mikið og gott. Bein afleiðing af þessu er það, að nú er safnið orðið svo mikið og gott, að það verður mikið starf framvegis að halda því í sama horfi og nú er. En ef starfið á að halda áfram að vera gott, þá þarf að hækka launin, því það er ómögulegt að ætlast til þess, að vel hæfir menn leggi fram alt starfsþrek sitt fyrir þau laun, sem nú eru veitt til þessa starfs.

Það er búið að vinna svo mikið og gott verk þarna, að það má ekki fara í kaldakol, fyrir sakir óhæfilegrar »sparsemi« af þingsins hálfu.

Bjarni Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra þá örstuttu athugasemd, að mjer finst óhugsandi, að nokkurri launanefnd geti til hugar komið, að það sje lífvænleg staða, sem launuð er með minna en 3000 krónum, eins og ástandið er nú í landinu. Í öllum löndum er veitt jafn mikið til þessarrar stöðu að minsta kosti og til bókavarðarins, og ef nokkuð væri, þá ætti að launa skjalavörðinn betur, vegna þess, að það starfið er vandameira. Jeg skil ekki í því, að mönnum sje ekki ljóst, að þau laun, sem frumvarpið fer fram á, eru þau allra lægstu, sem hægt er að bjóða slíkum manni og hann getur gjört sig ánægðan með. Þó hefi jeg og heyrt á sumum, að sökum þess, hve vel hann hefir leyst verkið af hendi, þá væri sanngjarnt að hækka laun hans persónulega. En dettur nokkrum lifandi manni í hug, að hægt sje að fá hæfan mann til þessa starfs fyrir minna fje. Jeg veit, að margir telja þakklátt að spara, en þetta er enginn sparnaður.

Þá er og um hinn manninn, Hannes Þorsteinsson, sem líka er þjóðkunnur vísindamaður í sinni grein, að ef frumvarpið nær fram að ganga og hann fær 2000 kr. fyrir starfa sinn, þá fylgir því, að styrkur hans til ritstarfa verður lækkaður að sama skapi, svo þetta er enginn sparnaður heldur að fella hann. Það er einungis miklu betra að hafa þetta sem föst laun en sem styrk. Betra að launin sjeu hærri en styrkurinn lægri, til þess að maðurinn sje ekki settur á gaddinn, þó að styrkurinn væri tekinn af honum. Jeg vona þess vegna, að menn sjái, að þetta er enginn sparnaður, hvorki í bráð nje lengd. Og dytti nokkrum manni í hug að spara við Hannes Þorsteinsson, þá skal jeg svara þar til, að það yrði meiri skaði fyrir þjóðina, að missa af því starfi hans en svari peningaverðinu.

Þá heyri jeg menn vera að tala um, að hjer sje verið að stofna nýtt embætti, en þetta er einber misskilningur. Þetta er að eins sýslan, er engan eftirlaunarjett hefir í för með sjer, og veitt er af ráðherra. Mjer er þess vegna óskiljanlegt, hvers vegna menn vilja ekki samþykkja frumvarpið, þar sem sýnt hefir verið fram á, að ekkert sparast við að fella það, og þar sem ekki þarf að forðast þetta hataða nafn: Embætti.

Framsm. minni hl. (Þórarinn Benediktsson): Jeg þarf ekki miklu til að svara, þar sem ekkert hefir komið fram í þessum umræðum frá háttv. meiri hluta fram yfir það, sem stendur í nefndaráliti hans. Háttv. framsögum. meiri hl. (M. Ó.) lagði áherslu á það, að engin vissa væri fyrir því, að tillögur millipinganefndar yrðu teknar til greina. Jeg skal nú ekkert um það fullyrða, en mjer finst, að vel megi bíða eftir tillögum hennar og velja svo úr þeim. Jeg get enga samkvæmni í því fundið, að skipa nefnd, sem kostar ærið fje, til þess að undirbúa mál undir þingið, og að þingið sjálft taki svo fram fyrir hendur nefndarinnar og fari að slá því föstu, sem nefndin átti að gjöra tillögur um, þinginu til leiðbeiningar. Jeg vil því leggja áherslu á, að enga nauðsyn beri til að flýta þessu svo mjög, að ekki megi vel bíða eftir tillögum nefndarinnar. Háttv. framsm. (M. Ó.) lagði áherslu á, að þetta þyldi enga bið. Fór hann hjartnæmum orðum um það, að ekki dygði að láta manninn svelta. Jeg veit ekki vel hverjar líkur eru til þess, að hann svelti þess vegna,

að laun hans sjeu svo lág, en ekki þykir mjer það líklegt, vegna þess, að mjer er kunnugt um það, að hann hefir haft á hendi mikil störf aukreitis og vel borgað. Hann hefir t. d. haft með höndum útgáfu Fornbrjefasafnsins og fengið styrk til þess, bæði frá okkur og danska ríkinu. Enn fremur útgáfu Alþingisbóka, Sögufjelagið og ef til vill fleira. Hann hlýtur því að hafa álitlegar tekjur, þegar alt er talið.

Háttv. framsögum. (M. Ó.) fjölyrti og mikið um, að ekkert lægi fyrir frá mjer í þessu máli, er sýndi, að þetta væri nema orðin tóm, að jeg viðurkendi, að landsskjalavörðurinn væri góðs verður fyrir vel unnið starf við safnið. Jeg vildi með því, er jeg sagði, viðurkenna, að hann ætti þóknun skilið fyrir vel unnið starf við Landsskjalasafnið, og þess vegna mundi jeg styðja það, að hann fái persónulega launaviðbót í fjárlögunum. Að jeg ekki kem með brtt. um þetta við 3. umr. þarf engan að undra, því jeg álít að það standi öðrum nær en mjer, en jeg myndi samt styðja hana þá, ef hún kæmi fram og væri hófleg.

Þá talaði og háttv. framsm. (M. Ó.) um, að nú þegar þyrfti einhver að fara að undirbúa sig, til þess að takast þetta starf á hendur síðar meir. Mig grunar nú satt að segja, að það myndu vera talsvert margir, sem ekki þyrftu neins sjerstaks undirbúnings með, t. d. Hannes Þorsteinsson o. fl. Jeg sje enga þörf á því, að fara nú að stofna þetta embætti, eða hækka laun landsskjalavarðarins, til þess að einhver gæti farið að undirbúa sig undir starfið, þar sem og líka eru engar líkur til þess, að svo bráðlega þurfi að fara að skifta um mann.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) kvað álit meiri og minni hluta nefndarinnar fara mjög saman í aðalatriðunum í þessu máli. Þessu neita jeg algjörlega, að því er snertir niðurstöður meiri og minni hlutans, og nægir mjer þar að skírskota til hvers nefndarálits fyrir sig. Sjest þar best, að okkur greinir á um það, sem er kjarni málsins.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) kvað ómögulegt að komast af með minni laun en 3000 kr., eins og nú standi. Jeg skal ekkert um það fullyrða, hvað honum finst í þessu efni, en hann ætti þó að vera sjálfum sjer svo samkvæmur, að hann vildi láta hækka kaup starfsmanna við önnur söfn á landinu. *(Bjarni Jónsson:* Við tökum þá forngripasafnsvörðinn fyrir næst). Já, jeg átti von á því, að þetta mál mundi ganga með dilk áður en langt líður. Jeg hefi nú ekki miklu fleira við að bæta, en skal þó taka það fram, út af því því er háttv. þm. Dal. (B. J.) fjölyrti svo um, að þetta væri ekki embætti, heldur að eins sýslan, að ef frumvarpið verður samþykt, þá fæ jeg ekki annað sjeð en að með þessu sje stofnað skjalavarðarembætti. Annars er mjer nákvæmlega sama, hvort þetta heitir embætti eða sýslan.

Skúli Thoroddsen: Án þess, að ætla mjer, að fjölyrða um málefni það, er hjer um ræðir, vil jeg taka það fram, að jeg mun, við atkvæðagreiðsluna, fylgja tillögum meiri hlutans.

Jeg verð að álíta það í alla staði **óeðlilegt**, að landsbókavörðurinn beri úr býtum 3000 kr. fyrir sitt starf, en dr. *Jón Þorkelsson* fái ekki nema 1800 krónur fyrir sína vinnu, þar sem hvortveggja staðan verður að teljast **álíka þýðingarmikil, og vegleg,** og *starfið mjög mjög svipað*, er hvor um sig á af hendi að inna.

Jeg get því mjög vel skilið það, að dr. *Jón Þorkelsson* finni sig **órjettlátlega** beittan, — telji sig **ójöfnuði** sæta, *og vilji því fá rjettingu máls síns*, eða hver myndi eigi slíkt kjósa, ef í hans sporum væri?

Að hann hefir getað unað við þetta til þessa, stafar að eins af því, að hann er **alkunnur** dugnaðarmaður, svo að hann — þrátt fyrir annríkið við Landsskjalasafnið — hefir getað gefið sig við öðrum störfum jafnhliða, og átt þess vegna við sæmileg kjör að búa.

Nú er hann á hinn bóginn farinn að komast á elliárin, og er því tæplega hægt að búast við því, að hann geti, sem hingað til, hlaðið að mun á sig af aukastörfum, sjer til lífsframfæris.

Öllum, er til þekkja, er og kunnugt um það, *hvílíkur* **verkmaður** *hann er*, enda myndi og vandfenginn maður í hans stað, ef hann fjelli frá.

Það er því **beinn gróði** fyrir landið, að haga launakjörum hans svo, að hann geti nú *hlíft sjer* við aukastörfunum úr þessu, — haga þeim svo, að hann geti nú helgað alla starfskrafta sína þessu eina starfi, sem hann hefir unnið að af svo miklu kappi, að hann má vel telja **2—3 manna maka**, enda landinu **sist** hagur, að **neyða** hann til þess — og það á gamals aldri — *að verða að tví — eða þrí — skifta kröftunum*, og eiga það þá óunnið eftir, Landsskjalasafninu, og landinu, **til ómetanlegs tjóns**, ef hann fjelli frá, *sem hann var manna færastur, að leysa fljótt, og vel, af hendi.*

Hannes Hafstein: Jeg skal leyfa mjer að gjöra örstutta athugasemd við þann misskilning, sem kom fram hjá háttv. framsögum. minni hlutans (Þ. B.), er hann hjelt, að hjer væri um það að ræða, að stofna nýtt *embætti*, og vildi ekki slíka óhæfu fremja. Hjer er að eins að ræða um hækkun á borgun fyrir *starf sýslunarmanns*, ekki einu sinni um hækkun *embættis*launa. Til *embættis* þarf konungsveitingu, og því fylgja eftirlaun. Sýslanir veitir ráðherra, og þeim fylgja engin eftirlaun.

Jeg vona, að háttv. framsögum. minni hlutans (Þ. B.) skiljist, að þessi mótbára hans er þar með burtu fallin, og að hann, sem sanngjarn maður, greiði atkvæði *með* frumvarpinu, úr því að það brýtur alls ekki í bág við þær meginreglur, er hann lagði áherslu á.

Framsögum. meiri hl. (Matth. Ólafsson): Jeg hefi litlu við að bæta. Jeg er algjörlega samþykkur ástæðum þeim, er háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hafði fram að færa. Maðurinn, sem hjer er um að ræða, er farinn að bila að heilsu, enda orðinn roskinn, og er þess vegna nauðsynlegt, að styrkurinn sje hækkaður við hann, svo að safnið geti notið krafta hans óskertra, það sem eftir er.

Jeg mótmæli því, er háttv. framsm. minni hlutans (Þ. B.) sagði, að til sjeu menn, sem sjeu færir um að takast þetta starf á hendur undirbúningslaust. Það er enginn slíkur maður til, þótt Hannes Þorsteinsson muni standa næst því, en þó mundi hann engu að síður þurfa undirbúnings við.

Jeg tel það ekki einungis rjett og sanngjarnt, heldur jafnframt hyggilegt, að gjöra þessa stöðu fasta, bæði til þess að umbuna þessum viðurkenda dugnaðarmanni, sem hjer á í hlut, fyrir mikið og vel unnið starf, og til þess að ljetta af honum striti nú, þegar hann er farinn að eldast og lýjast, og einnig til þess að tryggja það, að nýtur maður fáist til að taka við af honum, þegar hans missir við.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin (frá 1. þm. S.-M., Þ. B., sjá A. 575) feld með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Bened. Sveinsson,
Guðm. Eggerz,	Bjarni Jónsson,

já:	*nei:*
Hjörtur Snorrason,	Einar Arnórsson,
Sig. Eggerz,	Einar Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Stef. Stefánsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Þór. Benediktsson.	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matthías Ólafsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson,

Guðm. Hannesson, Pjetur Jónsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hl.

1. gr. samþ. með 13 : 7 atkv.

Brtt. 510,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. (svo breytt) samþ. með 13 samhlj. atkv.

Brtt. 510,3 ekki borin undir atkv.

3. gr. feld með 20 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Hannes Hafstein.	Guðm. Hannesson,
	Hjörtur Snorrason,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matthías Ólafsson,
	Sig. Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stef. Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Jóhann Eyjólfsson, Pjetur Jónsson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 510,4 samþ. án atkvgr.

Brtt. 510,1 (við fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frumvarpsins svo breytt samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,
Hannes Hafstein,	Sigurður Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson,	Stef. Stefánsson,
Jón Magnússon,	Þór. Benediktsson.
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Á 45. fundi í Nd. laugardaginn 28. ágúst, var frumv. með fyrirsögninni: *Frumv. til laga um Þjóðskjalasafn Íslands*, tekið til 3. umr. (A. 564).

Framsögum. meiri hl. (Matth. Ólafsson): Jeg hefi engu að bæta við það, sem fram kom við 2. umr. þessa máls, en vona að eins, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 16 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,

já:	*nei:*
Hannes Hafstein,	Sig. Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Stefán Stefánsson,
Jón Jónsson,	Þór. Benediktsson.
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matthías Ólafsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Pjetur Jónsson greiddi ekki atkvæði, og taldist með meiri hlutanum.

Einn þm. fjarstaddur.

Frv. afgreitt til Ed.

(A. 630).

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 11. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um Þjóðskjalasafn Íslands,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 936).

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. september var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 936, n. 952).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 16 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Guðm. Hannesson,	Sigurður Eggerz,
Hannes Hafstein,	Sig. Sigurðsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Stef. Stefánsson,
Jón Jónsson,	Þór. Benediktsson.
Jón Magnússon,	
Magn. Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Pjetur Jónsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Einn þingm. fjarstaddur.

Frumv. afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 973).

---

29. Siglufjarðarhöfn.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstún. (A. 164).

Á 25. fundi, fimtudaginn 5. ágúst, var frumv. tekið til 1. u m r.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Eins og háttv. deildarmenn mun reka minni til, var samþykt hjer á síðasta þingi eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju á Siglufjarðareyri. Nú er þessu máli svo langt komið, að dýptarmæling hefir verið framkvæmd af Benedikt Jónassyni verkfræðingi, og teikning og kostnaðaráætlun verið gjörð af landsverkfræðingi Krabbe. Þessi áætlun og teikning hefir legið hjer frammi, þingmönnum til athugunar, og hefi jeg leyft mjer að senda það hvorttveggja háttv. fjárlaganefnd. Siglfirðingum er það mikið áhugamál, að þetta fyrirtæki komist sem fyrst af stað. Eins og nú standa sakir, er öll strandlengja Siglufjarðareyrar fullskipuð húsum og bryggjum einstakra manna, svo að aðkomumenn verða að eiga það algjörlega undir góðvild þeirra manna, hvort þeir geta afgreitt skip sín eða

ekki. Þetta er því tilfinnanlegra, sem aðsókn aðkomandi sjómanna til Siglufjarðar eykst ár frá ári. Sjerstaklega eru það síldveiðamenn og vjelbátaútgjörðarmenn, sem sækja þangað á sumrum, bæði austan af Langanesi og alla leið vestan af Vestfjörðum. En þetta kemur af því, að Siglufjörður er betur settur, að því er veiðiskap snertir, en nokkur önnur höfn á Norðurlandi.

Í þessari áætlun, sem Krabbe verkfræðingur hefir gjört, er búist við að bryggjan muni kosta alt að 147 þús. kr. Við þetta er miðuð upphæð sú, sem nefnd er í frumv., að þurfi til verksins, sem sje alt að 150 þús. kr. Siglfirðingar óska að landssjóður leggi til $^1/_4$ af þessari upphæð, og að fyrir hinu verði veitt ábyrgð. Er þetta í samræmi við það, sem átti sjer stað um hafnargjörðina í Vestmannaeyjum.

Til skýringar þessu máli höfum við flutningsmenn frumv. látið prenta brjef Siglfirðinga til okkar, sem fylgiskjal aftan við frumv. Af því er sjáanlegt, að þó að ekki sje gjört ráð fyrir nema hinu frekasta lágmarki, sem eiginlega er hægt að setja um tekjur hafnarinnar, þá nema þær eigi að síður 13636 kr. og hreinar tekjur landssjóðs að minsta kosti 12 þús. kr.

Það er því ekkert undarlegt við það, þótt leitað sje til þingsins með þetta máli, þar sem bæði er fordæmið til frá Vestmannaeyjum, og svo þegar litið er til þess á hina hliðina, hver geisihagur hlýtur að verða af bryggjunni, bæði fyrir hafnarsjóð Siglfirðinga og landssjóð.

Jeg gat þess áðan, að strandlengjan á Siglufjarðareyri væri fullsett húsum og bryggjum einstakra manna, og því er tilætlunin, að þessi bryggja verði bygð ytst á Siglufjarðareyri, utar en allar aðrar bryggjur, og hlífi þannig ásamt með brimbrjótnum ekki einasta þeim bryggjum, sem nú eru þar, fyrir ísi og sjógangi, heldur verður brimbrjóturinn einnig vörður fyrir frekara landbroti, ásamt þeim varnargarði, sem nú verið að byggja.

Jeg skal þá ekki hafa fleiri orð um málið, enda býst jeg við, að þingmenn hafi greinilega kynt sjer brjef hafnarnefndarinnar til okkar flutningsmanna, sem gjörir málið svo ljóst, sem frekast má. Jeg vona, að háttv. deild taki því vel, og að það verði, að umræðunni lokinni, annað tveggja sett í sjerstaka nefnd, eða því vísað til sjávarútvegsnefndarinnar, sem jeg tel eðlilegast, og vil því gjöra það að tillögu minni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndarinnar með 16 shlj. atkv., en þá nefnd skipuðu þeir

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Guðmundur Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 164, n. 376).

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Jeg hefi litlu við það að bæta, sem stendur í nefndarálitinu. Eins og það ber með sjer, hefir nefndin ekki getað fallist á, að nú, þegar rjett engu er varið til að gjöra hafnir, sje lagt tiltölulega stórfje til hafnargjörðar á þessum stað, sem hvorki verður sagt um, að miði til þess, að auka framleiðslu,

nje að draga úr hættum. En til þess að hjálpa viðkomandi mönnum til að koma fyrirtækinu á fót, vill nefndin leggja til, að landsjóður ábyrgist, ekki að eins það, sem farið var fram á að hann ábyrgðist, heldur einnig þá upphæð sem farið var fram á að hann legði beinlínis til, með öðrum orðum, að landsjóður ábyrgist 150 þús. kr., sem áætlað er að fyrirtækið muni kosta. Það er talsverður munur á því, hvort landsjóður ábyrgist lán til góðs fyrirtækis, eða hann leggur beinlínis fram fje til þess.

Jeg get ekki fallist á, að það sje á rökum bygt, sem haldið er fram í athugasemdunum við þetta frv., að sjálfsögð gróðavon sje fyrir landsjóð af þessu fyrirtæki. Og meiri hluti nefndarinnar hefir líka skoðun á því og jeg. Í þessum athugasemdum er gengið út frá því, að tolltekjur landsjóðs aukist um 12 þús. kr. við það, að bryggjan verði bygð. Jeg get ekki sjeð, að þetta sje rjett. Jeg hygg, að ekki sje hægt að sanna, að fleiri skip sæki til Siglufjarðar, nema þau dragist þá frá öðrum stöðum á landinu. Og landsjóði má standa á sama hvort tolltekjurnar innheimtast á Siglufirði eða á Hjalteyri, eða jafnvel á Vestfjörðum. Væri það sannað, að þetta fyrirtæki gjörði það að verkum, að skip sæktu til Siglufjarðar, sem ella kæmu ekki til landsins, þá væri öðru máli að gegna. En svo er annað. Þó að eitthvað fleira af Norðmönnum kæmi hingað til síldveiða, væri það þá endilega hagur fyrir landið? Væri ekki betra að þeir kæmu alls ekki? Á þeirri skoðun er jeg að minsta kosti. Jeg álít, að ekki sje vert að greiða fyrir því, að fleira þyrpist hingað af útlendum vörgum, til þess að hremma björgina frá börnum landsins.

Annað mál er það, að þetta fyrirtæki mundi verða mjög arðberandi fyrir viðkomandi hjerað, og með það fyrir augum er rjett að landsjóður styrki það, til þess að koma því á fót.

Stefán Stefánsson: Jeg hefi ekki skrifað undir nefndarálitið af því, að jeg sje ánægður með þá niðurstöðu, sem nefndin hefir komist að. En þar sem jeg var einn míns liðs í nefndinni, þá sá jeg það með öllu tilgangslaust, að jeg færi að kljúfa hana, skrifa sjerstakt nefndarálit og lýsa þar skoðun minni á málinu. En þegar nefndin játar að þetta sje æskilegt fyrirtæki, þá sje jeg ekki, hvers vegna hún viðurkennir ekki, að hjer sje einnig líkt ástatt og í Vestmannaeyjum. Vel má það vera, að á Siglufirði stafi ekki eins mikil hætta af bryggjuleysinu, eins og hafnleysi í Vestmannaeyjum, en jeg hygg, að því verði ekki með rökum mótmælt, að landsjóður fái mjög miklar tekjur af þessu fyrirtæki, komist það á fót. En það er ekki einasta sá beini hagur, sem landsjóður mundi hafa af bryggjunni, heldur sú sjálfsagða nauðsyn, sem að þessu styður. Nú er svo ástatt á Siglufirði, að jafnvel strandferðaskipin og önnur skip með fastri áætlun geta ekki fengið sig afgreidd nema með miklum eftirgangsmunum, og stórum töfum, af því að þau eiga alveg undir högg að sækja, hvort þau geta fengið að nota bryggjurnar, sem allar eru einstakra manna eign, og margoft að alt pláss er þá upptekið, af þeirra eigin síldar- eða fiskiútveg.

Jeg á því erfitt með að skilja það, að nefndin skuli ekki að neinu leyti vilja styrkja þetta fyrirtæki með einhverju fjárframlagi úr landssjóði, þótt jeg að hinu leytinu, mundi hafa fallist á nokkru lægri fjárveitingu hlutfallslega en Vestmannaeyingum var veitt til sinnar hafnargjörðar.

En vegna þess, að afstaða til málsins var nú svona vaxin í nefndinni, þá sá

jeg þann kost vænstan, að fylgjast með og sætta mig að eins við ábyrgðina að þessu sinni. En jeg vona, að síðari þing líti þannig á þetta fyrirtæki, komist það annars í framkvæmd, að það verði aðnjótandi einhverrar viðurkenningar, og í því trausti hefi jeg skrifað undir nefndarálitið.

Þar sem háttv. framsm. (M. Ó.) sagði, að ekki mætti bera þetta fyrirtæki saman við Vestmanneyjahöfn, þá skal jeg kannast við það, að hættan sje ekki jafn mikil á Siglufirði og þar. En tekjurnar af þessari höfn verða óefað eins miklar eða meiri, vegna þess, að frá Siglufirði er enn meira flutt út af síld en af fiski, sem hátt útflutningsgjald hvílir á, en útflutningsgjald frá Vestmanneyjum verður sjálfsagt miklu minna, þar sem þar eru að eins stundaðar fiskveiðar, og tollurinn af útfluttum fiski er hverfandi í samanburði við síldartollinn. En þrátt fyrir það get jeg viðurkent, að Vestmannaeyjar eiga enn frekar kröfu til styrks, vegna þess, að þar er um höfn að ræða sem oft mundi leitað til, og það í neyð, þegar vart væri um aðra höfn að tala.

Háttv. framsögum. (M. Ó.) taldi það óheppilegt, að Norðmenn fiskuðu hjer við land, og virtist draga þá ályktun út úr því, að slíkt væri síður en svo til meðmæla styrkveitingunni. Þetta fæ jeg ekki skilið, ef menn annars treysta því, að strandgæslan sje í nokkru lagi, því Íslendingar fiska meginið af sinni síld í landhelgi, og fengju því sennilega ekki meiri afla, þótt útlendingar stunduðu hjer engar síldveiðar. Þar af leiðandi mega það því heita fundnir peningar, sem landsjóður fær í útflutningsgjald frá Norðmönnum. En, sem sagt, þá ætla jeg ekki að fjölyrða um þetta frekar. Jeg hefi sætt mig við tillögur nefndarinnar og vænti þess, að háttv. deild taki þeim vel.

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Mig furðar á því, að háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) skuli ekki taka því með þakklæti, að nefndin leggur það til, að landssjóður ábyrgist 150 þús. kr. lán til hafnargjörðarinnar á Siglufirði.

Háttv. þm. (St. St.) mintist á Vestmannaeyjar í þessu sambandi, en það tvent er ekki nefnandi í einu, vegna þess, að í Vestmannaeyjum er ákaflega mikil framleiðsla af Íslendingum einum, og auk þess er hættan þar mikil, sem ekki er á Siglufirði.

Út af vjefengingum hans á þeim orðum mínum, að við mundum betur settir, ef Norðmenn hættu veiðum hjer við land, þá skal jeg geta þessa í fyrsta lagi, að öll síld kemur utan af hafinu, þar sem þeir stunda veiðarnar, og í öðru lagi, þá spilla Norðmenn fyrir okkur á heimsmarkaðinum. Framleiðsla þeirra færir verðið svo afar mikið niður, og jeg býst við því, að verðmunurinn, sem yrði, ef við værum einir um hituna, mundi fullkomlega vega upp útflutningsgjaldið. Jeg er því sannfærður um það, að það er enginn búhnykkur fyrir okkur Íslendinga, að vera að greiða götu útlendinga, sem spilla fyrir okkur á heimsmarkaðinum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið, en vænti þess, að tillaga nefndarinnar verði samþykt. Lengra finst mjer ómögulegt að fara.

ATKVGR.:

Brtt. 376,1 (1. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 376,2 samþ. án atkvgr.

Brtt. 376,3 samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt og 3.—11. gr. óbreyttar samþ. með 16 shlj. atkv.

12.—19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkvæðum.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 450).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 484).

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 9. sept., var útbýtt

Frumvarpi til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 837).

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 837, n. 910).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþykt með 14 samhljóða atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 974).

---

30. Alþingiskosningar.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um kosningar til Alþingis,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 191).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Sveinn Björnsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að 7 manna nefnd sje kosin í málið.

Sigurður Sigurðsson: Jeg gjöri það að tillögu minni, að málinu sje vísað til þingskapanefndarinnar.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Felt að vísa málinu til þingskapanefndar með 15 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Kristjánss.,	Björn Hallsson,
Einar Arnórsson,	Eggert Pálsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson,	Einar Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Guðm. Eggerz,
Matth. Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Pjetur Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Guðm. Hannesson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Einn þingmaður var fjarstaddur.

Tillaga um að skipa 7 manna nefnd í málið var samþ. með 17 : 1 atkv., og voru kosnir með hlutfallskosningu þeir

Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,
Jón Magnússon,

Guðm. Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Guðm. Hannesson,
Þorleifur Jónsson.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 3. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 676 og 684, 685, 699, 722, 724).

Frsm. meiri hl. (Jón Magnússon): Frv. þetta er svo að segja hið sama, sem samþykt var hjer á þingi í fyrra. Nefndarálit meiri hlutans og minni hlutans sýna það, að nefndinni hefir ekki þótt ástæða til, að breyta frumvarpinu, nema í einu atriði. Og þetta eina atriði er í ákvæðunum um stundarsakir, kosningarnar að ári. Um það atriði get jeg látið mjer nægja að vísa til þess, sem sagt er í nefndaráliti meiri hlutans. Nefndin telur það mjög varhugavert að stilla svo til, að hinar hlutbundnu kosningar fari fram um miðjan vetur, í marsmánuði; þá er allra veðra er von, og getur þá vel farið svo í sumum hjeruðum, að alls ekki sje ferðafært kosningardaginn.

Um tillögu minni hlutans vil jeg taka þetta fram. Sú skoðun kom fram hjá ýmsum nefndarmönnum, að í rauninni mundi heppilegast að láta bæði hinar hlutbundnu og hinar óhlutbundnu kosningar fara fram sama dag, bæði vegna þess, að með því móti sparaðist kjósendum tími og fje, og svo væri hætt við, að landskjörið yrði verr sótt, er um svo fáa menn væri að ræða, er kjósa ætti, og að sumu leyti má ske nokkuð ókunna kjósendum. Meiri hluti nefndarinnar hefir samt ekki getað fallist á þessa skoðun. Hann telur það brjóta í bág við stjórnskipunarlögin frá 19. júní 1915. Hann telur og rjett að þeir, sem í boði eru við landskosningarnar, eigi kost á að bjóða sig fram í kjördæmum, ef þeir ná ekki kosningu við landskjörið.

Jeg get ekki sjeð, að brtt. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sjeu til bóta. Jeg hygg ekki, að það sje heppilegra að hafa kosninguna 12. júní en fyrst í júlí, sjerstaklega ekki fyrir sjómenn. Ef kosið væri 12. júní, þá væri framboð þingmannaefna má ske varla komin fram, þá er sjómenn kæmu inn um lok. En væri kosningin fyrst í júlí, þá væri kunnugt um alla frambjóðendur, þá er sjómenn væru inni um Jónsmessuleytið.

Meiri hluti nefndarinnar leggur þó ekki beint áherslu á það, að þessir kjördagar verði ákveðnir, sem hún hefir stungið upp á. Hún gæti vel felt sig við það, að landskosningarnar yrðu fluttar til loka júlímánaðar eða snemma í ágústmánuð, og kosningarnar í kjördæmum svo til 1. vetrardags. Líklega er 18. september ekki heppilega valinn dagur fyrir hinar óhlutbundnu kosningar. Mjer er sagt, að það sje rjettadagur í Þingeyjarsýslu. Þessu atriði þyrfti því að breyta.

Hitt leggur nefndin áherslu á, að kosningarnar verði ekki settar um hávetur og mönnum þar með má ske gjört ómögulegt að sækja kjörfund.

Sigurður Sigurðsson: Eins og háttv. þingmenn hafa sjeð, hefi jeg komið fram með brtt. við frv. á þgskj. 722 og 724.

Brtt. á þgskj. 722 fer fram á það, að kosning hinna landskjörnu alþingismanna fari fram sama dag og hinar almennu kosningar. Jeg hefi sett kjördaginn 12. júní, en legg þó ekki áherslu á þann dag; mjer er sama hvort það er 12. júní, 12. júlí eða 3. júlí 1916. Jeg er fús til samkomulags um að breyta deginum. Hitt er mjer áhugamál, að báðar kosningarnar fari fram sama dag.

Jeg hefi flutt þessa tillögu fyrir þá

sök, að jeg tel hana miða í sparnaðaráttina, sem sje að nota ekki nema einn dag til kosninganna í stað tveggja. Og verður það alls ekki lítið, sem sparast með því, sje alt tekið með í reikninginn.

Mjer skildist það vera aðallega tvent, sem háttv. framsm. meiri hlutans (J. M.) hafði á móti því, að kosning landskjörinna þingmanna og almennu kosningarnar færu fram á sama tíma. Fyrst það, að slíkt mundi brjóta í bág við bráðabirgða ákvæði stjórnskipulaganna, og í öðru lagi að ef kosningarnar færu fram á sama tíma, þá gætu ekki þeir, sem í kjöri væru við landskosningarnar, gefið kost á sjer í kjördæmunum, ef þeir fjellu við landskjörið.

Jeg get ekki sjeð að það komi að nokkru leyti í bága við stjórnarskrána, þó kosið sje sama daginn, og hitt atriðið virðist mjer horfa svo við, að sá sem staðið hefir á lista við landskosningar og fallið, að hann þá eigi enga lagalega eða siðferðislega kröfu til að fá að bjóða sig fram í einstökum kjördæmum. Þeir sem falla, geta þá ekki boðið sig fram við kjördæmakosningar, og er það í mínum augum kostur, og þetta mælir einmitt með, að láta báðar kosningannar fara fram á sama degi, auk þess sem við það sparast mikið ómak og fje.

Um hina brtt. mína á þgskj. 724 skal jeg geta þess, að hún miðar að því sama og hin, að kosningar landskjörinna og kjördæmakosinna þingmanna fari fram á sama degi framvegis, sem sje hinn lögákveðna kjördag, 1. vetrardag. En við þetta er þó að athuga, að þingrof ruglar kjörtíma þjóðkjörinna þingmanna, svo mjer er þessi tillaga ekki eins föst í hendi og hin.

Áður en jeg sest niður vildi jeg víkja fáeinum orðum að brtt. minni hlutans á þgskj. 685. Jeg er þakklátur háttv. minni hl., að því leyti sem hann er sammála mjer um, að báðar kosningarnar verði látnar fara fram sama dag, eins og brtt. hans og miða til. En jeg er honum ósamþykkur um, að heppilegt sje, að breyta hinum lögboðna kjördegi, sem nú er 1. vetrardagur. Þegar kosningalögin voru áður til meðferðar hjer í deildinni, var einmitt mikill ágreiningur um, hvaða dagur skyldi vera kjördagur. Eftir mikla umhugsun og bollaleggingar, komust menn að þeirri niðurstöðu, að 1. vetrardagur mundi þægilegastur kjördagur öllum almenningi. Jeg held að 1. júlí sje ekki hentugur kjördagur. Þá er mikill anna tími hjá öllum þorra manna, svo að þeir munu eiga bágt með að hverfa frá störfum sínum til að sækja kjörfund.

Jeg verð að mæla á móti því, að farið sje nú að breyta kjördeginum. Hins vegar vænti jeg að tillaga mín um kosningarnar 1916 nái fram að ganga. Fari báðar kosningarnar fram sama daginn, dreifist ekki áhugi manna í þessu efni, svo sem verða mundi, ef landskosning færi fram á öðrum tíma.

Bjarni Jónsson: Jeg stend að eins upp til að lýsa yfir því, að jeg tel meiri hluta nefndarinnar hafa rjett fyrir sjer um það, að stjórnarskipunarlögin segi til um það, hve nær kosning landskjörnu þingmannanna eigi að fara fram, sem sje á undan kosningu þjóðkjörinna þm.

Jeg felst og fyllilega á það með nefndinni, að það sje alveg ótækt að hafa kosningu þeirra þingmanna, sem kjósa á hlutbundnum kosningum, í marsmánuði, vegna þess, að þá mundu bændur engu fá ráðið um kosninguna, heldur bæja- og kaupstaðabúar. Því að þó allir sem í kaupstöðum búa, geti sótt kjörfund, þá geta verið svo ill veður í sveitum, að menn komist ekki frá heimilum sínum. Allir vita að í marsmánuði geisa hjer oft stór veður, og það tilvilj-

un, að sú eina kosning, sem höfð hefir verið í marsmánuði, heppnaðist vel, enda skall hurð nærri hælum, því um kvöldið var komið kafald.

Um það, hver tími sje heppilegastur til að hafa kosningar á, skal jeg fyrir mitt leyti benda á, að 3. júlí mun vera vel til þess fallinn fyrir margra hluta sakir. Túnasláttur er þá ekki byrjaður, og þurfa menn þá ekki að tefja sig frá honum; auk þess geta veður aldrei hamlað ferðum manna þá. Hitt, að hafa kjördaginn seint í september, gæti komið sjer illa, vegna þess, hve það er nálægt göngunum, en 10. sept., mundi vera góður, eða öllu heldur 9. sept. sem er laugardagur. Þá er slætti að mestu lokið og kjósendur heima, svo þeir geta sótt kjörfund, allir nema sjómenn, en þeir geta kosið þar, sem þeir eru staddir. Það mætti samþykkja brtt. háttv. meiri hl. nú, og breyta svo deginum við 3. umræðu.

Þá vildi jeg minnast örfáum orðum á till. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), um að láta hlutbundnu kosningarnar og almennu kosningarnar fara fram sama daginn. Færði hann þá ástæðu til þess, að láta þær vera sama dag, að kjósendur mættu ekki eyða tveimur dögum til þeirra. Jeg hefi áður sagt, að slík tilhögun mundi fara í bág við stjórnarskrána, en auk þess er margt annað, sem mælir á móti því, að þær fari fram sama daginn. Við þekkjum allir þá ágætu stofnun, sem nefnist flokkaskiftingin í landinu. Flokkarnir hafa misjafnlega góðum mönnum á að skipa, en vanalega mundu þeir velja menn af betri endanum í landskjörið. Það væri þá ilt fyrir flokkana, að geta ekki komið þeim þingmannsefnum, sem út undan verða við landskjörið, að í kjördæmunum. Þetta gæti orðið til þess, að mörg bestu þingmannsefnin, og reyndir og góðir þingmenn, yrðu útilokaðir frá að eiga sæti á þingi. Teldi jeg þá illa farið. Vil jeg því hvetja menn til að fylgja háttv. meiri hluta nefndarinnar að málum.

Framsögum. minni hlutans (Guðm. Hannesson): Jeg get verið fáorður, því að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir sagt flest af því, sem jeg ætlaði að nefna.

Það, sem fyrir mjer er aðalatriðið, er, að kosningarnar fari báðar fram sama daginn. Jeg hefi bent á það í nefndarálitinu, að það væri hæpið, að sveitabændur sæktu kjörfund, ef kosningar landsþingmannanna færi fram á öðrum tíma en hjeraðskosningarnar. Mundi það þá leiða til þess, að landskjörið lenti að mestu leyti í höndum bæjarbúa.

Jeg heyri menn ekki halda því fast fram, að þetta komi í bág við ákvæði hinnar nýju stjórnarskrár. Mjer virðist í þessu efni ekki vera hægt að fara eftir öðru en orðum hennar, og þau koma, eftir íslensku máli, á engan hátt í bág við þetta fyrirkomulag, sem minni hlutinn heldur fram. Mjer virðist til nokkuð mikils ætlast, að taka svo mikið tillit til pólitísku flokkanna í landinu, að vinna það fyrir 3 menn, að ómaka alla þjóðina til kosninga, og það að óþörfu. Það er ofmikið í sölurnar lagt, enda ekki víst, að það komi að tilætluðum notum, því ósjaldan mundi það fara svo, að þeir, er fallið hefðu við landskjör, mundu líka falla í hjeraði; — menn vilja ógjarna láta nota sig fyrir varaskeifu. Það er heldur ekki lítils virði, að kosningar fari fremur sjaldan fram, því að þær kosta ekki lítla tímatöf fyrir marga, og allur sá undirróður, sem þeim fylgir, hefir lítið gott í för með sjer.

Hvaða dag kosningarnar fara fram, er mjer ekki kappsmál. Jeg tók til 1.

júlí, en að öðru leyti legg jeg ekki mikla áherslu á það.

Ráðherra: Það eru að eins örfá orð viðvíkjandi brtt. um ákvæðið um stundarsakir. Meiri hluti nefndarinnar vill hafa því breytt á þann veg, að landskjörið fari fram fyrst í júlí, en kosning í einstökum kjördæmum 18. sept. Verði þessi breytingartillaga háttv. meiri hl. samþykt, þá útilokar hún næstum það, að hægt verði að halda aukaþing í sumar. *(Bjarni Jónsson:* Þingið er ákvæðisfært, þótt sex menn vanti). Já! að vísu, en það er vafasamt, hvort svo væri í þessu tilfelli, vegna þess, að það vantaði alveg annað »elementið« í þingið.

Þá mundi og undirbúningstími undir hinar almennu kosningar 18. september verða alt of naumur, ef aukaþing yrði haldið að sumri. Og auk þessa er sá tími mjög óhentugur fyrir kjósendur, því að jeg man ekki betur en þá standi yfir göngur um alt land. Jeg teldi því mjög æskilegt, að þessu yrði breytt, kosningadagurinn ákveðinn nokkru síðar.

Sigurður Eggerz: Jeg kannast við það, að hæstv. ráðherra (E. A.) hefir nokkuð til síns máls um það, að því lengur sem landskjörið er dregið, því lengri dráttur verður á því, að hægt sje, ef á lægi, að ná saman fullskipuðu aukaþingi, því vitanlega eru þeir konungkjörnu úr sögunni, jafnskjótt og stjórnarskráin er komin í gildi. En það munar að eins 3—4 mánuðum, hvort landskjörið fer fram í mars eða í júnímánuði, en hins vegar mundu örfáir til sveitanna sækja landskjör í marsmánuði, því þá getur verið allra veðra von. Jeg hallast því fyrir mitt leyti að brtt. nefndarinnar, um að landskjörið fari fram í júnímánuði, eða ef til vill seinna, ef því er að skifta. En sýnt er, að jafnskjótt og þeir landskjörnu eru kosnir, þá má kalla þingið saman, enda þótt kosningarnar almennu hafi ekki farið fram, því þingmenn með núgildandi umboðum gætu mætt á því þingi, ef mjög brýn nauðsyn yrði á að kalla það saman.

Annars stóð jeg aðallega upp til að mótmæla því, að landskjörið og almennar kosningar færu fram samtímis. Og þetta er ekki eingöngu vegna hinna pólitisku flokka, heldur vegna landsmanna allra. Það er þeim best, að hafa sem bestum mönnum á að skipa við landskjörið. En fari þessar kosningar fram samtímis, þá getur vel hugsast, að flokkarnir vilji ekki hætta sínum bestu mönnum við landskjör af ótta fyrir því, að þeir falli og komist ekki á þing. Aftur á móti geta þessir menn verið vissir í ákveðnu kjördæmi. Þetta gæti því leitt til þess, að við landskjörið væru boðnir fram þeir menn, er síður væru til þess fallnir. Og það verð jeg að telja illa farið. Auk þess er það sýnilegt, að það er tilætlun stjórnarskrárinnar, að kosningar fari ekki fram samtímis, enda væri það, eins og sýnt hefir verið fram á, afaróheppilegt.

Framsögum. meiri hl. (Jón Magnússon): Jeg skal játa, að það er rjett hjá hæstv. ráðherra, að örðugleikar geta orðið á því, að kalla saman aukaþing um tíma að sumri, ef tillögur meiri hluta nefndarinnar eru samþyktar. En það hlýtur alt af að verða svo, svo framarlega sem landskosningar og kjör í einstökum kjördæmum fara ekki fram sama dag, en það verð jeg að álíta, að sje óheimilt samkvæmt hinni nýju stjórnarskrá. Hún gjörir ráð fyrir millibili milli kosninganna, og það má varla vera styttra en 2—3 mánuðir. Jeg fæ ekki heldur sjeð, að ástæða sje til þess að halda, að fremur verði nauð-

syn á að kalla saman aukaþing að sumri en á öðrum tíma árs. Það mætti líka haga því svo, að stjórnarskráin gengi ekki í gildi fyr en seinast í júní næsta ár. Þá yrði það ekki langur tími, sem ekki væri hægt að kalla þingið saman, því að þegar landskjörið væri um garð gengið, mætti kalla þá sex landskjörnu þingmenn og 34 gömlu þjóðkjörnu þingmennina saman. Það má má ske segja, að það væri óviðkunnanlegt, að láta þessa gömlu þingmenn sitja á þingi, eftir að hin nýja stjórnarskrárbreyting væri gengin í gildi, en jeg verð að telja það fullkomlega löglegt. Þingið yrði auðvitað ekki hægt að halda fyr en í ágústmánuði, með því að ekki yrði kunnugt um landskjörið fyrr en seint í júlí. En jeg býst ekki við, að það þyrfti að sitja lengur en hálfan mánuð, og yrði þá nógur tími fyrir þingmenn, sem bjóða vildu sig fram aftur, til að ferðast um viðkomandi kjördæmi og halda fundi. Allur annar undirbúningur undir kosningarnar gæti auðvitað farið fram meðan þingið sæti. Jeg held þess vegna, að þetta hafi verið óþarfa grýla hjá hæstv. ráðherra.

Viðvíkjandi kjördegi kjördæmakosninganna, 18. sept., þá býst jeg við, að nefndin breyti honum til 3. umr. í 11. sept., ef menn að öðru leyti fallast á skoðanir hennar. Það væri auðvitað hentugra fyrir marga sjómenn, að sá kjördagur væri 1. vetrardag, en úr því vandkvæði er nú bætt mikið með lögunum um það, að þeir geti kosið, hvar sem þeir eru staddir. En 11. sept. er með það fyrir augum ekki óhentugur tími, því að fiskiskútur t. d. koma flestar inn seinast í ágústmánuði. Fyrir botnvörpunga er lítt mögulegt að segja, hvaða dagur sje hentugastur, þar sem þeir eru alt árið til fiskjar. Það væri kann ske helst síðast í septembermánuði. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar; jeg vil að eins leggja áherslu á það, að mjer virðist það svo ljóst, að ekki verði um það deilt, að það er ótvírætt brot á ákvæði stjórnarskrárinnar, ef landskosning og kjördæmakosningar eru látnar fara fram samtímis.

Sveinn Björnsson: Við erum nú að stranda á fyrsta skerinu, sem landskosningarnar hafa sett á leið okkar. En við því verður ekki gjört, og auðvitað sjálfsagt að reyna að gjöra hið besta úr öllu. Jeg skal geta þess, að jeg felli mig betur við tillögur minni hlutans í þessu máli.

Háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) áleit það stjórnarskrárbrot, að láta landskosningar og kjördæmakosningar fara fram samdægurs. Jeg held, að það sje nokkuð hart til orða tekið, og skal jeg í því efni vísa til orða sjálfrar stjórnarskrárinnar, er lúta hjer að. Þar stendur:

> »Almennar óhlutbundnar kosningar skulu fara fram sem fyrst eftir hlutfallskosningnr, og ekki síðar en innan ársfjórðungs«.

Jeg skal játa, að orðalagið bendir til þess, að eitthvert millibil sje milli kosninga, en það er ekki tekið jafn skýrt fram eða berlega bent á millibil eins og í öðrum tilfellum, t. d. eins og þegar maður fellur, að ótvírætt sje hægt, að draga þá ályktun, að millibil skuli vera. Og þar sem orðalagið heimilar, að kosningarnar fari fram stuttu á eftir landskosningum, þá má vel hugsa sjer það og haga því þannig, að kjördæmakosningar fari fram sama dag að loknum hlutfallskosningum.

Jeg hefi heyrt það flutt sem aðalástæðu fyrir því, að hafa millibil á milli kosninga, að maður, er fallið hefði við landskjör, gæti boðið sig fram í ein-

hverju kjördæmi. Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) lagði afarmikla áherslu á þetta. Hann hjelt að samþykt brtt. minni hl. geti leitt til þess, að ljelegir menn yrðu hafðir í boði við landskosningar. Fyrst er nú þess að geta, að flokkaskiftingin hjer á landi er svo öflug, að hver flokkur er nokkurn veginn viss með að koma einhverjum frambjóðenda sinna að. Menn verða að eiga það við sjálfa sig, hvort þeir vilja eiga það á hættu að falla. En svo er þess að gæta, að þingmenn eru ekki nema 40 alls, svo að ólíklegt er, að hjer á landi sjeu svo fáir hæfir menn, að ókleift væri að fá sætin samt vel skipuð. Jeg verð því að líta svo á, að þetta atriði megi ekki vega meira en hin miklu vandkvæði, er millibil milli kosninga hefir í för með sjer.

Jeg mun því greiða brtt. minni hl. atkvæði í von um það, að frumv. verði við næstu umr. breytt eins og þörf er á.

Bjarni Jónsson: Orðalag ákvæðis stjórnarskrárinnar heimilar það ekki, að lands- og kjördæmakosningar fari fram samdægurs. Það verður ekki skilið svo, þar sem stjórnarskráin tiltekur hið lengsta millibil, sem megi vera, ársfjórðung. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en að löggjöfin ætlist til þess, að millibil sje, og það sje hjer um bil 2—3 mánuðir. Og allir þeir, er sátu það þing, er stjórnarskrána samþykti, vita þetta, og gjörðu það einmitt í þeim tilgangi, að þeir menn, er fallið hefðu við landskjör, gætu boðið sig fram í hjeruðum.

Jeg hefi aldrei sagt, að ókleift mundi að fá góða menn til framboðs, ef brtt. minni hlutans yrði samþykt. Jeg sagði, að enginn flokkur hefði óendanlega mörgum mönnum á að skipa, og enginn hefði ofmarga góða menn. En það gæti orðið vafasamt, að flokkarnir vildu tefla sínum bestu mönnum fram við landskjör, ef þeir gætu ekki fengið þá boðna fram í hjeruðum, ef illa færi við landskjörið. Og það er ekki að eins í þágu flokkanna, að bestu mennirnir komist á þing, heldur er það í þágu alls landsins.

Þá hafa menn talað um sparnaðinn, sem yrði ef brtt. minni hlutans yrði samþykt. En hann yrði harla lítill, því að kosningarnar mundu ekki falla saman — nema þá einungis núna fyrst, — þar sem þingrof nær ekki til hinna landskjörnu.

Jeg hygg, að það sje óþarft að ræða þetta frekar. Þurfi að kalla saman þing, þá má gjöra það, þótt 6 þingmenn vanti; það er ályktunarfært fyrir því. Og jeg býst ekki við, að stjórnin myndi hika við það, ef landsþörf krefðist þess.

Um kosningadaginn 18. september skal jeg geta þess, að jeg álít rjettast, að samþykkja hann núna, en koma svo með brtt. við þriðju umr., og er þá tími til að metast um, hvorn daginn menn telja heppilegri.

Sigurður Sigurðsson: Það er að eins stutt athugasemd.

Jeg skal ekki blanda mjer inn í það, hvort það komi í bága við ákvæðin um stundarsakir aftan við stjórnarskrána, að báðar kosningarnar, þær hlutbundnu og kjördæmakosningarnar, fari fram sama dag. Jeg heyri, að lögfræðingana greinir á um þetta, en það er nú raunar ekki nýtt, að þá greini á um lagaskýringar. En fyrst lögfræðingana greinir á, þá eru lítil líkindi til þess, að hinir verði á eitt sáttir. Jeg fyrir mitt leyti er samþykkur hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) um, að þessi tillaga fari ekki í bág við áðurgreind ákvæði um stundarsakir.

En úr því að jeg stóð upp á annað borð, þá vil jeg benda nefndinni á það, að fleiri tímar geta verið hentugri til

kosninga en 3. júlí og fyrri hluti septembermánaðar. Það mætti hugsa sjer landskjörið fara fram 10.—14. maí og kjördæmakosninguna 10. júlí. Jeg álít, að 10. júlí sje heppilegri kjördagur en 10. sept., sem áður hefir verið haföur, og ekki gefist vel. Setjum svo, að lengi hafi gengið óþurkar, en svo verði þurkur þann 10. sept. Jeg býst þá við, að margur mundi meta meir heyið sitt en kjördaginn og kosningarnar. Þess vegna er það, að ef farið verður að breyta til, mundi vera heppilegra að hafa landskjörið næsta ár í maí, 10.—14., og kjördæmakosninguna þá fyrri hluta júlímánaðar.

Frsm. meiri hl. (Jón Magnússon): Jeg veit það, að ýmsir háttv. þm. hafa tilhneigingu til þess, að láta hvorar tveggja kosningarnar, landskjörið og kjördæmakosninguna, fara fram sama dag. Einn þingmaður komst svo að orði við mig, að hjer væri að vísu um stjórnarskrárbrot að ræða, en bætti því við, að svo væru lög sem hafa tog, og sýnist mjer þetta ætla að sannast á háttv. samþingismanni mínum (S. B.). Jeg hefi látið uppi skoðun mína á málinu og geng ekki frá því, að jeg tel þessa tillögu vera andstæða stjórnarskránni, því að engin meining væri í því að segja, að landskjörið skyldi fara fram á undan kjördæmakosningunni, ef hvorar tveggja mættu fara fram sama daginn.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða um brtt. 722 og 724, of seint fram komnar, og voru þau leyfð og samþykt.

ATKVGR.:

1.—22. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 685,1 feld með 14 : 6 atkv.

23.—26. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

28.—57. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

58.—60. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 724 við 61. gr. feld með 13 : 8 atkv.

Brtt. 685,2 við 27. gr. þar með fallin.

27. gr. óbreytt samþ. með 21 shlj. atkv.

61.—86. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 699 tekin aftur.

Brtt. 722,1—2 feld með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Hannesson,	Guðm. Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Stefán Stefánsson.	Magnús Kristjánss.,
Sveinn Björnsson,	Matth. Ólafsson,
Þór. Bendiktsson.	Sigurður Eggerz,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Pjetur Jónsson og Sigurður Gunnarsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Einar Arnórsson var fjarstaddur.

Brtt. 676 samþ. með 14 : 8 atkv.

Ákvæði um stundarsakir svo breytt samþ. með 14 : 5 atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflanna samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkvæðum.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. september, var frv. tekið til 3. umr. (A. 743, 756).

Frsm. meiri hl. (Jón Magnússon): Að eins fáein orð. Við höfum komið fram með eina brtt. við 1. málsgr.

ákvæða um stundarsakir. Við teljum heppilegra, að hafa laugardag sem kosningardag en nokkurn annan dag, og því förum við fram á, að breyta þessu svo, að í staðinn fyrir 3. júlí 1916 komi 1. júlí 1916, og í staðinn fyrir 18. sept. 1916 komi 9. sept. 1916. Báðir þessir dagar, bæði 1. júlí og 9. sept. bera upp á laugardaga.

Jeg býst við því, að hæstv. forseti geti skoðað það sem »Redaktions«-breytingu, að 3. málsgr. falli burt úr ákvæðum um stundarsakir.

ATKVGR.:

Brtt. 743 1. og 2. liður samþ. með 14 : 1 atkv.

Frv. svo breytt samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent til Ed.

(A. 787).

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um kosningar til Alþingis,

eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 937).

Á sama fundi í var frv. tekið til einnar umr. (A. 937, n. 964).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, til þess að mega taka frv. til umræðu þegar í stað, með því að það varð að teljast óhjákvæmilegt, sökum stjórnskipunarlaganna nýju, og voru þau afbrigði viðstöðulaust leyfð af ráðherra og samstundis samþykt af deildinni einum munni.

Frsm. meiri hl. (Jón Magnússon): Jeg get látið mjer nægja, að vísa til nefndarálitsins. Því hefir verið lýst yfir þar, að við höfum getað fallist á, að færa kosningardagana. Það getur verið þægilegt, einkum vegna sjómannanna.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá 975).

---

31. Fasteignamat.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Fruuvarpi til laga um fasteignamat,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 504).

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Magnússon: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að kosin sje 5 manna nefnd, til þess að athuga þetta mál, að lokinni umræðu.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Tillaga um að kjósa 5 manna nefnd samþ. með 19 shlj. atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu

Hjörtur Snorrason,
Eggert Pálsson,
Sigurður Sigurðsson,
Björn Hallsson,
Sveinn Björnsson.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. september, var frv. tekið til 2. umr. (A. 504, n. 761, 762).

Framsm. (Sveinn Björnsson): Þetta frv. er komið frá háttv. Ed. Nefndin, sem skipuð var í málið hjer í deildinni, hefir athugað það á nokkuð mörgum fundum, og mun mjer vera óhætt að segja, að það var einróma vilji nefndarmanna, að reyna að koma frv. fram á þessu þingi. Nefndin hefir þó ekki treyst sjer til, að ráða deildinni til að samþykkja frv. óbreytt. Hún hefir því borið fram nokkrar brtt. á þgskj. 762, og er aðalbreytingin fólgin í því, að 4 nýjum greinum er bætt inn í frv. Þeim er bætt inn sumpart af því, að Ed. hefir ekki gjört ráð fyrir því, að varamenn kæmu í stað matsmanna, ef aðalmatsmenn fötluðust frá starfi sínu algjörlega. En þetta áleit nefndin nauðsynlegt, að stæði í lögunum. Að öðru leyti eru þessar nýju greinar fram komnar, vegna þess, að í frv. er á ýmsum stöðum vísað til yfirskattanefndar sem nokkurs konar yfirmatsnefndar, án þess nokkuð sje til tekið um það, hvernig sú nefnd sje skipuð og hvernig starfi hennar skuli fyrir komið. Jeg gjöri ráð fyrir því, að Ed. hafi ætlast til, að þessi nefnd fjelli undir þær yfirskattanefndir, sem þegar eru til í hverri sýslu, en munu viða ekki hafa starfað í mörg ár. Þær nefndir hafa aðallega átt að hafa það starf með höndum, að athuga kærur út af tekjuskatti, en það er svo óskylt því starfi, sem yfirmatsnefndunum er ætlað, að rjett þótti að hafa sjerstakar nefndir til þess.

Að öðru leyti á 3. brtt. og sú 4. við það, að nefndin vill leggja til, að metið verði sjerstaklega, ekki einungis hús, heldur öll önnur mannvirki. Nefndin gjörir ráð fyrir, að það geti komið þeir tímar, að þetta mat verði lagt til grundvallar fyrir skattaálögum. Jeg fyrir mitt leyti hefði helst óskað, að ekki hefði verið sett inn, að meta skyldi sjerstaklega mannvirki þau, sem gjörð hefðu verið síðustu 10 árin, heldur mannvirki yfirleitt, hvort sem þau væru eldri eða yngri. En það varð að samkomulagi í nefndinni, að ráða deildinni til að samþykkja þetta þannig lagað. Annars er gjörð svo glögg grein fyrir þessu máli öllu í nefndarálitinu, að það er óþarfi fyrir mig, að fara frekar orðum um það. Þó vil jeg geta þess, að í 4. gr. hefir slæðst inn prentvilla. Þar vantar orðið »og« á undan orðinu »mannvirki«. Ef menn bera þetta saman við sjálfa greinina, þá sjá menn fljótlega, að þetta á svo að vera.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 762, 1 samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 762, 2 a—b samþ. með 19 shlj. atkv.

3. gr. svo breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 762, 3 a—b samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr. svo breytt samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 762, 4 samþ. án atkvgr.

5. gr. svo breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 762, 5 samþ. með 17 shlj. atkv.

7. gr. þar með fallin.

Brtt. 762, 6 samþ. með 19:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Þorleifur Jónsson.
Guðm. Eggerz,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	

já:
Matthías Ólafsson,
Sigurður Eggerz,
Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,
Stef. Stefánsson,
Sveinn Björnsson,
Þór. Benediktsson.

Einar Jónsson, Guðmundur Hannesson, Hannes Hafstein og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Bened. Sveinsson og Einar Arnórsson fjarverandi.

Brtt. 762, (4 nýjar gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 762, 8 samþ. án atkvgr.

10. gr. svo breytt og 11.—13. gr. óbreyttar samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 762, 9 samþ. með 18 shlj. atkv.

14. gr. svo breytt samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 9. september, var frv. tekið til 3. umr. (A. 816, 840).

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Nefndin, sem haft hefir þetta mál til meðferðar, hefir komið fram með 2 brtt. Það er ákveðið svo í fyrstu grein frumvarpsins, að lýsa skuli nákvæmlega hverri fasteign. Það var vakin eftirtekt á því í nefndinni, að þessi lýsing gæti orðið erfið, ef enginn undirbúningur væri hafður áður, og því berum við fram þessa brtt., um að hreppsnefndir og bæjarstjórnir skuli afla skýrslna um málið. Það getur ekki verið vafi á því, að þetta er til mikilla bóta, því matið hlýtur með þessu móti að verða miklu gleggra.

Hin brtt., sem við komum með, er ekki annað en orðabreyting; okkur þykir meira samræmi í að nefna bókina fasteignabók en jarðabók, svo sem frv. hefir verið breytt.

ATKVGR.:

Brtt. 840, 1 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 840, 2 samþ. með 19:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Arnórsson,	Sigurður Eggerz.
Guðm. Eggerz,	
Guðm. Hannesson,	
Hannes Hafstein,	
Hjörtur Snorrason,	
Jón Jónsson,	
Magnús Kristjánss.,	
Matthías Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Jóhann Eyjólfsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Þrír þm. voru fjarstaddir.

Frumv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent til Ed.

(A. 896).

Á 59. fundi í Nd. mánudaginn 13. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um fasteignamat,

eins og það var samþykt við eina umr. í Ed.

Á 60. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. september, var frv. tekið til einnar umr. (A. 946, n. 976).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, til þess að taka málið til umræðu, sem og um framhaldsnefndarálitið (þgskj. 982), er var of seint fram komið, og voru afbrigðin leyfð og samþykt.

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Eins og segir í framhaldsnefndarálitinu á þgskj. 976, þá hafa verið gjörðar nokkrar breytingar á frumvarpinu í háttv. Ed. En nefndin telur engar þeirra svo vaxnar, að þær ættu að verða ágreiningsefni milli deildanna, og ræður til að samþykkja frumv. óbreytt. Breytingar þessar eru 6 að tölunni til, en 5 af þeim eru að eins orðabreytingar og prentvilluleiðrjettingar. Eina efnisbreytingin er 9. gr., sem nú er. Það er ný grein og hjer um bil samhljóða grein, sem feld var í þessari háttv. deild.

Það, sem þessari háttv. deild gekk til að vilja fella burtu 8. gr. frv., sem þá var, þegar málið var til meðferðar hjer í deildinni, var það, að nefndin hjer áleit, að ekki ætti að standa neitt ákvæði í frumv. um annað en matið sjálft. En í 9. gr. er verið að hrófla við skattalöggjöfinni, að til ábúðarskatts skuli hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu.

Nefndin telur þó breytinguna ekkert varhugaverða og ræður til að samþ. frumv. óbreytt.

ATKVGR.:

Frumv. samþykt með 17 shlj. atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 999).

32. Brunabótafjelag Íslands.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907, um stofnan brunabótafjelags Íslands (A. 129).

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Magnús Kristjánsson): Það eru mörg ár síðan mönnum fór að verða það ljóst, að kjör þau, sem við Íslendingar höfum átt við að búa hjá útlendum brunabótafjelögum, hafa verið hreinustu neyðarkjör. Þess vegna hafa og verið gjörðar tilraunir til þess, að fá bætt úr þessu, en árangurinn hefir hingað til því miður orðið lítill. Þingið 1907 lagði mikla vinnu í það, að undirbúa og koma fram lögum um innlent brunabótafjelag, og það er óhætt að segja, að þær framkvæmdir þingsins vöktu ánægju manna og þakklæti út um alt land. En sú ánægja varð skammvinn, því að lögin voru þannig úr garði gjörð, að það varð að miklu á valdi útlendu ábyrgðarfjelaganna, hvort þeim yrði komið í framkvæmd, eða eigi, og þetta sáu þau að var leikur á borði, til þess að halda öllu hjer í sama, gamla horfinu. Og það, að þau gjörðu þetta, er nú að mínu áliti full sönnun þess, að þau hafi sjeð sjer hag í því, að ástandið hjeldist óbreytt.

Endurtryggingarhugmyndin, sem vakti fyrir þinginu 1907, getur að vísu verið góð, en þó einkum frá sjónarmiði þeirra manna, sem enga verulega trú hafa á fyrirtækinu. En jeg hefi frá upphafi álitið hana óþarfa og jafnvel óheppilega, eins og nú er líka komið á daginn. Það liggur í augum uppi, að með því móti verður að borga mikinn hluta af iðgjöldunum út úr landinu aftur, en ekkert fæst í staðinn, ef ekki vilja til sjerstök óhöpp. Því er það skoðun

þeirra, sem trú hafa á innlendu brunabótafjelagi, að öll iðgjöld eigi að renna í hinn innlenda sjóð, því að á þann hátt verði hann færastur um að gegna skyldu sinni, og þurfi síður að taka til landssjóðsábyrgðarinnar, sem frumv. gjörir ráð fyrir. Henni er nú auk þess þannig fyrir komið, að þótt til hennar kynni að þurfa að taka, þá ættu það ekki að verða bein útgjöld fyrir landssjóðinn. Ef illa færi, þá væri sjálfsagt, að taka lán með ábyrð landssjóðs, sem brunabótafjelagið svo endurborgaði, þegar hagur þess batnaði.

Auðvitað má gjöra ráð fyrir því, að ýmsum kunni alt af að þykja það nokkuð varhugavert, að leggja út í fyrirtæki, eins og þetta, þar sem brunar hafa verið alltíðir hjer á landi að undanförnu. En þess verður hins vegar að gæta, að ástandið er nú alt annað en áður var. Í fyrsta lagi er þess að gæta, að hjer er ekki gjört ráð fyrir því, að fjelagið taki ábyrgð nema á $^5/_6$ hlutum húsaverðsins; þar á móti er sveita- og bæjafjelögum ætlað að tryggja $^1/_6$, og eigendum hinna vátrygðu eigna er gjört að skyldu, að hafa $^1/_6$ í sjálfsábyrgð. Ætti það að vera nægileg trygging þess, að ekki verði álitið að menn kveiki í af ásettu ráði, og eins fyrir hinu, að menn gjöri sjer alment far um að fara varlega með eld. Í öðru lagi eru lög um brunamál frá 1907. Þar eru ýms ákvæði um allnákvæmt eftirlit, sem ætti að minka brunahættuna mjög mikið. Í þriðja lagi hefir það mikla þýðingu, að nú eru flestir komnir að raun um það, að heppilegra sje að byggja úr steini en trje eða torfi, og minkar það enn afar mikið brunahættuna framvegis. Auk þess eru nú orðið flest þau timburhús, sem nokkurs eru verð, klædd utan með járni, svo að þótt kvikni í einu, þá er miklu síður hætt við því, að stórbruni verði af. Þetta, sem jeg hefi nú tekið fram, og margt fleira sannar það, að ástandið er alls ekki sambærilegt við það, sem áður var. Þá má og geta þess, sem hefir afarmikla þýðingu í þessu sambandi, að nú hafa flestir kaupstaðir og kauptún fengið vatnsveitu inn í hvert hús, svo að hægra er að ráða við eld, þótt upp komi, ef hans verður vart áður en hann nær að magnast, og auk þess hafa margir kaupstaðir og stærri kauptúnin fengið sjer allgóð slökkvitæki nú orðið.

Hvernig sem á málið er litið, virðist áhættan ekki meiri en svo, að engin frágangssök muni vera fyrir þingið, að ráðast í þetta, og vænti jeg því, að engar verulegar mótbárur gegn því komi fram hjer í deildinni. Mjer finst það mesta furða, að þetta mál skuli ekki ekki fyrr hafa verið tekið til athugunar. Nú eru liðin 8 ár síðan lögin voru samþykt, og er vafalaust tjón að því, að þau hafa ekki fyrr komið til framkvæmda. Jeg skal ekki tefja tímann með því, að fara að tala um einstök atriði frumv., þar eð jeg tel víst, að háttv. þm. hafi kynt sjer það og borið saman við lögin. Mjer finst sem þetta mál, eins og reyndar ýms fleiri, geti verið nokkurs konar mælikvarði á það, hve megnugir við erum í fjárhagslegu tilliti gagnvart útlenda auðvaldinu, sem er að reyna að ná yfirráðum hjer á landi, og því hafi þetta mál víðtækari þýðingu, en virðist í fljótu bragði.

Jeg fer svo ekki fleiri orðum um þetta að sinni; vona að eins, að málinu verði vel tekið. Og áður en jeg setst niður, skal jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að sett verði 5 manna nefnd í málið að umræðum loknum.

ATKVGR.:

Samþykt að vísa málinu til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Samþykt að vísa málinu til 5 manna nefndar með 20 shlj. atkv.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og voru þessir kosnir í nefndina:

Magnús Kristjánsson,
Sigurður Eggerz,
Eggert Pálsson,
Sveinn Björnsson,
Þórarinn Benediktsson.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 229, n. 442, 525).

Framsögum. meiri hl. (Magnús Kristjánsson): Það fór með þessa nefnd eins og ýmsar fleiri nefndir hjer í þinginu, að hún klofnaði. Þetta var í rauninni ekki svo þýðingarmikið, vegna þess, að það var að eins einn maður, hv. þm. V.-Sk. (S. E.), sem varð viðskila við nefndina, en hitt er verra, að klofningurinn hefir orðið til þess að tefja málið. Meiri hluti nefndarinnar lagði álit sitt fram fyrir hjer um bil hálfum mánuði, en áliti minni hlutans var útbýtt nú á fundinum; er því ekki gott að átta sig á málinu í svip. Þó verður maður að reyna það.

Jeg hefi litlu að bæta við það, er jeg tók fram um málið við 1. umræðu, og það, sem í nefndaráliti meiri hl. stendur. Þó skal jeg minnast örlítið á undirbúning málsins og lögin sjálf frá 1907, og þær breytingartillögur, er fram hafa komið við frumvarpið.

Það eru um 20 ár síðan að þessu máli var hreyft hjer á þingi, og var þá öllum ljóst, að hjer var um stórmál að ræða, en árangur varð enginn fyr en 1907. Þá báru tveir þingmenn fram frumvarp til laga um þetta mál. Það var Jón heitinn frá Múla og jeg. Stjórnin lagði þá einnig fram frumvarp um málið, er var undirbúið með aðstoð sjerfróðra manna. Málið var sett í 7 manna nefnd, og vandað valið. Í nefndinni voru hæstv. núverandi forseti Nd. (Ó. B.), hv. núverandi 2. þm. Rvk. (J. M.), hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), Stefán Stefánsson, þáverandi þm. Skagf., Stefán Stefánsson, þingm. Eyf., og yfir höfuð vel valið til nefndarinnar, nema ef jeg ætti að undantaka sjálfan mig. Nefndinni var umhugað að koma málinu í sem best horf, og gjörði hún sjer mikið far um, að nota alt það besta úr báðum frumv., sem fyrir lágu. Þessar tilraunir nefndarinnar hepnuðust svo vel, að þingið samþykti einróma tillögur hennar, og síðan hafa engar aðfinslur komið fram við þau lög, heldur að eins umkvartanir yfir því, að lögin komi ekki til framkvæmda.

Aðalatriði laganna frá 1907 eru þau, að hús í kaupstöðum og kauptúnum, er hafa fleiri en 300 íbúa, er skylt að vátryggja í fjelaginu. En áhættunni er skift þannig, að fjelagið taki ekki ábyrgð á meiru en $^2/_3$ hlutum, eigendur berí ábyrgð á $^1/_6$, og hlutaðeigandi sveitarfjelag eða bæjarfjelag á $^1/_6$ hluta. Þannig er reynt að deila ábyrgðinni eftir föngum. Enn fremur er gjört ráð fyrir, ef stærri óhöpp koma fyrir, að fjelagið sjálft borgi ekki út alt tjónið af eigin ramleik, heldur er þá ætlast til sameiginlegrar tryggingar af öllum, er vátryggja í fjelaginu, þannig, að leggja megi á þá aukagjald, er ekki nemi þó meira en helming af iðgjöldum þeirra það ár.

Enn fremur er á það að líta, að landssjóður á að ábyrgjast með 600,000 kr. að fjelagið standi í skilum. Auk þessa er eitt ákvæði til frekari tryggingar, en það er það, að fjelaginu er gjört að skyldu, að endurtryggja hjá erlendum

fjelögum allar þær upphæðir, er nema meira en 10,000 kr. vátryggingargjaldi af húseignum og 7,500 krónum og þar yfir af lausafje.

Nú hefi jeg lýst aðalatriðum laganna frá 1907. Og þó að tryggingin sje allörugg, þá hefir fjelagið ekki enn tekið til starfa. Eru nú liðin 8 ár síðan lögin voru samþykt, og mun nú flestum koma saman um, að ekki megi öllu lengur við það una, að þau sjeu einungis sem dauður bókstafur. En það, sem hefir verið mestur Þrándur í Götu, er það, að endurtryggingiu hefir ekki fengist enn sem komið er.

Við flutningsmenn litum svo á, að ekki sje í ofmikið ráðist, þó að þingið felli í burtu úr lögunum endurtryggingarákvæðið, og ljeti lögin ganga í gildi án þess. Nefndin vildi tryggja fjelagið sem best, svo að ekki kæmi fyrir þau slys, sem fjelagið gæti ekki staðist; hefir hún því mikið rætt um hvaða leiðir væru farandi, til þess að koma fjelaginu á stofn, án þess að auka áhættuna nokkuð, frá því sem lögin gjöra ráð fyrir. Allir í nefndinni hafa verið þeirrar skoðunar, að ef endurtrygging fengist, gæti fjelagið tekið til starfa; á því einu hafi strandað hingað til. Nefndin hefir lagt svo til, að óhætt væri að koma fjelaginu á, þótt endurtrygging fengist ekki fyrst í stað, en hins vegar hefir hún gengið út frá, að óðara og fjelagið tæki til starfa, þá falli þessi þröskuldur, og erlendu brunabótafjelögin sjái sjer ekki annað vænna en að sæta þeim boðum, er þau hafa átt kost á, og jafnvel sækjast eftir að fá endurtryggingu, er um annað væri ekki að ræða framar. Fyrir þessum möguleika er gjört ráð í breytingartillögum meiri hlutans.

Jeg gjöri nú ráð fyrir því, að jeg þurfi ekki að útlista þær mikið, því að þingmenn hafa að sjálfsögðu gjört sjer þær kunnar, en jeg get þó ekki gengið fram hjá þeim, án þess að minnast á þær fáum orðum.

Breytingartillögur þær, er nefndin kom fram með, gjöra enga verulega efnisbreytingu á frumvarpinu. Í stað endurtryggingar, eins og áður var ætlast til, þá er nú gjört ráð fyrir, að það sje alveg látið laust fyrst um sinn, hvernig það ræðst, eftir að fjelagið hefir tekið til starfa; en hins vegar, ef endurtrygging er fáanleg, eins og nefndin býst fyllilega við, þá skal fjelagsstjórninni skylt að sæta því. En það, sem aðallega dregur úr allri áhættu, er það, að nefndin takmarkar að miklum mun lausafjártryggingu, með því ákvæði, er hún setur, að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár, sem trygð er í fjelaginu, nemi aldrei meiru en $^1/_5$ af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í fjelaginu, og engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nema meira en 2000 kr. Þetta hefir mikla þýðingu, því jeg geng út frá, ef þetta ákvæði hefði ekki verið sett, þá myndi lausafjárupphæðin í fjelaginu hafa orðið hærri en húsatryggingar, en af því stafaði miklu meiri áhætta.

Með þessu tvennu, er jeg nú hefi drepið á, takmörkun á lausafjártryggingu og tryggingarskilyrðinu, áleit nefndin að siglt væri fyrir hættuleg sker, er mest væri að óttast.

Þetta eru aðalbreytingarnar, og hinar flestar eru afleiðingar af þessum. 1., 3., 4. og 5. breytingartill. lúta allar að því sama, að takmarka áhættuna eins og frekast væri unt, og nú hefir verið tekið fram. 6. breytingartillagan er að eins orðabreyting um niðurjöfnun aukagjalds. Nefndinni þótti því betur farið á þann hátt, og vonast til, að það mæti ekki mótspyrnu. 8. brtt. er til þess, að ljetta óeðlilegri kvöð af vátryggjendum, er nefndinni þótti ekki viðeigandi að stæði í lögunum.

Jeg ætla nú að láta hjer staðar numið

viðvíkjandi þessu, en víkja máli mínu að nefndaráliti minni hlutans.

Það verður ekki annað sjeð en minni hlutinn sje að mestu leyti sömu skoðunar, og að hann vilji, að fjelagið geti tekið sem fyrst til starfa. En þó er geigur í honum út af því, að hjer sje í of mikið ráðist, af því að ekki er sýnt með tölum, að ekki geti að borið stórslys, er komið geti fjelaginu í fjárvandræði. Þetta er aðalatriðið í nefndaráliti minni hlutans. Þetta er að vísu hugsanlegt, en út frá reynslu manna í þessu efni, síðan land bygðist, er þessi mótbára óhugsandi. Hefði þetta fjelag verið stofnað fyrir 50 árum, myndi það ekki hafa orðið að tjóni fyrir landið, heldur er óhætt að fullyrða, að fjelagið ætti nú í sjóði mikið fje, þótt brunar hafi verið talsverðir í seinni tíð. En þar sem brunahættа engu síður fer stöðugt minkandi með bættri húsagjörð, nýtísku slökkviáhöldum, vatnsveitu og lögum, er gjört hefir verið til tryggingar, er ekki hægt að hugsa sjer svo stórvægilega bruna, að fjelaginu ætti að vera það ofvaxið með ábyrgð landssjóðs.

Þau dæmi, er minni hluti nefndarinnar kemur fram með, eru að einstöku brunar, er fyrir kunni að koma, verði svo gífurlegir, að ekki verði fje fyrir hendi til að bæta tjónið, t. d. að allur Akureyrarbær brenni, en hús þar eru virt á $1^1/_2$ miljón króna. Jeg verð að láta þá skoðun í ljós, að slíkt er alveg óhugsandi, enda er háttv. framsögum. minni hlutans (S. E.) svo kunnugur þar, að hann getur ekki haldið þessu fram í alvöru. Því að það er ekki hugsanlegt, að meira geti brunnið þar en $^1/_4$ hluti bæjarins, en hins vegar, af þeim ástæðum, er jeg nefndi áður, bættum skilyrðum, til þess að draga úr brunahættunni, myndi aldrei brenna þar svo mikið.

Þá vill háttv. minni hl. halda því fram, að bruninn, sem varð hjer í Rvík í vor, sje sönnun fyrir mikilli brunahættu. En eins og drepið er á í nál. meiri hl., þá er hættan auðvitað hvergi meiri en hjer, bæði vegna þjettbýlisins og gasveitunnar. Jeg hygg, að flestir muni vera samdóma um það, að bruninn hjerna í vor hefði aldrei orðið nándar nærri svo mikill sem hann varð, ef ekki hefði verið hjer gasið. En nú er ekkert þorp hjer á landi, sem myndi detta í hug að koma á hjá sjer gasveitu, því að bæði er hún dýr, og svo er þessi reynsla, sem fengin er við hana, næg til þess að fæla menn frá henni.

Þriðja ástæða háttv. minni hl. er sú, að það sje varhugavert, að slengja svo mikilli ábyrgð á landssjóð og sveitarfjelögin. Jeg þykist ekki þurfa að ræða þetta öllu meira en jeg hefi þegar gjört. Jeg mintist á það, bæði við 1. umræðu og áðan, að sú ábyrgð getur ekki talist neitt óvenjulega stórvægileg. Og þar sem verið er að tala um að ekki megi ráða þessu til lykta, án þess að spyrja þjóðina, þá getur slíkt alls ekki komið til mála, þar sem vjer höfum nú þegar átt þessi lög í 8 ár, og aldrei hafa nokkur mótmæli gegn þeim eða óánægja með þau komið fram úr nokkurri átt, svo að mjer sje kunnugt, heldur einmitt þvert á móti.

Síðasta ástæðan gegn frumv., og jeg veit ekki hvort það á að vera sú mesta, er sú, að það hljóti að vera þinginu ofvaxið, að ganga frá þessu máli nú. Mjer finst það nú vera að gjöra helsti lítið úr þinginu, ef það á ekki að vera fært um að gjöra svo lítla breytingu á lögum, sem voru jafn vel og gaumgæfilega undirbúin, sem þessi, og allir hafa líka verið ánægðir með, ef þau að eins gætu komist í framkvæmd. Jeg held að það sje sæmilegast að sleppa

alveg annarri eins ástæðu og þessari; hún fellur óðara um sjálfa sig.

Jeg mun svo ekki segja mikið meira að sinni. Jeg býst við að fá tækifæri til að tala aftur, þegar háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) hefir lýst sinni skoðun. En áður en jeg setst, ætla jeg þó að geta þess, að þótt þetta þing hafi að vísu starfað margt, og sjálfsagt haft nóg að gjöra, þá hefir það þó ekki enn þá átt kost á, því miður, að afgreiða neitt verulegt stórmál; en þetta, sem hjer er um að ræða, er stórmál, og sómi fyrir þingið að fá hrundið því í framkvæmd. Og það má varla minna vera en að þingið gangt frá einu máli, sem öllum kemur saman um að miði drjúgum í þá átt, að efla fjárhagslega og menningarlega velmegun þjóðarinnar. Og þetta mál er sjerstaklega vel til þess fallið, að því verði ráðið til lykta einmitt nú, því að í framtíðinni má ganga að því vísu, að hvert stórmálið reki annað, sem lítt eru undirbúin enn þá, og verður þá ekki ljettara að fást við alt í einu. Nú liggur t. d. bráðlega fyrir að stofna innlent lífsábyrgðarfjelag, og væri þá gott, að þetta yrði komið á undan. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að þessu sinni.

Frsm. minni hl. (Sig. Eggerz): Háttv. þm. Ak. (M. K.) gaf minni hl. nefndarinnar sök á því, að málið hefði orðið fyrir drætti; nú væru 11 eða 12 dagar síðan háttv. meiri hl. skilaði nál. sínu. Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg vissi ekki um að meiri hl. hefði lokið nefndaráliti sínu, var ekki skýrt frá því fyrr en rjett um það leyti, sem fjárlögin voru að byrja hjer í deildinni. Það er nú kunnugt, hve afar mikið þingmenn hafa að gjöra þá daga, sem þau eru mest til umræðu, þegar fundir eru stundum dag og nótt, og því sje jeg ekki betur en að minni hl., sem skrifaði sitt nefndarálit í gærkvöldi, hafi gjört það, sem hann gat, til að hraða málinu, þótt jeg hins vegar vildi óska, að jeg hefði haft meiri tíma en jeg hafði, til þess að íhuga málið og skrifa um það enn ítarlegra nefndarálit.

Jeg ætla annars ekki að hefja hjer kappræður um málið við háttv. meiri hl., enda skal jeg játa, að mig brestur sjerþekkingu til að dæma út í æsar um svo viðfangsmikið málefni. Jeg skal taka það fram, eins og líka er gjört í nefndarálitinu, að jeg álít það mjög þýðingarmikið og stórt, og get ekki annað en verið háttv. flutnm. þakklátur fyrir að koma fram með það, svo mikla þýðingu sem það hlyti að hafa fyrir þjóðina, ef það yrði afgreitt á þeim grundvelli, sem telja mætti tryggan.

Þegar lögin frá 22. nóv. 1907 voru samþykt, þá var það tilætlunin, að koma þessari starfsemi á innlendar hendur, og það mundi hafa tekist, ef fengist hefði endurtrygging sú, sem til var ætlast. Hún var vitanlega ætluð til þess að takmarka ábyrgð og áhættu þá, sem landssjóður og sveitarfjelög takast á hendur, og þess verður vel að gæta, að í öllum slíkum fjelögum út um allan heim er slík endurtrygging eitt af aðalatriðunum. Einstök fjelög treystast ekki til að taka á sig ábyrgðina, án þess að hafa þann bakhjarl. Meira að segja er áhættan endurtrygð í einum 10 til 12 fjelögum í einu, til þess að dreifa henni sem mest. Ástæðan er og nokkuð sú, að erfitt er að reikna út áhættuna, og jeg efast um, að á nokkurn hátt sje unt að finna ábyggilegan útreikning á henni. Ef nú landssjóður og sveitarfjelögin tækju hana alla á sig, þá verður landssjóður auðvitað aðalendurtryggjandinn, til annarra væri ekki að snúa sjer. Að vísu má segja, að landssjóðsábyrgðin sje takmörkuð; hún getur ekki meiri orðið en 800 þús.

kr., en jeg býst við því, að ef þetta fyrirkomulag kæmist á, og ef stórtjón yrði, áður sjóðnum væri vaxinn svo fiskur um hrygg, að hann fengi risið undir því, að þá yrði litið svo á, að þar sem landssjóður og sveitarsjóðirnir standa á bak við, sem landssjóður væri siðferðislega bundinn til að endurgreiða jafnvel stærri upphæðir, ef skaðar yrðu svo miklir. Þess vegna er það skoðun minni hl., að jafnvel þótt ábyrgðin sje »formelt« bundin við þessa upphæð, þá mundi hún þó verða ótakmörkuð í reyndinni, af því að menn hefðu gengið að samningum við fjelagið í trausti til landssjóðsábyrgðarinnar.

Um sveitarfjelögin er jeg þeirrar skoðunar, að ábyrgð sú, sem þeim er ætluð samkvæmt frumv., $^1/_6$ hluti fjárins, sje eða geti orðið æði mikil, þar sem um kauptún er að ræða, eða þar sem kauptún eru í sveitarfjelagi, því að mest verður áhættan auðvitað ætíð þar, sem mestar eru húsaþyrpingarnar. Þess vegna virtist það eðlilegra, að sveitarfjelögin voru að spurð, áður en slík áhætta væri á þau lögð. Háttv. frsm. meiri hl. (M. K.) svaraði því til þess, að þar til væri engin ástæða, þar sem lögin frá 1907 hefðu nú þegar gilt í mörg ár og ekkert verið á móti þeim haft. En jeg er nú ekki svo viss um það, að eftirtekt manna á þeim lögum hafi verið svo vakin, að þeir hafi gjört sjer verulega grein fyrir þeim. En þótt nú svo væri, og að menn hafi ekki verið neitt óánægðir með þau, þá stendur þó hjer nokkuð öðruvísi á, því að eftir þeim lögum var þá ábyrgð sveitarfjelaganna bundin við 10 þús. kr.; hitt var endurtrygt annarstaðar. Hjer er aftur á móti í þessu frumv. sköpuð ný, aukin áhætta fyrir þau, eins og landssjóðinn, með því að kippa endurtryggingunni burt. Ef til vill má segja, að ekki sje miklar líkur til þess, að svo mikið tjón beri að höndum, að brunabótasjóðurinn dugi ekki til þess með tilstyrk landssjóðs, eins og hann er ákveðinn í frumv., og sveitarfjelaganna, að bæta það. En þegar litið er á allar þær húsaþyrpingar, sem á að tryggja, þá munu allir kannast við það, að *hugsanlegt* er að skaðinn verði meiri. T. d. munu húsin á Akureyri hafa verið virt á $1\,^1/_2$ milj. kr. til húsaskatts, og má vera að þau sjeu meira virði, svo að menn sjá það, að ef stór húsaþorp brenna, þá getur skaðinn orðið meiri, en hjer er gjört ráð fyrir.

Það er vitanlega rjett hjá háttv. meiri hl., að við betra skipulag á brunaliði og betri slökkvitæki en verið hafa, þá minkar brunahættan. En þá verður jafnframt að geta þess, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, að tilraunir í þessa átt hafa þegar verið gjörðar hjer í Rvík. Það geta verið skiftar skoðanir um það, hvernig þær hafi tekist, en þeir, sem muna brunann í vor, munu þó kannast við það, hve erfitt getur verið að berjast við eldinn. Því að þótt þá yrði mikið tjón, þá var það þó tilviljun ein, að ekki brann svo mikill hluti af bænum, að það hefði orðið margfalt meira en það þó varð. Ef Ísafoldarprentsmiðja hefði brunnið, þá er ekki að vita, hve mörg hús hefðu á eftir farið.

Að reikna það út, hve mikið eða lítið muni brenna, er, eins og jeg hefi sagt, erfitt eða ógjörningur, og jeg hefi nú ekki einu sinni getað aflað mjer yfirlits yfir tjónið á undanförnum árum, og væri það þó vitanlega æskilegt, til þess að hafa þó dálitla hugmynd um reynsluna í þessu efni. Nú hefir háttv. meiri hl. álitið óhætt að færa iðgjöldin niður í $^1/_2$ %. Hús í kaupstöðum og aðrar byggingar, sem undir þetta falla, munu nú nema 10 milj. kr. virði, og verða þá ársiðgjöldin af þeim 50 þús. kr. Af þessu fje verður að greiða allan kostn-

að við rekstur fjelagsins. Jeg læt ósagt, hve mikill hann myndi verða, en gjörum ráð fyrir að hann yrði t. d. 10 þús. kr. á ári. Það má vera, að það sje of mikið eða of lítið, en sjálfsagt nemur það þó allmiklu af tekjunum. Ef nú iðgjöldin eru svona lág, þá er það sýnilegt, að sjóðurinn má ekki við því, að miklir brunar verði fyrsta sprettinn, án þess að fyrirsjáanlega þurfi að grípa til ábyrgðar landssjóðs og sveitarsjóðanna, og þótt tjónin nemi eigi meiru en þar fæst, þá er það tilfinnanlegt í svipinn. Jeg verð því undir öllum kringumstæðum að halda því fram, að ef á að ráðast í að færa brunabótaábyrgðina á innlendar hendur, þá sje það ekki hyggilegt, að færa iðgjöldin svo langt niður í fyrstu. Jafnvel þótt þau væru höfð eins há og þau eru nú hjá erlendu fjelögunum, þá myndi það borga sig, því að með því skapaðist meiri trygging fyrir framtíð fyrirtækisins.

Mjer er það nú ekki kunnugt, þótt jeg hafi verið að reyna að komast eftir því, að það sjeu neinstaðar annarstaðar ríkin, sem hafa vátryggingar á hendi. Að eins veit jeg, að í Baden er fyrirkomulagið þannig, að allir húseigendur í landinu ábyrgjast brunatjón hver gagnvart öðrum, og stendur þetta fjelag, ef svo mætti kalla það, undir umsjón stjórnarinnar. Eftir hver áramót er svo sköðunum jafnað niður, og þess vegna eru engin föst iðgjöld, heldur breytist tillagið ár frá ári eftir því, hvort mikið eða lítið hefir brunnið. Ríkið leggur ekki fram neina ábyrgð, heldur hefir það einungis á hendi innheimtuna. Nú mætti auðvitað líka fara þá leið, þótt ákveðin væru einhver föst iðgjöld, að jafna niður því, sem fram úr þeim færi, ef stærri bruna bæri að höndum.

Yfirleitt er þetta fyrirkomulag í Baden það líkasta, sem jeg hefi sjeð því, sem þetta frv. gjörir ráð fyrir, og virðist þá ástæða til að athuga nánar, hvernig það er framkvæmt þar, og hvernig það hefir gefist. Jeg er fullviss um það, þrátt fyrir staðhæfing háttv. meiri hluta í gagnstæða átt, að hjer er um svo stórt mál að ræða, að þingnefnd, sem auk þess er mörgum öðrum störfum hlaðin, hefir ekki getað rannsakað það svo sem nauðsynlegt hefði verið, til þess að byggja mætti á því. Þess vegna tel jeg rjettast að þetta stórmál sje ekki samþykt nú, heldur vísað til stjórnarinnar til frekari aðgjörða, og vildi jeg þá jafnframt leggja til, að stjórnin fengi sjer til þess aðstoð sjerfróðra manna. Má vera að það kostaði eitthvað, en þegar eins mikið er í húfi og hjer, þá má ekki horfa í það, enda gæti sá maður eða þeir menn, sem við það fengist, þá jafn framt rannsakað ýmsa aðra ábyrgðarstarfsemi, því að við getum tæpast með lokuðum augum horft á það lengur, hvað missist út úr landinu til vátryggingarfjelaga, sem halda mætti hjer heima, ef málin væru rannsökuð skynsamlega. Jeg sje það líka, að hjer er komin fram í þinginu þingsályktunartillaga um að rannsaka annars konar ábyrgðarstarfsemi, og vona jeg því, að háttv. deild taki vel undir það, að jeg leyfi mjer hjer með að koma fram með rökstudda dagskrá svo hljóðandi:

> Í trausti til þess, að stjórnin útvegi sjer sjerfróða aðstoð, til að íhuga skilyrði fyrir innlendri ábyrgðarstarfsemi, þar á meðal brunabótastarfsemi, og leggi frumvarp þar að lútandi fyrir næsta Alþingi, ef fært verður, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Matthías Ólafsson: Þegar jeg gjörðist meðflutningsmaður þessa máls, þá var það af því, að mjer var það mjög mikið áhugaefni.

Sú þjóð, sem ekki hefir brunabótaábyrgðir sínar í góðu lagi, getur varla talist menningarþjóð. Í landi, eins og þessu, þar sem peningaekla er, gengur sú heimska glæpi næst, að borga út úr landinu það, sem algjörlega er ónauðsynlegt og ekki þarf að borga út. Mjer finst, að það væri nær að nota þá peninga, sem við nú um mörg ár höfum látið ganga út úr landinu, til þess að ljetta undir með fátæklingunum, og síður finst mjer ástæða til að halda því áfram, að láta útlendinga okra á okkur, frekar en þarf. Það er ekki eingöngu um það að ræða í þessu máli, hvort einstaklingarnir græði eða ekki; mest er um það vert, að peningarnir lendi hjá Íslendingum en ekki öðrum, og því get jeg fallist á það, að iðgjöldin sjeu höfð nokkuð há, enda er ætíð hægur hjá, að lækka þau, og sömuleiðis get jeg fallist á aðrar breytingatillögur nefndarinnar.

Jeg skal taka það fram, að hjer er ekki um nein ný lög að ræða, heldur það, að blása lífi í þau lög, sem áður hafa verið til í landi voru. Það er auðskilið, af hverju þessi lög hafa ekki getað komist til framkvæmda. Útlendu fjelögin hafa vitað það vel, að ef þau vildu ekki taka að sjer endurtryggingarnar, þá gátu lögin ekki komið til framkvæmda, og því hafa þau neitað allri samvinnu, alt fram á þennan dag.

Jeg hefi áður talað um brunahættuna. Það er ekki hægt að taka Reykjavík þar til samanburðar, því að hjer er gas leitt um allan bæinn, og eykur það auðvitað brunahættuna að miklum mun. En í því efni munu fáir bæir hjer á landi taka Reykjavík sjer til eftirbreytni, heldur taka rafmagn í staðinn, en af því stafar engin eldhætta. Auk þessa má geta þess, að húsin eru nú flest bygð úr steini, víðast hvar á landinu, svo að nú má heita að $^4/_5$ þeirra húsa, sem bygð eru, sjeu bygð úr steini. Auk þess er húsunum nú betur fyrir komið í bæjunum en áður var, og við það minkar vitanlega brunahætta.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), sem er í minni hluta í nefndinni, sagðist ekki vita til þess, að brunatryggingarfjelög væru nokkursstaðar í heiminum rekin á ábyrgð landssjóðanna. Þetta getur vel verið; jeg hefi ekki kynt mjer það mál, en það er ekki því til fyrirstöðu, að við gjörum það.

Sami háttv. þm. hjelt því fram, að kostnaðurinn við reksturinn mundi gleypa $^1/_5$ af tekjunum. Þetta er áreiðanlega ekki rjett. Í lögunum er hentugt fyrirkomulag um stjórn fjelaganna, og þar er það ákveðið, að öll iðgjöldin skuli borgast á einum og sama tíma. Jeg get hugsað mjer, að upphæðin yrði helmingi lægri en þingmaðurinn gjörði ráð fyrir.

Jeg verð að taka undir með háttv. framsögumanni meiri hlutans (M. K.), er hann sagði, að nú fengi þingið kost á að gjöra eitthvað til þarfa; en því að eins á þingið tilverurjett, að það breyti ástandinu, sem er, til hins betra, en láti ekki alt af alt standa í stað. Og jeg er ekki í neinum vafa um, að verði þessi lög samþykt, þá hrindum við þjóðinni langt áfram á menningarbrautinni.

Háttv. minni hluti vill vísa þessu máli til stjórnarinnar. Jeg sje ekki, að upp úr því hafist annað en það, að draga málið enn á ný á langinn. Á meðan rennur fjeð út úr landinu til stór óþurftar fyrir allan landslýð. Það er auðvitað, að ef lögin reynast ekki góð í fyrstu, þá er sjálfsagt að breyta þeim. Og jeg get ekki sjeð, að stjórnin eigi nokkurn kost á, að búa þetta mál betur í hendur þingsins en gjört hefir verið. Reynslan er besti kennarinn, og því eiga lögin að koma til framkvæmda sem fyrst. Jeg skal segja frá einu

dæmi, sem jeg þekki, í sambandi við þetta mál.

Fyrir aldamótin síðustu, voru okkur, íbúunum á Dýrafirði fyrir vestan, veittar með ýmsu móti illar búsifjar af útlendu brunatryggingarfjelagi. Við tókum því það ráð, að stofna sjálfir brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Jeg skal auðvitað kannast við, þetta var stórkostlæg áhætta. Samt hefir farið svo, að þegar jeg fór að vestan, áttum við 10,000 kr. í sjóði, því ekki hafði brunnið eins eyris virði.

Til mála hafði komið, að ef innlent brunabótafjelag kæmist á, á líkan hátt og það, er hjer ræðir um, þá skyldi fjelagið leggjast niður og vildu þá allmargir að sjóðurinn fjelli til hreppsins, og hefði það beint verið fundið fje, því hefði fjelagið eigi verið stofnað, þá hefði enginn eyrir af þessum sjóði verið hjer á landi.

Jeg er sannfærður um að það, að stofna innlent brunabótafjelag, verður oss til ómetanlegrar blessunar. Eftirlitið verður miklu betra með innlendu fjelagi og menn brenna síður viljandi. Því minna sem við tölum og því meira sem við störfum, því betra. Hver dagur og hvert ár, sem líður, án þess að við stofnum innlent brunabótafjelag, er oss stór vanvirða og stór tjón.

Jeg vona, að háttv. framsögum. minni hlutans (S. E.) taki orð mín ekki þannig, að jeg áliti, að tillögur hans sjeu sprottnar af illvilja. Jeg veit það, að tillögur hans eru einungis sprotnar af varfærni, en þar get jeg ekki orðið honum samferða. Mjer finst að nógu miklu sje hlaðið á stjórnina, þó að þetta stórmál bætist ekki ofan á. Komi hún því öllu af, sem þingið hefir þegar falið henni að starfa, þá tel jeg hana hafa unnið mikið og gott verk.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Jeg býst ekki við að tala aftur, enda hefi jeg ekki gefið tilefni til að ráðist verði á mig, svo hógværlega sem jeg hefi reynt að tala um málið.

Eggert Pálsson: Það er aðallega um aukaatriði, sem ágreiningur er um milli minni hl. og meiri hl., er jeg vildi segja nokkur orð. Ágreiningurinn er fólginn í því, hverjum sje að kenna dráttur sá, sem orðið hefir á framkomu nefndarálits minni hl. Sem formaður nefndarinnar skal jeg greina frá því, að það er undir hálfan mánuð síðan meiri hlutinn hafði lokið starfi sínu, og þegar nefndarálitið var undirskrifað, þá var minni hlutinn ekki við. En sökum þess, að jeg vildi hraða þessu máli sem mest, fór jeg með nefndarálitið til skrifstofustjóra og varð það að samkomulagi, að þegar búið væri að »setja« það, þá skyldi minni hlutinn fá það til afnota. Eftir þessu hefir minni hlutinn því haft 10—11 daga tóm til þess, að koma fram með sitt álit, því jeg veit, að skifstofustjórinn hefir gjört eins og jeg fór fram á.

En svo jeg snúi mjer ögn að málinu sjálfu, þá tel jeg að vísu fyrir landssjóðinn tryggara, ef endurtrygging fengist, heldur en skella því nær allri brunabótaáhættunni á hann einan. En nú hefir reynst svo, að lögin eru ómöguleg, eins og þau eru, af þeirri ástæðu, að slík endurtrygging hefir ekki fengist. Því liggur nú að eins tvent fyrir, annað hvort að leggja árar í bát, eða þá að breyta lögunum svo, að við þurfum ekki að vera upp á erlendu brunabótafjelögin komnir.

Spurningin er nú einungis sú, hvorn kostinn eigi að taka. Allir kannast við, að viðurhlutamikið sje, að alt það fje, sem hjer um ræðir, gangi út úr landinu, og víst er það, að búið er nú að borga í þessu skyni svo skiftir tugum miljóna króna. Því er það ánægjulegra

og ábatavænlegra, að fjeð færi ekki út úr landinu. En þá liggur ekki annað fyrir hendi en að taka á sig áhættuna. Þessa áhættu hefir nefndin reynt að minka í byrjun, með því að útiloka lausafje að nokkru leyti. Innan handar er þá aftur síðar fyrir fjelagið, að taka meira lausafje til tryggingar, ef það við reynsluna sýnist óhætt eða ábatavænlegt. Áhættan minkar við það, að lausafje er ekki tekið, nema að $^1/_5$ hluta við húseignir, og hver einstakur fær ekki að tryggja meira lausafje en 2000 kr., eins og meiri hlutinn stingur upp á í brtt. sínum. Og víst er það, ef breytingin kemst á, og innlent fjelag kemst á stofn, að brunahættan verður ekki meiri en áður hefir verið. Því að þar sem hver einstakur hefir $^1/_6$ hluta ábyrgðarinnar, ef vátrygt yrði í þessu innlenda brunabótafjelagi, en erlend fjelög taka alt í ábyrgð, þá er síður að óttast, að menn kveiki í af ásettu ráði, eins og menn hafa haft grun um, að stundum hafi átt sjer stað.

Að áætla brunahættu út frá bruna hjer í Rvík síðastliðið ár, er engan veginn rjett, því bæði eru byggingar hjer í Rvík verðmeiri og samfeldari en víðast annarstaðar, svo að skaðinn af bruna hjer getur þar af leiðandi orðið stórfeldari en hvervetna annarstaðar, auk þess sem öllum ber saman um, að brunahættan hafi aukist hjer mjög mikið af gasinu.

Hvað brunahættuna snertir, þá lendir hún á tveimur eftir þessum lögum, sem sje landssjóði og sveitarsjóði, auk $^1/_6$ hlutans, sem einstaklingurinn ber. Það, að landssjóður tekur þetta að sjer, er held jeg ekki neitt ægilegt. Rjett er það hjá minni hl., að það á sjer ekki stað hjá öðrum þjóðum, að landið taki að sjer brunabót. En hjer er öðru vísi háttað en víðast annarstaðar. Hjer er um fáa privat efnamenn að ræða, er myndað geti innlent brunabótafjelag, líkt og á sjer stað hjá öðrum þjóðum, svo að ef nokkuð á að verða hjer úr framkvæmdum í þessum efnum, þá verður landið sjálft að bera ábyrgðina að mestu leyti.

Jeg verð nú að líta svo á, eftir undanfarandi reynslu, að þessi ábyrgð, sem landssjóður tekur þannig að sjer, sje ekki sjerstaklega áhættumikil. Að því er snertir áhættu sveitarfjelaganna, er líka hið sama að segja. Áhættan fyrir þau er engan veginn geipilega mikil. Þar sem lítil þorp eru, getur ekki verið um neina verulega áhættu að ræða, en þar sem fjölbygðara er, er áhættan vitanlega meiri. En þá er líka að taka tillit til þess, að stærri sveitarfjelög getur munað þó nokkuð um sinn hluta af iðgjöldunum, ef vel gengur.

Jeg álít því, að ekki sje um annað að gjöra en að ráðast í þetta fyrirtæki. Vogun vinnur og vogun tapar, segir máltækið, og það hlýtur að gilda hjer. Áhættan er ekki meiri annars vegar en gróðavonin hins vegar. Jeg álít alls ekki rjett af þessu þingi, að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Það væri ómannlegt, þar sem um jafnmikið mál er að ræða.

Hins vegar get jeg búist við því, að háttv. þingdeildarmenn eigi erfitt með að átta sig á brtt. við frv. og á frv. í samanburði við lögin, eins og hvort tveggja liggur nú fyrir. Málið hefði að vísu verið greiðara aðgöngu, ef nefndin hefði skrifað upp nýtt frv. til laga í staðinn fyrir að stíla sínar breytingar sem breytingartillögur við þetta frv., sem aftur er breyting á gömlu lögunum. Út af þessu vil jeg taka það fram, að það, sem vakti fyrir nefndinni, var það, að með því móti, að skrifa alveg nýtt frumvarp, hefði verið stolið af

málinu einni umræðu. Þá hefði það verið nú til 1. umræðu í staðinn fyrir að það er til 2. umræðu. Út úr þessum ruglingi, sem málið kann að sýnast vera í, vegna framsetningarinnar, má komast, með því að samþykkja brtt. okkar allar við þessa umræðu. Þá lítur frv. strax skilmerkilegar út á eftir. Og við 3. umræðu geta menn svo ráðið við sig, hvort þeir vilja samþykkja frv. eða ekki.

Sveinn Björnsson: Jeg vildi segja nokkur orð út af rökstuddu dagskránni, sem hv. minni hl. (S. E.) hefir borið fram.

Eftir skoðun minni á þessu máli, sem fram kom í nefndinni, áður en hún klofnaði, get jeg búist við, að háttv. minni hl. gjöri ráð fyrir, að jeg greiði atkvæði með rökstuddu dagskránni. En þar sem það hefir orðið að ráði, að fara þá leið, sem meiri hlutinn fer hjer, þá mun jeg fylgja meiri hlutanum. Jeg er þeirrar skoðunar, að þetta ábyrgðarmálefni, þ. e. a. s. það mál, að koma vátryggingunum sem mest inn í landið, sje gríðarlega mikilsvert mál, og þess vert, að það sje athugað, bæði af stjórn og þingi og til þess varið því, sem það kostar. Þess vegna hefi jeg líka hugmynd og kemur fram í rökstuddu dagskránni, að stjórnin ætti að leita sjer aðstoðar sjerfróðs manns, undirbúa með hans aðstoð öll ábyrgðarmálefni, og leggja síðan uppástungur um þau fyrir þingið.

Nú hefir nefndin haft frv. til meðferðar um breytingar á vátryggingarlögum, sem gilt hafa í 8 ár. Efni þeirra breytinga snerta aðallega eitt eða tvö atriði þeirra laga. Þar sem þessi lög voru samþykt fyrir 8 árum, og þar sem jeg veit ekki til annars en að þjóðinni hafi fallið þau vel í geð, og að eins eitt atriði hefir verið því til fyrirstöðu að þau kæmust til framkvæmda, sem sje það, að endurtrygging fjekst ekki, þá get jeg fallist á, að fara ekki, að þessu sinni, að umturna lögunum, heldur reyna að setja þá bót á þau, að þau geti komist til framkvæmda. Jeg get fallist á það með meiri hluta nefndarinnar, að sleppa skilyrði laganna um endurtryggingu, gegn því, að takmörkuð sje ábyrgð fjelagsins, eins og farið er fram á í breytingartillögum meiri hl. Og því fremur get jeg fallist á þetta, þar sem greinilega er tekið fram í 4. brtt. nefndarinnar, að strax og hægt sje að fá endurtryggingu, skuli endurtryggja. Þar sem hjer er að ræða um lög, sem þegar hafa verið lengi í gildi, og að eins hefir vantað herslumuninn til þess, að þau kæmust í framkvæmd, þá tel jeg rjett, að gjöra þá tilraun til að bæta úr þeim, sem hjer er farið fram á.

Háttv. minni hlutinn gjörir mikið úr áhættunni fyrir landssjóð. Ef litið er á skýrslur um virðingarverð húsa í kaupstöðum, þá sjest, að að eins í tveimur kaupstöðnm er virðingarverð allra húseignanna meira en öll ábyrgð landssjóðs. Hættan getur því ekki orðið eins »effektiv« eins og háttv. minni hlutinn virðist vilja gjöra ráð fyrir. Þó að eldur komi nú enn upp á Akureyri, þá er mjög ólíklegt að öll Akureyri og Oddeyri brenni til ösku. Eldurinn gæti þá eins borist út að Fagraskógi, eins og jeg heyri að einhver er að tala hjer um. Háttv. minni hlutinn gjörir svo mikið úr hættunni, að það verður að hálfgerðri fjarstæðu.

Jeg mun því á þessu stigi málsins greiða atkvæði með meiri hluta nefndarinnar en á móti rökstuddu dagskránni. Hins vegar væri mjer ánægja að því, að taka höndum saman við háttv. minni hluta og vinna að því með honum, að veitt verði í fjárlögunum upphæð, til þess að hægt sje að útvega sjerfræðings

aðstoð, til þess að koma öllum ábyrgðarmálefnum landsins í gott horf.

Jeg vona, að háttv. deild vilji taka höndum saman við meiri hl. nefndarinnar, að gjöra tilraun til að bæta gömlu lögin, og vita hvort þau geta ekki fullnægt að sinni, á því sviði, sem þau ná yfir.

Framsm. meiri hl. (Magnús Kristjánsson): Það er fremur lítið, sem jeg hefi við það að bæta, sem jeg hefi áður sagt. Aðrir hafa ekki talað verulega á móti frumv. en háttv. frsm. minni hl. (S. E.). Hann ljet í ljós þakklæti til okkar flutningsmannanna fyrir að hafa komið fram með þetta mál, og get jeg ekki betur sjeð, en að í því liggi viðurkenning fyrir því, að málið sje þarft, og að það hafi verið orð í tíma töluð, að hefja máls á, að koma því í framkvæmd nú. En þetta kemur ekki vel heim við þá stefnu, sem hann hefir tekið í málinu. *(Sigurður Eggerz:* Það var skrítið). Því að hann álítur nauðsynlegt að slá málinu á frest, eða með öðrum orðum, að það sje ótímabært, að koma fram með það nú. Hvað sem því líður, þá álít jeg verr farið en heima setið, að hreyfa þessu máli nú, ef endilega á að slá því á frest. Jeg get búist við því, að sömu mótbárurnar komi fram síðar, þó að málinu sje frestað nú, og svo gæti gengið það óendanlega. Og þá stöndum við engu nær eftir en áður.

Þessi vegur, að bera fram rökstudda dagskrá, til þess að slá málinu á frest, hefir verið notaður iðulega á þessu þingi og oft áður, en jeg álít að hann eigi ekki vel við þetta mál. Jeg álít mjög mikilsvert, ef menn telja ekki málið því ísjárverðara, að Ed. gefist einnig tækifæri til að íhuga það. Henni hefir verið við brugðið fyrir varfærni í einu og öðru, og er því vel treystandi til að hindra framgang þessa máls, ef ástæða er til.

Að sjálfsögðu er jeg á móti rökstuddu dagskránni, — það þarf jeg ekki að taka fram.

Það, sem háttv. frsm. minni hl. (S. E.) hefir fært fram í nefndarálitinu, sínu máli til stuðnings, er aðallega það, að þetta fyrirkomulag gæti verið viðsjárvert, vegna áhættu landssjóðs og sveitarfjelaganna. Jeg varð ekki var við, að hann kæmi með aðrar röksemdir í ræðu sinni, og því hefi jeg svo sem engu að svara. Eitt kom nokkuð greinilega fram, bæði hjá háttv. minni hl. (S. E.) og jafnvel hjá fleirum, að málið horfi nú töluvert öðru vísi við eftir þessa breytingu en ef lögin stæðu óbreytt, eins og þau eru, að áhættan sje miklu meiri eftir frumv. en ella. Jeg verð að álíta, að þeir menn, sem þessu halda fram, hafi ekki sett sig nógu vel inn í málið. Eftir frumv., eins og það kom frá flutningsmönnunum, má þetta, ef til vill, til sanns vegar færast. Það var flutningsm. full ljóst, en þeir sáu, að þessu varð ekki bjargað úr sjálfheldunni, sem það er komið í, nema með því, að einhver veruleg breyting væri á því gjörð. En jeg álít, að nefndinni hafi tekist að draga svo úr áhættunni, að með miklum rökum megi segja, að hún sje nú litlu meiri en þó að lögin stæðu óbreytt, eins og þau eru.

Þegar þess er gætt, að lausafjártryggingarupphæðin má ekki nema meiru en $^1/_5$ af húsatryggingarupphæðinni, þá virðist vera svo varlega farið, sem frekast er unt að ætlast til. Endurtryggingin, sem svo mikið hefir verið gjört úr, er heldur ekki útilokuð. Það er ætlast til, að hún fáist eins fljótt og frekast er unt, og það getur orðið strax á sama árinu, því að líklegt er, að útlendu fjelögin mundu taka að sjer end-

urtrygginguna, þegar þau sæju alvöruna, og að þau biðu tjón af því, að vátryggja ekki. Þetta er auðvitað ekki hægt að fullyrða, en því fjarri, að það sje útilokað.

Háttv. framsm. minni hl. (S. E.) vildi hálfvegis liggja nefndinni á hálsi fyrir það, að hún hefði vanrækt að afla sjer skýrslna um brunaskaða á undanförnum árum. Jeg býst nú við því, að erfitt sje að útvega slíkar skýrslur, svo að ábyggilegar sjeu, og jeg lít svo á, að ekki sje hægt að krefjast slíks af þingn., sem hefir nauman tíma og nefndarmenn önnum kafnir af öðrum störfum. Það lægi miklu nær, að ætla stjórninni að láta nefndinni slíkar skýrslur í tje, og þá væri auðvitað skylda hennar að athuga þær, ef málið væri fengið henni svo undirbúið af landstjórnarinnar hálfu, en það lítur ekki út fyrir, að fráfarandi stjórn hafi gjört sjer mikið far um að greiða fyrir þessu máli.

Þá fanst mjer kenna talsverðs misskilnings hjá þeim mönnum, er hafa haldið því fram, að hjer væri um landssjóðsfyrirtæki að ræða. Það hefir aldrei verið tilætlunin. Þetta er sjálfstæð stofnun, sem hefir sitt fje út af fyrir sig, og það verður ekki sagt, að hagur fjelagsins og landssjóðs sje svo nátengdur, að hægt sje að kalla þetta landssjóðsfyrirtæki. Það er sjerstakt, þótt landssjóður gengi í ábyrgð fyrir það.

Háttv. þm. (S. E.) sagði, að það væri staðhæfing hjá meiri hlutanum, að engin yfirvofandi hætta væri á ferðum. Hann fór ekki alveg rjett með þessi orð mín, en eftir því, sem sjeð verður, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að eftir undanfarinni reynslu, þá væri það sjáanlegt, að brunatjón mundi ekki verða meira en svo, að slíkt fjelag sem þetta gæti vel borið það. Jeg vil spyrja hv. þm. (S. E.) um það, hvort hann haldi ekki, að lítið yrði úr framkvæmdum, ef aldrei væri stigið það spor, sem einhver möguleg áhætta gæti verið. Það má segja það um hvaða fyrirtæki sem er, að hætta geti af því stafað. Ef menn settu það alt af fyrir sig, mundi aldrei verða neitt úr neinu. Það mundi ekki þykja hygginn búmaður, sem hefði kýrnar sínar alt af geldar, vegna þess, að hann væri hræddur um að eitthvað kynni að fatlast við þær um burðinn, eða fargaði öllum sínum fjenaði, af því að ein rolla hefði drepist úr pest. Svona má telja upp í það óendanlega. Í hvert skifti, er menn leggja af stað til aflafanga, eiga menn á hættu að koma ekki öllu heim heilu og höldnu; en hugsunin um einhverja mögulega hættu, má ekki leiða menn út í öfgar. Það er auðvitað, að fjelagið fengi ekki staðist það, ef stórir náttúruviðburðir gjörðu afskaplegt tjón, en jeg hygg, að útlendu fjelögin hafi trygt sjer það, að greiða ekki slíkt tjón, svo að það breytir engu.

Þá má drepa á það, að þótt fyrirkomulag það, sem nú er, sje álitið svo trygt, að ekki megi hrófla við því, þá er það ekki alveg útilokað, að svo geti farið um útl. fjelögin, sem hv. þm. V.-Sk. (S. E.) er svo hræddur um um þetta fjelag, að þau sjeu ekki fær um það, að standa við skuldbindingar sínar. Það gæti hugsast, að ófriðurinn hafi valdið ýmsum fjelögum því tjóni, að þau geti ekki staðið straum af skuldbindingum sínum. Enn fremur hefir það nokkra þýðingu í þessu máli, hve oft útlendu fjelögin hafa verið með hótanir um það, að hætta að tryggja eignir hjer á landi. Raunar hefir það hingað til ekki reynst annað en undirbúningur undir hækkun iðgjalda, en allur er varinn góður, og best að vera við öllu búinn, sem fyrir kann að koma.

Jeg ætlaði mjer ekki í neinar hnippingar út af þessu máli; það á ekki við, og jeg efast ekki um það, að háttv. þm.

V.-Sk. (S. E.) gengur alt gott til varfærninnar. Og öll nefndin var líka á einu máli um það, að gæta sem mestrar varfærni.

Jeg minnist þess, að einn hv. nefndmanna, hv. 1. þm. Rvk. (S. B.), ljet það í ljós í byrjun nefndarstarfanna, að honum þætti þetta mál allviðsjárvert, en hann lagði fram tíma og krafta, til þess að rannsaka málið á allar lundir, og leggja það niður fyrir sjer, þangað til fengin var föst niðurstaða. Aftur á móti hefi jeg ekki orðið var við, að hv. þm. V.-Sk. (S. E.) hafi gjört það, eða gjört sjer far um að finna nýjar leiðir, til þess að hrinda þessu máli fram. Mjer virðist þetta mál svo vaxið, að þeir menn, er vilja vera, og hafa sjálfsagt mörg skilyrði til þess, að vera leiðtogar þjóðarinnar, megi ekki hamla aftur á í því. Jeg býst ekki við, að það verði sigurvænlegt til þjóðfylgis. Hitt væri líklegra, til þess að ávinna sjer traust og hylli, að gjöra eitthvað, sem hægt væri að benda á, að væri til þess að greiða málinu götu. Að vísa málinu til stjórnarinnar, er hið sama og að gjöra ekki neitt. Það er ekki hægt að búast við því, að stjórnin geti undirbúið málið meir en þegar hefir verið gjört. Þar sem allar þær stjórnir, er að völdum hafa setið, síðan þessi lög voru samþykt, hafa ekki getað hrundið málinu lengra áleiðis, þá er ekki hægt að búast við því, að núverandi stjórn hafi meiri möguleika í þá átt. Þess vegna verður þingið að afgreiða málið til fulls nú.

Nú skulum við segja, að hjer sje óvarlega farið, og gæti jeg þá bent mönnum á auðvelt ráð, til þess að losna við þann ótta. Jeg kem ekki fram með slíka tillögu sjálfur, því að jeg álít enga hættu vera á ferðum.

Í frumv. er það tekið fram, að lögin skuli komast í framkvæmd svo fljótt sem auðið er. Þessu mætti breyta á þann hátt, að stjórninni væri heimilt að fresta framkvæmd málsins, ef fjárhagurinn, vegna einhverra ófyrirsjáanlegra orsaka, reyndist óvanalega erfiður. Það ætti þá öllum þingmönnum að vera hættulaust að samþykkja frumvarpið nú, því að þeim, sem hræddir eru við, að ráðast í þetta mál strax, ættu með þessu að geta friðað samvisku sína. Allir játa, að málið sje nauðsynjamál, sem verði að komast fram bráðlega, og er þá innanhandar að koma með brtt. við 3. umr., í þá átt, að fjelagið taki ekki til starfa nú þegar; ef eitthvað ófyrirsjáanlegt, er snerti fjárhaginn, kæmi fyrir, þá megi stjórnin slá því á frest.

Þegar á þetta er litið, get jeg ekki annað sjeð en að öllu sje óhætt. Vilji menn firra landið hugsanlegu tjóni, þá er hægt að fara þá leið, er jeg hefi bent á.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, býst ekki við, að mikið nýtt komi fram í málinu úr þessu.

Framsögum. minni hl. (Sig. Eggerz): Jeg skal reyna að fara eins fljótt yfir sögu og jeg get.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að það væri ekki annað en grýla, sem jeg sagði, að svo framarlega sem brunatjón yrði meira en það, er landssjóðsábyrgð og sveita, að viðbættri ábyrgð brunabótasjóðs næmi, þá væri það siðferðisleg skylda landssjóðs að svara *út þeim skaða*, þar sem menn einmitt hefðu trygt í fjelaginu í trausti til þess, að landssjóður stæði bak við. Jeg verð að mótmæla því, að jeg sje að reyna að hræða þingið með nokkurri grýlu. En hitt hefi jeg talið mjer skylt, að vekja eftirtekt manna á annmörkunum, er á frumv. væru.

Hjer er sjerstaklega um það að ræða, hvort menn óski þess, að landssjóður tæki þessa áhættu á sínar herðar, því

að allir hljóta að vera sammála um það, að hjer er um áhættu að ræða. Yfirleitt lít jeg svo á, að Alþingi eigi að halda sjer sem mest fyrir utan öll áhættuspil. Það má vera, að sumir haldi því fram, að áhætta landssjóðs sje takmörkuð við þær 800 þús. kr., er hann ábyrgjist fyrir fjelagið. Það er að vísu rjett, að það líti svo út á pappírnum, en ef tjónið, sem fjelagið bíður, nemur meira en það getur svarað til, og meira en þessum 800 þús. kr., þá held jeg því fram — og sú hlýtur að verða raunin á, — að landsheillin krefjist þess, að landssjóður hlaupi undir bagga.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að þótt það væri rjett, að þetta fyrirkomulag þektist ekki í öðrum ríkjum, þá sannaði það ekki, að Ísland gæti ekki tekið þetta að sjer. Þetta er vitanlega rjett, en sje það rjett, að þetta fyrirkomulag þekkist ekki annarstaðar, þá liggur það í hlutarins eðli, að því meiri ástæða er fyrir okkur, að athuga nákvæmlega, hvort óhætt sje að leggja út á þessa braut. Það er svo alt af, að þegar um einhverja nýbreytni er að ræða, þá þarf einmitt nákvæma yfirvegun um það, hvort hún sje til heilla. *(Matthías Ólafsson:* Menn hafa stundum dregið það svo lengi að setja ofan, að þeir hafa ekki komist á flot þann daginn). Það er alveg rjett, en menn hafa líka stundum ýtt á flot, og aldrei komist til lands. Og það er mikið spursmál, hvort það sje rjett, að vera mjög fljótur á sjer, einkum þegar um fjárhag landsins er að ræða.

Háttv. þingmaður (M. Ó.) færði það sem ástæðu fyrir sínu máli, að þetta þing hefði látið svo lítið eftir sig liggja, að það ætti nú að afgreiða þetta mál. Jeg get verið honum sammála um það, að margt af því, sem þingið hefir gjört, væri betur ógjört; en þá því að eins verður úr því bætt, að þetta fyrirtæki sje svo vel undirbúið, að það geti farið heppilega af stað, en um það er einmitt deilan.

Háttv. þingmaður (M. Ó.) gat þess til stuðnings sínu máli, að í hans hjeraði hefði verið brunabótafjelag. Þetta fjelag hefði, þegar hann fór úr hjeraðinu, átt 10 þús. kr. í sjóði. Það er mikið gott, en sú athugasemd fylgdi líka með, að á því tímabili hefði ekkert hús brunnið í hjeraðinu. Ef gjört væri ráð fyrir þessu, þá væri alt öðru máli að gegna, en það er ekki hægt, því að brunahættan vofir alt af yfir; stundum eru brunarnir sjaldgæfir, en oft afartíðir.

Því hefir verið haldið fram, að það dragi úr brunahættunni, að samkvæmt lögunum er nokkuð af áhættunni í sjálfsábyrgð, og er talið, að það muni fækka íkveikjum.

Jeg hefi átt tal við samábyrgðarstjórann um þetta, og hann hefir sagt, að ekki væri eins mikil trygging fólgin í sjálfsábyrðinni og margir ætla, af þeirri ástæðu, að virðingarnar eru oft mun hærri en eðlilegt er. Athugasemdir í líka átt hefi jeg heyrt hjá fleiri mönnum, sem um þessi mál hafa fjallað. Og reynslan sýnir ómótmælanlega, að virðingarnar eru oft of háar.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var að tala um, að hjer hefðu menn fengið snaga til að hengja hatt sinn á. Þessi orð tek jeg ekki til mín og yfirleitt þykist jeg hafa hagað svo orðum mínum, að ekki sje ástæða til að bregða mjer um, að jeg vilji koma fyrirtæki þessu fyrir kattarnef. Ágreiningurinn er að eins fólginn í því, að minni hlutinn vill fá sjerfræðing til að rannsaka málið og fela stjórninni framkvæmdir þess, eins og jeg mun víkja að síðar, þegar jeg svara háttv. framsögum. (M. K.).

Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) sagði, að annað hvort væri, að leggja árar í bát,

eða leggja landssjóði fyrirtækið á herðar. Jeg held, að þetta sje ekki rjett álitið. Víðast hvar í öðrum löndum mun ábyrgðarstarfsemi rekin af fjelögum, en ekki af ríkjunum. Það er vel hægt að hugsa sjer það, að hægt sje farið af stað og að landssjóður taki ef til vill einhvern þátt í fyrirtækinu, þótt ekki sjeu lagðar árar í bát.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) og háttv. framsögum. (M. K.) tóku það fram, að brtt. nefndarinnar drægju úr áhættu landssjóðs. Jeg er samþykkur því, enda var jeg samferða háttv. samnefndarmönnum mínum í að leggja til þeirra sumra. En þótt svo sje, þá fylgir sá böggull skammrifi, að þetta fjelag tekur ekki að sje ábyrgðir, sem ríður ekki hvað síst á; yfirleitt má segja, að verslunarstjettin hafi ekkert gagn af þessu fjelagi. Þetta dregur að vísu úr áhættunni, en dregur líka að mun úr gagninu. Jeg vil skjóta því fram, að eins til athugunar, hvort ekki muni hætta á því, að þegar landsjóður hefir tekið að sjer minni háttar tryggingar, þá muni hin fjelögin skorast undan að taka að sjer hinar stærri. Háttv. framsögum. (M. K.) benti á, hve fjelögin væru gjörn á að koma með hótanir, eins og líka kom fram á þinginu 1912, þegar lög voru sett um það, að ábyrgðarfjelögin skyldu setja tryggingu fyrir starfsemi sinni. Þá varð hinn mesti úlfaþytur í fjelögunum. Og sá úlfaþytur var því valdandi, að hætt var við að heimta tryggginguna, af hræðslu við að fjelögin mundu leggja hjer niður alla ábyrgðarstarfsemi, og var þó auðsætt, að tryggum fjelögum var ekki tjón í því, að láta verðbrjef liggja hjer til tryggingar starfseminni. En úr því að fjelögin gjöra úlfaþyt út af ekki stærra atriði, er þá ekki hugsanlegt, að þau segi sem svo: »Fyrst þið takið af okkur húsatryggingar og smærri lausafjártryggingar, þá kærum við okkur ekkert um þær stærri«, sem þó auðvitað eru eins nauðsynlegar fyrir þetta land og hinar.

Jeg hjó eftir því orðalagi hjá háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), að hann vonaði, að landssjóður tapaði ekki á þessu; auðvitað vonum við það allir, en það er verst, að á slíkri von er ekki hægt að byggja.

Sami háttv. þm. sagði, að það væri ómannlegt að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Mjer finst ekki rjett, að viðhafa þessi orð. Ef það er rjett, að hjer sje um allmikla áhættu að ræða, þá álít jeg ráðlegt, að hraða ekki málinu svo, heldur kunna fótum sínum forráð. Hitt væri ómannlegt, ef ekkert frekara væri að gjört, en jeg vænti þess, að ef dagskráin verður samþykt, þá útvegi hæstv. ráðherra sjerfræðing til að rannsaka málið og yfirleitt hafi heimild til að fá sjer þá aðstoð, sem hann álítur þurfa til þess að hrinda málinu áfram eftir föngum.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) mintist á skilyrðin fyrir endurtryggingunni. Jeg get slept að svara því, og skírskotað til svars míns til háttv. 2. þm. Rang. (E. P.).

Hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) skaut því til mín, hvort jeg mundi verða því fylgjandi, að veitt yrði fje í fjárlögunum til rannsóknar annarri ábyrgðarstarfsemi. Jeg get lýst því yfir, að mjer er sönn ánægja að því, að styðja viðleitni hans í þessa átt.

Háttv. framsögumaður meiri hlutans (M. K.) þótti það ósamræmi hjá mjer, að jeg væri þakklátur flutningsmönnum þessa máls, en legði þó til, að frumv. væri ekki afgreitt nú. Jeg býst við, að jafn greindur maður, sem hann er, sjái brátt, að hjer er alls ekki um ósamkvæmni að ræða. Minni hlutinn álítur stóra þörf á því, að taka málið á dagskrá og að flutningsmenn eigi, með því

að hafa ýtt við málinu, miklar þakkir skildar, hvernig sem málinu annars reiðir af.

Um lausafjártrygginguna get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt, að áhætttan er að vísu minni, en stór ókostur, að verslunarsjettin verður með þessu útilokuð.

Háttv. framsögum. (M. K.) gat þess, að jeg hefði ámælt meiri hlutanum fyrir það, að hafa ekki útvegað skýrslur um brunatjón. Ef jeg hefði ámælt meiri hlutanum, þá hefði það náð til allrar nefndarinnar, og því minni hlutans líka. En nú voru orð mín að eins svo, að jeg taldi óheppilegt, að nefndin hefði ekki haft fyrir sjer skýrslur um brunatjón; hitt var ljóst, að hvorugur hlutinn gat útvegað þær skýrslur. Og þetta, að skýrslurnar vantar, er eitt af því, sem veldur því, að jeg vil vísa málinu til stjórnarinnar.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) þótti of hátt í lagt, að gjöra reksturskostnaðinn 10 þús. kr., og færði það til, að ákveðinn tími yrði hafður til viðtöku iðgjalda. Það getur nú verið fremur ókostur en kostur að hafa tímann ákveðinn, að minsta kosti fyrir þá, sem við fjelagið skifta. En annars gjöri jeg ráð fyrir, að hvorugur okkar geti í bili sagt nákvæmlega um, hvað kostnaðurinn muni nema miklu.

Háttv. framsögum. (M. K.) veik því til mín, að fremur væri ástæða til að ámæla stjórninni heldur en nefndinni fyrir aðgjörðir í þessu máli. Jeg ámæli ekki nefndinni og ekki stjórninni heldur, þótt ekki hafi hún útvegað þessar skýrslur. Jeg skal taka það fram, að jeg var að hugsa um að hreyfa þessu máli, en átti svo stutta setu sem ráðherra, að mjer var það ekki unt, og auk þess önnum kafinn allan þann tíma. Jeg tók við ráðherraembætti í júlí byrjun og stóð þá Alþingi yfir; eftir það hafði jeg að eins 3 vikur þangað til jeg fór á konungsfund, og úr þeirri utanför kom jeg ekki fyrr en seint í desembermánuði, og sat þá nokkra mánuði svo, að jeg bjóst jafnan við stjórnarskiftum. Þegar það er enn athugað, að á mjer hvíldu matvörukaup landssjóðs, undirbúningur á fjárlagafrv. og fleiri frv., auk þess sem jeg gat búist við að fara frá á hverri stundunni, þá var ekki eðlilegt, að jeg fitjaði upp á fyrirtækjum, sem stórvægileg mega teljast, enda talið svo yfirleitt, að bráðabirgðaráðherra eigi að eins að rækja venjuleg störf, sem til falla. Þetta var mjer því ókleift, þótt mjer þætti leitt að geta ekki hrundið áfram málum, sem jeg hafði áhuga á. Þetta segi jeg ekki af því, að jeg sakni ráðherraembættisins, heldur af því, að jeg sakna þess, að hafa ekki getað komið því farm, sem jeg vonaði, að gæti orðið þessari þjóð til gagns.

Háttv. framsm. (M. K.) kom með ýms dæmi til að sýna það, að svo framarlega sem menn hugsuðu alt af um áhættuna, væri litilla framkvæmda von; hann nefndi t. d. að menn þyrðu ekki að ráðast í búskap, af því að rollurnar gætu farist úr pest o. s. frv. Það er rjett hjá háttv. þm., að mannlegu lífi er svo háttað, að vjer verðum að taka á oss ýmsar áhættur. En þótt menn sjeu í engum vafa um það, að þeim sje persónulega óhætt að leggja út í eitthvert fyrirtæki, þá álít jeg, þegar um landssjóð er að ræða, að aðalreglan eigi að vera sú, að spekúlera aldrei á nokkurn hátt með fje landssjóðs. Fyrir landssjóðs hönd mega menn aldrei segja: Vogun vinnur og vogun tapar. Frá landssjóði á að halda allri áhættu, sem hægt er að forðast.

Háttv. framsm. (M. K.) fórust orð á þessa leið, að jeg hefði ekki haft viðleitni til að bjarga málinu í örugga

höfn. Jeg hefi nú eins og flestir verið önnum kafinn alt þingið, en jeg hefi þó reynt að hugsa mjer, hvernig heppilegast mundi að koma þessu máli fyrir, og hefi nú vikið nokkuð að því í nefndarálitinu. T. d. hefi jeg bent á fyrirkomulag, eins og það er í Baden, sem jeg skýrði frá í fyrri ræðu minni. Það fyrirkomulag er svo, að ríkið ber enga ábættu og leggur ekki fje í fyrirtækið, en umsjón hefir ríkið með því og innheimtu iðgjalda, sem er svo fyrir komið, að allir húseigendur greiða eftir niðurjöfnun skaðann af brununum. Sá galli hefir þótt á þessu fyrirkomulagi, að iðgjöldin hafa verið mjög mishá árlega, alt eftir því, hvað skaðarnir hafa orðið miklir. Þetta fyrirkomulag og önnur er ástæða til að athuga, og því vil jeg fela málið stjórninni til rannsóknar.

Að öðru leyti hafi jeg ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál. Jeg skal að eins endurtaka þá yfirlýsingu, að fyrir mjer vakir alls ekki það, að draga úr því, að vátryggingar komist í innlendar hendur, heldur hitt, að ekki sje rasað um ráð fram í slíku stórmáli og varlega sje farið í það, að binda landssjóð við slíkt mál. En á innlendar hendur á málið að komast.

Ráðherra: Jeg skal ekki tala langt um þetta mál. Jeg verð að játa það, að mig brestur þekkingu til að tala um það að gagni.

Jeg tek undir með þeim, sem sagt hafa, að frumv. væri ekki eins glögt og skyldi, þar sem um er að ræða innskot í lögin. En samt má samþykkja það nú með brtt., og sjá, hvernig það tekur sig út eftir 2. umr.

Ef það yrði að ráði, að vísa þessu máli til stjórnarinnar, þá væri nauðsynlegt að heimila henni eitthvert fje, til þess að rannsaka málið; því vitanlega hefir stjórnin ekki meira vit á þessu máli en aðrir, og öll rannsókn önnur en þessi, sem jeg mintist á, yrði bara kák.

Annað mál er það, ef stjórninni yrði heimilað fje til það rannsaka og undirbúa stofnun lífsábyrgðarfjelaga, þá gæti hún látið sömu mennina einnig rannsaka þetta mál. Jeg get tekið undir með háttv. framsm. minni hl. (S. E.), að það er ekki von að stjórnin hafi rannsakað málið hingað til. Stjórnin getur ekki á neinn hátt komið þessu máli í framkvæmd, fyrr en hún fær nægilegt fje. Það dugar ekki að skipa stjórninni að gjöra þetta eða hitt, og heimila henni ekki neina fjárveitingu til þess.

Skúli Thoroddsen: Eftir því, sem jeg hugsa meira um mál það, er hjer um ræðir, sje jeg það æ betur og betur að jeg get ekki greitt götur neins þess, er framgang þess heftir, þar sem jeg tel það mjög mikilsvarðandi, að málið nái, eft unt er, fram að ganga á þinginu, eða sje þó að minsta kosti yfirvegað sem rækilegast og komist því til efri deildar.

Jeg tel það yfirleitt mjög leitt, að innlent brunabótafjelag skuli enn ekki hafa getað komist á laggirnar.

Ástæðurnar til þess eru öllum kunnar, og að vísu *mjög* skiljanlega, með því að »Brunabótafjelag Íslands« gat samkvæmt lögunum frá 27. nóv. 1907 ekki tekið til starfa, nema endurtrygging fengist hjá útlendum brunabótafjelögum; en erlendu ábyrgðarfjelögin neituðu um alla endurtryggingu; — vildu sjálf sitja ein áfram að krásinni, meðan sætt væri.

Á hinn bóginn dylst eigi, hve afaráríðandi það er, að við fáum sem allra bráðast komið máli þessu áleiðis, þar sem fjeð streymir nú árlega út úr land-

inu, og það ekkert smáræði, þar sem ábyrgðarfjelögin taka jafnvel 10—12‰ fyrir ábyrgð á lausafje, og húseignum utan Reykjavíkur.

Það er því **ekki** ákjósanlegt, að minu áliti, að draga málið nú frekar á langinn en orðið er. En verði frumvarpið, sem hjer liggur fyrir, samþykt, þá geta lögin strax komið til framkvæmda, ef vel gengur, en stjórnin ella undirbúið málið til næsta þings. Ef dagskráin aftur á móti verður samþykt, þá hlýtur framkvæmd laganna að dragast um óákveðinn tíma, og því get jeg ekki greitt henni atkvæði mitt.

Jeg skil það *vel*, að hv. minni hl. (S. E.) sje kvíðafullur, og þyki *áhættan* vera mikil fyrir landssjóð; en þegar tekið er tillit til þess, **að** ekki fæst vátrygt nema $^2/_3$ af verði eignarinnar, þá virðist mjer áhættan þó ekki vera mjög mikil.

Brunahættan minkar þá og talsvert við það, *að eftirlitið hlýtur að verða að mun betra en nú er*, þar sem sveitar- eða bæjar-fjelaginu, sem eignin er í, er ætlað, að vátryggja hana og að $^1/_6$ hluta, svo að öllum hlýtur því, að vera það mjög hugleikið, að brunar verði einatt fyrirbygðir, eða stöðvaðir, sem og æ að uppvíst verði, ef um glæpi er að ræða. —

Þá má og benda á það, að meiri líkur eru til, að útlendu ábyrgðarfjelögin verði fús á, að endurtryggja, ef frumvarp þetta verður að lögum, þar sem þau *hljóta* þá og að vita, að það er þá **ekki** *lengur á þeirra valdi*, að hefta framkvæmd laganna.

Jeg sje og *ekki* ástæðu, til að hafa iðgjöldin eins *lág*, eins og ráðgjört hefir verið. Mjer finst, að Íslendingar ættu mjög fúslega að sætta sig við það, að borga jafnvel 8—10 ‰ fyrst um sinn, þegar fjeð á að renna í vasa landsmanna sjálfra, þar sem þeir hafa ella orðið að sætta sig við, að borga 10—12‰, og fjeð þó alt runnið út úr landinu.

Ef hepnin er með, þá hlýtur fjelaginu og fljótt að safnast sjóður að mun, og áhætta landssjóðs þá og að hverfa. Þá má og eigi gleyma því, að það, að voga aldrei, það er — að tapa einatt.

En fari, sem **verst** getur farið, *að landssjóður biði stórtjón*, þ. e. verði að leggja út fje að mun, og eiga það útistandandi árum saman, uns auka-iðgjöldin hafa safnast svo, og fjelagið efnast svo ella, að landssjóður fái sitt aftur, *þá ber æ að hafa það í huga, að það var góðu nauðsynjamálefni til styrktar, er landssjóður tók á sig áhættuna*, sem og skylt var.

Og *góða málefnið æ það*, **sem gott er, að hafa liðið fyrir**; — hefir þá og sín **umbun**, fyrr eða síðar, í för með sjer, og getur þá og á þann háttinn æ orðið landinu, og öllum, til **ómetanlegrar** sí-blessunar.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál, en mæli sem best með því, að frumvarpið og breytingatillögur meiri hluta nefndarinnar fái fram að ganga.

Björn Kristjánsson: Því miður hefi jeg ekki vit á þessu máli sem skyldi, en jeg tel það vafasamt, að það sje rjett, að landssjóður taki að sjer þessa ábyrgð, sem hjer er farið fram á, og því er mjer mjög illa við, ef á að fella burtu ákvæðið í gildandi lögum um það, að endurtryggja skuli í útlendum fjelögum. Í öðrum löndum er þessu víst venjulega hagað á alt annan hátt; þar eru hlutafjelög, sem taka að sjer brunatryggingar. Þessi hlutafjelög eru öll stofnuð með litlu fje, en stækka svo smátt og smátt, eftir því sem þeim vex fiskur um hrygg. Jeg veit ekki hvort það er rjett, en mjer hefir fundist jeg finna það á ummælum manna hjer í deildinni, að menn haldi, að það þurfi margar miljónir til þess, að stofna slíkt fjelag. Þetta er algjör misskilningur.

Fjelögin eru venjulega stofnuð á þann hátt, að svo og svo miklu hlutafje er lofað, en svo er ekki borgað inn nema $^1/_5$ hluti af upphæðinni. Jeg gæti, máli mínu til sönnunar, nefnt mörg fjelög, sem stofnuð eru á þenna hátt, og eru þó nú orðin stórrík. Jeg er viss um það, að ef við förum eins að, þá getum við vel stofnað slíkt fjelag hjer á landi. Ef landssjóður tæki stóran hlut í fjelaginu, þá er jeg viss um, að margir menn mundu vekjast upp, sem einnig vildu taka hlut. Með þessu lagi fengjum við sjóð í landinu, peninga en ekki ábyrgðir. Samkvæmt reynslu annara þjóða er óhætt að fullyrða, að 20% af lofuðu hlutafje er nægilegt, til þess að tryggja það, að fjelagið fari ekki um koll, og árstekjur fjelagsins mundu venjulegast nægja, til þess að borga alla bruna. Þetta er miklu rjettari leið en sú, sem frumvarpið bendir til að farin verði, og mjer finst að við ættum ekki nú að stofna fjelag með sameiginlegri ábyrgð, og því síður ættum við að fella burtu úr núgildandi lögum ákvæðið um endurtrygginguna. Í raun og veru hefir landssjóður ekkert handbært fje nú, til þess að taka að sjer slíka ábyrgð, sem þá honum er ætluð með þessu frumv. Mjer kemur, eins og jeg hefi áður sagt, málið þannig fyrir sjónir, að best verði að stofna stæðilegt innlent fjelag, og jeg er viss um, að það fjelag yrði gróðafyrirtæki.

Af þessu, sem jeg hefi nú sagt, geta menn sjeð það, að jeg mun greiða þeirri rökstuddu dagskrá, sem háttv. minni hl. ber fram, atkvæði mitt. Ábyrgðir, sem landssjóður gengur í, bæta ekki lánstraust landsins. Það er miklu betra fyrir landið, að borga út beinharða peninga, heldur en ganga í ábyrgðir. Annars skal jeg geta þess, að jeg hefi miklu meiri tilhneigingu til þess, að styðja að innlendum »Assurance« fyrir íslensk skip en hús. Áhættan við að tryggja íslensku skipin er miklu minni en við að tryggja þau útlendu, og af því leiðir, að við verðum að borga brúsann fyrir útlendu klaufana, sem sigla hjer við land, án þess að þekkja nokkuð strendurnar.

Jeg hefi nú gjört grein fyrir, hvernig jeg mun greiða atkvæði. Jeg vil láta vísa málinu til stjórnarinnar; raunar treysti jeg henni ekki til þess, að íhuga málið svo í nokkru lagi sje, en jeg treysti því, að hún útvegi sjer þá hjálp, sem til þess þarf.

Matthías Ólafsson: Mig langar til, að bæta nokkrum orðum við það, sem jeg hefi áður sagt. Það, sem okkur greinir á um hjer í deildinni, er það, hvort við eigum aðsetja eða ekki setja. Gestur Pálsson segir einhversstaðar frá mönnum, sem voru að setja bát. Þeir lágu fram á bátinn og nokkrir sögðu: »Jæja, eigum við að setja?« »Jú, ættum við ekki að setja?« sögðu sumir. Þeir þrefuðu um þetta lengi vel, en settu ekki bátinn að heldur. Að endingu kom ólag og tók bátinn úr höndum þeirra og braut hann í spón. Jeg vona að endirinn verði ekki hjá okkur sá, að bátinn okkar flæði í þessu máli hjer í deildinni, en jeg er viss um það, að brunatryggingabátinn flæðir, ef við erum alt af að rannsaka, en finnum aldrei neitt. Annars er það einkennilegt með suma háttv. þingm. hjer í deildinni, að þeir eru óðfúsir á að láta rannsaka sum mál upp aftur og aftur, en önnur mál er ekki komandi við, að þeir vilji láta rannsaka á nokkurn hátt. Get jeg þar bent á meðferð járnbrautarmálsins hjer í deildinni. Mjer virðist þetta mál vera svo undirbúið, að við munum tæpast græða mikið á að bíða lengur.

Ef við verðum fyrir skaða í byrjun, jæja, þá það, þá höfum við rekið okkur á — af skaða verður maður hygginn — og við vitum þá betur en áður, hvað við eigum að laga.

Háttv. framsm. minni hl. (S. E.) óttast það mjög, að húsavirðingarnar verði hafðar svo háar. Jeg óttast ekki mjög, að svo verði; minsta kosti mundu þær ekki hækka við það, að innlendir menn hefðu eftirlit með virðingargjörðunum. Öðru máli er að gegna með ástandið, eins og það er nú. Nú virða menn sjálfir húseignir sínar út um landið, og vátryggja þær svo í útlendum fjelögum. Með þessu er beinlínis lokkað til glæpa, því flestum stendur á sama um þó útlendu fjelögin tapi. Jeg er viss um, að hugsunarháttur margra manna mundi breytast við það, að innlent fjelag kæmist á stofn. Mjer er annars alveg óskiljanleg þessi hræðsla manna við það, að við töpum á því, að vátryggja eignir okkar sjálfir. Af hverju halda menn, að útlendu ábyrgðarfjelögin vilji taka að sjer að tryggja eignir okkar fyrir brunahættu? Það er auðvitað af því, að þeim er það stór gróðavegur.

Það var spurt að því áðan, hvort landssjóður eigi að fara spekulera. Má jeg þá slá fram annari spurningu: Hve nær gjörir landssjóður nokkuð, sem ekki er spekulation? Auðvitað aldrei. Þegar þingið veitir fje úr landssjóði til einhverra fyrirtækja, þá fylgir því alt af nokkur áhætta. Við vitum ekki nema svo kunni að fara, að fjárveitingarnar verði að engum notum.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lagði skynsamlega og rjett til þessara mála. Hann finnur til þess, hvílík hörmung það er, að láta það viðgangast, að ár eftir ár streymi stórfje út úr landinu til þessara ábyrgðarfjelaga, í stað þess að stofna innlent ábyrgðarfjelag, sem landið mundi græða mikið fje á, að minsta kosti svo framarlega, sem ekki bæri því tíðari og meiri óhöpp að höndum.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) áleit, að önnur ábyrgð ætti að ganga fyrir þessari, nefnilega ábyrgð á skipum, því að það myndi borga sig betur. Jú, það er mikið rjett, en það er ekki svo að skilja, að flutningsmennirnir hafi ekki athugað þetta. Flutningsmenn vildu fara til málsaðilja og vita, hvað þeir legðu til þessa máls. Við kölluðum því helstu útgjörðarmenn hjer á fund okkar, og bárum þetta undir þá, en þeir kváðust þá ekkert hafa um málið hugsað. Lofuðu þeir að kalla saman fund meðal útgjörðarmanna, til þess að ræða málið. Eftir sex vikur fengum við svo svar frá þeim, og hverju ætli þeir hafi svo svarað? Jú, viti menn, svarið var á þá leið, að þeir álitu málið ekki tímabært. Það er því ekki annað sýnna en að hundruðum þúsunda verði ausið út úr landinu mörg ár enn í þessu skyni. Þó farið verði að spyrja landsmenn um þetta, er ekki við því að búast, að þeir geti, fremur en við, sagt hvað rjett er í þessu máli.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hjelt, að það væri heppilegast, að hlutafjelag byrjaði á þessum tryggingum með ábyrgð landssjóðs, og skildi jeg hann svo, að með því móti teldi hann það gróðaveg. Mjer er ómögulegt að skilja, hvernig þetta ætti fremur að vera gróðafyrirtæki fyrir einstaka menn, heldur en fyrir landssjóðinn. Eins og jeg hefi áður tekið fram, munu útlendu ábyrgðarfjelögin ekki hafa haft skaða á ábyrgðunum. Þau sæktu naumast eins mikið eftir ábyrgðum, eins og þau gjöra, ef þau hefði skaða á því.

Jeg vona, að háttv. deild láti nú þetta mál ganga áfram, ekki einungis til 3. umræðu, heldur og til efri deildar. Það

má ekki lengur dragast, að hefjast handa í þessu máli, því að hvert árið, sem líður, án þess nokkuð sje í þessu gjört, er bláber skaði fyrir landið.

Jeg verð að leggja mikla áherslu á það, að það er hreinn og beinn álitshnekkir fyrir okkur, að hafa ekki tekið þetta mál upp, því að það getur ekki heitið sæmilegt fyrir fátækt land, að fleygja frá sjer árlega stórfje í erlend gróðafjelög, í stað þess að stofna nú innlent ábyrgðarfjelag, sem landið gæti stórgrætt á.

Framsögum. minni hl. (Sig. Eggerz): Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að það væri ekki ástæða til að vera neitt hræddur í þessu máli. Þetta er að eins almenn athugasemd, sem hann leitaðist ekki við að byggja á rökum, því að hitt mintist hann ekki á, hvort af þessu gæti leitt hættu fyrir landssjóðinn. Yfirleitt varð jeg ekki var við, að það kæmi neitt nýtt fram í ræðu hans, sem ástæða væri til að minnast á. Hann talaði um, að svo framarlega sem þessari ábyrgð væri fyrirkomið á þá leið, sem hugsað væri í frumv., þá væri sjálfsagt, að virðingarmenn væru skipaðir, til að gjöra virðingar undir eiðstilboð. Jeg vil leyfa mjer að minna hann á, að nú virða virðingarmenn undir drengskaparheit, sem komið er í staðinn fyrir eiðinn. *(Matthías Ólafsson:* Hjer í Reykjavík). Einnig úti um land; það er alstaðar heimtað. *(Matthías Ólafsson:* Það er ekki virt til brunabóta úti um land). Jú, það er mjög víða gjört. Í þeirri sýslu, sem jeg er kunnugastur, er fjöldi húsa virtur til brunabóta. *((Matthías Ólafsson*: Hjá hvaða fjelögum?). Hjá ýmsum fjelögum, t. d. því, sem bankastjóri Sighvatur Bjarnason hefir umboð fyrir.

Háttv. þingmaður var að tala um, hve nær landssjóður spekúleraði og hvenær ekki. Jeg held að það sje töluverður vandi, að segja um það, en jeg vil segja, að þetta eigi ekki að vera »spekúlations«-fyrirtæki. Það er enginn vafi á því, að svo framarlega sem landssjóður tekur að sjer brunabótaábyrgð, þá minkar tiltrú hans. *(Matthías Ólafsson:* Uss-uss-uss). Það er ekki nóg að segja uss, því að það er gefið, að það gengur svona til, bæði um einstaka menn og stofnanir, að þeir, sem hafa með höndum áhættu, sem ekki er hægt að reikna út, missa traust að sama skapi og áhættan vex, tiltrúin minkar.

Jeg held því fast fram, að það má ekki hleypa landssjóðnum inn í slík »spekúlations«-fyrirtæki, að minsta kosti ekki fyr en málið hefir verið rækilega rannsakað, svo að menn gangi ekki gruflandi að því, hvað gjöra beri. Ef það er rjett, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) tók fram, að það sje ekki áhætta fyrir landssjóðinn, að leggja út í þetta, heldur sje hjer miklu fremur um gróðafyrirtæki að ræða, þá er ógnarlega hægt að komast út úr málinu á annan hátt, með því að húseigendur ábyrgist með gagnkvæmri ábyrgð hver hjá öðrum. Svo framarlega sem það er rjett, að þetta sje áhættulítið, þá mætti koma því fyrir á þenna hátt.

Annars voru þær skrítnar, allar þessar athugasemdir í ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um lyftistangir o. s. frv. o. s. frv. Jeg sje ekki betur, en að bæði meiri hlutinn og minni hlutinn vilji að málið gangi áfram. Ágreiningurinn er að eins sá, að minni hlutinn vill rannsaka málið betur, og fara að engu óðslega, og það er mjög eðlilegt, þegar til þess er litið, að hjer í háttv. deild hefir enginn maður nokkurn snefil af sjerþekkingu í þessu máli. Þegar verið er að tala um að setja á stað fyrirtæki, sem útheimtir sjerþekkingu, þá má það furðulegt heita, að þeir menn, sem vant-

ar alla sjerþekkingu, skuli ekki vilja láta setja það á stofn einmitt á grundvelli sjerþekkingarinnar. Mjer er ómögulegt að skilja, að það hafi verulega þýðingu fyrir þetta mál, hvort það er sett á stað nú á þessu þingi eða látið bíða næsta þings. Jeg skil ekki, að því liggi svo á, að það geti ekki beðið 1—2 ár, svo að hægt sje að setja það á stofn á skynsamlegan hátt. Og því fremur væri ástæða fyrir þingið til að krefjast þess, að málið yrði sem best rannsakað, þar sem það er vitanlegt, að hvergi nokkurstaðar, hvar sem leitað er á bygðu bóli, eru til landstryggingar. Reynslan sýnir, að menn hafa ekki viljað láta ríkissjóðina lenda í brunahættunni. Mig stórfurðar á því, að menn skuli hrista höfuðið yfir því, að jeg vil skjóta þessu máli undir dóm sjerfræðinga, því að það hlýtur að hafa stórverulega þýðingu fyrir málið, að það sje sett á stað á rjettum grundvelli.

Jeg vona fastlega, að allir varfærnir menn, og allir þeir, sem vilja þessu máli vel, stuðli að því, að það verði sett á stofn á grundvelli sjerþekkingarinnar.

Út af orðum hæstv. ráðherra, þar sem hann tók það fram, að hann treysti sjer ekki til að undirbúa þetta mál, og óskaði, að því yrði vísað til undirbúnings til manna, sem hefðu sjerþekkingu á því, skal jeg leyfa mjer að lýsa yfir því, að jeg mun ekki draga úr því, að stjórnin fengi nægilegt fje til að láta rannsaka það sem best, og jeg vona, að sem flestir háttv. þingdeildarmenn segi slíkt hið sama.

Framsögum. meiri hl. (Magnús Kristjánsson): Það er að eins örlítið, sem jeg ætla að leggja til málanna í þetta sinn. Jeg var farinn að vona, að jeg kæmist hjá því að standa upp aftur, en úr því að það gat ekki orðið, skal jeg lofa því, að vera stuttorður. Okkur framsögumönnunum hefir tekist að tala nokkurn veginn hógværlega um þetta mál að þessu, en háttv. framsögumaður minni hlutans (S. E.) fór að hitna töluvert í ræðulokin. Þó vona jeg að sá hiti líði bráðlega hjá.

Jeg skal leyfa mjer að byrja á að athuga nokkuð ræðu hans. Hann bygði mikið á því, að hjer vantaði algjörlega sjerþekkingu í þessum efnum, og sagði, að það væri óforsvaranlegt, að gjöra nokkuð í málinu, áður en sjerþekking væri fengin. En þetta er ekki allskostar rjett, vegna þess, að við undirbúning þessa máls fyrir þingið 1907 leitaði stjórnin upplýsinga til bestu sjerfræðinga, sem kostur var á, ekki hjer á landi, heldur erlendis, og það hjá mönnum, sem ekki voru á nokkurn hátt viðriðnir hin útlendu ábyrgðarfjelög, sem hjer starfa. Stjórnin mun hafa snúið sjer til þessara manna einmitt af þeirri ástæðu, að hún hafi búist við, að hætta gæti verið á, ef hún leitaði til þeirra manna, sem á einhvern hátt væru riðnir við þau fjelög, sem hafa okrað á okkur, að þeir myndu gjöra alt hugsanlegt til að stuðla að því, að sú skoðun ríkti hjer framvegis, sem gjörði það að verkum, að við flytum sofandi áfram í þessu máli, eins og sumir álíta nú heppilegast.

Jeg ætla að geta þess hjer, að það hefir komið fram töluverður misskilningur á nefndarálitinu og brtt., og furðaði mig það stórlega, því að það er ekki einasta háttv. framsm. minni hl. (S. E.), sem á þessu hefir flaskað, heldur og ýmsir fleiri. En það eru í rauninni ekki veruleg atriði. Þeir halda því fram, að því sje slegið föstu í nefndaráliti meiri hlutans, að iðgjaldið eigi að vera $^1/_2$%. Það er mjög fjarri því, að svo sje, en þar er að eins bent á, að það myndi ekki vera mjög óvarlegt að hafa þetta gjald, og það var álit nefnd-

arinnar, að gjaldið ætti að vera eitthvað lægra en það hefir verið hjá hinum útlendu fjelögum.

Háttv. frsm. minni hl. (S. E.) hefir lagt mikið upp úr fyrirkomulaginu á Þýskalandi, þar sem hann segir að ríkið hafi ekki annað með þetta að gjöra en að innheimta gjöldin. Jeg er ekki viss um að þetta sje rjett skýrt frá. Mjer er það óskiljanlegt, hvers vegna ríkið ætti að hafa á hendi innheimtu fyrir einstaka menn. Mjer finst háttv. frsm. minni hl. (S. E.) ætti ekki að draga þetta fram sem fyrirmynd. Mjer skilst á honum, að þessi þjóð ætti að vera sjálfri sjer nóg í flestu, og þá ekki síður í þessu en öðru. Jeg verð nú að segja það, að með því fyrirkomulagi, sem hjer er gjört ráð fyrir, álít jeg, að frumv. sje forsvaranlega undirbúið, eins og það liggur fyrir. Hann vildi gjöra mikið úr áhættunni, en að því er það snertir, skal jeg í bráðina láta mjer nægja að vísa til þeirra orða, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) viðhafði fyrir skemstu.

Þá mintist háttv. framsm. minni hl. (S. E.) á það, að það gæti komið fyrir, að hætta stafaði af því, að útlendu fjelögin neituðu að taka lausafjártryggingar, ef innlent fjelag hefði húsatryggingarnar. Jeg gjöri nú ekki mikið úr því. Jeg býst við, ef einhver innlendur maður yrði svo lítilþægur, að vilja skifta við þessi útlendu fjelög, þá tækju þau því með þökkum. En viðvíkjandi því, sem hann sagði, að það væri óforsvaranlegt, að spekúlera með landssjóðinn á þennan hátt, verð jeg að segja, að jeg álít að honum hafi ekki verið full alvara, heldur hafi hann ekki hugsað út í það, að þetta getur ekki talist »spekúlation«, þótt landsmenn verði losaðir við að búa undir einokun í fjöldamörg ár. Við nánari athugun vænti jeg, að hann sjái, að þetta nær ekki nokkurri átt hjá honum. Sje jeg svo ekki ástæðu til að vera að eltast við þetta lengur; en áður en jeg setst niður, skal jeg víkja að því, að jeg er þakklátur háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf í málinu. Jeg get ekki betur sjeð en að þær hafi gengið eingöngu í þá átt, að styðja málstað meiri hlutans, enda þótt hann benti á aðra aðferð, sem honum þykir hagkvæmari, en jeg fyrir mitt leyti get fallist á að sje betri, nefnilega þá aðferð, að stofna sjestakt hlutafjelag, sem landssjóður leggi þó til stórfje. Jeg hygg, að það væri undir öllum kringumstæðum eðlilegast, eins og gjört er ráð fyrir, með því fyrirkomulagi, sem hjer er stungið upp á, að hver einstaklingur nyti hagnaðar eftir hlutdeild sinni, og bæri um leið áhættuna í rjettu hlutfalli við aðra.

Hátttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sýndi fram á það með rökum, að öll þau útlendu ábyrgðarfjelög, sem hjer hafa starfað, hafi stórgrætt, svo að þau hafi ekki þurft að leggja fram nema lítinn hluta hlutafjárins, vegna þess, að innborguð iðgjöld hafa nægt til að standa straum af útgjöldunum. Þetta eru svo mikilsverðar upplýsingar, að jeg vænti, að allir geti nú sjeð, að hjer er ekki ógætilega af stað farið. Eitt þótti mjer undarlegt í ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), þegar hann kveðst kunna illa við sameiginlega ábyrgð fyrir vátryggingunni. Ef jeg man rjett, þá kunni hann ekki illa við þetta, þegar veðdeildarlögin voru síðast á ferðinni. Þá áleit hann þetta fyrirkomulag gott, því að það gæfi brjefunum meira gildi í útlöndum. Þá mintist sami háttv. þm. á það, að ef til vildi væri rjettast að láta innlenda skipaábyrgð ganga fyrir. Jeg álít þó, að rjett sje að láta í þessu efni fyrst um sinn nægja með Samábyrgðina, sem er góður vísir til skipaábyrgð-

arfjelags. Hvað þetta innlenda ábyrgðarfjelag snertir, álít jeg, að með stofnun Samábyrgðarinnar sje stigið stórt spor í rjetta átt, því að jeg verð að álíta, að áhættan sje meiri á sjó en landi, og var því rjett að byrja á skipaábyrgðinni, og sjá hvernig sú tilraun gengi áður en lengra væri farið.

Jeg hefi lofað að vera stuttorður, og þótt margt hafi verið tekið fram, sem jeg hefði viljað svara, þá er jeg nú svo gjörður, að jeg vil ekki tala lengur nje oftar en nauðsyn krefur, og skal hjer því staðar numið.

Framsm. minni hl. (Sigurður Eggerz: Mjer skildist svo á ræðu háttv. þm. Ak. (M. K.), að honum fyndist jeg tala af óstillingu í síðustu ræðu minni. Mig furðar á þeirri athugasemd, því að jeg býst við, að þó að leitað verði í gegn um allar ræður mínar í þessu máli, þá muni örðugt að finna hnútukastið. Á hinn bóginn þykist jeg vita, að ekki sje örgrant um það, að ýmsir hafi varpað hnútum að mjer. En vondur málstaður verður ekki betri, þó hnútum sje raðað í kringum hann, og góður málstaður deyr ekki, þó hnútur skelli á honum.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) talaði um það, að svo gæti farið, ef stjórninni væri falið að fá sjerfróðan mann til að rannsaka þetta, að þá fengi hún sjer sennilega útlending, en hann yrði að sjálfsögðu bundinn af hagsmunum erlendra fjelaga. Rjett er þetta hjá hv. frsm. meiri hl., að erlendi maðurinn gæti verið hagsmunabundinn, en fyrir þetta verður siglt með því, að fela innlendum manni rannsóknina. Við eigum ýmsa menn, sem eru fróðir um þessa hluti, og væru þeir ekki nógu fróðir um einhver atriði, gætu þeir kynt sjer málið betur.

Sami háttv. þm. (M. K.) talaði um það, að menn mættu ekki vera sofandi. Jeg fæ ekki sjeð með hvaða rjetti hann talar um svefn, þó að jeg vilji vísa þessu og öðrum jafn mikilvægum málum til stjórnarinnar, til þess að þau sjeu athuguð gaumgæfilega. En hitt er með miklu meiri rjetti hægt að kalla andvaraleysi, að vilja afgreiða málið í flaustri og án allrar íhugunar.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) talaði um, að mjer skjátlaðist viðvíkjandi $^1/_2$% gjaldinu. Þetta er ekki rjett. Jeg hefi aldrei lýst því yfir, að $^1/_2$% væri ákveðið í frumvarpinu, en jeg hefi að eins talað um tillögu þá, sem háttv. meiri hluti gjörir í nefndarálitinu um þetta atriði. Og jeg stend við það, að það væri ekki undir neinum kringumstæðum nein forsjá í því, að að setja gjaldið svo lágt, þó það kunni að hljóma vel í eyrum vátryggjanda, því fyrirsjáanlegt er, að brunatjón á landinu mundu nema meira en hjer um bil 40 þús. kr. á ári; að minsta kosti þarf ekki mikla stórbruna til þess.

Meiri hlutinn gjörir lítið úr því, að nokkrar verulegar breytingar sjeu í frumv. á lögunum frá 1907. En þetta er misskilningur; breytingin er gífurleg; því að lögin frá 1907 eru bygð á þeim grundvelli, að endurtrygging eigi að vera eða á þeim vísindalega viðurkenda vátryggingargrundvelli, en hjer er því slept burt. En hvernig ætli standi á því, að erlend fjelög heimta endurtryggingu, þar sem þau fá þó lægri iðgjöld fyrir bragðið? Ástæðan er sú, að þau treysta sjer ekki af eigin mætti, að taka áhættuna alla, af því hún er svo óútreiknanleg.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) virtist vísa, sínu máli til stuðnings, til ummæla hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), en jeg hygg, að þau ummæli, sem hann viðhafði um málið, styðji skoðun minni hlutans, því jeg heyrði ekki betur en að geigur væri í honum við það, að fara þessa nýju óreyndu leiðir rannsóknarlaust, en

hins vegar benti hann á þær leiðir, sem annarsstaðar væru farnar í heiminum. Annars er ekki svo að skilja, að þótt mjer þyki þetta varhugavert nú, að jeg kunni ekki að fallast á það, er ítarlegar rannsóknir hafa verð gjörðar, en áður en þær eru fengnar vil jeg ekki vera með þessu frumvarpi í þessari mynd, þó grundvallarhugsunin að koma málinu á innlendar hendur sje með öllu rjett.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) mintist á, að skipavátryggingar væru eðlilegar, t. d. togaratryggingar. Jeg er háttv. þm. sammála um, að nauðsynlegt væri að taka enn fremur þessi atriði til íhugunar, því stórfje mun nú sem stendur vera gera greitt fyrir þessar tryggingar, en áhættan hins vegar ekki svo ýkja mikil.

Viðvíkjandi því, er háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að Samábyrgðin hefði gefist vel, þá vil jeg minna hann á, að samábyrgðir hjer á landi hafa fylgt líkri grundvallarreglu og annarsstaðar á sjer stað í heiminum, þeirri reglu, að endurtryggja annars staðar.

Jeg vil svo ógjarnan taka oftar til máls. Jeg þykist hafa gjört skyldu mína, að benda á áhættuna, og ekkert annað hefir fyrir mjer vakað en að fara gætilega, en innilega er jeg sannfærður um, að málið á að komast á innlendar hendur; en betri er krókur en kelda; betra að byrja ári seinna með forsjálnina í stafni, heldur en að byrja strax og láta teningana ráða.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi lengi verið þeirrar skoðunar, að öll ábyrgðarfjelög ættu að vera innlend, og jeg vænti þess, að það geti komið fram í umræðunum um þingsályktunartillögu þá, sem er hjer síðar á dagskrá.

Hjer er nú deilt um það eitt, hvort hyggilegt sje, að gjöra breytingar á lögunum frá 1907, áður en rannsókn sje gjörð. Mín skoðun er sú, að við getum óhræddir sett innlend vátryggingarfjelög á stofn, og það undir eins, og það af þeirri einföldu ástæðu, sem einhver af flutningsmönnum frumv. sagði — jeg held það hafi verið háttv. þm. Ak. (M. K.), — að óðara en hjer eru komin á stofn innlend vátryggingarfjelög og hætt verður við, að vátryggja í þeim erlendu, þá takast þau endurtrygginguna á hendur, og verða fegin. Það er því varla trúanlegt, að ef innlend fjelög yrðu sett á stofn, að ábyrgðin kæmi landinu í koll á þeim stutta tíma, frá því fjelögin tæku til starfa og þar til endurtryggingin fengist. Hjer virðist því, að verið sje að togast um keisarans skegg. Jeg mun því greiða atkvæði með frumvarpinu, en það byggist þó á því, að þingsályktunartillagan verði samþykt, svo að rannsókn verði gjörð áður en til framkvæmda kemur, en jeg áskil einnig, að sú rannsókn verði hafin sem allra fyrst.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin (frá Sig. Eggerz, sjá A. 557) feld með 16 : 4 atkv.

Brtt. 442,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 442,2 (1. gr. verður 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr. þar með samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 442,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. þar með fallin.

Brtt. 442,4 samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. þar með fallin.

Brtt. 442,5 (ný gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 442,6 (ný gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 442,7 (4. gr. verði 7. gr.) samþ. án atkvgr.

4. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Brtt. 442,8 (ný gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 442,9 (5. gr. verði 8. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 553).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 601).

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóvember 1907, um stofnun brunabótafjelags Íslands,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 938).

Á 60. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. september, var frv. tekið til einnar umr. (A. 938, n. 982).

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að háttv. þm. Borgf. (H. S.) hefir fengið heimfararleyfi af þingi og að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir fengið leyfi til fjarvistar í dag.

Áður en gengið var til dagskrár leitaði forseti, að fengnu samþykki ráðherra, leyfis deildarinnar til afbrigða frá þingsköpunum um þetta mál, vegna þess, að nefndarálit um það hafði ekki legið nógu lengi frammi. Veitti deildin það með öllum þorra atkvæða.

Framsögum. meiri hl. (Magnús Kristjánsson): Eins og nefndarálitið ber með sjer hefir háttv. Ed. tekið vel og viturlega í þetta mál. Hún er í aðalatriðunum samþykk þessari hv. deild, og lætur þess getið, að hjer sje um þýðingarmikið nauðsynjamál að ræða, sem brýn þörf sje á að nái fram að ganga.

Háttv. Ed. hefir þó gjört tvær breytingar á frumvarpinu. Hún gengur feti framar í að ljetta undir með almenningi með að tryggja lausafje í fjelaginu. Háttv. Nd. vildi, eins og kunnugt er, takmarka hve mikið lausafje mætti tryggja í fjelaginu, en Ed. hefir álitið fulllangt gengið í því efni, og meiri hl. nefndarinnar hjer er henni sammála um það. Af þessu getur engin veruleg hætta stafað fyrir fjelagið, að minsta kosti ekki frá sjónarmiði þeirra manna, sem hafa trú á fyrirtækinu.

Breytingar þær, sem orðið hafa á frv., eru aðallega þær, að í stað þess, sem háttv. Nd. samþykti, að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár, sem trygð væri í fjelaginu, mætti aldrei nema meira en $^1/_5$ hluta af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa, þá hefir Ed. sett $^1/_3$ hluta. Önnur breytingin er um einstakar vátryggingarupphæðir lausafjár. Eftir frumv., eins og það fór frá háttv. efri deild, mátti engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nema meira en 2000 kr., en Ed. breytti þessari upphæði í 6000 kr. Það er því síst hægt að segja, að frumv. sje óaðgengilegra nú. Jeg tel báðar þessar breytingar til bóta.

Áður en jeg setst niður, vil jeg taka það fram, að menn geta ekki búist við því, að mál þetta komist bráðlega til framkvæmda. Stjórnin þarf mikinn tíma til að koma öllu í kring, sem gjöra

þarf, áður en fjelagið tekur til starfa. Hún þarf að gjöra ítarlegar tilraunir til að fá samninga við önnur fjelög um endurtryggingu. Þó að ekki takist að ná samningum við nokkurt af þeim fjelögum, sem hafa rekið þessa starfsemi hjer á landi til þessa, þá tel jeg ekki ólíklegt, að hægt sje að fá önnur fjelög til að endurtryggja, t. d. í Ameríku, þegar sýnt er, að þetta fjelag tekur til starfa hvort sem er. Jeg vona að hv. stjórn taki þetta atriði til rækilegrar yfirvegunar.

Annað atriði, sem jeg vildi taka fram, er það, að menn mega ekki gjöra ráð fyrir, að allar vátryggingarskyldar eignir gangi í fjelagið, undir eins og það tekur til starfa. Það verður að haga svo til, að þeir, sem hafa samið um vátryggingar hjá öðrum, gangi ekki inn í fjelagið fyrr en tryggingartími þeirra hjá hinum er útrunninn. Þessu verður að haga svo, til þess að menn þurfi ekki að greiða tvöfalt tryggingargjald. Þetta þarf háttv. stjórn jafnframt að hafa fyrir augum.

Jeg vona að frv. fái góðar undirtektir hjer í deildinni eins og fyrri. Raunar eru margir þingmenn fjarverandi í dag, en jeg vona, að það hafi ekki áhrif á úrslit málsins.

Framsm. minni hl (Sigurður Eggerz): Jeg ætla mjer ekki að lengja umræðurnar í dag um þetta mál. Jeg vil að eins leyfa mjer að taka í sama strenginn og háttv. framsm. meiri hlutans (M. K.), að skora á hæstv. ráðherra að gjöra alt, sem í hans valdi stendur, til þess að fá endurtrygging fyrir fjelagið. Að öðru leyti get jeg vísað til þess, sem jeg sagði við 2. umr. hjer í deildinni. Jeg mun greiða atkvæði á móti frumv. nú eins þá, af því að jeg er hræddur um að endurtrygging fáist ekki.

Jeg vil einnig vekja athygli á því, að það er að sumu leyti kostur, að nokkur hluti eignanna sje í sjálfsábyrgð, ef hægt er að reiða sig á virðingu þeirra og mat, því að það dregur úr áhættunni. En það er líka ókostur, að því leyti, að landsmenn geta ekki trygt eignir sínar til fulls. Þetta er töluverður ókostur, t. d. um dýr hús, að viss hluti þeirra skuli ekki geta fengist vátrygður.

Jeg vil að lokum endurtaka áskorun mína til stjórnarinnar, um að gjöra alt sem hún getur, til þess að fá endurtrygginguna.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 16 : 3 atkv. og afgreitt

sem lög frá Alþingi.

(Sjá A. 1000).

---

33. Steinolíusala o. fl.

Á 51. fundi í Nd., langardaginn 4. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á steinolíu, bensíni og áburðarolíu. (A. 760).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. sept., var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson): Þetta mál er svo ljóst og skýrt, að jeg skil ekki annað en háttv. þingdeildarmenn sjái, að hjer er um nauðsynjamál að ræða fyrir sjávarútveginn. Vænti jeg því, að deildin leyfi að málið sje tekið fyrir.

Forseti leitaði síðan, að fengnu leyfi ráðherra, samþykkis deildarinnar, til þess að frumv. yrði tekið fyrir. Var það leyft með öllum þorra atkvæða.

Flutnm. (Matthías Ólafsson): Eins og mönnum er kunnugt, er steinolía seld í pottatali eða ílátatali. Þetta er óhæfilegt, því að ílát eiga ekki saman nema að nafninu, en eru þó seld jöfnu verði, hvort þau eru stór eða lítil, væn eða ljeleg, og getur oft skakkað miklu á vigt tveggja íláta, sem seld eru sama verði.

Það virðist því vera ástæða til að selja steinolíu og þær aðrar tegundir, sem í frumv. eru tiltektnar, eftir vigt eins og í öðrum löndum.

Hin ákvæðin í frumv. eru til þess, að kaupendur geti sjeð frá hvaða firma, fjelagi eða einstaka manni vörurnar eru, sömuleiðis nafn vörutegundar þeirra, sem ílátið inniheldur, þyngd ílátsins með innihaldi og síðast tölu eða númer ílátsins. Þessi ákvæði eru öll nauðsynleg, til þess að sjá megi af þeim þunga þeirra hvers um sig, svo að ekki verði um vilst. En þar sem eigi á að banna að selja þessar vörur í smásölu, eru þessi ákvæði ekki látin gilda um minni ílát, t. d. blikkbrúsa o. s. frv.

En til þess að tryggja kaupendum rjett þeirra, ef misbrúkun eða svik yrðu viðhöfð, þá er það ákvæði sett í frumv., að hverjum sölureikningi skuli fylgja sundurliðun yfir hvert ílát, þar sem tilgreind sje: 1) tala (númer) ílátsins, 2) nafn tegundarinnar, 3) þyngd ílátsins með innihaldi, 4) þyngd ílátsins sjálfs og 5) þyngd innihaldsins.

Ef seld væri ódýr vara undir nafni dýrari vöru, þá mætti segja að vantaði ákvæði um refsingu á því; en jeg býst ekki við, að þess mundi þurfa, því að jeg leit svo á, að brot á þessu heyrði undir hegningarlögin. En ekki er það svo að skilja, að ekki sje örgrant að þetta hafi komið fyrir hjer á landi.

Jeg lít svo á, að frumvaryið sje svo skýrt, að nefnd þurfi ekki að fjalla um það. Vænti jeg svo, að því verði vel tekið og vísað til 2. umr.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 760).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að taka frumv. til umr., og voru þau leyfð og samþ.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2., 3., 4. og 5. gr. samþ. með 16 samhlj. atkvæðum.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. sept., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 760).

Forseti leitaði enn leyfis til afbrigða frá þingsköpum, til þess að taka frv. fyrir, og voru þau leyfð og samþykt.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 15. shlj. atkv., og afgreitt til Ed.

(A. 826).

---

34. Sveitarstjórnarlagabreyting.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 26. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lög-

um nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905. (A. 556).

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Mál þetta er of seint fram komið; verður því að leita leyfis hæstv. ráðherra, til þess að það sje tekið til umræðu með afbrigðum frá þingsköpunum, og samþykkis deildarinnar.

Að fengnu leyfi ráðherra var leitað atkvæða um það, hvort málið skyldi tekið til umræðu, og var það samþykt með 16 shlj. atkv,

Forseti: Málið liggur þá fyrir til umræðu.

Flutnm. (Stefán Stefánsson): Jeg þakka háttv. deild, að leyft var að taka frumvarpið til umræðu. En ástæðan til þess, að jeg kem fram með þetta frumvarp, er sú, að á síðasta þingi var samþykt þingsályktunartillaga, og var stjórninni falið, að undirbúa frumvarp til laga, þar sem heimilað væri, að leggja sveitarútsvar á þá atvinnu útlendra skipa við verkun á síld, er fer fram hjer á höfnum inni eða í landhelgi, þeirrar er þau flytja síðan út á stærri skipum sínum, að loknum veiðitímanum. Að þessu hefir ekki verið unnið af stjórninni, og því sje jeg mig neyddan til, að koma fram með þetta litla frumvarp, sem á að stuðla að því, að koma meira jafnrjetti á meðal útlendra síldarútvegsmanna hjer við land en enn þá hefir átt sjer stað.

Frumvarp þetta hefi jeg flutt, eins og líka þingsályktunartillöguna á síðasta þingi, eftir ósk Siglfirðinga, sem mjög hart hafa orðið úti nú um nokkur ár, einmitt af þessum atvinnurekstri útlendinga, aðallega Norðmanna. Nú í sumar hafa legið með allra fiesta móti slíkra skipa á Siglufjarðarhöfn, sem taka á móti síldinni úr veiðiskipunum, verka hana þar að öllu leyti, flytja hana síðan utan, og greiða enga krónu til sveitarþarfa. Aftur eru aðrir útlendingar, sem hafa bygt bryggjur og stór geymsluhús á Siglufirði, og ýmislegt þar fleira til þarfa unnið, sem verða að greiða allhá sveitarútsvör, enda þótt þeir hafi færri skip og minni útveg. Þessir menn eru því sáróánægðir yfir því, að þessi aðskotadýr og keppinautar þeirra, bæði við veiðiskapinn og síldarkaupin, sem leggja margfalt minna í kostnað, skuli sleppa við öll sveitargjöld. Enda hafa þeir útlendu, búsettu síldveiðamenn á Siglufirði sent umkvartanir yfir þessu til stjórnarráðsins og spurst fyrir um, hvort ekki mætti leggja útsvar á þennan útlenda atvinnurekstur. En svar hafa þeir enn ekki fengið.

Því óska jeg nú þess, að frumvarpið nái fram að ganga, sjái háttv. deild ekki einhverja sjerstaka annmarka á því. Vil jeg því gjöra það að tillögu minni, að frumvarpinu sje vísað til fátækralaganefndarinnar að umræðu lokinni. Til hennar var vísað frumvarpi nýlega um sveitastjórnarmál, og álít jeg ekki illa til fallið, að þetta frumv. yrði sett sem sjertakur viðauki við það frumvarp.

Skal jeg svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál að sinni, en óska, að því sje vísað til þessarar nefndar. Og eins vildi jeg óska þess, að jeg fengi að eiga tal við þá nefnd, svo að jeg gæti skýrt nánar frá, hvernig máli þessu er háttað.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fátækralaganefndar með 15 shlj. atkv., en í henni áttu sæti þeir

Sigurður Sigurðsson,
Jóhann Eyjólfsson,

Þorleifur Jónsson,
Sigurður Gunnarsson,
Hjörtur Snorrason.

ATKVGR.:
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.
(A. 793).

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 3. september, var frv. tekið til 2. umr. (A. 556, n. 700).

Frsm. (Þorl. Jónsson): Jeg skal ekki tala langt mál. Þessu frumv. var vísað til fátækralaganefndar, og mælir nefndin öll með því, að það verði látið ganga fram. Eina nýja ákvæðið í frv. er það, að leggja megi aukaútsvar á þann atvinnurekstur, er afli er verkaður á skipum inni í landhelgi, en ekki í landi. Frumv. er borið fram af háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), enda er þessi atvinnurekstur óvíða, eða hvergi, nema á ýmsum veiðistöðum í hans kjördæmi; en þrátt fyrir það þykir nefndinni ástæða til að samþykkja það. Ef einhver háttv. þm. óskar frekari skýringa á málinu, þá mun háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) vera fús á að gefa þær.

ATKVGR.:
Frumvarpsgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. september, var frv. tekið til 3. umr. (A. 556).
Enginn tók til máls.

35. Verðhækkunartollur.

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 9. september, var útbýtt
Frumvarpi til laga um bráðabirgðaverðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum. (A. 894).
Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 10. september, var frv. tekið til 1. umr. (A. 894, 904, 909).

Forseti leitaði, að fengnu leyfi ráðherra, samþykkis deildarinnar, til þess að málið yrði tekið fyrir, þar sem það var of seint fram komið, svo og um önnur afbrigði, er þurfa þætti til að hraða málinu, og veitti deildin það með öllum þorra atkvæða.

Flutningsm. (Pjetur Jónsson): Þegar annað frumvarp um útflutningsgjald af íslenskum afurðum var felt frá nefnd hjer í deildinni, þá vissi jeg til, að margir, sem voru á móti því frumv., voru óánægðir ef ekkert yrði gjört í málinu. En við umræðurnar um það frumvarp, skaut jeg þeirri hugsun fram, að rjettara hefði verið, að útflutningsgjaldið væri miðað við verðhækkun þá á vörunum, sem orðið hefir fyrir áhrif ófriðarins.

Svo, eftir þennan fund, er frumv. var felt á, tók hæstv. ráðherra sig til, og bjó til uppkast að frumvarpi til verðhækkunartolls. Niðurstaðan er sú, að jeg og fleiri samflokksmenn mínir

komum okkur saman við hæstv. ráðherra, að bræða upp úr uppkastinu frv., og það birtist hjer.

Við, sem gengum í þetta mál, vorum af báðum flokkum framleiðenda, bæði landbúnaðarafurða og sjávarafurða. Við vildum fyrir hönd framleiðenda sýna það, að þeir væru ekki ófúsir á, að láta landssjóði í tje eitthvað af þeim sjerstaka gróða, sem þetta óvenjulega árferði hefir skapað. Og við vildum grípa gæsina meðan hún gefst, því vonandi kemur svona lagaður gróði aldrei framar, og naumast verður skattur lagður á hann síðar, þegar búið er að brúka hann mjög ýmislega. Þetta komum við okkur saman um, en það var ekki eins auðvelt að koma sjer saman um tilhögun gjaldsins. Til þess vantaði ýmsar nauðsynlegar skýrslur, t. d. um vörumagn og vöruverð fyrr og nú o. fl.

Fyrst var að koma sjer saman um hið gjaldfrjálsa verð. Þá reis sú spurning upp fyrir okkur, hvort taka skyldi fleiri ára meðalverð á undan stríðinu og leggja það til grundvallar, eða verðlag varanna rjett á undan stríðinu, eða þá lítið eitt hærra, af því að nú hvíldi aukinn framleiðslukostnaður á vörum þeim, sem tolla á. Þá var heldur ekki vandalaust að ákveða, hversu mikið skyldi leggja á hvern flokk, landbúnaðarafurðir annars vegar og sjávarafurðir hins vegar.

Samkomulagið um hlutföllin og verðið, varð sem næst því verði, er afurðirnar höfðu komist í á undan ófriðnum, eða ríflega það, til þess að tekið væri tillit til aukins framleiðslukostnaðar. Ekki var þetta þó svo mikið, að tekið sje tillit til alls aukins kostnaðar, heldur lítils háttar.

Tilganginum með frumvarpi þessu hefi jeg að nokkru leyti lýst. Það er auðvitað til að auka tekjur landssjóðs. Það, sem vakti fyrir okkur, var tvent. Annað var það, að tilfinnanleg dýrtíð væri í landinu fyrir ýmsa menn, og hitt, athugavert ástand viðsvegar. Þetta getur að vísu ekki orðið leiðrjett af fjárveitingarvaldinu, nema að litlu leyti, en engum vafa er það bundið, að rjett sje, að gjöra eitthvað í þá átt, að landstjórnin og Velferðarnefndin geti haft eitthvert fje handa milli, ef í harðbakkana slær, því að ýmsar ráðstafanir, er stjórn og Velferðarnefndin yrðu þá að gjöra, hlytu að hafa allmikil útgjöld í för með sjer. En hins vegar er það, að aldrei hefir verið eins mikið verðmæti í landinu og nú er. Á þessu sumri hefir afarmikið verið flutt út af íslenskum afurðum, sem hafa verið í gífurlega háu verði, og svo mun og verða í haust og meðan þetta háa verð er á afurðunum. Það væri nú rangt af skattálöguvaldinu, að láta þetta óvenjulega verðmæti ganga sjer alveg úr greipum, þar sem sýnilegur skortur er á fje í landssjóði. Þetta þing verður t. d. að fresta hinu og þessu, svo sem ýmsum vegagjörðum og símalagningum; ýmsar brúargjörðir hafa þvælst fyrir þessu þingi, og ekki komist í fjárlög. En miklu af því, sem í fjárlögin er tekið, er stjórninni heimilað að fresta, ef fjárskortur verður, sem búist er við.

En allar þessar frestanir eru lán hjá framtíðinni, enda væri það hrópleg synd, að láta þessar brúargjörðir, símalagningar o. fl. dragast lengur en til næsta þings.

Loks má benda á það, að þótt svona mikið verðmæti sje nú í landinu á ýmsan hátt, og mikill gróði, þá eru líka margar skuggahliðarnar, og það er víst þetta, sem oft hefir verið vikið að hjer á þinginu, að nú eru hættulegir tímar, og þess vegna er ekki nema ráðlegt, að búa sig vel út gegn hættu, sem að höndum getur borið venju fremur. Jeg og meðflytjendur mínir viljum því grípa

gæsina meðan hún gefst, svo að ekki beri alt undan. »Neyta meðan á nefinu stendur«. Því að það, sem græðist á verðhækkuninni, er ekki alt lagt á kistubotninn. Þessi óvænti gróði gjörir menn stórhuga og eyðslusama. Og ef alt væri látið afskiftalaust nú, yrði ef til vill of seint, að ná skatti af sumu af þessu fje.

Við höfum gjört tilraun til þess, að búa til áætlun um, hversu miklar tekjur myndu fást með þessu móti. Það er ekki svo auðvelt að gjöra nákvæma áætlun um þetta nú, því að mikið af vörunum er nú komið út úr landinu og því ekki hægt að leggja útflutningsgjald á þær. En haldi stríðið áfram, og sama verð verði næsta ár, þá er áætlað, miðað við þetta, er jeg nú sagði, að með sæmilegum útflutningi á kjöti, ull, síld og fiski verði tekjurnar um 370 þús. kr. *(Guðm. Eggerz:* Hversu mikið af þessu er af landbúnaðarafurðunum?). Tæp 120 þús. kr. Það er hlutfallslega meira en af sjávarafurðum, því að ullin fer meira fram úr venjulegu verði en aðrar vörur, og á saltkjöti höfum við meiri verðmun fram yfir venju en á fiski. Og tryggasti skatturinn nú er af kjöti og gærum.

Jeg ætla ekki nú að lýsa þessari áætlun nánar; hægra að gjöra það við 2. umræðu. Verðið má ekki falla mikið til þess að tekjurnar verði litlar. Ef fiskur fellur ofan í 100 kr., síld ofan í 25 kr. og saltkjöt ofan í 100 kr. tunnan, ull t. d. um 50 aura hvert kíló og gærur um 25 hvert kíló, þá yrðu tekjurnar litlar, eða innan við 200 þús. kr. Menn verða að gæta þess, að þessi skattur er verðhækkunarskattur og þar af leiðandi fellur hann alveg sjálfkrafa. Ef verðið fellur, þá hefir hann þann ókost, að tekjurnar minka, en hann hefir líka þann kost, að hann er ekki ranglátur.

Jeg ætla ekki að fara að svo stöddu lengra út í þessa áætlun, en það var eitt atriði enn, sem jeg vildi minnast á.

Við flutningsmenn frumv. höfum ekki viljað ákveða hvernig þessum tekjum skyldi ráðstafað. Við teljum rjett að þær renni beint í landssjóð. Í fám orðum, til að styrkja fjárhaginn. Við bjuggustum við því, að ef ákvæði væri sett í frumv. um það, hvernig verja skyldi tekjunum, þá spilti það eða tefði fyrir málinu og gjörði menn tvíbentari. Þett er því hreint tollafrumvarp, ekki neitt annað.

Það hefir komið fram brtt. á þgskj. 909 frá okkur flutningsm. frumvarpsins. Jeg vil að eins biðja menn að taka það með í reikninginn, að þetta er ekki gjört til annars en að bæta úr vöntun í frv., er það fór til prentunar, og hins vegar, að okkur hafði verið bent á, að það væri ranglátt, að láta tollinn koma niður á mönnum, sem hefðu keypt vöruna áður en frumv. verður að lögum, en væru þó ekki búnir að borga þær nje senda út. Þetta vil jeg biðja menn að athuga, og skoða þetta sem það hefði staðið í frumv. frá upphafi.

Það er liðið á þing og menn eru farnir að vona, að þeir fari að sleppa úr þessu. Mál þetta er seint á ferð. Mig hefir það kostað mikinn tíma og mikið erfiði, svo að jeg hefi ekki getað borið málið undir eins marga þingmenn og jeg vildi. Kraftarnir hafa ekki hrokkið. En jeg vona, að svo gott samkomulag verði um þetta frumvarp, að hægt verði að afgreiða það fljótt. Þingtíminn er orðinn naumur, og gott líka að það geti komist sem fyrst í framkvæmd.

Jeg bið því háttv. forseta að hraða málinu með afbrigðum frá þingsköpunum, ef þess yrði kostur.

Bjarni Jónsson: Það hefir orðið tíðrætt um það, á þessu þingi, hvernig

ástandið sje í landinu. Það væri að bera í bakkafullan lækinn, að bæta nokkru við það. En eitt af því, sem komið hefir fram við það tal, er rjett, og það er það, að einstakir hlutar þjóðarinnar sjeu illa staddir, þeir sem ekki lifa af föstum og háum launum eða hafa ekki neina framleiðslu. Einkum er það þó verkalýður þessa lands. Það er áreiðanlegt, að í Reykjavík og öðrum kaupstöðum er fjöldi manna, sem ástæða er til að ljetta undir, af því að bæði útlendar og innlendar vörur eru í svo gífurlega háu verði. Það er því fremur ástæða til þessa, þar sem viðurkent er, að aðrir flokkar manna í landinu sjeu flestir mjög vel stæðir. — Full ástæða væri til þess, að gefa þeim frest til borgana í veðdeild. En því miður verður erfitt að finna form fyrir því, því að varla er ráðlegt, að gefin sjeu út sjerstök lög um almennan gjaldfrest; þótt það væri nauðsynlegt, þá myndu ýmsir vera því mótfallnir.

Jeg hefi alt af verið því andhverfur, að þingið skelti skolleyrunum við öllum ráðstöfunum viðvíkjandi þessu misæri. Jeg hefi viljað, að stjórn og Velferðarnefnd væri veitt heimild til þess, að sjá þessum mönnum fyrir vörum með hæfilegu verði, og þó ekki með því, að kyrsetja innlendu vöruna, eða leggja óeðlileg og há gjöld á hana. Það er ekki gott að koma því heim og saman, svo að vit sje í.

En landstjórnin á að stuðla að því, að til sje nóg af erlendri vöru í landinu, svo að ekki þurfi að teppa útflutning á íslenskum vörum, sem eru nú í háu verði. Landið á að kaupa sjálft vörur, og gjöra samning við kaupmenn, að þeir birgi sig að vörum, þannig, að allir landshlutar hefðu nóg að bíta og brenna, svo að öllu væri borgið, þó að samgöngur stöðvuðust.

En það var þó langt frá því, er hjer í þessari háttv. deild var rædd tillaga til þingsályktunar um kaup á erlendum matvörum, að því máli væri vel tekið. Það var út frá því gengið, að skipagöngur hingað til lands gætu ekki tepst. »Djúpir eru Íslands álar«, sagði tröllkonan, og eins hygg jeg að Velferðarnefndinni myndi finnast, ef hún ætti að vaða þá, og bera kornið heim, þegar skipin eru ekki lengur fáanleg.

Ef einhverjar innlendar vörutegundir þarf að stöðva, t. d. kjöt og fisk, þá gengi sjálfsagt langur tími í samninga og kaup á vörunni.

Það er nú á valdi stjórnarinnar hvor leiðin er farin, hvort heldur að innlenda varan er kyrsett og keypt handa landsbúum eða keyptur er forði útlendrar matvöru. En hvor leiðin sem farin er, þá þarf stjórnin að hafa fje með höndum, er þingið hefir veitt í því skyni. Annað hvort lánsheimild, ef lán er hægt að fá, eða tekjur. Þetta kostar fje, og því þarf að afla landssjóði fjár á einhvern þann hátt, er ekki riður í bág við almenna skynsemi og rjett.

Nú eru hjer fram komnar tvær stefnur, til þess að afla landssjóði fjár með nýjum tekjugreinum. Önnur stefnan er útflutningstollur. Jeg skal nú geta þess fyrst og fremst, að alment sjeð eru útflutningstollar þeir örgustu tekjustofnar, sem til eru, og ef þeir standa lengi, þá hljóta þeir ætíð að hepta framleiðsluna á einn eða annan hátt. Þetta er líka viðurkent af menningarþjóðunum, og vitlausastir af öllu verða þeir þó í harðæri, því að þeir hitta jafnt ríka og fátæka, og þótt alt af sje ranglátt að leggja gjaldabyrðar á fátæklinga, þá er það þó verst, þegar neyðin kreppir að.

Fyrir nokkrum dögum var nú riðið allgeist úr hlaði hjer í deildinni með frv. í þessa átt, sem var svo úr garði

gjört, að eftir því átti tollurinn að hækka því meira hlutfallslega, sem varan, er hann hvíldi á, lækkaði í verði. Nú snerust menn örðugir gegn þessu. Einkum voru bændur margir því mjög andvígir, og svo jeg, frá almennu sjónarmiði, af því að jeg taldi það ranglátt og óviturlegt.

Eins og menn muna, var það frv. svo felt, og Velferðarnefndin vildi segja af sjer, en var svo beðin í sameinuðu þingi allra náðarsamlegast að taka að sjer starfið aftur. En vitanlega hefði enginn af þeim, sem feldu frv., farið svo harkalega í sakirnar, ef þeir hefðu ekki álitið sjálfa stefnuna, eða grundvöll frv., alveg óhafandi.

Þess vegna varð jeg að skilja þá svo, sem þeir væru með öllu mótfallnir þeirri meginreglu, sem frv. þetta bygðist á, sem sje að útvega tekjur með tolli á útfluttum afurðum, og þá sjerstaklega í hörðu ári. Þess vegna var ekki laust við, að það kæmi mjer kynlega fyrir sjónir, þegar mjer er sýnt frv. á sama grundvelli, frumv., sem þá hafði verið tekin ályktun um af öllum flokkum, nema oss Sjálfstæðismönnum. Það er ekki laust við að vera kynlegt, segi jeg, þegar menn eru alt í einu orðnir fylgjandi sömu stefnunni, sem þeir börðust áður svo hart á móti. Því að stefnan er sú sama í báðum þessum frumvörpum, þótt hið síðara sje hóti sanngjarnara, þar sem hún leggur þó ekki tollinn nema á verðhækkun.

Jeg sagði, að stefnan væri hin sama, og það getur engum blandast hugur um, þótt henni sje ekki eins harkalega beitt í þessu frv., sem nú liggur hjer fyrir. Og hver er hún þá? Ef jeg ætti að nefna hana í einu orði, þá yrði það líklega nýyrði, en það mætti gjarnan festast við hana, og það er *fátækraflátta*. Hjer er verið að flá fátæklingana. Auðvitað er ekki unt að gjöra það svo, að það komi ekki um leið nokkuð niður á hinum efnuðu, en aurarnir eru engu síður fyrir það teknir úr vösum hinna fátæku, og látnir — hvert? Jeg skal koma að því seinna.

Það tjáir ekki að stagast á því, að nú fái menn hærra verð en ella, vegna stríðsins, og þakka því það, að vjer tórum, því að ef tekjurnar verða samt ekki nógar, þrátt fyrir háa verðið, hvað á þá að gjöra? Taka af bændum það, sem þeir mistu í fyrra, eða hvað? Er það hjálpræði Alþingis í örðugu árferði, að taka eyrinn af einum fátækum handa öðrum fátækum í besta lagi, eða þá bara beint í landssjóð? Nei, þegar einhver flokkur þjóðarinnar verður verr úti en aðrir, þá á hann ekki að fá hjálpina úr vasa hinna fátæku, heldur þeirra, sem betur eru staddir. Það er eina rjetta leiðin, og það er alveg sama, hvort hinir bágstöddu eru verkamenn í kaupstað eða bændur í sveit, og alveg sama, hvort maður heitir framleiðandi eða ekki, hvort hann er fiskimaður eða iðnaðarmaður, ef þörfin er annars vegar. Það er engu meiri ástæða til að leggja toll á fiskinn sjómannsins en á skóna, sem skósmiðurinn selur, þegar menn vita, að báðir eru illa staddir. Það eru efnamennirnir, sem styrkurinn á að koma frá, og þess vegna hefi jeg líka borið fram frumvarp um tekjuskatt um stundarsakir, til hjálpar í misærinu. Jeg verð nú sá eini af nefndarm., sem verð því fylgjandi, og hefi fyrir löngu sent frá mjer brtt. og nefndarálit, en meiri hlutinn hefir enn ekki gjört neitt að því, þótt hann hefði auðvitað ekki þurft að skrifa meira en svo sem 2—3 línur.

Jeg veit nú ekki hvort hjer er á ferðinni þetta vanalega þingbragð, að sitja á málunum, eða eitthvað annað verra, en jeg skora á hæstv. forseta að heimta það, að þessir menn gjöri skyldu

sína, og láti uppi álit sitt um mál, sem þeir hafa verið kosnir til að athuga. Og eitt atriði var það í mínu frv., sem einnig ætti að vera í þessu, og það er ákvæði um það, að fje það, sem ætlast er til að landssjóði græðist við það, megi verja í ákveðnu skyni, hjálpa þeim mönnum til að fá vörur, innlendar og útlendar, við þolanlegu verði, sem ekki eru framleiðendur. Hjer í þessu frumv. er ekkert ákvæði um það, hvernig fjenu skuli varið á eftir, eins og hv. framsm. svo viturlega tók fram, og mætti því þess vegna gjöra við það hvað sem vildi, t. d. sökkva því öllu í Miklavatnsmýrina. Það væri dáindis ánægjulegt að kasta þessu fje t. d. í einhvern af þessum ónýtu vegum, sem vagnarnir sitja fastir í strax á næsta ári, eins og t. d. Eyjafjarðarbrautin var, þar sem vagninn hans Magnúsar á Grund sökk upp á mið hjól, svo að ná varð honum upp með járnköllum. Til slíkra ráðstafana má nota þenna skatt, sem kreistur er undan blóðugum nöglum manna. Ætli það væri ekki dálítið viðkunnanlegra, að ákveða, eins og gjört var í mínu frv., að þetta fje skuli ganga til þess, og þess eins, að jafna misæri það, er nú stendur yfir, og það af fjenu, sem ógoldið kann að verða, þegar fram úr því raknar, skuli aldrei verða innheimt. Þetta frv. sem hjer er um að ræða, er ekkert annað en nýr tollur, sem á að lauma á bæði sveitabúskap og sjávarútveg, og það er ekki einu sinni látið svo lítið, að segja, að þetta sjerstaka gjald eigi að vera til þess að hjálpa mönnum til að standast dýrtíðina. Það er auðvitað tilætlunin undir niðri, að þetta verði fastur skattur, og það er ekki til neins fyrir neina Farisea, að berja sjer á brjóst og segja, að það sje ósatt.

Jeg er nú ekki svo »*samvinnuþýður*« maður, að jeg fáist til að greiða því atkvæði í dag, sem jeg taldi ranglátt og óhæft fyrir 5 dögum, og það ekki frekar fyrir það, þótt því hafi verið breytt dálítið að búnaði til, svo að það sje ofurlítið minna ranglátt nú. Og mjer kemur það á óvart, að allir, sem feldu hitt frv., skuli ekki standa saman í einum hóp að því, að fella þetta líka, og eins hitt, ef landsmenn fá ekki að frjetta nokkurn veginn greinilega ástæður allar, sem að þessu liggja. Jeg ætla ekki að fara að rekja þær hjer, en seinna kann jeg að leyfa mjer það. Það er hvort sem er orðið til hneykslis, alt þetta bags þingsins, þar sem útflutningstollur er fyrst feldur frá 2. umr. með mikilli grimd, en *þó* verða úrræðin þegar til kemur, engin önnur en — útflutningstollur.

Sigurður Eggerz: Jeg þykist þurfa að gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. En áður en jeg byrja á því, virðist mjer óhjákvæmilegt að minnast nokkuð sögu dýrtíðarmálanna hjer á þingi í sumar.

Eins og kunnugt er, var fyrst skipuð nefnd í þau mál þegar í byrjun þings. Fyrsti árangurinn af starfi hennar mun hafa verið fuglafriðunarfrumvarpið, sem háttv. Ed. tók fyrir kverkarnar á. Þá kom næst fram frumv. til heimildarlaga, líkt fyrra árs heimildarlögum, en frábrugðið að því leyti, eins og frv. kom frá nefndinni, að rífari heimild var til þess að stöðva útflutning á innlendum vörum, en heimild stjórnarinnar til þessara takmarkana var þó breytt í Ed. En á meðan þetta frumv. var á ferðinni kom fram hjer í Nd. þingsályktunartill. um að skora á stjórnina, að tryggja landinu vörubirgðir. Sú tillaga var nú feld, þótt mörgum gengi erfitt að skilja orsakirnar til þess, en hvað sem því

leið, var þó þá farið að hraða framgangi heimildarlaganna, og voru þau samþykt um líkt leyti og hin tillagan var feld. Þá var og kosin ný Velferðarnefnd, og leit svo út, sem meiri hluti þings ætlaði að varpa allri sinni áhyggju upp á hana. Tók nú óðum að fjölga frumvörpunum. Eitt frumv. kom fram og var felt, um útflutningstoll, sem nam víst milj. kr. Annað kom hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) með um dýrtíðarhjálp til allra, sem hafa lægri árstekjur en 2 þús. kr. Mundi það hafa hlaupið á 600 þús. kr., og tók hann það aftur, er hann sá forlög hins. Og enn hefir háttv. 5. kgk. (G. B.) flutt frv. um að lækka toll á aðfluttum vörum. Yfirleitt verður ekki sagt, að vantað hafi frumv. um þetta mál, síst nú á síðara hluta þingsins.

Jeg skal nú ekki tala mikið um frv., sem felt var hjer á dögunum, en út úr meðferð þess hefir þó orðið nokkur úlfaþytur hjer í bænum. Menn hafa að minsta kosti sjeð það, að blaðahringurinn, sem utan um þingið stendur, hefir tekið allhart á henni. Seinast gat og að líta það, í aðalblaði stjórnarinnar, að það hefði átt að vera felt af »þversum-mönnum«, eins og það blað svo smekkvíslega kallar Sjálfstæðisflokkinn, sem jeg telst til, og að það hefði sá flokkur gjört til þess, að bregða fæti fyrir stjórn og Velferðarnefnd.

Þegar litið er nú á það, hverjir rjeðu niðurlögum þessa miljónafrumvarps, þá munu þeir, sem rólegum augum líta á það mál, sjá það, að ekki eru miklar líkur til þess, að það hafi verið felt til þess, að bregða fæti fyrir stjórnina, því í fyrsta lagi voru ýmsir þeirra, sem feldu það, úr Heimastjórnarflokknum, og þeir, sem þekkja afstöðu þess flokks til stjórnarinnar á þessu þingi, vita, að hann hefir ætíð verið styðjandi hana og stjórnin á alt sitt vesæla líf undir honum. Og í öðru lagi voru margir andmælendur frv. úr Bændaflokknum, og vita menn, að hann er enginn óróaflokkur í pólitík. Hann er miklu fremur viðurkent pólitiskt »Idyl« hjer á þinginu, nokkurs konar friðarrjóður, þar sem ýmsar landsmálaskoðanir una saman í einingu andans og bandi friðarins. Að undanförnu veit jeg ekki betur en að sá flokkur hafi látið það afskiftalaust sem flokkur, hver væri ráðherra, og auk þess er það kunnugt, að nokkur hluti hans hefir verið núverandi stjórn fast fylgjandi, og t. d. er formaður flokksins, hæstv. forseti þessarar deildar, talinn einn af stuðningsmönnum hæstv. ráðherra. Af þessu, sem nú er sagt, sjest það, hve fjarstætt það er, að frv. hafi verið felt til þess, að bregða fæti fyrir stjórnina, enda þótt Sjálfstæðisflokkurinn greiddi líka atkv. á móti því, og eins hitt, að kenna Sjálfstæðisflokknum einum um örlög þess, þar sem sannanlegt er, að menn af öllum flokkum áttu þátt í að fella það, enda mátti og þegar í byrjun heyra það hljóð sumstaðar í blöðunum, að það væru *bændur*, sem væru að brugga þjóðinni hálfgjörð banaráð í þessum efnum, og að einhverjir flokkarigs-»spekúlantar«, og jeg líklega þar á meðal, myndu hengja sig þar aftan í. En jeg get nú tekið það fram af minni hálfu, og jeg hygg einnig fleiri manna, að þegar tekið var svo þvert í þetta mál, þá var það alls ekki af því, að þar lægi nein pólitík á bak við, — það álít jeg nauðsynlegt að komi skýrt fram, — heldur af því, að mönnum ofbauð, að fara nú, í ári eins og þessu, að leggja á landslýðinn toll, sem er nærri jafnmikill og allir aðrir tollar til samans, sem á henni hvíla áður. Og það, að jeg greiddi atkvæði með því, að fella frumvarpið bæði frá 2. umr. og nefnd, kom til af því, að jeg álít

það mjög athugaverða stefnu í tollmálunum, að leggja toll á afurðir aðalatvinnuvega vorra, fiskveiðanna og landbúnaðarins. Af þessum ástæðum var það, að jeg fylgdist þarna að málum með bændum og fleirum, sem feldu málið frá nefnd. Jeg vildi sýna, að jeg fjellist ekki á þessa stefnu. Ef mjer hefði að eins þótt tollurinn of hár, þá hefði ekki verið ástæða til, að fella frv. frá nefnd. Í nefndinni hefði einmitt mátt laga það á þann hátt, að gjöra hann t. d. $^2/_3$ lægri, og hefðu menn viljað það, þá hefði það verið ranglátt og óverjandi að fara með frv. eins og gjört var. En ástæðan til þess, að jeg áleit rjett að fella það þegar í stað, er sú, að mjer skilst, að Alþingi eigi sem mest að vinna að því, að skapa hvatir til þess, að gjöra atvinnuvegina sem sterkasta, en það dregur úr slíku, ef menn mega búast við þungum sköttum og tollum á þessa aðalatvinnuvegi. Ef einhver maður hefði nú ætlað sjer að leggja mikið fje í fiskiútveg t. d., og Alþingi tæki þá alt í einu það ráð, að gjöra þann atvinnuveg að tollstofni, ætli manninum dytti þá ekki í hug, að það gæti verið athugavert að leggja út í það fyrirtæki? Ætli slíkt mundi eigi aftra mörgum frá því, að leggja fram krafta sína óskifta til framleiðslunnar?

Jeg þykist nú hafa skýrt það nægilega, að ástæðurnar fyrir framkomu minni á dögunum voru ekki þær, að jeg vildi ýta stjórninni eða Velferðarnefndinni frá, þótt það kynni að hafa verið, út af fyrir sig, þarft verk, heldur hitt, að jeg tel með öllu óhæft, að tolla framleiðsluna í landinu. Jeg álít ekki heldur að menn eigi að hafa mál eins og dýrtíðarmálin til slíks, og þegar jeg flutti tillöguna um kornkaupin í sumar, þá tók jeg það skýrt fram, að jeg ætlaðist til þess, að henni yrði haldið utan við alla flokkapólitik, þó önnur yrði reyndin á.

Að því er snertir þetta frumvarp, þá er öllum ljóst, að það er bygt á sömu tollstofnum og frumvarp það frá Velferðarnefndinni, sem var á ferðinni hjer í deildinni á dögunum. Mín afstaða til þessa frumvarps verður því hin sama og til fyrra frumvarpsins. Jeg er á móti því bæði af því, að jeg er »principielt« á móti því, að leggja tolla á þessa stofna, og svo af hinu, að enn þá hefir ekki verið sýnt fram á, að þörf væri á nokkrum nýjum tollum. Háttv. flutningsmenn frumvarpsins afhentu mjer frv. í fyrrakvöld og báðu mig að bera það undir Sjálfstæðisflokkinn, en áður voru þeir búnir að bera frv. undir hina flokkana og tryggja því leið í gegn um þingið. Auk þess sjá allir að tíminn, sem okkur er gefinn til að athuga frv., er svo lítill, að við gátum alls ekki áttað okkur nægilega á því. Frá mínu sjónarmiði er það mjög óhyggilegt að halda heilum flokki utan við slíkt vandamál, sem þessi dýrtíðarráðstöfun er. Jeg fyrir mitt leyti hafði búist við því, að þeir, sem urðu sammála um að fella miljónafrumvarpið, hefðu einnig í sameiningu athugað, hver skyldu örlög þessa frumvarps, en sú hefir þó ekki orðið raunin á. Og mundi þó síst af öllu hafa verið nauðsynjalaust, að allir hefðu haft tækifæri til að íhuga þessi tollmál sem best. Því væri nú hægt að sanna fjárþörf landssjóðs, þá sjá allir, að tekjufrumvarp þetta er mjög óábyggilegt, því hvar eru tollarnir, ef vörurnar falla í verði? Þá er enginn tekjuauki að frumvarpinu. Og hvernig er þá sjeð fyrir fjárþörfinni? Auk þess er þess að gæta, að svo framarlega sem brýn nauðsyn er að fá aukna tolla, þá er nú búið að flytja svo mikið út af fiskinum, að nú mun ekki mikið meira

en 20% vera eftir. Það var einn af mestu fiskkaupmönnum þessa bæjar, sem sagði mjer þetta, og jeg hygg að það muni vera nærri lagi.

Í gegnum öll þessi dýrtíðarmál og dýrtíðarráðstafanir ganga tveir straumar. Annar er sá, að sjá um að hjer í þessu landi verði nóg til af matvöru, en hinn er að tryggja einstaka menn gegn dýrtíðinni. Ef svo fer, að ekki verða til nægilegar birgðir í landinu af útlendri vöru, þá koma hinar ráðstafanirnar að engu gagni. Þær tillögur, sem komið hafa fram í því skyni að hjálpa einstaklingnum, hafa vægast sagt verið ærið barnalegar. Á jeg þar aðallega við frumv. háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), sem fer í þá átt, að allir, sem hefðu tekjur undir 2000 kr., skyldi fá dýrtíðaruppbót. Var þessi hjálp áætluð, ef jeg man rjett, frá c. 50 kr. upp í 120 kr. á heimili. En bæði var nú það, að þessi hjálp hefði lítið gagnað þeim, sem áttu í verulegri nauð, og svo hitt, að hjer var um útgjöld að ræða, sem námu c. 600 þúsund krónum, og mikið af því fje hefði farið til framleiðanda og annarra, sem alls enga þörf höfðu fyrir hjálp, en standa sig betur en nokkurn tíma áður. Í raun og veru hygg jeg, að önnur betri dýrtíðarráðstöfun verði ekki gjörð en sú, sem jeg drap á þegar tillagan um kornkaupin var til umræðu, að selja fátæklingum, þegar harðnar í ári, matforða við innkaupsverði. En til þess, að þetta geti orðið, má ekki gleyma 1. boðorðinu í þessu máli: að korntryggja landið. Jeg vil að eins taka það fram, að jeg geng að sjálfsögðu út frá því, að kaupmenn og aðrir atvinnurekendur, sem striðið hefir flutt gull og græna skóga, hækki laun daglaunamanna sinna, því þeir, sem lifa af handavinnu sinni, súpa versta seyðið af striðinu.

Jeg skal svo ekki þreyta háttv. deild á langri ræðu. Að eins vil jeg endurtaka það, að jeg er á móti frumvarpinu, af því að jeg vil enga tolla leggja á framleiðsluna í landinu; og þó því sje haldið fram, að þetta frumvarp sje að eins til bráðabirgða, þá trúi jeg ekki þeirri fullyrðingu, því jeg er sannfærður um það, að þegar striðið er búið, þá þykir nauðsynlegt að fylla skarðið í landssjóðnum, sem kemur, ef þessi 300 þús. kr. tollur yrði upphafinn. Og þetta skarð verður uppfylt með því að leggja álíka toll og þennan, eða hærri, á framleiðsluna áfram. Reynslan um hækkunina á kaffi- og sykurtollinum bendir í þessa átt. Og reynslan er ólygnust.

Guðmundur Eggerz: Jeg verð að segja það, að mjer finst bekkirnir nokkuð þunnskipaðir hjer, þegar þó slíkt vandamál er fyrir hendi, sem nú er á dagskránni. Það er haft fyrir satt, að nú ætli sumir að kyngja, ekki gömlum, heldur nýjum upptuggum sínum. Jeg ætlaði með nokkrum orðum að láta í ljós skoðun mína á gjörðum Velferðarnefndar, áður en jeg vík að frumv. Eins og menn muna, kom nefnd þessi hjer um daginn með frumvarp, þess efnis, að leggja útflutningstoll á helstu íslenskar afurðir. Var áætlað, að tollur þessi mundi nema 900 þús. kr. Frumvarp þetta fór þannig fyrir þeim háu herrum, að það var felt frá nefnd og annari umræðu. Jeg á ekkert útistandandi við þessa menn, sem í nefndinni sitja. Um daginn greiddi jeg atkvæði á móti frumv., vegna þess, að jeg vil ekki, að 900 þús. kr. tollur sje að óþörfu lagður á aðalatvinnuvegi landsins. Það vakti raunar ekki heldur traust hjá mjer á nefndinni, að hún flutti þetta frumvarp. Um sama leyti kom einnig frumv. frá háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), þar sem hann sýnir, hvernig ætlast sje til að fje þetta verði notað, hvernig þessum 900 þús.

eigi að úthluta. Bændur eiga að fá 80 kr., en fjölskyldumenn í kaupstöðum 40 kr. Eru það uppgrip fyrir vel efnaða bændur.

Þetta felda frumvarp er nú gengið aftur, og mjer er sagt, að það hafi nú örugt fylgi hjer í deildinni, enda þótt það sje nákvæmlega sama frumv., sem þeir feldu um daginn. Og það má furðanlegt heita, að sömu mennirnir, sem um daginn feldu frumv., skuli nú vera alveg umsnúnir, svo að þeir greiða nú atkvæði með því.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) var á móti þessu frumv. um daginn, vegna þess, að hann vildi ekki hafa toll á þessum afurðum. Þetta frumv. hefir því ekki aflað sjer fylgis á öðru en því rugli, sem fór fram um þetta mál í sameinuðu þingi hjer á dögunum. Mjer er líka sagt, að frumv. hafi fæðst af þeirri »Comediu«. Þá lögðu 4 nefndarmenn niður störf sín, en gengu þó jafnframt um milli manna, til að beiðast endurkosningar. Og jeg verð að segja, að mjer fanst þessi endurkosning nóg uppreist fyrir nefndina, enda þótt frumv. væri ekki samþykt.

Það er nú eiginlega nauðsynlegt að taka það fram, hvernig þetta frumvarp hefir fæðst. Það hefir gengið milli allra flokka, nema þess flokks, sem jeg stend í kosningasambandi við, og þó, held jeg að þeim háu herrum, sem flytja þetta frumv., hefði verið betra að koma til flokks okkar með þessa frumvarpsnefnu sína, svo að eitthvað hefði verið hægt að laga hana.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir komið fram með brtt., sem bætir þetta frumvarp mikið. Hann hefir á einum eða tveimur tímum betur sjeð gallana á þessu frumv., heldur en þeir háu herrar, sem lengi hafa gengið með það. Jeg segi þetta að eins til þess, að sýna fram á, að það er ekki rjett, að gjöra slíkt mál og þetta að flokksmáli.

Jeg slæ því föstu, að Velferðarnefndin er ekki lengur nefnd, sem hugsar um almenna heill alls landsins, heldur hápólitisk nefnd, sem ekki hugsar um annað en að berja fram flokksmál.

Jeg sný mjer svo að frumvarpinu. Við sáum ekki þetta frumv., fyrr en í nótt og morgun, svo að enginn tími hefir verið til að athuga það. Það er hart, að málið skuli vera tekið til umræðu svona alveg undirbúningslaust. Mjer og öðrum þykir óeðlilegt, að leggja á framleiddar vörur í landinu. Hingað til hefir gjald einungis verið lagt á fisk og hvalaafurðir. Jeg er algjörlega á móti þessari stefnu í skattalöggjöfinni. Hefði þó ekkert að athuga við gjaldið á hvalaafurðum, því að þar áttu útlendingar í hlut. Ef þetta frumvarp verður samþykt, þá er enginn vafi á því, að þessir skattar leggjast seint niður; því að þeir menn, sem nú greiða atkv. með því, munu og síðar ljá atkvæði sitt til framhaldandi útflutningsgjalds á kjöti og smjöri.

Þeir segja, að þetta frumv. sje nauðsynlegt, vegna þess, hve lítið fje er fyrir hendi í landssjóði; en það er nú einmitt það kynduga við það, að þeir litlu peningar, sem inn mundu koma samkv. þessu frumv., eru ekki ætlaðir til að bjarga landinu, heldur nefndinni.

Ef gjald þetta kæmi á allar vörur, sem framleiddar væru hjer á landi, mundi það verða nálægt 370 þús. kr.; og sýnist mjer ekki ráðlegt, að breyta öllum skattafrumvörpum og allri tollöggjöf þess vegna. En í ár mun þetta gjald ekki verða nema um 60—80000 kr., fyrir þá sök, að mikið af fiski er þegar flutt út og öll ull, nema haustull.

Þótt ekki hafi jeg haft mikinn tíma

til þess að gagnrýna frumvarpsónefnu þessa, hefi jeg þó í flýti gjört samanburð nokkurn á sjávarútvegi og landbúnaði.

Útvegsbóndi, sem heldur úti mótorbáti, verður að greiða aukið útflutningsgjald, um 1 kr. á skippundi. Setjum svo, að báturinn fiski 140 skpd., þá er gjaldið 140 kr., og nú ber þess að geta, að salttonnið kostar yfir 50 kr. og steinolía er afar dýr.

Hins vegar greiðir bóndi, sem slátrar 35 dilkum, ekki meira gjald en kr. 3,50. Jeg hefi áætlað, að hann selji $3^1/_2$ tn. af kjöti. Sjá nú ekki allir, að gjaldið kemur ekki rjettlátlega niður á þessi tvö heimili. Og geta má þess, að slátrið er að öllu leyti gjaldlaust.

Þá sagði háttv. flutningsm. (P. J.), að tryggastur væri skatturinn af kjöti. Það mætti líka segja, að sá skattur væri einna minstur, og tryggastur er hann minsta kosti ekki í ár, því að nú er búið að selja mikið af kjöti. *(Jóhann Eyjólfsson:* Það er ekkert kjöt komið út enn). Það er ekkert kjöt komið út enn, segir háttv. þm. Mýr. (J. E.) en jeg veit, að t. d. Sláturfjelagið er búið að selja það mesta af sínu kjöti, og mjer er kunnugt um, að kaupmenn fyrir austan eru einnig búnir að selja mikið kjöt.

Jeg vil endurtaka þetta um ullina, að ástæðan til þess, að hún er í svo háu verði nú, er sú, að eftirspurnin hefir verið svo mikil, af því að það hefir átt að flytja hana til Þýskalands. En nú er ullin orðin bannvara, og mun hún því ekki verða í svo afskaplega lega háu verði að ári. Mjer er kunnugt um, að það hefir verið neitað að taka ull til flutnings, nema trygging fengist fyrir því, að hún yrði ekki flutt úr landi í Danmörku.

Þetta frumvarp er ekki til gagns fyrir neinn, því að eins og háttv. flutnm. (P. J.) sagði, er það nauðalítið, sem það gefur landssjóði í aðra hönd. Ef vörurnar lækka í verði að ári, þá fær landssjóður ekki 5 aura. Svo vil jeg taka það fram, að ef svona skatta ætti að leggja á, þá væri miklu hreinlegra, að leggja eina krónu á hvert skipund t. d.

Jeg vona, að menn sjái, að þetta frv. er aðallega komið fram hjer í deildinni af pólitískum ástæðum.

Einar Jónsson: Jeg vil ekki blanda mjer inn í þrætuna um það, hvort óhjákvæmileg nauðsyn sje, að gjöra ráðstafanir til að auka tekjur landssjóðs, nú áður en þingi er slitið. Það heyrast miklar fullyrðingar um nauðsyn tekjuauka, og skal jeg ekki neita því, að það geti verið gott. Með það fyrir augum, að það sje virkilega nauðsyn á að auka tekjur landssjóðs, mun jeg ekki setja mig upp á móti þessu frumvarpi, enda þótt jeg sje ekki fullkomlega ánægður með það. Það liggur nú ekki annað fyrir, en að mynda tekjur á þessum grundvelli, sem jeg verð að telja miður rjettan. Jeg álít fyrst og fremst, að það sje alt af varlega í það farandi, að leggja útflutningsgjald á innlendar vörur, og jeg get ekki betur sjeð en að hjer sjeu ýmsir undanþegnir, sem áreiðanlega eru eins færir um að gjalda skatt eins og þeir, sem gjörðir eru gjaldskyldir. Mjer finst það vera nokkuð hart, að ekki skuli vera hægt að grípa neitt af gróða kaupmannanna, því að það er öllum vitanlegt, að þeir hafa grætt stórfje á verðhækkuninni, sem voru búnir að fá innfluttar vörur áður en verðhækkunin fjell á, en þeir eru algjörlegan undanþegnir þessu gjaldi. Sama er að segja um hæstlaunuðu embættismennina. Þeir taka engan þátt í þessu gjaldi, þótt þeir geti lagt fje fyrir í sparisjóði eða verð-

mæt verðbrjef, sem ekki er alment hjá bændum, þar af leiðir, að fátækir bændur verða að bera þennan skatt fyrir þá.

Jeg skil mæta vel, vegna hvers þessi leið er gripin. Það hefir hvað eftir annað í sumar komið í ljós sú skoðun hjer á þinginu, að gróði framleiðendanna sje svo mikill, að þá muni ekkert um þennan skatt. Jeg hygg nú, ef vel er aðgætt, að þessi gróði sje ekki svo mikill, sem af er látið. Jeg hefi tekið hjer dæmi af bónda einum, sem jeg er vel kunnugur. Hann er enginn ríkismaður, en hefir fremur gott bú og venjulega 12 manns í heimili. Jeg tel hann vera meðalbónda, og tek hann því til dæmis upp á gróða bænda, vegna verðhækkunar á afurðum þeirra. Gróði sá, sem hann hafði af vörum þeim, sem hann gat selt frá búi sínu, nemur vegna verðhækkunarinnar hjer um bil 975 kr. En það, sem hann þarf að kaupa til heimilisins í verslununum, hefir líka hækkað í verði, og nemur sú verðhækkun rúmum 500 kr. Hjer er því ekki um meiri gróða að ræða en hjer um bil 400 kr., þegar gætt er að verðhækkuninni á innlendu og útlendu vörunni. Þessi bóndi varð fyrir tilfinnanlegum skaða í fyrra, af fjárfelli, og fyrirfarandi ár af heyskaparmissi, og þessi gróði vegur því ekki nándar nærri upp á móti þeim skaða. Líkt mun nú vera ástatt um flesta bændur, jafnvel hvar á landinu sem þeir eru, og má af þessu marka, að gróði þeirra er ekki svo mikill, að ástæða sje til að leggja á hann sjerstakan skatt.

Jeg ætla nú, þrátt fyrir þetta, að sýna hvað góður Rangæingur jeg er, með því að fylgja þessu máli, og sama býst jeg við að aðrir Rangæingar segi, enda þótt þeir komi auga á þessa agnúa, sem jeg hefi nefnt, og ef til fleiri. Úr því, sem komið er, verður þetta eina úrræðið til að afla landssjóði tekna áður en við skiljum. Jeg hefði gjarnan óskað, að stimpilgjaldsfrumv. næði líka fram að ganga í þinginu, því að það er ekki ósanngjarnt að mínu áliti, nje órjettlátt, en aflar landssjóði hins vegar talsverðra tekna. Þegar það hefir komið í ljós, að bæði Velferðarnefndin og stjórnin álíta ómögulegt að vinna nokkuð til framgangs í landinu, án þess að tekjurnar verði auknar, þá verður maður því fremur að ganga á móti sjálfum sjer og vera með þessu.

Mjer datt í hug eitt smáatriði, sem kemur við einum sjerstökum manni, sem jeg sje að ekki er viðstaddur, og því verð jeg að hætta við að minnast á það. (*Bjarni Jónsson* í lestrarsalsdyrunum: Ætli hann sje ekki hjer, sá sjerstaki?). Jú, nú þekki jeg málróminn hans og þakka honum fyrir síðast. Þetta, sem jeg vildi minnast á viðvíkjandi honum, er það, að það gæti orðið stór sparnaður fyrir landið, ef Dalamönnum yrði bent á, að senda einhvern annan á þing heldur en hann. Hefði ræða hans í gær verið sú eina á þinginu í sumar, sem ekkert gagn gjörði, væri ekkert um það að segja, en þegar ræðuhjóm hans er komið á annað hundrað að tölu, og sárfáar til nokkurs gagns, dettur mjer í hug eitt atriði, sem heyrði til sparnaðar, ef því væri fylgt fram. Jeg get haft þetta atriði í tvennu lagi, fyrst og fremst það, sem jeg drap á áðan, að Dalamenn gætu sent einhvern annan á þing en hann, og í öðru lagi það, ef Dalamenn vildu fremur halda áfram að hafa hann á þingi, að honum yrði þá fengið sjerstakt herbergi til að tala við sjálfan sig í á meðan á umr. standa í deildinni. Það mætti enn fremur spara honum öll nefndarstörf og leyfa honum ræðuhöld, hvar sem honum þóknast,

meðan nefndir inna sín störf af hendi. Við það hyrfu úr sögunni fjöldi ágreiningsnefndarálita, minnihlutaframsaga margföld o. s. frv. Þetta myndi spara landinu fje svo hundruðum skifti, en engum orsaka tap.

Það er ekki vert að þreyta deildina, með því, að vera að þrasa við háttv. þm. Dal. (B. J.). Jeg nenni ekki að eyða heilum klukkutíma til að tala við hann, þótt hann finni ástæðu til að vera að nudda á mjer tímum saman.

Jóhann Eyjólfsson: Þeir hafa nú komið hjer fram á völlinn, kapparnir þrír, til að segja okkur, þeim mönnum, sem styðja vilja frumvarp þetta, til syndanna. Það var sameiginlegt hjá þeim öllum, að þeir vildu halda því fram, að það hefði komið fram hjá okkur stefnubreyting. *(Bjarni Jónsson:* Tók þm. það til sín?). Jeg vil gjöra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls; um aðra veit jeg ekki, en býst þó við, að það sje nokkuð lík afstaða margra annarra. Háttv. þm. Dal. (B. J.) fór fyrir fylkingunni, eins og tíðkanlegt er um hina ólmustu kappa, að þeir fara jafnan fyrstir fram á völlinn. Hann lagði fyrstur út í, að vanda um við okkur, og byrjaði á því, að skýra það frá sínu sjónarmiði, að þetta væri sama frumv. sem það, er við feldum hjer á dögunum. Jeg lít svo á, að þetta sje alt annað frumv. Jeg lít svo á, að með þessu frumv. sje verið að reyna að bæta úr tekjuhalla landssjóðs, gjöra fje hans meira, svo að hann geti gjört tvent í einu, bæði unnið á tekjuhalla fjárlaganna og eins haft eitthvert fje til að grípa til í vandræðum. En frumv., sem kom fram um daginn, það var eins og þegar menn koma saman í hreppsnefnd til að jafna niður útsvörum, að eins til að skifta þeim niður aftur. Svo var það um daginn um þessi tvö frumvörp, sem bæði fjölluðu þá sameiginlega um þennan dýrtíðarskatt og dýrtíðarráðstafanir. Með þeim var ekki verið að hugsa um að bæta úr tekjuhalla landssjóðs, eða safna fje í hann, heldur að raka saman fje í óbilgjörnu augnamiði og moka því svo jafnharðan út á götuna. Í mínum augum var þetta frumv., sem til atkvæða kom, svo afskræmilegt, að það átti ekki betra skilið en að farið væri með það eins og gjört var Jeg er ekki á nokkurn hátt andvígur því, að eitthvað sje gjört til þess að auka tekjur landssjóðs. Síðan jeg fór að hugsa um þjóðmál, hefi jeg einmitt alt af haft augun opin fyrir því, að ekkert sje þarfara, heldur en að reyna að finna einhverjar leiðir til þess.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að enginn tollur og engar tekjur, sem landssjóði fjellu í skaut, væru verri en útflutningsgjald, og að ekkert gjald væri til, sem reitti fátæklingana eins inn að skyrtunni eins og það. Hann fór mörgum fögrum orðum um það, hvað ljótt væri að fara illa með fátæklingana, og er jeg honum fullkomlega sammála um það. Hann varð næstum guðrækilegur, þegar hann var að tala um þetta. Ekki veit jeg hvort hann viknaði, en hann fór ákaflega fallegum orðum um það. *(Bjarni Jónsson:* Jeg var ekki svona mælskur). En nú er mjer spurn: Hvaða tekjustofn er það, sem að gagni getur komið og nær jafnt til alls almennings, sem ekki kemur að sínu leyti eins við hinn fátæka og hinn ríka? Við vitum t. d. að kaffi- og sykurtollur kemur engu síður niður á fátækum en ríkum. Það er meira undir því komið, hve maðurinn á mörg börn, hversu háan sykurtoll hann verður að greiða, heldur en því, hvort hann er fátækur eða ríkur. Eins er um þann skatt, sem lagður er á gripina okkar, hvort sem það eru nú hestar, kýr eða kindur, að hann kemur

engu síður niður á þeim fátæka en þeim ríka. Jeg lít svo á, að ef til vill sje enginn gjaldstofn eins heppilegur og sanngjarn eins og einmitt útflutningsgjaldið.

Jeg tók það fram í upphafi, að jeg vildi lýsa afstöðu minni til þessa máls, og skal jeg nú leitast við að rökstyðja þessa skoðun mína. Það, sem gjörir það að verkum, að þessi gjaldstofn er í mínum augum skynsamlegri og rjettmætari heldur en aðrir tollar, er það, að þessi tollur kemur niður á manninn eftir auðmagni hans. Það verður fullkomlega eins rjett, og rjettara, að leggja útflutningsgjald á afurðir landbúnaðarins, t. d. lifandi pening, heldur en að leggja skatt á búfjenað manna í landinu, og skal jeg sjerstaklega taka t. d. hestana. Hesturinn er ekki annað en verkfæri, rjett eins og skóflan og pállinn. En alt öðru máli er að gegna um þá hestana, sem fluttir eru út. Tel jeg ekki nema rjettmætt og sjálfsagt, að leggja á þá útflutningsgjald, því sá hluti hestanna, sem hafður er fyrir útflutningsvöru, getur gefið mikinn arð, og því haft talsvert skattþol, en aftur á móti eru þeir hestar, sem hafðir eru til heimavinnu arðlausir, eins og hver önnur verkfæri; það er bara undir ábýlinu komið, hvort mikið þarf af slíkum verkfærum, svo sem hvort það er langt á engjar og erfitt til aðdrátta.

Jeg sje ekki, að öllu rjettlátari mælikvarði fáist til þess, að gjaldið komi sanngjarnlegar niður en einmitt með útflutningstolli. Og þótt það sje óeðlilegt, að leggja skatt á framleiðslu í landinu, þá verður þetta gjald samt í mjög mörgum tilfellum rjettlátara en aðflutningsgjald. Jeg skal taka ósköp einfalt dæmi, til þess að sanna þetta. Hugsum okkur tvo menn, er halda úti sínu skipinu hvor. Þeir hafa haft alveg jafnmikinn kostnað til útgjörðarinnar báðir, og miðað við aðflutningsgjald hafa þeir þurft að greiða jafnháan skatt af öllu, sem til útgjörðarinnar hefir þurft. En hugsum okkur nú, að annar maðurinn stórgræði á sínu skipi, en fyrir hinn verði útgjörðin hreinasta drep. Er það þá sanngjarnt, að þessir menn greiði jafnháan skatt? Jeg segi nei. Skatturinn á vitanlega að vera hærri á þeim manninum, sem meira græðir. Það er sannarlegt rjettlætisspursmál, að skatturinn komi sem mest niður á menn eftir efnum og ástæðum, eftir getu og gjaldþoli.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) var að gjöra gys að þessu frv. og spyrja, hvort ætti að hafa þetta fje til vega og brúargjörða og þvílíks. Já, það er einmitt í þessu skyni, sem jeg óska að landssjóði geti aflast tekjur, og það til muna, og jeg vil svo nota þær til þess, að koma upp mannvirkjum og nauðsynjafyrirtækjum, en ekki kasta þeim í svanginn á gráðugum eyðsluseggjum, hverjir svo sem það eru, eða skifta því niður eins og sveitarútsvari á milli þurfamanna.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) var ákaflega viðkvæmur, þótt hann viknaði ekki, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.), og talaði um að þetta væri pólitískt flokksmál. Fyrir mjer hefir það ekki vakað þannig; jeg lít bara á, hvaða meðferð málið á skilið, og jeg veit heldur eigi til, að það sje pólitískt flokksmál fyrir öðrum; hann veit auðvitað best, hvernig hann lítur á það sjálfur í því tilliti. Hann kvað það hættulega braut, að leggja skatt á þessa aðalatvinnuvegi okkar. Því hefi jeg ekki öðru að svara en jeg hefi svarað háttv. þm. Dal. (B. J.). Sami háttv. þm. (S. E.) sagði, að þetta mundi draga úr framleiðslu í landinu. Því fer fjarri, að mjer detti í hug að svo verði, enda væri það undarlegt,

að svona lágt gjald hefði áhrif á það, hvort menn fjölguðu eða fækkuðu fjenaði sínum. Jeg skal nefna herfilega háan skatt, 50 aura af kindinni, og er jeg samt viss um, að allir mundu fjölga ám sínum fyrir það, eins og þeir gætu. Maður verður líka að treysta á það, að löggjafarvaldið verði ekki svo grunnhyggið, að leggja *svo* háan skatt á, að það dragi úr hugum manna, til þess að efla lífsatvinnu sína. Maður verður að treysta löggjafarvaldinu til að skilja aðstöðu sína í því tilliti. Annað mál er það, að leggja það gjald á, sem hægt væri að þola, en landssjóði samt öfluðust góðar tekjur á, einkum þegar gjaldinu er svo hagað, að það legst á eftir auðmagni einstaklinga. Háttv. þm. (S. E.) var hræddur um að svo færi, að skattur þessi yrði fastur skattur í framtíðinni, og tók til dæmis kaffi- og sykurtollshækkunina, sem að eins átti að vera til tveggja ára. En þennan skatt varð að framlengja, vegna þess, að tekjur vantaði til nauðsynlegra útgjalda, — álítur, að þennan skatti eigi þannig að svíkja inn á gjaldendur, sem þeir verði svo nauðugir undir að búa.

Annars kemur mjer þetta undarlega fyrir, þegar jeg lít til þeirra, háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), sem hafa staðið fremst allra í flokki þeirra manna, er vilja veita mikið fje úr landssjóði. Auðvitað sýnir þetta, hve miklir hugsjóna- og framkvæmdamenn þeir eru, en þeir hljóta að sjá, að það tjáir ekki fyrir þá, ef þeir vilja koma fram þessum hugsjónum, að þrykkja niður útgjöldunum og fara illum orðum um þá menn, sem vilja afla landssjóði frekari tekna. Jeg kannast við, að jeg er að nokkru leyti fjelagsbróðir þeirra, að því leyti, að mig langar til, að sem mest sje unnið nytsamlegt í landinu, og jeg fylgi þeim oft að málum og drýgi þar með syndir mínar; en nú þrýtur mig að verða þeim samferða. Það er víst af því, að jeg er ekki eins mikill hugsjóna- og ráðdeildarmaður og þeir, að jeg sje ekki ráð til að gjöra mikið og margt af engu. Jeg sje ekkert ráð til þess, að koma þessum verkum í framkvæmd, annað en að auka tekjur landssjóðs. Jeg hefi oft sjálfur verið talsvert stórhuga sem einstaklingur, en mjer hefir aldrei dulist það, að jeg hefi orðið að leggja á mig talsverða bagga, til þess að framkvæma áhugamál mín. Sama gildir um þjóðina sem heild, að hún verður að leggja á sig þunga bagga til að koma áfram áhuga- og nauðsynjamálum sínum.

Þá kem jeg að þriðja kappanum, háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Flest af því, er hann sagði, er svo, að ekki þarf að taka það til bæna; ýmist var það upptugga eftir flokksbræður hans, eða svo, að ekki þarf að svara því. Hann var að tala um einhverja stefnubreytingu, en það er þegar sýnt fram á það, að um slíkt er ekki að tala. Hann tók undir með háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), að menn væru hjer að leika »komedíu«.

En það eru svo margir, sem feldu frumvarpið um daginn, og flestir eru þeir nú með þessu frumvarpi, svo það fara þá að gjörast nokkuð margir leikarar á þinginu; en annars sá jeg hvorki þá, nje sje enn, neinn leikarasvip á andliti nokkurra þessara manna. Mjer virðist þvert á móti, að þeir fylgi þessu frumvarpi með alvöru og staðfestu, án nokkurs loddaraskapar. Hann sagði, að frumvarp þetta skapaði misrjetti milli landbænda og sjávarútvegsmanna. Mjer er kunnugt um það, að það var reynt, að hafa gjaldið eins rjettlátt og hægt var, en vitanlega verður aldrei hjá því komist, að ein stjettin borgi meira en önnur, af því að hún framleiðir meira, eða er ríkari. Það er enginn ójöfnuður. Að vísu er það rjett, að

mikið af ullinni er þegar flutt út úr landinu, svo það kemur sveitamanninum til góða. En um fiskinn er alveg sama máli að gegna, og lög, eins og þessi, er aldrei hægt að gjöra svo úr garði, að ekki falli eitthvað undan. Hve mjúklega þau koma í svipinn niður á einstaka menn, er undir ýmsum atvikum komið, hve nær þau ganga í gildi og fl.

Eggert Pálsson: Jeg vænti þess, að þetta mál fái greiðan byr í gegn um þingið, enda er því ekki varpað inn undirbúningslaust. Frá því sjónarmiði er ekkert að frv. að finna. Það gefur að skilja, að þetta getur verið viðkvæmt máli; tollmál eru það alt af. Þess vegna er það vel farið, að málið hefir verið »settlað« áður en frumvarpið sjálft var borið fram. Það var einmitt ókosturinn á frv. þeim, sem áður hafa komið fram í þessu efni, að þau komu mönnum á óvart og undirbúningslaust, og með fram þess vegna, hygg jeg, að forlög þeirra hafi orðið þau, sem þau urðu. Sakir þessa undirbúnings, sem hjer hefir verið hafður, má vænta þess, að mál þetta gangi nú greiðlega, þótt talsverðar umræður hafi orðið um það.

Andmælendur frv., háttv. þm. Dal. (B. J.), háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) og hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E), hafa komið fram hver á eftir öðrum með sin andmæli, og látið mjög á sjer bera, eins og vænta má, þar sem hver þykist öðrum meiri.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) var í þessu sambandi að hrósa mjer fyrir staðfestu. Jeg kann honum þakkir fyrir það, enda þykist jeg eiga það hrós skilið. En hafi hann haldið, að andlegt ættarmót hafi verið með okkur um einstrengingsskap og þverhausshátt, þá hefir honum skjátlast. Allir andmælendur frumvarpsins hafa haldið því fram, að þeir menn, er feldu frumvarpið um daginn, hlytu að vera á móti þessu frv. líka. En þetta er rangt til getið. Að jeg var á móti hinu frv., en er með þessu, stafar af því tvennu, að hjer er um annan grundvöll og annað takmark að ræða fyrir þessu frumvarpi, heldur en var fyrir hinu. Það er alt af mikið undir grundvellinum komið. Það vita allir. »Varðar mest til allra orða að undirstaðan rjett sje fundin«. Þar sem háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) sagði, að hinu frv. hefði mátt vísa til nefndar, til þess að bæta það, þá skal jeg geta þess, að frv. var ekki hægt að bæta, nema nefndin kæmi með alveg nýtt og óskylt frumvarp, bygt á alt öðrum grundvelli. Eftir því frv. átti skatturinn að leggjast á vörurnar, án tillits til vöruverðsins. En eftir þessu frv. hvílir enginn tollur á vörunum, ef verðið nær ekki ákveðnu hámarki. Það hlýtur hverjum manni að skiljast, og andmælendum frv. líka, að hjer er um alt annan grundvöll að ræða.

Það er enn fremur mikill mismunur á tilgangi þessa frumvarps og hins frv. Tilgangur hins frv. var auðsær á dilkinum, sem því fylgdi. Tekjurnar átti að brytja niður jafnóðum og þær kæmu inn, svo að landssjóður hefði orðið jafn tómur eftir sem áður. En hjer er tilgangurinn sá, að þegar vjer lúkum nú þingstörfum í þetta sinn, þá sjeum vjer oss þess meðvitandi, að eitthvað verði til í landssjóði. Allir vita, að fjárlögin hljóta að fara út úr þinginu með talsverðum tekjuhalla, og ef ekki er gjört ráð fyrir auknum tekjum, þá eru horfurnar ekki glæsilegar. Það hefir verið skipuð Velferðarnefnd, til þess að bæta úr ástandinu eftir föngum, og það hefir verið gripið til þess ráðs, að heimila stjórninni einnar milj. króna lántöku. Þetta er auðvitað gott og blessað, en það geta komið fyrir þau tilfelli, að ómögulegt verði að fá lán,

Við getum hugsað okkur að Norðurlönd lendi í ófriðnum, og hvert á þá að snúa sjer í þeim efnum, að fá peningalán? Þá sje jeg fyrir mitt leyti engar útgöngudyr, því ekki munu þjóðir þær, er í ófriði eiga, hafa fje afgangs til að lána öðrum. Haldist dýrtíðin, þá gefur þetta frumv. landssjóði álitlegar tekjur. Þær yrðu auðvitað fyrst notaðar til þess að bæta upp tekjuhallann, en yrði afgangur, þá gjörði það stjórninni og Velferðarnefndinni auðveldara að ráða fram úr vandræðunum. Færi aftur á móti svo, eins og andstæðingarnir gjöra ráð fyrir, að frumv. gæfi engar tekjur, þá er þar með sagt, að dýrtíðin minki og vörurnar falli niður í »normal«-verð. Andstæðingar frumv. eru því að eins að reyna, að þyrla upp ryki. *(Sigurður Eggerz:* Prestlég illgirni). Og mig furðar ekki á því, þegar jeg lít á, hvernig framkoma þeirra hefir verið hingað til. Þeir eru að reyna að kitla eigingjarnar hvatir lægst hugsandi manna með þessum mótmælum sínum. En þeim verður ekki kápan úr því klæðinu; það get jeg fullvissað þá um. Það eru færri, sem eru svo lágt hugsandi, að þeir tími ekki að borga lágt gjald í landssjóð, þegar hann þarf þess við og þeir fá hátt verð fyrir vöru sína. Þjóðin verður þessum mönnum því alls ekki þakklát fyrir framkomu þeirra.

Það er líka kostur við þetta frv., að það er ekki tilætlunin að nota fje þetta strax. Stjórnin og Velferðarnefndin hafa það í vösunum, þangað til vandræði ber að höndum. Þau eru ekki komin enn, og þess vegna væri rangt að brytja fjeð niður nú þegar.

Andmælingar frumv. óttast, að þetta fje gangi til einhverra nauðsynja fyrirtækja — Miklavatnsáveitunnar, eða einhverra vegagjörða. — Það er þeim skiljanlega þyrnir í auga. Þó það væri brytjað niður í óþarfa bitlinga, mundi þeim verða minna um, að minsta kosti sumum þeirra.

Það er rjett, að við, háttv. þm. Dal. (B. J.) og jeg, höfum flutt saman frv. um stimpilgjald, sem gefa mun af sjer í tekjur handa landssjóði að minsta kosti 25 þús. kr. um árið; en þótt þessi tekjuauki sje betri en ekki, þá dylst samt engum, að þessar tekjur munu hrökkva skamt, einkum ef vandræði verða.

Jeg skal ekki orðlengja frekar um þetta mál, en það liggur í hlutarins eðli, að úr því að, eins og jeg hefi tekið fram, þetta frv. hvílir á öðrum grundvelli og tilgangurinn er annar en var í frv. því, um útflutningsgjald, sem felt var hjer á dögunum, þá get jeg vel staðið mig við að greiða því atkvæði, og gleðst jeg af því, og veit, að allir samviskusamir Íslendingar munu gleðjast af því, að geta á einhvern hátt reist við hinn fallanda fjárhag landssjóðs, og það með tiltölulega jafn auðveldum og sanngjörnum hætti og hjer er lagt til að verði gjört.

Matthías Ólafsson: Jeg stend upp til þess að leiðrjetta misskilning, sem allmjög bólar hjer á. Hjer er alt af verið að tala um útflutningstoll, og það, að verið sje að fjefletta fátæklingana. Þetta er ekki rjett. Hjer er að ræða um gróðatoll, toll af hagnaði, sem menn hafa ekkert haft fyrir að fá, heldur hendingin hefir veitt þeim, öðrum til örðugleika. Hjer er um alveg sams konar tilfelli að ræða, sem það, ef maður nokkur fyndi sjóð í jörðu, og af honum væri tekið eitthvað til almennra þarfa. Þó er mjög hátt verð sett á vöruna, áður en ætlast er til, að greitt verði gjald af henni. Jeg býst við, að jeg þurfi oft að standa frammi fyrir þeirri stjett, sem mjer stendur næst, og um það er jeg sannfærður, að fyrir öllum sanngjörnum mönnum í þeirri sjett mun jeg geta varið það, að landið fái að njóta ofur-

lítils af þeim höppum, sem þeir verða fyrir.

Jeg ætla nú að skýra fyrir mönnum með dæmi, hvernig þessi tollur kemur niður.

Háseti á fiskiskipi dregur um árið, og er þó ekki meira en meðal afli, 5000 af góðum fiski, þar af 2000 um vetrarvertíðina, en 3000 um sumartímann. Af þessum afla fær hann helminginn sjálfur í hlut, og er það um 20 skipund, eða með 115 kr. verði á skipundi 2300 kr. Kostnaður, salt, verkun o. fl. nemur 230 kr., svo að eftir verða 2070 kr. hreinar tekjur. Mismunurinn á normalverðinu, sem til er tekið í frv., og söluverði með áður um getnu 115 kr. verði á skipundi, er 460 kr. Af þeirri upphæð, 460 kr., á hann svo að greiða 3% í landssjóð, eða alls kr. 13,80. Þetta er nú alt og sumt. En lítum nú á tekjur sama manns með því verði, sem er normalverð í frv., og reyndar svo óvenjulega hátt sett, að þess eru varla dæmi, að fiskur hafi komist í svo hátt verð. Þetta normalverð er 92 kr. skippundið. Tekjur hans mundu þá verða 1610 kr. eða 436 kr. minna, þrátt fyrir það, að hann hefir greitt þetta útflutningsgjald, kr. 13,80. Það er þess vegna áreiðanlegt, að fiskimaðurinn stendur miklu betur að vígi í þessu ári en ella, og getur því vel staðið sig við að láta landssjóð hafa ofurlitinn skerf af gróða þeim, sem hann hefir ekkert gjört til þess að afla, frekar nú en endranær.

Menn sjá því, að hjer er algjörlega ranglega talað um, að verið sje að leggja fjeflettingarskatt á þjóðina. Enda eru svo fáránlegar kenningar andmælanda frv., að þær eru hver á móti annarri, þar sem þeir segja í öðru orðinu, að frv. fjefletti landsmenn, en í hinu, að ekkert gagn sje í frv. fyrir landssjóðinn. Þetta er hvað á móti öðru. Þetta er ekki að fara ráðvandlega með málið. Til þess mætti þó ætlast, að menn færu hugsunarrjett með orð sín. Það eitt er rjett ályktun, að ef tollurinn er landssjóði lítils virði, þá kemur hann eðlilega ljett niður á mönnum. Háttv. andmælendur hafa verið að vefa um það, að útlenda varan væri dýr. En einmitt þess vegna eru vorar innlendu vörur í svo háu verði. Það er enginn efi á því, að þegar öll höf opnast, skipaleiga lækkar og menn geta óhindraðir flutt vörur landa á milli, þá lækka afurðirnar í verði á heimsmarkaðinum, og þá þurfum vjer ekki lengur þenna toll, þessa hjálp í viðlögum.

Gagnvart háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) skal jeg geta þess, að hlutir vestra á smábáta hafa numið um 300 kr. frá miðjum maí til júlíbyrjunar, og jeg býst ekki við, að minna hafi aflast á Austurlandi. Jeg sá það í blöðunum nýlega, að bændur í Flatey á Skjálfanda yrðu nú að gjalda kaupamönnum 50 kr. um vikuna, vegna þess, hve ákafir þeir voru til sjósóknar fyrra hluta sumars. Þetta, að draga sláttinn svo lengi, mundu þeir ekki hafa gjört, ef það hefði ekki borgað sig. Því verður ekki neitað, að þetta ár er yfirleitt eitt hið mesta veltiár til sjávar og sveita, og er mjer fyrir mitt leyti ómögulegt að ætla framleiðendunum þann kindarhátt að sjá ofsjónum yfir 3% af gróða sínum eða höppum.

Skúli Thoroddsen: Jeg tel rjett að geta þess, að frv. þetta er *ekki* sömu tegundar, sem frv. það, er »Bjargráða«- eða »Velferðar«-nefndin svo nefnda leyfði sjer að bera upp hjer í deildinni, og sem jeg taldist þá einn flutningsmanna að, þó að jeg væri því **andvígur.**

En **ástæðan** *til þess, að jeg* — þótt **andvígur** frumvarpinu væri — *gjörðist þá einn flutningsmanna þess,* **var** — eins

og jeg hefi þegar áður skýrt frá hjer í deildinni — **bæði** *sú*, **að** *sjást átti, að frumvarpið væri borið fram að vilja »Velferðarnefndarinnar«*, **og** *hin*, **að** *nefnt útflutningsgjaldsfrumvarp lá fyrir fullsamið*, enda gjörði jeg þá og ráð fyrir, að bæta mætti það þá og í nefnd, sem *þyrfti, eða þó nota það, sem tilefnið*, er kæmi hreyfingu á málið, þ. e. um tekjuaukningu landssjóðnum til handa, á þinginu.

Á hinn bóginn lýsti jeg því og þegar yfir hjer í deildinni, er nefnt útflutningsgjaldsfrumvarp var rætt, að jeg teldi *rjettara*, að miða útflutningsgjald, ef á yrði lagt, við **verð** vörunnar, en við þunga hennar, *með því að útflutningsgjald, er eigi miðaði neitt við verðið, yrði* **ósanngjarnt**, og **ranglátt**, *ef varan fjelli í verði*, þótt sanngjarnt mætti álítast, er við óeðlilega hátt, og al-óvanalegt, verð á vörunni væri miðað. —

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) ljet í ljós, að hann *óttaðist*, að gjald það, er nú um ræðir, yrði **fast gjald**, *úr því að það væri einu sinni á komið*, en hjer getur **ekki** orðið um áframhaldandi fast útflutningsgjald að ræða, með því að frv. er **sjálf-fallið** úr gildi, — **hættir** *að gefa landssjóðnum tekjur, jafnskjótt, er varan fellur í verði*, og jafnvel áður en hún kemst niður í það verð, sem *alment* hefir þó verið talið óvanalega hátt, þar sem hún nær þá og eigi upp fyrir það, sem einatt er gjaldfrjálst, þ. e. eftir frumvarpinu.

Að því er útflutningsgjaldið af *sjávarafurðunum* snertir, eins og gjört er ráð fyrir því í frumv., *vil jeg og benda á, að mjer finst upphæðin, sem gjaldfrjáls á að vera*, **töluvert of há**, *er jeg miða við það, sem alment hefir þó verið talið óvanalega hátt verð*, og væri því ef til vill ástæða til þess, að færa gjaldfrjálsu upphæðina niður um 10—15%.

Gjaldfrjálsa upphæðin, eftir frv., er nú kr. 92,80 á *málfiski*, en kr. 83,20 á *smáfiski*, hvert skipund. En að undanförnu hefir það þó verið talið alveg *óvanalega hátt* verð á málfiski, ef hann hefir staðið í 80—85 kr. skipundið, og á smáfiski, ef verðið hefir verið 60—65 kr. skipundið.

En þó að jeg líti nú svona á málið, hefi jeg þó *ekki* flutt brtt. um lækkun á gjaldfrjálsu upphæðinni, enda hafa að frumvarps smíðinni unnið þeir menn, sem gott vit hafa á málinu, þ. e. hv. þm. Ak. (M. K.) og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), enda ber þess nú og að gæta, að kol, olía, o. fl., sem til útgjörðar þarf, er nú í *hærra verði*, en venjulegt er, og *öflun sjávar-vörunnar því töluvert dýrari en verið hefir á undanförnum árum*, og á það mun þá og hafa verið litið, sem og rjett var, er gjaldfrjálsa upphæðin var til tekin.

En þó að þessu sje nú þannig farið, vona jeg, að háttv. flutningsmenn *taki þetta atriði þó til athugunar*, því að það er *óviðkunnanlegt*, ef svo væri á litið, sem *hærra* gjald væri af landsafurðum en sjávarafurðum, — eða sjávarafurðunum talið **hlíft**, *í samanburði við afurðir landbúnaðarins*. —

Leitt *væri og, ef svo færi* — og væri, með þó nökkrum rökum kent því, hve mikið var gjaldfrjálst, hvað sjávarútveginn snertir — **»leitt**, *ef svo færi«*, að ekkert hvildi að lokum á sjávar-afurðunum, nema vana-útflutningsgjaldið — en ný-tollurinn þó *áfram* á land-afurðunum.

Þá sje jeg og, að háttv. flutningsm. hafa *slept* sumu, sem nefnt er í lögunum frá 4. nóv. 1881, eins og *niðursoðnu fiskmeti, sundmaga, hrognum* og *laxi*, og stafar það þá líklega af því, að þeir hafa litið svo á, sem hjer væri um *svo lítið* að ræða, að ekki munaði um toll af þessu.

Út af ummælum háttv. 2. þm. S.-M.

(G. E.) **mótmæli** *jeg því* **gagngjört**, hvað mig snertir, *að það sjeu pólitiskar ástæður, sem til grundvallar liggi*, að því er útflutningsgjaldið, sem hjer um ræðir, snertir, enda er mjer vel kunnugt um það, að þegar frv. var rætt í »Bjargráða«- eða »Velferðar«-nefndinni, sunnudaginn 5. sept. þ. á., var það **eingöngu** *það, að sjá landssjóði fyrir tekjum, sem til grundvallar lá.*

Að öðru leyti *endurtek* jeg og, að það var **alveg** *rjett* hjá háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), eins og jeg einnig vjek að í ræðu minni um daginn, að **sem stendur**, eru engin *vandræði* eða **neyð** í landinu, en þetta **getur**, á hinn bóginn, *að borið á hverri stundu*, og ríður þá á því, að vjer sjeum *ekki* varbúnir, og því tel jeg það *mjög vel* farið, er bændastjettin á þinginu hefir nú og orðið til þess, að fylgja því fram, *að landssjóður fái tekjur* á þann hátt, sem til er ætlast í frumvarpinu.

Óska jeg því að lokum, að frv. gangi *greiðlega* og *friðsamlega* gegnum þingið, þótt nú sje nokkur hávaði hjer í deildinni um sum atriðin.

Bjarni Jónsson: Jeg vona, að jafnvel sá ágæti 1. þm. Rang. (E. J.) fyrirgefi mjer, þótt jeg svari einstaka orðum, sem hann mæltu til mín mjer til heiðurs, öðrum til ánægju og sjálfum þeim til sæmdar, fyrir þá miklu mælsku og þekking, sem þar lýsti sjer.

En áður jeg þakka þessum mönnum fyrir mig, þá ætla jeg mjer að gjöra þá fyrirspurn til háttv. flutningsmanna, hvort þeim þyki ekki rjett, að gefa út orðabók með frv., fyrst þeir geta ekki lengur látið sjer nægja þeirra eigna tungu, til þess að semja frumv. á; það er hætt við, að ella skilji ekki allir þetta cif og fob í frv. Það var leitt, að flutningsmennirnir settu ekki cob og fob, svo að rím væri í.

Þá sný jeg mjer að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Hann sagði, að vjer, andmælendur þessa frv., vildum sporna við því, að landið fengi tekjur, til þess að bjarga mönnum úr vandræðum. Það er undarlegt að heyra þessi orð frá háttv. þingmanni, þar sem hann veit þó, að jeg hefi borið fram frumv., sem veitir landssjóði sömu tekjur, en miklu rjettlátlegar niður jafnað. Þetta er að fara óráðvandlega með orðum sínum, og ýti jeg af mjer þessum áburði hans, og munu fleiri gjöra sama. Hann og aðrir leggja mikla áherslu á það, að þessi verðgróði landsmanna sje þeim að þakkarlausu. Satt er það, að ekki hafa þeir komið stríðinu af stað. En það eru fleiri, sem græða sjer að þakkarlausu, t. d. er það sjómönnum gróði, að góðar sjeu gæftir; líka er þeim það að þakkarlausu, er þeir fiska vel, því að ekki hafa þeir teymt fiskinn inn á miðin. Yfirleitt eru flest höpp að þakkarlausu þeim, sem fyrir verða.

Sami háttv. þingmaður (M. Ó.) sagði, að hjer væri ekki um toll að ræða. Hann gleymir því, að í frumv. er fyrirsögnin um »verðhækkunartoll«. Hann gleymir því enn fremur, að útgjörðarkostnaðnr hefir hækkað, og frá landbúnaðinum gleymir hann að draga óhöppin í fyrra.

Þá sný jeg mjer að þeim, sem af mestum móði talaði, háttv. 2. þm. Rang. (E. P.). Hann taldi frumv. vel undirbúið. Það er rjett, að svo vel er það undirbúið, að hann og aðrir hafa spyrt sig saman um það, að berja það fram, og látið þó suma þingmenn ekkert um það vita, hvað til stæði. En alt skal þetta rakið á öðrum stað með athugasemdum um frumvarpið, sem ekki er

betur undirbúið en svo, að maður, sem betra skyn ber á þessi mál en flutningsmenn, hefir skrifað þeim brjef um málið, og átalið flaustrið, og sýnt fram á misfellurnar. Það er og orða sannast, að óhæft er að knýja málið svo fram með þingsafglöpum, — jeg bið forláts, afbrigðum vildi jeg sagt hafa — það er til þess eins, að menn sjá ekki, hver vansmíði eru á frv.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) talaði margt því til sönnunar, að grundvöllurinn væri ekki sá sami sem í því frv., sem drepið var um daginn. Hann vildi með þessu tali sínu sanna stefnufestu sína. Það er ekki til neins fyrir hann, að berja höfðinu við steininn, eins og hann gjörir. Stefnumunurinn er enginn í þessu frumv. frá því, sem var í frumv. um daginn. Grundvöllurinn er alveg sá sami. Það er og verður óhrakið, að tilgangurinn með þessu frumv. er alveg sá sami, sem með frumv. um daginn, að undanskildu því, að þá var komið með frumv. til þess að ráða fram úr vandræðum, sem leiddi af misæri, en nú er það ekki meiningin, heldur það eitt, að fylla landssjóðinn. Það er ekki meiri halli nú á fjárlögunum en oft hefir verið áður, og hafa þó tekjurnar venjulega hrokkið fyrir útgjöldunum. Tekjuáætlunin er ekki óvarlegri en oft hefir verið áður, svo að öll ástæða er til að ætla, að tekjurnar hrökkvi enn fyrir útgjöldunum. Mjer finst það vera ærið djarft af mönnum, sem sífelt eru að stagast á því, að hallæri sje í landinu, að fara nú að leggja nýja skatta á þjóðina, til þess að jafna þenna tekjuhalla, sem hvergi er til, nema í þeirra eigin hugskoti.

Jeg tel það víst, að háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) hafi talað eins og hann gjörði til þess að reyna að »slá sjer upp«. Jeg get trúað honum fyrir því, að honum tókst það mjög ófimlega, enda ekki von að neinn slái sjer upp á því, að vera með því, sem ilt er. Jeg veit hins vegar að við sláum okkur upp á að vera á móti því, sem rangt er, eins og þetta frumv. Þó skal jeg taka það fram, að jeg er ekki á móti þessu máli til þess að slá mjer upp, heldur af því, að jeg álít þessa aðferð ranga, til þess að efla landssjóði tekna, sem enga nauðsyn ber til að fá inn, því að eins og jeg hefi sagt eru allar líkur til, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum. Háttv. þingmaður sagðist trúa því, að þjóðin fylgdi þeim að málum, sem vildu fá komið þessu frumv. fram. Hann má fyrir mjer trúa hverju sem hann vill, en jeg trúi því ekki, að þjóðin þakki vel fyrir að demba á hana sköttum, þegar ekki er þörf á því. Og það á sama tíma, sem verið er að tala um, að hallæri sje í landinu.

Þá kem jeg að ræðu háttv. þm. Mýr. (J. E.). Hann fóðraði sína stefnubreytingu á sama hátt og háttv. þm., sem jeg talaði um síðast (E. P.). Hann sagði að þessi skattur væri lagður á til þess að varna misæri í landinu o. s. frv. Þetta gamla stagl, sem allir þekkja. Hann veit vel að þetta er ekki satt; hann veit það vel, að þetta frumv. er ekki komið fram til þess, að gjörðar verði nokkrar varnir til þess að fyrirbyggja það, að hallæri geti orðið í landinu, heldur einungis af þeirri ástæðu, að menn vilja afla landssjóði tekna. Hann byggir því skoðanaskifti sín á ósannindum einum.

Þessi sami háttv. þm. (J. E.) sagði það í ræðu sinni, að útflutningstollur væri rjettlátastur af öllum sköttum, því hann kæmi svo jafnt niður á alla. Það sjá allir, án þess að jeg leiði rök að því, hvaða vitleysa þetta er, og skal jeg ekki eyða orðum að því frekar. Jeg býst við að háttv. þm. Mýr. hafi ekki hugsað út í, hvað hann var að segja.

Sami háttv. þingmaður talaði um, að verra væri að leggja skatt á hross en á menn. En hvað segir hann um að leggja skatta bæði á menn og hross? Annars kom þessi kafli ræðu hans ekkert málinu við.

Þá kem jeg næst að þessum ódauðlega ræðusnillingi, háttv. 1. þm. Rang. (E. J.). Jeg skal játa það, þótt spaugilegt sje, að fyrri hluti ræðu hans var langbestur af öllu því marga og mikla, sem sagt hefir verið um þetta mál hjer í deildinni. Hann játaði það hreinskilnislega, að hann hefði breytt um stefnu frá því um daginu, en fóðraði það með því, að hann vildi sýna, að hann væri enginn grútur, sem ekki tímdi að leggja fje af mörkum, en hvort kjósendur hans þakka honum fyrir að fara þannig með þeirra fje, læt og ósagt. Það má geta þess, að það er ekki að furða, þótt ræða hans sje best allra, því að hann er áreiðanlega sá þingmaður, sem hlustað er á með mestri ánægju hjer á Alþingi, enda hafa kjósendur hans sýnt, að þeir kunna að meta hæfileika hans, því að þeir hafa jafnvel sett hann ofar en hinn, sem talaði áðan af mestri andagift.

Það var eitt, sem var gott í ræðu þessa háttv. þingmanns, og það var það, hve glöggur reikningur var gjörður þar yfir verðhækkunina.

Hann sýndi fram á, að ef hagur eins bónda væri talinn að vera 900 kr. og svo væri lagður á þessar krónur verðlækkunarskattur, þá væri það ekki rjett, því að það, sem hann þyrfti í búið, væri að minsta kosti 500 kr. dýrara en það var áður. Auk þess sýndi hann fram á, að 400 kr. sem eftir eru, gjöra ekki meira en hrökkva fyrir því, sem skaðinn nam í fyrra, og því ætti að draga það frá, en þá er komið að því, sem jeg hefi haldið fram, að leggja eigi á tekjur manna. Það er auðvitað, að margir eru svo fátækir, að ekki er hægt að leggja neitt á þá, en því meira eiga hinir ríkari að bera af gjöldunum. Það er alveg ómótmælanlegt, að tekjuskattur er sá rjettasti skattur, sem hægt er að leggja á þjóðina. Þar er ekki lagt á framleiðsluna, heldur á hreinan gróða manna.

Jeg skal nú ekki tala meira um þetta blessað frumv. að sinni, en enda ræðu mína á því, að þakka háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) fyrir skemtilegasta hlutan af ræðu hans. Jeg get vel fyrirgefið honum, þótt hann saumaði talsvert að mínum spjörum, því að jeg hafði vel unnið til þess, svo vel sem jeg gekk frá honum við eina umr. fjárlaganna hjer í deildinni. Hann fann að því við mig, hvað jeg talaði mikið. Það má vel vera satt, að jeg tali mikið og skifti mjer af mörgu, en jeg er víst ekki orðinn nógu mentaður til þess að kunna þá list, að menn sitji hjer á bekkjunum með plástur á munninum og greiði leynilega atkvæði.

Jeg ætla að biðja háttv. þingm. þess, að gjöra ekki alvöru úr því, sem hann hótaði, að skora á Dalamenn, að kjósa mig ekki oftar á þing. Það gæti orðið mjer hættulegt.

Flutnm.(PjeturJónsson): Jeg skal lofa því, að vera stuttorður. Jeg skal geta þess, að við, sem berum fram þetta frumv., höfum ekki haft mikinn tíma til að skrafa saman um það. Við höfum orðið að nota mestan tímann til að hugsa málið, en sem minstan til að masa um það.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) hefir hjer í dag haldið langan fyrirlestur um flokkaskiftinguna í þinginu. Jeg get ekki sjeð, hvað það kemur þessu máli við. Þetta mál hefir ekki verið, og verður ekki gjört að flokksmáli; það get jeg fullviss-

að háttv. þingm. um. Það hefir auðvitað, eins og önnur stórmál, verið rætt í mínum flokki, en það hefir ekki verið gjört að flokksmáli fyrir því.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) voru báðir mjög vondir út af því, að farið hefði verið með þetta mál á bak við Sjálfstæðisflokkinn. Jeg hefi afsakað það áður, að jeg gat ekki borið mig saman við líkt því eins marga þingmenn og jeg vildi og ætlaði. Jeg var að hugsa um það, hvort jeg ætti ekki að sýna háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) frumv., áður en það kæmi til umræðu í deildinni, en hann varð fyrri til að láta í ljós við mig í samtali þær skoðanir, að jeg gat ekki búist við því af honum, að hann vildi eiga nokkurn þátt í undirbúningi málsins, og hafði engan tíma til að eiga við aðra um málið en þá, sem vildu vinna að framgangi þess.

Aftur á móti getur háttv. þm. Dal. (B. J.) ekki kvartað undan neinu, því að við vorum saman í nefnd, sem hafði þessi tekjuhækkunarmál til meðferðar, og þar lagði jeg þetta frumv. fram, en hann leit ekki við því. Svona er rjett skýrt frá málinu, og læt jeg svo hjer við sitja.

Það hefir nú viljað svo til, að það hefir verið tekið ómakið að mestu af mjer með að svara því, sem sagt hefir verið móti þessu frv., og vil jeg sjerstaklega þakka háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fyrir ræðu hans um þetta mál.

Hvað það snertir, að þetta frumv. sje fátækraflátta, eins og háttv. þingm. Dal. komst að orði, þá hefir háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) tekið af mjer ómakið að svara þeirri vitleysu. Jeg skal að eins geta þess, að okkur hefir talist svo til, að skattur þessi muni ekki nema meira en 17 aurum af hverri kind að meðaltali.

Jeg er handviss um, að ekkert gjald til opinberra þarfa kemur eins þægilega niður og þetta gjald, af því að það hvílir ekki á hinum venjulegu tekjum manna, heldur á alveg óvenjulegum gróða.

Jeg held, að jeg hafi svo ekki fleira að segja um málið, en vona, að það fái að ganga áfram.

Sigurður Eggerz: Mjer hafa dottið í hug í kvöld, þegar jeg hefi verið að hlýða á umræðurnar hjer, sjerstaklega ræður háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og háttv. þm. Mýr. (J. E.) vissir hlutir, sem kallaðir voru »tabu«, eða helgir, hjá villimönnunum. Ef einhver kom nálægt þeim, þá urðu villimennirnir tryltir. Ef komið er nálægt þessu tollafrumvarpi hjer, þá sýnist mjer það hafa lík áhrif á suma háttv. deildarmenn. Tollálagan á framleiðsluna er orðin »tabu« hjá vorum mönnum.

Jeg get skírskotað til deildarinnar, hvort jeg hafi við haft nokkurt óþinglegt orð við nokkurn þingmann hjer í háttv. deild. Sú synd, sem jeg á að hafa drýgt, er þetta, að jeg held því fram í málinu, sem jeg tel vera rjettast, og aðdróttunin, sem kom hjer fram hjá einum háttv. þingm., um að vjer, sem á móti frumvarpinu værum, værum að því í því skyni, að vjer vildum slá oss upp á því, er dálítið spaugileg, þar sem það er kunnugt, að búið er að mynda hjer órjúfanlegan hring í kringum frumvarpið. Og þeir, sem þekkja meiri hluta aðdráttaraflið hjer í þinginu, vita, að jafnvel rökin eru ómáttug til að rjúfa slíkan hring.

Háttv. flutningsm. þessa máls (P. J.) talaði á þá leið, að jeg hefði haldið því fram, að það hefði verið gjört að flokksmáli, miljónafrv. svo kallaða, sem var felt hjer í deildinni á dögunum. Þetta er alveg gagnstætt því, sem jeg hjelt

fram. Þeir, sem feldu frv., voru bæði stuðningsmenn og andstæðingar stjórnarinnar, því frumvarpið var svo frámunalega óviturlegt, að jafnvel stuðningsmönnum stjórnarinnar blöskraði það.

Ástæðan til þess, að jeg greiddi atkvæði á móti nefnd og 2. umræðu, var sú, að jeg vildi ekki á nokkurn hátt leggja tolla á þá gjaldstofna, sem um var að ræða. Þetta tók jeg svo skýrt fram hjer í deildinni í dag, að jeg ætlaðist til, að það yrði ekki misskilið.

Það er vitanlegt, að þó frumvarpið væri ópolandi eins og það var, þá hefði mátt laga það í nefnd, svo framarlega sem menn hefðu viðurkent þörf á auknum tollum, og getað fallist á þessa tollstofna.

Háttv. þm. Mýr. (J. E.) sagði áðan, að hann vildi einmitt hafa toll á þessum vörum. Þegar jeg heyrði þessi orð háttv. þingmanns, stórfurðaði mig á því, að hann skyldi greiða atkvæði með því að fella miljónafrv. frá nefnd.

Háttv. flutnm. (P. J.) gat þess, að hann hefði ekki viljað vera að argast við Sjálfstæðisflokkinn, af því að hann hefði haft svo mikið að gjöra. Þótt hann hafi haft mikið að gjöra, þá hafði hann tíma til að leggja málið fyrir hina flokkana í þinginu. Ef nokkuð væri, sem benti á pólitík í þessu máli, þá er það einmitt þetta, að einum flokki er haldið fyrir utan. Jeg verð að segja það aftur, að þegar þingsályktunartillagan um kornkaupin var feld hjer í deildinni, þá var sett pólitík í málið. Flestar þjóðir halda þess háttar málum fyrir utan flokkapólitíkina, og það ættum við sannarlega að gjöra líka.

Jeg held að háttv. þm. Dal. (B. J.) hafi hrakið flest það, sem háttv. andstæðingar okkar hafa borið fram, og vil jeg því ekki þreyta deildina með því að taka það alt upp aftur. Jeg get látið mjer nægja að vísa til þess, sem jeg sagði í ræðu minni í dag. Annars verð jeg að segja, að mig furðaði á því, hve háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) talaði undarlega æst í þessu máli. Jeg veit ekki, hver orð mín hafa gefið honum ástæðu til að verða svona reiður, nema ef vera skyldi það, sem jeg gat ekki komist hjá að minnast á, að hjá þessum mönnum, sem feldu miljónafrumv. um daginn, hefði orðið stefnubreyting. Jeg er ekki að ámæla þeim fyrir það. Það kemur svo oft fyrir í lífinu, að menn skifta um skoðanir. Það getur svo sem verið, að þeir hafi komist að annari niðurstöðu við frekari umhugsun. En annars vil jeg benda háttv. 2. þingm. Rang. (E. P.) á það, að það er æskilegt, að þingmenn gæti stillingar í ræðum sínum. Og jeg vænti þess, að hann, sem samkvæmt stöðu sinni á að vera fyrirmynd í allri prúðmensku, og temja sjer guðrækilegt hjartalag, temji nú svo ástríður sínar, að hann kasti sjer ekki jafnhranalega út í umræðurnar, eins og hann gjörði áðan. Mjer fellur það þungt, eftir að jeg hefi kynst háttv. þingm., að sjá reiðina umhverfa honum svo ókristilega.

Háttv. þingm. (E. P.) var að tala um hinn fallanda fjárhag landsins. Þetta leyfir háttv. þingm. sjer, sem hefir verið í fjárlaganefnd, og því haft góð tæki á að kynna sjer fjárhaginn, að segja. Þetta stingur í stúf við það, sem hæstv. ráðherra hefir látið um mælt, að fjárhagur landsins sje yfirleitt í góðu lagi. Það er annars einkennilegt, að tala um fallanda fjárhag nú, þegar það er vitanlegt, að landið græðir stórfje. Því að svo framarlega sem það er rjett, að þeir græði, sem stunda sjávarútveg og landbúnað, þá er það um leið gróði fyrir landið í heild sinni og landssjóðinn. Því hvað ber þetta land uppi, ef ekki sjávarútvegurinn og landbúnaður-

inn. Og þess vegna er það svo hrapallegt, að menn skuli ekki skilja, að þeir eiga að greiða veg þessara atvinnuvega, en ekki draga úr þeim með óþörfum tollum.

Það sýnir best, hvað mikill glundroði er kominn í þetta mál, að engum lifandi manni hefir dottið í hug að spyrja stjórnina, hvað mikið fje hún þurfi, og mjer vitanlega hefir stjórnin ekki heldur lýst yfir neinu um það. Það ætti þó að vera það fyrsta, sem um væri spurt, hvað mikið fje vantaði til að bjarga landinu sómasamlega, ef til vandræða horfði. Nú er verið uð tala um, að hjer eigi að gjöra eitthvað annað við tollinn, sem kemur eftir þessu frumv., heldur en tollinn eftir hinu frumv. Það stendur ekkert um það hjer, og jeg gjöri ráð fyrir, að það liggi nokkuð líkt til grundvallar fyrir báðum frv.

Yfirleitt er það furðulegt, hvað hinn mikli meiri hluti fer geist af stað í vörnum sínum fyrir frumv. Þeir hafa vonda samvisku, og því hafa þeir svo hátt, vilja hafa svo hátt, að þeir heyri ekki neitt til samviskutetursins. En þeir verða að tala enn þá hærra, ef þeir halda, að þeir geti talið þjóðinni trú um að það sje heppilegt fyrir hana að tolla aðalatvinnuvegi sína. En hver veit hvað þeim tekst?

Jeg mun nú ekki við þessa umræðu tala frekar um þetta mál, en jeg er staðráðinn í að greiða atkvæði á móti því. Ef hæstv. ráðherra getur sannfært mig um, að brýn nauðsyn sje á, að afla aukinna tekna fyrir landssjóðinn, þá myndi jeg vilja greiða atkvæði með einhverjum öðrum tollalögum, sem bygðust á öðrum grundvelli en þetta frumvarp.

Björn Hallsson: Það er búið að ræða þetta mál nokkuð mikið, og kann ske óþarflega mikið, eins og oft vill brenna við hjer í háttv. deild. (*Einhver:* Heyr!). Jeg ætla því að reyna að vera stuttorður. Það hefir verið talað mikið um útflutningsgjaldsfrumv., sem felt var hjer í deildinni fyrir skömmu, og menn hafa verið að bera saman samkvæmina í því, að fella það og koma svo fram með þetta. Við, sem að því stóðum að drepa hitt frumv., álitum, að sá tollur væri bygður á röngum grundvelli, og sáum því ekki annað ráð en að fella það, þar sem við gátum ekki unað við tollinn í því formi. Það var bygt á því, að jafnhár tollur yrði lagður á, hvort sem varan væri í háu eða lágu verði, jafn háa auratal á pund. Og þar sem farið var fram á, alt að einnar miljónar kr. tekjauka með þessum tolli, þá var það fyrirsjáanlegt, að þetta yrði þungur baggi. Jeg gæti fyrir mitt leyti gengið inn á einhvern útflutningstoll á skynsamlegum grundvelli, því að það er mjög athugavert, að skilja svo við þetta þing, að ekkert sje gjört til þess að auka tekjur landssjóðs, eins og ástandið er nú í heiminum. Við höfum margir litið svo á, að þar sem fyrirsjáanlegt er, að allmikill tekjuhalli verður á fjárlögunum, og þegar þess er gætt jafnhliða, hve valta tekjustofna við höfum til að byggja á, sem sje tollana, þá muni verða að leggja einhvern toll á útfluttar vörur, til þess að jafna tekjuhallann og til þess að hafa einhvern bakhjarl, ef í harðbakka slær. En hins vegar höfum við líka litið svo á, að þótt nú yrði gengið inn á einhvern útflutningstoll, þá ætti hann ekki að vera til frambúðar, heldur að eins að gilda til næsta þings. Benda má og á það, að sá tollur, sem hjer er um að ræða, er eingöngu miðaður við gróða frá hæsta verði, sem áður hefir verið. Það er því ekki ætlast til, að tollur sje greiddur af öðru en þeim gróða, sem verður á vörunum vegna stríðsins. Af því má greinilega

sjá, að hjer er um glögga stefnubreytingu að gjöra frá fyrra frumv., og er því engin ástæða til að lá það, að þetta frumv. er komið fram.

Það hafa orðið töluverðar orðahnippingar hjer í deildinni út af þessu frumvarpi. Háttv. þm. Dal. (B. J.) byrjaði á því að segja, að það væri verið að smeygja tolli inn á þjóðina. Það er rjett að því leyti, að við höfum ekki haft tækifæri til að ræða um það við þjóðina, hvort hún vilji láta leggja útflutningsgjald á, eða ekki. En í sjálfu sjer er þessi skattur bygður á svo rjettum forsendum, ef nokkurn toll á að leggja á annað borð, að engin ástæða er til að ætla að landslýðurinn risi upp á móti honum. Enn fremur sagði hann, að úr því að sömu mennirnir, sem hefðu drepið frumvarpið um daginn, væru nú með þessu frumv., þá hefði þeim snúist hugur. Jeg er honum ekki sammála um það. Hjer er um tvent ólíkt að ræða, því að það hefir algjörlega verið skift um grundvöll. Annars skil jeg ekki fjármálapólitík háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann er með nálega öllum útgjaldaliðum, en vill ekki auka tekjurnar, nema með frv. sínu um dýrtíðarskatt af tekjum, sem er óframkvæmanlegt, í það minsta á stuttum tíma.

Þá sagði háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), að það væri hlægilegt fyrir okkur, sem hefðum drepið frumv. um daginn, að fara nú að samþykkja þetta frumv. Það er ekki ástæða fyrir hann að vera að reyna að gjöra okkur hlægilega fyrir þetta, enda mun það ekki takast, því að við álítum annan grundvöllinn óhafandi, en hinn vel viðunandi, til þess að reyna að stuðla að því, að fjárlögin verði ekki afgreidd með afskaplega miklum tekjuhalla. Eins og tekið hefir verið tekið fram, er þetta vegur til hjálpar, ef stjórnin hefði ekki fje til að byggja, á framkvæmdir sínar, svo sem vörukaup og afföll á þeim, vegna geymslu, því að lítið getur stjórn og Velferðarnefnd gjört með tómum tekjuhalla, þótt háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) geti ef til vill látið sjer það nægja, af því hann er nú ekki í ráðherrasæti.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) leit svo á, að við hefðum verið að biðja fyrirgefningar á framferði okkar, fyrir að fella frumv. um útflutningsgjald. Þessu mótmæli jeg algjörlega. Við höfum að eins lýst yfir því, að við hefðum ekki vantraust á Velferðarnefndinni, og við hefðum ekki felt frumv. til þess að móðga hana. Eins sagði sami háttv. þingmaður, að Velferðarnefndin hefði gengið milli þingm., til þess að afla sjer fylgis. Þetta get jeg ekki kannast við. Að minsta kosti hefi jeg ekki orðið var við það. Það getur verið, að einhver hafi knjekropið hv. þm. og beðið hann um fylgi, þótt mjer þyki það í rauninni næsta ótrúlegt, eftir því sem jeg þekki mennina, sem hlut eiga að máli. Enn fremur sagði hann, að Velferðarnefndin væri orðin hápólitísk. Það get jeg ekki sjeð að sje rjett.

En hitt er skiljanlegt, eins og kom fram á þinginu í fyrra, að sú stjórn, er þá sat að völdum og hafði Velferðarnefnd sjer til aðstoðar, milli þinga, var ekki ánægð með að hafa meiri hluta hennar á móti sjer, að þannig sje það einnig með núverandi stjórn. Og jeg man svo langt, að Sjálfstæðisflokkurinn setti þá á oddinn, að meiri hluti nefndarinnar væri þá með stjórninni. Þess vegna finst mjer það ekki sitja vel á stjórnarandstæðingum nú að brixla um það, þó að núverandi stjórn líti líkt á þetta.

Þá var það, að sami háttv. þingmaður sagði, að bændur kæmu undarlega fram, með því að ljá þessu frumvarpi

fylgi sitt, því með því væri komið inn á þá braut, að leggja á áframhaldandi útflutningstoll.

Jeg geng ekki út frá því, að þessi tollur verði áframhaldandi, heldur einungis til bráðabirgða. Enda hverfur hann af sjálfu sjer, ef vörurnar lækka í verði, t. d. vegna þess, að stríðið hættir. En jeg býst hins vegar við því, að á næsta þingi verði tolla- og skattalöggjöfin tekin til rækilegrar og róttækrar yfirvegunar. Þessi tollur, sem hjer ræðir um, er því að eins til þess, að bæta úr brýnni nauðsyn í svip.

Þá sagði sami hv. þingm. (G .E.), að frumvarpið væri hlægilegt, af því að þær tekjur, er það ætti að veita landssjóði, væru sama sem engar. En eftir upplýsingum háttv. flutningsmanns (P. J.) má ætla, að tekjurnar verði um 370 þús. kr. á ári, sem auðvitað yrði mikið minni þetta yfirstandandi ár, af því að nú þegar eru allmiklar vörur fluttar úr landi, sem því ekki er hægt að leggja toll á. En á næsta ári færu tekjurnar, er frumv. veitir, eftir því ástandi öllu, er þá verður, — geta horfið, ef vörurnar falla ofan í tiltekið verð, en yrðu talsverðar, ef gott verð helst áfram. Það er því ekki hægt að segja annað, en að nokkurt gagn muni verða að þessum tolli, og að hann komi ekki hart niður.

Jeg skal svo ekki segja fleira um þetta.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 17 : 2 atkvæðum.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 11. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 894, 904, 909, 918).

Afbrigði frá þingsk. áður leyfð.

Flutnm. (Pjetur Jónsson): Jeg skal reyna að tefja ekki tímann of mikið með umræðum, en jeg er knúður til að gjöra nokkrar athugasemdir, fyrst til skýringar frumv. og síðan um breytingartillögurnar.

Það verð vörunnar, sem leggja á til grundvallar, er verðið fob, frítt um borð, án þess að dreginn sje frá nokkur innanlandskostnaður. Aftur á móti ef varan er ekki seld þannig, það er að segja fob, heldur cif, þá dregst frá kostnaður við hana, eftir að hún er komin í skip, svo sem flutningskostnaður, sjóábyrgðargjald, miðlarakostnaður, umboðslaun o. s. frv. Þetta er ekki tekið upp alveg tæmandi í 2. grein, en jeg tek þetta fram til leiðbeiningar fyrir þá, sem framkvæma eiga lögin.

Þá er 3. grein. Það hefir verið vikið að því, að gjaldfrjálsa verðið væri sett nokkuð hátt, og gjaldið því afar stopult fyrir landssjóð. Það er auðvitað ákaflega mikið undir því komið, að hið háa verð á vörunum haldist, hverjar tekjur landssjóður fær, samkvæmt frumvarpinu. Í sjálfu sjer er þetta rjett athugað. En það er annað mál, hvort rjett sje, að lögin nái til annars hluta verðsins en þess, sem er beinn gróði. Það ætti ekki að vera, og því er verðið ekki of hátt, vegna þess, að framleiðslukostnaður hefir aukist mjög mikið. Þar að auki vil jeg gjöra þá athugasemd, að það er búið að hafa mikið fyrir því, að koma sjer saman um verðið. Ef farið verður að breyta því í einstökum atriðum, er jeg hræddur um, að erfitt verði að ná samkomulagi aftur. Tíminn er nú orðinn naumur, og því verður að hraða málinu sem mest, og því ekki heppilegt að fara að raska því verði, sem menn hafa komið sjer saman um.

Það hefir líka komið til orða að hafa

gjaldið stighækkandi, eftir því, hve mikil bein verðhækkun væri, og það væri rjettlátast. Eins og jeg tók fram við 1. umræðu, er að eins lítið tillit tekið til aukins framleiðslukostnaðar, og þess vegna var rjettlátt að hafa gjaldið stighækkandi, og þá lágt á þeirri verðhækkun, sem að eins mætir hækkandi kostnaði. En með því hefði útreikningur, innheimta og öll framkvæmd laganna skapað ýms vafamál og orðið svo umsvifamikið, þegar jafnframt þess er einnig gætt, að hjer er að eins tjaldað til einnar nætur með þessu gjaldi.

Þá hefir það einnig verið fundið að frumv., að innheimtulaunin væru of lág, 2%, og er það líklega rjett athugað, því þótt innheimtulaunin yrðu sæmileg, eins og verðið er í augnablikinu, þá yrðu þau það ekki, þegar verðið lækkaði, þar sem það er sama fyrirhöfnin við það að reikna gjaldið út, hvort sem verðið er hátt eða lágt. En af því að lögin eiga að gilda svo stutt, er vonandi að gjaldheimtumenn láti þetta ekki á sjer festa, enda hefi jeg ekki heyrt neinn af þeim gjaldheimtumönnum, sem á þingi sitja, tala um það.

Þá er 6. gr. Hún ræðir um það, hvernig eigi að reikna það verð, sem til grundvallar er lagt, þegar varan er ekki seld áður en hún er flutt út, eða skýrslur eru ófullnægjandi að einhverju leyti. Jeg hygg, að engin vandræði þurfi að verða úr þessu, því að lögreglustjórum mun það jafnan kunnugt, hvað hver vörutegund er seld fob í viðkomandi hjeraði eða kaupstað, og getur miðað við það, ef hann verður að ákveða verðið. Það er svo venjulega, að þótt eitthvað af vörunni sje sent óselt út, þá er jafnframt eitthvað selt fob, og þótt gjaldheimtumenn hafi ekki verðið á útflutningsstaðnum, þá geta þeir miðað við verðið á nálægum stöðum. Það getur því aldrei orðið hætta á því, að hægt verði að draga undan svo miklu nemi af því, er menn græða við að selja ekki fob, heldur erlendis.

Þá kem jeg að brtt. flutningsmanna. 1. og 3. brtt. er að eins lagfæring á handritinu. Það, sem þær hljóða um, fjell úr, þegar frumv. var prentað upp. 2. liður á þgskj. 909 er fram kominn fyrir bendingu frá kaupmönnum hjer í bæ. Þegar útflytjendur, sem ekki eru jafnframt framleiðendur, hafa keypt vöruna áður en lög þessi ganga í gildi, þá legst á þá aukagjald, er þeir hafa ekki gjört ráð fyrir. Þetta gjald viljum við að sje afturkræft af framleiðendum, svo framarlega, sem því verður við komið. Það er samkvæmast tilgangi laganna, að þessu sje hagað á þenna hátt. Auðvitað verður ekki við því gjört, að undantekningar geti orðið, svo að þetta gjald náist ekki aftur hjá framleiðendum, en við höfum viljað gjöra það, sem við höfum getað í þessu. En vera má, að það komi ekki útflytjendum að haldi, nema í þeim tilfellum, að þeir sjeu ekki búnir að borga vöruna. Við þetta atriði er brtt. frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Honum virðist sem í okkar tillögu felist ekki það tilfelli, að milligöngumaður sje milli framleiðanda og útflytjanda. En okkur virðist óþarft að vera að blanda þessu inn í lögin, þar sem það er skýrt tekið fram, að gjaldið eigi að lenda á framleiðendum, þegar því verður við komið. Þeir verða að koma sjer saman í þessu efni, millimennirnir, ef þeir eru fleiri en einn, og tilfellin geta ekki orðið mörg.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. sama háttv. þm. (B. K.) á þgskj. 904. Fyrstu brtt. gjöri jeg ráð fyrir, að hann taki aftur, þar sem nefndin hefir komið með sams konar brtt. Um hinar brtt. er

það að segja, að eins og jeg tók fram í gær, þá vildum við flutningsmenn ekki blanda inn í frumv. neinum ákvæðum um ráðstafanir á tekjum þeim, er landssjóði áskotnuðust við lögin; þær rynnu bara beint í landssjóð. Þegar svona er áliðið þingtímans, þá gæti svo farið, að slík ákvæði gætu sett frumv. í hættu, vegna þess, að ágreiningur gæti orðið um ráðstöfun teknanna, þótt samkomulag væri um gjaldið sjálft. Svo er opinn vegur að koma því með þingsályktunartillögu, að ráðstafanir þær verði gjörðar, er brtt. ræðir um. Sama er um lánsheimildina í síðustu brtt. að segja, það mætti koma því að í sambandi við eitthvert dýrtíðarfrumv., eða sem sjerstakri tillögu. Nefndin verður því að leggja á móti þessum brtt.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta meir. Það væri æskilegt, tímans vegna, að frumv. gæti gengið sem tafarminst gegnum þingið.

Guðmundur Hannesson: Þótt mikið hafi verið um þetta rætt, og að vísu óþarflega mikið, þá langar mig til þess að fara nokkrum orðum um það, að svo miklu leyti sem það tekur til sveitabænda.

Flestir hafa gengið að því sjálfsögðu, að í þessu ári væri hagur sveitabænda góður — ef ekki ágætur —, og gætu þeir því flestum fremur borið dýrtíðarskatt. Hverjar tekjur þeirra eru í raun og veru, hefir ekki verið tekið fram, og er það þó aðalatriðið í þessu máli. Þó taldi háttv. þm. Dal. (B. J.), að *hreinar tekjur meðalbænda myndu nema um 3000 kr. þetta árið. (Bjarni Jónsson:* Það hefi jeg aldrei sagt, heldur þriðjungs bænda). Jæja. Mjer og öðrum þm. heyrðist það, en það skiftir ekki miklu. En ef þetta væri rjett, þá gætu þeir ljettilega borið nokkurn aukaskatt.

Ef við gætum að því, hvað meðalbú er stórt, samkvæmt síðustu landshagsskýrslum, þá er bústofninn þessi:

Kýr, mjólkandi, tæplega	3
Ær með lömbum	67
Sauðir og hrútar	10
Gemlingar	27
Hross, alls, tæplega	8

Tekjur slíks bús má áætla þessar:

Ull á 4,40 kg.	kr.	450,00
Kjöt af 40 dilkum (1,00 kg.)	—	560,00
— — 22 fullorðnum . .	—	440,00
Gærur 62	—	208,00
Slátur og mör (á 1,50) .	—	93,00
Mjólk úr 3 kúm (l. á 0,10)	—	660,00
3 kálfar	—	30,00
Karöflur (4 tunnur) . .	—	40,00
Rófur c. $2^1/_2$ tn.) . . .	—	15,00
Eldiviður, um	—	75,00
$^1/_2$ hrossverð	—	100,00
Alls	kr.	2671,00

Gjöld:

1 vinnumaður, fæði . .	kr.	365,00
1 vinnukona, fæði . . .	—	273,75
Kaup hjúanna (250 + 100)	—	350,00
$1^1/_2$ kaupak. (fæði í 10 v.)	—	78,75
$1^1/_2$ kaupak., kaup . . .	—	150,00
Afgjald jarðar	—	150,00
Opinber gjöld	—	75,00
Vanhöld og aukakostn. .	—	100,00
Alls	kr.	1542,50
Tekjur að frádr. kostnaði	kr.	1128,50

Áætlun þessa hefi jeg borið undir tvo reynda bændur, og hafa þeir sagt, að hún muni vera nálægt rjettu lagi. Tekjur meðalbónda eru þá í þessu marg umtalaða gróða ári einar 11—1200 kr., ekki helmingurinn af því, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) áætlaði. Þetta er alt og sumt. Meðalbóndinn ætti langsamlega að fá dýrtíðarhjálp eftir frumv., dýrtíðarhjálp, sem átti að styrkja alla, sem hafa 2000 kr. tekjur eða minna.

Þessi áætlun er eflaust svo nærri lagi, að sannleikurinn er því miður sá, að sveitaalþýða vor er fátæk og lifir víða við engu betri kjör en óbreyttir verkamenn í bæjum. Aðsóknin að bæjunum hjeldist ekki, ef fólkinu liði öllu betur í sveitunum. Þótt bæjafólkið hafi þungan skatt í húsaleigu og kolum, þá býr sveitafólkið víðast við lakari verslun, erfiðari samgöngur, og nýtur ekki þess mikla hagnaðar, að hafa mestan hluta ársins fisk, sem er miklu ódýrari en kjöt, jafnvel með því dýra verði, sem hefir verið á honum undanfarið. Ekki sleppur bóndinn betur en aðrir við verðhækkunina á útlendu vörunum. Hann verður þar öllu harðar úti. En tekjur bóndans eru auðvitað miklu minni en áætlunin sýnir, því að í henni er alt reiknað með háa verðinu, sem nú er í svipinn. Þó þær sjeu taldar nokkru hærra, vegna þess, að frekar sje lagt í vinnufólkshald en víða gjörist, þá munu þær að jafnaði svo litlu eða engu hærri en verkamannsins hjer, sem gjöra má að hafi 700—800 kr. á ári. Og eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, hafa undanfarin ár verið veltiár við sjóinn, en legið við hallæri í mörgum sveitahjeruðum.

Þegar bæirnir heimta uú hjálp af sveitabændum með *sjálfskyldu*, þá er sú krafa ástæðulítil. Þegar líkt hefir staðið á fyrir bændum eða lakar, þá hafa þeir í hæsta lagi fengið hallærislán. Bæirnir geta gjört kröfu til þessa og annars ekki, ef allir eiga að sitja við sömu kjör.

Þrátt fyrir þetta munu bændur ekki telja það eftir sjer, að gjöra nú nokkru betur við bæina en gjört hefir verið við þá sjálfa. Ef það yrði gjört, ættu bæjamenn að virða það og þakka. Jeg þykist viss um, að Húnvetningar að minsta kosti sjá ekki eftir svo lágu gjaldi, til þess að bæta úr tekjuhalla landssjóðs og þörfum fátæklinga í bæjunum, eins og farið er fram á í þessu frumv.; að minsta kosti hafa tveir bændur, er jeg hefi talað við, látið það í ljós, að þeir myndu ekki telja eftir svo lítinn skerf til landsbúsins.

Jeg verð að segja, að frumv. þetta er mikil bót frá fyrri frumv., er komið hafa fram, og furðar mig á því, að dýrtíðarnefndin skuli ekki hafa flutt það fyrir löngu. Þá hefði sparast mikið af óþarfa umræðum hjer á þinginu, og ekki síst sökum þess, að fyrir löngu hefir sama hugmyndin vakað fyrir fleirum þm. og verið rædd manna á milli. En þótt seint sje, þá er gott, að dýrtíðargjaldið er komið í ekki lakara horf en þetta, því að jeg verð að telja skatt þennan hóflegan og sanngjarnan eftir atvikum.

Við einstakar greinar frumv. hefi jeg fátt að athuga, enda hefir það fengið betri undirbúning en flest önnur frumv., sem komið hafa fram viðvíkjandi þessu máli.

Brtt. háttv. þm. G.-K. (B. K.) lít jeg líkt á og og háttv. flutnm. (P. J.). Jeg tel þær að sumu leyti óþarfar, en að öðru leyti mætti ná tilgangi þeirra öllu heppilegar á annan hátt en að hnýta þeim við þetta frumvarp.

Björn Kristjánsson: Þetta er ekki í fyrsta skifti, sem vafasömum frumv. hefir verið varpað inn á þingið á síðustu stundu. Það hefir verið gjört á undanförnum tveim þingum, og sama hefir raunin orðið á þessu þingi. Um daginn var þannig komið með yfirgripsmikið frumv. undir þinglokin, og það var ekki hvað síst ástæðan til þess, að jeg greiddi atkvæði móti því frumvarpi. Ekkert væri eðlilegra, en að slík mál væru undirbúin í þingbyrjun, eða helst

fyrir þing. Og ástæðan til þess var enn ríkari þá, því útlitið var miklu verra þá en nú. Síðan höfum við sjeð, að sumarið hefir verið ágætt, og dýrtíðarhorfurnar eru minni en í þingbyrjun. Mjer virðist þessi aðferð benda til þess, að talsvert los sje komið á löggjafarstarfið, og það er eðlilegt, að útkoman verði eftir því, þar sem mönnum gefst enginn tími til að athuga jafnmikil vandamál og hjer er um að ræða.

Jeg hefi það sjerstaklega við þetta frumv. að athuga, að því er ætlað að verka aftur á bak. Það er ekki venja um nein lög hjer á landi, að því er mjer er kunnugt um. Þess vegna hefi jeg komið með brtt. þess efnis, að þeir menn, er þegar hafa selt vöruna, skuli vera undanþegnir því, að gjalda þennan toll. En meðal annars stafar þetta óyndisúrræði, að láta lögin gilda aftur fyrir sig, af því, að frumv. kemur ekki fyrr fram en í ótíma er komið.

Jeg vil benda á það, að þegar vara er seld til útlanda, þá er hún ekki lengur talin eign þess, sem seldi, heldur þess, sem keypti, samkvæmt almennum viðskiftalögum allra landa og Íslands sömuleiðis. Því er það, að ef jeg hefi keypt vörur t. d. í Englandi, þá dettur engum í hug að leggja eftir það toll á seldu vöruna. Það er eina rjetta atriðið í þessu efni, að láta vöruna vera gjaldfrjálsa.

Með brtt. á þgskj. 918 hefi jeg reynt að lappa upp á 2. brtt. flutnm. á þgskj. 909. Menn verða að gæta að því, að venjulega er nú milliliður milli framleiðandans og kaupmannsins, sem sje umboðsmennirnir. Fyrir 10—20 árum mundi ekki hafa verið um þessa menn að ræða, en nú er orðið breytt frá því, sem þá var. Fyrir því hefi jeg flutt þessa brtt., sem heimilar, að hægt sje að ná til framleiðandans, þótt þriðji maður flytji vöruna út, sem hlýtur að eiga að greiða gjaldið. Vænti jeg að þessi brtt. verði samþykt, ef sú aðaltillaga mín verður ekki samþykt, sem fer fram á það, að undanþiggja allar seldar vörur þessum tolli, sem er sú eina aðferð, sem við á og þingið getur verið þekt fyrir, og hefi jeg alls ekki tekið hana aftur, eins og háttv. aðalflutningsmaður (P. J.) hjelt, heldur er brtt. á þgskj. 918 borin fram í því skyni, að hún að sjálfsögðu verði samþykt. Jeg vænti því, að aðaltill. verði samþykt, svo framarlega sem ekki eru samtök um, að fella allar tillögur, sem fram koma til breytinga, eins og mjer hálfvegis skildist á háttv. aðal-flutnm. (P. J.), því að enginn, sem þekkir til almennra viðskiftalaga, getur verið á móti till.

Þá er 3. brtt. á þgskj. 904, sem fer fram á það, að tolli þeim, sem innheimtist, skuli, svo fljótt sem unt er, komið í gullmynt. Þessi brtt. hnígur meira að því, að minna á, að landið megi ekki vera gullmyntarlaust. Hefi jeg bent á þetta í fyrra, þegar farið var fyrst að hreyfa dýrtíðarráðstöfunum, og sömuleiðis á þinginu nú. Vjer eigum $4^1/_4$ milljón króna í seðlum, sem ekki gætu orðið oss til nokkurra bjargráða, ef sambandið milli Danmerkur og Íslands slitnaði. Vjer getum notað seðlana í innanlands-viðskiftum, en þeir eru einskis virði, þegar um það er að ræða, að kaupa vörur t. d. frá Vesturheimi, ef sambandið við Danmörku slitnar. Þess vegna er oss nauðsynlegt að hafa gullmynt til í landinu, og mun sýna sig, hverja þýðingu það hefir, ef Danmörk kemst í stríðið. Og *fyrstu* bjargráðin, sem þingið hefði átt að hugsa fyrir, var auðvitað, að landið hefði gullmynt að kaupa fyrir.

Þá er síðasta brtt. á þgskj. 904. Jeg hefi gjört þessa tillögu vegna þess, að jeg hefi hugsað, að frumvarp þetta væri

ekki framflutt eingöngu til þess, að auka tekjur landssjóðs, þvert ofan í alt dýrtíðarskrafið, heldur einkum til þess að hlaupa undir bagga með þeim hjeruðum, sem hart verða úti, vegna dýrtíðar. En þá þykir mjer miklu betur fallið, að styrkurinn til fátæklinga verði fólginn í atvinnu, heldur en í ölmusu. Jeg vona, að þessi tillaga verði samþykt, ef ekki hafa verið gjörð samtök um annað, því að þetta er miklu hollara. Jeg skal taka það fram, að jeg ætlast til, að þessi lán verði veitt úr landssjóði, án tillit til tollsins, svo grípa megi til hvers þess fjár landssjóðs, er fyrir hendi er. Jeg er viss um það, að þessi breytingatillaga mun mælast vel fyrir. Skal jeg leyfa mjer að óska nafnakalls um hana.

Skal jeg svo ekki þreyta menn á lengri ræðu, en að eins taka það fram, að jeg er ekki mótfallinn svona frumv. í sjálfu sjer, þó það þyrfti miklu víðtækari lögun, en jeg fer hjer fram á. Jeg er meðmæltur lágu, almennu útflutningsgjaldi, alveg eins og jeg hefi hefi verið hlyntur almennu lágu aðflutningsgjaldi, enda verður ekki önnur leið farin í landi, sem eins og Ísland má heita tollgæslulaust. Jeg mun því, ef til vill, greiða atkvæði með frumv., ef umbætur þær, sem felast í tillögum mínum, verða teknar til greina, þó þær breytingar nái alt of skamt.

ATKVGR:

1.—2. gr. samþ. með 17 : 4 atkv.

Brtt. 909,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. svo breytt samþ. með 16 : 4 atkv.

Brtt. 904,1 feld með 13 : 7 atkv.

4.—6. gr. samþ. með 18 : 4 atkv.

Brtt. 918 feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Arnórsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Guðm. Eggerz,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
Hjörtur Snorrason,	Magnús Kristjánss.,
Jóhann Eyjólfsson,	Matthías Ólafsson,
Sigurður Eggerz,	Pjetur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Stef. Stefánsson,
	Þór. Benediktsson.

Sveinn Björnsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 909,2 (ný gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 904,2 feld með 17 : 8 atkv. að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Arnórsson,
Guðm. Eggerz,	Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,	Jón Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Kristjánss,
Þorleifur Jónsson.	Matth. Ólafsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Einar Jónsson og Guðmundur Hannesson greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

Brtt. 904,3 feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Arnórsson,
Björn Kristjánss.,	Guðm. Hannesson,
Einar Jónsson,	Hannes Hafstein,

já:	*nei:*
Guðm. Eggerz,	Jón Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Jón Magnússon,
Jóhann Eyjólfsson,	Magnús Kristjánss.,
Sigurður Eggerz,	Matth. Ólafsson,
Sig. Gunnarsson,	Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Stef. Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Eggert Pálsson greiddi eigi atkvæði, og taldist til meiri hlutans.

Brtt. 904,4 þar með úr sögunni.

7.—8. gr. samþ. með 18 : 4 atkv.

Brtt. 909,3 samþ. með 16 : 2 atkv.

9. gr. (er verður 10. gr.) svo breytt samþ. með 16 : 2 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Sig. Eggerz.
Hannes Hafstein,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matthías Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Á 58. fundi, sama dag, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 943).

Afbrigði frá þingsköpum áður leyfð.

Guðmundur Eggerz: Jeg hafði hugsað mjer að bæta með brtt. úr því misrjetti, er kemur fram í þessu frumv. milli sjávarútvegs og landbúnaðar.

Eins og jeg sýndi fram á í gær, kemur gjaldið aðallega niður á sjávarútveginum.

Jeg veit, að sumir hjer í deildinni vissu til þess, að sanngjarnar brtt. átti að gjöra við frumv.

Þess vegna furðar mig á því, að 3. umræða um málið skuli nú fara fram einum 5 mínútum eftir 2. umræðu, því að með því eru menn útilokaðir frá því, að koma fram með nokkra breytingartillögu.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 16 : 3 atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 956).

---

36. Dýralæknar.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891. (A. 334. [Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar]).

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 26. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Í rauninni er alt það tekið fram í nefndarálitinu, sem ástæða væri til að segja. Það er öllum kunnugt, að um margra ára bil hefir staðið fjárveiting í fjárlögunum handa dýralækninganemendum. En oft hafa þessir styrkir farið misjafnlega; ýmsir hafa byrjað á námi, en hætt við. Nú hefir einn efnilegur maður nýlega lokið prófi í dýralækningum. Hann hefir komið að

máli við landbúnaðarnefndina og ráðherra, og boðið sig fram til þjónustu landsins, ef embætti væri til, eða yrði til. Það væri nú enginn sparnaður að hafna honum. En Alþingi verður að líta á hitt, að það er einungis að kasta þessum peningum í sjóinn, er veittir eru þessum mönnum til náms, ef starfskraftar þeirra eru ekki notaðir, er þeir hafa lokið námi sínu. Það mætti nú kann ske segja, að þetta væri engin höfuð ástæða, til þess að bæta við embætti, ef litið væri svo á, sem það væri óþarft, því þá væri það einungis að kasta peningum á glæ að nýju. En þegar svo er háttað, að heill landsfjórðungur bíður þess með óþreyju, að þetta embætti sje stofnað, þá sje jeg enga ástæðu til þess að spyrna á móti því. Og nú stendur allur Austfirðingafjórðungur sem einn maður og óskar eftir að fá dýralækni. Jeg þarf víst naumast að fara að rekja hjer, hvílíkur nytsemdarmaður dýralæknirinn er; jeg skal þó að eins leyfa mjer að drepa á eina ástæðu, er nægir út af fyrir sig, til þess að hann eigi fullan rjett á sjer. Sú ástæða er dýralæknisstimpillinn, er settur er á útflutt kjöt. Reyndar veit jeg að gripið hefir verið til þess óyndisúrræðis, að fela þetta starf á hendur hjeraðslæknum. Þeir þurfa auðvitað eigi að læra mikið, til viðbótar við kunnáttu sína, til þess að geta fullnægt starfinu þess vegna. En hver maður má skynja, að hjeraðslæknirinn getur ekki gjört kjötstimplan að aðalstarfi sínu í sláturtíðinni. Enginn læknir lætur sængurkonu þreyja dauðvona, til þess að gefa sig að nokkrum kjötskrokkum. Hins vegar mætti vafalaust haga svo til á Austfjörðum, að einn dýralæknir gæti annast kjötstimplun á öllum fjörðunum. Og þar sem stimpillinn hækkar kjötið í verði um 8 kr. á tn. hverja, þá er dýralæknir ekki lengi að borga kostnað sinn á þennan hátt, og ekki einungis það, heldur og miklu meira en nemur kostnaðinum við alla dýralækna landsins. Þess utan er öllum kunnugt, hve miklum skaða það getur oft og einatt varnað, að hafa menn, er geti læknað dýrar skepnur, sem sárt væri að sjá deyja ella hjálparlausar, og þarf meira að segja ekki annað til en að tálga upp hóf á hesti, er annars myndi verða ónothæfur um lengri tíma. Jeg þarf ekki að telja upp fleiri dæmi af þessu tagi; það eru svo margir bændur hjer í háttv. deild, og margir, sem skilja þetta. Jeg skal þess vegna ekki tala frekar um þetta að sinni, nema svo fari, að háttv. framsm. minni hl. (G. H.) neyði mig til þess að standa upp aftur. En jeg vona, að menn hleypi þessu frumv. til 2. umr. bardagalaust, og án þess að lengja umræðurnar meira.

Framsögum. minni hl. (Guðm. Hannesson): Jeg vil sem minst tala um einstök atriði þessa frumv., heldur alment, enda er það grundvöllurinn, sem skiftir mestu. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að þetta mál er algjört *stefnumál*, þar sem ekki kemur einungis til greina stofnun þessa eina embættis, heldur það, hvort stofna skuli dýralæknastjett í landinu. Eftir því, sem mjer skilst, þá hefir vakað fyrir háttv. meiri hluta, að fá fjórðungsdýralækna. En mjer skilst, að hjer sje einungis um tvent að ræða. Annað er það, að til sje í landinu 1—2 dýralæknar, *landsdýralæknar*, er gefið geti stjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar um dýralæknamál, og hafi svo umsjón með þeim framkvæmdum, er gjörðar verða til að verjast dýrakvillum, og svo það, sem mest er um vert, fylgist með öllum framförum í dýralækningum í útlöndum og leiðbeini alþýðu að hagnýta þær, sem hjer mættu að gagni koma. Öllum þessum kröfum ætti að vera sæmilega fullnægt með

þeim tveim læknum, er við höfum nú. Jeg get því ekki sjeð neinn vinning í þessu tilliti í því, að fara að bæta við nýjum manni. Þó hann sje nú nýr af nálinni, eldist hann líka á fám árum, og óvíst, að hann fylgist þá betur með en hinir, sem fyrir eru. En sje nú hin stefnan tekin, að koma upp *hjeraða-dýralæknum*, þá er það ljóst, að það eykur útgjöld landsins um ekki minna en 50,000 kr. á ári, þegar læknar eru skipaðir í sjálfsögðustu hjeruðin. *(Bjarni Jónsson:* Hvernig er þetta í öðrum löndum?). Í öðrum löndum? Því víkur alt öðru vísi við. Gripir eru miklu dýrmætari þar en hjer, í hærra verði. Auðvitað getur oft verið mikils vert hjer á landi, að geta bjargað ágætis hesti eða afbrags mjólkurkú, en slíkt eru þó undantekningar. Stórtjón þau, er bændur bíða hjer á landi, eru innifalin í farsóttunum, er geisa meðal kvikfjenaðarins, til dæmis bráðapestin, eins og tekið er fram í nefndaráliti minni hlutans.

Hvað það stórtjón snertir, er þessar drepsóttir valda, þá væri sannarlega mikið fje borgandi til, ef hægt væri að koma í veg fyrir þær. En menn færast ekki feti nær því, að vinna bug á þessum kvillum, þó dýralæknum væri fjölgað. Slíkt er *helber ímyndun*. En það var þetta, er vakti fyrir mönnum þegar dýralæknalögin voru samþykt í fyrstunni. Menn stóðu þá uppi ráðalausir gagnvart þessum drepsóttum, og hugðu, að fjölgun dýralækna væri einhlítt ráð gegn þessu tjóni. Við höfum allir sjeð þess dæmi nú, hvernig bæst hefir úr því, að svo miklu leyti sem það hefir tekist. Bráðapestin var til skamms tíma ólæknandi sjúkdómur. Dýralæknarnir gátu ekkert aðhafst. Loks kom danskur vísindamaður fram á leiksviðið, er tekur til að rannsaka orsök veikinnar, og er hún var fundin, hvernig mætti verjast veikinni. Slík rannsókn var vandasöm og ekki annars meðfæri en vísindamanns, sem þaulvanur var slíkum störfum og hafði öll nauðsynleg tæki til þeirra.

Nú, þegar hann hefir rutt brautina, þá fyrst komu dýralæknarnir að haldi, og þó að eins sem milligöngumenn milli hans og manna út um landið, til þess að kenna þeim að fara með meðalið. Jeg átti nýlega tal um þessa fjölgun dýralækna við fróðan mann í þessum greinum. Það var einungis eitt atriði, er hann lagði áherslu á, að ætti að verða til þess að fjölga dýralæknum, og það var kjötskoðunin. Hann áleit það hættulegt fyrir kjötmarkað vorn, ef dýralæknar væru ekki látnir skoða alt kjöt, er útflutt væri. Allir heilvita menn hljóta nú að sjá, hversu lítilsvert atriði þetta er í þessu tilfelli. Austfirðingafjórðungur væri alveg jafn illa settur eftir sem áður. Bændur slátra þar á svo mörgum verslunarstöðum, og ekki getur dýralæknirinn verið alstaðar nálægur í sláturtíðinni. Og óhugsandi væri, að ætla sjer að láta eitt kauptúnið bíða eftir öðru, þannig, að byrjað yrði t. d. á Vopnafirði, og svo haldið á Suðurfirðina í röð. Bændur gætu ekki beðið með sláturfje sitt, hversu sem viðraði að haustinu, og þetta myndi þá reynast óframkvæmanlegt. Jeg skal fúslega játa það, að kjötskoðun er ekki starf hjeraðslækna, en þeir *geta* gjört það, alveg eins og dýralæknar, ef þeir eru samviskusamir menn. En annars skal jeg endurtaka það, sem stendur í nefndaráliti minni hlutans, að jeg hygg, að mjög lítil eða nálega engin sýkingarhætta stafi af íslensku kindakjöti. Berklaveiki er afar sjaldgæf í fje, þó hún sje algeng í nautgripum, og heilnæmara kjöt get jeg varla hugsað að sje til en af íslenskum dilkum, sem alið hafa aldur sinni uppi á fjöllum og aldrei í hús komið.

Jeg vil ekki lengja umræður frekar um þetta að sinni. En jeg tek það fram aftur, og bið menn vel að athuga, að hjer er ekki að ræða um stofnun eins embættis út af fyrir sig, heldur um stofnun fjölda embætta, hjeraðsdýralækna, að hjer er að ræða um stórmál, er dregur þungan dilk á eftir sjer.

Framsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg gæti nú að vísu geymt mjer að svara háttv. framsm. minni hl. (G. H.) til 2. umræðu, og mun líka geyma mjer, að svara aðalatriðinu, sem sje samanburðinn á þeim rjetti, er dýralæknirinn hefir á sjer og þeim rjetti, er háttv. framsögumaður hefir á sjer, þar sem hvorugur málsaðili er fær um að lækna alla sjúkdóma. Það var ilt, að háttv. framsm. (G. H.) tók ekki með sjer logaritmatöflur, til þess að reikna út, hve mikið hann sjálfur hefir kostað landið að nauðsynjalausu, eftir sama mælikvarða. Jeg vil taka það fram strax, að það er skakt athugað, að dýralæknar sjeu gagnslausir, þó þeir geti ekki læknað alla sjúkdóma. Þeir geta þó alt af leiðbeint mönnum, til þess að hefta útbreiðslu þeirra. Ef nú t. d. háttv. framsm. (G. H.) hefði fengið því framgengt, að flytja inn erlent kynbótafje, þá hefði vel getað farið svo, að með því hefðu næmir kvillar borist inn í landið, og þá mundi hafa skort tilfinnanlega dýralækna, til þess að hefta útbreiðslu þessara sjúkdóma, er háttv. þingmaður hefði verið valdur að. Þá er háttv. þingmanni víst ókunnugt um, hve skjótar ferðir eiga sjer stað milli Austfjarða innbyrðis, svo að dýralæknir gæti hæglega skoðað kjöt í mörgum kauptúnum á fáum dögum. Og þessi læknir gæti á einu ári margborgað kaup sitt í 10 ár. Þá heldur hann því og fram, að það sjeu eingöngu erlendir læknar, er geti fundið upp sóttkveikjuvarnir eða læknisdóma, en íslenskir dýralæknar muni þar ekkert geta. Jeg veit nú satt að segja ekki, hvort háttv. þingmanni er kunnugt um, hve mikið manndýralæknarnir eiga oft og tíðum að þakka dýralæknunum. Og jeg veit ekki heldur, hvar hann gjörir að uppgötva þá undarlegu kenningu, ef hann heldur að íslenskir menn geti ekkert uppgötvað í þessu efni. Það er þó ansi hart aðgöngu, að hugsa sjer það, að læknisfræðisprófessor, hjer við Háskólann t. d., sje fyrirfram ákveðinn til þess, að geta ekkert sjálfstætt uppgötvað. Jeg vil nú ekki játa þessu, og jeg held, að íslenskir dýralæknar geti alveg eins fundið upp hjálparmeðal við hinum og þessum sjúkdómum og aðrir menn. Jeg skal og taka það fram um þetta bráðapestarmeðal, sem fundið var upp af dönskum manni, að sá maður fór mikið eftir ráðum og rannsóknum Magnúsar Einarssonar dýralæknis með síðustu samsetning meðalsins. En þó nú svo væri, að útlendingar gætu alt, en Íslendingar ekkert, þá þarf þó að minsta kosti að senda nákvæma sjúkdómslýsingu til þessara útlendu lækna, ef menn vilja leita ráða til þeirra. Jeg hygg t. d., að það stoðaði lítið þann útlenda, þó einhver óbreyttur bóndamaður færi að senda honum lýsingu af skjögri. Jeg hygg, að sá fróði maður mundi vera hjer um bil jafnnær. Það mundi vera tryggast að láta dýralækni fremja skoðun á skepnunni, áður en sá útlendi ætti að fara að rannsaka sjúkdómslýsinguna, svo að gagni kæmi. Þetta hlýtur öllum að vera ljóst. *(Guðmundur Hannesson:* Ekki mjer). Nei, ekki það! Jeg hefi líka heyrt um manndýralækni, er ljet senda sjer og lesa upp fyrir sjer sjúkdómslýsingarnar og fór svo hvergi, ef hann áleit ein-

hvern dauðvona. Þetta er auðvitað fyrirtaks sparnaðaraðferð, og jeg efast svo sem ekki um, að bóndi, sem ætti konuna sína liggjandi fyrir dauðanum, mundi vera lækninum þakklátur fyrir sparnaðinn, ef hann kæmi ekki. En jeg er nú ekki sannfærður um, að sjúkdómslýsingin væri alt af svo rjett, að hægt væri að dæma mann til dauða eftir henni, og jafnvel ekki hundkvikindi. *(Guðmundur Eggerz:* Ekki einu sinni þinghundinn?) Ja, jeg á nú ekki þinghundinn, en heyrt hefi jeg því fleygt, að hann mundi ef til vill nákomnari þeim háttv. þingmanni, er fram í greip, en mjer. En ætti jeg hund, þá vildi jeg ekki einu sinni láta taka hann þannig af lífi, að jeg nú ekki tali um uppáhaldshest.

Þá hjelt háttv. framsm. minni hl. (G. H.) því fram, að ekki borgaði sig að lækna einstakan stórgrip. Það er nú svo, eftir því verði, sem nú er á skepnum í landinu. Jeg gæti nefnt ýmislegt, sem sá laghenti maður, er getur um í nefndaráliti minni hlutans, með öðrum orðum kákari, gæti ekki gjört, t. d. þó ekki væri annað en að tálga hóf á hesti, svo að fátæklingsbóndi, er ef til vill ætti ekki nema einn eða tvo áburðarhesta, þyrfti ekki að missa helming hestaafnota sinna heilt sumar, eða máske öll afnotin.

Það, sem dýralæknir þarf að gjöra á ári, til þess að borga laun sín, er hvorki meira nje minna en að bjarga 12 stórgripum. Hann þarf ekki að gjöra annað en t. d. að gelda eina 8 laungraða fola, til þess að vinna fyrir sínum launum. Hagnaðurinn, sem af því verður, er fullkomlega jafngildi eins árs launa. Þetta eitt sýnir ljóslega, hvílík fásinna það er, að mæla á móti öðru eins og þessu. Dýralæknirinn hjer í Reykjavík segist hafa haft um 400 sjúklinga á ári, og það flest stórgripi, svo að það er vafalaust, að þetta mundi margborga sig. Jeg ætla, að jeg nefndi það í ræðu fyrir skemstu, að jeg hafi grætt 150 krónur á því, að dýralæknir var til hjer í Reykjavík. Hann tálgaði fyrir mig hóf á hesti, sem enginn hestamaður hafði vit á að gjöra við.

Þetta er að eins eitt dæmi, en af því er það sýnilegt, að ef margir af 400 sjúklingum færa eigendum sínum jafn mikinn gróða og þessi hestur færði mjer, þá myndi það marg borga sig, að bæta við þessum eina dýralækni.

Þess er líka að gæta, að Magnús Einarsson hefir gefið ýms ráð, svo sem tóbak við ormaveiki, og hefir það gefist vel. Hver veit nema sá dýralæknir, sem sæti á Austfjörðum, gæti fundið eitthvert óyggjandi meðal við þessum kvilla og öðrum.

Háttv. minni hluti byrjaði á að tala um grundvöllinn undir þessu máli, og grundvöllurinn var svo voðalegur í hans augum, að jeg trúi ekki öðru en að hann hafi ekki komið auga á neinn grundvöll enn þá. Sá eiginlegi grundvöllur er að lækna dýr, en svo er spurningin, hvort það borgi sig. Hann var að reikna það út, og komst að þeirri niðurstöðu, að það borgaði sig ekki. Hann reiknaði það út, að ef við hefðum þrjá dýralækna með 1500 kr. árslaunum, þá kæmi það til með að kosta landið 50000 kr. Jeg veit nú ekki, hvernig hann fær þetta út, en hitt veit jeg, að þörfin er mjög mikil á góðum dýralæknum. Háttv. minni hluti veit, að við erum ekki svo sólgnir í að stofna ný embætti, að okkur langi nú til að stofna dýralæknisembætti að þarflausu. En þjóðin krefst þess, og hvers vegna skyldi Alþingi neita því, úr því að þjóðin heimtar það? Það var sannarlega út í loftið alt, sem háttv. minni hluti lagði til þessa máls. Það, sem jeg sagði í minni fyrsta ræðu, nægir til að hrekja

það alt, því að vissulega er fylsta þörf á, að bæta við þessum eina dýralækni; því að þótt íslenskar skepnur sjeu nú í háu verði, þá eru þær ekki nógu dýrar til þess, að það borgi sig, að sækja dýralækni til Akureyrar eða Reykjavíkur, til að lækna fjenað austur á Fljótsdalshjeraði. Jeg vil benda á það, að hefði dýralæknir jörð og bú, þá þyrftu menn litlu til að kosta til að koma skepnum sínum til hans til lækninga. Háttv. minni hluti ætti að geta sjeð, að það er margfaldur gróði að fá þessa lækna sem flesta, og það þótt dýrin væru ekki í eins háu verði og þau eru nú. Jeg vona, að háttv. þingdeildarmenn taki ekki tillit til þess, sem þessi læði manndýralæknir sagði, en leyfi frumv. að ganga áfram. Hann á ekki einungis að láta það ósagt, að engir menn hjer á Íslandi geti gjört nýjar uppgötvanir, heldur ber honum skylda til að finna eitthvað nýtt upp sjálfur, til þess að eitthvað verði úr þeim vonum, sem Norðlendingar gjörðu sjer um hann, þegar hann var ungur maður og átti heima fyrir norðan.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 334, 349, n. 369).

Framsögum. minni hl. (Guðm. Hannesson): Jeg hefi oft heyrt það sagt, að þeim málum gengi greiðast hjer á þingi, sem þingmenn hefðu minst vit á. *(Sigurður Sigurðsson:* Var það svo um málið, sem nú var verið að samþykkja?). Það skal jeg ekkert um segja. Jeg skal að eins leyfa mjer að minnast á nokkur atriði úr ræðu háttv. framsm. meiri hlutans (B. J.) við síðustu umr., og mun jeg fara fljótt yfir sögu. Hann kvaðst vænta þess, að dýralæknarnir gjörðu uppgötvanir í sinni grein, viðvíkjandi ýmsum farsóttum í kvikfjenaði, sem, eins og allir vita, valda landinu stórtjóni. Jeg veit ekki, hvort jeg get gjört mönnum það skiljanlegt, hve ólíklegt þetta er. En jeg vænti, að jeg geti kann ske gjört háttv. framsögum. meiri hlutans það skiljanlegt, að þótt hann hafi próf frá Kaupmannahafnarháskóla í latínu og grísku, þá er ekki víst, að hann geti gjört neinar málfræðilegar uppgötvanir bókarlaus uppi í sveit. Er það þó ólíku hægara, heldur en að gjöra uppgötvanir í læknisfræði, sjerstaklega um næmar sóttir, sem eru flestum öðrum vísindagreinum margbrotnari. Þar verður að feta sig áfram með tilraunum, sem eru mjög erfiðar viðfangs. Það er engum almennum lækni eða dýralækni fært að gjöra nýjar uppgötvanir í þessari grein, heldur að eins þeim mönnum, sem gefa sig alla við rannsóknum á þessu efni, og hafa öll áhöld, er þarf til þeirra. Þegar svo standa sakir, er það engin minkun fyrir Íslendinga, þótt jeg segi, að slíkar uppgötvanir verði ekki gjörðar, meðan svo hagar til, að öll skilyrði vanta, bæði sjerþekkingu og áhöld öll. Hitt dettur engum í hug að segja, að Íslendingar sjeu síður færir til að gjöra uppgötvanir, heldur en aðrar þjóðir, ef þeir hafa til þess nauðsynleg tæki og annað það, sem til þess útheimtist. Það var ekkert annað en reykur út í loftið, sem meiri hlutinn sagði um minni hlutann síðast.

Þá var annað atriðið, að dýralæknar í fjórðungunum gætu haft eftirlit með kjötútflutningi. Austfirðingum sagði hann,

að ekki myndi erfitt að senda dýralækni á bát milli fjarðanna, til að skoða kjöt. Jeg þarf ekki að útlista það, hvílík fjarstæða þetta er. Það mun nú vera slátrað á hjer um bil 60 höfnum á landinu og slátrunin fer fram nálega á sama tíma. Það er vitanlega hrein og bein frágangssök fyrir hverja höfn, að bíða eftir annarri, og hitt er ekki síður fjarstætt, að dýralæknarnir geti skift sjer í 60—70 parta. Þetta er því hugarburður einn og þoka.

Þá kem jeg að 3. atriðinu, sem jeg alls ekki vil gjöra lítið úr, læknishjálp dýralæknis við nágranna sína, eða þá, sem til hans eiga hægt með að ná. Háttv. framsögum. meiri hlutans (B. J.) reiknaðist svo til, að ef læknir læknaði 10 stórgripi, þá væru árslaun hans komin. Þar frá hefði nú mátt draga borgun til læknis fyrst og fremst, og svo það, sem gripirnir hefði lagt sig. Það er spá mín, að hæpið reynist, að dýralæknir borgi sig vel, eftir þessum reikningi. En væri það svo, að það væri gróði fyrir hjeruðin að hafa dýralækna, eins og háttv. minni hluti heldur fram, þá gæti komið til tals, að þau borguðu helming launanna. Slíkt væri bæði landssjóði ljettara, og auk þess fengist mikilvæg trygging fyrir því, að menn heimtuðu ekki dýralækna, án þess að þeir svöruðu kostnaði. Það er ekki undarlegt, þótt Austfirðingar vilji fá dýralækni, þegar það á ekki að kosta þá einn eyri, að hann komi. Auðvitanlega leiðir þetta til þess, að dýralæknir verður ekki einungis að vera í landsfjórðungi hverjum, heldur í hverju hjeraði, líkt og almennir læknar eru nú. Væri það gróði fyrir hjeruðin að geta náð til dýralæknis, þá er það gefið, að alveg eins og Fljótsdalshjerað hefði gróða af því, eins gætu Húnavatnssýsla og Skagafjarðarsýsla, og hvert annað hjerað sem er, grætt á því á sama hátt. Þótt jeg geti ekki fullkomlega um þetta sagt, þá trúi jeg ekki á það, að svo stöddu máli. Jeg verð að halda mjer við það, sem jeg hefi tekið fram í nefndaráliti mínu, að það sje heilbrigðast, enn sem komið er, að halda sjer við tvo landsdýralækna, en vera ekki að stofna til fjórðungsdýralækna að svo stöddu.

Það er ekkert á huldu í þessu máli, nema þetta eina, hve mikils sje metandi þessi hjálp dýralæknanna við almenna kvilla, meiðsli á hestum og því líkt, því farsóttunum kunna þeir engin frekari ráð við, en almenningi eru nú kunnug.

Ef til vill er háttv. framsögum. meiri hlutans (B. J.) svo fróður, að hann geti gjört deildinni áreiðanlega grein fyrir því, hvað t. d. Magnús dýralæknir, sem hefir um 400 sjúklinga á ári, bjargar virkilega mörgum af þeim sjúklingum. Jeg hefi ekki hitt hann nýlega, en ætlaði mjer annars að spyrja hann um þetta. Jeg tel líklegt, þóti hann hafi 400 sjúklinga á ári, að það sjeu ef til vill ekki einu sinni 10, sem virkilega er bjargað, og við betri útkomu er varla að búast í sveitunum.

Jeg býst við að tala ekki aftur í þessu máli, en hafi menn ekki sjeð við lestur nefndarálits minni hlutans, í hvílíka þoku þetta mál er komið hjer í þinginu, þá býst jeg ekki við, að langar ræður geti sannfært menn um það.

Framsögum. meiri hlutans (Bjarni Jónsson): Jeg er á sömu skoðun og háttv. framsögum. minni hl. (G. H.) um það, að langar ræður muni ekki gjöra mikið gagn, og síst með því, að rekja upp alt það, sem sagt var við síðustu umræðu. En þar sem hann tekur nú aftur upp þessar uppáhaldssetningar sínar, verð jeg að svara honum fáum orðum.

Hann talaði um, að uppgötvanir dýralækna hjer við ýmsum sjúkdómum í kvikfjenaði, væru jafnvel ólíklegri en að jeg gjörði bókarlaus einhverjar nýjar málfræðilegar uppgötvanir í klassiskum fræðum. Jeg skal nú játa, að það er ekki óhugsanlegt, að menn gætu gjört uppgötvanir í því, sem menn kunna utan að. En hjer er ólíku saman að jafna, því að dýralæknirinn er ekki bókarlaus. Náttúran er hans bók, því að hann hefir sjúklinga, sem hann getur gjört tilraunir á með meðul. Þurfi nákvæmari rannsókna við, hugsa jeg að dýralæknar hjer gætu leitað til Háskólans.

Þar sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) sagði, að orð mín væru reykur, þá sje jeg ekki þörf á, að hrekja það; það er eins og hver önnur fullyrðing, eins og kerlingarnar rifust um: »Klipt var það, skorið var það«. Jeg get með sama rjetti, eða öllu betra rjetti, sagt, að hv. þingm. (G. H.) hafi ekki annað gjört en að vaða elginn. Það er vitanlega rjett, að 4 dýralæknar geta ekki skoðað kjöt á öllu landinu, en orð hans um Austurland, í því sambandi, voru tóm þoka. Vjelbátaferðir milli fjarða þar eru mjög tíðar, og ekki þarf annað en samkomulag milli verslananna um slátrun, til þess að hægt sje að koma þessu í kring. En þetta var nú ekki aðalatriðið í minni ræðu. Skraf háttv. þingmanns, um að hjeruðin ættu að borga helming launanna, er ósköp skiljanlegt, eftir því sem nú er ástatt. Það er nú einu sinni svo, að svona andi er kominn inn í þingið. T. d. fá sumar sýslur ókeypis sima, en aðrar verða að gjalda stórfje til þess. Það væri rjett eftir þessari reglu og öðru rjettlæti, að Austurland ætti að borga þennan embættismann að hálfu, en Suður- og Norðurland að fá hann ókeypis. Og háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) er ekki eftirbátur annara þingmanna í þessu. Sama reglan gildir um dýralæknana og um manndýralæknana. Ef hjeruðin eiga að borga dýralækni, þá ættu þau líka að borga manndýralækni.

Hjer er um ungan mann að ræða, er landið hefir kostað til námsins, einmitt í þessu skyni. Það er ekki um neina þoku að ræða, nema þá frá hv. 1. þm. Húnv. (G. H.), en hann hefir ekki getað breitt hana svo þjett yfir, að ekki sjáist í gegnum hana, því að málið er svo ljóst fyrir öllum.

Hann efaðist um, að Magnús Einarsson mundi borga sig. Jeg skal geta þess, að þessi maður hefir á síðast liðnu ári haft 400 sjúklinga. Þótt jeg geti ekki sagt með vissu, hve mörgum hann hefir bjargað frá bana, þá get jeg fullvissað háttv. þingm. um, að hann hefir vel borgað landinu þau laun, er hann fær. Þegar þess er gætt, að hestleigan er 2—3 kr. á dag, þá er ekki lengi að tapast í launin, þegar menn geta ekki leitað til læknisins og fengið bót á því, sem að hestunum gengur, hvort sem þarf nú að skera upp hóf eða því um líkt.

Jeg skal svo ekki fjölyrða þetta; vil endurtaka það, að málið liggur svo skýrt fyrir, að allir hljóta að greiða því atkvæði, nema kann ske háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), sem hefir ofið svo óskiljanlegri lærdómsþoku um það; en jeg vona, að háttv. þingmenn dreifi henni og samþykki frumvarpið.

Sigurður Sigurðsson: Jeg þykist vita, að þetta frumv. verði samþykt. Jeg þarf því ekki mikið að tala fyrir því, en get þó ekki stilt mig um að víkja að einu atriði, sem háttv. þm. Húnv. (G. H.) hefir vikið að hvað eftir annað, bæði nú og áður, að dýralæknar hjer á landi gætu ekki gjört vísindalegar uppgötvanir í sinni grein. Það

lítur svo út, sem hann leggi aðaláherslu-una á þetta. Jeg neita því ekki, að það er gott, að þeir gjöri það, sem þeir geta í þessu efni. En mjer er spurn: Hvað eru margir mannalæknar, er fást við slíkar uppgötvanir hjer á landi? Þeir eru víst teljandi, enda er aðstaða þeirra ekki svo góð, að þeir geti gefið sig mikið við þess konar hlutum. Aðalástæðan hjá mjer eru þau »praktisku« not, að læknarnir bjargi skepnunum frá dauða og eigendum þeirra frá fjártjóni eða skaða. Jeg skal ekki fara lengra út í þetta kynduga nefndarálit háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.). En jeg vil minna á það, að landið er nú búið að verja 24000 kr. til þess að styrkja dýralæknaefni til náms. Í hvaða tilgangi hefir það verið gjört, ef svo á ekki að nota mennina, er þeir hafa lokið námi. Hv. þm. (G. H.) segir í nefndarálitinu, að menn hafi búist við, að dýralæknar gæfu einhver ráð við farsóttum á skepnum, en að það hafi brugðist. Þetta er ekki rjett. Og mjer er óhætt að fullyrða, að við stæðum mikið verr að vígi nú, ef við hefðum ekki haft dýralækni. Bólusetningar á sauðfje og allur undirbúningur þess máls er að miklu leyti verk Magnúsar Einarssonar, en ekki útlendinga, þó þeir hafi vitanlega hjálpað til.

Háttv. þm. (G. H.) segir líka í nefndarálitinu, að oss sje það nauðsynlegt, að geta fylgst með í uppgötvunum, sem gjörðar sjeu í þessari grein. En að því er það snertir, þá stöndum við mikið betur að vígi, ef við höfum dýralækna, þó þeir sjeu ekki sjálfir uppfundningamenn.

Jeg á brtt. á þgskj. 349, sem fer fram á það, að þessi lög komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1917. Jeg legg ekki mikið kapp á hana, en það, sem fyrir mjer vakti með henni, var það, að þessi maður, sem ráðgjört er, að skipaður verði í þessa stöðu, geti aflað sjer frekari þekkingar og reynslu í sinni grein. Og jeg get bætt því við, að hann leggur ekki neina áherslu á það, hvort lögin koma til framkvæmda árinu fyrr eða seinna. En annars er mjer sama um, hvað gjört verður við brtt. mína, og um frumvarpið sjálft er mjer ekkert kappsmál heldur, að það nái fram að ganga. Verði frumvarpið felt, þá ræður þessi maður sig annarstaðar, og hann mun nú einmitt eiga kost á stöðu við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn, sem hann þá sennilega tekur.

. . . . . .

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 13 : 2 atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Brtt. 349 (ný 4. gr.) feld með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Guðm. Hannesson,	Bened. Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Guðm. Eggerz,
Jón Magnússon,	Jóhann Eyjólfsson,
Matth. Ólafsson,	Jón Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Magnús Kristjánss.,
Sig. Sigurðsson,	Sigurður Eggerz,
Sveinn Björnsson.	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Kristjánsson og Einar Arnórsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Þrír þingmenn fjarstaddir.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr..

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 samhljóða atkvæðum.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 2. sept., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 334, 678, 686).

Ráðherra: Jeg á eina lítilsháttar brtt. á þgskj. 678. Það er engin efnisbreyting, heldur að eins formsatriði. Jeg vil láta 5. gr. í lögum 2. okt. 1891 um skipun dýralækna á Íslandi falla í burtu, vegna þess, að hún er orðin úrelt, þar sem amtsráð og landshöfðingi eru nú úr sögunni. Jeg vil taka efnið úr greininni og bæta því aftan við 2. gr., með þeirri breytingu, að í stað þess, sem áður stendur »amtsráð« og »landshöfðingi«, komi nú »stjórnarráðið«.

Það væri ef til vill ástæða til að taka málið út af dagskrá, til þess að nefndinni gæfist færi á að athuga þetta betur.

Bjarni Jónsson: Má jeg biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. sept., var frumv. aftur tekið til 3. umr. (A. 334, 678, 686, 752).

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Þetta mál var tekið út af dagskrá, þegar það var hjer síðast til umr., af því að það þótti rjettara að laga það betur, úr því farið var að hræra við því á annað borð. Það voru sem sje í þessum lögum gömul ákvæði frá landshöfðingjatímabilinu, og hefir þeim ákvæðum nú verið kipt í það horf, er á við nútímann. Að jeg ekki gjörði þetta þegar í stað, stafaði mest af leti minni, en þegar jeg svo heyrði óskir manna í þá átt, þá vann jeg bug á henni og sneið burt þessa tilvitnun í gamla aukatekjureglugjörð o. fl. þ. h., og hefi jeg fengið vitnisburð hæstv. ráðherra um það, að nú sje ekkert framar að athuga við frumv. frá þessu sjónarmiði, og bið jeg nú háttv. deild að fallast á þetta, enda vona jeg, að ekki beri mikið á milli, þar sem áður hefir verið þrautrætt bæði um laun dýralæknanna og fjölda þeirra. Að eins skal jeg geta þess, að um fjöldann eru þó ekki allir sammála, eins og brtt. frá háttv. þm. Snæf. (S. G.) á þgskj. 686 sýnir. Hún fer sem sje fram á það, að hafa dýralæknana fjóra, einn í hverjum landsfjórðungi. Við, sem að þessu frumvarpi stöndum, höfum ekki bundið okkur neitt í atkvgr. um þessa tillögu, og jeg teldi það fyrir mitt leyti rjettast, að það væri nú þegar ákveðið, að þeir skyldu vera 4, því að það líður hvort sem er ekki á löngu, þangað til Vestfirðir vilja fá sjerstakan lækni handa sjer og maðurinn verður til. Væri þá ekki annað en aukin fyrirhöfn, að þurfa þegar aftur að fara að breyta lögunum.

Sigurður Gunnarsson: Eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) drap á, þá hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 686, sem fer fram á það, að einn dýralæknir skuli vera í landsfjórðungi hverjum.

Jeg þykist viss um, að hún fái góðan byr hjer í deildinni. Deildin er búin að samþykkja, að sjerstakur dýralæknir skuli skipaður í Austfirðingafjórðung í viðbót við þá, er fyrir voru, í Reykjavík og á Akureyri. En þá virðist mjer líka deildin hafa játað, að þörf sje eins dýralæknis í hverjum fjórðungi, enda hafa sumir þingmenn látið þá skoðun í ljós, að kostnaður sá, er því er samfara, verði ekki lengi að borga sig, þar sem bjargað muni verða miklu fleiri skepnum bænda, þegar auðveldara verður að ná til dýralæknis. Móti þessu virðist ekki verða borið með rökum. Jeg vona því, að brtt. mín, er fer fram á

að Vestfirðingafjórðungur fái sjerstakan dýralækni, nái greiðlega fram að ganga. Að vísu er, sem stendur, ekkert dýralæknisefni tilbúið, en rjett er engu að síður, að lögleiða nú þegar dýralæknisumdæmi, svo að ekki þurfi lagabreytingu um það efni síðar.

ATKVGR.:

Brtt. 686 samþ. með 16 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Guðm. Hannesson,
Hannes Hafstein,	Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson,	Stefán Stefánsson,
Jón Magnússon,	Þór. Benediksson.
Magnús Kristjánss,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Einn þingmaður var fjarstaddur.

Brtt. 752,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 752,3 — — 16 — —
— 678 sjálffallin.
— 752,1 (við fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frumv. í heild sinni samþ. með 17 samhljóða atkvæðum og afgreitt til Ed.
(A. 768).

Á 63. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. september, var útbýtt
Frumvarpi til laga um dýralækna,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 996, n. 1009).

Afbrigði frá þingsköpum til að taka málið fyrir voru leyfð og samþ.

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Jeg þarf ekki að segja annað en það, að nefndin felst á, að frumv. verði samþ. óbreytt. Breytingar þær, sem háttv. Ed. hefir gjört, álítum við hvorki til bóta nje skaða.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Hannesson): Jeg ætla að eins að taka það fram, að jeg mun verða á móti frumv., eins og jeg hefi áður verið. Jeg álít, að með þessu frumv. sjeum við að leggja út á skakka braut í dýralæknalöggjöfinni.

ATKVGR.:

Frumvarpið samþykt með 14 : 1 atkv. og afgreitt
sem lög frá Alþingi.
(Sjá A. 1010).

---

37. Dýrtíðaruppbót.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs. (A. 653).

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. sept., var frumv. tekið til 1. umr.

Forseti: Jeg skal geta þess, að þetta frumvarp er of seint fram komið, og skal jeg því bera það undir deildina, hvort það megi koma hjer til umræðu.

Leyft var að ræða frumvarpið með öllum þorra atkvæða.

Jón Magnússon: Þetta frumv. er flutt að nokkru leyti í samræmi við það, sem gjörðist fyrir skömmu á privatfundi í Sameinuðu þingi, þar sem það

var samþykt, að bæta eitthvað kjör vissra starfsmanna landsins. Nú finn jeg ekki ástæðu til, að tala svo sem neitt fyrir því í þetta sinn, bæði af því, að jeg get vel búist við, að samtök sjeu nú orðin um að fella það þegar hjer í deildinni, þótt undarlegt sje, og svo af því, að það sjest glögt á frumv. sjálfu, hvað þar er farið fram á. Annars get jeg vísað til hæstv. ráðherra, sem hefir samið frumvarpið, en hygg, að hjer þurfi ekki málalengingar um einstök atriði. Það hafa ýmsir talið rjett, að bætt verði við starfsmenn þá, sem hjer er um að ræða, eins og t. d. símamenn og fl., sem lágt eru launaðir. Jeg sje ekki ástæðu til, að stinga upp á nefnd.

Ráðherra: Jeg stend að eins upp til þess að staðfesta það, sem háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) sagði, að það er fyrir mína tilstilli, að þetta frumv. er fram komið, og hafa þrír háttv. þm. orðið til þess, að flytja það. Jeg taldi það sem sje sjálfsagt, þar sem meiri hlutinn var með því á »privat«-fundi þeim, sem um var getið, að hækka laun símafólksins, að hækka þá laun þessara manna líka. Það verður að sýna þeim rjettlæti eins og hinum.

Jeg skal engu spá um framtíð frumv.; hún mun nú sjást bráðlega, og ekki heldur fara út í einstök atriði. Að eins skal jeg geta þess, að þótt jeg hafi gjört uppkast að frumvarpinu, og þótt mjer og fleirum hafi sýnst flokkun sú sanngjörn, sem þar er fylgt, þá mun jeg ekki setja mig á móti breytingum á því, ef annað sýnist rjettara. Jeg vil gjarna að málið sje athugað í nefnd, og vil því stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 17 shlj. atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu þeir

Magnús Kristjánsson,
Hjörtur Snorrason,
Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 653, n. 779, 780).

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frumv.; get látið mjer að mestu nægja, að vísa til nefndarálitsins.

Jeg skal þó að eins með nokkrum orðum drepa á brtt. nefndarinnar.

Fyrst er brtt. við 2. gr. Nefndin leit svo á, að ekki væri þörf á, að veita uppbót þeim embættis- og sýslunarmönnum, sem hafa yfir 2000 kr. tekjur, og leggur því til að fella burt 5. og 6. lið 2. gr. Nefndin verður að vera þeirrar skoðunar, að þótt þessi uppbót sje sanngjörn til handa þeim, sem litlar tekjur hafa, þá geti samt ekki komið til mála, að veita hana öðrum en þeim, sem úr mjög litlu hafa að spila.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til barna embættis- og sýslunarmanna sje færður úr 15 kr. niður í 10 kr., en jafnframt leggur hún til, að fella burt hámarkið, 75 kr., svo að ef börnin eru mjög mörg, getur þessi styrkur farið fram úr því, sem frumv. ætlast til.

Þá leggur nefndin til, að lækka hundraðsgjaldið í 3. gr. þannig, að einhleypir menn fái 10 % af launum, sem nema 500—1000 kr., og 5 % af launum, sem nema 1000—1500 kr., og jafnframt leggur nefndin til, að fella burt

uppbót til þeirra einhleypra embættis- og sýslunarmanna, sem hafa yfir 1500 kr. í tekjur. Nefndin álítur hægara fyrir einhleypa menn að bjargast og yfirleitt er hún dræm í því, að veita þeim nokkra verulega uppbót.

Í 6. gr. frumv. er ætlast til þess, að stjórnarráðið fái 1000 kr. til uppbótar handa starfsmönnum þess, sömuleiðis 3000 kr. handa prestum og 3000 kr. handa læknum. Nefndin leggur til, að fella burtu þessa liði, en ætlast til, að þeir menn í þessum hóp, sem ekki hafa 2000 kr. í tekjur, fái uppbót í samræmi við tillögur nefndarinnar við 2. og 3. gr. frumv.

Enn er og brtt. við 6. gr., um að hámark fyrir uppbót til símamanna verði fært niðar úr 1800 kr. launum í 1500 kr. En eftir bendingum, sem nefndin hefir fengið, þá er líklegt, að nefndin falli frá þessari tillögu, því að þessi málsgrein á við samninga, sem landsstjórnin hefir þegar gjört við vissan flokk starfsmanna, sem ekki verður breytt.

Hefi jeg svo ekki öðru við að bæta en því, að nefndin ætlast til, að uppbótin verði að eins til bráðabirgða og ekki lengur en vörur eru geysiháu verði, vegna afleiðinga stríðsins, og verði henni þá kipt burtu, þegar þessum afleiðingum stríðsins ljettir. Vona jeg, að háttv. deild samþykki þessar tillögur, og er þá meiri von, að frumv. nái fram að ganga.

Ráðherra: Jeg get verið þakklát háttv. nefnd fyrir undirtektir hennar undir þetta mál, þótt ekki hafi hún að öllu fallist á tillögur frv.

Viðvíkjandi brtt. við 2. gr., þá getur það verið álitamál, hvort ekki ætti að minsta kosti, að halda fimm fyrstu liðum frumv.-greinarinnar, svo að hámarkið yrði 2500 kr. laun. En ekki er það þó neitt aðalatriði. Jeg leit svo á, þegar jeg samdi frumv., að rjett væri, að veita uppbót þeim embættis- og sýslunarmönnum, sem hefðu minna en 2800 kr. laun. En úr því, að nefndin hefir komist að þessari niðurstöðu, þá giska jeg á, að þingið verði henni samdóma, þótt jeg geti ekki felt mig við tillögur hennar að þessu leyti, sjerstaklega um 5. lið 2. gr.

Ekki get jeg fallist á þá tillögu nefndarinnar að lækka uppbótina fyrir börnin úr 15 kr. niður í 10 kr. Þar á móti er sú tillaga hennar til bóta, að felt sje hámark þess styrks miðað við barnatöluna. Jeg hygg að það hafi nánast verið af athugaleysi, að þessi setning komst inn í frv.

Þá færir nefndin hámark fyrir uppbót til einhleypra manna úr 1800 kr. launum niður í 1500 kr., og jafnframt leggur hún til, að lækka hundraðsgjaldið til uppbótar handa þeim. Nefndin telur ekki ástæðu til að hlynna að einhleypum mönnum sjerstaklega; samt má telja unandi við tillögur nefndarinnar í þessu efni, þótt næsta lág verði uppbótin handa þeim, sem lægst laun hafa.

Um síðustu málsgrein 6. gr. skal jeg taka það fram, að jeg mun ekki hafa skýrt nákvæmlega rjett frá launakjörum þeirra, sem hjer um ræðir, þ. e. símafólksins. Hjer ætti að standa »undir 1800 kr.«, og vona jeg, að nefndin taki þetta atriði til íhugunar, hvort sem hún nú tekur tillögu sína aftur eða kemur með brtt. við 3. umr. í samræmi við það, sem jeg hefi sagt.

Guðmundur Eggerz: Samkvæmt tillögum nefndarinnar sýnist mjer, sem frumv. þessu sje aðallega ætlað að ná til símamanna, póstafgreiðslumanna, vitavarða, og ef til vill nokkurra fleiri af starfsmönnum landsins.

Að því er snertir símamennina, þá hafa þeir nú á dögunum sjálfir tekið sjer rjett sinn, og þessa frumv. þarf því ekki með þeirra vegna. Aftur á móti kannast jeg við það, að brýn nauðsyn er til þess, að hækka laun póstafgreiðslumannanna, en ekki eingöngu vegna stríðsins, heldur álít jeg, að þurft hefði að hækka laun þeirra, jafnvel þó að ekkert stríð hefði orðið, því að mjer er kunnugt um, að störf þeirra eru orðin geysimikil.

Háttv. framsögum. (Þ. J.) tók það fram, að þessi uppbót ætti að falla burtu, þegar stríðinu væri lokið. Þessu get jeg ekki verið samþykkur, að því er póstafgreiðslumennina snertir.

En þótt jeg játi þörf póstafgreiðslumannanna, þá get jeg samt ekki fallist á, að hækka laun starfsmanna á þann hátt, sem farið er fram á í frv. þessu, og ekki get jeg heldur fallist á röksemdaleiðslu nefndarinnar í málinu að öllu leyti.

Jeg vildi mjög gjarna geta hjálpað öllum þeim mönnum, sem erfitt eiga uppdráttar. En með þessu frumv. er engin tilraun gjörð, til þess að hjálpa verkafólki eða yfirleitt fátæklingum í kaupstöðum landsins, og er þó vitanlegt, að kjör þeirra muni ekki verða glæsileg í vetur.

Jeg verð því að álíta, að frumvarp þetta sje kák, að því leyti, að það nær til svo örfárra manna af öllum þeim fjölda, sem hjálpar þarfnast. En auk þess er hjálpin svo nauðalítil fyrir þá, sem hennar verða aðnjótandi, 50 kr. handa manni, sem hefir 1000 kr. laun, og 75 kr. handa þeim manni, sem hefir 1500 kr. laun. Þetta er svo lítil hjálp, að menn munar ekkert um hana. Þess vegna er frumv. kák.

Jeg get ekki heldur fallist á röksemdaleiðslu nefndarinnar, þar sem hún segir, að kaup verslunarfólks og verkamanna hafi hækkað í ár yfirleitt. Þetta getur verið rjett, hvað Reykjavík snertir, en annarstaðar mun ekki vera svo. Raunar er mjer kunnugt um, að sumstaðar hefir verkafólki verið lofað 5 aurum hærra fyrir klst., svo að það fengi 30 aura í stað 25 aura. En þessi hækkun er alveg þýðingarlaus, með því að kaupið hefir ekki verið greitt með peningum, heldur með útlendum varningi, sem settur er upp um leið og kaupið er hækkað, jafnvel meira en kauphækkuninni nemur. *(Sveinn Björnsson:* Kaupið má ekki greiða í vörum). Jú, og jeg hjelt, að háttv. sessunautur minn (S. B.) væri svo góður lögfræðingur, þótt hann sje ungur, að eftir lögunum er það svo, að verkafólk *má* krefjast peninga, en það getur líka, ef það andmælir ekki, fengið kaup sitt í vörum. Og allir ættu að vita það, að verkamenn eru oft svo óframfærnir og svo stórskuldugir, að þeir þora ekki og geta ekki haft í fullu trje við kaupmennina, sem einnig geta haft það til, ef verkamennirnir heimta peningakaup, að setja þeim alveg stólinn fyrir dyrnar, og segjast ekki lána þeim framar.

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg skal játa það, að þótt svo hafi atvikast, að jeg hafi komist í nefndina og orðið framsögumaður hennar, þá hefi jeg samt ekki tekið neinu ástfóstri við frv., enda er það ekki að neinu leyti frá mjer runnið.

Viðvíkjandi því, sem háttv. sessunautur minn (G. E.) sagði, að það væri rangt í nefndarálitinu, að kaup verkamanna hafi hækkað yfirleitt, þá skal jeg geta þess, að kaup verkamanna hjer í bæ hefir stigið úr 35 aurum upp í 40 aura, og ef til vill meira. Kaupgjaldið í uppskipun er mjer sagt hjer nú 60—

75 aurar um klst. Þetta háa kaupgjald stafar af verkafólksskorti, og hlýtur þá fólkið, sem farið hefir úr bænum, að hafa átt von á góðri atvinnu, eigi lakari en hjer er að fá. Enda er það víst, að kaupgjald kaupafólks hefir hækkað. Áður var venjulegt kaup kaupamanns 15—16 kr. um vikuna, en nú er mjer tjáð, að kaup þeirra sje alt að 25 kr. um vikuna á Suðurlandi.

Hitt er annað mál, að það ætti ekki að líðast af lögreglustjórunum, að verkafólk fengi kaup sitt í uppskrúfuðum vörum, þar sem lög eru til, sem banna slíkt.

Annars er mjer þetta mál ekki kappsmál, og má hver ráða sínu atkvæði fyrir mjer.

Sveinn Björnsson: Jeg held, að gætt hafi nokkurs misskilnings í niðurstöðu háttv. sessunautar míns (G, E.), í niðurstöðu þeirri, sem hann komst að með forsendum þeim, sem fyrir liggja. Jeg ætla því að leggja honum lið, til þess að komast út úr misskilningnum.

Háttv. þingmaður sagði, að frumv. væri ófullkomið, af því að það næði ekki til verkamanna og verslunarfólks, og annara, sem þörf hafa á tekjubót, og þess vegna væri hann á móti frv. Þarna ályktar háttv. sessunautur minn ekki rjett. Rjett ályktun hjá honum hefði verið þessi: Jeg er fyrst og fremst með þessu frumv., en af því að mjer þykir það ekki ganga nógu langt, þá ætla jeg mjer að beitast fyrir, að bættur verði hagur verkafólks, iðnaðarmanna og annara, sem þetta frumv. nær ekki til.

Svona hefði háttv. þingmaður átt að ályktа, enda vona jeg, að þegar hann athugar málið með þeirri skynsemi og gætni, sem honum er lagin, þá muni hann sjá, að það er honum til sæmdar, að greiða atkvæði með þessu frumvarpi.

Guðmundur Eggerz: Jeg stend upp til þess að þakka háttv. sessunaut mínum (S. B.) fyrir þá hjálp, sem hann vill veita mjer, til þess að leiða mig út úr misskilningnum, sem hann svo kallar. Jeg er nú búinn að hjálpa þessum háttv. þingmanni út úr misskilningi með því að verða einn í tölu þeirra manna, sem drápu fyrir honum frumv., sem fór fram á það, að leggja um 900 þús. kr. aukatoll á tvo aðalatvinnuvegi þessa lands.

Háttv. sami þm. (S. B.) fór að minnast á afleiðingarnar af minni kenningu, að því er snertir dýrtíðarhjálp. Já, þessi háttv. þingmaður bar hjer fram frumv. um dýrtíðarhjálp, sem flutt var í því formi, að hjálpin hefði verið næsta lítils eða einskis virði, í kaupstöðum 40 kr. handa fjölskyldumanni og 80 kr. handa góðum sveitabónda. *(Sveinn Björnsson:* Háttv. þingmaður hefði þá átt að bæta það). Jeg ímynda mjer, að þótt jeg hefði viljað bæta það, þá mundi Velferðarnefndin ekki hafa gengið ofan í sjálfa sig og tekið vel í skynsamlegt frumvarp.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.

Brtt. 780,1 a. (6. liður) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 780,1 a. (5. liður) samþ. með 17 : 5 atkv.

Brtt. 780,1 b. samþ. með 14 : 7 atkv.

Brtt. 780,1 c. samþykt með 18 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt samþykt með 19 : 1 atkv.

Brtt. 780,2 a. samþykt með 16 : 3 atkv.

Brtt. 780,2 b. samþykt með 16 : 3 atkv.

Brtt. 780,2 c. samþykt með 17 : 2 atkv.

3. gr. svo breytt samþ. með 13 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 780,3 a. samþykt með 13 : 4 atkv.

Brtt. 780,3 b. tekin aftur.

6. gr. svo breytt samþ. með 15 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 16 : 3 atkv.

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 9. september, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 830, 834).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, svo að frumv. yrði til umræðu tekið, og voru þau leyfð og samþykt.

Skúli Thóroddsen: Jeg hefi leyft mjer að bera fram örlitla brtt. við frv., er hjer um ræðir, og fer hún í þá átt, að *dýrtíðaruppbótin sje einnig látin ná til allra þeirra, sem eftirlauna, eða styrktarfjár, njóta úr landssjóði, fari upphæðin ekki fram úr 1000 kr. á ári.*

Hjer er um þá að ræða, konur og karla, sem segja má um, að *sjeu á vegum landssjóðs*, ekki síður en þeir, sem lögunum er ætlað að ná til, og sýnist því fullkomin **sanngirni** mæla með því, að tillagan verði samþykt.

Nái breytingartillaga mín samþykki þingsins, þá nær dýrtíðaruppbótin, meðal annars, til **eigi** *fárra embættismanna ekkna, er börn eiga á mentavegi*, og sem við **mjög** *þröng kjör verða yfirleitt að búa*, og þá **eigi hvað síst** nú, er dýrtíðin sverfur mjög hart að öllum, er *enga framleiðslu hafa við að styðjast.*

Landssjóð munar þetta **engu**, en hina, sem njóta eiga, munar þó mikið um það, — dregur jafnvel, eða munar um, þótt ekki væri meira en 30—40 krónur. En þar sem hjer er um það fólk að ræða, sem *yfirleitt* er að mun ver sett, en embættis- og sýslunarmenn landsins, er þrengst eiga um hönd, þá er **hjálparskyldan** *og jafnvel* **enn ríkari**, *er það á hlut að máli*, en hinir, sem í frumvarpinu um getur.

Jeg vona því, að háttv. deild taki vel í þessa brtt. mína, enda *skyldan* einatt **ríkari**, *að vera þeim æ vel, sem farnir eru að* **eldast**, en hinum, sem enn eru í fullu fjöri, og *svipað* og um **börnin**, og um **unglingana**. —

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Eins og hæstv. forseti benti á, er meinleg prentvilla í 2. gr. frumv., og vænti jeg, að hún verði leiðrjett sem allra fyrst af skrifstofunni.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á brtt. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) á þgskj. 834. Þótt nefndin hafi ekki haft mikinn tíma til að athuga hana, held jeg að mjer sje óhætt að segja það fyrir nefndarinnar hönd, að hún getur ekki fallist á brtt. Hún fer fram á það, að allur eftirlaunasöfnuðurinn, eða þeir af honum, sem ekki hafa 1000 kr. eða meira, skuli fá dýrtíðaruppbót, eins og starfsmenn og sýslunarmenn landssjóðs. Fyrst og fremst álít jeg nú, að þetta sje algjörlega fyrir utan verksvið þessa frumv., því að ákvæði frumv. eiga að eins við starfsmenn þá, sem eitthvað

vinna í þarfir landsins. Með fram er þetta gjört með tilliti til þess, að fylgja dæmi »privat«-vinnuveitenda í landinu, sem á ýmsan hátt ljetta undir með starfsmönnum sínum meðan dýrtíðin stendur. Landssjóður er vinnuveitandi þessara starfsmanna, sem hjer er um að ræða, og þeir eiga ekki aðgang að öðrum en landinu. Þetta á ekki að vera neinn almennur sveitarstyrkur fyrir fólk. Væri svo, ætti það að ná til allra þeirra, sem við bág kjör eiga að búa á landinu, svo að brtt. getur ekki samrýmst ákvæðum frumv. Nefndin dró talsvert úr hinum upphaflegu ákvæðum frumvarpsins og fækkaði nokkuð þeim, sem þessarar uppbótar áttu að njóta. En ef þessi brtt. yrði samþykt, bættist við um 116 manns, svo að hjer er ekki um neitt smáræði að tefla. Jeg skal gjarnan játa það, að sumt af þessu fólki er langt frá því að vera efnað, en þess má þó geta, að sumir þeir menn, sem lág hafa eftirlaun, eru mjög vel efnaðir menn, og væri það óneitanlega hálfandkannalegt, að vera að veita slíkum mönnum dýrtíðaruppbót. Jeg skal t. d. minna á þann sýslumanninn, sem lægst hefir eftirlaunin. Það er öllum vitanlegt, að hann er vel efnaður maður. Eins má benda á einn prest, sem er talinn sterkríkur maður, en hefir mjög lág eftirlaun. Jeg get ekki betur sjeð en að það væri mjög óviðfeldið og í alla staði ósæmandi, liggur mjer við að segja, að veita þessum mönnum dýrtíðaruppbót. Eins er um ýmsar embættismannaekkjur, sem að vísu hafa ekki ekki há eftirlaun, en er vel borgið, þar sem þær búa hjá hálaunuðum börnum sínum, svo að ef tillagan næði fram að ganga, þá yrði þetta dýrtíðarstyrkur handa nokkrum hálaunuðum embættismönnum. Það getur ekki komið til nokkurra mála, að samþykkja slíkt.

Yfir höfuð er ekki þörf á því, að eyða miklum tíma til að tala um þetta. Nefndin er því mótfallin, að þetta ákvæði komi inn í frumvarpið, og skorar alvarlega á deildina að fella brtt. Væri um bágindi að ræða meðal þessa fólks, mætti sjálfsagt finna veg til að bjarga því á annan hátt.

Skúli Thoroddsen: Þegar jeg bar fram þessa brtt., gjörði jeg mjer — satt að segja — **ekki** miklar vonir um það, að hún næði fram að ganga hjer í deildinni, eins og hún er skipuð, en bygði á hinn bóginn **fremur** *von mína á því, að væri þessu þó* **hreyft** *hjer í deildinni, þá myndi háttv. efri deild taka það til yfirvegunar*, og á þann hátt **gæti** *þá* og *eitthvað gott af því leitt, að jeg kom fram með hana.*

En þó að jeg gjörði mjer þannig *eigi* miklar vonir um góðar undirtektir hjer í deildinni, hafði jeg þó *ekki* búist við því, að háttv. nefnd mundi snúast *eins* andvíg gegn brtt., eins og hún hefir nú gjört, eða — rjettara sagt — framsögumaður hennar.

Að því er snertir þá *aðal-mótbáru* háttv. framsm. (Þ. J.), að svo gæti farið, ef brtt. næði samþykki deildarinnar, að efnaðir menn hlytu þessa dýrtíðaruppbót, hefi jeg ekki öðru að svara en því einu, að það yrðu þá **algjörar** undantekningar, og má þá sjálfsagt engu síður finna dæmi þeirra í hóp þeirra, er nefndin *sjálf* nefnir þó í frumvarpinu.

Annars álít jeg *alveg* þýðingarlaust að fjölyrða um þetta, en mjer þykir það nokkuð *hart*, að setja þetta fólk alveg hjá, þar sem allur þorri þess er vitanlega *mjög* illa settur, og landssjóðurinn

hefir þó gagnvart því tekið á sig þær skuldbindingar, að sjá um, að það þurfi þó *ekki* að hrekjast út á klakann, sem svo er kallað.

Allur þorrinn, sem breytingartillögu minni er ætlað að ná til, eru og *ekkjur* og *gamalmenni*, sem *ekki* hafa við neitt að styðjast nema þessi litlu eftirlaun, eða styrktarfje, sem það fær úr landssjóðnum.

Vonandi eru og — hvað, sem nefndinni líður — til þeir menn hjer í deildinni, sem *ekki* vilja láta sjer farast illa við þessi gamalmenni, sem áður hafa verið í þjónustu landsins, og ætti þetta málefni þeirra þá að vera í góðum höndum.

En deildin gjörir nú það, sem henni sýnist, og þykir sjer best sóma.

Bregðist deildin *sóma* sínum, og *sóma þjóðarinnar*, í máli því, er hjer um ræðir, og *felli* brtt. mína, lifi jeg þó í þeirri voninni, að Ed. taki hana til rækilegrar yfirvegunar, og meti þá og hvorttveggja, *sóma sinn, og þjóðarinnar*, meira en Nd. gjörir.

ATKVGR.:

Brtt. 834 feld með 13 : 3 atkv.

Frumv. samþ. með 16 : 3 atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 897).

---

38. Höfn í Sljettuhreppi.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. september, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. (A. 965).

Á 60. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. september, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Forseti: Það hefir komið ósk um að þetta mál verði tekið á dagskrá á þessum fundi, en til þess þarf afbrigði frá þingsköpunum, bæði vegna þess, að frumv. er of seint fram komið og hefir eigi legið nógu lengi frammi. Vil jeg því að fengnu leyfi hæstv. ráðherra, leita samþykkis deildarinnar til þessara afbrigða í einu lagi til allrar meðferðar málsins.

Leyfið veitt með 16 shlj. atkv.

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Jeg hefi ekkert um þetta frv. að segja, annað en það, sem stendur í símskeytinu til hæstv. ráðherra og prentað er sem fylgiskjal við frumv.

Mjer er kunnugt um, að fiskiskip leita oft inn til Hafnar á Hornströndum, því að þar er sæmilegt skipalagi. Nú vill síldveiðafjelag hafa þar stöðvar, og því er farið fram á að löggilda staðinn sem verslunarstað. Þarna hefir einnig verið sveitaverslun í 20 ár.

Jeg vona að háttv. deild gjöri sitt til að frumv. þetta geti orðið afgreitt sem lög frá þessu þingi.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., sama dag, var frv. tekið til 2. umr. (A. 965).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. og 2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., sama dag, var frv. tekið til 3. umr. (A. 965).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 998).

B.

Frumvörp, feld eða vísað til stjórnarinnar.

I.

Stjórnarfrumvörp.

---

1. Landsbankastjórn.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka, 18. sept. 1885 m. m. (A. bls. 161—163).

Á 4. fundi í Nd., mánudaginn 12. júlí, var frumvarpið tekið til 1. umr.

Ráðherra: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frumv.; fyrir því er gjörð nákvæm grein í athugasemdunum við það. 2.—4. gr. eru afleiðingar af breytingu þeirri, sem fólgin er í fyrstu grein, og fer fram á það, að bankastjórar við Landsbankann verði þrír, einn þeirra lögfræðingur.

Á þessu stigi málsins þarf jeg ekki að gjöra nánari grein fyrir frumvarpinu. Læt mjer nægja að vísa til athugasemda við frv.

Björn Kristjánsson: Mjer þykir rjett að taka það fram, svo að þingmenn viti það, að þetta frumvarp er ekki fram komið eftir óskum Landsbankastjórnarinnar. Frumvarpið hefi jeg alls ekki sjeð fyrr en einum eða tveim dögum eftir þingsetning. Þess vegna kemur frumvarpið alveg flatt upp á bankastjórnina, enda kennir í því ókunnugleika, sem komast hefði mátt hjá, ef borið hefði verið undir bankastjórnina, því að enginn veit hvar skórinn kreppir, nema sá, sem ber hann á fætinum. Bankastjórunum er allra manna kunnugast um það, hvers bankinn þarfnast, og hvers þar er ábótavant.

Þetta frumv. miðar að því, að auka við einum bankastjóra, sem sje lögfræðingur. Jeg skal taka það fram, að aldrei hefir staðið á því, að fá lögfræðilega aðstoð í bankanum, enda hefir þess ekki þurft, því báðir bankastjórarnir eru vanir samningum. Við innheimtu hefir verið hafður lögfræðingur með 900 kr. árskaupi. Auk þess er annar endurskoðandinn skýr lögfræðingur, og hefir hann aldrei fundið neina galla á samningum, sem stafi af þekkingarleysi okkar bankastjóranna.

Jeg skil því ekki, hver þörf er á því, að bæta *lögfræðingi* við í bankastjórnina. Þótt það sje títt við banka erlendis, að lögfræðingar eigi sæti í bankastjórn, þá er þess að gæta, að þar eru yfirbankastjórarnir ekki starfandi; þeir eru einskonar »toppfígúrur«, en starfið hvílir að mestu á skrifstofustjórunum, sem jafngilda bankastjórum hjer. Aftur á

móti hjer vlð bankana þurfa bankastjórarnir að starfa. Skilyrðið fyrir því, að geta stýrt banka hjerlendis, er það, að maður sje annað hvort bankavanur eða verslunarfróður og vanur verslun. Lögfræðing höfum vjer ekkert við að gjöra í bankastjórn. Það, sem Landsbankann vanhagar fremur um, er korrespondent, en hann er ekki að fá meðal hjerlendra manna, fyrir þau laun, er bankarnir geta boðið, enda hefir Íslandsbanki orðið að taka til þess útlendan mann. Það þyrfti að vera maður, sem bankastjórnin getur sagt upp, eins og öðrum starfsmönnum.

Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að 2. gr. frumv. felur í sjer óheppileg ákvæði. Þar stendur, að ráðherra skipi bókara og fjehirði og víki þeim frá, *að fengnum* tillögum bankastjórnar. Áður voru þeir skipaðir »*eftir tillögum*« bankastjórnar, og varð stundum hark úr þessu ákvæði áður. Eftir þessu frv. er þá bankastjórninni ætlað minna vald en áður. En það gefur að skilja, að ef bankastjórnin má ekki ráða þessa menn og víkja þeim frá, þegar henni þykir þörf, þá er henni gjört það ómögulegt að stjórna þeim. Jeg álít nauðsynlegt, að bankastjórnin skipi þessa menn, enda er það í samræmi við þá reglu, að bankastjórnin hefir skipað stjórn útibúanna, síðan þau komust á. Það er hollast, að stjórn, sem stjórna á starfsmönnunum, skipi þá alla, enda er svo og í Íslandsbanka. Þetta er samhuga álit allrar bankastjórnar Landsbankans, og hún hafði samið frumv. í þessu efni, alveg í gagnstæða átt þessu frumv.

Eftirlit af stjórnarinnar hálfu með bankanum er nægilega trygt með því, að landstjórnin skipar bankastjóra og annan endurskoðanda, þingið gæslustjóra og hinn endurskoðandann. Auk þess getur stjórnin hve nær sem vill gripið inn í og athugað plögg bankans.

Yfirleitt verð jeg að álíta þetta frv. þess eðlis, að það geti skaðlaust beðið þetta þing. Auðvitað þætti okkur bankastjórunum gott, að ljett væri á okkur störfum. En samt þykir okkur of mikið að verja 6000 kr. árlega til manns, sem þó alls eigi mundi geta ljett á okkur störfum.

Ráðherra: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) drap fyrst á það, að bankastjórnin hefði ekki verið spurð ráða um þetta frumv. Jeg skal minna hinn háttv. þm. á það, að árið 1909 lá líkt frumv. fyrir þinginu, og hygg jeg, að hinn háttv. þm. hafi ekki verið andvígur því. Þar var farið fram á það, að bankastjórar væru þrír, þar af einn lögfræðingur, en gæslustjórar skyldu afnumdir; alt var fyrirkomulagið svipað því, sem lagt er til með þessu frumv. Það er satt, að jeg hefi ekki náð til háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), svo að jeg hafi getað borið undir hann þetta frumv., en jeg hefi oft átt tal við samverkamann hans, hinn bankastjórann, um atriði þau, er í frv. felast, og hefir hann verið þeim fullkomlega samþykkur. Jeg man það, að 1911 átti jeg tal við hann, og þá þótti honum óheppilegt, að ekki væri lögfræðingur í bankastjórninni; ábyrgðin væri of mikil fyrir ólögfróða menn, að stýra svo stórri stofnun. Og um þetta frumv. höfum við líka talað, og hann haft sömu skoðun hjer um sem 1911. Vjer vitum það allir, að við dagleg störf bankans þarf mjög oft lögfræðaþekking, og þótt núverandi bankastjórar sjeu líklega prýðilega gefnir menn, þá brestur þá þessa þekkingu.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að aldrei hefði orðið klandur af því, að lögfræðingur væri ekki í bankastjórninni. Það má vera, en oft hefir það komið fyrir, að orðið hefir að fresta úrslitum málanna, til þess að bankastjórn-

in gæti leitað ráða hjá lögfræðingi. Hjá þessu mundi hafa orðið sneitt, ef lögfræðingur hefði átt sæti í stjórn bankans með fullri ábyrgð.

Háttv. þm. (B. K.) sagði, að innheimtan væri í höndum lögfræðings. Það kemur ekki þessu máli við; innheimtumaðurinn hefir enga ábyrgð á störfum bankastjórnar. Og þótt annar endurskoðandinn sje lögfræðingur, ágætur lögfræðingur, þá ber hann enga ábyrgð á gjörðum bankastjórnarinnar; endurskoðendurnir eru að eins töluendurskoðendur.

Sami háttv. þm. (B. K.) sagði, að bankastjórn Landsbankans þyrfti að vera vinnandi; það er auðvitað, enda er til þess ætlast í þessu frumv.

Ekki voru mjer ljós orð hv. þm. (B. K.) um kröfur þær, er gjöra þyrfti til þekkingar bankastjóranna. Vöruþekking ein og bókhaldskunnátta getur ekki verið nægt skilyrði til þess, að stýra bankastofnun. Vel má vera, að bankann vanti svo kallaðan »korrespondent«, eða mann til þess að skrifa kaupsýslubrjef á þeim tungum, sem bankinn þarf á að halda. En trauður er jeg til þess, að trúa því, að til þess starfs þurfi endilega *útlending*, að íslenskir menn sjeu ekki fáanlegir, sem færir væru til þess.

Háttv. þm. (B. K.) sagði, að bankastjórninni væri kunnast um þarfir bankans. Það er líklegt, að bankastjórnin viti sumt, sem ábótavant er við bankann, en enginn mun viðurkenna það, að hún sje svo alvitur og almáttug, að henni geti ekki skjátlast.

Yfirleitt þótti mjer kenna allmikils *hroka* í ræðu háttv. þm. (B. K.), og rann mjer í hug orðtak einvaldshöfðingjanna fyrrum í Danmörku: »*Vi alene vide*«, þ. e. *vjer einir vitum*.

Jeg vil nú ekki fara út í það, hvernig Landsbankanum sje stjórnað. En það er víst, að honum er að sumu leyti vel stjórnað; aftur á móti eru sumar ráðstafanir bankastjórnarinnar svo lagaðar, að það mun að minsta kosti orka tvímælis, hvort heppilegar sjeu. *(Björn Kristjánsson:* Hverjar?). Fyrst háttv. þm. spyr þess, get jeg vel sagt frá því. Jeg á við meðal annars það, að bankinn er hættur að leysa inn seðla sína erlendis. Þessi ráðstöfun hefir þótt mjög ísjárverð; t. d. í Danmörku lítur alþýða manna svo á, að bankinn sje tæpt staddur, og þar vill enginn líta við seðlum Landsbankans. Jeg man það fyrr meir, að seðlar Landsbankans voru gjaldtækir í sjerhverju veitingahúsi í Kaupmannahöfn, en nú eru þeir jafnvel ekki teknir gildir á skipum í förum milli Íslands og útlanda. Þetta sjá allir, að er mjög óþægilegt. Að sjálfsögðu er þessi skoðun ekki meðal bankamanna; þeir vita auðvitað vel, að Landsbankinn er vel stæður (solvent). En þeir skilja jafnframt manna best, hvert glópskuverk þetta var, er bankastjórnin auglýsti það, að bankinn hætti að innleysa seðla sína í útlöndum. Jeg ætlaði ekki að draga þetta atriði inn í umræðurnar, en fyrst háttv. þm. G.-K. (B. K.) vildi vita álit manna um þessa ráðstöfun bankastjórnarinnar, varð jeg við tilmælum hans.

Háttv. þm. (B. K.) taldi bankanum aukast gjaldabyrði af þessu frumv. Sú byrði nemur að eins 4 þús. kr., því að til þess er ætlast, að gæslustjórarnir, sem ekki verða taldir mikils virði, falli burt.

Um 3. gr. frumv. hlýðir ekki að ræða við þessa umr.

Jeg býst við, að nefnd verði látin fjalla um málið, og vil jeg gjöra það að tillögu minni, að í það verði skipuð sjerstök 5 manna nefnd.

Hannes Hafstein: Jeg er samþykkur því, sem hæstv. ráðherra lagði til í niðurlagi ræðu sinnar, að sjerstök nefnd verði kosin til að fjalla um þetta mál.

Þegar nefndin var kosin á síðasta fundi, til þess að fjalla um peningamálin, var búist við því, að til hennar yrði vísað fleiri sams konar málum, ef fyrir kæmu. En að því er þetta frumvarp snertir, þá er þar ekki um eiginlegt peningamál að ræða; heldur lýtur frv. að stjórnarfyrirkomulagi opinberrar stofnunar, er undir landstjórnina lýtur beinlínis.

Jeg er samdóma því, að frumv. þurfi athugunar við, og tel það þannig lagað, að þörf sje á sjerstakri nefnd. En með því að sumir háttv. þingdeildarmenn munu ekki vera undir það búnir, að kjósa sjerstaka nefnd í málið að þessu sinni, vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort honum virðist ekki ástæða til að taka frumv. út af dagskrá í dag, því fremur, sem ekki mun vera mikið fundarefni fyrir deildinni næstu daga.

Bjarni Jónsson: Það kom mjer mjög á óvart, þetta frumv., þegar jeg sá, að sú nýja stjórn er svo huguð, að leggja út í að stofna þetta nýja embætti, alveg að óþörfu. Hjer á landi er almenn mótstaða móti stofnun nýrra embætta, og það þótt um þörf embætti sje að ræða, hvað þá ef þau eru allsendis óþörf. Er það næg ástæða móti stofnun hálaunaðra embætta, ekki síst nú á tímum, í þeirri dýrtíð, sem styrjöldin veldur.

Enn má nefna þá ástæðu, að nýlega hefir verið skipuð nefnd, til að endurskoða launalöggjöf landsins, og er varla vert, að vera að stofna nýtt embætti með 6 þús. kr. árslaunum, áður en sú nefnd hefir lokið störfum sínum og ákveðið hámörk embættislauna. Hins vegar er meiri þörf á öðrum nýjum embættum, sem ekki er ætlast til að verði hærra launuð en svo, að þau verða aldrei svo há, að þau nái því lágmarki, sem nefndin setur, hversu lágt sem hún setur það.

Jeg bendi til þess, að fyrir þinginu liggur nú beiðni frá læknadeild Háskólans, um styrk til kenslu í nýjum greinum læknisfræðinnar hjer við Háskólann. Það er synd, að láta þá ágætu menn, sem þar eru, slita kröftum sínum og ganga sjer til húðar, bara til að spara einar 2,800 kr. á ári. Sýnist mjer, að það ætti að liggja þinginu nær, að verða við þeirri beiðni en að vera að setja á stofn þetta nýja embætti, sem annaðhvort er alsendis óþarft, eða komast má af án, þegar það er nú á hvers manns vörum, að spara vegna hinnar yfirstandandi styrjaldar og dýrtíðar þeirrar, sem hún býr oss. Þetta er nú almenna ástæðan, sem jeg hefi fram að færa á móti þessu frumvarpi, og öðru frumv., sem hjer kemur á eftir á dagskránni.

Jeg er háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) alveg sammála um, að þetta lögfræðingsembætti við bankann sje alveg óþarft. Jeg fæ ekki sjeð, að lögfræðingurinn yrði vitrari, þó hann væri embættismaður bankans, en ef hann væri ráðunautur bankastjórnarinnar. Jeg hygg, að bankastjórnin gæti fengið bestu lögfræðinga til ráðuneytis við sig fyrir miklu minna fje. Auk þess er jeg viss um, að besti lögfræðingurinn fengi aldrei þetta embætti, hver stjórn sem sæti að völdum. Jeg get ekki sjeð að bankanum yrði hólpnara, þótt lögfræðingurinn sæti í stjórn hans. Jeg hefi ekki orðið þess var, að lögfræðingar sjeu vitrari en aðrir menn. Þvert á móti hefi jeg staðið þá að því, að vera sljóvir og skilningslitlir í sinni eigin grein, hvað þá í öðrum málum.

Það kemur ekki þessu máli við, sem talað var um þennan »korrespondent«, ef jeg má nota það dýra orð. En jeg held, að það sje fremur lítið gjört úr Íslendingum, ef þeim er ekki treystandi til að annast brjefaskifti bankans við önnur lönd, svo að þessi »korrespondent« þurfi fyrir þær sakir að vera útlendur maður.

Svo er nú enn ein almenn athugasemd, sem vel getur átt við þessa umræðu. Hana má orða, eins og karlinn sagði: »Jeg er nú svo gamall sem á grönum má sjá, þó hefi jeg aldrei sjeð svo langan gaur í jafnlítilli grýtu«. Mjer finst það vera nokkuð íburðarmikið að hafa þrjá bankastjóra með 6 þúsund króna launum til að ráðslaga um, hvort framlengja skuli fyrir mig 200 kr. víxil. Það getur verið, að þessi lögfræðingur eigi að fá 6 þús. kr. laun fyrir að sitja og hugsa.

Mjer sýnist satt að segja, að þetta fyrirkomulag, sem verið hefir, sje gott. Það sýnist vera rjett í alla staði, að þingið velji menn til þessa eftirlits, og það er engin ástæða til að ætla, að þingið fari að eins og fífl og velji þá menn til eftirlitsins, sem ekki hafa vit á því, sem þeim er ætlað að gjöra. Jeg vil ekki hrækja framan í þetta þing, og jeg vil ekki láta hrækja framan í mig.

Það er svo langt frá því, að jeg álíti að það þurfi að bæta þessum þriðja bankastjóra við, að jeg held, að annar bankastjórinn geti setið 6 mánuði ársins í Lundúnum eða annarstaðar úti í heimi til að útvega landinu lánstraust og bæta markaðinn fyrir íslensk verðbrjef. Þó að hann þyrfti að launa með 50 þús. kr., þá álít jeg það tilvinnandi og vildi ekki spara við hann, ef hann gæti gjört það, sem í þessu efni þarf að gjöra. Hinn bankastjórinn nægði þá til að sitja heima og framlengja mína víxla og þeirra annarra, sem á víxlum lifa. Það er svo lítið starf, að ekki getur verið að tala um þriggja manna stjórn við bankann til að inna það af hendi. Það eru þessar almennu athugasemdir, sem jeg vildi gjört hafa við þessa umræðu. Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira að sinni, en býst við, að jeg muni síðar gjöra nánari athugasemdir út af þessu.

Forseti: Út af framkominni ósk um, að taka þetta mál út af dagskrá, skal jeg geta þess, að það verður tekið til athugunar að umræðu lokinni. En jeg skildi þessa ósk ekki svo, sem til þess væri ætlast, að umræðum yrði hætt nú þegar, og verður þeim því haldið áfram.

Ráðherra: Einu sinni verður alt fyrst. Mjer kom það nokkuð á óvart að heyra háttv. þm. Dal. (B. J.) halda hjer *sparnaðarræðu* og *kjósendaræðu*. Hann talaði um, að það væri óhæfilegt, að vera nú að setja á stofn ný embætti í yfirstandandi dýrtíð. Það getur nú verið rjett athugað, en það var líka dýrtíð í fyrra sumar. Þá var líka talað um að stofna nýtt embætti, eins og menn mun reka minni til, og jeg man ekki til, að háttv. þm. Dal. (B. J.) væri því mótfallinn þá. Hann talaði um launanefndina í sambandi við stofnun þessa nýja embættis. Annars kemur launanefndin þessu ekki mikið við. Jeg veit ekki, hvort hún ætlar að rannsaka launakjör starfsmanna Landsbankans. Þeir eru að sjálfsögðu launaðir af bankanum, en ekki af landssjóði. Jeg minnist þess, að í fyrra var líka talað um launanefndina, þegar rætt var um að stofna nýtt embætti. Vildu sumir slá því á frest, þangað til nefndin hefði lokið störfum sínum, en þessum háttv. þm. (B. J.) gleymdist að leggja það til *þá*.

Hann talaði enn fremur um, að lög-

fræðingar væru ekki vitrir menn. Það er nú eins og gengur og gjörist upp og niður, sumir eru vitrir og aðrir ekki, alveg eins og t. d. málfræðingar. Sumir þeirra eru hreinustu steingjörvingar, en aðrir eru vitrir menn. Hann gætti þess ekki, að þótt bankinn geti nú leitað ráða til lögfræðings, þá ber sá maður enga lagalega ábyrgð á þeim ráðum, sem hann gefur. Hann sagði, að sá besti lögfræðingur, sem kostur væri á, myndi aldrei fá þetta embætti. Það getur vel verið. Það er ekki alt af, að bestu mennirnir fái embættin. Það getur líka verið álitamál, hver sje bestur, og stjórninni getur missýnst í því efni, eins og mörg dæmi eru til og sum ekki gömul nje óþekt háttv. þm. Dal. (B. J.). En sjálfsagt veitir hún þeim manni embættið, sem hún telur hæfastan af umsækjendunum.

Mjer virtist þm. vilja láta mönnum skiljast, að hann hefði mikil viðskifti við bankann. Hann talaði eins og það væri aðalstarf bankans, að framlengja víxla fyrir hann. Jeg veit ekki mikið um skifti hans við bankann, en mjer þótti hann gjöra alt of lítið úr störfum bankastjórnarinnar. Jeg þykist hafa orðið þess var, að bankastjórnin hefði mjög mikið að gjöra, en það má háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) vera kunnara en mjer. Jeg hefi litið svo til, að þeir hefðu nóg að gjöra myrkranna milli, og fram yfir það. Það getur verið, að háttv. þm. Dal. (B. J.) þekki eitthvert heppilegra starfsfyrirkomulag, og væri þá æskilegt, að bankastjórnin mætti njóta ráða hans og leiðbeininga í því efni, því að hann er kunnur að hagsýni. Ef hv. þm. er alvara með að stinga upp á, að annar bankastjórinn sitji einhversstaðar úti í heimi, í París eða New-York eða London, þá ætti hann að vera með þessu frv., því að fyrst þingið hefir álitið nauðsynlegt, að bankastjórarnir væru tveir, og hann mun hafa verið með í að samþykkja það 1909, þá ætti það ekki að víkja frá því nú. Og af því að hann vill láta annan bankastjórann fara eitthvað út í heim, og þörfin á tveimur bankastjórum heima fyrir er ekki minni en áður, þá ætti hann, til að vera sjálfum sjer samkvæmur, að vilja ljetta störf hins bankastjórans, sem eftir er heima, og hugsa sem svo: »Það er ekki gott, að maðurinn sje einsamall, jeg vil láta hann hafa aðstoðarmann«. Honum virtist þinginu vera sýnt vantraust, með því að hætta að láta það velja gæslustjóra. En það er alkunna, að menn hafa oft verið valdir í þessa stöðu af pólitískum ástæðum og af flokksfylgi. Það er ekki til neins að vera að draga fjöður yfir það, að slíkar ar kosningar eru jafnan pólitískar. Það hefir jafnvel komið fyrir, að menn hafa greitt atkvæði með sjálfum sjer í hálaunaðar stöður hjer á þingi og þingm. Dalam. mun sjálfsagt geta fundið eitthvert dæmi upp á það, ef hann leitar vel, t. d. frá þinginu 1911. Það er því óþarfi fyrir háttv. þm. Dal. (B. J.) að vera svona hörundssár fyrir þingsins hönd.

Mjer virtist ræða háttv. þm. Dal. (B. J.) ganga mest út á það, að kasta rýrð á bankastjórnina, eins og í henni sætu iðjuleysingjar, sem ekkert hefðu að gjöra. Þessu vil jeg mótmæla fyrir mitt leyti. Jeg veit ekki betur en að bankastjórnin hafi ýkja nóg að gjöra.

Sigurður Eggerz: Jeg hafði ekki hugsað mjer, að blanda mjer inn í þessar umræður. Jeg vil að eins leyfa mjer að koma fram með þá uppástungu, að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem skipuð var á laugardaginn í bankamálið. Jeg get ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til að láta tvær nefndir fjalla um bankamálin, sjerstaklega þegar litið er til þess, að tveir bankafróðustu menn

hjer í deildinni eiga sæti í bankanefndinni. Jeg á við þá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.). Jeg sje heldur enga ástæðu til að taka þetta mál út af dagskrá. Mjer sýnist það einfaldast og eðlilegast að vísa því til þeirrar nefndar, sem áður er kosin til að athuga bankamál, og gjöri það hjer með að tillögu minni.

Björn Kristjánsson: Ræða mín áðan hefir gefið tilefni til allmikillar umræðu. Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir að miklu leyti svarað því, sem jeg hafði ætlað mjer að svara, en jeg vildi þó að eins skýra háttv. deild frá því, að þetta mál hefir ekki verið borið fram í samráði við bankastjórnina. Hæstv. ráðh. gat þess í ræðu sinni, að á þinginu 1909 hefði verið talað um, að full þörf væri á að hafa þrjá bankastjóra. Jeg man ekki eftir því, og nokkuð er það, að hafi sú skoðun komið fram, þá hefir þingið hafnað henni. Þar sem hæstv. ráðherra skýrði frá því, að hann hefði átt tal við einn úr bankastjórninni um þetta mál, þá verð jeg að segja, að jeg kann ekki vel við það. Jeg lít svo á, að það eigi best við, þegar landsstjórnin er að semja mikilvæg frumvörp um breytingu á fyrirkomulagi bankans, að hún beri sig þá saman við alla bankastjórnina, en ekki einstaka menn úr henni. Það er ekki rjett, að fara slíkar bakdyraleiðir í mikilsvarðandi málum. Þetta bendir á, hve óheppilegt það er, að bankinn skuli þurfa að standa undir pólitískri stjórn, að þessi stofnun skuli þurfa að vera bolti, til að kastast á milli ólíkra flokka og ólíkra stjórna. Reynslan hefir líka orðið sú, að öll þau afskifti, sem landsstjórnin hefir haft af bankanum, hafa borið pólitískan blæ, bankanum í óhag. Þó skal jeg undantaka þann tíma, þegar Hannes Hafstein var ráðherra *í seinna skiftið*. Þá voru afskifti hans af bankanum á engan hátt pólitísk, en að öðru leyti hefir landsstjórnin fyrr og síðar að eins haft pólitísk afskifti af bankanum, og önnur ekki. Við ráðherra Sigurð Eggerz hafði bankastjórnin svo sem ekkert að sælda.

Hæstv. ráðherra taldi það nauðsynlegt, að í stjórn bankans sæti lögfræðingur, sem bæri lagalega ábyrgð á athöfnum bankastjórnarinnar, og nefndi sem dæmi, að bankastjórnin skyldi hafa ákveðið að hætta að leysa inn seðla bankans erlendis fyrir bankans reikning. En þar sem við fjórir, sem í stjórn bankans sitjum, vorum sammála um þetta, þá er jeg sannfærður um, að þótt fimta bankastjóranum hefði verið bætt við, með lögfræðisprófi, þá hefði hann orðið okkur sammála, enda hafa verið færð skýr rök fyrir þessum gjörðum bankastjórnarinnar í innlendum og erlendum blöðum, t. d. í »Börsen«, og veit jeg ekki af neinum, nema kann ske núverandi stjórn, sem ekki hafi fallist á þau rök. Það hefir verið haldið áfram að leysa inn seðla bankans með $^1/_2$% affölum, alveg eins og hefir verið praktiserað frá 1885 og þangað til Íslands banki var stofnaður, svo að í því efni hefir lagabókstafnum verið nákvæmlega fylgt, og því alls eigi hægt að setja út á það.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að við hefðum orðið að fresta framkvæmdum mála fyrir lögfræðingsleysi. Jeg neita því; að minsta kosti hefir það aldrei komið að baga, en skeð getur, að slíkt hafi komið fyrir í smámálum, sem ekkert er um vert, en stærri lánveitingar og ákvarðanir eru aldrei bornar undir lögfræðing. Þá gat hann þess, að endurskoðendur bankans væru að eins tölu-revisorar. Það sýnir, að hæstv. ráðherra er ekki nógu kunnugur því, hvað skeður í bankanum. Þeir rannsaka *öll skjöl*, bæði að formi og efni. *(Ráðherra:* Fyr-

irfram?). Nei, eftir á, en þeir hafa aldrei gjört neinar athugasemdir, og það verð jeg að segja, að þetta er meira en að vera tölurevisorar. Af þessu leiðir og, að það er ekki ástæða til að skipa lögfræðing sem bankastjóra.

Þá gat hæstv. ráðherra þess, að það þyrfti meira en almenna vöru- og verslunarþekkingu til að vera bankastjóri. Jeg neita því. Jeg álít það nóg, ef maður hefir góða verslunarþekkingu, hefir vit á brjefaskiftum og gjörð samninga, og kann að stjórna starfsfólkinu. Þá er fengið það, sem þarf.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) spurði, hvers vegna korrespondentinn þyrfti að vera útlendur maður. Það liggur í því, að hjerlendir menn eru óvanir erlendum viðskiftum. Þeir eru að vísu vanir viðskiftunum eins og þau gjörast hjer á landi, en þeir eru alveg ókunnugir erlendum viðskiftum og geta ekki sett sig inn í þau. Þeir eru og illa að sjer í verslunarmálinu, þó þeir sjeu alment tekið vel að sjer í einhverju erlendu máli. Þess vegna hefir Íslandsbanki fengið sjer erlendan mann, af því að hann hefir ekki getað fengið neinn innlendan, sem honum líkaði til þessa starfa.

Það er rjett hjá hæstv. ráðherra, að bankastjórnin er ekki alvitur, og það finnur hún vel sjálf. Hún hefir oft óskað þess, að til væri 5—10 manna ráð henni til aðstoðar, en því er nú svo varið, að bankinn hefir eigi ráð á slíku. Enda er svo fyrir að þakka, að þetta fámenni hefir ekki orðið honum að tjóni, enn sem komið er.

Jeg mótmæli því, að nokkurs hroka hafi kent í fyrri ræðu minni. Jeg sagði það alveg látlaust, sem jeg sagði. En hins vegar skil jeg það, að það kemur sjer ætíð illa fyrir þá, sem hafa ljelegan málstað, að fá skýr og ákveðin mótmæli.

Jeg hygg svo, að það sje ekki fleira, sem jeg þarf að svara hæstv. ráðherra. Jeg vona, að hann sjái það, er hann gætir vel að, að engin brýn þörf er á þessari fjölgun. Auðvitað get jeg alt af orðið veikur, en þá segi jeg af mjer og nýr maður kemur í staðinn. Jeg hefi aldrei ætlað mjer að gegna þessari stöðu lengur en jeg verð fær um, og meira að segja ekki lengur en þingið óskar, því mjer hefir aldrei verið það kappsmál, að sitja í henni. Jeg hefi skoðað svo, sem jeg gjörði það meira fyrir bankann en sjálfan mig.

Aðrir háttv. þingmenn hafa stungið upp á því, að þessu máli verði vísað til sömu nefndar, og þegar hefir skipuð verið í öðrum bankamálum, og svo skildi jeg háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) í gær, að sú væri tilætlunin. Mjer er nú reyndar nokkuð sama, hvort það er gjört, eða ný nefnd skipuð, en útúrdúrar virðast mjer það samt vera, og eins alveg ástæðulaust, að vera að taka málið út af dagskrá nú. Jeg skal svo ekki þreyta háttv. deild á lengri ræðu, en þetta áleit jeg mjer skylt að taka fram.

Ráðherra: Jeg skal leyfa mjer að svara háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) fám orðum. Hann var að tala um stofnun, sem væri eins stór og Landsbankinn, og þar með svaraði hann háttv. þm. Dal. (B. J.) að því leyti, að hjer er þá ekki að ræða um svo »litla grýtu«, sem hann vildi halda fram.

Þá sagði hann, að það væri mjög óheppilegt, að pólitíkin hefði áhrif á Landsbankann. Já, jeg skal játa það, að það væri mjög óheppilegt, ef Landsbankinn stæði undir pólitískri bankastjórn. Hann sagði enn fremur, að öll afskifti landsstjórnarinnar af bankanum hefðu verið pólitísk. Þessu verð jeg að mótmæla. Jeg verð að álíta, að það hafi t. d. ekki verið pólitísk ráðstöfun, þegar hann, 1. þm. G.-K. (B. K.) var gjörður

að bankastjóra við Landsbankann. Eða vill hv. þm. kann ske halda *því* fram?

Um innlausn seðlanna skal jeg ekki segja margt. Jeg nefndi að eins þetta til dæmis um það, að mönnum þætti bankastjórninni geta verið mislagðar hendur í ráðstöfunum sínum, að hún skyldi fara að hætta þessu, úr því að það var nú einu sinni orðinn siður, að leysa inn seðlana fyrir »pari« í Landmandsbankanum. Og um rökin, sem háttv. þingmaður þóttist hafa flutt fram fyrir þessari ráðstöfun, en enginn þekkir nú, veit jeg það, að margir bankamenn í Kaupmannahöfn hafa ekki getað fallist á þau. *(Björn Kristjánsson:* Altjend þó Landmandsbankinn). Landmandsbankinn veit, að Landsbankinn er »solvent« og að bankastjórnin hefir hagað sjer fávíslega í þessu efni, en það er ekki víst, að allir aðrir viti það jafnvel.

Háttv. þm. (B. K.) taldi þess enga þörf, að einn af bankastjórunum sje lögfræðingur. Þótt nú svo sje, sem hann hjelt fram, að fyrirkomulagið, eins og það er, hafi ekki valdið neinu verulegu klandri hingað til, þá mun hann samt ekki geta neitað því, að bankastjórarnir hafa oft orðið að fresta málum, af því að þeir hafa þurft að leita til lögfræðinga með þau, og það lái jeg þeim ekki. Jeg veit, að þeir eru, eða að minsta kosti *vilja* vera, gætnir menn, sem ekki rasa fyrir ráð fram.

Um endurskoðendurna er það að segja, að þeirra athugasemdir koma ekki fyrri en eftir á, svo *ef* það vildi til, að bankastjórnin hlypi á sig, þá væri of seint að byrgja brunninn, þegar barnið væri dottið ofan í. Annars veit jeg ekki betur en til sje dómsúrskurður fyrir því, að þeir sjeu að eins töluendurskoðendur.

Það virðist auðsætt hverjum manni, að það er ekki nóg, að bankastjórar hafi að eins vöru- og verslunarþekkingu, þó því sje við bætt, að þeir kunni að láta starfsmenn sína hlýða sjer. Þetta síðastnefnda byggist nú á alt öðru, á lagni mannanna, og er þekkingunni óviðkomandi, enda hafði jeg ekkert orð sagt í aðra átt og veit ekki annað en alt sje í allgóðu lagi í bankanum hvað það snertir.

Háttv. þm. (B. K.) var enn að tala um þennan útlenda »Korrespondent«, svo að jeg noti það orð, þótt jeg játi það rjett hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að það sje brjefaskrifari á íslensku. Hann sagði í því sambandi, háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að hjerlendir menn þektu ekki erlend viðskifti. Það er nú svo. Rökrjett afleiðing af því yrði sú, að þá þyrftum vjer að fá oss útlenda bankastjóra, því að þeir þurfa þó að þekkja inn í erlend viðskifti. En jeg trúi nú ekki þessu.

Þar sem háttv. þm. (B. K.) var að bjóðast til þess, að fara frá bankanum, ef þingið vildi svo, þá verð jeg að segja það, að þetta er talað út í bláinn. Þingið skipar ekki bankastjóra við Landsbankann, heldur stjórnin. Hann ætti því að bjóða stjórninni upp á að fara, ef hún vildi, en eigi þinginu. Stjórnin hefir ekkert um það sagt, að hún vildi *hann* frá bankanum. Að minsta kosti getur þetta frumv. ekki verið gjört, til þess að koma honum burtu þaðan, þar sem það miðar einmitt að því, að ljetta af honum bæði störfum og ábyrgð, og ætti hann því síst að fælast það, einkum þar sem jeg veit, að hann hefir ákaflega mikið að gjöra. Hann hefir oft talað um það sjálfur hjer á þingi og annarstaðar, og hverjum dettur í hug að efast um, að hann segi það satt?

Bjarni Jónsson: Jeg bjóst ekki við því, að hæstv. ráðherra færi að ráð-

ast hjer á mig með kerskni og brigslum. Jeg hafði ekki stefnt neinu til hans persónulega, og hjer var ekki að ræða um nein mín einkamál, sem hann þyrfti að skifta sjer af. Honum hefði staðið alt annað nær. Jeg sagði það, sem jeg sagði, til þess að benda á það, að hjer sje ekki um svo mikil störf að ræða, að ekki gæti jafnvel annar bankastjórinn dvalið nokkurn hluta ársins erlendis — auðvitað með því, að haga vinnubrögðunum nokkuð á annan veg en nú á sjer stað. Þetta munu allir hafa skilið, nema ef hæstv. ráðherra hefir þurft að misskilja það. Það getur verið, að jeg líti ekki á þetta mál eins og aðrir, en þetta er nú mín skoðun. Og það er ekki víst, að það sje vitlausara, að spyrja um mína skoðun en annara í þessu efni. Mjer gæti vel dottið eins gott í hug um það og einhverjum lögfræðingnum, jafnvel þótt hann hefði orðið ráðherra. Mjer virðist að einn bankastjóri með tveim eftirlitsmönnnm, völdum af Alþingi, ætti að nægja.

Hæstv. ráðherra leggur áherslu á það, að fá lögfræðing inn í þessa stöðu, og hyggur víst, að hann muni njóta sín betur, eða verða trúrri, ef hann er stjórnarmaður »með ábyrgð«. Jeg held ekki. Jeg hygg, að ef maðurinn er ekki nógu samviskusamur, til þess að segja rjett til, ef hann er spurður ráða hins vegar, þá muni hann ekki verða betri, þótt hann sje gjörður að bankastjóra með 6000 kr. launum.

Jeg skal ekki fara að eltast mikið við það, sem hæstv. ráðherra sagði um docentinn. Það var mál, sem hann og fleiri komu af stað hjer á síðasta þingi, og jeg var með því, það játa jeg, til þess að forða landinu við því hneyksli, að hjer væri hvergi unt að fá tilsögn í grísku, sem landið sæi um. Jeg skal ekki fara að halda neinar hrókaræður um það, hve vel eða illa hafi verið valið í þá stöðu, en hins vegar ætti hæstv. ráðherra ekki að efast um það, að raunalausu, að unt sje að fá til hennar einhvern sæmilegan mann, því að hingað til hafa nýir kandídatar óspart verið settir í slíkar stöður, og ekki þótt nein áhætta, og hefir hann ekki ástæðu til að ætla mig heimskari mann en suma þá, er settir hafa verið óreyndir í dýrari stöður.

Jeg segi þetta að þessu sinni, til þess að taka frá honum þá ánægju, að nota þetta vopn gegn mjer oftar. *(Ráðherra:* Og þetta var nú ekki svo stórt vopn). Nei, og það var gott, að vopnið var ekki lengra, því að þá hefði maðurinn ekki kunnað með það að fara.

Jeg sný ekki aftur með það, að það er ekki rjett, að vera nú að stofna þetta 6000 kr. embætti. Jeg hygg, að áður en þetta þing hefir lokið störfum sínum, muni það fá ýmislegt þarfara til meðferðar, og nefndi jeg þar til málaleitun kennaranna við læknadeild Háskólans. Að því embætti myndi ekki verða landsskaði, því að jeg veit, að launin muni verða fyrir neðan lágmark það, er launalaganefndin leggur til á sínum tíma.

Að því er við kemur þessu dulda brigsli til mín, um það, að af því að þetta sje kennaraembætti, þá fylgi jeg því af eigingjörnum hvötum, þá skal jeg svara því, að þetta og annað eins hefir nú svo oft verið látið klyngja í blöðunum, að það sýnir skort á frumleik, að vera að koma með það nú. Seinast var eitt af aðalhöfðum ráðherraflokksins að reikna það út í blaði hérna á dögunum, hve mikið jeg hefði kostað landið. Þetta eru viðlíka getsakir, og ef jeg hjeldi því fram, að verið væri að stofna stöðu þá, sem hjer er um að ræða, handa fráförnum ráðherra.

Einar Jónsson: Það er ekki í fyrsta sinni, sem talað er um það hjer á þingi,

að stofna ný embætti, og er jeg þá oftast vanur að láta mig það nokkru skifta, en aldrei held jeg, að jeg hafi vitað aðra eins góðsemi og hjer á að sýna. Mjer skilst, að þetta sje aðallega gjört til þess, að ljetta störfum af bankastjórninni; en þegar nú svo vill til, að annar bankastjórinn er staddur hjer á þingi, og lýsir yfir því, að honum sje engin þægð í þessu, þá hefði jeg haldið, að eitthvað annað lægi nær, og þá hygg jeg, að til þessa hljóti að liggja einhverjar aðrar ástæður. Af *þessum* ástæðum getur þetta ekki verið nauðsynlegt, þar sem það líka er álit ýmsra kunnugra — þótt þá menn sje að vísu líka að finna, sem eru á gagnstæðri skoðun — að verkið hafi verið sæmilega af hendi leyst hingað til. Og kostnaður hlýtur þó ætíð að fylgja þessu nokkur, og út í hann vil jeg ekki leggja, nema knýjandi nauðsyn beri til.

Að vísu er svo til ætlast, að gæslustjórar bankans, og ef til vill fleiri starfsþjónar hans, hverfi, sje þriðja bankastjóranum bætt við, og kostnað þurfi því eigi að óttast. Skal jeg því ekki fara frekar út í það atriði nú.

Út af því, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði um þetta mál, vil jeg minna á það, að hann er vanur að vera manna slingastur til að finna upp ný embætti, enda er hann hjer ekki seinn á sjer, að minna á nauðsyn nýs embættis í Háskólanum; en ef það skyldi nú ekki vera þarfara en það, sem stofnað var fyrir hann í fyrra, þá vona jeg, að menn lái mjer ekki, þótt jeg geti ekki verið því meðmæltur. Jeg álít það alveg rjett, sem áður hefir verið minst á, að nú eigi ekki að auka útgjöldin að óþörfu á þessum alvöru- og ófriðartímum, heldur fara sem varlegast.

Um það, hvort vísa skuli þessu máli til nefndar þeirrar, sem þegar hefir verið kosin, eða kjósa nýja, vil jeg segja það, að mjer sýnist ekki ástæða til þess, að vera að fjölga nefndum fyrir mál, sem þetta, og sömuleiðis álít jeg það óþarft, að vera að taka það út af dagskrá nú. Jeg býst við að verða á móti því, bæði nú og síðar, nema nýjar upplýsingar komi fram, sem breyti þeirri afstöðu minni. Helsta ástæðan fyrir því, virðist mjer vera sú, sem hæstv. ráðh. tók fram, að bankinn þyrfti á lögfræðislegri aðstoð að halda, og væri þá heppilegast að aðstoðarmaðurinn bæri ábyrgð gjörða sinna. Þetta má telja frumvarpinu til gildis, og jeg hygg, að það hefði verið heppilegra, að láta þessa ástæðuna sitja í fyrirrúmi fyrir hinni, að ljetta störfum af bankastjórninni. Hæstv. ráðherra er svo mikill starfsmaður sjálfur, að hann ætti ekki að vera að hugsa um að ljetta störfum af þeim, sem ekki kæra sig um það.

Forseti: Samkvæmt því valdi, sem forseta er veitt í 41. gr. þingskapanna, tek jeg málið út af dagskrá, með því að þess hefir verið óskað.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. júlí, var frv. tekið til f r h. 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Tillaga um að vísa frumv. til bankanefndarinnar samþ. með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, sakir óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,

já:	*nei:*
Björn Kristjánsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Eggerz,	Jón Magnússon,
Guðm. Hannesson,	Matth. Ólafsson,
Hjörtur Snorrason,	Pjetur Jónsson,
Jón Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Sigurður Eggerz,	Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson,	Sveinn Björnsson.
Þór. Benediktsson.	

Fjarstaddir voru Einar Jónsson og Magnús Kristjánss., sem ókominn var til þings.

En í bankanefnd sátu þeir
Hjörtur Snorrason,
Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,
Sigurður Gunnarsson,
Jón Magnússon,
Jón Jónsson,
Þorleifur Jónsson.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. bls. 161—163, þgskj. n. 233 og 260).

Framsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Eins og menn sjá, hafa komið hjer fram tvö nefndarálit, en ágreiningur er þó furðu lítill. Nefndin í heild sinni vill ekki, að málið gangi fram á þessu þingi.

En það, sem greint hefir á um, er það, að hverju leyti og á hvaða hátt yrði ráðin bót á stjórn bankans. Bæði meiri og minni hluti nefndarinnar hefir komið sjer saman um, að þörf sje á að í þjónustu bankans verði fenginn bankafróður fjármálamaður, einkum til að annast sölu íslenskra verðbrjefa og greiða fyrir viðskiftum bankans við erlendar peningastofnanir, í því skyni að útvega landinu fje, þegar þörf er á.

Um þetta var ekki ágreiningur.

Munurinn er að eins sá, að minni hl. vill láta stjórnina athuga skipulag bankans og leggja tillögur sínar fyrir næsta þing. En meiri hlutinn vill fara sem friðsamlegast og láta bankastjórnina bæta sjálfa úr brýnustu þörfunum í bráð, og reyna að ráða bót á misfellunum, að tilhlutun stjórnarinnar.

Ef vikið er að frumv., þá eru kjarnaatriði þess þau, að skipaður verði við Landsbankann nýr lögfróður bankastjóri og gæslustjórarnir verði lagðir niður. Meiri hluta nefndarinnar hefir ekki fundist brýn þörf á því, að þessi nýi bankastjóri væri lögfræðingur, en hitt hefir meiri hlutanum verið ljóst, að nauðsyn bæri til, að hann hefði sjerþekkingu á fjármálum og bankamálum. Þess þarfnast bankinn umfram alt.

Þegar litið er á fjármálaspurninguna, þá dylst nefndinni það ekki, að brýn nauðsyn ber til þess, að koma peningamálum landsins í gott horf. Og við Íslendingar verðum að viðurkenna það, að fremur lítið hefir verið gjört til umbóta í þessu efni. Það hefir ekkert verið gjört til að undirbúa menn til að hafa umsjón á bankamálum. Við höfum tekið þá menn til að standa við stýrið, er buðust og færastir voru álitnir, án þess að þeir hefðu beinlínis þekkingu á bankamálum, en ekkert gjört til þess, að senda efnilega og álitlega menn utan, til þess að afla sjer víðtækrar og verulegrar þekkingar í þessum efnum. Þetta ættum við ekki lengur að láta undir höfuð leggjast, því að þeim peningum, sem færu til þess, að kosta efnilega menn til þessa, sem svo brýn þörf er á, væri alls ekki á glæ kastað, því að náminu loknu myndu þeir að sjálfsögðu telja sjer skylt að starfa í þarfir þjóðar sinnar. Þetta eru því áreiðanlega orð í tíma töluð. Verið getur, að ekki sje nú fje til slíks náms, en æskilegt væri það, og ætti að komast í kring óðara og fje verður til þess.

Eins og áður er sagt, er það aðalágreiningurinn milli meiri og minni hluta nefndarinnar, að hve miklu leyti eigi að auka ráð landsstjórnarinnar yfir bankanum. Meiri hlutanum hefir ekki virst nein ástæða til þess, að skora á stjórnina, að ráða bót á skipulagi bankans, en álítum rjettara að leggja málið í hendur bankastjórnarinnar. Og þar þar sem annar bankastjórinn (B. K.) var í nefndinni, og tjáði sig fúsan til þess, að útvega fjármálafróðan mann, til þess að starfa í bankanum, þá virðist ekki bein ástæða vera til þess, að fela landsstjórninni þetta og framkvæmd þess fyrir næsta þing. En ef bankastjórnin vanrækir skyldu sína og alt sækir í sama horfið, þá verður þingið að taka málið til verulegrar íhugunar. Líka getur stjórnin undirbúið málið, þó ekki sje skorað á hana um það.

Að þessu athuguðu verð jeg að mæla með, að stefna meiri hlutans verði ofan á, þótt ekki beri mikið á milli. Meiri hlutinn hefir því afráðið að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, er jeg með leyfi hæstv. forseta skal lesa upp:

> *Í þeirri von, að landsstjórnin stuðli að því, að stjórn Landsbankans ráði sjer um tíma duglegan fjármálamann bankafróðan, að enduðum Norðurálfuófriðinum, til þess að starfa að sölu bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar erlendis og greiða fyrir viðskiftum bankans við erlendar peningastofnanir og efla lánstraust landsins í útlöndum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.*

Framsögum. minni hl. (Jón Magnússon): Jeg þarf ekki að tala langt mál, heldur get jeg látið mjer nægja að vísa til nefndarálits minni hlutans.

Eins og tekið hefir verið fram, þá er þetta frumv. mjög líkt og það, sem fram kom frá meiri hl. peningamálanefndarinnar frá 1909, nema hvað þá var gjört ráð fyrir minni launum og minna starfi en nú. Grundvallarreglan er sú sama. Þá var líka gjört ráð fyrir því, að lögfróðs manns þyrfti með í bankastjórnina, og var það fyrirkomulag samþykt hjer í háttv. Nd., en breytt í háttv. Nd.

Það var ekki alveg rjett hjá háttv. framsm. meiri hl. (J. J.), að bæði meiri og minni hl. væru samdóma um það, að ekki þurfi að gjöra ráð fyrir lögfræðingnum. Minni hl. áleit heppilegra, að hafa hann, enda gæti hann vel verið bankafróður maður um leið, því að það er nú altítt, að fjármálamenn sjeu jafnframt lærðir lögfræðingar eða þjóðhagfræðingar, og hafa margir slíkir menn þótt reynast vel. En hitt gat minni hl. að eins gengið inn á, að ástæða gæti verið til þess, að binda sig ekki fastlega við það, að maðurinn *skyldi endilega* vera lögfræðingur. Í nefndarálitinu er þess getið, að minni hl. álíti betra, að hafa einn mann heilan til bankastjórnarstarfanna en tvo í hjáverkum, og annað geta gæslustjórarnir aldrei orðið. Þeir hjóta alt af að hafa eitthvert annað aðalstarf. Auk þess er það rjett, sem hæstv. ráðherra hefir sagt, að meðan svo er, þá er ætíð óvíst hve lengi mönnum kann að haldast á þeim. Það skiftir oft um afstöðu flokka hjer í þinginu, og þá geta einnig orðið skifti á gæslustjórum, þótt svo þurfi ekki endilega að vera. Og ef gagn á að vera að manni í bankastjórn, þá held jeg því fram fyrir mitt leyti, að það verði að vera aðalstarf hans og æfistarf.

Það, sem aðalágreiningurinn er um, er það, að minni hl. vill, að bankastjórarnir sjeu undirgefnir landsstjórninni á sama hátt og allir aðrir, sem taka þátt í framkvæmdarstjórn landsins, því að Landsbankinn er ekkert annað en lands-

stofnun, sem ætlað er að bæta úr viðskiftaþörf landsmanna, um leið og hún á að veita fje í landssjóðinn, alveg eins og aðrir bankar, sem eru tekjugrein fyrir ríki víðs vegar um heim. T. d. vita menn að sænska ríkið hefir stórtekjur af þjóðbankanum þar. Og við höldum (minni hl.), að sú breyting, sem hjer er um að ræða, myndi ekki hafa neinn þann kostnað í för með sjer, sem vert sje um að tala. Mjer er sagt, að gæslustjórarnir kosti nú svo mikið, eins og nú er, að munurinn yrði ekki nema á 3. þús. kr. á ári, og er það ekki mikið.

Jeg var í peningamálanefndinni 1909, og jeg held að þá hafi verið sagt, bæði þar og á þinginu, að ekki lægi á því, að frumv. næði fram að ganga að sinni, og líkt má segja nú, að þótt meiri hl. sje frv. meðmæltur, þá finnur hann ekki ástæðu til að halda því fram, að breytingin komi á nú þegar. Það má eflaust dragast til nánari athugunar.

Í sambandi við þann aðalágreining, sem jeg hefi minst á, vil jeg taka það fram, að minni hlutinn vill, að þingið snúi sjer til landsstjórnarinnar í þessu máli, en ekki Landsbankastjórnarinnar, eins og háttv. meiri hlutinn í raun og veru fer fram á í sinni rökstuddu dagskrá. Það er alveg þýðingarlaus krókur, sem þar er farinn og jafnvel ekki þinglegur að forminu, en að efninu svo óþinglegur, sem frekast má verða. Árið 1909 var ekkert verið að spyrja bankann um það, hvort breyta mætti fyrirkomulaginu. Þá var ekki einu sinni stjórnin um það spurð. Og þegar um það hefir verið að ræða, að breyta um skipulag opinberra stýslana hjer á landi, þá veit jeg ekki til þess, að nauðsynlegt hafi þótt, að spyrja viðkomandi embættismenn til ráða fyrst. Þetta kemur og fram í nefndarálitinu, og er því ekki ástæða til að orðlengja það frekar.

Einu varð jeg sjerstaklega hissa á hjá háttv. framsm. meiri hlutans (J. J.). Hann var að tala um, að háttv. meiri hluti hefði viljað fara svo *friðsamlega* í sakirnar. Jeg veit ekki hvað þá hefði átt að vera ófriðlegt í fari minni hluta. Mjer er það fullkominn leyndardómur, hvað hann hefir getað átt við með þessu orði. Minni hlutinn hefir einmitt viljað fara mjög gætilega. Jeg skal ekki fara út í það hjer, hver fjármál landsins annars skuli vera rannsökuð. Nefna mætti þó þetta: Landssjóður hefir t. d. tekið ýms lán, sem um gæti verið að tala, að koma saman í eitt, og eins væri, ef landsstjórnin vildi eða þyrfti að koma í verð ytra einhverju af verðbrjefum landsins, þá gæti vel verið heppilegt, að landsstjórnin sjálf sendi mann til þeirra erinda. En eins og menn vita, senda Danir stundum erindreka í slíkum erindum, og sama hygg jeg að sje um fleiri þjóðir, til að mynda Norðmenn. Þess vegna eru tillögur minni hlutans hjer yfirgripsmeiri. En eins og áður hefir sagt verið, þá er margt líkt með skyldum, þar sem meiri og minni hluti eru. Jeg kem hjer líka fram með rökstudda dagskrá, sem jeg vil leyfa mjer að bera fram fyrir hönd minni hlutans, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

Í trausti þess, að landsstjórnin rannsaki það, hvert gagn mætti af því verða, að reyndur bankamaður og fjármálamaður yrði fenginn til að athuga peningamál landsins, þar á meðal skipulag Landsbankans og gjöra tillögur um endurbætur á því, ef þurfa þykir, svo og á hvern hátt verði útvegaður markaður fyrir íslensk verðbrjef og bankanum komið í viðskiftasamband við erlendar peningastofnanir, og enn fremur, að landsstjórnin gjöri þær ráðstafanir í þessu efni, er hún telur þörf á, og

leggi fyrir næsta Alþingi tillögur sínar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Framsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Jeg þarf ekki miklu að bæta við það, sem jeg sagði áðan. En út af því, sem háttv. framsm. minni hlutans (J. M.) sagði, vil jeg taka það fram, að það var ekki meining mín, þótt jeg kunni að hafa komist einhvern vegin þannig að orði, að jeg yrði misskilinn, að háttv. minni hlutinn væri með neinn ófrið. Jeg skal segja háttv. þingm. (J. M.) hreinskilnislega hvað fyrir mjer vakti. Við vitum allir hverjar pólitískar væringar hjer hafa átt sjer stað, og sumir gætu ætlað það enn, eins og áður, að eitthvað slíkt lægi á bak við, þegar farið er að skora á stjórnina að gjöra eitthvað. Háttv. 1. þingm. G.-K. (B. K.) sagði það við 1. umræðu þessa máls, að öll afskifti stjórnarinnar af bankanum hafi verið pólitísk. Jeg veit nú ekki hve mikið kann að vera hæft í þessu, en það þykist jeg mega fullyrða, að nokkuð sje til í því, og af því að jeg legg áherslu á það, að bankinn verði framvegis ópólitísk stofnun, svo að hann geti starfað í friði, óáreittur af flokkunum, þá virðist mjer ekki ástæðulaust, þótt þetta væri haft bak við eyrað. — Það er alls eigi þar með sagt, að vantreysta þurfi þeirri háttv. stjórn, er nú situr að völdum, í þessu; það getur verið, að hún reynist vel að því leyti; hún er alveg óreynd enn þá; en það er ekki óhugsandi, að eitthvað slíkt gæti verið á seyði, sem benti í þá átt, að hjer væri pólitík á ferðinni, því að þótt leiðinlegt sje að þurfa að segja það, þá er það nú satt samt, að pólitíkin hefir haft of mikil áhrif á þessi mál. Það getur verið, að jeg hafi komist eitthvað ófimlega að orði í garð háttv. minni hlutans, en þetta var nú samt ekki út í bláinn sagt.

Nefndin hefir öll orðið sammála um það, að nauðsynlegt sje, að greiða fyrir viðskiftum vorum erlendis og að hafa til þess sjerstakan mann. Þetta hefi jeg áður tekið fram, og jeg endurtek það, að það er bankinn, sem á að standa fyrir framan, þegar lán eru tekin þar. Það er öfugt, sem nú á sjer stað, að landsstjórnin gjöri það. Bankinn á að útvega landinu lán, en landið ekki bankanum.

Sveinn Björnsson: Jeg skal ekki vera margorður um þetta mál, sem mjer virðist muni fá mjög viðunanleg úrslit hjer í deildinni, þótt eigi verði samþykt frumvarp stjórnarinnar.

Mjer finst jeg ekki geta annað en látið í ljós undrun mína á því, hve lítilfjörlegum augum sumir háttv. þingdeildarmenn líta á þá hugmynd stjórnarinnar, að einn bankastjóranna sje lögfræðingur. Þetta er alls eigi ný hugmynd, eins og bent hefir verið á. Og auk þess, er ekkert eðlilegra, en að stofnun, sem þarf svo oft að ráða fram úr spurningum lögfræðislegs efnis, þar sem mikið er í húfi, hafi í stjórn sinni hæfan lögfræðing, mann, sem leggur til lögfræðisþekkinguna og *um leið* ber ábyrgð á ráðstöfuninni.

Sumum leikmönnum hættir við að líta of smáum augum á lögvísindin. Ef þeim hefir á lífsleiðinni tekist að komast fram úr einhverjum meira eða minna lítilvægum atriðum, sem lög koma við, hættir þeim við að telja sig »færa í flestan sjó«, eins færa og þá, sem varið hafa fjölda bestu ára æfinnar til vísindamentunar á því sviði, mentunar, sem ekki fæst af engu, og er einmitt ætluð til að gjöra menn hæfa til að ráða fram úr því, sem fyrir kemur í lífinu og ekki er beinlínis tilgreint í texta laganna. Lögin eru að eins regla, og lífið er, eins og við vitum, miklu fjölbreyttara en svo,

að fáein lagaorð geti tekið í sig öll þau fyrirbrigði, sem orðið geta í lífinu.

Jeg hygg einnig, að það sje mjög víða í heiminum talið heppilegt, að lögfræðingar sjeu í stjórn banka. Til dæmis vil jeg nefna, að í öllum stærri bönkunum dönsku munu lögfræðingar eiga sæti í stjórn þeirra, og um Þjóðbankann danska mun beint vera fyrirskipað að einn bankastjóranna *skuli* vera lögfræðingur. Jeg nefni dæmið frá Danmörku, af því mörgum mun það kunnugt.

Úr því að jeg stóð upp á annað borð, ætla jeg að minnast lítið eitt á nefndarálitið.

Það gleður mig, að nefndin hefir tekið upp þá skoðun, og heldur henni fram hjer í deildinni, að vjer þurfum að fá reyndan bankamann, til þess að koma peningamálum landsins í viðunandi horf. Það gleður mig, að nefndin hefir hugsað sjer, að taka nú ærlegt skref í þá átt, að gjöra úr Landsbankanum nýtan og öflugan banka, sem fullnægt geti þörfum landsins, eins og þær nú eru orðnar. Á því er enginn vafi, að bankinn þarf mikilla endurbóta við, ef hann á að fullnægja rjettmætum kröfum landsmanna. Jeg tek það fram, að jeg er hjer ekki að ásaka bankastjórnina, heldur að finna að fyrirkomulagi bankans.

Þessi banki er veðdeildarbanki, sparisjóður, verslunar- og viðskiftabanki, fasteignalánabanki o. s. frv., alt í einni samsteypu með 750 þús. kr. starfsfje upprunalega. Veðdeild bankans gefur út brjef, sem ekki eru seljanleg. Þegar menn koma til að fá lán út á fyrsta veðrjett í jörðum sínum eða öðrum fasteignum, fá þeir ekki peninga, heldur brjef, sem enginn vill gefa þeim peninga fyrir. Verslunar- og viðskiftaþörfinni, eins og hún hefir aukist á seinni árum, getur bankinn alls ekki fullnægt með þeim fáu krónum, sem hann hefir til umráða. Jeg hygg, að það ætti að aðskilja meira en gjört hefir verið þetta þrent, veðdeild, sparisjóð og almennan banka. Við þetta bætist, að not af bankanum hafa í rauninni að eins þeir, sem búa næst bankanum eða útibúum hans. Þessu þarf að breyta í það horf, að mönnum sje gjört hægt fyrir, að nota bankann sem víðast á landinu. Hjer liggur fyrir landsstjórninni mikið og alvarlegt mál. Og enn fremur það, sem engu er minna um vert, að skapa landinu í útlöndum það lánstraust, sem það á skilið og ætti að geta haft. Eins og kunnugt er, hefir landið hvergi lánstraust nema í Danmörku, og það mjög af skornum skamti.

Með því að þetta er skoðun mín, hlýt jeg að hallast að dagskrártillögu meira hlutans. Hún er viðtækari en hin tillagan, sem að mínu áliti fer alt of skamt. Landsstjórnin þarf að fá heimild til miklu yfirgripsmeiri ráðstafana en þar er gjört ráð fyrir.

Guðmundur Hannesson: Hvað sem nú kann að verða ofan á hjer, og þótt skynsamlegt kunni að vera, að fá erlendan fjármálamann, sem gefið gæti góð ráð, þá stendur nú svo á, að peningar eru dýrir í heiminum og vextir afarháir. Það er því við búið, að árangurinn yrði lítill; ólíklegt, að nokkurs fjár verði aflað á næstu tveim árum.

Annars fer því fjarri, að hjer sje eingöngu að ræða um skipulag Landsbankans. Skipulag beggja bankanna þyrfti þá að athuga og fjármál landsins í heild sinni. Bæði er það mitt álit, og jafnvel erlendra fjármálamanna, að heppilegt væri, að breyta starfsviði og verkaskiftingu bankanna, og mætti báðum verða hagur að.

En dagskránni get jeg ekki verið með, vegna þess, að jeg tel hana ekki líklega til að bera verulegan árangur.

Björn Kristjánsson: Með því að hjer er um frumv. að ræða, sem fer fram á að breyta fyrirkomulagi Landsbankans, þá finn jeg mjer skylt, að upplýsa fyrirkomulagið, eins og það er nú, og getur það skýrt málið fyrir háttv. deild.

Sem stendur eru nú tveir bankastjórar við Landsbankann, — áður var bankastjórinn einn, — tveir meðstjórnendur, gæslustjórar svo kallaðir, eru þar, og þannig er hagað meðferð stjórnarinnar, að þegar um stærri mál er að ræða eða vafamál, þá eru þau borin undir alla stjórnina. Daglegum störfum sinna bankastjórarnir mestmegnis, og ráða þeim, ef þeir eru sammála. Jeg er þess vegna hræddur um, að menn villist oft á gæslustjóranafninu, og haldi að þeir sjeu að eins endurskoðendur. En þetta er algjörður misskilningur, því að þeir eru *meðstjórnendur*, og atkvæði þeirra sker úr til jafns við atkvæði bankastjóranna. Til þess að bankastjórnin sje vel skipuð, þá þurfa meðlimir hennar um fram alt að þekkja sem best öll verslunar- og atvinnumál þjóðarinnar. Lögfræðisþekking er auðvitað góð, en er *að eins aukaatriði* hjer í Reykjavík, þar sem bankastjórnin getur alt af fengið lögfræðislega aðstoð, samstundis, ef á þarf að halda. Nú er fyrirkomulagið þannig, að stjórnin velur framkvæmdarstjórana, Alþingi kýs meðstjórnendur, en stjórn og Alþingi velur endurskoðendur í sameiningu. Jeg get ekki sjeð annað en að á þessu fari í alla staði vel. Ef frumvarpið fær fram að ganga, þá verður það einn einstakur maður, sem ræður alla bankastjórnina, og með því er alt vald dregið úr höndum þingsins.

Jeg fæ ekki sjeð annað en að fyrirkomulagið, eins og það er nú, sje miklu betra og tryggara, að sjórn og þing velji bankastjórnina í sameiningu. Þetta er líkt því fyrirkomulagi, sem Þjóðverjar hafa hjá sjer. Þar velur stjórnin framkvæmdastjórana, en hluthafar meðstjórnendur. Tryggingin er því meiri eins og nú stendur, því það verður aldrei varið, að meðan flokkapólitikin lifir í landinu, þá verður það alt af stjórn einhvers flokksins, sem ræður bankastjórnina, og reynslan hefir margsýnt og sannað, að slíkt er ekki heppilegt. Fari nú svo, að bankastjórar yrðu þrír, og t. d. einn lögfræðingur, þá er áreiðanlegt, að stjórn bankans yrði veikari, bæði að þekkingu og starfskröftum, heldur en bankastjórnin, sem nú er við stýrið. Nú eru í henni fjórir menn. Þrír af þeim eru verslunarfróðir og kunnugir sjávarútveginum, og fjórði maðurinn (sira Vilhjálmur Briem) er nákunnugur landbúnaði í alla staði. Jeg ýki þess vegna ekkert, þó jeg segi, að núverandi stjórn þekki í alla staði vel til atvinnumála landsmanna. Nú, þegar þar við bætist, að annar gæslustjóranna vinnur í bankanum allan daginn, eða sjö klukkutíma á dag, þá er það vitanlegt, að starfskraftarnir rýrna að miklum mun, ef fjórði maðurinn missist frá úr stjórninni.

Lögin ákveða, að til þess að skuldbindingar, er snerta bankann, sjeu gildar, þá skuli minst tveir menn úr stjórninni skrifa undir þær. Þetta er hægara að uppfylla þegar fjórir menn sitja í stjórninni, en verði þeim fækkað, þá er oft hætt við að svo fari, að ekki verði við höndina nema einn maður, ef ferðalög og veikindi hindra. Það hefir jafnvel stundum komið fyrir með fjögra manna stjórn, að engu hefir mátt muna, svo að gildandi undirskrift fengist. Og til þess að breyta þessu þarf nýtt lagaákvæði viðvíkjandi fullgilding undirskriftarinnar. Jeg hefi tekið þetta fram stjórn og þingi til leiðbeiningar.

síðar. Sú breyting, að fela stjórninni að velja bæði bókara og gjaldkera, er að mínu áliti illverjandi. Það er að veikja til stórra muna hið sjálfsagða tillöguvald bankastjórnarinnar, því hún verður að geta haft fult vald yfir þeim mönnum, alveg eins og öðrum starfsmönnum bankans, þar sem hún ber alla ábyrgðina. Annað væri óhæfilegt. Einmitt af því, að stjórnin hefir haft þetta vald, þá hafa þessir tveir embættismenn bankans, bókari og gjaldkeri, oft verið óheppilega valdir, og jafnvel orðið óþægir bankastjórninni, því þeir hafa ekki talið sig undir hana gefna. Þetta er nú reyndar ekki allskostar óeðlilegt. Menn rekur víst minni til þess, að það kom fyrir hjer um árið, að stjórnin var í vafa um, hvort hún ætti heldur að víkja frá saklausum bankastjórunum eða sekum gjaldkera. Í næstu löggjöf um þetta, væri eflaust æskilegt, að bankastjórninni yrði falið að ráða þessa menn og víkja þeim frá. Annað er óhjákvæmilegt. Jeg skal taka það fram, af því er kom fram við 1. umr., að óheppilegt væri að gæslustjórarnir hefðu aukastörf á hendi, að jeg álít einmitt heppilegt, að sá gæslustjórinn, sem hefir meiri tíma til umráða, vinni meira við bankann en hinn ákveðna skyldutíma, sökum þess, að þegar hann vinnur með allan daginn, þá verður hann fyrir bragðið miklu kunnugri bankamálum, fylgist með í þeim og er meðráðandi í öllu. Það má því í raun rjettri segja, að bankastjórarnir sjeu þrír. Hann vinnur líka þetta verk sitt fyrir svo afarlága borgun, að það er ekkert líkt því, að það sjeu full laun, svo að landið græðir líka beinlínis á því. Þetta gjörir stjórnina eðlilega tryggari og ábyggilegri; þar við bætist svo hans nauðsynlega og nákvæma landbúnaðarþekking. *(Ráðhera:* Hana hefir háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sjálfur). Ja, jeg var einu sinni smali, en þrátt fyrir það þekki jeg ekki nógu mikið til landbúnaðar.

Jeg hefi tekið alt þetta fram til leiðbeiningar fyrir stjórnina, ef hún vill breyta bankalögunum. Ef stjórninni er endilega svo fjarska ant um að fjölga bankastjórunum, sem jeg reyndar tel öldungis ónauðsynlegt, ef bankastjórnin beitir sínum kröftum *sem stjórn*, en ekki sem vinnuvjel. En ef svo er, segi jeg, þá ætti fyrirkomulagið að verða þannig, að bankastjórarnir yrðu þrír og gæslustjórunum haldið samt kyrrum.

Jeg ætla ekki að svara minnihlutanum. Að eins vildi jeg benda á það, að starfsfjeð, sem bankinn nú hefir, var þegar fengið árið 1909 og kom í umferð $^1/_2$ miljón af því það ár og 1 miljón árið 1910 og $^1/_2$ miljón 1911. Það er því ekki um neitt *nýtt* aukið starfsfje að ræða, sem gæfi tilefni til þess, að þriðja bankastjóranum yrði bætt við, því þetta fje var þegar útlánað á árunum 1909—1911.

Öðru atriði hjá minni hlutanum man jeg líka eftir, sem jeg vildi minnast á. Það er um það, að sjeð verði um að koma bankanum í bein viðskiftasambönd við útlendar peningastofnanir. Jeg skal taka það fram, að þetta er ekki nauðsynlegt, vegna þess, að Landsbankinn breytti svo til frá nýári 1914, að nú hefir hann fengið bein viðskiftasambönd við þær stofnanir erlendis, er hann hefir gagn af að skifta við. Áður hafði bankinn Landmandsbankann fyrir milligöngumann. Beinu viðskiftin eru því þegar komin á, en minni hl. er ekki ámælisverður fyrir það, þó hann kann ske hafi ekki vitað um þessa ráðstöfun.

Önnur atriði í minnihlutaálitinu get jeg alveg leitt hjá mjer að þessu sinni. Það var alveg rjett hjá háttv. 2. þm. Rvík. (J. M.), að óvíst er hve lengi

gæslustjórarnir sitja og óvíst að þeir verði stöðugir í því embætti. En það er mein, ef svo verður ekki, og er það algjörlega á þingsins valdi, hvort þeir eru endurkosnir eða ekki. Auðvitað er ákjósanlegast að svo verði gjört, meðan unt er, vegna þess, hve þekkingin á viðskiftum bankans er nauðsynleg, og hún fæst aldrei í fljótri svipan. Líka er það alveg rjett, að gæslustjórarnir þurfi að gefa sig alla við störfum sínum, enda gjörir annar þeirra það nú þegar.

Þetta, sem jeg hefi sagt, hefir að eins verið til þess að upplýsa sem best ástandið eins og það er nú, eins og jeg þegar hefi tekið fram. Jeg hefi engar kvartanir sjeð um það, að bankastjórnin, sem nú er við Landsbankann, afkastaði ekki störfum sínum eða að hún stjórnaði hag bankans svo illa, að þörf væri á breytingum þess vegna. En meðan að ekki koma fram kvartanir um þetta, þó álít jeg og verð að halda því fastlega fram, að frumkvæðið um að fjölga bankastjórunum eigi að koma frá bankastjórninni sjálfri.

Ráðherra: Eftir því sem ráða má af nefndarálitum þeim, er fram hafa komið í þessu máli, þá er það auðsætt, að þetta frumvarp verður ekki samþykt á þessu þingi. Stjórnin þarf samt ekki að vera óánægð, vegna þess, að bæði meiri og minni hluti gefa stjórnini rjett í því, að þörf sje á að athuga skipulag Landsbankans. Að því leyti hefir stjórnin fengið það, er hún þurfti.

Það gleður mig og mjög mikið, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) álítur, að ekki væri þýðingarlaust, að fenginn væri bankafróður maður, til þess að fá markað fyrir veðdeildarbrjef, sem bankastjórninni hefir ekki tekist að koma út. Jeg er ekki að segja að þetta sje bankastjórninni beinlínis að kenna, en svona er því nú varið, og er ekki til neins að bera á móti því.

Sú aðferð var höfð árið 1909, ef jeg man rjett, að landssjóði var heimiluð 2 milj. kr. lántaka, til þess að kaupa fyrir veðdeildarbrjef bankans. Fyrir þetta fje voru veðdeildarbrjef keypt, eins og til stóð. Tilætlunin var upphaflega sú, að bankinn greiddi sjálfur þetta lán, bæði rentur af því og 100 þús. kr. afborgun á ári. En á þinginn 1913 er þessu breytt þannig, að bankinn er leystur undan því, að greiða afborgunina og landssjóði lögð sú skylda á herðar. Það er ekki svo að skilja, að jeg telji því fje illa varið, sem varið er til þess að styðja Landsbankann. En það er ekki laust við, að mjer þyki það óviðfeldið, að landið skuli þurfa að leggja bankanum svo og svo mikið fje árlega. Jeg vildi miklu fremur, að bankinn væri þannig úr garði gjörður, að landssjóður gæti leitað til hans, þegar hann er í fjárþröng, og að bankinn gæti annaðhvort lánað landssjóði beinlínis, eða sjeð honum fyrir lánstrausti annarstaðar. Jeg myndi telja það æskilegra, ef þetta væri þannig. Það má vel vera, að það fyrirkomulag komist á innan skamms, að minsta kosti er það vonandi.

Viðvíkjandi sjálfu frumv. skal jeg taka það fram, að mjer skilst það vera misskilningur í nefndaráliti háttv. meiri hluta, þar sem það er skoðuð breyting á núgildandi lögum bankans, »að ráðherra á nú að mæla fyrir um samband bankastjóranna sín á milli«. Þetta er beinlínis ákveðið svo í 3. gr. laga nr. 12, 9. júlí 1909. Jeg vildi taka þetta fram, þó að jeg telji það alls ekki skifta miklu máli.

Þær raunverulega ástæður, sem mæla

með því, að bankastjórarnir sjeu þrír, og einn þeirra lögfræðingur, taldi jeg við 1. umr. þessa máls. Auk þess hefir háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sýnt fram á í ræðu sinni í dag, að það er engin fjarstæða. Jeg hirði því ekki um að fara út í þá sálma nú.

Í ræðu háttv. framsm. meiri hl. (J. J.) var fátt, sem jeg gat ekki undirskrifað, þó að jeg geti hins vegar ekki skrifað undir nefndarálit meiri hlutans, nje þá rökstuddu dagskrá, sem hann hefir borið fram. Háttv. meiri hl. ætlast til að landsstjórnin hlutist til um, að fjármálamaður verði ráðinn *af bankastjórninni*, til þess að útvega markað fyrir íslensk verðbrjef og jafnframt til þess, að útvega bankanum og landinu lánstraust erlendis. Eins og háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) tók fram, er það mjög óviðfeldið, að skora á landsstjórnina að láta *bankastjórnina* ráða þennan mann. Hitt getur auðvitað verið heppilegt, að landsstjórnin ráðfæri sig við bankastjórnina um margt í þessu máli. Dagskrá háttv. meiri hl. er frá mínu sjónarmiði ekki aðgengileg, og jeg fyrir mitt leyti get ekki greitt henni atkvæði.

Vitanlega hefði jeg langhelst kosið að fá sjálfu frumv. framgengt hjer á þinginu. En úr því að þess er ekki kostur að fá það, sem best er, þá fer mjer eins og öðrum, að jeg kýs það næst besta. Og það verður í þessu tilfelli dagskrá háttv. minni hl. Henni mun jeg því ljá atkvæði mitt, úr því að vonlaust er um, að frumv. verði samþykt.

Viðvíkjandi því, sem talað var um það, að ráða bankastjórnarinnar hefði ekki verið leitað um þessa breytingu, þá hefir það verið upplýst af háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), að á því var engin þörf. Eins og allir vita, hafa verið afnumin ýms embætti hjer á landi, án þess að það hafi verið samþykt af hlutaðeigandi embættismönnum. Jeg giska á, að landshöfðingjaembættið, landfógetaembættið og amtmannaembættin hafi verið afnumin 1903, án þess að þeir herrar hafi verið spurðir um, hvort þeim líkaði það betur eða verr.

Jeg er sammála háttv. framsm. meiri hl. (J. J.) um það, að Landsbankinn ætti helst að vera eins konar almennur milliliður milli landssjóðs og útlanda, og vera þess megnugur, að geta annaðhvort lánað landssjóði fje beinlínis eða sjeð honum fyrir lánstrausti. Þannig er um marga þjóðbanka í öðrum löndum, t. d. Englandsbanka, sem ljettir á þann hátt mikið undir með stjórninni.

Bæði háttv. framsm. meiri hl. (J. J.) og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) töluðu mjög um pólitísk afskifti landsstjórnarinnar af Landsbankanum. Þau ummæli get jeg ekki tekið til mín. Bæði er stutt síðan jeg tók við völdum, og eins þykist jeg hafa haft þau ein afskifti af bankanum, að bankastjórnin þurfi þar ekki upp á að klaga. Jeg býst ekki við að hjer sje átt við það, að stjórnarráðið sá sjer ekki fært að láta bankann hafa 600 kr. til uppbótar fyrir brunnin skjöl bankans. *(Björn Kristjánsson:* Nei, nei). Sem sagt, jeg get ekki skilið, að bankastjórnin hafi ástæðu til að klaga undan samvinnunni við mig hingað til, heldur þvert á móti. Annað mál er það, að eins og fyrirkomulagið er nú, er stjórn bankans að vissu leyti pólitísk, þar sem það heyrir undir flokkabröltið í þinginu, hverjir eru skipaðir gæslustjórar. Getur oft farið svo, að tilviljun ein ráði, hvernig valið tekst. Jeg er ekki að segja, að þeir menn, sem nú eru gæslustjórar, sjeu ekki til þess hæfir. Valið hefir stundum tekist sæmilega, þó að það hafi ekki gjört það alt af.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) mintist á það ákvæði í 4. gr. bannlaganna, að ef ágreiningur yrði á milli bankastjóranna

innbyrðis, þá skæri sá gæslustjórinn, sem fyrr væri kosinn, úr þeim ágreiningi. Án þess að þetta komi því máli við, sem fyrir liggur, þá skal jeg geta þess, að mjer þykir þetta ákvæði mjög svo undarlegt. Það mun víðast vera venja, að þegar tvö atkvæði eru á móti tveimur, þá sje niðurstan neikvæð. En hjer getur farið svo, að hún verði jákvæð, þó að svo standi á.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) talaði mikið um það, að óheppilegt væri, að bankastjórnin væri ekki einvöld yfir bókara og fjehirði bankans. Hjer er jeg á gagnstæðri skoðun. Jeg held, að það sje víðast hvar siður, að þessir starfsmenn sjeu ekki skipaðir af bankastjórninni, heldur, ef um hlutafjelagsbanka er að ræða, þá sjeu þeir skipaðir af bankaráðinu, en ef það er stjórnarbanki, þá af stjórninni. Þetta er líka eðlilegt, því að í ýmsum tilfellum getur það verið mjög svo óheppilegt, að þessir menn sjeu ekki nokkurn veginn sjálfstæðir starfsmenn stofnunarinnar, heldur alveg undir bankastjórnina gefnir. Það er auðvitað, að bankastjórnin gæti misbeitt valdi sínu yfir þeim, ef henni byði svo við að horfa, og án þess að hægt væri að hafa nokkra hönd í bagga með því. Hitt er ekki nema sjálfsagt, að ef þessir menn sýna bankastjórninni óhlýðni, þá hefir hún rjett til, og ber jafnvel skylda til, að snúa sjer til hlutaðeigandi yfirstjórnar bankans með kæru á hendur þeim.

Þá tók háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) það fram, að annar gæslustjórinn hefði aukastörf á hendi í þarfir bankans. Og þetta taldi hann kost. En það getur yfir höfuð ekki talist kostur, heldur þvert á móti, að það sje gjörsamlega *óhafandi*. Jeg lít svo á, að gæslustjórarnir megi alls ekki vera háðir bankastjórninni á nokkurn hátt, því að þeir eru, og eiga að vera, eftirlitsmenn bankastjórnarinnar. En ef gæslustjórarnir hafa jafnframt á hendi önnur störf í þarfir bankans, þá er markmiðinu breytt. Í stað þess, að vera eftirlitsmenn bankastjórnarinnar, eru þeir orðnir háðir vinnuþegar hennar.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) gat þess, að annar gæslustjórinn ynni allan daginn í bankanum, og væri þannig í raun inni 3. bankastjórinn. Mjer skilst, að þetta sje játning frá hans hendi um það, að nauðsynlegt sje að hafa þrjá bankastjóra. Jeg get ekki skilið það öðruvísi.

Þá sagði háttv. þm. (B. K.), að ef bæta ætti við einum bankastjóra, þá væri rjettast að gæslustjórarnir væru kyrrir. Það held jeg að sje óþarfur »apparatus«, að 5 menn stjórni ekki stærri stofnun en Landsbankinn er enn.

Háttv. þm. (B. K.) lýsti því næst skipulaginu á stjórn bankans. Við þá lýsingu hefi jeg ekkert athuga; hún var vitanlega í aðalatriðum rjett. En það hygg jeg, að flestum hjer inni muni hafa verið þetta mál kunnugt.

Hann (B. K.) gat þess, að fyrst og fremst þyrfti bankastjórnin að hafa verslunarþekkingu og þekkingu á atvinnuvegum landsins. Það er auðvitað nauðsynlegt. Og jeg efast ekki um, að þessi þekking á fulltrúa í bankastjórninni nú. Jeg gjöri ráð fyrir, að 1. þm. G.-K. (B. K.) sje kunnugur atvinnumálum Íslands, bæði til sjávar og lands, og hinn bankastjórinn er þaulæfður, gamall verslunarmaður, og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir líka við verslun fengist. En það þarf fleira en þetta, til þess að stjórna einum banka, svo að vel sje. Það þarf bæði *viðsýni* og fjármálaþekkingu yfirleitt, auk lögfræðisþekkingar, sem einnig er nauðsynleg, því að daglega koma fyrir í bankanum efni, sem krefjast lögfræðislegrar úrlausnar. Hitt má háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) best vita,

hvort hann hefir sjálfur þá lagaþekkingu, sem til þess þarf.

Jeg hefi raunar oft tekið það fram áður, en jeg vil þó endurtaka það, áður en jeg sest niður, að það er alt annað, að hafa lögfræðing í bankastjórninni, með fullkominni ábyrgð á úrskurðum sínum, heldur en að leita til einhvers lögfræðings út í bæ, þó að góður geti hann verið, og fá hjá honum meira eða minna tvíræð svör, eins og vitanlegt er, að oft hlýtur að verða.

Annars held jeg, að ekki sje þörf, að hafa langar umræður um þetta mál, þar sem forlög frumv. eru alveg ákveðin. Að minsta kosti sje jeg ekki ástæðu til að segja fleira að þessu sinni.

Björn Kristjánsson: Jeg vildi að eins bæta nokkrum orðum við ræðu hæstv. ráðherra, og þá aðallega út af því, sem hann sagði, að bankinn ætti að vera nokkurs konar milliliður milli landsjóðs og útlanda. Með öðrum orðum, að bankinn ætti að vera þannig úr garði gjörður, að landsjóður gæti stutt sig við hann í fjárhagslegu tilliti. Jeg er alveg á sama máli um það, að þetta væri mjög æskilegt. En svo stendur á, að 20 árin næstu er þetta ekki hægt, nema bankanum verði veittur seðlaútgáfurjettur. Að öðrum kosti getur hann ekki uppfylt lánsþarfir landssjóðs. Enginn mundi verða þakklátari hæstv. ráðherra en jeg, ef hann vildi stuðla að því, að koma Landsbankanum í það horf, að hann gæti lánað landinu, í stað þess, að landið þurfi að lána honum. En það, að landið þarf að leggja bankanum, liggur í því, að hann var stofnaður svo að segja með engu. Þegar kaupfjelög eru stofnuð án veltufjár, verða þau að láta aðra leggja til fje, til þess að reka með verslunina. Eins er um bankann. Hann verður að fá fje einhversstaðar frá, ef hann á að komast í það horf, sem honum er ætlað að komast í.

Hæstv. ráðherra talaði um, að nauðsynlegt væri, að fjármálamaður væri fenginn til þess að útvega markað erlendis fyrir íslensk bankavaxtabrjef. Síst mundi jeg hafa á móti því, ef það kæmi að einhverjum notum. Jeg veit ekki betur en að tilraun hafi verið gjörð í þá átt, og það jafnvel löngu áður en jeg kom að bankauum. En árangurinn varð lítill. Enda er ekki við öðru að búast. Í Danmörku er aðalmarkaðurinn. En svo stendur á, að Danmörk er sjálf í vandræðum með sín eigin bankavaxtabrjef. Og af því að við erum háðir þessu litla landi, getum við ekki sótt til annarra landa. Við getum ekki búist við öðru svari en þessu: »Farið til ykkar sambandslands«. Því að aðrar þjóðir líta jafnvel svo á, að þær styggi Dani með því að veita okkur lán. Þannig er ástandið. Og meðan svo er, er ekki hægt að búast við miklum árangri, þó að maður væri fenginn til þess að auka lánstraust okkar erlendis.

Hæstv. ráðherra talaði um, að dagskrá meiri hlutans væri óþingleg. Jeg fæ ekki sjeð, að hún sje það, þó að þingið skori á stjórnina að ýta á bankastjórnina að gjöra þær ráðstafanir, sem þar er talað um. Þetta er ekki annað en það, sem oft skeður. Jeg álít alveg lýtalaust fyrir deildina, að samþykkja þessa dagskrá.

Dagskrá minni hlutans er svo víðtæk, að hún mundi hafa þrefaldan kostnað í för með sjer á við hina, ef hún væri samþ. Og er það því tilfinnanlegra, sem lítil von er um árangur. Menn verða að gæta að því, að næstu árin er ekki viðlit að selja verðbrjef í öðrum löndum, hvorki í Danmörku nje annarsstaðar. Eftir styrjöldina munu flest lönd eiga nóg með sig.

Jeg skal ekki deila um það við hæstv. ráðherra, hvort heppilegra sje, að bókari og gjaldkeri bankans sjeu skipaðir af landsstjórninni eða ekki. Jeg hefi mína meiningu um það og hann sína. Jeg benti á annmarkana við það fyrirkomulag í fyrri ræðu minni. Og því vil jeg bæta við, að enginn í þessum sal þekkir betur hvað við á í því efni en bankastjórnin. Hún ein hefir reynsluna til að byggja á. Það var vitanlega rjett hjá hæstv. ráðherra, að bankastjórnin getur kært þessa starfsmenn, ef þeir óhlýðnast henni. En áranginn af þeirri kæru er mikið kominn undir því, hvernig stjórnin tekur í málið, hvort hún vill heldur vikja bankastjórninni frá eða þeim seka.

Jeg get ekki heldur fallist á skoðanir hæstv. ráðherra um gæslustjórana. Að vísu eru þeir meðstjórnendur, en jeg skoða þá jafnframt aðallega sem vinnumenn bankans, og þeir eru því nýtari, sem þeir vinna meira. Og vitanlega kemur ekki annað til mála, eins og jeg hefi áður sýnt fram á, jafnvel þó bankastjórarnir verði þrír, en gæslustjórarnir, kosnir af Alþingi, haldi áfram að starfa í bankanum.

Hæstv. ráðherra sagði, að það eitt væri ekki nóg, að verslunarfróður maður væri í bankanum, þótt hann kannaðist við, að það væri nauðsynlegt, en hann þyrfti jafnframt að hafa víðsýni í í verslunarmálum. Þetta er auðvitað rjett, en jeg þekki ekki einn einasta lögfræðing hjer á landi, sem hafi víðtækan verslunarfróðleik. Og jafnvel þótt lögfræðingur sæti ekki í stjórn, þá hefi jeg marg sýnt fram á það, að bankinn getur fengið eins ábyggilega lögfræðislega aðstoð og lögfræðingurinn sæti í stjórninni, ef að eins væri leitað til góðra manna, og þá er auðvelt að fá hjer í Reykjavík.

Jeg skal ekki fjölyrða þetta meir; frumv. gengur hvort sem er ekki fram. Þetta, sem jeg hefi sagt, er að eins að skoða sem leiðbeiningu fyrir eftirtímann.

Framsm, minni hl. (Jón Magnússon): Hæstv. ráðherra hefir tekið ýmislegt af því fram, sem þurfti að svara, t. d. orðum 1. þingm. G.-K. (B. K.) um það, að pólitísk afskifti stjórnarinnar af bankanum gætu verið hættuleg. Því er nú svo varið, að ekki verður hjá því komist, þar sem þingræði er, að þar er stjórnin meira og minna háð meiri hluta þings, og það getur komið fyrir, að pólitík ráði nokkru stundum um afskifti stjórnarinnar af embættum og embættismönnum. Þessu verða bankastjórarnir að sæta, sem allir aðrir embættis- og sýslunarmenn landsins. Vissulega hefir þetta fyrirkomulag sömu kosti og galla gagnvart bankanum og öðrum stofnunum. Það er því ekki annað en hjegilja, að vera að tala um þennan háska, sem nokkuð sjerstakt fyrir bankann. En þangað til sönnur eru á það færðar, verð jeg að mótmæla því, að þetta fyrirkomulag sje sjerstaklega óheppilegt fyrir bankana.

Jeg er samdóma hæstv. ráðherra um það, að það sje rangt hjá háttv. þingm. G.-K. (B. K.), að gæslustjórarnir eigi að sitja í framkvæmdarstjórn bankans. Samkvæmt reglugjörðinni eru þeir til aðstoðar og eftirlits. Stjórninni er skift í framkvæmdarstjórn og eftirlitsstjórn, og er auðsætt að gæslustjórarnir eiga heima í eftirlitsstjórninni. Þess vegna var það líka rjett hjá háttv. þingm. (B. K.), þegar hann líkti gæslustjórunum við bankaráð.

Háttv. þingm. (B. K.) taldi það rangt í nefndaráliti minni hlutans, að starfsfje bankans hefði verið aukið 1913, því að hann hefði fengið starfsfjeð áður. Þetta er stakasti misskilningur hjá hv. þingm. (B. K.). Ef jeg á t. d. skuld,

10 þús. krónur, sem afborgast eiga árlega með jöfnum afborgunum á 10 árum, en mjer eru í 10 ár gefnar 1000 kr. árlega, eykst þá ekki fje mitt um 10000 kr. á 10 árum?

Þá talaði háttv. þingm. (B. K.) um það, hversu óheppilegt það væri, að bankastjórnin rjeði ekki skipun fjehirðis og bókara bankans. Jeg fyrir mitt leyti fæ nú ekki sjeð, hvers vegna samvinnan ætti að ganga verr, þótt þessir starfsmenn væru allir skipaðir af sama valdi, og það ætti háttv. þm. (B. K.) að vita, að um ýmsar aðrar stofnanir landsins gildir þessi regla, svo sem um póstmenn og símamenn. Jeg fæ ekki sjeð, að sjerstakar ástæður sjeu til þess, að víkja frá þeirri reglu, að því er þessa einu stofnun snertir. Það er þá einhverri sjerstakri óhepni að kenna, ef ólag er á þessu í bankanum.

Hv. 1. þm. Húnv. (G. H.) talaði um það, að nauðsynlegt væri, að taka Íslandsbanka líka til athugunar í þessu efni, og sje jeg ekkert á móti því. Annars sje jeg ekki ástæðu til mikilla málalenginga að sinni; væntanlega koma peningamál landsins til umræðu síðar á þessu þingi, og gefst þá tækifæri til þess, að taka þessar umræður upp af nýju. Jeg vænti þess, að hin rökstudda dagskrá minni hlutans verði samþykt, vegna þess, að hún er víðtækari en hin og gæti komið að meiru gagni, ef hún yrði tekin til greina.

Ráðherra: Það er að eins örstutt athugasemd út af ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.). *(Björn Kristjánsson:* Jeg er dauður). Jeg skal ekki halda óvinsamlega líkræðu. Viðvíkjandi dagskrá þeirri, er meiri hluti nefndarinnar ber fram, þá skal jeg geta þess, að jeg tel hvorki heppilegt nje hyggilegt, að samþykkja hana. Hún gefur stjórninni ekkert vald í málinu, en ætlast að eins til að hún stuðli að því, að bankastjórnin gjöri það, sem dagskráin fer fram á. Ef bankastjórnin er á öðru máli en landsstjórnin, þá getur hún ekkert gjört. *(Björn Kristjánsson:* Við erum hlýðin börn). Já, en sje bankastjórnin á gagnstæðri skoðun, þá getur það orðið til mikillar tafar, jafnvel þótt hún hafi hinn besta vilja.

Háttv. þingmaður (B. K.) vildi fæla menn frá því, að samþykkja dagskrá minni hl., með því að framkvæmd þess, er hún fer fram á, hefði kostnað í för með sjer. En þar er alveg sama máli að gegna með dagskrá meiri hlutans; og jafnvel þótt salan á brjefunum verði eigi framkvæmd þegar í stað, þá geta tímarnir alt af breytst, og getur verið rjett, að leita fyrir sjer dálítið áður.

Jeg vil taka það fram, að almenningur, bæði kaupsýslumenn og framleiðendur, kvarta sífelt yfir því, að fje vanti og ekkert sje gjört af hálfu stjórnarinnar nje bankastjórnarinnar, til þess að bæta úr því. Maður þarf ekki annað en fara út á götu, þá kveða þessar raddir stöðugt við. *(Björn Kristjánsson:* Menn kvarta alt af um slíkt). Það er auðvitað, að ekkert verður gjört svo öllum líki, en því er nú óneitanlega svo farið, að hjer þarf að bæta úr.

Viðvíkjandi orðum háttv. þingmanns (B. K.) um skipun bókara og gjaldkera í Íslandsbanka, þá er það ekki rjett, að þessir starfsmenn sjeu skipaðir af bankastjórninni. Það er bankaráðið, sem skipar þá. Í öðrum löndum er því líka svo farið, að þar sem þjóðbankar eru, skipar stjórnin þessa starfsmenn, en í »privat«-bönkum gjörir bankaráðið það. *(Björn Kristjánsson:* Bankastjórn ber þá ekki ábyrgð á mönnunum). Jú, vitanlega ber hún ábyrgð á því, að þeir ræki sín verk. Óhlýðnist þeir löglegum skipunum bankastjórnarinnar, þá ber hún sig auðvitað upp undan því, og

er landsstjórninni eða yfirstjórn bankans þá auðvitað skylt að bæta úr því.

Jeg hygg, að háttv. þm. (B. K.) hafi ekki skilið mig rjett, þar sem hann var að tala um lögfræðislega aðstoð til bankastjórnarinnar. Við skulum hugsa okkur þau tvö tilfelli, að lögfróður maður sje í stjórn, og hitt, að öll stjórnin sje ólögfróð. Komi nú eitthvert lögfræðislegt atriði til álita, þá leitar stjórnin auðvitað ráða hins lögfróða bankastjóra. Hann segir, að atriðið sje vafasamt, en hann myndi leysa úr því á þenna og þenna hátt. Bankastjórnin fylgir auðvitað tillögu hans og skrifar undir ráðstöfunina eins og hann vill hafa hana. Sje aftur móti enginn lögfróður maður í stjórn bankans, þá leitar stjórnin til einhvers lögfræðings út í bæ. Hann kveður atriðið vafasamt, nefnir 2—3 lausnir, sem allar má verja. Mjer þykir sennilegt, að hann mundi oft svara eitthvað á þessa lund. Jeg þekki slíkt af eigin reynslu, því að slíkt kemur svo þráfaldlega fyrir, að ekki er hægt að gefa alveg ótvíræða úrlausn. Bankastjórnin verður því í þessu tilfelli, að ráða málinu til lykta upp á eigin spítur.

Háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) hefir svarað orðum háttv. þm. (B. K.) um hin politísku afskifti stjórnarinnar af bankanum. En jeg er samdóma háttv. þm. (B. K.), að pólitík í sambandi við bankann er óheppileg. Það færi best á því, að allir þjónar hans stæðu algjörlega fyrir utan alla flokkapólitík. Þar sem það hefir orðið að ráði, að útiloka landsyfirdómendur frá því, að taka þátt í þingsetu, þætti mjer best fara á því, að hið sama væri látið gilda um bankastjóra. Undir yfirdómendur bera ekki nema 50—60 dómsmál á ári, en samt sem áður hafa þeir verið sviftir kjörgengi, af ótta við það, að þeir kynnu að líta öðru vísi á málin af pólitískum ástæðum. Aftur á móti bera undir bankastjórana mörg hundruð mál árlega, þar sem það gæti komið til greina, að þeir litu, óafvitandi, dökkum eða ljósum augum á málinu, eftir því hverrar skoðunar viðkomandi maður væri. Í báðum þessum stöðum er það jafnskaðlegt, að menn sjeu riðnir við flokkspólitík. Mjer dettur ekki í hug að segja, að mennirnir dæmdu rangt vísvitandi; það getur komið fyrir, án þess að þeir hafi hugmynd um það sjálfir. Löggjafarvaldið hefir að minni hyggju ekki verið »konsequent« í þessu efni. Það hefði líka átt að svifta bankastjóra þjóðbanka vors kjörgengi.

Frsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Hv. frsm. minni hl. (J. M.) þótti það ákvæði dagskrár meiri hlutans, að bankastjórnin skyldi sjá um útvegun þess manns, er hún talar um, bæði óþinglegt og óheppilegt. Jeg get ekki fallist á þessa skoðun háttv. þm. (J. M.). Jeg fæ ekki annað sjeð en stjórnin geti kosið bankastjórnina til þess að framkvæma þessa ráðstöfun. Þverskallist hún við því, þá getur landsstjórnin vikið henni frá. En ástæðan til þess, að uppástunga okkar fór í þessa átt, var sú, að við álitum þetta myndi verða affarasælla. Jafnvel þótt landsstjórnin væri vel kunnug, þá mundi bankastjórnin þó eiga hægra með að hitta á rjetta manninn.

Enn fremur skal jeg leyfa mjer að benda á, að það er sá munur á dagskránum, að dagskrá minni hlutans gjörir ekki ráð fyrir þesum manni fyrir næsta þing, en dagskrá okkar bindur atriðið að eins við lok ófriðarins. Fari nú svo, að hann endi bráðlega, þá eru líkur til þess, að málið geti orðið fyrr útkljáð á þenna hátt. Standi hann aftur á móti lengur yfir, þá er ekki

gjörlegt að ráðast í þetta, fyrr en hann er úti.

Jeg finn svo ekki ástæðu til þess að fara frekar út í málið, þar sem umræður eru orðnar talsvert langar.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin frá meiri hluta nefndinnar [borin fram af Jóni Jónsyni, 2. þm. N.-Múl., sjá A. 313] feld með 14: 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Arnórsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Hannesson,
Guðm. Eggerz,	Hannes Hafstein,
Hjörtur Snorrason,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Jónsson,	Jón Magnússon,
Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Skúli Thoroddsen,	Matth. Ólafsson,
Þorleifur Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Þór. Benediksson.	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson.

Rökstudd dagskrá minni hl. [borin fram af Jóni Magnússyni, 2. þm. Rvk, sjá A. 314] samþ. með 22 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk nokkurra þingm., og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Bened. Sveinsson,
Bjarni Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Einar Arnórsson,	Skúli Thoroddsen.
Einar Jónsson,	
Hannes Hafstein,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matthías Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stef. Stefánsson,	
Sveinn Björnsson.	

Björn Hallsson, Björn Kristjánsson, Guðm. Eggerz, Guðm. Hannesson, Jón Jónsson, Sig. Eggerz, Þorleifur Jónsson, og Þór Benediktsson geiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Frumv. þar með

vísað til stjórnarinnar.

Að lokinni atkvgr. mælti

Forseti: Í sambandi við þessa atkvæðagreiðslu, skal jeg leyfa mjer að vekja athygli háttv. þingmanna á 42. gr. þingskapanna, um skyldu þingm. að greiða atkvæði, sjerstaklega við nafnakall. Að vísu geta þingmenn hliðrað sjer hjá atkvæðagreiðslu með því, að leiða rök að því. En ef slík rök koma ekki fram, eða eru eigi tekin gild, er úrræðið, að telja þingmennina með meiri hlutanum. Nú getur staðið svo á, að atkvæði sjeu jöfn, og því enginn meiri hluti, eða að hvorki með nje móti sje meira en helmingur af atkvæðum þeirra þm., sem á fundi eru, og þá eru úrslit málsins að miklu leyti komin undir tilviljun, sem auðsjáanlega er gagnstætt anda þingskapanna. Þetta vil jeg biðja háttv. þingmenn að hugleiða.

---

2. Fjölgun ráðherra.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 8. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. (A. bls. 159—161).

Á 4. fundi í Nd., mánudaginn 12. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Ráðherra: Það, sem frumv. þetta fer fram á, er ekkert nýmæli, því að 4—5 árin síðustu hefir mikið verið skrifað um það í blöðin og talað og samþykt um það á Alþingi, hversu óheppilegt það væri, að hafa einungis einn ráðherra hjer á landi. Auðvitað gat þessu ekki orðið breytt fyrr en stjórnarskrárbreytingin hafði náð fram að ganga. Jafnframt því, að stjórnarskráin var staðfest, hlutu lög um afnám ráðherraeftirlauna staðfestingu. Sú mótbára á móti fjölgun ráðherra, að hún mundi hafa eftirlaunabyrði í för með sjer, er því fallin úr sögunni.

Í athugasemdunum við frumv. er gjörð grein fyrir því, hvers vegna stjórnin telur þessa breytingu nauðsynlega. Sje jeg ekki þörf á að rekja þær ástæður nánar við þessa umræðu.

Eitt atriði get jeg búist við, að ýmsir felli sig ekki við, og það jafnvel þeir, sem annars eru hlyntir þessari breytingu. En það er, að stungið er upp á tveimur ráðherrum. Oftast hefir verið talið hagkvæmast, að þeir væru þrír. Jeg fyrir mitt leyti gjöri þetta ekki að neinu ágreiningsatriði.

Um það er jeg viss, að það mun marg borga sig fyrir landið, að fleiri en einn maður hafi stjórnina á hendi og beri ábyrgð á henni. Það má vel vera, að þetta mál mæti mótspyrnu af líkum ástæðum og 2. málið á dagskr. (Landsbankastjórn). Jeg get ekki sett það fyrir mig, en verð að halda því fram, sem jeg tel sjálfur rjettast og heppilegast.

Jón Magnússon: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að fimm manna nefnd verði kosin í þetta mál, að 1. umr. lokinni.

Guðmundur Hannesson: Mjer líst, að það muni vera óheilladagur í dag, því að flest frumv. á dagskránni eru ekki að mínu skapi, og að ýmsu leyti athugaverð. Jeg skal þó ekki tefja umræðurnar lengi, en að eins gjöra fáar almennar athugasemdir við frumv. það, sem hjer liggur fyrir.

Margir munu sammála stjórninni um það, að skipulagið á æðstu stjórn landsins sje ekki allskostar heppilegt, og að svo miklu leyti er nokkur ástæða til, að reyna til að bæta úr því. Hitt er annað mál, hvort frumv. þetta ræður verulega bót á göllunum.

Hvað er þá það, sem einkum er athuguvert í stjórnarfari voru? Í mínum augum er það einkum tvent: *Festuleysi stjórnarinnar*, tíðu stjórnarskiftin með öllu því trufli, er þau valda, og hins vegar að öll stjórn landsins er einhliða *flokksstjórn*. Þetta tvent virðist mjer mestu skifta, þó að ilt sje líka, að störf ráðherra eru svo margbrotin, og flest þess eðlis, að engir aðrir en lögfróðir menn eiga auðvelt með að taka þau að sjer. Þá vil jeg ekki bera á móti því, að hjer er einum manni trúað fyrir miklu, og mikil ábyrgð á hann lögð, en þess ber að gæta, að honum er venjulega kunnugt um afstöðu stjórnarflokksins, og að hann hefir ýmsa góða menn til að ráðgast við, skrifstofustjóra sína o. fl.

En bætir þá frumv. þetta úr helstu vandkvæðunum? Ekki verður stjórnin fastari í sessi, því að eftir sem áður stendur hún eða fellur með flokknum. Ekki er á neinn hátt bætt úr misfellum þeim og viðsjám, sem leiða af því, að stjórnin er algjör flokksstjórn. Helstu gallarnir á stjórnarfarinu eru að engu bættir.

Þá skal jeg að eins drepa lauslega á nokkur atriði í athugasemdunum við stjórnarfrumv. Þar er þess getið, að enginn einn maður sje fær um að kynna sjer öll þau mál, er snerta stjórn lands-

ins, og inna þau verk af hendi, sem af stjórninni eru heimtuð. Þetta er aldrei nema satt. En engir tveir menn eru færir um þetta heldur. Þekkinguna mun ávalt bresta, meðan stjórnin er ekki fastari í sessi en nú er. Annars bjóst jeg ekki við því, að háttv. núverandi ráðherra, sem allir telja sjerstakan dugnaðarmann, yrði fyrstur til að kvarta undan erfiðinu við stjórnarstörfin, og að hann treysti sjer ekki til að leysa þau af hendi. Hannes Hafstein hefir borið þessa byrði í mörg ár, komist vel út af því öllu og ekki kvartað. Það gjörði síðasti ráðherra ekki heldur.

Þá er minst á það í athugasemdunum, að þessi breyting leiði til þess, að stjórnin eigi hægara með að undirbúa mál undir Alþingi en áður. Það má vel vera. Reyndar skilst mjer, að stjórnarfrumv. sjeu í þetta skifti fleiri en nauðsynlegt er.

Seinast er getið um það, að útgjaldaauki verði þetta ekki. Það er bygt á því, að eftirlaun ráðherra falla nú úr sögunni. Jeg sje ekki, að oss sje endilega skylt að eta upp þann hagnað, sem það hefir í för með sjer, með því, að fjölga ráðherrum. En kostnaðurinn út af fyrir sig skiftir ekki mestu máli. Hitt er aðalatriðið, að breytingin er ekki til neinna bóta, nema síður sje. Nú situr þó einn maður í stjórnarráðinu, sem er vel kunnugur og hefir yfirlit yfir öll stjórnarstörfin. Það er landritarinn. Þegar hann er farinn, þá hefir enginn það yfirlit.

Hæstv. ráðherra ljet svo sem þetta mál mundi hafa mikið fylgi. Jeg hefi orðið var við annað. Mjer er kunnugt, að Alþingi er því lítt fylgjandi, og jeg hygg, að fjölgun ráðherra mælist illa fyrir úti um land. Að minsta kosti var kjósendum í mínu kjördæmi lítið um þetta gefið.

Bjarni Jónsson: Jeg skal ekki hafa langan pistilinn. Jeg vil að eins taka tvent fram. Í fyrsta lagi er það að eins hlægilegt, að hafa ráðherrana ekki nema tvo, úr því að breytt er til á annað borð. Jeg sje ekki, að tveir ráðherrar sjeu á nokkurn hátt betri en einn, og sjerstaklega þar sem gjört er ráð fyrir, að annar sje forsætisráðherra. Hinn ráðherrann verður ekki annað en »inutile pondus terrae« aftan við hann. Það er engin trygging fyrir því, að hann verði ekki beittur gjörræði, af þeim, sem meira má. Ef ráðherrunum verður fjölgað, eiga þeir að sjálfsögðu að verða þrír. Það verður að geta staðið í odda með þeim, til þess að þeir hafi eitthvað að þýða.

Þá er hitt atriðið. Eins og menn vita, hefir ný stjórnarskrá verið staðfest. Því fara í hönd nýjar kosningar. Þetta mál á því að sjálfsögðu að koma fyrir kjósendur, úr því að dyrnar eru opnar til þess. Það er engin ástæða til að hraða því svo, að þeim gefist ekki kostur á að láta í ljós skoðun sína á því. Og því síður er ástæða til að hraða þessu máli, þar sem öll líkindi eru til, að núverandi hæstv. ráðherra (E. A.) hafi völd fram yfir næstu kosningar, eftir því liði að dæma, sem hann hefir á að skipa; en hann er, eins og kunnugt er, einhver mesti verkmaður, sem við þekkjum, og að því skapi ósjerhlífinn. Jeg ætla, að það sje fullkomlega rjett, sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) sagði um það atriði.

Jeg hygg, að best væri, ef hæstv. ráðherra vildi taka þetta frumv. aftur, og leggja það fyrir næsta þing eftir nýafstaðnar kosningar.

Jeg sje, að einn úr hans fjölmenna flokki, háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), hefir sömu skoðun á þessu máli og jeg. Mjer er það mikil ánægja, einkum þar sem

jeg get búist við, að hann fari nú að snúast á áttinni, og að þeirri hörðu átt linni, sem nú hefir gustað úr um hríð.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 19 shlj. atkv.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Sigurður Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Hannes Hafstein,
Stefán Stefánsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 3. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. bls. 159—161; þgskj. n. 679, 723).

Brtt. 723 var ofseint fram komin, en leyfð af ráðherra með samþykki deildarinnar.

Frsm. (Hannes Hafstein): Eins og kunnugt er orðið af nefndarálitinu á þgskj. 679, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að þótt æskilegt sje, að ráðherrum verði fjölgað í náinni framtíð, þá telur hún þó heppilegt, að fjölgunin komi ekki til framkvæmdar á þessu þingi, heldur verði frestað að ákveða nokkuð um það, þangað til kosningar hafi farið fram. Jeg þarf ekki að endurtaka nú ástæður nefndarinnar fyrir þessari niðurstöðu. Í því efni get jeg skírskotað til nefndarálitsins.

Að eins skal jeg geta þess, að nefndin leit svo á, að á þessum tímum hlyti vandamesta starf stjórnarinnar að lúta að dýrtíðar- og stríðshætturáðstöfunum, og aukning á störfum hennar stæði nú í bráðina aðallega í sambandi við það, en önnur þjóðþrifastörf, er nýja starfskrafta útheimtir af landsstjórnar hálfu, yrðu að bíða betra tíma. En nú hefir þingið sjeð stjórninni fyrir hjálp í því efni, með því að skipa hina svo kölluðu »Velferðarnefnd« við hlið stjórnarinnar, henni til aðstoðar til næsta þings, áþekt því eins og fleiri ráðherrar sætu á rökstólum saman. Nauðsynin á fjölgun ráðherra er því ekki jafn mikil eins og ella mundi verið hafa.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en einungis geta þess, að jeg get ekki greitt brtt. á þgskj. 723 atkv., því jeg lít svo á, að í henni felist mótmæli gegn því, að ráðherrum verði fjölgað, en slíkt var alls ekki tilgangur nefndarinnar; meiri hluti hennar hefir orðið ásáttur um tillögu til rökstuddrar dagskrár, og leyfi jeg mjer að leggja það til, að hin háttv. þingdeild samþykki hana. Dagskráin er svo hljóðandi:

> *Í því trausti, að stjórn og kjósendur athugi nánar til næsta þings, hvort ekki sje rjett að ráðherrar verði 3, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.*

Guðmundur Hannesson: Jeg ætla ekki að segja annað en það, að jeg get ekki greitt þessari dagskrá atkvæði. Jeg lít svo á, að þingið geti gjört margt heppilegra nú á tímum en að hugsa um hvort ráðherrar skuli verða 3 framvegis, eða ekki.

Jeg veit ekki hvort kjósendur hafa athugað málið alment; en jeg veit, að mörgum er það ógeðfelt.

Sigurður Eggerz: Jeg á brtt. á þgskj. 723. Jeg leit svo á, að ef deildin vildi samþykkja eitthvað í þessu máli, þá væri rjettara að hafa það þannig, að deildin væri samt sem áður »neutral« í málinu, þ. e. a. s., að hún

ljeti ekki að nokkru uppi álit sitt um það, hvort rjett væri að fjölga ráðherrum eða ekki.

Ráðherrann: Það er vitanlega algjörður óþarfi að eyða mörgum orðum að þessu máli, því að jeg býst við því, að dagskráin verði samþykt. Jeg skal þó lýsa yfir því, að stjórnin getur verið ánægð með undirtektir nefndarinnar í þessu máli, því að hún er sammála stjórninni í því, að rjett sje að fjölga ráðherrum, þó það verði ekki gjört nú á þessu ári. Sömuleiðis skal jeg taka það fram, að jeg gjöri það ekki að neinu kappsmáli, hvort ráðherrar verði 2 eða 3. En þótt stjórnin geti, eins og jeg hefi sagt, verið ánægð með gjörðir nefndarinnar, þá get jeg þó ekki annað sagt en að mjer kom þetta mjög á óvart, að málið skyldi fá þessar undirtektir, ekki síst vegna þess, að Alþingi það, sem nú situr, hefir fyrir skömmu afgreitt stjórnarskrá, þar sem beint er tekið fram, að ráðherrar skuli vera 3.

Úr því að Alþingi vill fresta þessu máli, jafnframt og það viðurkennir, að störf ráðherra sjeu svo sundurleit og margbrotin, að ekki megi búast við, að hann geti fullnægt öllum þeim áskorunum, sem til hans er beint, hvort heldur það eru rökstuddar dagskrár, þingsályktunartillögur eða annað, þá get jeg fyrir mitt leyti látið mjer þau málalok vel lynda. Þess mun langt að bíða, að við eignumst svo algjöran mann, að hann geti kynt sjer alla skapaða hluti milli himins og jarðar, sem þingið segir honum að gjöra. Jeg býst við að það væri sama, hvaða maður sæti í ráðherrasætinu, að þinginu mundi ekki finnast hann fullnægja kröfum þeim, sem til hans eru gjörðar.

ATKVGR.:

Brtt. á þgskj. 723 feld með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Arnósson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Guðm. Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Hannesson,	Jón Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Jón Magnússon,
Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Stefán Stefánsson,	Matth. Ólafsson,
Þorleifur Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Þór. Benediktsson.	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson.

Einar Jónsson og Sigurður Sigurðsson greiddu ekki atkv., og töldusti til meiri hlutans.

Benedikt Sveinsson var fjarverandi.

Rökstudda dagskráin frá nefndinni (A. 679, sbr. 730) samþ. með 13 shlj. atkv., og frumv. þar með

fallið.

II.

Þingmannafrumvörp.

1. Verðtollur.

Á 6. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um verðtoll (A. 32).

Á 8. fundi í Nd., föstudaginn 16. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Jeg ætla, að jeg hafi getið þess áður, að jeg mundi flytja þetta frumvarp nú á þinginu. Jeg ætla mjer ekki að hefja neinar umræður um það nú. Tillaga mín er sú, að frumv. verði vísað til nefndar þeirrar, sem um tollmálin á að fjalla.

Ráðherra: Jeg býst ekki heldur við því, að jeg muni þreyta háttv. þingdeild með löngu máli í þetta sinn. Annars skal jeg játa það, að jeg bjóst við því, að háttv. flutnm. (B. J.) mundi mæla mörg og fögur orð með frumvarpi sínu, fyrst hann er því hlyntur, að tollur sje miðaður við verð, en ekki þunga.

Jeg skal ekkert fara út í það, hvor stefnan muni heppilegri. En benda vil jeg á það, að svo er að sjá sem þetta frumv. sje mjög laklega undirbúið. Mun háttv. flutnm. (B. J.) líklega hafa tekið upp óbreytt frumv. það um verðtoll, sem lá fyrir þinginu 1912; en með því að hin almennu tolllög hafa breytst síðan, þá hefði háttv. flutnm. átt að taka það til greina; svo er það og óviðkunnanlegt, að sjá vitnað til lagaheimilda, sem eigi eru til. Því má auðvitað svara, að þess konar agnúa megi laga í nefnd.

Jeg skal ekki fara út í einstök atriði, en benda vil jeg á það, að ekki mun frv. þetta hafa verið mikið hugsað í sumum atriðum. Skal jeg nefna sem dæmi, að tollurinn af gulli virðist vera settur óhæfilega hátt eftir frumvarpinu. Tökum t. d., að banki flytti inn í landið $^1/_2$ miljón króna í gulli. Eftir frumv. ætti hann að greiða í toll 15 þús. kr. Þetta er að eins einstakt dæmi, og má búast við, að það verði athugað ásamt öðru, sem finna má að frumvarpinu.

Annað mál er það, að vera má, að heppilegra sje að ýmsu leyti, að leggja toll á verð en þunga. Þó telja skattfræðingar miklu örðugra eftirlit með verðtolli. Það er satt, að í sumum löndum er hafður, eða hefir verið til skamms tíma, verðtollur, en mjög hafa sumir látið illa yfir þeim tolli, vegna eftirlitsins.

En svo jeg snúi aftur að stefnu þeirri, sem frumvarpið hvílir á, þá skilst mjer svo, að ef miðað er við verðmæti, þá hækki tollurinn eftir því, sem varan hækkar í verði. Tökum t. d. dýrtíð, eins og nú; nú eru kolin 100% dýrari en í fyrra. Eftir frumv. skilst mjer, að tollurinn hækki að sama skapi. Þetta atriði er vert að athuga.

Það leynir sjer ekki, að frumv. er mjög lítið undirbúið, og er ilt að flytja á þingið frumv. svo óvandlega gjört. Þingið getur ekki á svo stuttum starfstíma, sem það hefir, afgreitt jafnmikilsvert mál. Þess vegna held jeg, að þótt mörgum sje ekki vel við vörutoll, þá sje betra að bíða við í bráðina, heldur en að hleypa í gegn svo algjörlega óundirbúnu frumvarpi.

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Það er rjett hjá hæstv. ráðherra, að frumv. er ekki undirbúið af mjer. Jeg tók það

upp, eins og það lá fyrir til 3. umr. á þinginu 1912. Höfðu þá margir lögfróðir menn um það fjallað, svo jeg taldi ekki hætt við því, að nefnd gæti ekki tekið það til meðferðar, og hirti jeg því ekki um að laga á því þá galla, sem á væru frá mínu sjónarmiði. Hafði jeg hugsað mjer, að geyma allar umræður um frumvarpið þangað til nefnd hefði fjallað um það, og mjer og öðrum, þar meðal hæstv. ráðherra, gefist kostur á, að gjöra tillögur til breytinga.

Það atriði, sem hæstv. ráðherra tók fram, að tollurinn hækkaði þegar verð vörunnar hækkaði, er að vísu rjett. En óvenjulega verðhækkun er rjett að skoða sem óhapp, og þess er einnig að gæta, að tollurinn lækkar, þegar varan lækkar í verði, og er það að skoða sem happ.

Jeg veit ekki, hvort menn vilja leggja mikið upp úr þessu frumvarpi, en engum mun þó dyljast það, að grundvallarreglan, sem í því felst, að leggja á verð en ekki vog, er miklu rjettlátari og nær skynsemi. Yfirleitt tel jeg alla tolla rangláta, hverju nafni sem nefnast, nema verndartolla, þegar alveg sjerstaklega stendur á.

Magnús Kristjánsson: Jeg býst ekki við, að það verði sagt, að við háttv. þm. Dal. (B. J.) og jeg höfum ætið verið sammála. En nú vill svo til, að skoðanir okkar falla saman að vissu leyti. Jeg hefi frá því fyrsta verið verðtollsmaður, og tel óyggjandi rök fyrir því, að sá tollur sje miklu rjettlátari en vörutollur. Eins og kunnugt er, voru vörutollslögin samþykt út úr neyð, og ekki var þar langur undirbúningstími, svo að eigi síður mætti heimfæra það upp á þau lög, sem hæstv. ráðherra finnur að þessu frumv., að þau væru illa undirbúin, því að þau voru flaustraverk. Og þó er annað verra í efni. Svo hefir litið út, sem einstöku menn hafi skoðað vörutollslögin sem eins konar helgan dóm, sem ekki mætti hagga. Að vísu voru lögin bætt 1913, en á þingi 1914 var þeim aftur breytt til hins lakara. Nú sje jeg ekki, að fært sje að breyta þeim enn af nýju, enda eru flestir sammála um það, að þau eigi að hverfa, og í annan stað fer mjög illa á því, að vera alt af að hringla til með lögin, því það leiðir til þess, að menn eru í vafa um, hvað gildir. Þess vegna eru það orð í tíma töluð, að byggja nú tollana á annari undirstöðu, sem að mínu áliti og margra annarra er miklu eðlilegri og rjettlátari.

Hæstv. ráðherra fann það til foráttu frumvarpinu, að tollurinn hækkaði og lækkaði í hlutfalli við verð vörunnar á hverjum tíma sem er. Mjer finst auðvelt að finna ráð við því. Ekki þarf annað en að hafa ákveðið hundraðsgjald fyrir t. d. hvert fjárhagstímabil, þó svo, að stjórnin geti breytt því lítið eitt, ef nauðsyn krefði, einkum ef varau kæmist í geipiverð, og yfirleitt á að sníða lögin eftir þörfum landsins. Þess er líka vert að gæta, að það er örsjaldan, að verð verði svo breytilegt sem nú.

Jeg verð því að telja frumv. stefna í rjetta átt; hitt er annað mál, að frumv. má laga, og enn fremur, hvort þinginu líst að taka upp þessa stefnu nú þegar.

Dæmi því, er hæstv. ráðherra tók um gullinnflutning, gjöri jeg ekki mikið úr. Úr því að honum hefir hugkvæmst þetta svo snemma, þá er hægur nærri að laga það.

Jeg vona að mönnum skiljist það, að það er stefnan, sem nú er um að ræða, en ekki einstök atriði, því þau má alt af laga.

Ráðherra: Háttv. þm. Dal. (B. J.) vildi halda því fram, að frumv. mundi allvel undirbúið, með því að það hefði legið áður fyrir þinginu. En það er

sannast að segja, að hvort sem hann eða aðrir góðir menn hafa lagt sig mikið eða lítið í bleyti með frumv., þá er það mjög laklega undirbúið, eins og nú horfir við. Jeg vil benda á það, að í 8. gr. er ekkert mark tekið á síðari tollagaviðaukum við lög nr. 54, 11. júlí 1911, t. d. lögum nr. 43, 2. nóv. 1914. Þessa hefði þó háttv. flutnm. (B. J.) átt að gæta, sem sjálfur átti þátt í þeirri lagasetningu. Á hinu er háttv. flutnm. (B. J.) ef til vill ekki gefandi sök, að vísað er til reglugjörðar, sem annaðhvort er ekki til, eða verður afnumin mjög bráðlega.

Jeg nefni þetta að eins sem dæmi upp á undirbúning frumv., en að einstökum atriðum í frumv. má jeg ekki snúa mjer við þessa umræðu.

Mjer virðist það tilgangur þeirra háttv. þingmanna, sem talað hafa, að búin sjeu til lög, sem standi, en ekki lög, sem alt af þurfi að vera að káka við. En ef það hefir verið tilgangur þeirra, þá hefðu þeir átt að sjá um, að frumv. hefði hlotið betri undirbúning. Þetta er þó raunar ekki nýstárlegt, heldur má það heita alltítt hjer á þingi, einkanlega hin síðari ár, að málin eru flutt fram með lökum undirbúningi í trausti til alviturra nefnda og þau síðan afgreidd í graut og ólagi. Þetta vita allir, sem þurft hafa að nota lögin.

Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji á nokkurn hátt andmæla þessari stefnu, verðtollinum, en mjer finst, að allir þeir, sem hlyntir eru þeirri stefnu, hefðu átt að athuga málið vandlega, og jafnvel skora á stjórnina, að undirbúa málið, heldur en að leggja frumv. svona lagað fyrir þingið, sem svo þarf að káka við ár frá ári, ef að lögum yrði. Stöðugur hrærigrautur og kák í samfeldri lagasetningu er allajafna til ills, en einkanlega á þetta við um skatta- og tollalöggjöf, bæði fyrir innheimtumenn og gjaldendur. Og jeg vil benda á annað atriði í sambandi við þetta. Mundi það ekki vera óheppilegt fyrir lánstraust landsins, að sífelt sje verið að breyta tollunum? Munu ekki útlendingar digna við að leggja fje í fyrirtæki hjer, ef þeir eiga það á hættu, að sí og æ sje verið að breyta og bylta tolla- og skattalöggjöf landsins?

Háttv. þm. Ak. (M. K.) virðist vera sammála mjer um það, að ranglátt sje, að tollurinn hækki og lækki í hlutfalli við verð vörunnar. Tökum dæmi. Setjum svo, að kaffipundið kosti nú 1 kr., eftir frumv. yrði þá tollur þar af 3 aur., næsta ár yrði svo pundið 2 kr. og tollur þá 6 a., án þess að kaupandi væri í nokkru færari um að greiða þetta gjald, síður en svo.

Háttv. þm. (M. K.) vildi bæta úr þessum sveiflum vöruverðsins, með því að láta ákveða hámark tollsins um ákveðinn tíma. En hverjum ætlar hann að ákveða þetta? Framkvæmdarvaldinu eða löggjafarvaldinu? Ef framkvæmdarvaldið ætti að ákveða það, þá er ekki víst, að mönnum þætti það rjettlátlega gjört, því að framkvæmdarvaldið hefir innheimtu á tekjum landsins með höndum, og mundi að sjálfsögðu láta sjer annast um það, að sem mest væri fjeð í sjóði landsins; því mundi hætt við, að þá mundi hámarkið sett ofhátt. En ef löggjafarvaldið til tæki gjaldið, þá gæti það ekki sett það fyrir skemmri tíma en 2 ár minst, og þarf ekki langt að rekja til þess, að mjög getur vöruverð breytst á skemmri tíma en 2 árum. Ef gjaldið væri t. d. ákveðið með taxta nú fyrir árin 1916 og 1917, þá er engum hægt að segja um það, hvort það sje sett óhæfilega hátt eða lágt; menn vita aldrei, hvað verða kann.

Ef frumv. þetta yrði að lögum, býst

jeg við, að landssjóði væri sjeð fyrir nægilegum tekjuauka. Jeg þykist vita, að háttv. flutningsm. (B. J.) hafi athugað nákvæmlega, hverjar tekjur landssjóði mundu koma af þessum tolli. Ef vjer lítum á verslunarskýrslurnar síðustu frá 1912, mundi tollupphæðin nema um 450 þús. kr. Auðvitað mundi tollupphæðin fara eftir verði, t. d. í ár mundi hún verða mjög há, en færast niður aftur, ef vöruverð lækkaði.

Að öðru leyti má jeg ekki við þessa umræðu fara nánar út í einstök atriði frumv. Jeg býst við því, þótt ekki sje það tekið fram í frumv., að háttv. flutningsmaður (B. J.) ætlist til, að óbreyttir haldist sjertollar, eins og kaffi- og sykurtollur o. s. frv.

Einar Jónsson: Jeg get verið háttv. flutningsm. (B. J.) samþykkur um eitt atriði, sem sje það, að hver tollalög, sem eru, geti aldrei verið svo útbúin, að öllum geðjist að þeim. En hinu er jeg mjög ósamþykkur, að koma nú fram með þetta frumv. á þeim erfiðu tímum, sem nú standa yfir.

Eins og hæstv. ráðherra hefir tekið fram, þá er verðtollurinn miklu órjettlátari nú á tímum en vörutollurinn. Hann hefir fært rækileg rök fyrir þessu, og jeg er honum fullkomlega samdóma um það.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) talaði um heimildarlög, en jeg hygg, að það yrði síst heppilegra fyrirkomulag, ef stjórnin ætti að hafa leyfi til að hringla með þetta, eftir því sem á stendur í það og það skiftið. Jeg sje ekki betur en að vörutollurinn komi sanngjarnara niður, eins og stendur. Það liggur í augum uppi, að 100 pund af mat hafa jafnmikið notagildi í dýrtíð eins og á góðum verslunarárum, en samkvæmt verðtollsfrumv. yrði tollurinn þó mun hærri í dýrtíðinni. Jeg verð yfir höfuð að álíta, að óbeinir skattar sjeu miklu órjettlátari en beinu skattarnir. Maður þekkir dæmi þess, að efnaður maður kemst af með 3—4 menn í heimili, en fátækur maður eða efnalítill þarf oft og tíðum að fæða 10—15 manns. Þegar þessir menn kaupa inn nauðsynjar sínar, geldur fátæki maðurinn miklu meiri skatt heldur en sá efnaði. Það liggur því í augum uppi, að óbeinu skattarnir koma miklu órjettlátar niður. Fátæki maðurinn þarf að nota alt sitt til að komast af, en sá efnaði leggur til hliðar það, sem hann þarf ekki að nota, og getur því átt stóreignir fyrirliggjandi, t. d. fje í sparisjóðum, sem hann geldur alls engan skatt af. Efni og ástæður hvers eins manns eiga að liggja til grundvallar fyrir því, hve mikið hann á að gjalda til opinberra þarfa.

Jeg skal nú ekki segja meira að sinni, því að jeg býst við, að þetta frumvarp komi til mín og minna meðnefndarmanna, svo að jeg mun þá fá tækifæri síðar til að segja álit mitt um það. En jeg lít svo á, að ekki beri að afnema vörutollslögin að svo stöddu, en fresta því að minsta kosti þangað til yfirstandandi dýrtíð ljettir af.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv., og til vörutollsnefndar með 19 samhlj. atkvæðum, en þá nefnd skipuðu þeir

Einar Jónsson,
Matthías Ólafsson,
Björn Kristjánsson,
Sigurður Gunnarsson,
Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,
Stefán Stefánsson.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 131, 167 og 177).

Forseti tók frumv. út af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstud. 6. ágúst, var frumv. aftur tekið til 2. umr. (A. 32, n. 131, 167 og 177, 213, 214).

Framsögum. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Eins og háttv. deild er kunnugt, skiftist nefndin í þrjá hluta í þessu máli, og hafa komið fram jafnmörg nefndarálit. Yfirleitt virðist andinn vera sá í nefndinni, að menn sjeu heldur mótfallnir þessum verðtolli, enda þótt þeir hafi flestir skrifað undir nefndarálit mitt með fyrirvara.

Jeg vil þá leyfa mjer að minnast stuttlega á einstök atriði í nál. háttv. flutnm. (B.J.) á þgskj. 177, og þau rök, sem hann færir móti vörutolli og með verðtolli. Jeg skal reyna að vera stuttorður, en fyrst þarf jeg að leiðrjetta nokkrar rangfærslur og ónákvæmni, sem kemur fram í áliti hans. Hann segir t. d. að jeg, sem skrifaði nefndarálitið á þgskj. 167, telji það voða fyrir landið, að hækka fasteignarskattinn. Þetta er ekki rjett, heldur hefi jeg haldið því fram, að það væri ekki hættulaust, að hækka fasteignartollinn svo, að *verulega munaði um*. Svo talaði hann um hinn mikla ójöfnuð, sem stafaði af vörutollinum. En jeg hefi margtekið það fram áður, að verslunin lagar þennan ójöfnuð á pappírnum. Eins telur hann verðtollinn, og tilfærir nokkur dæmi því til sönnunar úr umræðum fyrri þinga eða eftir skýrslu, sem einn háttv. kaupmaður gaf honum 1912. Jeg skal nú leyfa mjer að benda á það, ef verðtollurinn kæmist á, myndi lenda miklu þyngri tollur á ýmsa nauðsynjavöru, t. d. mjölvöru. Haframjöl mun venjulega kosta um 24 kr. tunnan; 3% af því verða 72 au., en samkvæmt vörutollslögunum eru greiddir 20 au. af hverjum haframjölssekk, 100 kíló. Af grjónum, sem venjulega kosta 20 kr. sekkurinn, ætti þá að greiða 60 au. eftir verðtollinum í stað 20 au. nú. Sama er að segja um bankabygg. Eftir verðtollinum yrði því þrefaldur tollur á þessum nauðsynjavörutegundum við það, sem nú er samkvæmt vörutollinum, og hygg jeg, að ekki væri mikil bót að þeirri breytingu, að minsta kosti ekki fyrir fátækari hluta þjóðarinnar.

Þá kom hann með það dæmi, sem oft hefir verið minst á, að með vörutolli sje sama gjald á silki og ódýrari vefnaðarvöru. Jeg hefi margtekið það fram, að það er óhjákvæmilegt, að svo sje, meðan ekki er til fullkomið tolleftirlit í landinu.

Hann segir, að auðveldara sje að koma við tollsvikum eftir vörutollinum heldur en með verðtolli. En jeg get fullvissað hann um, að það vill enginn kaupmaður vinna það fyrir, að setja eina vöru í umbúðir með annari óskyldri vöru, til þess að komast hjá hærra gjaldi. Svo lítill munur er á tollgjaldinu á hinum ýmsu vöruflokkum, er gætu verið í sömu umbúðum.

Þá segir hann, að oft sje búið um glysvarning með því, sem kallað er »grove Jærnvarer«. Grove Jærnvarer koma venjulega umbúðalausar, en jeg veit ekki til, að silki og glysvarningur komi nokkurn tíma án umbúða.

Þá segir háttv. þingm., að heiðarlegir menn muni ekki svíkja kaupreikninga. Jeg er honum alveg sammála um það. En lögin eru ekki gjörð svo úr garði vegna hinna *heiðarlegu* manna, heldur einmitt vegna þeirra, sem óheiðarlegir eru og hafa tilhneigingu til þess að svíkja. Ef allir menn væru heiðarlegir, þá þyrfti engin lagaákvæði, til þess að

forðast svik; þá væri það eitt nægilegt, að láta viðtakendur greiða tollinn samkvæmt þeirra eigin framtali.

Háttv. þingm. segir enn fremur, að það stríði á móti heilbrigðri skynsemi, að miða tollinn við þunga vörunnar. Jeg skal ekki fara út í þessa staðhæfingu hans, sem hann reynir ekki að rökstyðja, að sinni. Um það geta auðvitað verið misjafnir dómar, en það fullyrði jeg, að hjer á landi er þetta *það eina* fyrirkomulag, sem á við. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um nefndarálitið, en víkja dálítið að frumvarpinu sjálfu.

1. gr. gjörir ráð fyrir því, að 3% gjaldið sje borgað af verðhæð vörunnar *með umbúðum*. Má jeg spyrja háttv. þingm. að því, hvort meiningin sje sú, að þær einar vörur sjeu tollaðar, er flytjast hingað *í umbúðum*. Ef svo er, fara þær margar á mis við toll, eins og t.d. viður, járn o. s. frv., sem alt af er flutt umbúðalaust. En ef meiningin er ekki þessi, þá er orðalagið svo óskýrt, að greinina verður að orða um.

2. gr. frv. segir, að tollinn skuli greiða eftir kaupreikningi (faktúru), er ávalt skuli fylgja hverri sendingu. Þetta er að minu áliti ákaflega misráðið ákvæði. Það er svo algengt, að reikningarnir komi annaðhvort á undan sendingunni eða þá ekki fyrr en nokkru seinna, að jeg álít það ákaflega ósanngjarnt og jafnvel ómögulegt, að heimta það af mönnum, að þeir fylgi þessu boði. Og vöruskráin og skipsskjölin gefa engar upplýsingar um *verð* vörunnar. Þá er það og ákaflega nærgöngult, að gefa heimild til þess, að skoða kaupreikninga og verslunarbækur viðtakanda. Slíkt ákvæði þekkist hvergi annarstaðar í heiminum, að leyfa mönnum að vaða inn í hús viðtakanda í þessu skyni.

3. gr. frumv. segir:

»Nú fylgir kaupreikningur ekki vörusendingu, eða vöru er ekki getið í kaupreikningi, og skal þá tollheimtumaður eða umboðsmaður hans kyrsetja vöruna á kostnað viðtakanda, þangað til kaupreikningur er sýndur«.

Eins og jeg tók fram, þá þekkist ekki svona ákvæði í neinu landi. Kaupreikningarnir eru þeir helgidómar hverjum verslunarmanni, að það er stakasta skerðing á viðskiftafrelsi, að fara fram á, að menn þurfi að opinbera þá. Ákvæðið um kyrsetningu er sömuleiðis mjög ósanngjarnt. Reikningarnir koma mjög oft seinna en varan sjálf, en viðtakandi á heimtingu á því, að geta verslað með vöruna strax, er hann hefir tekið á móti henni. Sjerstaklega er ákvæði eins og þetta mjög óheppilegt hjer á landi, þar sem menn eru oft í vandræðum með að ná í vöru, og þurfa jafnframt að geta fengið hana á ákveðnum tíma, eins og t. d. þeir, sem búa til sveita. Ákvæðið getur því orðið bæði kaupmanni og viðskiftamönnum hans til tjóns. Raunar er gjört ráð fyrir því, að viðtakandi geti fengið vöruna, gegn því að setja tryggingu, en það er bæði vafningasamt og mönnum gjört óþarfa ónæði með því.

Enn fremur stendur í greininni: «Nú kemur kaupreikningur ekki fram, enda viðtakanda ekki sök á því gefandi, og og metur tollheimtumaður þá vöruna til verðs o. s. frv.«. Hver á að sanna, að viðtakanda sje »sök á gefandi«. Það er alveg ómögulegt. Og yfirleitt getur hann enga ábyrgð borið á því, hvort hann fái nokkurn reikning. En þá hefir lagaákvæðið heldur enga þýðingu. Og svo á tollheimtumaður að meta vöruna. Það er svo vafningamikið, að viðtakandi getur beðið stóran baga af því. Og er nokkur trygging fyrir því, að tollheimtumaðurinn *kunni* að meta vöruna?

4. gr. segir: »Nú þykir verð á vöru óeðlilega lágt, og skal þá meta hana á sama hátt og segir í 3. gr.«. En hver getur sagt um það, hvort verðið sje óeðlilega lágt, og hver hefir vit á að meta vöruna rjett? Enginn getur vitað, hvað einstaklingurinn hefir gefið fyrir hana, hann getur hafa komist að góðum kaupum, og þá er það ósanngjarnt gagnvart honum, að meta vöruna hærra. Hann getur hafa keypt illa, en það er engin ástæða til þess að gefa honum eftir toll fyrir það.

Enn fremur talar greinin um, hvað hvað gjört skuli, ef maður hafi sett verðið oflágt í undandráttarskyni. En hvernig á að sanna það, að sá tilgangur hafi verið fyrir hendi? Það er ómögulegt. Og hvaða þýðingu hefir þá, að vera að setja lagaákvæði um það.

Jeg sje, eins og jeg hefi margsinnis sagt, enga leið til þess, að lög um verðtoll geti nokkurn tíma komist á hjer, því að grundvöllurinn er alt af of óábyggilegur. En þó að þetta frumv. verði ekki að lögum nú, þá hefi jeg viljað gjöra þessar athugasemdir vegna þess, að það er á dagskrá, og getur komið til umræðu einhvern tíma síðar.

Háttv. flutningsm. (B. J.) hefir alveg gengið fram hjá því, hve afaróþægilegt þetta ákvæði um afhending kaupreikninga, jafnframt viðtöku vörunnar, er, sem á þó að vera aðalgrundvöllurinn fyrir eftirlitinu. Jeg hefi margsagt það, að kaupreikningarnir eru ekki nærri alt af sendir jafnhliða vörunni, og þarf samt ekkert grunsamlegt að vera við það. Það er t. d. afareðlilegt, að slíkt komi oft fyrir hjá t. d. föður og syni, bræðrum eða fjelögum, sem búa sitt í hvoru landi. Og menn mega ekki missa þá vernd, sem alt af hefir verið viðurkend, að fá að hafa reikninga sína og verslunarbækur fyrir sig, án þess að aðrir hafi leyfi til þess að hnýsast í þá.

Það mætti alveg eins nema úr gildi ákvæði hegningarlaganna um refsingu fyrir brot á brjefleyndinni. En háttv. flutningsm. (B. J.) hefir alveg gengið fram hjá þessu þýðingarmikla altriði.

Jeg skal svo ekki eyða tímanum lengur, en langar til, áður en jeg setst niður, að beina þeirri fyrirspurn til háttv. flutningsm. (B. J.), hvort hann ætlist til þess, að 3% gjaldið nái jafnframt til þeirra vörutegunda, sem nú eru sjerstaklega undanþegnar vörutolli, svo sem tóbak og kaffi. Það verður nefnilega ekki sjeð á sjálfu frv.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg get af ýmsum ástæðum tekið mjer það ljett, að svara hv. framsögum. (B. K.). Sumpart er athugasemdum hans svarað í nefndaráliti mínu, og sumpart eru aðfinslur hans bygðar á misskilningi.

Jeg get þó ekki gengið fram hjá því atriði í ræðu hans, þar sem hann ber brigður á það, að flytja mætti glysvarning til landsins undir heitinu »grove Jærnvarer«. Það er ekki til neins að neita því, því að það hefir verið margsinnis leikið, þótt jeg auðvitað neiti því ekki, að það er altítt að flytja steypujárn til landsins umbúðalaust. Og jeg held ekki, að mönnum þyrfti að verða skotaskuld úr því, að vefja alldrjúgum silkistranga utan um skófluskaft svo að lítið bæri á.

Jeg get um það í nefndarálitinu, að verðtollurinn leggist þyngra á matvöru. Auðvitað er nokkur mismunur, eftir því hve varan er dýr, en munurinn á tollunum er ekki nálægt því eins mikill og háttv. framsögum. (B. K.) vildi halda fram. En jeg get nefnt önnur dæmi. Tökum t. d. hjólhest, sem kostar 100 kr. Eftir núgildandi lögum er borgað af honum 50 au., en eftir verðtollsfrv. 3 kr.

Jeg skal ekki tefja menn á löngum samanburði á þessu, en jeg hefi tekið mörg dæmi úr skýrslunum, sem samdar voru 1912, og enginn hefir vefengt enn, um hvernig þessir tollar koma niður. Þó skal jeg nefna t. d. kartöflur, segjum 5 kr. virði. Samkvæmt vörutollinum á að borga af þeim 2 kr., en samkvæmt verðtollinum að eins 15 aura. *(Björn Kristjánsson:* 20 aurar nú). Jæja, er þó búið að færa það í lag; það voru 2 kr. áður. Yfir höfuð þá getur þungi vörunnar ekki sagt til þess, hve hár tollurinn á að vera. Það þarf ekki að vera að sýna fram á það með mörgum upptalningum; það stríðir á móti heilbrigðri skynsemi. Það vita það allir, að verðmætið fer ekki eftir þunga vörunnar.

Háttv. framsögum. (B. K.) þóttist ekki skilja þetta, en það vita það allir aðrir.

Þá gjörði hann mikið úr því, hve erfitt mundi vera að sanna það, og hver ætti að sanna það, hverjum sök væri á gefandi, ef vara væri tilfærð með oflágu verði í kaupreikningi, og hvort það væri í undandráttarskyni. Jeg get nú ekki fundið erfiðleikana á þessu. Það verður auðvitað að hlíta hinum almennu reglum um sönnunarskyldu. Ef yfirvöldin geta ekki sannað það á kaupmanninn, að hann eigi sök á þessu, þá verður hann auðvitað að teljast sýkn saka. Þetta er alveg sama reglan og í svo mörgum öðrum atriðum um sönnunarskylduna. Honum þótti það heimskulegt, að ætlast til þess, að hægt væri að sanna undandrátt. En jeg get ekki búist við því, að verslunarstjettin og tollheimtumenn landsins sjeu svo þekkingarsnauð, að þau komist ekki fram úr öðru eins, sjeu svo ókunnug um algengt vöruverð út um heiminn.

Þá talaði háttv. framsm. meiri hl. (B. K.) um það, að hægt væri að falsa kaupreikninga. Jeg efast alls ekki um það. En háttv. framsm. (B. K.) gleymir alt af að taka samanburðarliðinn. En hann vill aldrei taka þetta brjóstbarn sitt til samanburðar, fullyrðir bara út í bláinn, að ekki verði farið í kring um þau lög. Og þótt jeg hafi ekki farið langt út í það, að sýna fram á hversu það er auðvelt, þá er það ekki af því, að dæmin sjeu ekki nóg til, heldur fór jeg svo mildilega með hann, vegna þess, að jeg vildi ekki vera að tefja tímann með því, að hrekja staðhæfingar hans, sem ekki eru annað en órökstuddar fullyrðingar um það, hve grundvöllurinn undir lögunum sje góður. En grundvöllurinn er enginn annar, en að ná í blindni í fje úr vasa landsmanna. Jeg segi að verðtollurinn sje *skárri*, — jeg vil biðja menn að taka eftir orðinu »skárri«, — þar sem þar er heimtað, að lögð sjeu fram skjöl. »Fer orð ef um munn líður«, en því fremur þau, sem skrifuð eru. Áhættan er þar miklu meiri, ef rangt er skýrt frá, því að þá er hægt að sanna á menn skjalafals, sem þung refsing liggur við sem kunnugt er. Og þótt sonur búi hjer á landi, og faðir hans erlendis, þá býst jeg ekki við, að þær fari að styrkja frændsemisböndin með því, að falsa skjöl hvor fyrir annan. Það er mikið viðurhlutameira en að rugla einhverjum vörum saman í umbúðum, stinga silkibút inn í umbúðir vöru, sem er minni tollur af eða því um líkt. En fyrir þá sem versla með dýrar vörur, er vörutollurinn betri og hægra líka að svíkja hann; jeg tala nú ekki um, ef menn t. d. hafa bæði silki- og pappírsverslun í senn. Það er hægur vandi að setja silkibúta inn í pappírspakkana.

Enn fremur sagði háttv. framsm. (B. K.), að það þektist hvergi um heim allan að heimta af mönnum, að þeir sýndu kaupreikninga sína eða þess konar. Þetta er nú ekki allskostar rjett, að minsta

kosti er mjer kunnugt um það, að í nýlendum Breta verða menn að sýna tollþjónunum upprunaskírteini vörunnar og og fleiri skjöl. En jafnvel þótt þetta væri einsdæmi, þá ætti það ekki að fæla okkur frá því, að taka upp viturlegt ráð fyrir þá eina sök.

Það er rjett hjá hv. frsm. (B. K.), að hjer er verið að reyna að finna aðferð, sem þurfi sem minst eftirlits með. Þetta frumv. kemur því nær, vegna þess, að menn ráðast síður í það að falsa skjöl en að rugla saman vörum í umbúðum. En annars þýðir lítið að vera að þrátta mikið um þetta. Það yrði það sama upp aftur og aftur, þm. fengju að heyra mína skoðun í annað eða þriðja sinni og skoðun háttv. framsm. (B. K.) í tíunda eða tuttugusta sinni.

Háttv. framsm. (B. K.) lagði mikla áherslu á þenna helgidóm kaupmanna, sem hann vildi ekki að kastað væri á glæ, viðskiftaleyndinni. Jeg lái honum það ekki. En henni er alls ekki kastað á glæ, þótt tollþjónar, sem bundnir eru þagnarskyldu, sæju kaupreikningana. Ef jeg segði, að ómögulegt væri að leggja fje sitt inn í Landsbankann, vegna þess, að starfsmenn bankans hlytu að vita um það, þá býst jeg við því, að háttv. framsm. (B. K.) brygðist reiður við og segði, að leyndarmál mitt væri vel geymt, því að starfsmenn bankans væru bundnir þagnarskyldu. En það er engin ástæða til þess að halda, að aðrir, sem fara með trúnaðarmál, sjeu meiri skrafskjóður en bankamenn og læknar, sem bundnir eru þagnarskyldu. Þessi ástæða hv. frsm. (B. K.) er því fallin um sjálfa sig. Jeg skal svo ekki orðlengja svar mitt til háttv. framsögum. meira. Jeg hefi leyft mjer að koma fram með 2 brtt. við þetta frumv. Svo stendur á hinni fyrri, að í frumv. er vitnað í reglugjörð, sem er úr gildi numin. Brtt. mín vitnar til hinnar nýju reglugjörðar, sem þegar er samin, og þótt hún hafi ekki fengið gildi enn þá, þá sakar það ekki, því að ekki er ætlast til þess, að frumv. gangi fyrr í gildi en það, að hún verður þá komin í framkvæmd.

Hin brtt. er til þess, að menn sampykki ekki, þegar þeir við atkvæðagreiðsluna þjóta upp úr sætum sínum með þessu frumv., að tvenn tollög sjeu í gildi í senn. Vörutollslögin voru nýlega framlengd, en jeg ætlast ekki til að þessi lög komi í framkvæmd, fyrr en þau eru úr gildi.

Að öðru leyti þarf jeg ekki að fjölyrða málið. Nefndarálit mitt gjörir það svo ljóst, hver munur er á, og vjefengingar og athugasemdir háttv. framsm. (B. K.) hefi jeg hrakið. Þótt menn bani þessu frumv. mínu, þá er jeg þess fullviss, þegar vörutollslögin eru úr gildi, að þá verði þetta frumv. tekið til athugunar af nýju, eða einhver önnur aðferð tekin, sem er minna rán úr vasa landsmanna, hvort sem það verða þá beinir skattar eða eitthvað annað. Jeg skal viðvíkjandi þeim að eins skýra frá því, hvers vegna jeg hefi ekki lagt til, að þeir yrðu teknir upp. En svo stendur á því, að eins og nú hagar til yrðu allir fasteignaskattar ábúðarskattar, sem hittu jafnt ríkan og fátækan, en það væri órjettlæti.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi áður látið í ljós skoðun mína á þessu máli, og get því verið stuttorður.

Jeg tel það illa farið, að vörutollslögin skyldu vera framlengd. Og þegar það er athugað, að nefndin hefir klofnað, ekki einungis í þrent, heldur jafnvel í fernt, þá hlýtur það að vera af því, að nefndarmenn margir hafa verið mjög hikandi. Þótt þeir hafi greitt atkvæði með framlengingunni, þá hafa þeir samt viljað sýna, að þeir væru ekki mótfallnir þessu frumv. Af því marka jeg,

að þótt vörutollslögin hafi verið framlengd nú, þá verði það samt í síðasta sinn. Það liggur í augum uppi, að þar sem svo hagar til sem hjer, að engin veruleg tollgæsla á sjer stað, þá hlýtur verðtollur að hafa ákaflega mikla yfirburði fram yfir vörutoll. Þetta er svo augljóst, að ekki þarf að rökstyðja það nánara.

Þetta stóra nefndarálit meiri hl. hefir verið athugað af minna hl.,og get jeg í einu og öllu undirskrifað það, sem hann hefir fært fram máli sínu til stuðnings.

Að halda því fram, að fátæklingum eða efnaminni mönnum sje íþyngt með verðtollinum, nær ekki nokkurri átt. Það er augljóst, að gjald efnamannanna verður hærra, bæði til eigin þarfa og til fjölskyldna þeirra, en hinna, sem spara verða hvern eyri.

Jeg er fullkomlega sannfærður um það, að ef þingið framvegis verður ekki mjög óheppilega skipað, þá verður það eitt af aðalætlunarverkum þess, að fá breytt þessu fyrirkomulagi.

Jeg sje ekki brýna ástæðu til þess, að fara lengra út í þetta mál nú; vildi að eins hafa lýst afstöðu minni til þess. Þótt óviðfeldið kunni að sýnast að afgreiða bæði þessi tollfrumvörp í senn, þá mun jeg þó greiða atkvæði með þessu frumvarpi, þótt gjöra megi ráð fyrir, því miður, að þeir, sem greiddu atkvæði með framlengingu vörutollsins, muni snúast á móti þessu frumv. En sannast mun það, að þess verður ekki langt að bíða, að þessi stefna verði ofan á.

Eggert Pálsson: Eins og kunnugt er, hefir verið afgreitt hjer í deildinni frumv. til laga um framlenging vörutollslaganna, og ef það verður samþykt af þinginu nú, sem gjöra má ráð fyrir, þá má ætla, að tollamálum landsins sje nægilega borgið næsta fjárhagstímabil, svo að ekki þurfi þess vegna, að halda fram þessu frumv. til streitu samhliða. Ef litið er á brtt. flutnm. á þgskj. 213, er það ekki tilgangurinn, að þetta frumv., ef það verður að lögum, gildi fyrir næsta fjárhagstímabil, heldur frá 1. janúar 1918. Fyrir þann tíma á að koma saman reglulegt Alþingi 1917, sem ætti að geta afgreitt lögin, svo að óþarft má virðast að afgreiða þau nú. Hins vegar er svo háttað, samkvæmt afstöðu minni til þessa máls að undanförnu, sem er alveg óbreytt, að jeg get ekki greitt atkvæði móti frumv., og sömu skoðunar hygg jeg fleiri munu vera.

Til þess því að skaða ekki málið, gjöri jeg það að tillögu minni, með rjetti þeim, sem 52. gr. þingskapanna heimilar, að frumv. sje vísað til aðgjörða stjórnarinnar. Með því móti, að sú tillaga verði samþykt, tel jeg, að jeg og aðrir fylgismenn frumv. megi vel við una, úr því sem komið er.

ATKVGR.:

Till. um að vísa frumv. til aðgjörða stjórnarinnar feld með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvæðagreiðslu, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Eggerz,
Bened. Sveinsson,	Guðm. Hannesson,
Bjarni Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Magnús Kristjánss.,	Jóhann Eyjólfsson,
Matth. Ólafsson,	Jón Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Sveinn Björnsson,	Sigurður Eggerz,
Þór. Benediktsson.	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Einar Arnórsson, Hannes Hafstein og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Fjarstaddir voru Einar Jónsson, Pjetur Jónsson og Skúli Thorodsen.

1. gr. feld með 16 : 3 atkv.

Frumvarpið þar með *fallið*.

2. Forkaupsrjettur landssjóðs á jörðum.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 17. júlí, var útbýtt

Frumvarp til laga um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum (A. 45).

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 19. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Sig. Sigurðsson): Jeg get gjört mönnum það til geðs að vera stuttorður að þessu sinni. Þetta frumv. er ekki nýr gestur hjer á þingi. Á þinginu 1909 fluttu þeir þm. N.-Þing. (B. S.) og 2. þm. S.-Múl., sem þá var Jón Ólafsson, frumv. um breytingu á þjóðjarðasölulögunum, sem fóru í svipaða átt. Sömuleiðis flutti þm. Eyf. (St. St.) frumv. um líkt efni á þinginu 1912.

Þetta frv., sem hjer er um að ræða, fer í líka átt og frumv. þau, sem jeg gat þegar um, en gengur þó nokkuð lengra og er fyllra.

Aðalástæðan fyrir því, að jeg ber þetta frumv. fram, er sú, að það er vitanlegt, að margar þjóðjarðir og kirkjujarðir komast á örstuttum tíma eftir sölu þeirra í eigu annarra manna en þeirra, er ábúendur voru, þegar kaupin gjörðust. Og það eru dæmi til þess, að ábúendurnir hafa verið fengnir til þess að kaupa jarðirnar, en á bak við þá hafa staðið alt aðrir menn, er síðan hafa orðið eigendur. Það má því fullyrða, að lögin hafi ekki náð tilgangi sínum, þeim, að efla sjálfsábúð í landinu. Þegar svo jarðirnar, einkum þær betri, hafa komist úr sjálfsábúð, þá hafa þær oft og tíðum lent í höndum kaupbrallara, sem svo hafa haldið þeim í svo háu verði, að ekkert viðlit hefir verið fyrir bændur, að kaupa þær til að búa á þeim.

Afleiðingin getur líka orðið sú, að jarðirnar lendi þá í eigu útlendinga, en það mætti telja illa farið, og það því fremur, sem það mundu oft verða hinar betri jarðir, er þannig gengu bæði úr sjálfsábúð og eigu landsmanna, svo sem dæmi eru til.

Það segir sig sjálft, að með frv. er engin skylda lögð á landssjóð til að kaupa jarðirnar, heldur er landssjóði að eins gefinn kostur á að kaupa þær, ef þær losna úr sjálfsábúð eða ganga kaupum og sölum. Þetta getur verið nauðsynlegt, t. d. ef um jörð er að ræða, sem mikla framtíð þykir eiga fyrir sjer, vegna verslunar eða viðskifta, eða þyki vel fallin til skólaseturs eða annars því líks. Og þar með væri landssjóði tryggður kaupsrjetturinn og varnagli sleginn við því, að jarðirnar kæmust í hendur útlendinga, þaðan sem þær ef til vill ættu ekki afturkvæmt.

Frumvarpið, sem lá fyrir þinginu 1912, og var líks efnis og þetta, komst heilu og höldnu gegn um Nd. en dagaði uppi í Ed.

Án þess, að jeg gjöri það að nokkru kappsmáli, legg jeg það til, að frumv. sje vísað til landbúnaðarnefndar. En vera kynni ástæða til að skipa sjerstaka nefnd í það, sökum þess, að það er sjerstaks eðlis og þess, að skylt frv., frv. um frestun á sölu þjóðjarða og kirkjujarða, liggur nú fyrir, og yrði því þá vísað til sömu nefnnar.

Guðmundur Hannesson: Hjer er að ræða um mikilsvert frumvarp, sem

að nokkru leyti gjörbreytir stefnu undanfarinna ára, þjóðjarðasölunni.

Þjóðjarðasölulögin höfðu þann tilgang, að fjölga sjálfseignarbændum, og gangi jörðin úr sjálfseign, þá sýnist öll ástæða horfin fyrir því, að hún sje einstakra manna eign.

Nú er það svo, að lítt er fram úr vandanum ráðið, þótt jarðirnar gangi úr eigu einstaklinga. Hvað á svo við þær að gjöra og hvernig leigja, svo að rjettlátt verði og vinsælt? Á landssjóður eða hrepparnir að eiga jarðirnar? Að minni hyggju ber fyrst að ráða fram úr þessum vandaspurningum, áður en sú stefna er tekin, að gjöra jarðir aftur að opinberum eignum.

Þetta jarðeignamál er talið eitt með erfiðustu viðfangsefnum þjóðanna. Þess vegna hefði jeg kosið, að málið hefði fengið undirbúning hjá stjórninni. Annars má það heita merkilegt, hve erfitt er að afla sjer upplýsinga um þjóðhagi hjer á landi. Engar skýrslur eru til um það, hve margir sjálfseignarbændur eru á ári hverju á landinu. En eftir manntalsskýrslum 1910 hygg jeg láta nærri, að leiguliðar sjeu um 60% allra bænda. Sjálfseignarbændur eru því miklu færri, þrátt fyrir alla þjóðjarðasölu.

Fltnm. (Sig. Sigurðsson): Jeg skal geta þess út af athugasemdum háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), sem áleit, að lög þyrfti að setja um bygging jarða landssjóðs, áður en hann færi að kaupa jarðir svo nokkru næmi, að á Alþingi 1913 kom fram tillaga um að skora á stjórnina, að semja frumvarp um erfðafestuábúð á þjóðjörðum og kirkjujörðum; en tillagan var sama sem feld. Jeg hafði hugsað mjer, ef þetta frumvarp fengi góðan byr, að bera fram þingsályktunartillögu, sem skori á stjórnina, að undirbúa frumv. um erfðafestuábúð. En ef frumv. fellur, þá er sjálfsagt að gjöra tillöguna enn viðtækari, svo að hún nái einnig til forkaupsrjettar landssjóðs á seldum þjóðjörðum, kirkjujörðum og öðrum jörðum, er ganga kaupum og sölum.

Það er rjett hjá háttv. þm. (G. H.), að mjög brestur ýmsar skýrslur um landshagi hjer. En þó hygg jeg, að fleiri jarðir sjeu í sjálfsábúð *að nafninu til* en fyrir 10—20 árum. Bæði hafa margar þjóðjarðir og kirkjujarðir verið seldar á þeim tíma, og eins hafa ýmsir leiguliðar keypt jarðir, sem voru í eigu einstakra manna. Jeg hygg, að sjálfseignarbændur muni nema um 60%, eða því nær.

Um hitt er jeg samdóma háttv. þingm., að sjálfsábúð er oft ótrygg. Bæði hverfa jarðir oft úr sjálfsábúð við fráfall eigenda, og stundum eru kaupendur þjóðjarða og kirkjujarða að eins »leppar« annarra.

Sveinn Björnsson: Það hefir verið stungið upp á því, að þessu frv. verði vísað til landbúnaðarnefndar. Ef þessi tillaga yrði samþykt, þá lægi fyrir að vísa frumv. á þgskj. 54, sem er líks eðlis, til sömu nefndar. En jeg álít bæði þetta frumv. og frumv. á þgskj. 54 svo stórt og mikilvægt, að ástæða sje til, að skipa sjerstaka nefnd í þau, auk þess, sem bæði frumv. snerta engu síður hag landsins í heild sinni en landbúnaðinn út af fyrir sig. Því er það tillaga mín, að skipuð sje sjerstök 5 manna nefnd í þetta mál.

Pjetur Jónsson: Mjer þykir mjög mörgu snúa öfugt við nú. Frumv. um afnám forðagæslu var sett í sjerstaka nefnd. En nú er stungið upp á að vísa þessu frumv. til landbúnaðarnefndarinnar. Raunar hefði verið rjett, að hún hefði haft bæði þessi mál. Landbúnað-

arnefnd undanfarandi þinga hefir einmitt haft slík mál til meðferðar. En úr því forðagæslumálið var á dögunum drifið í sjerstaka nefnd, á einmitt sú sama nefnd að fjalla um þetta. Annars getur komið fram hinn mesti glundroði.

Sveinn Björnsson: Jeg vil taka það fram, að þótt svipuð frumv. hafi áður verið tekin til meðferðar í landbúnaðarnefnd, þá er það engin sönnun fyrir því, að nauðsyn sje að láta þá nefnd fjalla um þetta mál. Jeg held, að best færi á því, að í nefndinni ættu sæti mennn, sem jafnframt og sjerstaklega litu á hag landssjóðs.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv., og til landbúnaðarnefndar með 15 : 6 atkv., en í þeirri nefnd sátu þeir
Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Guðmundur Hannesson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson.

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 30. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 96).

Framsm. (Guðm. Hannesson): Jeg ætla mjer ekki að þessu sinni að gjöra grein fyrir neinu verulegu hjer að lútandi, þar eð meiri hl. nefndarinnar hefir drepið á öll helstu atriði, er koma til greina. Það var vitanlega sjerstaklega 2. gr., sem alt strandaði á, vegna þess, að okkur fanst hún koma í bág við stjórnarskrána. En það verður erfitt að bjarga frumv., ef matið, sem þar er gjört ráð fyrir, fellur í burtu. Meiri hlutinn getur ekki mælt með frumv., og ræð jeg til þess að fella það.

Sigurður Sigurðsson: Jeg býst ekki við, að það hafi mikla þýðingu að tala frekar um þetta mál, þar sem jeg er einn í minni hluta í sjö manna nefnd. En mjer kemur það kynlega fyrir, hve andvígir meðnefndarmenn mínir eru nú þessu frumv., þar sem þó sumir þeirra greiddu atkvæði 1912 með frumv., er fór í mjög svipaða átt og þetta. Það er, eins og háttv. frsm. meiri hl. (G. H.) tók fram í ræðu sinni, aðallega 1. atriði í 2. gr. frumv., sem þeim fanst að væri ísjárvert, með því að það kæmi of nærri 51. gr. stjórnarskrárinnar. Úr þessu væri hægt að bæta, með því að samþykkja viðaukatillögu mína á þgskj. 96. Jeg verð að halda því fram, að með þessari tillögu sje bætt úr því, er meiri hlutinn álítur athugavert við frv.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess, að fjölyrða meira um þetta mál, en vona einungis, að meiri hluti háttv. deildar athugi þetta vel, er jeg hefi sagt, og greiði atkvæði með breytingartillögunni og frumvarpinu.

ATKVGR.:
1. gr. frumv. feld með 13 : 3 atkv.
Frumvarpið þar með
fallið.

---

3. Líffærameinfræði.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 19. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um stofnun kennaraembættis í líffærameinfræði og sóttkveikjufræði við Hdskóla Íslands (A. 58).

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Guðm. Hannesson): Jeg hefi flutt þetta frumvarp eftir ósk læknadeildar Háskólans, með því að hún hefir álitið það rangt, að segja ekki til þarfa sinna og láta svo þingið skera úr, hvort það hefir fje til að bæta úr þeim.

Jeg veit, að öllum muni vera það ljóst, að læknadeildin hefir athugað málið rækilega og að hún hefir ríkan áhuga á því, að fá þessari kenslu komið á fót. Áður hefir verið farið fram á að stofna prófessorsembætti í þessu skyni, en af sparnaðarástæðum er hjer nú að eins beðið um »dócent«.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið að sinni. Jeg gjöri ráð fyrir, að rjett þyki, að setja það í nefnd, og vil þá stinga upp á 5 manna nefnd. Það mun þá gefast tækifæri til að skýra það nánar, þegar nefndarálitið kemur fram.

Bjarni Jónsson: Jeg get ekki látið þessa umræðu líða svo hjá, að jeg segi ekki örfá orð um það, hverjar skyldur á oss hvíla við Háskólann. Það er mín skoðun, eins og jeg sagði áður, þegar Háskólalögin voru samþykt og fjárveitingin til hans, að það mál ætti að standa fyrir ofan allar flokkadeilur, að stofna þenna Háskóla vorn og efla hann og auka síðan. Stofnun hans hlýtur að vera eitt af happadrýgstu sporum á þeirri leið, að verða sjálfstæð þjóð, sem haldi sæti sínu með heiðri. Jeg veit að minsta kosti ekkert stærra spor, sem enn hefir verið stigið, og ekkert, er leggja megi til jafns við það, nema stofnun Eimskipafjelags Íslands.

En ljóst mátti það vera öllum, að þótt þessi byrjun væri gjörð, þá mætti hún skamman tíma óbreytt standa, heldur yrði þegar að fara að smá bæta við hana. Og það mega allir vita, að hjeðan af líður ekki svo þing, að ekki verði við hana bætt, því að enn er hún ekki nema vísir, sem hlynna þarf að. Og í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að þótt oft sje kvartað um óþörf embætti, þá er hjer annan veg ástatt en um nokkur önnur embætti. Þau hafa verið nokkur til, sem nú eru við Háskólann, áður en hann kom, og verið sæmilega þjónað í nokkur ár. En það er sitt hvað, hvort á að fjölga sýslunarmönnum í þeim stöðum, sem þó hafa verið til áður, eða að fá menn til þeirra starfa, sem enginn hefir verið til að gegna áður, en alls ekki mega niðri liggja. Þá verður þjóðin, bæði sóma síns og hagsmuna vegna, að vinda bráðan bug að því, sem allra fyrst.

Það er staðföst reynsla, að í sambandi við frelsi og framfarir lands er háskóli ein hin dýrasta hnoss, sem hugsast getur. Það er hverri þjóð hið mesta mein, að þurfa að senda sonu sína til annara landa til allrar æðri mentunar, og láta þá verða þar fyrir óþjóðlegum og óhollum áhrifum. Jeg þarf eigi að nefna oss Íslendinga eina til dæmis um þetta, því að enn er það í minni manna, hve sárt Norðmenn fundu til þessa fyrr á tímum, og þá muna menn hitt, hve mikil var gleði þeirra, þá er þeir mintust fyrir skemstu 100 ára afmælis þess viðburðar, er þeir fengu svipaðan vísi til háskóla, sem okkar er nú. Það er því annað og meir, sem hjer er um að ræða en að fjölga sýslunarmönnum annarsstaðar, þar sem nógir eru starfskraftar fyrir.

Jeg heyri eitthvað umla í 1. þingm. Árn. (S. S.), og mundi hann vilja sagt hafa, að nóg væri fyrir af ráðunautum, sem ættu eftir að sanna tilverurjett sinn, og skal jeg sýna honum það betur seinna, ef jeg hefi tíma til.

En svo að jeg víki að þessu litla frumv., sem hjer er fram komið eftir tilmælum læknadeildarinnar, þá veit jeg það, að áður hefir verið farið fram á það, að fá settan á stofn fullkominn kennarastól í þessum fræðum, og að þörfin er svo mikil, að það væri fásinna, ef þessu væri neitað nú. Það vita allir, svo að jeg nefni að eins einn af kennendum þessarar deildar, að Guðm. prófessor Magnússon hefir unnið þar að undanförnu það, sem er fjögra manna verk annarsstaðar. Og líkt má segja um háttv. flutnm. þessa frumv. (G. H.), að hann hefir oft unnið þar þriggja til fjögra manna verk. »Varaðu þig Valnastakkur«, mætti segja við ráðunautana, »fallinn er hann Fjögramaki«. Þegar þessir fjögramakar eru fallnir í valinn, hvern á þá að fá, sem stigi í þeirra spor? Jeg nefndi áðan Guðm. prófessor Magnússon. Hann er nú á miðjum aldri nær útslitinn maður, og líkt hygg jeg sje um háttv. 1. þingm. Húnv. (G. H.), að hann hafi oftast haft of mikið að gjöra, og segi jeg ekki þetta af því, að jeg vorkenni honum, heldur af því, að það er satt.

Hjeraðslæknirinn hefir og, svo sem kunnugt er, hlægilega litla borgun fyrir þá kenslu, sem hann hefir á hendi, móts við það, sem annarstaðar gjörist, og það má segja, að Alþingi sje undarlega innrætt, ef það vill níðast á mönnum fyrir vel unnið starf.

Jeg tala þessi orð ekki af því, að jeg búist við, að margir háttv. þingmenn verði andvígir þessu frumv., heldur af því, að enn er til þessi andi, ef anda skyldi kalla, (*Sigurður Sigurðsson:* Dragsúgur!), nei, þetta staðvindi austan úr Flóa, sem heimtar 5 miljónir handa sjálfu sjer, en sparnað við alla aðra.

Ráðherra: Jeg stend að eins upp vegna þess, að mjer virtist háttv. þingm. Dal. (B. J.) vilja drótta því að kjósendum í Árnessýslu, að þeir mundu hafa »asklok fyrir himin«. Út af þessu vildi jeg mega benda honum á það, að á þingmálafundi, sem haldinn var nýlega á Húsatóftum, var það samþykt, að láta skáld og aðra andans menn njóta styrks af almanna fje. (*Bjarni Jónsson:* Vel verði þeim fyrir það!) Svo að hann sjer þá vonandi, að staðvindið, sem hann talaði um, kemur ekki frá öllum Árnesingum. (*Bjarni Jónsson:* Þetta var ekki mælt til allra Árnesinga).

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Samþ. var með 16 shlj. atkv. að kjósa 5 manna nefnd, og í hana kosnir með hlutfallskosningu

Hjörtur Snorrason,
Einar Jónsson,
Jón Magnússon,
Jón Jónsson,
Guðm. Hannesson.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 200, 202, 208).

Framsm. (Guðmundur Hannesson): Jeg sje ekki ástæðu til þess, að fara langt út í þetta mál; get látið mjer nægja að vísa til nefndarálitsins. Þar sjest, að fjórir af fimm nefndarmönnum telja, að ekki verði hjá því komist, að stofna þetta embætti, og sá fimti kannast við, að allgildar ástæður sjeu til þess.

Að því er vikið í nefndarálitinu, að þessi maður væri oft nauðsynlegur, ef erlendar sóttir berast hingað, og gæti

orðið mikill styrkur fyrir allar sóttvarnir í landinu. Jeg tel þetta mjög mikils vert atriði.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi í sakleysi mínu borið fram brtt. þess efnis, að fella niður það takmark, að embættisveitingin sje bundin við Norðurálfuófriðinn. Það er ekki gott að segja, hve nær þeirri styrjöld lykur og vel má vera, að hingað berist megnir sjúkdómar og hættulegir gerlar, stríðsins vegna, og er þá nauðsynin enn meiri, að hafa þenna mann. En aðalatriðið fyrir mjer er það, að frv. gangi fram þannig, að menn fari ekki á mis við þjónustu þess manns, sem sjerþekking hefir í þesum fræðum.

Nú er straumbreyting í vinnuframboði hjer á landi. Framvegis verður ekki svo sem um vora daga, sem snapa urðum hjer og biðja um hitt og þetta fyrir engin laun. Ungir sjerfræðingar segja nú: Hjer er jeg. Viljið þið taka mig? Ef ekki, þá fer jeg. Nú getur Alþingi ekki mylgrað úr sjer vinnulaunum, eins og náðarbrauði, og neytt menn til þess að lifa af skjaldaskriflum og baugabrotum, víxlum og öðru verra. Íslendingum hefir nú lærst að hagnýta þekking sína annarsstaðar en hjer; mentamenn og vísindamenn láta ekki lengur kvelja úr sjer lífið hjer.

Aðaltilgangurinn með þessari brtt. minni er að tryggja það, að haldið verði föstum miklum dugnaðarmanni, Stefáni Jónssyni, sem hefir sjerþekking á þessa fræði, og vjer megum ekki missa við, með því að enginn er til í skarðið. En þótt nú þetta sje aðaltilgangurinn, þá tek jeg þó brtt. aftur, með því að margir eru henni andvígir, til þess að engu verði spilt og til þess að enginn hafi hana til skálkaskjóls fyrir vonda samvisku sína.

Forseti: Brtt. á þgskj. 208 er tekin aftur og kemur ekki til atkvæða, nema einhver taki hana upp.

Ráðherra: Jeg tek brtt. upp. Jeg er ekki eins viss um það og háttv. þm. Dal. (B. J.), að takmarkinu verði náð, ef þessi brtt. verður ekki samþykt. Við þekkjum báðir þenna mann, Stefán Jónsson, sem er maður afburða-duglegur og samviskussmur. En hann þarf ekki að lifa á bónbjörgum; hann hefir góða stöðu, og ekki er víst, að hann verði til taks, ef stofnun stöðunnar verður slegið á frest, enda þarf hann ekki að vera vonbiðill, þótt hann nú vilji gefa landinu kost á að njóta hæfileika sinna.

Jóhann Eyjólfsson: Mjer virðist svo, sem ekki liggi mikið á, að stofna þetta embætti, fyrst ekki á að skipa í það fyrr en eftir tvö ár. Jeg held, að það sje best að láta það bíða til þess tíma, og láta þá, sem þá lifa, ráða hvað þeir gjöra í þessu tilliti. Annars kann jeg illa við þann hugsunarhátt og stefnu, sem hjer ríkir, og lýsir sjer í því, að nauðsyn virðist að búa til embætti og stöður handa mönnum, vegna mannanna sjálfra, án þess að líta á, hvort veruleg nauðsyn sje á. Jeg mun vera talinn standa nokkuð framarlega í minni stjett í því, að búa til slíkar stöður, en þó kannast jeg ekki við, að jeg vilji gjöra það, nema jeg telji þörf á því. Hitt er mjer fjarri, að búa til embætti, er jeg tel óþörf, handa sjerstökum mönnum, eins og mjer skildist vera meiningin eftir orðum háttv. þm. Dal. (B. J.). Ilt er það að vísu, að missa ágæta menn út úr landinu, en Íslendingar eru áreiðanlega af mjög góðum kynstofni og hjer fullkomin von og vissa um, að því muni ætíð verða til nægilega

mikið af ágætum og dugandi drengjum, til að skipa í þau embætti og stöður, sem til falla. Aftur á móti lítthugsandi, að hægt verði að mynda stöðu handa hverjum manni, sem góða hæfileika hefir; slíkir menn verða sjálfir að ryðja sjer braut.

Jeg verð því að álíta, að hættulaust sje, að hleypa þessu máli fram af sjer nú.

Bjarni Jónsson: Það var auðheyrt á ræðu háttv. þm. Mýr. (J. E.), að jeg er ekki sjerlegur mælskumaður, eða að minsta kosti, að jeg hefi ekki þá hæfileika, sem jeg þarf að hafa, til þess að geta látið hann skilja mig. Jeg var að sýna fram á það áðan, að þessi maður, sem um er að ræða, þyrfti ekki á stöðunni að halda, því að hann hefði nóg að starfa, þótt hann fengi ekki þessa stöðu, en aftur sagði jeg, að staðan væri nauðsynleg, og að ekki mætti sitja sig úr færi með að fá þenna mann, fyrst hann væri fáanlegur. Háttv. þm. (J. E.) hefir því alveg misskilið mig, ef hann heldur, að jeg hafi talað um að stofna embættið handa manninum. Það er svo langt frá því, að þetta frumvarp sje borið fram í því skyni, að hjálpa nokkuð þessum manni, að það er einmitt fram komið til þess að styðja og styrkja Háskólann og hjálpa landinu.

Einar Jónsson: Mjer finst, að það sje ekki annað en óþörf hræðsla, sem komið hefir fram hjer í deildinni, að maðurinn, sem um er að ræða, myndi tapast landinu, ef það yrði ekki stofnað handa honum þetta embætti nú þegar. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, hefir mjer skilist, sem þessi hræðsla sje ekki á neinum rökum bygð. Þessi maður mun ekki vera tilbúinn enn að taka við þessu embætti, hefir enn ekki lokið námi til fulls, og jeg hefi skilið það svo, sem hann mundi gjöra sig ánægðan með að taka við því, þótt það dragist um tíma, að það yrði stofnað. Hann mundi doka við um tíma að fá sjer fasta stöðu, ef hann ætti von á, að slíkt embætti, sem þetta, yrði stofnað, og hann þá ætti vissa von um, að komast að sem kennari við skólann.

Þegar um það er að ræða, að stofna ný embætti við Háskólann, þá ber mikla nauðsyn til að fara að öllu sem gætilegast. Kjósendur hjer á landi geta ekki sett sig inn í það, að nauðsynlegt sje að stofna 1—2 embætti við hann á hverju ári, og mig furðar það í raun og veru ekki, þótt þeir eigi bágt með að sjá, hvaða þörf er á slíku, þegar við meira að segja, sem fjöllum um málin, deilum um það, hvort brýn þörf sje á þessu eða hinu embættinu. Mjer finst það því ekki nema sanngjarnt, að sem allra varlegast sje farið í þessu efni.

Því hefir verið haldið fram, að prófessorarnir við Háskólann sjeu svo önnum kafnir við störf sín, að það væri hart á því, að þeir kæmu öllu í verk, sem þeim væri ætlað að starfa. Jeg veit nú ekki nákvæmlega um það, hvað hæft er í þessu, en þegar tekið er tillit til þess, að 12—15 tíma vinnutími er algengastur við almenna vinnu, þá sje jeg ekki með besta vilja, að 18 stunda vinna á viku sje ofvaxið hverjum fullhraustum manni, þó skólakennari sje. (*Bjarni Jónsson:* Sumir hafa ekki nema 2—3 kenslustundir á viku). Það getur vel verið að það sje svo með grískudocentinn, að hann hafi ekki meira að gjöra í sínu embætti en svo, að 1 stund nægi hans starfi á viku, og ósennilegt þætti mjer ekki, þó hann kæmist af með enga stund á viku; en sem betur fer eru ekki allir jafn óþarfir embættismenn eins og hann. Jeg skal ekkert um það þræta, hvort það sje þörf á að stofna þetta

embætti, sem hjer er um að ræða, en um hitt þræti jeg, að prófessorarnir og yfir höfuð kennararnir við Háskólann hafi **ekki of langan vinnutíma**.

Jeg er því samþykkur, að þetta embætti verði ekki stofnað nú þegar, heldur með þeim takmörkunum, sem segir í brtt. á þgskj. 202; með öðrum orðum, ekki fyrr en Norðurálfuófriðnum er lokið, og ekki fyrr en í fyrsta lagi árið 1917. Jeg sje ekki ástæðu til að flýta málinu meir en þetta; ekki síst nú, þegar tímarnir eru svona erfiðir, sem þeir eru nú, er ástæða til að fara gætilega að því, að auka mjög útgjöldin.

Framsm. (Guðm. Hannesson): Jeg held, að jeg hafi tekið það fram áðan, að það væri ekki mannsins vegna, sem farið er fram á, að þetta embætti sje stofnað. Hitt er satt, að það átti sinn þátt í því, að málið kom fram að þessu sinni, að nú var völ á hæfum manni, til þess að taka við þessu embætti. En um þörfina á því að stofna það getur ekki verið vafi.

Hvað því viðvíkur, sem háttv. 1. þm. Rangv. (E. J.) gat um, að kennararnir við Háskólann hefðu ekki langan vinnutíma, þá skal jeg taka þetta fram, að jeg álít, að svo framarlega sem prófessorar við Háskólann vilji standa sómasamlega í stöðu sinni, þá geti ekki komið til mála, að telja kenslutíma þeirra í skólanum sama sem vinnutíma þeirra. Þvert á móti mun það vera svo, að minstur tíminn af vinnutíma þeirra fari til kenslu, því að mikill meiri hluti tímans mun fara til undirbúnings og annarra starfa í þjónustu embættisins. Jeg veit um einn kennarann í minni deild, að vinnutími hans byrjar kl. 8 á morgnana og stendur yfir allan daginn, og jeg þykist góður, ef jeg get náð í hann, til þess að tala við hann nokkur orð á kvöldin. Þessi kennari, sem jeg gat um, er sá sem kennir handlækningar við skólann. Um mig veit jeg, að vinnutími minn er sjaldan minni en 10 stundir á dag.

Jeg vildi láta þessa getið, til upplýsingar fyrir þá, sem halda að kenslutími okkar sje eini vinnutíminn.

Hjörtur Snorrason: Eins og jeg hefi tekið fram í athugasemd þeirri, er jeg ritaði neðan undir nefndarálitið í þessu máli, er jeg að mestu leyti samþykkur samnefndarmönnum mínum, hvað ástæðurnar snertir, en ósamþykkur þeim, er snertir niðurstöðuna. Jeg viðurkenni að vísu þörfina á því, að umrætt embætti sje stofnað og til þess liggja aðallega tvær ástæður. Sú er önnur, að Háskólinn hafi nú má ske ekki þeim kenslukröftum á að skipa, sem fullnægi kensluþörfinni í fræðum þeim, sem hjer er um að ræða. En hin ástæðan er sú, að jeg tel þingi og stjórn landsins skylt að hlynna sem best að Háskólanum, sem enn þá má hvítvoðungur heita, hlynna svo að honum, eftir því sem ástæður leyfa, að hann nái tilgangi sínum sem slíkur, og verði landinu til sem mests gagns og sóma. En þrátt fyrir þetta álít jeg, að naumast sje rjett, að umrætt embætti sje stofnað nú á þessu þingi, þar sem brýn nauðsyn krefur, að svo varlega og sparlega sje farið með fje landsins, að hefta verður framgang jafnvel nauðsynlegustu fyrirtækja, er miða að því, að bæta samgöngur og efla framleiðsluna í landinu, sem telja verður aðalskilyrðin fyrir efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar. Jeg mun því ekki greiða atkvæði með því, að umrætt embætti sje stofnað í þetta sinn.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. feld með 14 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Eggerz,
Einar Jónsson,	Hannes Hafstein,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,
Jón Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Magnússon,	Magnús Kristjánss.,
Matth. Ólafsson,	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Þrír þingm. voru fjarverandi.

Frumv. þar með *fallið.*

---

4. Möðruvellir í Hörgárdal.

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 24. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild til að selja hálfa jörðina Möðruvelli í Hörgárdal. (A. 80).

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 26. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Magnús Kristjánsson): Eins og háttv. þingmönnum er kunnugt, hafa verið lögð hjer fram skjöl þessu máli viðvíkjandi. Gjöri jeg ráð fyrir, að þeir hafi kynt sjer þau eða gjöri það, ef þeir hafa ekki gjört það enn. Um jörðina er það að segja, að eftir að skólinn fluttist þaðan leit út fyrir, að erfitt yrði að fá álitlegan ábúanda. Jörðin er erfið og þarf kraft til að hagnýta sjer hana, svo vel sje. Þó fór svo, að þessi maður, sem nú býr á jörðinni, rjeðist í að taka hana til ábúðar. Tel jeg það vel farið. Gæti annars hafa farið svo með þessa jörð, sem mörg önnur höfuðból, að hún hefði verið setin landinu til skaða og skammar. Það er ekki til of mikils ætlast, að þessi maður hefði fengið einhverja viðurkenningu fyrir það, hversu vel hann hefir setið þær jarðir, er hann hefir haft til ábúðar, og fyrir þau miklu störf, sem hann hefir unnið í þarfir almennings. Það er ekki óeðlilegt, að honum leiki hugur á að eignast jörð, sem hann vill sýna sóma. Hann slepti annari góðri jörð, þar sem hann bjóst við að fá þessa keypta. Hann hefir nú leitast fyrir um það, en sýslunefnd orðið óþjál í þessu máli og lagst á móti sölunni. Hún hefir sagt, að þessi jörð sje sjálfsögð sem prestsetur, skólasetur, og enn fremur, að hún væri sjerlega vel fallin til sundurskiftingar fyrir grasbýli. Þessi ummæli sýslunefndar eru öll rækilega hrakin í skjölum þeim, sem minst er á hjer að framan. Jeg ætla ekki að fara að taka það upp hjer, en að eins óska, að þingmenn kynni sjer skjölin.

Jeg ætla ekki að fara að hreyfa þeirri stefnu, sem hjer hefir komið fram, um að fresta þjóðjarðasölulögunum, en hvernig sem um það fer, tel jeg sjálfsagt, að þeim, sem hafa gjört ráðstafanir í því skyni, að fá jarðir sínar keyptar, verði veittur kostur á því, en ekki sviftir rjettinum til þess, hvað sem lögunum líður.

Að endingu óska jeg þess, að háttv. deild taki þessu máli vel, og veiti heimild til þess, að jörðin fáist keypt, og treysti jeg deildinni til þess að ráða fram úr því á heppilegan hátt.

Stefán Stefánsson: Eftir undirbúningi þessa máls í hjeraði, furða jeg mig mjög á því, að það skuli vera fram

komið. Að vísu er það ekki neitt undarlegt, þótt ábúandinn, Eggert Davíðsson, vilji kaupa jörðina, þar sem óhætt mun mega telja hana eina með allra bestu jörðum á Norðurlandi. En að mig furðar á, að frumv. kemur fram, er af því, að í vetur sem leið, er kaupbeiðnin var lögð fyrir sýslunefndina í Eyjafjarðarsýslu til umsagnar, þá taldi hún að jörðin fjelli undir 2. gr. þjóðjarðasölulaganna, þar sem hún er prestsetur, og auk þess hentug fyrir skóla og má á annan hátt verða til almenningsnota.

Sýslunefndin hefir því af þessum ástæðum eindregið lagt á móti sölunni. Að ástæður nefndarinnar sje á fylstu rökum bygðar, hygg jeg að ekki verði neitað.

Á hina hliðina þá hefir síra Jón byggingarbrjef frá umboðsmanni, sem að vísu er óvanalegt um byggingu prestsetra, en þetta stafar af því, að honum var veitt brauðið sem þingabrauð, eða með öðrum orðum, að því fylgdi ekkert fast eða ákveðið prestsetur, en enginn vafi mun leika á því, að bygging hans gildi að eins á meðan hann er prestur. Við næstu prestaskifti, er sá prestur, er brauðið fær, skyldur að taka við hálflendunni, sem hverju öðru prestsetri.

Nú hefir því verið haldið fram, að sá hluti jarðarinnar, er presturinn situr, sje bygður öldungis á sama hátt og venjulegt er með byggingu þjóðjarða, og hið sama er gefið í skyn í brjefum þeim, sem lögð hafa verið hjer fram um málið, en það ætla jeg sje algjör misskilningur.

Enn fremur hefir það verið venja, þótt hún sje að vísu ekki bindandi, að selja *ekki* hálflendur eða hluta úr þjóðjörðum.

Jeg sje því ekki ástæðu til þess, þar sem sýslunefnd hefir skýlaust lagt á móti því, að jörðin verði seld, og borið þar fyrir sig bein ákvæði 2. gr. þjóðjarðasölulaganna, að frumv. þetta geti náð fram ganga. Loks má benda á það, að nú er einmitt allsterk hreyfing bæði í Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarbæ og Þingeyjarsýslu, að stofna sameiginlegan húsmæðraskóla, og á meðan að ekkert er ákveðið um fyrirkomulag hans, þá virðist mjer því fremur ástæða til, að sú jörðin sje þó ekki seld, er komið getur til mála um að tiltækileg þætti sem skólasetur.

Hvort málinu verður vísað í nefnd, læt jeg mig litlu skifta, því þótt nefnd sje skipuð, þá mundi hún komast að líkri niðurstöðu og jeg nú hefi bent á. Nefndarskipun er því í mínum augum að eins til þess að draga málið.

Matthías Ólafsson: Jeg stend upp til þess að leggja það til, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

Magnús Kristjánsson: Það eru að eins örfáar athugasemdir út af ræðu háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), sprottnar af því, að mjer virtist hann ekki fara algjörlega rjett með öll málsatriði.

Þessi jörð, Möðruvellir, er engum þeim höftum háð, að ekki megi selja hana; hún er ekki prestsetur, þótt prestur dvelji þar nú sem stendur.

En þar sem háttv. þingmanni þótti það óvarlegt, að veita stjórninni heimild — því að hjer er að eins um heimild að ræða, — til þess að selja hálflendu, af því að það hefði aldrei komið fyrir, að jarðarhlutar hafi verið seldir, þá verð jeg að segja það, að margt liti undarlega út, ef þingið gjörði aldrei neitt, sem ekki hafði verið áður gjört.

Um afskifti sýslunefndarinnar af þessu máli er það að segja, að ef hún hefði ekki lagt á móti því, þá mundi það

auðvitað ekki hafa komið fram í þessu formi.

Hvort málinu verður vísað til nefndar, læt jeg mjer í litlu rúmi liggja. Landsstjórninni ætti að vera treystandi til að ráða fram úr þessu máli á viðeigandi hátt.

Bjarni Jónsson: Það er út af nefndarskipuninni, að jeg stend upp. Mín tillaga er sú, að kosin sje sjerstök jarðasölunefnd og frumv. vísað þangað, með því að fleiri frumv. þessu lík geta komið fram nú. En ótækt tel jeg, að vísa frumv. til landbúnaðarnefndar, með því að hjer er ekki um búnaðarmál að ræða.

Jóhann Eyjólfsson: Allir vitum vjer það, að þingið getur veitt heimild til að selja þjóðjarðir, en að minni skoðun ætti það að vera undantekningarlaus regla, að veita aldrei slíkar heimildir, þegar sýslunefndir hafa lagt á móti sölu jarða. Eftir hlutarins eðli hlýtur hver sýslunefnd að vita miklu betur um alla málavöxtu en hver einstakur þingmaður; henni er það ljóst hvað vakir fyrir henni í því tilliti, og það er hart og óviturlegt og óviðeigandi, að taka fram fyrir hendur hennar í þessu falli. Af þessari ástæðu vil jeg ekki einu sinni greiða atkvæði með því, að frumv. verði vísað til nefndar, heldur tel jeg rjettast að fella það nú þegar.

Stefán Stefánsson: Jeg ált það algjörlega andstætt gildandi lögum, að þingið fari að hlutast til um þetta mál. Skilyrðið fyrir sölu þjóðjarða er ómótmælanlega það, að sýslunefnd ljái samþykki sitt til sölunnar.

Eins og jeg hefi tekið fram, er það skoðun ýmsra, að verði húsmæðraskóli stofnaður fyrir Norðurland, og hann ætti að standa í sveit, að þá væri hann best settur á Möðruvöllum. Sama er og að segja um það, ef instu 4 eða 5 hreppar nir utan við Akureyri kæmu sjer saman um, að koma á fót unglingaskóla, þá væri hann þar tvímælalaust best settur.

Full sönnun þess, að hálflenduna verði að skoða sem framtíðarprestsetur, er það, að presturinn hefir tekið prestakallalán, til þess að kaupa $^1/_2$ íbúðarhúsið á Möðruvöllum. Þetta getur hver kynt sjer, sem annars hirðir nokkuð um það að vita. Af þessu leiðir það líka, að presturinn hefir tekið hálflenduna til ábúðar með því skilyrði, að hann yrði að sleppa henni, þegar brauðið væri veitt öðrum. Og þótt nú hafi presturinn að eins hálfa jörðina, þá getur vel farið svo, að næsti prestur verði svo mikill atorkumaður, að hann vildi fá hana alla til ábúðar. Þess má og geta, að jörðin er hentug til að gjöra tilraunir með grasbýli. Nú eru þar 1—3 bændur og þó lánaðar þaðan slægjur, svo að nemur hundruðum hesta árlega.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 13 : 7 atkv. og til landbúnaðarnefndar með 12 : 7 atkv., en þá nefnd skipuðu þeir

Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Guðmundur Hannesson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson.

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 30. júlí, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 80, n. 121).

Magnús Kristjánsson: Það er algjörlega þýðingarlanst, að fjölyrða nokkuð um þetta. Landbúnaðarnefndin virðist hafa tekið þá stefnu, að sálga flestu því, er til hennar kemur, og svo mun eiga að fara um þetta mál. Mjer finst kynlegt, að nefndarálitið skuli vera algjörlega órökstutt. Það hefði óneitanlega farið betur á því, að nefndin hefði reynt að færa einhver rök fyrir sínu máli, heldur en að koma með lagatilvitnanir, sem engri átt ná, og sanna einmitt það gagnstæða því, sem til var ætlast. Þessi tilvitnun í 2. gr. þjóðjarðasölulaganna sýnir, að háttv. nefnd hefir ekki lesið þau lög, því þar er einmitt gjört ráð fyrir þeirri aðferð, sem hjer hefir verið við höfð. Mjer þykir reyndar ekki ólíklegt, að atkvæðagreiðsla fari nokkuð eftir því, hvernig fer um frumvarpið um frestun framkvæmda á sölu þjóðjarða, sem hjer liggur fyrir.

Jeg fer svo ekki fleiri orðum um þetta í bráð.

Frsm. (Guðm. Hannesson): Það er þýðingarlaust, að ræða um þetta frekar. Nefndin er öll á einu máli um það, að ekki beri að selja slíka hálflendu, ekkt síst er prestsetur er á jörðinni og prestakallalán tekið til húsabóta þar. Sýslumaður er heldur ekki samþykkur sölunni, að því er jeg veit, enda er og jörðin fallin til sundurskiftingar, ef vera skyldi.

Annars er, eins og jeg tók fram strax, ekki til neins að tala frekar um þetta. Nefndin hefir öll verið á einu máli um það, að hún geti ekki mælt með sölunni.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að gjöra örlitla grein fyrir undirskrift minni undir nefndarálitið, af því að jeg hefi bætt þar við einu litlu orði, orðinu ósamþykkur. Jeg vil lýsa í örfáum orðum í hverju það ósamþykki er fólgið. Jeg get ekki sjeð, að eftir þeirri stefnu, sem ráðið hefir í þessu máli, sje hægt, með nokkurri skynsemd, að gjöra upp á milli manna, sem sækjast eftir að fá ábýlisjarðir sínar keyptar, þegar svo stendur á, að hið opinbera þarf ekki á jörðunum að halda. Þó að jeg, að grundvellinum til, sje á móti allri þjóðjarðasölu og vildi helst, að þveröfug stefna væri tekin í því máli, þá get jeg ekki verið því samþykkur, að einstakir menn sjeu ranglættir, með því að draga eina og eina jörð undan, þegar ekkert mælir á móti því, að jarðirnar sjeu seldar, frá sjónarmiði þeirrar stefnu, sem annars er látin gilda.

Nú er það auðsjeð, að þessi hálflenda, sem hjer er um að ræða, er ekki þannig, að hið opinbera þurfi nokkurn tíma á henni að halda. Þessi helmingur var áður skólajörð. En nú datt mönnum það snjallræði í hug, að flytja skólann til Akureyrar, og má búast við, að þeirri stefnu verði haldið áfram, að setja þar alla skóla. Hinn helmingurinn er prestsetur, og er nægur til þess, að allra dómi.

Hvað mælir þá á móti því að selja þenna jarðarhelming? Jú, það er þessi undarlega grasbýlishugmynd. Nú er það vitanlegt, að ekki getur komið til mála, að nokkur maður geti framfleytt sjer og sínum á grasbýlisbúskap einum saman. Grasbýli verða aldrei nema aukageta handa þeim mönnum, sem annars stunda fiskiveiðar eða iðnað. Fyrir því er augljóst, að grasbýlin verða að vera í námunda við verstaði eða kaupstaði. Hitt er barnaskapur, að ætla sjer að skifta niður í grasbýli jörðum, sem liggja langt inni í landi, langt frá verslunarstöðum og verstöðum. En svo er því farið um þessa jörð, svo sem kunnugt er.

Vegna þess, sem jeg hefi nú tekið fram, er jeg samnefndarmönnum mín-

um ósamþykkur í þessu máli, og vil leggja til, að frumv. verði samþykt.

Guðmundur Eggerz: Jeg vildi leyfa mjer að benda á, að mjer skilst það ekki rjett hjá landbúnaðarnefndinni, að frumvarp þetta komi í bága við 2. gr. þjóðjarðasölulaganna. 2. gr. miðar ekki til annars en að takmarka heimild umboðsvaldsins til að selja þjóðjarðir og kirkjujarðir. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, að ný lög sjeu samin um sölu á þessari jörð eða öðrum jörðum.

Enn vil jeg benda á, að það getur ekki verið varhugavert, að samþykkja þetta frumv., þar sem stjórninni er með því að eins veitt heimilt til að selja jörðina. Það er ekki verið að skylda hana til þess. Eins og við vitum hafa fyrirfarandi stjórnir farið varlega í sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og er engin ástæða til að ætla annað en að áframhald verði á því.

Jóhann Eyjólfsson: 2. gr. þjóðjarðasölulaganna tekur það skýrt fram, að ekki sje heimiluð sala á þeim þjóðjörðum eða kirkjujörðum, sem viðkomandi sýslunefndir mæla á móti að fargað sje úr eigu hins opinbera. Þetta er í samræmi við þá skoðun, að gjöra sem flestar jarðir að sjálfsábúðarjörðum, aðrar en þær, sem hið opinbera þarf til sinna nota. Þess vegna á ekki að selja neina þá jörð, sem viðkomandi sýslunefnd mælir á móti að seld sje *(Bjarni Jónsson:* Alþingi má gjöra það), en Alþingi á ekki að gjöra það, því að ekki er hægt að búast við, að það hafi betur vit á því, hvað heppilegast er í því efni, heldur en viðkomandi sýslunefnd. Það er hart, ef menn hafa hugsað sjer, að koma upp nytsemdarfyrirtæki, t. d. skóla, á einhverri sjerstakri jörð, sem er þjóðar eign, að Alþingi taki þar fram fyrir hendurnar á mönnum, og gjöri það fyrir einstakan mann, að farga jörðinni og gjöra þar með slíkar framkvæmdir ómögulegar. Það ætti ekki að koma fyrir. Því ætti jafnvel að bæta inn í lögin, að hreppsnefndirnar hefðu einnig umsagnarrjett um þessi mál. Á því er oft full þörf. Þó að jeg sje mjög hlyntur þeirri stefnu, að sem flestar jarðir lendi í sjálfsábúð, þá vil jeg ekki að það komi fyrir, að hreppum eða fjelögum sje gjört ómögulegt að halda sjerstökum jörðum eftir, sem hentugar eru til einhverra sjerstakra framfarafyrirtækja. Ef hreppsnefndin eða sýslunefndin hafa fastar og ákveðnar hugsjónir eða stefnu um til hvers þessi sjerstaka þjóðjörð skuli notuð, hjeraðinu til gagns og gengis, þá tel jeg það óhæfu, að Alþingi beiti valdi sínu gagnvart þeirri reglu.

Pjetur Jónsson: Mig langar til að gefa hjer orð í, þó að jeg búist við, að frumv. verði felt samkvæmt tillögu meiri hluta nefndarinnar. Mjer virðist að komið hafi í ljós, hjá sumum þeim, sem talað hafa í þessu máli, talsverður misskilningur á anda þjóðjarðasölulaganna. Jeg vil segja, að andi stjórnarskrárinnar sjálfrar sje sá, að landssjóður haldi fast á fasteignum sínum, þar sem ákveðið er, að þeim skuli ekki fargað öðru vísi en með sjerstökum lögum. Mjer virðist ekki rjett það, sem háttv. þingm. Dal. (B. J.) hjelt fram, að hallað sje rjetti manna með því, að einstakar jarðir sjeu teknar út úr og neitað um sölu á þeim. *(Bjarni Jónsson:* Í samanburði við aðra). Þetta hlýtur svo að vera, úr því að um þjóðjarðasölu er að ræða. Um þjóðjarðasöluna hafa þau almennu lög verið sett, að heimila að farga þeim jörðum, sem engin eftirsjón er í að missa fyrir hið opinbera. Um þær, sem eftirsjón er í, er

alls ekki að tala. Það getur enginn gjört sjer neinar fastar vonir um, að fá þær keyptar. *(Bjarni Jónsson:* Það er engin eftirsjón að þessari jörð). Þá kemur til þess, að hverjum jörðum er eftirsjón. Það eru þær jarðir, eftir 2. gr. þjóðjarðasölulaganna, sem viðkomandi sýslunefndir telja hæfar til opinberra þarfa, eða til sundurskiftingar í grasbýli. Ef ekki á að meta sýslunefndirnar að neinu í þessu efni, þá eru ekki lengur nein takmörk fyrir því, hvað selt er og hvað ekki, af fasteignum landsins. Og ef sýslunefndunum er ekki trúað til, að fara með þetta leiðbeiningarvald, þá á að taka það af þeim með lögum og koma því öðru vísi fyrir, en ekki að ónýta það, meðan það er í lögum. Það er andi þjóðjarðasölulaganna, að sem flestir búi á sjálfseign. En hins vegar er ekki mikill munur á því, hvort menn búa á sjálfseign eða opinberri eign, ef vel er með leiguliðana farið. Og þegar landssjóður er sjálfur landsdrottinn, þá er það honum í sjálfs vald sett, að fara vel með leiguliða sína. Þegar einstakir menn eiga jarðirnar, eða hafa umráð yfir þeim, er hætt við að verr fari fyrir leiguliðunum. Jeg býst við, að okkur háttv. þingm. Dal. (B. J.) greini ekki á um þetta atriði. Háttv. þingm. Dal. (B. J.) gjörði lítið úr grasbýlishugmyndinni í þessu sambandi. En það er einmitt andi þjóðjarðasölulaganna að hlynna að sjálfsábúðinni, með því að setja takmörk fyrir því, að þær jarðir verði seldar, sem sjerstaklega eru hæfar til sundurskiftingar í grasbýli. Það var aðalatriðið í 2. greininni að koma því til leiðar, að hlíft væri við að selja slíkar jarðir, svo að þær síðar meir gætu komist í sjálfsábúð, á þann hátt, að þeim væri skift á milli þeirra manna, sem ekki geta náð í og eignast heilar jarðir, heldur að eins smærri jarðabletti, grasbýlalóðir. Mjer er þetta ljósast, því að jeg var sjálfur við, er lög þessi voru samin.

Hvað þá jörð snertir, sem hjer er um að ræða, þá er það ljóst, að hún er einmitt mjög vel fallin til sundurskiftingar í grasbýli. Einnig er það mjög líklegt, eins og háttv. 2. þingm. Eyf. (St. St.) mintist á, að ef húsmæðraskóli yrði stofnaður í Eyjafirði, þá yrði hann settur á þessa jörð fremur en nokkra aðra. Jeg býst við, að erfiðara verði að velja um skólajarðir í Eyjafirði, ef þessari jörð verður ráðstafað til annars. Nýlega var fargað annari jörð þar norður frá, sem heppileg var til þessara hluta, Kjarna í Eyjafirði, þó að hún væri, til allrar hamingju, ekki seld einstökum manni í hendur.

Magnús Kristjánsson: Það eru að eins örfá orð, sem jeg vildi segja. Í rauninni tel jeg þýðingarlítið að ræða þetta mál mikið, og virðist mjer, að umræður þær, sem hjer hafa farið fram, ættu betur heima þegar rætt verður um breytingu á þjóðjarðasölulögunum.

Jeg vil að eins mótmæla því, sem hv. þm. S.-Þing. (P. J.) virtist leggja áherslu á, að svo framarlega sem sýslunefnd legði á móti sölu á þjóðjörð eða kirkjujörð, þá gæti ekki komið til nokkurra mála að selja hana. Jeg neita þessu algjörlega, því að þá væri niðurlag 2. gr. þjóðjarðasölulaganna algjörlega þýðingarlaust. Jeg skal svo ekki eyða fleiri orðum að því, sem þessi háttv. þm. (P. J.) sagði.

Jeg skal ekki heldur tala langt mál út af ræðu hv. þm. Mýr. (J. E.). Hann virtist ganga út frá því, að sýslunefndirnar ættu að sjálfsögðu að ráða meiru í þessu máli en Alþingi, og hreppsnefndir meiru en sýslunefndir. Ef þessum hugsanagangi er fylgt út í æsar, þá verður niðurstaðan sú, að ábúandinn sjálfur ætti að ráða mestu um það, hvort

hann fengi ábýlisjörð sína keypta eða ekki.

Jeg skal svo ekki ræða málið frekar, með því að jeg tel það með öllu þýðingarlaust.

ATKVGR.:

Frvgr. feld með 16 : 4 atkv. og frv. þar með

fallið.

---

5. Fuglafriðun.

Á 15. fundi í Nd., laugardaginn 24. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913 (A. 87. [Frá dýrtíðarnefndinni]).

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók frv. út af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Jeg skal ekki fara út í einstök atriði þessa frumv., enda gefur það ekki ástæðu til þess. Nefndin hefir lagt til, að gjöra þessar breytingar, sem hjer um ræðir, til þess að gjöra mönnum hægara að afla sjer matfanga í dýrtíðinni. Jeg skal að eins taka það fram, að nefndin áleit óheppilegt, þar sem nýlega er búið að breyta fuglafriðunarlögunum, að koma fram með margar brtt. Bjóst hún við, að það gæti orðið til þess að rugla menn, og tók því það ráð, að leggja til að lögunum yrði breytt í það horf, sem þau voru í síðast, áður en þeim var breytt. Svo er gjört ráð fyrir, að núgildandi friðunarlög gangi aftur í gildi, þegar þessara bráðabirgðalaga þykir ekki lengur þörf.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að segja meira að svo stöddu. Ef menn álíta það þess vert, að lengja umræðurnar nú við 1. umr., þá mun mjer gefast tækifæri til að svara síðar.

Guðmundur Eggerz: Jeg vil benda háttv. nefnd á það, að jeg hygg það vera óheppilega aðferð, að taka eldri lögin orðrjett upp. Jeg lít svo á, að ráðstöfun sú, sem háttv. nefnd stingur upp á, sje að eins til bráðabirgða, gjörð til þess að gjöra mönnum hægra fyrir að afla sjer ódýrara matarhæfis, meðan á dýrtíðinni stendur og erfiðleikunum á að afla sjer bjargar, vegna ófriðarins. Sje þetta tilgangur nefndarinnar, sem jeg hygg vera, þá er það ekki nema eðlilegt, að t. d. sje numið burtu lagaákvæðið um friðun rjúpna. En nefndin hefir líklega ekki gætt þess, að með því að taka upp eldri lögin óbreytt, þá verða um leið ófriðaðar ýmsar fuglategundir, sem enginn maður leggur sjer til munns, t. d. ernir og ýmsir smáfuglar, sem friðaðir voru árið um kring, svo sem t. d. svölur, tjaldar, stelkar, óðinshanar, hrossagaukar, starrar, vepjur, lóarþrælar o. s. frv. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hv. nefndar, sem vill gjöra svona miklar breytingar, sem ekkert bæta úr matarskorti, hvort hún vildi þá ekki líka láta breyta friðunarákvæðunum um lóur og spóa. Það eru fuglar, sem eru ágætir til matar og mundu vera skotnir nokkuð, ef þeir væru friðaðir á rjettan hátt. Þessa fugla má ekki skjóta fyrr en eftir 1. ágúst, en þá er það lítt mögulegt, vegna þess, að á þeim tíma eru fuglarnir farnir að safnast í hópa og gefa ekki færi á sjer. Þessu ætti að breyta, færa ófriðunartímann til 20. júlí. Það mundi bæta mikið úr. Það er ekki ástæða til þess að friða þessa fugla hjer, vegna þess, að þeir eru skotnir unnvörpum í útlönd-

um, þegar þeir fljúga þar yfir. (*Sveinn Björnsson:* Eru þetta ekki einstök atriði?). Nei, þetta eru princip-atriði og bendingar til nefndarinnar. Þá vil jeg líka skjóta því til háttv. nefndar, hvort ekki sje rjett að breyta friðunarákvæðunum um lunda. Hann er nú friðaður á tímanum frá 10. maí til 20. júní. Það ætti ekki að þurfa að friða hann lengur en til 3. júní, því að hann verpur ekki fyrr. Aftur á móti væri rjett að hafa hann friðaðan lengra fram eftir, því að eftir því sem nú er, má drepa hann meðan hann liggur á og er að unga út.

Þessum athugasemdum vil jeg skjóta til háttv. nefndar til yfirvegunar.

Skúli Thoroddsen: Jeg stend að eins upp til þess, að mæla á móti þessu frumv.

Eins og kunnugt er, þá er árið í ár fyrsta árið, sem rjúpan er friðuð, og þó vill dýrtíðarnefndin, að Alþingi kippi nú þegar að sjer hendinni, og ófriði rjúpuna.

Ástæða nefndarinnar til þessa er sú, að mönnum veitist þá hægra, að afla sjer fæðu. — En til þessa er því að svara, að sem stendur er nú — sem betur fer — ekki sá bjargarskortur, að nauður reki til þess, að gripið sje til þessa — enda hjer og um svo lítið að ræða, að það mundi litlu muna, og síst leiða gott af sjer.

Jeg get því ekki felt mig það, að fara nú þegar að ráða á þessi nýju lög — finst það of **smásmuglegt**, og það því fremur, sem hjer ræðir um fyrsta árið í sögu landsins, sem rjúpan nýtur þess, að eiga að vera friðuð.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en mun greiða atkvæði gegn frumv., er þar að kemur.

Guðmundur Hannesson: Mjer finst frumv. þetta, sem hjer liggur fyrir, satt að segja hneykslanlegt. Við lifum nú á alvörutímum; dýrtíð vofir yfir landinu og menn hjer í bæ eru allkvíðafullir margir hverjir og hugsandi um það, hvernig þeir fái framleytt lífinu. Til þess að athuga, hvað gjört yrði, til þess að ráða bót á þessu, hefir þingið nýlega kosið nefnd og hún hefir komið fram með þetta frumv., sem byrjar á því, að friðaðir skuli vera snjótitlingar og maríuerlur, en skjóta megi erni, hrafna og uglur, líklega sjer til matar. Ef nefndin hefði tekið til fáeina matfugla og leyft að skjóta þá á heppilegum tíma, þá gat hugsast, að það hefði komið að einhverju gagni, en annars hygg jeg, að fáir verði feitir af fugladrápi, og landslýð yfir höfuð muni verða það að litlum notum, síst fátækum bæjarbúum. Og ekki þykir mjer líklegt, að fuglaverðið verði svo lágt og framleiðslan svo mikil, að það hleypti niður kjötverðinu. Jeg býst ekki heldur við, að margir fátæklingar geti hlaupið út um fjöll og firnindi, til þess að skjóta rjúpur handa matarlausum heimilunum.

Jeg get ekki að því gjört, að þetta frumv. hneykslar mig, og jeg býst ekki við, að það komi að verulegu gagni.

Framsm. (Sveinn Björnsson): Háttv. þm. S.-Múl. (G. E.) þótti frumv. of grautarlegt. Hann vildi bæta úr því, með því að breyta lögunum frá 1913 á ný. Nú vil jeg spyrja, hvort er meiri grautur, að samþykkja nýju lögin breytt nú, eða láta eldri lögin vera í gildi um stuttan tíma? Það er sá minsti grautur, sem hægt er að gjöra. Og það var þetta, sem vakti fyrir nefndinni, þegar hún kom fram með tillögu sína. Með þessu er háttv. þm. Húnv. (G. H.) líka svarað. Þetta þarf engan mann að hneyksla, ef hann að eins vill athuga hvað verið er að gjöra. En ef menn taka frumv. án þess að athuga, að það

er svona úr garði gjört, til þess að valda sem minstum ruglingi, þá má vel vera, að fundvísar sálir finni einhver smá atriði, til þess að skopast að, eins og uglufræðingar hjer í deildinni hafa gjört. En jeg bið háttv. deild að taka frumv., eins og það liggur fyrir.

Jeg skal ekki fara langt út í það, hvort það sje til gagns í dýrtíðinni, að mönnum leyfist að skjóta ýmsa fugla til matar, en það vita bæði jeg og aðrir háttv. þingmenn, að það eru til heil bygðarlög, sem hafa mikla atvinnu við það, að skjóta rjúpur. Jeg vona, að háttv. þingm. sje það ljóst, að jafnframt verður bannað að flytja þessa fugla út, og verður þetta því ódýrari fæða yfir veturinn, þegar kjötið er stigið í verði.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fór mörgum fögrum orðum um það, hve ljótt það væri, að ófriða rjúpuna nú, þar sem þetta væri fyrsta friðarárið, sem hún nyti. Hún er nú búin að njóta þess í hálft ár, og það eru mjög skiftar skoðanir manna um, hvort þessi friðun sjöunda hvert ár hafi nokkura þýðingu, hvort hún nái tilgangi sínum, að varðveita kynið, ef á annað borð er hætta á, að því verði torímt. En jeg veit samt, að af þeirri ástæðu þarf ekki að vera athugavert að samþykkja frumv., því það á ekki að vera til langframa, en að eins til bráðabirgða. Jeg býst við því, að nefndin haldi fast við tillögur sínar, en auðvitað geta einstakir þingmenn komið með brtt., til þess að skopast að uglum og hrossagaukum. Aðalatriðið er, að komast að einhverri skynsamlegri niðurstöðu.

Jóhann Eyjólfsson: Jeg er hissa á því, hve hörð orð hafa fallið hjer í deildinni út af því, að stungið er upp á að gefa mönnum leyfi til, í erfiðum kringumstæðum, að gjöra sjer mat úr rjúpunni og öðrum ætifuglum. Satt að segja finst mjer frumv. nefndarinnar ekki ganga nógu langt. Og það er hálf einkennileg hugsun hjá háttv. þm., sem talað hafa á móti frumv., að vilja heldur að rjúpan verði ránfuglum að bráð en leyfa mönnunum að nota hana sjer til matar. Það er áreiðanlegt, að það fer mikið meira af rjúpu í fálkann og aðra ránfugla, heldur en í menn, þegar litið er til þess, hvað þeir eyðileggja af ungum og eggjum. Eyðileggjing ránfugla væri því hin mesta friðun á rjúpu og öðrum ætifuglum, og það er einkennilegt, að kjósa fremur að hlynna að þeim. En þar á móti virðist mjer, að þingið ætti að hugsa meira um manninn en ránfuglana, og unna honum fremur að hafa þetta æti. Við vitum það allir, að svo mikið er til af rjúpunni, og viðkoman svo mikil, að henni stafar lítil hætta af mönnunum; ránfuglar, tóur og harðindin eru þar mikið skæðari. Af manninum stafar henni ekki hætta, nema ef vera skyldi í harðindum, þegar hún neyðist til þess að fljúga niður í bygðina á útmánuðum. Þess vegna þarf helst að friða hana seinni part vetrar. En þótt hún sje skotin faman af vetri, getur henni varla fækkað fyrir það.

Þótt það sje kann ske fögur hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir friðunarlögunum, þá held jeg, að menn fari þar of langt. Fuglinn verður hvort sem er, samkvæmt eðli sínu, einhverntíma að deyja, og þá er ekki betra, að hann verði fremur öðrum að gagni en manninum, sem gefið er leyfi til að lifa á skepnum þeim, sem á jörðinni eru.

ATKVGR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 16 : 3 atkv.

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 30. júlí, var frumv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók frumv. út af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var frumv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 87, n. 89, 124).

Framsm. (Sveinn Björnsson): Jeg hygg, að mönnum finnist umræðurnar vera orðnar nógu langar í dag, og ætla því ekki að halda neina ræðu, að eins geta þess, að meiri hlutinn getur fallist á brtt. minni hlutans á þgskj. 124.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. samþ. með 18 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Hannes Hafstein,	Sigurður Eggerz,
Jón Jónsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Skúli Thoroddsen.
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Þjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson.	
Þór. Benediktsson.	

Björn Hallsson, Björn Kristjánsson, Guðm. Hannesson, Hjörtur Snorrason og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Einn þingmaður fjarstaddur.

2. gr. frumv. samþykt 14 : 3 atkv.

3. gr. samþ. með 13 : 3 atkv.

Viðaukatillaga 124 (ný 4. gr.) samþ. með 17 : 1 atkv.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 17 : 1 atkv.

Fyrirsögn talin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 : 3 atkvæðum.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ágúst, var frumv. tekið til 3. u m r. (A. 211, 243).

Samþykt að brtt. á þgskj. 243 komist að þegar í stað, með 12 samhljóða atkvæðum.

Sigurður Sigurðsson: Jeg bjóst við því, að háttv. framsögum. dýrtíðarnefndarinnar (S. B.) myndi segja nokkur orð um breytingartillögu mína. *(Sveinn Björnsson:* Ætla að geyma mjer það). En úr því að hann ætlar að geyma sjer það, þá vil jeg í stuttu máli gjöra grein fyrir henni.

Breytingartillagan fer fram á að fella burt 1. og 2. gr. frumv. á þgskj. 211, og að nema það aftan af 5. grein, sem stendur í sambandi við þessar umgetnu greinar. Jeg hygg, að menn geti verið fljótir að átta sig á, að þessi breyting er til bóta. Mjer finst, að dýrtíðarnefndin, sem átti að benda mönnum á sem hagkvæmastar leiðir út úr vandræðunum, hafi ekki látið ýkjamikið eftir sig liggja, enn sem komið er, annað en þetta kynduga frumvarp á þingskj. 211. Það má heimfæra upp á nefndina málsháttinn gamla: Fjöllin tóku ljettasótt, og gátu af sjer litla mús. *(Bjarni Jónsson:* Parturiunt montes, nascitur ridiculus mus!). Jeg er ekki laus við að vera hálfhissa á þessu frumvarpi, og finst það satt að segja vera að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur. *(Sveinn Björnsson:* Þar sem hann er hæstur). En þar sem lítil von er um það, að þetta frumvarp falli hjer, eftir því sem atkvæðagreiðslan fjell við 2. umræðu, og hefði verið langæskilegast, þá vildi jeg hafa sniðið af frumvarpinu mestu hneykslin.

Við fyrstu umræðu þessa máls var bent á það allrækilega, að lítið væri unnið við að ófriða þessa fugla, sem

lítill eða enginn matfengur er í. Jeg get algjörlega tekið undir það, og þarf ekki fleiri orðum að því að eyða; það er svo augljóst. Jeg álít, að dýrtíðarnefndin sæla hefði átt að snúa sjer að einhverju öðru, sem happavænlegra hefði verið landi og lýð og bjargvænlegra en fuglafriðunarlögunum, eða þeirri breytingu á þeim, að ófriða nokkura smáfugla, því slíkt er einber hjegómi.

Jeg vona að svo mæltu, að háttv. deild samþykki tillögur mínar, því þær eru einfaldar og óbrotnar og miða til bóta. Ella felli hún frumvarpið.

Framsögum. (Sveinn Björnsson): Þessar brtt. eru komnar fram á elleftu stundu til að »bjarga« málinu, að sögn flutningsmanns. Úr því að þær hafa komið fram, vil jeg minnast stuttlega á þær frá mínu sjónarmiði. Nefndin hefir ekki haft tíma til að athuga þær, svo að það, sem jeg segi, segi jeg að eins fyrir sjálfan mig. Þessar brtt. eru ekki skaðlegar að efni til, en jeg vil þó undirstrika það, sem jeg hefi áður margtekið fram, að það var meining nefndarinnar, að innleiða það ástand, sem var áður en núgildandi fuglafriðunarlög gengu í gildi, til þess að rugla sem minst í lögunum. Jeg hjelt, að jeg þyrfti ekki að segja þetta nema einu sinni, til þess að það skildist, en háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir ekki skilið það, þótt hann hafi heyrt það tvisvar. Þess vegna segi jeg það nú í þriðja sinn, og bið hann nú að taka vel eftir.

Háttv. sessunautur minn (G. E.), sem biður nú um orðið, heldur víst að frumvarpið sje fram komið til þess, að gefa honum leyfi til þess að borða uglur. En það var þó ekki meiningin, heldur var það ætlun nefndarinnar, að færa lögin í sama form og þau voru í, áður en núgildandi friðunarlög gengu í gildi. Jeg held, að það sje heppilegast, að halda því formi, sem nefndin hefir stungið upp á, einmitt til þess — svo jeg taki það fram enn einu sinni — að menn eigi hægra með að átta sig á, hverjir fuglar eru friðaðir og hverjir ekki. Jeg mun því fyrir mitt leyti greiða atkvæði á móti brtt.

Hvað það snertir, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, um að dýrtíðarnefndin hefði ekki gjört annað en að koma fram með þetta eina frumv., sem hann telur mjög ómerkilegt, eins og hann lýsti með málshættinum latneska, sem hann fór þó með í íslenskri þýðingu, þá get jeg ekki skilið, hvað honum gengur til að segja þetta, nema ef hann vill fá tækifæri til að láta það sjást í Þingtíðindunum, að þingmaður geti sagt ósatt. Því að honum er fullkunnugt um það, að heimildarlögin, sem samþykt voru hjer í deildinni í dag, vegna Norðurálfustyrjaldarinnar, eru líka komin frá dýrtíðarnefndinni, og eru þau að dómi hans sjálfs og annara mjög mikilsvert mál.

Guðmundur Eggerz: Jeg vil leyfa mjer að styðja brtt. á þgskj. 243. Jeg sje ekki neitt athugavert við þær, þótt friðunartímanum sje ekki breytt í það horf, sem jeg hefði helst kosið, að því er snertir spóa og lóur. En þær bæta mikið úr þeirri grautargjörð, sem komin er á, eftir frv. á þgskj. 211.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði, að gömlu lögin væru tekin upp, til þess að gjöra breytinguna sem aðgengilegasta fyrir almenning, svo að hún ylli ekki ruglingi. En jeg held, að það sje gjört af öðrum ástæðum. Nefndarálitið sýnist bera það með sjer, að í nefndinni sjeu fáir menn, sem þekkja fuglana eða eru kunnugir stærð þeirra og lifnaðarháttum. Nefndin hefir því ekki sjeð sjer fært, að breyta lögunum á annan hátt

en þann, að grípa til gömlu laganna og láta þau gilda, og við þetta er komin fram sú herfilegasta grautargjörð, sem enginn botnar í. Flokkaskiftingin í þessu máli er jafnvel orðin enn þá einkennilegri heldur en hjer í háttv. deild. Jeg skal nú benda á nokkur atriði. T. d. eru svölur ófriðaðar. Það er enginn matur í svölum, og ekki heldur í sendlingum eða snæuglum. Þetta er alt ófriðað. Ernir voru áður friðaðir, en nú á að fara að skjóta þá. Þetta getur ekki verið gjört til þess, að gjöra mönnum greiðara að afla sjer matfanga, heldur er það afleiðing af því, að nefndin tók upp gömlu lögin. En jeg skal leyfa mjer að benda á, að þessi fulglafriðunarlög eru nú orðin nokkuð mörg. Fyrst eru lög frá 17. mars 1882, og aftur koma út friðunarlög 1885, sömuleiðis 1890, og enn 1903 og svo loks 1913, þau lög, sem nú er verið að breyta.

Ef þetta frumv. gengur fram, þarf maður helst að hafa með sjer lagasafnið og stúdera það vel og lengi, ef maður fer að skjóta. En ef brtt. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) ganga í gegn, verður þetta miklu skýrara. Eina breytingin verður þá fólgin í því, að rjúpan verður ekki friðuð alt árið. Hugsunin var líka sú fyrir dýrtíðarnefndinni, að ófriða rjúpuna. Jeg get vel sætt mig við það, því að afstaða mín til þess máls í fyrra var sú, að lengja friðunartíma hennar, en láta hana ekki vera friðaða heilt ár. Jeg vona, að brtt. á þgskj. 243 verði samþyktar. En verði frumv. samþykt eins og það liggur fyrir, þá hefi jeg heyrt það sagt, að ekki muni verða »spanderað« á það umræðum í háttv. Ed., þegar það kemur þangað, heldur muni hún þegjandi ganga milli bols og höfuðs á því.

Bjarni Jónsson: Það væri gaman að heyra, hvort þessi háttv. þm., sem nú settist niður, hefir ekki frjett líka af undirtektum konungsvaldsins undir þetta mál, svo að maður geti hagað atkvæði sínu eftir því.

Annars stóð jeg upp til að lýsa yfir því, að mig hefir hent sá gleðilegi hlutur, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir sannfært mig, raunar ekki um það, sem hann vildi, heldur um hið gagnstæða. Af því að jeg hefi metið þessi lög fremur lítils, hafði jeg í hyggju að vera á móti þeim, en nú hefir hann komið því til leiðar, að jeg ætla að greiða atkvæði með lögunum. Raunar þætti mjer það hálfleiðinlegt, ef jeg með því yrði þess valdandi, að háttv. 1. þm. S.-M. (G. E.) þyrfti að rogast með lagasafnið með sjer, ef hann færi út að skjóta. Það væri miklu hentugra fyrir hann, að hafa með sjer þetta eina blað, sem hann gæti hæglega stungið í vasa sinn.

Jeg skil ekki vel, hvers vegna þessar brtt. eru fram komnar, nema ef það skyldi vera vegna arnarins, en jeg skal ekki halda lengra út í það. Kann ske það sje líka til að bjarga skúmnum frá drápi, og þá get jeg skilið það. Jeg held nú reyndar, að frumv. sje naumast svo mikils virði, að eyðandi sje fyrir það brtt. og umræðum. Jeg ætla ekki heldur að fara að eyða að því mörgum orðum, en jeg stóð að eins upp til að láta deildina vita, hvað vel háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefði tekist að sannfæra mig, þegar hann fór að tala latínuna.

Jóhann Eyjólfsson: Mjer er illa við þessar brtt. á þgskj. 243. Jeg sje ekki, að neitt sje meint með þeim, sem til gagns megi verða. Það sýnist vera sama, hvort 1. gr. verður samþykt eða ekki, því að hvað sem lagabókstafurinn segir um það, hvort þessir smáfuglar skuli friðaðir eða ekki, þá veit það hver maður, að í þeim er engin matbjörg, og

því ekki til neins að slægjast, að veiða þá, enda er líka sama sem ekkert gjört að því. Ef þörf er á að friða þá, myndi það helst vera fyrir kettinum og ránfuglum, en þeir hlýða lítt lögum.

Þá er brtt. við 2. gr., viðvíkjandi því, að taka aftur ófriðunina á ránfuglum. Það finst mjer illa til fundið, því að mjer er ekki vel við ránfuglana, tel þá illa og óþarfa, og á engan hátt landinu til uppbyggingar. Aftur á móti þykir mjer vænt um litlu fuglana og þá fugla, sem við getum haft til matar. Jeg hugsa fyrst og fremst um manninn, að hann hafi eitthvað til að lifa á. En ránfuglarnir eru skæðir keppinautar okkar mannanna í því tilliti, því að í þá fer mikið af eggjum og ungum og yfirleitt af fuglakjöti. Það getur ekki annað vakað fyrir þeim mönnum, sem vilja friða ránfuglana en að viðhalda sem fjölskrúðugustu dýraríki. Jeg sæi ekkert, eða að minsta kosti mjög lítið, eftir ránfuglunum, þótt þeir eyddust með öllu. Mjer væri líka alveg sama, þótt jeg sæi aldrei tófur, rottur eða mýs, þrátt fyrir það, þó að með því kæmi dálítið skarð í dýraríkið okkar og gjörði það fátækara og ófjölskrúðugra en áður. Þar á móti vildi jeg feginn stuðla að því, að fjölga þeim fuglunum, sem bæði eru okkur til gagns og gamans. Það væri búmannlegra, að gjöra dýraríkið auðugra og fjölskrúðugra á þann hátt.

Guðmundur Hannesson: Jeg get ekki stilt mig um að taka svari ránfuglanna. Í fyrra átti að ófriða erni hjer á þinginu, en það var felt. Jeg kann ekki við, að nú sje farið að ófriða þá, þvert ofan í það, sem samþykt var á síðasta þingi.

Jón Magnússon: Jeg skal ekki fara mikið út í þetta mál, því að jeg álít ekki vert að lengja umræðurnar. Að eins skal jeg leyfa mjer að kasta því fram, hvort það geti ekki talist efasamt, að þessar tillögur sjeu formlega rjettar. Mjer skilst, að það geti verið efasamt, ef 3. tillagan verður samþykt, hvort 3. gr. laganna frá 1913 kæmi aftur í gildi. Í rauninni er það þó hvergi sagt, þegar þessi bráðabirgðalög falla úr gildi, að þá skuli aftur taka við lögin frá 1913. Jeg skal ekki segja um þetta með vissu, en það er óvarlegt að breyta lögum um stundarsakir, án þess að taka fram berum orðum, að eldri lögin komi aftur í gildi. Mjer finst, að þingið ætti að forðast það, að slíkt efamál geti komið fram eftir á.

Sigurður Sigurðsson: Mjer virðist mönnum ekki koma alveg saman um það, hvort brtt. geti komið til greina formsins vegna. Með það fyrir augum, að auðið sje að laga formið, vil jeg leyfa mjer að mælast til þess, að málið verði tekið út af dagskrá. *(Sveinn Björnsson:* Það er ástæðulaust). Jeg mæltist til þess af því, að mjer heyrisi það á mönnum, að þeir óski þess, en alls ekki af því, að jeg sjái neitt athugavert við formið á breytingartillögunum.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg leyfa mjer að minna háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) á það, þar sem hann var að hrósa sjer og dýrtíðarnefndinni fyrir að hafa komið fram með annað frumv, að *það* frumvarp var að eins framlenging á eldri lögum, og það litla, sem nefndin bætti við frá sjálfri sjer, *var síst til bóta.*

Framsm. (Sveinn Björnsson): Jeg vil að eins taka það fram, að jeg geng ekki inn á, að málið verði tekið út af dagskrá. Það er best að afgreiða það nú þegar. Það er síst ástæða fyrir háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að óska þess,

þar sem hann telur brtt. vera í fylsta formi. Hann ætti því ekki að vera hræddur um afdrif þeirra fyrir sitt leyti.

Forseti: Jeg sje ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá, og verða því brtt. bornar undir atkvæði.

ATKVGR.:
Brtt. 243,1 feld með 13 : 3 atkv.
— 243,2 feld með 13 : 4 atkv.
— 243,3 sjálffallin.
Frumv. óbreytt samþykt með 14 : 7 atkv. og afgreitt til Ed.
(A. 249).

---

6. Póstsparisjóðir.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um póstsparisjóði (A. 107 [frá meiri hl. sparisjóðanefndar]).

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var frumv. tekið til 1. umr. (A. 107, 114, n. 140).

Framsm. (Guðm. Hannesson): Jeg get verið fáorður um þetta frumv. Meiri hl. nefnarinnar telur æskilegt, að póstsparisjóðir komist á í sveitum, sem erfitt eiga með að ná til annara sparisjóða. Póstsparisjóðir eru víða um lönd, og reynast ágætlega. Jeg hygg, að póstsparisjóðir hafi tvo galla í margra manna augum. Vextirnir eru litlir, því kostnaður legst á geymslu og flutning fjárins, og hitt, að fjeð flytst á einn stað, úr hjeruðum og til landsatjórnarinnar hjer til Reykjavíkur, og þá um leið frá sveitunum eða einstöku hreppum.

Þetta hefir nefndinni þótt annmarki, og hefir verið sammála um, að það væri sanngjörn krafa, þar sem bankafyrirkomulag er ekki því betra, að fje hreppanna dragist ekki frá þeim á einn stað í landinu. Gjörðum við því brtt. á þgskj. 114 við 2. gr. frv., og bundum stofnun póstsparisjóðs því skilyrði, að hlutaðeigandi hreppsnefnd mælti með henni. Víða í landinu er erfitt að ná til sparisjóða; þar væri því gott að koma á póstsparisjóðum til viðbótar við hjeraðasparisjóði vora.

Hin aðalbreytingartillagan er auðskilin. Nefndinni þótti — og hafði enda heyrt það á öðrum líka — 15 ára frestur inn vera alt of stuttur, og hefir því lagt það til, að 50 ár verði látin líða, áður innstæðufje hverfi til sjóðsins, þá er eigendur gefa sig ekki fram.

Um sjálft frumvarpið er lítið annað að segja en að það er samið af Sigurði Briem póstmeistara, og fylgir því brjef hans til stjórnarráðsins með skýringum á frumvarpinu. Nefndin hefir farið yfir það grein fyrir grein, og ekki fundið annað athugavert við það en nú var talið, og væntir því, að háttv. deild muni fallast á það.

Sigurður Gunnarsson: Jeg sje að það er merkismál, sem hjer er fram komið. Það kemur frá nefnd, sem sett var um daginn í öðru máli, sparisjóðanefndinni. Það mun nú ekki vera vani, að frumv., sem koma frá heilum nefndum, sjeu fengin nýrri nefnd til athugunar, en mjer sýnist af ýmsum ástæðum rjett, að athuga þetta frumv. sem best, og vildi jeg því gjarna heyra hvað háttv. flutningsm. (G. H.) segir því viðvíkjandi.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Jeg sje að þessi aths. hv. þm. Snæf. (S. G.) muni geta haft við mörg góð rök að styðjast.

Að þetta frumvarp kemur svona frá okkur nefndarmönnum, kemur til af því,

að það barst nefndinni í hendur frá stjórninni, og þótti okkur þá rjett að koma því á framfæri. Og við vildum leggja það fram óbreytt, svo að háttv. deild gæfist kostur á að sjá það, eins og höfundur þess hafði frá því gengið, en láta jafnframt sjást, hvernig nefndin hefði hugsað sjer það, ef það hefði komið beinlínis frá henni. Þannig ber að skoða brtt. hennar við það á þgskj. 114. — Jeg hefi ekkert á móti því fyrir mitt leyti, að ný nefnd sje skipuð, en hins vegar efast jeg um, að hún myndi gjöra verulegar breytingar á frumv.

Sigurður Gunnarsson: Jeg þakka háttv. flutningsm. (G. H.) fyrir undirtektir hans. En það, sem vakti helst fyrir mjer, var það, ef hægt hefði verið að heyra ástæður nefndarinnar sjálfrar fyrir frumv., til þess að glöggva sig á þeim.

Jón Magnússon: Jeg man ekki til þess, að nokkurn tíma hafi verið sett ný nefnd í mál, sem kemur inn í þingið frá nefnd, og jeg skil ekki, að rjett sje, að fara að byrja á því nú. Það gæti komið fyrir, að máli væri vísað til nefndar aftur, til þess að íhuga það betur, en ekki hitt, að kjósa nýja nefnd. Annars má ef til vill segja, að það sje nefndinni sjálfri að kenna, að slíku er hreyft hjer, því að hún hefir ekki borið frumv. fram á heppilegan hátt. Það er að eins stjórn og þingmenn, sem eiga rjett á að flytja frumvörp inn í þingið, og þá eiga þeir að bera þau þar fram *eins og þeir vilja að þau sjeu*, en annarra tillögur geta þeir þá sent með sem fylgiskjöl.

Mjer þætti það, sem sagt, óheppilegt, ef farið yrði að vísa málinu til nýrrar nefndar, enda skildi jeg ekki orð háttv. þm. Snæf. (S. G.) sem beina tillögu um það, heldur hafi hann að eins viljað hreyfa því, eins og rjett var, að nefndin hefði átt að leggja beinlínis fram sínar tillögur í málinu.

Pjetur Jónsson: Jeg vil taka undir með háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.), og bæta því við, að þegar heil frumv., samin af einstökum mönnum, koma þannig frá nefnd, þá ætti að minsta kosti að mega vænta þess, að þeim fylgdu ítarlegar athugasemdir frá nefndinni. Hjer á þingi er gjört alt of lítið að því, að rita ítarleg nefndarálit og aðrar skýrandi athugasemdir, og segi jeg þetta alls ekki til þess, að áfellast þessa sjerstöku nefnd, öðrum framar, heldur af því, að jeg hefi, eins og hv. þm. Snæf. (S. G.), fundið til þess, að hjer hefir, sem oftar, of lítið komið fram beinlínis um skoðun nefndarinnar sjálfrar.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Það má vera, að okkur í nefndinni hafi yfirsjest í þessu að forminu til, og að frumv. hefði átt að koma fram algjörlega í okkar nafni, en frumvarp póstmeistara óbreytt að vera prentað sem fylgiskjal. Jeg fyrir mitt leyti er ekki svo vanur þingstörfum, að jeg vilji bera á móti því. En meiningin var að eins þessi, að láta frumvarpið halda sjer óbreytt, eins og það var frá höf. hendi, og gátu þingmenn eins fyrir það sjeð, hverjar athugasemdir og breytingar nefndin vildi við það gjöra. Hitt, hve stutt nefndarálit okkar var, kom til af því, hve fylgiskjalið með frv. sjálfu er ítarlegt.

Forseti: Út af umræðum þeim, sem hjer hafa orðið, skal jeg taka það fram, að það virðist koma í bága við anda þingskapanna og sömuleiðis við þingvenju, að tvær nefndir hafi sama mál til meðferðar í einu. Jeg sje mjer því

ekki fært, þótt tillaga kynni að koma fram um það, að láta kjósa nýja nefnd í þetta mál. — Annars skal jeg geta þess, að eins og þgskj. 107 ber með sjer, þá kemur þetta frumv. beint frá sparisjóðanefndinni, og það er altítt, að nefndir og einstakir flutningsm. koma fram með brtt. við sín eigin frumvörp, einmitt eins og þessi nefnd hefir gjört á þgskj. 114. *(Bjarni Jónsson:* Svo má vísa frumv. til nefndarinnar aftur). Það er annað mál, og það er auðvitað ætíð á valdi deildarinnar, að gjöra það, ef henni þykir misbrestur á meðferð máls í nefnd. Og enn fremur getur nefnd bætt við sig mönnum, ef þurfa þykir, og deildin leyfir það. Þessar tvær aðferðir álít jeg að sjeu þær einu, er hjer geti komið til greina og sjeu í samræmi við þingsköpin.

Framsm. (Guðmundur Hannesson): Jeg vildi að eins gjöra þá athugasemd, að það mundi hafa litla þýðingu, að vísa þessu máli aftur til sömu nefndarinnar. Hún hefir þegar athugað það. Og þótt farið yrði að bæta við hana manni, eða mönnum, þá kæmi mjer það á óvart, ef hann eða þeir fyndu svo margt athugavert við frumv., að verulegar breytingar yrðu á því gjörðar við nýja athugun.

Guðmundur Eggerz: Jeg skil ekki í þessum umræðum. Nefndin hefir einmitt farið þá leið, sem vant er að fara, og hæstv. forseti hefir þegar lýst yfir því, að hún hafi farið að samkvæmt þingsköpunum. Hinu legg jeg lítið upp úr, hvort nefndarálitið er margar eða fáar línur. Mjer er ekki kunnugt um, að þingsköpin ákveði hve nefndarálit skuli vera margar línur.

Ef frumv. væri svo örðugt viðfangs, að háttv. þingmönnum væri ofvaxið að átta sig á því, þá er auðvitað ekkert við því að segja. Þeir ættu þá ekki að greiða atkvæði. Þó vil jeg benda háttv. þingmönnum á það, að nefndin skilur frumv. og er fús að veita þeim »undirvísun« kauplaust.

Það var víst háttv. þingm. Snæf. (S. G.), sem fann þetta púður, en jeg held að það hafi komist væta í púðrið hjá honum í þetta sinn.

Jeg fyrir mitt leyti vil ekkert um málið tala nú. Jeg vil að það gangi til 2. umr. og mun þá gjöra grein fyrir fyrirvara mínum.

Björn Hallsson: Jeg verð að taka undir með háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.) um það, að þetta eru nokkuð undarlegar umræður, og jeg hafði ekki búist við þeim á þessu stigi málsins. Og þar sem því er skotið fram, eins og háttv. þingm. Dal. (B. J.) gjörði, að það megi vísa málinu til nefndarinnar aftur, þá tel jeg það sama sem vantraustsyfirlýsing til nefndarinnar. Jeg mundi fyrir mitt leyti segja hið sama um málið aftur í nefnd og jeg hefi þegar gjört, og svipað hygg jeg að yrði um aðra nefndar menn. *(Bjarni Jónsson:* Það var ekki tillaga, heldur að eins bending um hvað formlegt væri). Sama er að segja um það, að fara að bæta mönnum í nefndina. Það væri sama sem að setja nýja nefnd, því að gamla nefndin mundi ekki verða vitrari fyrir það.

Jeg skildi heldur ekki háttv. þingm. Snæf. (S. G.) svo, að hann styngi upp á nefnd, heldur að honum fyndist ekki eiga vel við, að sparisjóðsnefnd kæmi fram með breytingartillögu við frumv., sem hún sjálf flytur. En háttv. framsögum. hefir nú upplýst hvers vegna við gjörðum það.

Hæstv. forseti hefir einnig úrskurðað, að málið sje fyllilega formlega fram komið.

Þótt sumir af nefndarmönnum sjeu

fremur óvanir þingstörfum, þá höfum við ekki gjört nein afglöp í þessu, og engin ástæða því til annars en að láta málið ganga til 2. umr. og gjöra þá við það þær breytingar, sem þurfa þykir.

Sigurður Gunnarsson: Jeg held, að hjer lýsi sjer alt of mikil viðkvæmni, sjerstaklega hjá 2. hv. þm. S.-Múl. (G. E.). Hann hefir eflaust fundið margt púðrið, og það líklega ekki spilst af vætu. Jeg gjörði aldrei neina tillögu í þá átt, sem um hefir verið talað, heldur sagði jeg, að með því að hjer væri um merkilegt og íhugunarvert efni að ræða, þá hefði jeg óskað, að nefndin sjálf hefði gjört ítarlegri grein fyrir sinni skoðun, en gjört var. Hv. frsm. (G. H.) tók þessum athugasemdum mínum með allri stillingu, svo sem hans var von og vísa, og jeg kann honum þakkir fyrir. Og svo álít jeg óþarft að fara lengra út í þessar umr.

ATKVGR.:
Frumv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkvæðum.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 107, 114, n. 140).

Framsm. (Guðmundur Hannesson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frumv., sem hjer liggur fyrir. Nefndarálitið sýnir það, þó stutt sje, að nefndin er öll á einu máli um, að vilja ráða deildinni til að samþykkja frumv. En nefndarálitið er því stutt, að prentað er sem fylgiskjal brjef frá póstmeistaranum um þetta efni, og þar tekið fram flest það, sem nefndin taldi þörf á að taka fram.

Helsta breytingin, sem við leggjum til að gjörð verði á frumv. er sú, að láta ekki stofna þessa sparisjóði við alla póstafgreiðslustaði. Við óttumst nefnilega að svo geti farið, að þá keppi póstsparisjóðirnir við almenna sparisjóði, og það verðum við að álíta miður heppilegt. Nefndin ætlaðist til, að póstsparisjóðir yrðu heppileg viðbót við sparisjóði vora, þar sem þeir næðu ekki til, og annað ekki.

Jeg skal taka það fram, að þetta frv. er í öllum aðalatriðum sniðið eftir sams konar lögum útlendum.

Benedikt Sveinsson: Það kom fram við 1. umr. þessa máls, að það væri ekki svo undirbúið sem skyldi. Þá var það nefnt, hvort ekki væri rjett, að kjósa *nýja nefnd* til þess að fjalla um það betur. Það þótti ekki vera formlega rjett, að kjósa nýja nefnd, en jeg held að það væri rjett, að vísa því aftur til nefndarinnar, sem áður hefir haft það til meðferðar, og biðja hana að taka það aftur til nákvæmrar meðferðar. Því að það er mála sannast, að málið er ekki ljóst eins og það liggur fyrir. Þetta er nýmæli og þarf því að athuga það vandlega, og þótt brjef póstmeistans, sem nefndin vísar til, sje mjög ítarlegt, þá er það alt almenns efnis, en skýrir ekki neitt einstakar greinar frumv. Mjer virtist því full þörf á, að nefndin fjallaði betur um frumv. og rökstyddi það betur, því eins og það nú liggur fyrir má það heita órökstutt. Nefndin hefir komið fram með nokkrar breytingartillögur, en ekki sýnt hina minstu viðleitni á að rökstyðja þær. Jeg vildi nú leyfa mjer, að koma fram með nokkrar athugasemdir og biðja háttv. nefnd, að taka þær til íhugunar, eða jeg neyðist til að koma fram með breytingartillögu við 3. umr málsins.

Það er þá fyrst við 4. gr. frumv. á þingskj. 107. Þar er ákveðið, að þeir, sem vilja leggja inn minna en 1 krónu fái sparimerki og safni þeir þeim saman, þangað til þeir geta lagt inn nógu háa upphæð. Jeg sje ekki annað en að þetta sje óþarfa fyrirhöfn. Sparimerkin verða ekki gjörð nema með nokkrum tilkostnaði og um þau þyrfti að gjöra sjerstaka skilagrein og senda þau til allra póststöðva, og er alt þetta aukin og óþörf fyrirhöfn og kostnaður. Væri ekki alveg eins gott að selja *frímerki* í staðinn fyrir þessi sparimerki? Í Englandi er það gjört. Þar eru seld frímerki í þessum tilgangi. Það er að vísu svo nú, að 4% afsláttur er gefinn á frímerkjum, sem keypt eru í heilum örkum. Þetta verður þá auðvitað að afnema, enda engin sanngirni, sem mælir með því, og slíkt fyrirkomulag ekki til þeim löndum, þar sem alt, er að póstmálum lýtur, er í góðu lagi.

Í 8. gr. er í 1. lið ákveðið, að stjórnin ákveði, hve háir vextir skuli greiddir af innlögðu fje. Jeg mundi fella mig betur við, að lágmark vaxta væri ákveðið í frumvarpinu.

Þá er í 2. lið sömu greinar ákveðið, að vaxtalækkun gangi í gildi tveim mánuðum eftir að auglýsingin um hana hafi verið birt. Það gæti auðveldlega komið fyrir, að þessi tími yrði of stuttur. Auglýsingin gæti komið út, þegar póstar væru nýfarnir, og svo yrði að bíða eftir næstu póstferð eftir mánuð, og loks þegar sá póstur væri kominn í fjarlæga landshluta, vissi fólk fyrst um þessa auglýsingu.

Í 9. gr. frumv. er svo ákveðið, að uppsagnarfrestur skuli vera sem hjer segir:

Alt að 100 kr.	minst	7 dagar
Yfir 100 kr. alt að 500 kr.	—	14 —
Yfir 500 kr.	—	30 —

Jeg sje ekki betur en þetta sjeu alt saman óþarfa umsvif, ekki síst þegar ekki er gjört ráð fyrir að meira en 2000 kr. verði mest í hverri bók. Jeg sje ekki, að það þurfi frest til þess, að borga út slíkar smáupphæðir. Tel enga ástæðu til, að hafa slíkt ákvæði í lögunum. Að vísu mætti hafa einhvern lítinn frest fyrir stærri upphæðir; en að þurfa að bíða viku til þess að fá út einar 100 kr., það er einungis til þess, að enginn leggur inn í sjóðinn.

Þá kem jeg að brtt. á þgskj. 114, frá meiri hluta nefndarinnar. Það er fyrst við 2. gr. Þar vill nefndin gjöra þá breytingu, að hlutaðeigandi hreppsnefnd verði að gefa því meðmæli, að póstsparisjóður verði settur á stofn. Jeg sje ekki, að slíkt sje til bóta. Ef nefndin álítur málið gott, þá skil jeg ekki, hví hún vill sporna við því, að póstsparisjóðir verði settir á stofn sem víðast. Sumstaðar er ekki nema eitt pósthús í hverri sýslu, og þá ætti sú eina hreppsnefnd, sem er í sama hreppi og þessi póststöð, að ráða því, hvort sparisjóðurinn yrði stofnaður eða ekki. Ef nokkurt vit ætti að vera í þessu, þá ættu öll sveitarfjelög sýslunnar að eiga atkvæði um það mál.

Brtt. nefndarinnar við 5. gr. sje jeg ekki betur en komi alveg í bág við 22. gr. frumvarpsins.

Í brtt. við 14. gr. er það tekið fram, að póstsstjórnin skuli ekki greiða vexti af innstæðufje, ef það hefir legið í 50 ár í póstsparisjóði, án þess að við það hafi verið bætt eða af því tekið út, og skuli fjeð þá verða eign sparisjóðsins. Í frumv. er þetta tímatakmark 15 ár. Jeg skal játa, að þetta tímatakmark, 15 ár, er nokkuð stutt, en aftur á móti eru 50 ár óþarflega langt. Rjettast held jeg væri að fara bil beggja og setja t. d. 25 ár.

Þessar eru þá þær athugasemdir, sem jeg vildi gjört hafa, og vænti jeg þess,

að þær verði, að minsta kosti sumar þeirra, teknar til greina. Jeg veit ekki, hvort háttv. nefnd vill athuga þetta nánar til næstu umræðu, en annars mun jeg koma með brtt. til 3. umræðu í þessa átt. Jeg hefi ekki athugað frumv. svo nákvæmlega, að ekki geti verið ýmislegt fleira athugavert við það. Hygg jeg því rjettast, að umræðu yrði frestað að þessu sinni, svo að nefndinni og deildarmönnum yfir höfuð gæfist færi á að yfirvega málið betur, því þetta frv. er langt frá því að vera nógu rækilega undirbúið.

Frsm. (Guðmundur Hannesson): Jeg vil alls ekki hindra það, að þetta frumvarp verði sem best athugað og undirbúið. Þó skal jeg geta þess, að nefndin, sem hefir komið þessu frumv. á framfæri, fór í gegn um það grein fyrir grein og reyndi að athuga það sem best eftir föngum, Reyndar var það fyrirætlun nefndarinnar, að fara til póstmeistara og leita hjá honum frekari upplýsinga, en þegar til kom, var hann ekki í bænum, svo það fórst fyrir.

Jeg skal nú leyfa mjer að minnast örlítið á nokkur atriði í ræðu háttv. þm. N.-Þ. (B. S.). Það er þá fyrst að því er snertir það, sem hann sagði um sparimerkin. Jeg býst við, að nefndarmennirnir flestir hafi talið það óvíst, að sparimerki yrðu notuð að mun. En það má vel vera, að frímerki mætti nota með góðum árangri.

Um lágmark vaxta er það að segja, að jeg get ekki vel skilið, að neitt ákvæði um það gæti að verulegu gagni komið. Vextir verða að sjálfsögðu svo háir, sem hægt er, þegar allur kostnaður við rekstur sjóðanna er dreginn frá. Jeg gjöri ráð fyrir, að þeir verði hjer um bil $2^1/_2$—$3^0/_0$, eða nokkru lægri en venjulegir sparisjóðsvextir. En þetta er hæpið að ákveða fyrir fram.

Það er satt, að því er Reykjavík snertir, að uppsagnarfrestur mundi verða næsta þýðingarlítill, og væri því ef til vill ástæða til að setja sjerstök ákvæði um það. En það vakti fyrir nefndinni, að póstsparisjóði myndu engir Reykvíkingar nota, og mjer finst það ósköp eðlilegt, því að vextir póstsparisjóðanna munu verða jafnháir um land alt, og ef þeir verða lægri heldur en gjörist í sparisjóðum bankanna, þá get jeg ekki sjeð, að Reykvíkingar hafi neitt með póstsparisjóð að gjöra.

Það kom til tals í nefndinni, að láta sýslunefndir gefa meðmæli með, hvar stofna skyldi póstsparisjóði í hverri sýslu, en hitt varð þó ofan á, að leggja til, að hreppsnefndir gæfu þessi meðmæli. Það þótti sanngjarnara, vegna afskektra hreppa, sem vildu hafa póstsparisjóði út af fyrir sig, þó sýslunefnd kynni að draga taum sparisjóðs hjeraðsins eða sýslunnar.

Hvað það snertir, að gefa manni heimild til að sjá, hver upphæð er færð inn í póstbókina, þá var nefndinni það ljóst, að ekki bæri að sýna annað en þá upphæð, sem viðkomandi legði inn í hvert sinn, og hafa einhver ráð til þess að ekki sæist, hvað aðrir hefðu lagt inn á sömu síðu. Og það sýnist ekki vera neitt vandamál, því að ekki þarf annað en að leggja pappír yfir það, sem fært hefir verið inn á undan. Þess er krafist í 13. gr., að sparisjóðsbókum sje skilað til póststjórnarinnar, til þess að þær verði rannsakaðar, og ef þetta er látið undan falla, eins og nefndin bjóst við, að altítt mundi verða, þá yrði það skaði viðskiftamannsins, ef póstbókin sýndi minni innieign en viðskiftabók hans sjálfs. Það vakti fyrir nefndinni, að menn fengju að sjá, hver

upphæð er færð inn í póstbókina í hvert sinn sem menn leggja eitthvað inn í viðskiftareikning sinn, til að tryggja menn fyrir þessu.

Um 50 ára tímatakmarkið er það að segja, að nefndin hefir sett það inn með tilliti til þess, að eigandi bókar mundi í flestum tilfellum vera dáinn og búi hans skift. Ef enginn hefir gefið sig fram innan þess tíma, þótti rjett, að fjeð fjelli til sjóðsins, en ekki eftir svo skamman tíma, sem frumv. gjörir ráð fyrir.

Að lokum skal jeg taka það fram, hvað mig sjálfan snertir, að mjer er það hreint ekki á móti skapi, að umræðunum verði nú frestað, svo að málið yrði athugað á ný, jafnvel þótt mjer sýnist þessar mótbárur, sem komið hafa fram gegn frumv, ekki hafa við verulega góð rök að styðjast.

Magnús Kristjánsson: Jeg verð að lýsa því yfir, að jeg get ekki sjeð annað en að þetta sje frekar þýðingarlítið mál. Jeg skil ekki, hver ástæða getur verið til að stofna þessa nýju sparisjóði, því nú eru til í landinu margir sparisjóðir, og þeim fjölgar æ ár frá ári. Jeg sje því ekki annað en hjer sje verið að stofna til beinnar samkepni við þá sparisjóði, sem þegar eru til. Það þarf ekki að færa nein sjerleg rök fyrir þessu áliti mínu, því það er vitanlegt, að það er í fáum tilfellum ljettara að ná til pósthúsanna heldur en sparisjóðanna. Ein afleiðing af þessu er sú, að það mundi auka starf pósthúsanna, kosta aukna vinnukrafta og þar með ný útgjöld fyrir landið, en almenningsgagnið á hinn bóginn sáralítið, vegna þess, að út um alt land eru til bankar og sparisjóðir, sem geta fullnægt þörfum manna í þessu efni.

Það er mín skoðun, að þetta sje ekkert nauðsynjamál, og finn jeg því ekki ástæðu til, að greiða atkvæði með því.

Benedikt Sveinsson: Út af því, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, skal jeg leyfa mjer að benda á fylgiskjalið frá póstmeisara, sem prentað er með þgskj. 107, þar sem hann færir ljós rök fyrir því, að þessar stofnanir muni verða að gagni. Röksemdir hans eru almenns efnis um fyrirkomulag sjóðanna yfirleitt, og jeg sje ekki annað en að ýmislegt, sem þar er tekið fram, mæli með því, að slíkir sjóðir sjeu stofnaðir hjer, með því að þeir hafa reynst mjög vel í öðrum löndum. *(Magnús Kristjánsson:* Það á ekki alt við hjer, sem vel reynist í öðrum löndum). Veit jeg það, en úr því að þetta hefir gefist svo vel annarstaðar, þá er ekki ósennilegt, að það geti orðið hagkvæmt fyrir menn hjer. Þessir sjóðir eru til um allan Vesturheim, í Englandi, Sviþjóð, Frakklandi og yfir höfuð í flestum löndum Norðurálfunnar, og hafa hvarvetna þótt koma að góðu liði, og ættu því eins að geta orðið þarflegir hjer. Jeg get ekki skilið, að hætt sje við, að þessir sjóðir yrðu keppinautar annara sparisjóða. Það er ekki ætlast til, að þeir veiti hærri vexti, heldur er tilætlunin sú, að gjöra mönnum hægt fyrir, að koma því fje, sem menn þurfa ekki að nota í svip, til geymslu á *öruggum* stað. Það er ekki nema gott og þarflegt, að gefa mönnum þannig færi á að koma fyrir spariskildingum sínum, sem að öðrum kosti yrðu ef til vill að eyðslufje. Annars skal jeg ekki neitt um það segja að óreyndu, hvort þessir sparisjóðir myndu verða fremur lítið notaðir hjer. Eftir því, sem mjer heyrðist á hv. framsm. (G. H.), gjörði hann ráð fyrir, að þeir myndu verða fremur lítið notaðir. Hann bjóst við, að sjóðirnir

myndu ef til vill verða eitthvað notaðir utan Reykjavíkur, en í sjálfri Reykjavík alls ekkert. Ef svo færi, er þörfin ekki næsta mikil. En af því að jeg hefi fallist á rök póstmeistara, er jeg hlyntur þessari hugmynd.

Viðvíkjandi sparimerkjnnum skal jeg taka það fram, að þótt tilbúningur þeirra nemi ekki stórfje, þá munar það þó dálitlu, og er fullkominn óþarfi að kasta því fje á glæ, þar sem til eru önnur sparimerki, sem ekkert kosta, nefnilega frímerkin. Þau mætti nota í stað þessara sparimerkja, og við það myndi sparast mikil skriffinska, alt sjerstakt reikningshald og skilagrein fyrir sparimerkjunum, sjerstök sending þeirra um alt land, því að frímerkjareikningur er haldinn og frímerki alstaðar til hvort sem er. Þetta væri því bersýnilega til mikilla bóta. Þar að auki hafa menn stundum afgang af frímerkjum, sem hætt er við að týnist, en sjeu þau jafnframt notuð sem sparimerki, þá myndu menn gefa þau börnum og gætu þau límt þau inn í bækur sínar. Þegar svo er búið að skila frímerkjunum, verða þau stimpluð á pósthúsinu, og getur það síðan *selt þau fyrir helming þess verðs, sem þau kostuðu upphaflega.* En sparimerkin eru einkis virði. Þetta getur munað töluverðu fje, og virðist alt mæla með því, að frímerkin verði notuð í stað sparimerkjanna. En til þess útheimtist breyting á póstlögunum, svo að pósthúsin hætti að gefa afslátt á frímerkjum. En frumv. um það getur ekki komið öðruvísi fram á þessu þingi hjeðan af en frá nefnd.

Jeg skal ekki þræta við háttv. framsögumann (G. H.) um einstök atriði, enda hygg jeg að það myndi verða þýðingarlítið. Það er víst líkt á komið um okkur báða, að við höfum ekki haft tækifæri til að kynna okkur málið nákvæmlega, og er því naumast hægt að gjöra ráð fyrir því, að annar hafi alrjett fyrir sjer en hinn alrangt. Viðvíkjandi ákvæðinu um að innleggjandi fái heimtingu á að skoða í póstbókina, sagði háttv. framsm. (G. H.) að vel mætti koma í veg fyrir, að hann sæi meira en það, sem hann hefði sjálfur lagt inn, með því að leggja pappír yfir síðuna. Jeg held að í slíku sje lítil trygging, því að pappírsblaðið getur hæglega sópast burt. Þætti mjer því betur fara á, að sú breyting næði ekki fram að ganga. Hann gat þess enn fremur, að póstmeistari hefði ekki verið heima, þegar nefndin ætlaði að leita upplýsinga hjá honum.. Það er rjett, en nú er hann kominn heim, svo að nú getur nefndin ráðfært sig við hann. Jeg vil því að endingu skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki taka málið út af dagskrá og bera brtt. undir póstmeistara, áður en gengið verður til atkvæða um þær.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.

Brtt. 114 (við 2. gr.) feld með 16 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Guðm. Eggerz,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Arnórsson,
Stefán Stefánsson,	Hannes Hafstein,
Þór. Benediksson.	Hjörtur Snorrason,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Matth. Ólafsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson.

Björn Kristjánsson, Jóhann Eyjólfsson og Magnús Kristjánsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Eggert Pálsson, Einar Jónsson, Pjetur Jónsson og Skúli Thoroddsen voru fjarstaddir.

2., 3. og 4. gr. samþ. með 12 samhlj. atkvæðum.

Brtt. 114 (við 5. gr.) feld með 14 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Arnórsson,
Guðm. Hannesson,	Hannes Hafstein,
Matthías Ólafsson,	Hjörtur Snorrason,
Stef. Stefánsson,	Jón Jónsson,
Þór. Benediktsson.	Jón Magnússon,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Þorleifur Jónsson.

Jóhann Eyjólfsson, Magnús Kristjánss. og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Fjarstaddir voru 4 sömu þingm., sem taldir eru við fyrra nafnakallið.

5., 6., 7. og 8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

9., 10., 11., 12. og 13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 114 (við 14. gr.) samþ. með 11 : 4 atkv.

14. gr. svo breytt og 15., 16. og 17. gr. óbreyttar samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 114 (við 18. gr.) samþykt með 12 shlj. atkv.

18. gr. svo breytt og 19., 20., 21., 22. og 23. gr. óbr. samþ. með 13. shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 9. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 251, 259, 268).

Brtt. 259 og 268 voru of seint fram komnar, en leyfðar voru þær með afbrigðum.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Þetta mál horfir nú alt öðru vísi við en nefndin hafði ætlast til. Fyrir henni vakti, að póstsparisjóðir yrðu hentug viðbót við aðra sparisjóði í landinu og kæmu einkum þeim sveitum að gagni, sem erfitt eiga með að ná til sparisjóðs. Brtt. nefndarinnar við 2. gr. trygði það, að póstsparisjóður yrði ekki beinn keppinautur við venjulega sparisjóði, en við 2. umr. var hún feld, og hljóta því póstsparisjóðirnir eftir frumv., eins og það er nú, að verða beinir keppinautar sparisjóða vorra.

Afleiðingin af þessu er sú, að svo framarlega sem póstsparisjóðir þrífast, hrakar sparisjóðum hjeraðanna að sama skapi. Sparifje viðs vegar um land rennur þá alt til Reykjavíkur, og hjeruðin missa þessar einu peningalindir, sem þau hafa nú. Þau missa ekki eingöngu fjeð, heldur fá oftast miklu lakari lánskjör í bönkum, þó fje fengist þar, en þau fá nú í sparisjóðunum.

Í augum sumra manna er það mikill kostur við póstsparisjóði, að stjórnin fái mikið fje milli handa, geti notað það í stað útlendra lána, keypt fyrir það íslensk verðbrjef o. þ. h. Jeg tel vafasamt, að þetta sje rjett á litið. Ef sparifje hjeraðanna þurkast burtu og flytst til Reykjavíkur, þá neyðast þau til að leita lánsfjár þaðan. Fjeð vex ekki í landinu, þótt flutt sje það úr hjeruðunum til Reykjavíkur.

Eins og frumv. horfir nú við, get jeg alls ekki greitt því atkvæði mitt.

Magnús Kristjánsson: Jeg gat þess um daginn, að jeg teldi ekki mikla ástæðu til þess, að þetta frumv. næði fram að ganga, og færði jeg þá örfáar

ástæður fyrir því. Mjer virðist nú, sem hv. flutnm. (G. H.) líti ekki ólíkt á þetta mál og jeg, og kalla jeg það vel farið. Það, sem einmitt vakti fyrir mjer, var það, að þessi samkepni við sveitasparisjóðina væri ekki vel til fallin. Það er fyrirsjáanlegt, að ef þessir póstsparisjóðir yrðu á annað borð nokkuð verulega notaðir, þá myndu þeir um leið draga fje einstakra hjeraða til Reykjavíkur. Það teldi jeg illa farið af þeirri ástæðu, að jeg álít, að ekki neitt verulegt af því fje, sem safnast saman víðs vegar í sveitunum úti um landið, megi missast sem veltufje innan hjeraðanna sjálfra. Það myndi í flestum tilfellum verða hægra fyrir menn víðs vegar um landið að fá hagkvæm lán, ef sparisjóðir sveita og kauptúna næðu að aukast og eflast, en þetta póstsparisjóðafyrirkomulag tel jeg ekki vel til þess fallið. Jeg er þeirrar skoðunar, að þeim verði jafnan ljettast um að nota lánin, sem næstir búa peningastofnununum. Þetta er ofur eðlilegt, og þess vegna tel jeg það mjög varhugavert, að þetta fyrirkomulag verði tekið upp. Jeg minnist þess, að jeg hefi einhverstaðar heyrt, að það sje skaðlegt fyrir líkamsheildina, ef blóðrásina legði of mikið til einstakra hluta líkamans, t. d. til höfuðsins. Það mætti líkja þessu saman, því að ef peningastrauminn legði að mestu leyti til Reykjavíkur, þá myndi það gjöra sveitunum erfiðara fyrir. Þetta er aðalástæðan, en hvort hún þyki nægileg til að láta málið falla, skal jeg láta ósagt. Að minsta kosti er engin brýn nauðsyn á því, að þetta frumv. gangi fram. Jeg er sannfærður um, að hefðu lögin um sparisjóði verið samþykt í líku formi og þau komu frá stjórninni, hefði það orðið til þess að styrkja núverandi sparisjóði og örfa menn til að stofna fleiri. Það er enn ekki útsjeð um forlög þeirra, og þó þau væru ómynd, eins og þau fóru hjer úr deildinni, finst mjer ekki vonlaust um, að þeim verði breytt í það horf, sem þau voru í, þegar þau komu frá stjórninni. En póstsparisjóðirnir eru ónauðsynlegir, ef ekki beint varhugaverðir, eins og tekið hefir verið fram.

Benedikt Sveinsson: Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg myndi koma fram með brtt. til 3. umr. Jeg hætti þó við að koma með ýmsar brtt., sem jeg hafði ætlað mjer að gjöra, og ljet við lenda, að bera fram tvær brtt., sem brentaðar eru á þgskj. 268.

Fyrri brtt. er við 8. gr., um að lengdur verði frestur sá, sem póststjórnin hefir til að lækka lækka vexti, að í stað tveggja mánaða komi þrír mánuðir. Jeg færði rök fyrir því við 2. umr., að þessi frestur væri of stuttur, því að ef tilkynning um vaxtalækkun kæmi út rjett eftir að póstur færi frá Reykjavík, yrðu eigendur að innlögum ekki búnir að fá vitneskju um það, fyrr en eftir tvo mánuði. Jeg hygg því, að háttv. deild fallist á, að þessi breyting sje til bóta.

Hin brtt. er við 9. gr., viðvíkjandi uppsagnarfrestinum. Mjer þótti þessi uppsagnarfrestur nokkuð langur, einkanlega fyrir Reykjavík. Brtt. fer í þá átt, að ekki þurfi neinn uppsagnarfrest hjer á staðnum. Sumir eru nú ef til vill hræddir um, ef ótti kæmi upp, að menn hefðu ekki hemil á sjer og kynnu að rífa út alt fjeð í einni svipan, svo að póstsparistjóðurinn yrði ráðþrota. En hjer stendur öðru vísi á en í almennum sparisjóðum, því að fyrst og fremst er hámark inneignar í hverri viðskiftabók að eins 2000 kr., og annað það, að hjer er ekki um valta stofnun að ræða, þar sem sjálfur landssjóður hefir ábyrgð á öllu fjenu. Þegar þetta hvorttveggja helst í hendur, hygg jeg að engin hætta geti verið á því, að skelk-

ur komi mönnum til að rífa fje sitt út, enda mætti þá finna einhver ráð til bráðabirgða, ef til kæmi að á því þyrfti að halda, en það getur ekki komið fyrir. Jeg hygg, að það yrði einungis til að auka trafala og óþarfa skriftir, að vera að hafa þessa fresti fremur við þessa sparisjóði heldur en aðra, þegar um litlar upphæðir er að ræða. Jeg býst því við, að menn kannist við, að þessi brtt. sje til bóta og algjörlega hættulaus.

Jeg hafði hugsað mjer að koma líka með brtt. út af sparimerkjunum. Eins og jeg sagði við 2. umr., myndi verða miklu betra og umsvifaminna að nota frímerki heldur en sparimerki. Fyrst og fremst myndi tilbúningur þeirra kosta talsvert og svo myndi þurfa að gjöra sjerstaka skilagrein fyrir þessum merkjum, sem aldrei myndu þó seljast nema að mjög litlu leyti. Hitt fyrirkomulagið, að lofa mönnum að kaupa frímerki og nota þau eins og sparimerki, er svo miklu umsvifaminna, að á þessu tvennu er enginn samanburður. En sá hængur er þó á, að til þess að þetta gæti orðið, yrði að breyta póstlögunum lítilsháttar, því að þar er svo ákveðið, að þeir, sem kaupa frímerki í heilum örkum, fái afslátt af verði þeirra. Þennan afslátt, sem nemur 4%, þyrfti að afnema. Jeg gat ekki komið fram með með frumv. þess efnis, og sparisjóðanefndin hefir ekki heldur gjört það. Það er þó athugavert við þessa breytingu, að hún myndi hafa í för með sjer dálitla lækkun á tekjum póstmanna í landinu. Að vísu fá þeir ekki hundraðsgjald af þeim frímerkjum, sem þeir láta af hendi í heilum örkum, en 4% af því, sem þeir selja í lausasölu. Ef gjöra má ráð fyrir að það nemi 150,000 kr. á ári, sem selt er á öllu landinu, þá yrði hundraðsgjaldið 6000 kr., sem yrði beinn gróði landssjóðs, ef þessu gjaldi væri slept. Sanngjarnt væri má ske að fara bil beggja og lækka þetta gjald um helming eða niður í 2%, og láta *póstmenn* hafa það af öllu því, sem þeir seldu, en kaupendur ekkert. Væri ef til vill rjettara, að haga því þannig, til þess að póstmenn mistu einskis af þeim hlunnindum, sem þeir hafa. Þá mætti einnig nota frímerkin sem sparimerki. Jeg bendi að eins á þetta, en býst tæplega við, að hægt sje að laga það hjeðan af á þessu þingi. Jeg er ekki flutningsmaður þessa frv., heldur hefir sparisjóðanefndin borið það fram.

Það er undarlegt, að háttv. framsm. nefndarinnar (G. H.) sækir nú fast fram á móti þessu frumv., sem hann hefir sjálfur verið með í að flytja inn á þingið. Aðalástæða hans er sú, að póstsparisjóðirnir muni verða keppinautar sparisjóða út um land og draga fje þeirra til Reykjavíkur. Þessi ótti hefir komið fram hjá honum og háttv. þm. Ak. (M. K.), að sparisjóðir hjeraðanna muni þverra að sama skapi og menn leggja fje inn í póstsparisjóð. Eftir því, sem mjer hefir skilist, hafa flutningsmennirnir þó ekki óttast þetta. Háttv. frsm. (G. H.) gat þess, að nefndin hefði ekki viljað setja neitt lágmark vaxta, en bjóst við að þeir mundu verða hjer um bil 2—3%, eða með öðrum orðum mun lægri en hjá öðrum sparisjóðum. Jeg býst við, að þá geti naumast verið um neina samkepni að ræða, nema þar sem svo stæði á, að sparisjóður væri svo illa ræmdur, að menn væru hræddir um fje sitt í honum, og vildu heldur leggja fje sitt inn þar, sem það væri trygt, þótt vextirnir væru nokkru lægri. Jeg get nú búist við, að póststjórnin sjái sjer fært að hafa vextina eitthvað hærri en þetta, þó þeir yrðu lægri en í öðrum sparisjóðum, til þess að þeir stæðu betur að vígi. Það er alveg sjerstakt verkefni, sem þessum póstspari-

sjóðum er ætlað að inna af hendi. Þeir eiga að taka við því fje, sem menn vilja heldur eiga trygt í vörslum landsstjórnarinnar heldur en annarstaðar og hægra er að koma af sjer í póstsparisjóði heldur en í hina. Í sumum sveitum eru engir sparisjóðir til, og getur það, hvað erfitt er að ná til sparisjóða, oft og tíðum orðið til þess, að menn leggi ekki inn smáupphæðir, sem svo verða að eyðslufje. Í öðru lagi hafa fæstir sparisjóðir opna afgreiðslu nema 1—2 stundir á viku, en póstsparisjóðirnir eiga að vera opnir allan daginn. Þetta er einhver helsti kosturinn við slíka sjóði.

Það er alveg rjett, sem hv. frsm. (G. H.) tók fram, að í Þýskulandi eru póstsparisjóðir ekki komnir í framkvæmd, vegna þess, að þeir þóttu koma í bág við hagsmuni annara sparisjóða. Rjettara hefði þó verið að segja, að þeir hafi þótt koma í bág við hagsmuni *starfsmanna* sparisjóðanna, því að eins og nærri má geta, eru sparisjóðir svo að segja á hverju strái í jafnþroskuðu menningarlandi, og mesti fjöldi manna hefir atvinnu við þá. Það er ekkert undarlegt, þótt mönnum hafi þótt athugavert að svifta allan þann fjölda manna atvinnu sinni og því hikað við, að setja póstsparisjóði á stofn þar í landi. Þannig var það líka í Noregi og Danmörku, að póstsparisjóðir mættu helst andróðri þeirra manna, sem störfuðu við sparisjóði. En hvarvetna þar, sem póstsparisjóðir hafa komist á, er það almennt álitið, að þeir auki sparifje manna, það er að segja, að menn hafa lagt miklu meira fje til geymslu en annars. Hinn geysilegi þroski, sem þeir hafa náð í Ameríku, sýnir ljóslega, að þeir hafa áunnið sjer traust manna og eru alment álitnir koma að góðu gagni. Jeg býst ekki við, að þeir orki hjer neinni stórbyltingu á peningamarkaðinn, hvorki að þeir steypi sparisjóðunum nje að ógrynni fjár safnist saman á einum stað. En hitt dylst mjer ekki, að þeir myndu auka sparnað í landinu, auk þess sem mönnum yrði hægara aðstöðu, að skifta við þá og þeir yrðu tryggari en kostur er á um aðra sjóði. Jeg gjöri annars ráð fyrir, að einhverjum hjer í deildinni sje skyldara en mjer, að taka þetta mál undir sinn verndarvæng og læt því úttalað að þessu sinni.

Ráðherra: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með eina brtt. á þingskj. 259, um að stytta fyrningarfrestinn úr 50 árum niður í 20 ár. Mjer sýnist það vera heppilegra, að færa þetta í samræmi við 2. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrningu skulda. Jeg kynni betur við, ef nefndin hefir ekki neitt á móti því, að sami fyrningarfrestur gildi einnig um þessa kröfutegund.

Matthías Ólafsson: Jeg vil stuttlega gjöra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Jeg hafði hugsað mjer að greiða atkvæði í þessu máli alt eftir því, hvernig færi með sparisjóðslögin. Ef jeg væri búinn að sjá, að sparisjóðirnir yrðu ekki tryggari en þeir eru, eins og þeir fóru hjer úr deildinni, myndi jeg greiða atkv. með þessu frumv., því að jeg vil, að til sje í landinu sjóðir, sem menn geta borið fult traust til. En ef frekari trygging fæst fyrir sparisjóðunum, vildi jeg greiða atkvæði á móti þessu frumv., af því, að það myndi spilla fyrir starfsemi sparisjóðanna, þannig, að það fje, sem nú er notað til margra nytsamra fyrirtækja úti um land, myndi að miklu leyti renna til póstsparisjóða. Jeg staðhæfi, að stjórnarfrumv. miðar til þess, að tryggja sparisjóðina og gjöra þá eins óhulta eins og þessa. Að svo

komnu tek jeg enga afstöðu í þessu máli.

Framsm. (Guðmundur Hannesson): Það er hverju orði sannara hjá háttv. þingm. N.-Þing. (B. S.), að þegar litið er til vaxtanna, þá eru þeir minni í póstsparisjóðum en annarstaðar, þar sem hægt er að ávaxta sparifje. En reynslan hefir orðið sú ytra, að margir menn hafa litið síður á það, þótt vextirnir væru lægri, en þótt meiru máli skifta, að geymsla fjárins væri trygg, og lagt því fje sitt í póstsparisjóði. Líklegt að mönnum færi eins hjer í þessu efni. Þó taldi nefndin, að það mundi vega hjer þyngra, að menn vilja gjarna dylja, að þeir eigi fje í sjóðum. Þess vegna senda sveitamenn fje til Reykjavíkur í stað þess, að láta það í hjeraðssjóði, þó þeir kynnu að vera góðir, og dregst fjeð þannig úr sveitunum. Kæmust póstsparisjóðir á stofn myndu slíkir menn nota þá frekar en hjeraðssjóðina.

Erlendis safna menn miklu fje; þar eru miljónir verkamanna o. fl., er fá alt af kaup sitt greitt á viku hverri, og kemur vel, að geta fyrirhafnarlítið komið því, er kann að verða afgangs þörfum, í póstsparisjóð. En hjer fá flestir afgangsfje sitt greitt á vissum tímum árs, tvisvar eða þrisvar, og geta venjulega komið fjenu á sparisjóð hjeraðsins fyrirhafnarlítið. Hvað starfstímann snertir má gjöra ráð fyrir, að póstsparisjóður sje lengur opinn á degi hverjum, en ekki mun þetta miklu skifta úti um land, því sparisjóðirnir munu gjöra sitt til að afgreiða menn, ef nauðsyn krefur, á hvaða tíma dags sem er.

ATKVGR.:
Brtt. 268,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 268,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 268,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 259 samþ. með 14 shlj. atkv.

Fvumv. svo breytt *felt* með 10 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Arnósson,
Jón Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Jón Magnússon,	Guðm. Hannesson,
Sigurður Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Kristjánss.,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Sveinn Björnsson,	Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson,	Þór. Benediktsson.

Matthías Ólafsson greiddi ekki atkv.; fjórir þingmenn voru fjarstaddir.

---

7. Skarfsstaðir í Hvammssveit.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 29. júli, var útbýtt
Frumvarpi til laga um heimild til að selja Skarfsstaði í Hvammssveit í Dalasýslu (A. 141).

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Jeg þykist ekki þurfa að skýra þetta mál neitt verulega hjer, þar sem jeg ljet það fylgja á fylgiskj. með þessu frumv., er mjer þótti við þurfa, og geta menn hæglega kynt sjer það, þeir er vilja. Maðurinn, sá er hjer ræðir um, hefir tvisvar sótt um að fá jörðina keypta, en ekki fengið, enda þótt sýslunefnd legði með kaupunum. Mun þar hafa hamlað brjef frá sóknarprestinum, sem skýrði þar frá, að á þessari jörð myndi með tímanum verða kauptún, líklegt til þess, að framfleyta fjölda manns. En þetta er nú reyndar á engu bygt þjá þeim góða manni, þar eð á þenna stað myndu

aldrei sækja nema þeir bæir, sem jeg skal leyfa mjer að telja upp, nema að miklu betri verslun yrði þar en annarstaðar, sem er næsta ólíklegt. Bæirnir, sem gætu komið til mála, eru þessir: Skerðingsstaðir, Hvammur, Akur, Skarfsstaðir, Kýrunnarstaðir, Knarrarhöfn, Teigur, Ketilsstaðir og Rauðbarðaholt. Er þá alt upp talið, og vona jeg að menn sjái, að hjer er ekki um nein ósköp að ræða. Það er áreiðanlegt, að aðalkauptúnið þar á þessum slóðum verður alt af Búðardalur, vegna þess, að þangað sækja hægast þær sveitir, er mest verslunarmagn hafa, Laxárdalurinn og Suður-Dalir, þær sveitir, er liggja fyrir sunnan Búðardal. En þarna á Skarfsstöðum gæti í hæsta lagi hugsast, að einhver er verslun ræki, setti þar upp geymsluhús fyrir vörur handa þeim bæjum, er jeg nefndi áðan. Kaupfjelag Dalamanna hafði þar eitt sinn geymsluhús, en hætti svo við það, vegna þess að því þótti það ekki borga sig. Enda hefir sýslufundur, er haldinn var ekki fyrir löngu, mótmælt því, að þarna gæti orðið kauptún.

Ef jeg fyndi, að stjórnin myndi fús til þess að selja manninum jörðina, þá myndi jeg jafnfúslega taka frumvarpið aftur. En hæstv. ráðherra hefir, að því er hann hefir einslega skýrt mjer frá, ekki haft tíma til þess, að kynna sjer málið, og getur því víst eigi að sinni gefið mjer svar, svo að jeg læt mjer þá nægja að biðja um að málinu verði vísað til 2. umr.

Ráðherra: Það er alveg rjett hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að jeg hefi enn ekki haft tíma eða tækifæri til þess, að kynna mjer þetta mál, og get því ekkert um það sagt að sinni. En úr því að stjórnin hefir áður neitað sölunni tvisvar, að því er mjer skilst, *(Bjarni Jónsson:* Veit ekki með vissu svar hennar við síðari beiðninni), þá hygg jeg ekki miklar líkur á því, að stjórnin fari að brjóta í bág við fyrri gjörðir í þessu máli. En jeg þykist nú reyndar vita, að ef stjórnin neitaði að selja, þá myndi háttv. þingmaður (B. J.) halda málinu til streytu hjer í deildinni, og færi þá sennilega svo, að því, eftir eitthvert þjark, yrði vísað til landbúnaðarnefndar.

Jeg gjöri þess vegna að tillögu minni, að því verði nú þegar vísað til landbúnaðarnefndarinnar, og hún látin búa í hendur þingsins.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal lýsa yfir því, að jeg hefi ekkert á móti því, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

En viðvíkjandi því, hvert traust jeg beri til hæstv. ráðherra í þessu máli, þá er það fljótsagt, að jeg er alls ókvíðinn. Því þó að okkur hafi ekki samið í einu stórmáli hjer á þinginu, þá ber jeg þó fult traust til hans, að hann sjái ekki ástæðu til þess, að neita sölu á jörðinni, þar sem lögð eru fram skýr og skilmerkileg gögn um það, að slíkt komi ekki í bág við lögin um sölu þjóðjarða. Jeg hefi og því fremur þá von, að stjórnin veiti leyfi til sölunnar, sem sýslunefnd hefir lagt gott til með manninum, og þar sem þingmálafundur einnig hefir skorað á stjórnina að selja jörðina og láta manninn þannig ná skýlausum rjetti sínum.

ATKVGR.:

Samþykt að vísa málinu til 2. umr. með 12 : 3 atkv.

Samþykt að vísa málinu til landbúnaðarnefndar með 15 samhlj. atkv., en í henni áttu sæti þeir

Sigurður Sigurðsson,

Stefán Stefánsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 281 og 298).

Framsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg ætla ekki að halda langa ræðu. Þess gjörist engin þörf, því að í nefndaráliti minni hlutans er alt það, er kunnugir menn þarfnast til að vita alt um málið, er sagt verður. Ástæður þær, er meiri hlutinn færir fyrir sinni skoðun, eru rangar. Í Skarfsstaðanesi getur aldrei risið upp kauptún, og jörðin er engan veginn vel fallin til sundurskiftingar í lífvænleg býli.

Annars bið jeg menn að lesa nefndarálit minni hlutans, til þess að jeg þurfi ekki að endurtaka það. Skal jeg svo ekki verða margmæltari um þetta.

Stefán Stefánsson: Af því að framsm. meiri hl. í nefndinni (G. H.) er ekki viðlátinn, þá vil jeg leiða athygli deildarinnar að því, að ástæður þær, sem tilgreindar eru í nefndaráliti meiri hlutans, ætti að athuga, því að þær ástæður munu nægja til þess, að sýna fram á, að jörðina beri ekki að selja.

Að vísu hefir sýslunefnd Dalasýslu mælt með því, að jörðin væri seld, en eftir umsögn nákunnugs manns í nefndinni og brjefi frá síra Ásgeiri Ásgeirssyni í Hvammi til stjórnarráðsins, þá má hiklaust telja það, að jörð þessi falli undir 2. gr. þjóðjarðasölulaganna, og er það því eftir þessum upplýsingum undarlegt, að sýslunefndin skyldi telja söluna heimila, því samkv. þeim er jörðin hagkvæm til sundurskiftingar og jafnvel nokkur ástæða til að ætla, að þar geti með tíð og tíma myndast dálítið kauptún. Sem sagt, ræður meiri hluti nefndarinnar til þess, að frumv. verði felt.

Framsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg vil að eins geta þess, að þetta brjef frá prestinum í Hvammi er frá 1908. Hann var þá nýkominn þangað. Nú hefir hann sannfærst um, að skoðun sín væri röng, höfuðástæðurnar ekki rjettar. Kaupfjelag, sem hafði bækistöð sína í Skarfsstaðanesi, varð að leggja hana niður, af því að það borgaði sig ekki að hafa hana þar. Aðalástæðan í nefndinni móti sölu jarðarinnar var nú einmitt það, að þarna væri heppilegur staður fyrir kauptún, en svona gafst nú kaupfjelaginu þetta.

Viðvíkjandi ummælum háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) um sýslunefnd Dalasýslu, eru þau óþörf og óviðeigandi. Og öðru vísi leit hann á umsögn sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu um sölu á Möðruvöllum. En það segi jeg satt, að jeg mætti lengi leita að sýslunefnd, ef jeg vildi ekki heldur hlíta hennar úrskurði en háttv. form. þessarar nefndar (St. St.), eða háttv. meiri hluta hennar. Og þar sem sýslunefnd Dalasýslu hefir tvívegis lagt til með sölu jarðarinnar, er því meiri ástæða til að víta þessi ummæli háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.). Og það má háttv. háttv. 2. þm. Eyf. vita, að sýslunefnd Dalasýslu megi vera mál þetta alt kunnugra en honum sjálfum eða meiri hluta nefndarinnar, því að auk mín var einn maður í nefndinni, sem kunnugur var í Dalasýslu. *(Sigurður Sigurðsson:* Þeir voru tveir). Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er þar ókunnugur.

ATKVGR.:

Frumv. *felt* með 15 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Hjörtur Snorrason,
Skúli Thoroddsen.	Jón Magnússon,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Eggert Pálsson, Björn Kristjánsson, Einar Arnórsson, Jón Jónsson, Matthías Ólafsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hl.

Fimm þm. fjarverandi.

8. Maurdrepandi aukabað.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 26. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um maurdrepandi aukabað á sauðfje (A. 93).

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 29. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Bjarni Jónsson): Jeg ber þetta frumv. fram eftir tilmælum kjósenda minna. Það hafa sem sje komið fram kvartanir um það, að ekki hafi hepnast vel um árið, þegar útrýma átti kláðanum. Hann er nú aftur orðinn svo útbreiddur víða, að sýnt er, að þá hefir verið unnið fyrir gýg alt það verk og öll þau fjárframlög, sem þá gengu til þess, að vinna bug á honum.

Aðalorsökin til þess að svona fór, var sú, að þá hugðu menn, að nóg væri að baða fjeð einu sinni, þá væri maurinn drepinn. En nú hefir Magnús Einarsson dýralæknir sýnt fram á það, meðal annars, í sjerstökum ritlingi, að eitt bað er ekki nóg, því að það vinnur ekki á eggjum maursins, heldur verður að baða aftur eftir svo sem 12 daga, þegar ungarnir eru skriðnir úr eggjunum, ef duga skal, til þess að útrýma sýkinni algjörlega. Þess vegna er hjer nú fram komið þetta frumv. um að baða tvisvar og nota þá hið almenna þrifabað, annaðhvort 12 dögum fyrir eða eftir þetta aukabað, sem hjer er gjört ráð fyrir. Kosta þá bændur sjálfir annað baðið, en landssjóður hitt, samkvæmt lögum, og ætti þá enginn vafi að vera á því, að með þessu yrði hægt að vinna bug á kláðanum að fullu og öllu, með svo litlum tilkostnaði, að ekki er von til þess, að hann geti nokkurn tíma minni orðið.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta að sinni, en legg það til, að frumv. verði vísað til hinnar vitru búnaðarnefndar, sem sjálfsagt ber gott skyn á málið og leiðrjettir galla þá, sem á kunna að vera.

Jeg skal geta þess, að jeg hefi heyrt það út undan mjer, að stofnað þyki til hættu með því, að nefna í frumv. nöfn tveggja núlifandi manna, með því að þeir geti dáið, og skal jeg játa það, að þeir eru ekki ódauðlegir, og hefi því ekkert á móti því, að í stað nafnanna verði sett: dýralæknarnir sunnan lands og norðan. Meiningin er hvort sem er að eins sú, að farið sje með málið eftir tillögum þeirra, sem vit hafa á, en ekki einhverjum kerlingabókum.

Pjetur Jónsson: Jeg skal að svo stöddu ekkert um það segja, hvort jeg verð frumv. þessu fylgjandi, eða ekki. En hins vegar álít jeg það ekki ófyrirsynju, að vakið er máls á fjárkláðamálinu.

Jeg vil leyfa mjer að bæta því við orð háttv. flutningsm. (B. J.), að hvort

sem landbúnaðarnefnd eða önnur nefnd fær þetta mál til meðferðar, þá er það nauðsynlegt, að hún útvegi sem nákvæmastar skýrslur um það, hvar kláðans hefir orðið vart, síðan málið lá síðast fyrir þinginu, og þá einnig hverjar ráðstafanir hafa verið gjörðar gegn honum, hvort þær hafa verið lögum samkvæmar og komið að fullu liði. Mig furðar á því, ekki meiri brögð en þó voru að kláðanum fyrst eftir útrýmingarböðunina 1903—1905, hve mikið virðist hafa orðið úr þeim neistum, sem þá leyndust eftir. Jeg hygg, að það geti varla stafað af öðru en því, að slælega hafi verið fylgt lögunum eftir á, heldur en í sjálfri tilrauninni, sem gjörð var 1903—1905. Þetta vildi jeg leggja niður fyrir brjóstið á væntanlegri nefnd.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 17 shlj. atkv. (Sjá nefndina í næsta máli á undan).

Á 36. fundi, miðvikudaginn 18. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 93, n. 318 og 346, 403).

Brtt. 403 var of seint fram komin, og leitaði forseti leyfis til afbrigða um hana, er voru leyfð og samþykt.

Framsögum. meiri hl. (Guðm. Hannesson): Jeg held, að öll aðalatriði, sem við koma þessu máli, sjeu tekin fram í nefndaráliti meiri hlutans. Það, sem við aðallega byggjum okkar álit á, er það, að við teljum mjög vafasamt, að útrýmingarböðun komi að fullu gagni. Aftur á móti er meiri hl. ekki í vafa um, að svo framarlega, sem því mætti treysta, að útrýmingarböðun kæmi að fullum notum, þá væri því fje vel varið, sem gengi til hennar. Að vísu er enginn vafi á því, að rækileg tvíböðun læknar kláðann, ef hún er vel og samviskusamlega framkvæmd, en einmitt á þessu vill verða mikill brestur, er svo margir menn fást við böðunina, sem ætíð hlýtur að vera, ef baðað er um land alt. Þetta kom skýrt í ljós, er Myklestad reyndi útrýmingarböðun. Úr sumum sveitunum var þá kláðanum útrýmt algjörlega, en í öðrum hjelst hann við, og þær sýktu aftur frá sjer.

Annars lítur út fyrir, að kláðinn sje ekki mjög víða á landinu. Samkvæmt skýrslum frá árunum 1905—1906 hafði fundist kláði á 19 bæjum, en síðustu skýrslur telja ekki kláða nema á 16 bæjum. Jeg kannast auðvitað við, að ekki er mikið byggjandi á skýrslunum, en jeg býst ekki við, að þessar síðustu skýrslur sjeu vitlausari en þær fyrri, svo það lítur frekar út fyrir að kláðinn sje í rjenun.

Það hefir verið mikið deilumál, hvort útrýmingarböðunin, sem framkvæmd var hjer á árunum, hafi verið á viti bygð. Jeg skal alveg leiða það mál hjá mjer, það eru aðrir menn, sem geta fengið að deila um það fyrir mjer. Hitt þykir mjer í meira lagi kynlegt, að hv. þm. Dal. (B. J.) skuli hafa tekið það ráð, að láta prenta eitt af þessum alþektu deiluritum, sem fylgiskjal við álit sitt í þessu máli. Jeg held því fram, hvað sem annars má um kláðamálið segja, að í þessu deiluriti sje farið alt of hörðum orðum um O. Myklestad og framkomu þingsins. Jeg hefi sjálfur sjeð herra Myklestad gjöra tilraun á kláðakind, sem var alveg útsteypt í kláða, og læknaðist hún algjörlega með *einni* böðun.

Jeg skal ekki lengja umræðurnar, en einungis bæta því við, að nefndin ræður deildinni til að fella þetta frumv. af

þeirri ástæðu, að útrýmingarböðunin hefir mikinn kostnað í för með sjer, en óvíst að hún komi að notum. Aftur er líklegt að hægt sje að lækna kláðann á nokkrum tíma, án þess að taka þurfi til útrýmingarbaðanna um land alt á landssjóðs kostnað.

Framsögum minni. hl. (Bjarni Jónsson : Það þýðir víst ekki mikið að hafa miklar umræður um þetta mál.

Jeg hefi borið það fram eftir almennri ósk kjósanda minna, sem telja að voði standi af því, hvað kláðinn útbreiðist nú á landinu. Jeg leitaði álits dýralæknis Magnúsar Einarssonar um þetta mál, og hjelt hann því fram, að okkur væri ekki vansalaust, að hafa nú verið að bagsa við að útrýma kláðanum nú um svo langan tíma og hafa aldrei notað neina skynsemlega aðferð til þess. En sú ein aðferð er skynsamleg, sem er nægileg til þess, að drepa maurinn. Þessi skoðun er svo rækilega framsett í bæklingi dýralæknis, að þá væri að bera í bakkafullan lækinn, að jeg færi að rekja þá skoðun hjer. Háttv. frsm. meiri hlutans (G. H.) fann að því við mig, að jeg skyldi fara að láta prenta þennan bækling. Jeg neita því, að jeg hafi gjört að nokkru rangt í því; jeg hefi ekki orðið var við að þm. lesi svo mikið slíka bæklinga eða bækur, að vanþörf virtist á að færa þær sem næst sjónum þeirra. Jeg skal játa það, að ekki muni stafa landshætta af því, að geyma þessa útrýmingarböðun, enda býst jeg við því, að maurinn verði friðaður nú í nokkur ár líkt og rjúpan.

Það er ef til vill þægileg meðvitund fyrir íslensku þjóðina, að vera að berjast við þennan kláðamaur, sem hún getur ekki sigrast á. Það er eins og þegar ágætar þjóðir eru að halda fram frelsismálum sínum einn daginn, til þess að víkja svo frá þeim annan daginn. Menn vilja framlengja lífið í þessum frelsiskláðamaur, og það er sögusögn þingmanna og annarra, að þeir hafi ágæt kynni af þessu dýri, sem kallast kláðamaur, telja það hótfyndni af mjer, að vera illa við hann, og ekki vert að vera að hrjá hann með tveimur böðum. Jeg vil þó geta þess, að þar sem mikill áhugi hefir sýnt sig víða á landinu á að útrýma kláða, þá sýnist ekki vera til of mikils mælst, að landið borgaði 30000 kr. einu sinni, til að gjöra þessa tilraun, einkum þegar þess er gætt, að landið hefir lagt sama kostnað á bændur á hverju ári til að bæta ullina á fjenu. Það er þá ekki djúpt rist til að taka þessa áhyggju af mönnum, ef menn vilja ekki leggja það á landið, að snara út einum 30,000 kr., til að útrýma þessari landplágu. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) hefir kveðið um maurinn, sem lætur mennina baða en skríður svo á aðra. Til þess að venja hann af þeim ókuyttum, væri ekki úr vegi að verja 30,000 kr. af landsins fje. En af því að maurinn er góðkunningi manna hjer í deildinni, skal jeg ekki halda langa ræðu. Þeir, sem fella þetta frumvarp, álíta víst, að það sje dýrtíðarráðstöfun að friða maurinn, en jeg ætla að standa við það með mínu atkvæði, að það eigi ekki að friða hann.

Jeg læt svo úttalað um þetta mál í lengd og bráð á þessu þingi. Landsbúar munu síðar fá tækifæri til að dæma um, hverjir sjeu hagsýnni fyrir landsins hönd, þeir, sem vilja drepa maurinn, eða hinir, sem vilja halda áfram að baða og láta hann skríða á aðra.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Hannesson): Jeg stend að eins upp til að leiðrjetta þann misskilning hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að þrifaböð komi að litlu eða engu haldi. Jeg veit,

að bændur telja sjer mjög mikinn hagnað að þeim og myndu halda þeim áfram jafnt eftir sem áður, hvort sem þetta kæmist á eða ekki. Það vex engum í augum, að verja 30,000 kr. til þessa aukabaðs, ef víst væri, að það bæri árangur. Háttv. þm. Dal. (B. J.) fullyrðir, að enginn sparnaður væri að fella það. Landssjóði er það að minsta kosti sparnaður. Hitt finst mjer mega minna á, að ef fjárkláði er mikill í Dölunum, ætti það ekki að vera ókleift fyrir búendur, að baða á eigin kostnað, einkum nú, þegar afurðir þeirra allar eru í mjög háu verði. Menn hafa sagt við mig, að þótt þeir ættu að baða tvisvar á ári, þá myndu þeir gjöra það með glöðu geði, ef þeir gætu vænst árangurs af því. En jeg er óviss um, hvort slíkt aukabað kæmi að tilætluðum notum. Jeg veit ekki, hvort tóbaksbað drepur mauraeggin, og jeg hygg, að enginn viti það með vissu. Hafi Magnús dýralæknir gjört einhverjar tilraunir með það, þá er mjer ókunnugt um árangurinn.

Jeg vil svo að lokum mótmæla því, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að þingmenn láti ekki svo lítið að lesa bækur. Jeg verð að telja það algjörlega óþarft, að prenta þennan gamla kláðabækling sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

ATKVGR.:
1. gr. feld með 15 : 5 atkv.
Frumvarpið þar með
fallið.

9. Vinnuvísindi.

Á 20. fundi í Nd., föstudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands. (A. 148).

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Matthías Ólafsson): Það er ekki nýstárlegt, að stofnað sje embætti við Háskóla Íslands, en sú fræðigrein, sem stofna á embættið í, er nýstárleg. Þessi vísindagrein er ekki alment kunn og ekki nægilega lesin.

Jeg er með þessu frumvarpi af því, að því meira, sem jeg hefi kynt mjer þetta mál, því sannfærðari hefi jeg orðið um það, að nýtur kennari í vísindagrein þessari gæti orðið að virkilegu gagni. Í 2. gr. frumv. stendur, að kennarinn skuli hafa á hendi vísindalegar tilraunir til að bæta vinnubrögð í landinu.

Það er engum vafa bundið, að brýn þörf er á því, að bæta vinnubrögðin hjá þjóðinni, kenna henni að vinna sjer haganlegar en á sjer stað. Að vísu er það óráðin gáta, hvort það tekst, en það er auðráðin gáta, að brýn þörf er á umbótum í þessu efni. Sá maður, sem sótt hefir um embætti þetta, ef það verður stofnað, er alþektur að áhuga, við hvað sem hann fæst, og sjerstaklega hefir hann kynt sjer rækilega þá vísindagrein, sem hjer ræðir um. Það er því óefað, að meðan hans nyti við, má búast við miklum og góðum árangri. Við flutningsmenn frumvarpsins erum ekki einir um þetta, því hjer eru fyrir hendi meðmæli frá málsmetandi mönnum og fjelagi, landsbúnaðarfjelaginu. Þá eru meðmæli fyrst og fremst frá heimspekisdeild Háskólans, auk þess hefir landsverkfræðingurinn, Jón Þorlaksson, gefið sín bestu meðmæli, og síðast er það, að Búnaðarþingið mælti með þessu og taldi stofnun embættis í þessari grein einkar heppilega.

Það er alkunna, að menn, sem komnir eru á fullorðins ár, vinna sjer jafnvel þau verk, er þeir hafa iðkað frá blauta barnsbeini, t. d. slátt og róður, miklu erfiðlegar en þörf er á, eyða of mikilli orku til þeirra. Jeg efast nú ekki um það, að ráða megi mikla bót á þessu. Raunar eru að sjálfsögðu undantekningar frá því, að menn vinni sjer dagleg og algeng störf svona erfitt, en fjöldinn þreytir sig áreiðanlega ofmikið.

Jeg álít það þýðingarlaust, að halda langa ræðu um þetta mál, enda vona jeg, að jeg hafi fært líkur fyrir því, að þetta geti orðið að gagni. Jeg vil svo óska þess, að háttv. deild taki þetta mál til rækilegrar íhugunar, taki því með gætni, og felli það ekki þótt það sje nýstárlegt, en athugi, hvort ekki sje verið að bæta hjer úr gömlu ólagi, og láti ekki ótta fyrir kjósendum eða flokksfylgi hafa áhrif á sig. Jeg tek þetta fram af því, að margir þingmenn munu hafa áskoranir frá kjósendum sínum um það, að sporna á móti því, að stofnuð verði óþarfa embætti. En þó svo sje, þá er það synd, að stofna ekki embætti, sem að gagni mætti koma.

Jeg vil óska þess, að málinu sje, að umræðunni lokinni, vísað til nefndar um stofnun kennaraembætta við Háskóla Íslands.

Sigurður Sigurðsson: Það er alllangt síðan að jeg heyrði áværing af því, að þetta mál ætti að koma hjer fram í þinginu í einhverri mynd. Þó bjóst jeg ekki við því, að hjer myndi lagt til, að stofnað yrði nýtt embætti við Háskólann í vinnuvísindum eða hagnýtri sálarfræði, eins og það er kallað. Þar sem nú málið er hjer til 1. umr., þá ætla jeg að eins að fara nokkrum orðum um það frá mínu sjónarmiði.

Jeg tók eftir því, að háttv. þm. Dal. (B. J.) bað undir eins um orðið á eftir mjer. Hann býst víst við andmælum frá minni hálfu gegn þessu frumvarpi, og má vel vera, að hann gruni það rjett.

Þegar litið er til Háskólans, þá er hann ekki orðinn gamall, en þó hefir það komið í ljós, að hann gjörist dýrari með ári hverju. Við Háskólann eru nú 9 pófessorar og 3 dócentar, að meðtöldum háttv. þingmanni Dalamanna (B. J.). Laun þeirra eru um 40,000 á ári. Fjárhagstímabilið 1912—1913 námu fjárveitingar til Háskólans um 51,000 króna hvort árið. Á yfirstandandi fjárhagstímabili renna til hans um 65,000 kr. hvort árið til jafnaðar. Og í fjárlagafrumv., sem nú liggur fyrir, eru áætluð gjöld til Háskólans um 70,000 kr. á ári.

Kostnaðurinn fer þannig sívaxandi. Um þetta er kann ske ekki mikið að segja. Háskólinn er talinn óskabarn þjóðarinnar, og vil jeg ekki draga úr því. En þó að hjer sje nú kominn á Háskóli, þá verða þó fjárveitingar til hans að hafa einhver takmörk, og þá um leið stofnun nýrra kennaraembætta við hann. Við erum fáir, fátækir og smáir og þolum því ekki útgjöld, sem unt er að komast hjá. Þetta er ein hliðin á þessu máli.

Á síðasta þingi var stofnað nýtt embætt við Háskólann, og nú er í ráði að stofna tvö ný í viðbót. Og hver veit hvað þau verða mörg á endanum, ef þessu verður haldið áfram? Að vísu skiftir það miklu, hvert embættið er, og hefði verið að ræða um stofnun þessa embættis í fyrra, er stofnun dócentsembættis í grískum og latneskum fræðum var hjer á prjónunum, þá hefði verið sanni nær, að sleppa því, en láta þetta, sem hjer ræðir um, sitja í fyrirrúmi.

Ef frumv. þetta nær fram að ganga,

á það að miða að því, að bæta úr því, hvað menn kunna lítið til allrar vinnu hjer. Mjer er nú óljóst, hvernig stofnun þessa umbættis á að geta bætt úr því. Jeg hjelt, að vegurinn til að bæta úr þessu ástandi væri ekki sá, að stofna nýtt embætti við *Háskólann*. Eftir frumvarpinu að dæma, eru það nemendurnir við Háskólann, sem njóta eiga kenslunnar. Jeg efast raunar ekki um, að þeir hefðu gott af því að fá *verklega kenslu* í algengum vinnubrögðum. En það er nú, því miður, ekki algengt, að embættismenn, að fáum undanteknum, stundi algenga vinnu, svo sem slátt eða önnur heimilisstörf. Virðist mjer því, að frumv., eða stofnun þessa kennaraembættis nái naumast þeim tilgangi, að bæta úr verklegri vankunnáttu manna, alment.

Hinu neita jeg ekki, að vinnulýð þessa lands er nauðsynlegt að kunna betur til verka en alment á sjer stað. En hvort þetta er leiðin til þess, er annað mál; jeg efast um það.

Jeg held, satt að segja, að háttvirtur flutnm. (M. Ó.) hefði getað fundið einhverja aðra praktiskari leið til þess, að kenna mönnum vinnubrögð, en þá, að stofna nýtt prófessorsembætti við Háskólann. Ef það er aðalatriðið í þessu máli, að koma sjer niður á því, að bæta úr verklegri vankunnáttu manna, með einhverri kenslu, þá get jeg verið með því, að nefnd sje skipuð í málið, en vænti þó naumast, að hún komist þar að nokkurri gagnlegri niðurstöðu.

Bjarni Jónsson: Jeg vona, að háttv. þingmenn reiðist mjer ekki, þótt jeg rifji upp fyrir þeim það, sem þeir auðvitað vita, og vita sjálfsagt betur en fávís kennari í gömlu málunum og óþarfur að dómi vísindamannanna í Gufudalshreppi og annara jafnsnjallra.

Hjer liggur fyrir frumv. um háskólakenslu í hagnýtri sálarfræði. Þá er fyrst að rifja það upp, hvað sálarfræði er. Verð jeg þá fyrst að geta þess, að nú horfir alt öðru vísi við en áður, meðan Hegel og fylgifiskar hans vildu láta allar gagnstæður og mótsagnir sameinast í »hærri einingu«, meðan enginn nefndi *sál*, nema hann ætti við ódauðlegan, andlegan hluta mannsins, sem ætlaður væri til að erfa sáluhjálpina, eða þá færi í þann eld, sem slokknar ekki. Nú fæst *sálarfræði* að eins við rannsókn á vitundarlífi manna í þessu lífi, eða með öðrum orðum meðvitund þá, sem er samfara lífi og starfi líkamans. Hitt er ekki verk sálarfræðinnar að rannsaka, hvort sú vitund, sálin, deyi um leið og líkaminn eða ekki. Það er verk heimspekinnar, en heimspeki kallast sú fræðigrein, sem reynir að finna rökstudda lífs- og heims-skoðun. Hún byggir á öllum greinum mannlegrar þekkingar, þar á meðal sálarfræðinni. Margir munu ef til vill halda, að mjer hafi orðið mismæli, er jeg greindi svo skarpt heimspekina frá sálarfræðinni, en það er þó ekki. Því að sálarfræðin er nú ekki lengur leikvöllur ímyndunarafls og hugarburðar eða draumkendar vonir og spádómar um annað líf. Nei, nú hefir hún fengið þá eðlilegu stefnu, að rannsaka uppruna og eðli vitundarinnar og samband hennar við þann lifanda líkama, sem hún býr í. Hún er því orðin ein grein náttúrufræðinnar, enda reyna menn nú að haga rannsóknum sínum um þau efni svo, að farið sje eftir sömu rannsóknarlögum, sem tryggileg eru talin í öðrum greinum náttúrufræðinnar.

En einmitt þess vegna, geta nú allir verið sammála um, að rannsókn og þekking á sálarlífi manna sje eitt af því, sem er nauðsynlegast af öllu. Rjett er nú að skifta náttúrufræðinni í tvær höfuðgreinir, fræðina um alt það, sem er fyrir utan vitundina, umheiminn, og

fræðina um vitundina sjálfa. Tengiliðliður þar á milli er líkaminn og sú fræði, sem þar um fjallar, t. d. læknisfræði.

Einn heldur, að sálin sje ódauðleg, sjálfstæð vera, annar heldur hana margskipta og suma hluta hennar dauðlega, aðra ódauðlega, eins og t. d. Plato. Þriðji heldur hana eins konar afltegund, í ætt við rafmagnsstrauma eða geisla, búandi í efninu eða efnið í henni. Þó geta þeir allir verið sammála um gagnsemi og nauðsyn þeirrar vísindagreinar, sem vjer nefnum sálarfræði; þó geta þeir stundað hana allir með sömu vísindanákvæmni og aðferðum. Af því að rannsóknin er um það, hvernig vitund starfar í lifanda líkama, hvert eðli eða aldur sem hún annars kann að hafa.

Þótt allir þessir menn hafi gjörólíkar skoðanir á »sál«, þá geta þeir samt allir tekið undir með Bjarna:

Þótt tungla teljir klasa,
er tindra um himinbaug,
og getnaðarlimu grasa
og grastegundir í haug,
vitir alt, ei varðar mig:
Þann jeg kalla þekkja lítt,
sem þekkir ei sjálfan sig.

En til hverra hluta er þá sálarfræði nytsamleg? Að hverju leyti er hún hagnýt?

Jeg verð að láta mjer nægja upptalningar, því að jeg mundi eyða of miklum dýrmætum tíma fyrir þinginu, ef jeg færi að rekja það nákvæmlega.

Það mun flestum kunnugt, að læknar þurfa mjög á sálarfræði að halda, enda mætast þær fræðigreinir í því, sem á útlendar tungur er nefnt psychophysik, og í geðveikifræði. Svo að heilsufræði og lækningar þurfa á henni að halda.

Við uppeldi og kenslu er sálarfræðin alveg óhjákvæmileg. Jeg þarf ekki að minna þá á það, sem alt af eru að kasta hnútum í kennara gömlu málanna, að sá verður að þekkja sálina, sem ætlar að laga hana og þroska.

Þá þarf og listamaðurinn á henni að halda, því að frægð hans er undir því komin, hvernig honum tekst að ná tökum á sálum annarra manna. Á þetta þarf jeg ekki að minna þá menn, sem sýnt hafa svo mikið örlyndi við listamenn, sem alþingismenn hafa gjört.

Þá geta ekki vísindamennirnir komist af án hennar, t. d. sagnfræðingar. Það er ekki hlutverk þeirra að skrifa annála um, hvað gjörst hafi, heldur gjöra grein fyrir sálaröflum þeim, sem komið hafa viðburðunum af stað. Saga þrjátíuárastríðsins er bundin við skilning á eðli og afleiðingu þeirra trúarkenda, sem komu því af stað.

Dómarar mega með engu móti vera án þekkingar í sálarfræði. Og svo að jeg fari nær oss — löggjafarnir, hvernig eiga þeir að semja lög án þekkingar á sálarfræði? Mundi ekki nauðsynlegt að vita eitthvað um það, hvort viljinn er orsökum bundinn eða ekki, þegar semja skal refsirjett og lög yfir höfuð? Hvernig á dómari að meta brot manna eða gildi vitnisburða án sálarfræði, eða dæma um, hvort maður sje sekur eða saklaus?

Mjer til styrktar get jeg vitnað til höfundar, sem jeg nefndi nýlega í öðru máli, Franz von Liszt. Hann segir þar í formála, sem hann hefir ritað fyrir »Grundriss der Psychologie für Juristen« eftir Otto Lipmann, að lögfræðingum sje sálarfræðin nauðsynleg, og vill hafa sjerstakan æfingaskóla handa þeim, sem eiga að fást við glæpamál. Sjálfur hefir hann stofnsett slíkan æfingaskóla á sinn kostnað.

Þá er og, eins og háttv. flutnm. (M. Ó.) gat um, mikil þörf sálarfræðinnar í búskap, iðnaði og verslun. Hún er nauð-

synleg til þess að vita, með hverju móti megi fá sem mesta vinnu, án skaða fyrir verkamanninn. Allir vita, hver munur er á æfðum manni og óæfðum. En til þess að komast að fastri niðurstöðu um þessi efni, þarf sálarfræðirannsóknir, og þegar þeim er lokið, má prófa nothæfi manna. Það er auðvitað, að þessi kennari getur ekki, jafnskjótt sem hann er kominn í embætti, rutt öllu úr sjer, sem hjer að lýtur, en smám saman vinnur hann að þessu, stýrir tilraunum og safnar verkefni, til þess að finna almennar reglur, sem ófundnar eru.

Í öllum höfuðatvinnuvegum eru oft menn, sem betur ættu heima í öðru starfi, en þessu mætti oft hjálpa við með einföldum tilraunum, sem miðuðu að því,að finna hæfileika manna til ýmsrar vinnu, og haga síðan vinnuskiftingunni eftir því. T. d. hefir verið reynt, hvern hreyfingarhraða hönd eða fótur o. s. frv. þarf að hafa, til þess að reglubundin hreyfing verði svo nákvæm sem unt er:

fótur	80	sinnum	á	minútu.
höfuð	20	—	—	—
hönd	120	—	--	—

Hreyfing handarinnar hefir tekið yfir 14 hundstikur. Mældar hreyfingar $^1/_8$ milljónar.

Þetta er einstakt dæmi, til þess að gefa mönnum einhverja hugmynd um, hvern veg slíkri rannsókn er háttað, en hjer yrði of langt mál að rekja, hvernig sálarfræðin getur orðið atvinnuvegunum að liði, enda er mjer málið eigi svo kunnugt.

En jeg mun nú sýna mönnum dæmi þess, að menn eru farnir að starfa að þessu, og að hjer er ekki um neitt þvaður eða humbug að ræða, eins og sumir kunna að halda. Það er íslenskt orðtæki, að bókvitið verði ekki látið í askana; en sú setning reynist ekki rjett, eins og sjá má af Psychotechnik eftir Hugo Münsterberg, um vinnuvísindi, og annarri enskri um samferðir líkams- og sálarhæfileika. Þessar bækur hefi jeg hjer við höndina og enn fremur um sálarfræði og lestrarkenslu og sálarfræði auglýsinganna. Þó má víst fullyrða, að þessi grein, hagnýt sálarfræði, sje enn að sumu leyti á bernskuskeiði.

Það, sem jeg nú hefi sagt, hefi jeg talað til þess að benda vantrúuðum sálum á, að þessi vísindagrein er ekki neitt kák eða þvaður, eða það, sem á erlendum málum er kallað »Humbug«. Jeg hefi sagt það til leiðbeiningar þeim, sem vita ekki, en jeg skal taka það fram, að jeg býst ekki við, að hægt verði með hagnýtri sálarfræði að hafa áhrif á hálfmentaða menn, sem hafa einhvern tíma gengið í skóla, en gleymt öllu og þykjast þó vera svo vitrir, að þeir beri allan vísdóm veraldarinnar í kollinum, því að það er, eins og gamla máltækið segir: »ilt er að kenna gömlum hundi að sitja«.

Þetta, sem jeg hefi nú sagt um sálarfræðina, geta menn fullvissað sig um, með því að lesa einhverjar bækur, sem um þetta efni fjalla, eða spyrja fræðimenn, sem vit hafa á þessu máli. Þá skal jeg næst reyna til að gjöra mönnum skiljanlegt, að nauðsyn sje á að stofna þetta embætti. Það er reyndar 1 kennari við Háskólann í heimspekilegum fræðum, en hann hefir ærið að starfa, þótt hann bæti ekki á sig slíku starfi sem þessu; það væri honum með öllu ómögulegt. Þessi kennari, prófessor Ágúst Bjarnason, á fyrst og fremst að kenna forspjallsvísindi, og þar er í ofur lítið ágrip af sálarfræði, og svo á hann enn fremur að kenna þeim stúdentum, sem vilja lesa heimspeki til hlítar við þennan Háskóla, ef þeir verða einhverjir í framtíðinni. Hans aðalstarfsvið er saga heimspekinnar og rökfræðin (logik), en ekki sál-

arfræðin. Það sjá allir, að það er alveg ómögulegt að leggja meiri vinnu á manninn. Það er því auðsætt, að svo framarlega, sem við Íslendingar viljum hagnýta okkur þau sálfræðisvísindi, sem hafa tekið svo miklum framförum nú upp á síðkastið í heiminum, þá verðum við að fá sjerstakan mann til þess að kenna okkur. Með því eina móti getum við lagt stund á hagnýta sálarfræði. Það er reyndar svo með þessa vísindagrein, að hún er enn í bernsku; það er fyrst nú á síðustu tímum, sem mönnum fór að skiljast, að hún væri ein grein náttúruvísindanna, en síðan mönnum skildist, að hjer var um raunverulegt vísindi að ræða, hefir margt og mikið verið gjört til þess að rannsaka og gjöra tilraunir í þessa átt, og nú er svo komið, að við Íslendingar eigum völ á ágætlega hæfum manni, til þess að kenna okkur að þekkja þau sannindi, sem sálfræðingar síðustu tíma hafa fundið, og gjöra sjálfur tilraunir á sálfræðilegum sviðum.

Jeg sagði, að við hefðum völ á ágætum manni. Jeg býst við, að sumum finnist nú, að jeg hafi ekki mikið vit á slíku, því nú er svo komið á landi voru, að jafnvel búandkarlar, sem aldrei hafa sjeð latínska eða gríska bók, dirfast að hafa skoðun um það, hvort jeg hafi nokkra þekkingu í þeim fræðum. Þeim mun því finnast þeir hafa eins mikið vit á að dæma um sálarfræðisment Guðm. Finnbogasonar eins og jeg. En jeg get þó frætt menn á því, að þessi maður (G. F.) hefir verið nemandi minn, og jeg hefi síðan fylgt ferli hans með áhuga og get vitnað það, að námsferill hans er mjög lofsverður. Hann hefir vaxið frá smalaprikinu og er nú orðinn einn af best mentuðu mönnum þessa lands. Doktorsritgjörð hans ber þess ljósan vott, að hann hefir lifandi, sjálfstætt ímyndunarafl, og hitt vita allir, að framsetning hans bæði á ræðu og riti er einstaklega ljós.

Það hefir verið minst á það hjer, hvað hann ætti að fá til að gjöra í þessu embætti sínu. Ef menn eru í vandræðum með að fá honum nægan starfa, þá skal jeg fúslega gefa leiðbeiningar í því efni. Því að það er víst, að hann mun fá of mikið en ekki of lítið að starfa. T. d. skal jeg benda á, að læknadeildin hjer við skólann þarf mikið að vinna með slíkum manni. Í sambandi við læknadeildina mundi hann gjöra rannsóknir sínar í »Psykofysik« og yfir höfuð á uppruna meðvitundarinnar. Hann hlyti að hafa á hendi að búa kennaraefni þessa lands undir æfistarf þeirra, því að það má með sanni segja, að nú er ekki undirbúningsmentun kennara í því horfi, sem hún ætti að vera. Nú fáum við börnin í hendur mönnum, sem ekki hafa hugmynd um sálarfræði, til þess að þeir búi þau undir lífið. Það er hægt að senda mann til þess að moka mold, þótt hann hafi ekki áður snert á reku, en hitt er mjög óviturlegt, að fá óhæfum mönnum í hendur ómótað vax barnssálarinnar, til þess að láta þá móta það. Þótt hann ætti nú ekkert annað að vinna, en búa kennaraefnin undir stöðu sína í lífinu, þá væri það samt eitt ærinn starfi einum manni.

Jeg nefni það ekki, hvað listamenn vorir ungir gætu grætt mikið á því, að hlusta á fyrirlestra hans, en sagnfræðingum vorum og málfræðingum er það næsta nauðsynlegt, að hafa slíkan mann til að fræðast af.

Þá skal jeg loks minnast á eitt, sem þessi maður ætti að hafa með höndum, sem ekki er minst um vert. Það er nefnilega mjög nauðsynlegt, að setja á stofn námsskeið í sambandi við lagadeild Háskólans, handa útskrifuðum lögfræðingum. Þar ættu þeir að geta

lært alt, sem að sálarfræði lýtur í fræðigrein þeirra. Það er alveg nauðsynlegt, að þeir eigi kost á að kynna sjer nýjustu vísindalegar rannsóknir viðvíkjandi sálarástandi ákærðra manna. Að þetta er nauðsynlegt, að setja á stofn slíkan skóla, sjá allir, þegar þeir gæta að því, að það fylgir afar mikil ábyrgð því, að kveða upp dóma, því það er ekki einungis, að líf manna geti verið í veði, heldur einnig það, sem er miklu dýrmætara en lífið, æra og mannorð.

En nú kem jeg að því hlutverki, sem þessi maður ætti að vinna, og mjer finst að allir ættu að fagna yfir, að hægt er að fá hann til að vinna, og það er það, að rannsaka vísindalega öll vinnubrögð manna og leiðbeina mönnum í því, að velja sjer verkahring, og kenna aðferðir, til þess að meta verklagni manna við ákveðin störf. Við þetta starf getur þessi maður orðið að ómetanlegu gagni landi og lýð.

Af því, sem jeg nú hefi sagt, ætti öllum að vera ljóst, að það er ekki einungis að nóg sje fyrir einn mann að gjöra í slíkri stöðu, sem þessari, því að það starf, sem þessum manni er ætlað, er nægilegt fyrir 2—3 menn.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að kostnaðinum við þetta »nýja embætti«, sem menn svo kalla. Það klingir sí og æ hjer í þinginu hróp, um að ekki megi stofna nein ný embætti. En hví eru menn að kalla slíkt starf sem þetta embætti? Þetta er ekki annað en verk, sem landið lætur vinna, og það græðir á hundraðfalt á ári. Jeg er viss um það, að bændur, sem eiga $^9/_{10}$ hluta engjanna óslegnar, segja ekki við sjálfa sig: »Nú má jeg ekki taka fleiri kaupamenn«. Nei, þeir verða einmitt fegnir að fá sem flesta, enda er það eðlilegt. Eins ætti landsbúskapnum að vera farið, að því fleiri verkamenn, sem landið fær, því meiri verða tekjurnar, og því meira sem ónunið er af nauðsynjaverkum, því fleiri vinnumönnum þarf við að bæta.

Jeg mun nú sýna fram á, að það væri sparnaður að setja þetta embætti á stofn. Tel jeg þar til fyrst, að rannsóknir hans og starf mundi margborga sig beinlínis, og þó einkum óbeinlínis. En svo er annað, sem kemur til greina í þessu máli. Sá maður, sem hjer er um að ræða, dr. Guðm. Finnbogason, hefir farið frá smalaprikinu og út á mentabrautina og er nú orðinn einn af allra best mentuðu mönnum landsins, hefir numið fræði sín af ágætum mönnum, fyrst í Kaupmannahöfn, en síðan notið þess eina vísindastyrks, sem til er í þessu skyni, Hannesar Árnasonar styrksins. En þegar hann nú er orðinn fær um að starfa fyrir land sitt og þjóð og vill fara að vinna öðrum til gagns, þá er hann settur upp í bókahyllu með 1800 króna launum. Er þetta sparnaður? Svarið því, góðir hálsar, sem sífelt eruð að nöldra um stofnun nýrra embætta. Hvað kostar mannslífið? Hvað kosta vonir manna og lífsstarf þeirra? Svarið því líka, þið reikningsfróðu menn?

Og nú vil jeg enn spyrja að einni spurningu. Hverjum datt í hug, þegar Háskólinn var settur á stofn, að hann ætti ekki fyrir sjer að stækka? Nei, það minsta, sem hugsanlegt er að gjöra, er að bæta við 2 mönnum á hverju fjárhagstímabili, sem kennurum við Háskóla vorn, svo framarlega sem hann á að halda áfram að stækka að nokkrum mun. Hverjum dettur í hug, að það sje sparnaður að geyma mann eins og dr. Ólaf Daníelsson í Kennaraskólanum ár eftir ár, í stað þess að nota vísindahæfileika hans til þess, að þeir komi að sem mestu gagni landi og lýð? Nei, jeg skal leyfa mjer að fullyrða það, að það ér miklu betra að steindrepa mennina með því að reka í þá hníf,

heldur en að smámurka úr þeim lífið á þann hátt, sem nú er verið að gjöra, og láta þá eigi njóta hæfileika sinna.

Þá skal jeg að lokum geta eins í sambandi við þetta mál. Mjer finst, að það ætti að vera okkur Íslendingum metnaðarmál, að styðja eins og við mögulega getum að vexti og viðgangi Háskóla vors. Okkur ætti að vera það metnaðarmál, að halda svo í heiðri minningu feðra vorra, að við látum ekki þennan litla vísi til vísindalífs í landinu verða okkur til skammar. Því hvað er það, sem hefir ráðið því, að við erum enn taldir meðal mentaðra þjóða? Ekkert annað en það, að forfeður okkar voru vísinda- og listamenn. Ef svo hefði ekki verið, þá værum við nú ekki sjerstök þjóð með sjerstökum þjóðareinkennum. Við værum nú vesöl fiskiþjóð og töluðum líklega blending af grænlensku og dönsku eða eitthvað enn verra. Og auk þessa: Hver veit, hve langt þess verður að bíða, að það verði látið í vogarskálina, hvort við nú getum talist mentaþjóð eða ekki? Það verður ef til vill við næsta friðarsamning ákveðið, hvort við eigum að renna saman við einhverja stórþjóðina eða hverfa í þjóðahafinu og landið að verða lítilsvirt útver, eða við eigum að halda áfram að vera sjálfstæð mentaþjóð eins og forfeður vorir voru.

Það eru, sem betur fer, mjög margir Íslendingar, sem tala um Háskólann okkar með hlýleik, en þó vantar mikið á, að við berum allir þá ástartilfinningu í brjósti til hans, sem aðrar þjóðir gjöra til sinna háskóla. Ef einhver af þeim, sem nú hlustar á mál mitt, skyldi koma til Gautaborgar í Svíþjóð, þá taki hann eftir því, að hvaða mann, sem hann hittir í allri borginni, hvort sem er verkamaður eða lærður maður, stórkaupmaður eða fátæklingur, þá verður honum af þeim undir eins bent á, hvaða stofnun það er, sem hann fyrst af öllu verði að sjá í borginni, og allir munu benda honum á háskólann, og segja, að hann megi ekki fara svo, að hann sjái ekki þá stofnun. Gautaborg er stórborg, en jeg efast um að þar sje nokkur maður, sem ekki elskar háskólann; en eins og menn vita, hafa þeir Gautbyrgingar komið háskóla á fót hjá sjer fyrir skömmu, enda sýna Svíar það í verkinu, að þeir unna honum, því þeir hlaða yfir hann fjegjöfum.

Við Íslendingar erum aftur ekki eins heitir. Jeg man ekki eftir, að Háskólanum okkar nýja hafi verið gefið annað en það, sem einn borgari þessa bæjar gaf honum, daginn sem hann var settur á stofn, sem sjálfsagt er að minnast með þakklæti.

Jeg trúi því ekki fyrr en jeg má til, að þessum málum, um aukna starfskrafta við Háskólann, verði ekki vel tekið, og tel það víst, að svo ágætir fulltrúar, sem íslenskir kjósendur senda á þing, sjeu svo vel að sjer, að þeir viti, að þekkingin er veldi. Þeir hafa líka ljóst dæmi fyrir augunum, þar sem Þjóðverjar eru. Það er öllum mönnum auðsætt, að þeir væru fyrir löngu orðnir fjandmönnum sínum að bráð, ef þeir hefðu ekki haft veldi þekkingarinnar og vísindanna við að styðjast. Enda hafa Þjóðverjar lagt fram bæði fje og krafta, sem þeir frekast gátu, til þess að auka sem mest þekkinguna í landi sínu, og því eru þeir nú komnir það fram úr öðrum þjóðum, að þeir geta gjört brauð úr hálmi o. fl. þess háttar. Auðvitað þurfum við ekki að vænta þess, að við getum kept við Þjóðverja í vísindamensku, en því fyrr sem við byrjum að leggja rækt við visindin, því fyrr getum við gjört kraftaverk.

Jeg hefi nú gjört grein fyrir skoðun minn, svo vel sem jeg get í stuttri ræðu, og hafi jeg farið með heimsku í nokkru,

þá bið jeg hina vitru fulltrúa velvirðingar á því, og vænti þess, að þeir láti málefnið ekki gjalda þess.

Guðmundur Eggerz: Jeg skal byrja þar, sem háttv. þingm. Dal. (B. J.) endaði, og taka það strax fram, að jeg fyrir mitt leyti fyrirgef honum, þótt hann talaði heimskulega. En þessa fyrirgefningu fór hann fram á.

Áður en jeg vík að sálfræðinni, þá vil jeg geta þess, að jeg tel þetta embætti, sem hjer er farið fram á að stofna, alveg óþarft, og mjer er það áhugamál, að það sje ekki stofnað, því að jeg vil ekki, að Háskólinn okkar sje settur í samband við það, sem á erlendum málum er kallað »humbug«, en að þetta mál sje nefnt svo, get jeg sannað, með því að benda á, að svo er það nefnt af sumum prófessorunum við Háskólann.

Það hafa heyrst raddir um það, að rjettast væri af þinginu, að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus, en svo eru menn að koma með önnur eins óþrifamál og þetta fyrir þingið.

Það liggja nú með þessu frumv. fjögur embættafrumvörp fyrir þinginu, og þau eru öll um ný embætti, sem farið er fram á að stofna. Ef þau væri öll stofnuð, þá yrði það á fjárhagstímabilinu 40,000 kr., sem það kostaði landið. Jeg veit ekki, hvernig háttv. þm. Dal. (B. J.) hugsar sjer að fá fje til þessa, en líklega verður eina úrræðið hjá honum, að taka lán hjá Dönum.

Jeg get ekki verið með neinu af þessum frumvörpum, því að jeg flyt nú engar fjárbænir fyrir kjósendur mína. Ekki fyrir þá sök, að þeirra sje þar síður þörf en annarstaðar, heldur fyrir þá sök, að kjósendur mínir eru svo skynsamir menn, að þeir vilja ekki íþyngja landssjóði með fjárbeiðnum í ári slíku sem þessu. Þeir báðu mig að ljá ekki atkvæði mitt til að koma fram neinu, sem kostnaðarauki væri að, nema brýn þörf gjörðist, og það ætla jeg að gjöra. Jeg mun því verða á móti þessu máli.

Þá skal jeg með örfáum orðum víkja að sjálfu þessu embætti, en jeg verð að biðja fyrirgefningar á því, að jeg get ekki verið eins háfleygur eins og sumir aðrir, sem talað hafa. Þó undantek jeg háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem talaði mjög sanngjarnlega og viturlega um málið, eins og hans var von og vísa.

Fyrsta »argumentið« í þessu máli átti að vera bækurnar, sem liggja þarna á borðshorninu hjá háttv. þingm. Dal. (B. J.). Þær eru í bláu, rauðu og gulu bandi. Það getur nú reyndar verið, að jeg sje litblindur, en það skiftir þá sjálfsagt minstu um litinn. En hins verða menn vel að gæta, að þótt skrifaðar sjeu stórar bækur, þá er það engin sönnun fyrir því, að þær fari með rjett mál. Það hefir jafnvel komið fyrir, að menn hafa hlotið doktorsnafnbót fyrir ritsmíðar, sem seinna reyndust einber vitleysa. Listasafn nokkurt á Frakklandi keypti fyrir nokkrum árum ker, sem sagt var, að stafaði alla leið frá Faraóunum. Var það skrautgripur hinn mesti, útskorið af miklum hagleik. Maður nokkur tók sig til og skrifaði vísindalega ritgjörð um rúnirnar, sem á því stóðu, og hlaut hann doktorsnafnbót fyrir. Þetta var nú í sjálfu sjer ekki svo undarlegt, en það versta var, að litlu seinna komst það upp, að kerið var smíðað um 1870. Þetta sannar, að þótt skrifaðar sjeu bækur í bláu, rauðu og gulu bandi, þá er ekki þar með sagt, að þær hafi rjett mál að flytja.

Það hefir verið tekið fram, að það fylgdu meðmæli þessari embættisstofnun. En það vantar samt þau rjettu meðmæli, sem að sjálfsögðu hefðu átt að koma, nefnilega frá háskólaráðinu. Jeg verð, sem þingmaður, að krefjast þess,

að umsagnar háskólaráðsins og álits verði leitað í þessu máli. Það er líka beint tekið fram í 3. gr. Háskólalaganna, að svo skuli gjöra. Þar stendur svo:

»Háskólaráðið fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð, og snerta Háskólann«.

Jeg mun því að sjálfsögðu krefjast þess, að leitað verði álits háskólaráðsinu um þetta, en annars væri kannske rjettast að leggja það til, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

Svo jeg komi nú loksins að fyrirsögn frumv.. Skal jeg leyfa mjer að benda á, að þar finst mjer kenna eins konar hocus-pocus. Þar stendur: Stofnun kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði. Þetta orð «*hagnýtri*« kemur mjer og fleirum svo fyrir sjónir, að ef það hefði ekki verið með, en frumvarpið bara heitið »stofnun kennaraembættis í sálarfræði«, þá myndi það hafa fengið litinn byr hjer í deildinni. Þetta eina orð á þá að fleyta því í gegnum deildina, og mjer er sagt, að það hafi einmitt verið það, sem fleytti því í gegn um búnaðarþingið. Jeg býst við, að það hafi verið litið svo á, að úr því að búnaðarþingið tók þetta mál upp á sína sterku arma og mælti með því, þá muni það ganga fram hjer í deildinni. En jeg er nú ekki alveg sannfærður um að svo fari, enda þótt þetta merkilega orð »hagnýtri« standi þarna. Orðið mun eiga að benda til þess, að þetta embætti, þótt í sálarfræði sje, hafi eða eigi að hafa nauða-praktiska hlið. Maðurinn, sem tekur við þessu embætti, á bæði að vera sálarfræðingur og búfræðingur. Hann mun ekki að eins eiga að kenna sálarfræði í þeim skilningi, sem hingað til hefir verið lagður í orðið, heldur á hann líka að vera búfræðingur og verkfræðingur. Hann á bæði að vera kennari í heimspeki og nýju vísindunum, *vinnuspeki*.

Jeg bjóst nú við, að sá maður, sem hafði framsögu í þessu máli, myndi benda á, hvernig fyrirkomulagið ætti að vera á kenslunni. Jeg var að reyna að brjóta heilann um það í gærkvöldi, en fjekk höfuðverk og hætti við það. Á framsögunni var ekkert að græða, annað en það, að háttv. flutnm. sagði, að það væri stór gáta, hvort nokkuð gagn yrði að þessu embætti. Það geta naumast heitið ákveðin meðmæli. Svo sagði hann líka, að þessi kensla myndi minka þreytuna á þessu landi. Ef hann gæti fært rök að því, að menn, sem verða að berja tímum saman í roki og stórsjó, verði ekki þreyttir, þá skal jeg vera með þessari embættisstofnun. En mjer kemur það ógnarlega hjákátlega fyrir sjónir, að ætlast til þess, að sami maðurinn hafi bæði það starf, að halda djúpsetta fyrirlestra hjer við Háskólann um sálarlíf manna, annan mánuðinn, en hinn mánuðinn verði hann uppi í sveit og haldi fyrirlestra á mykjuhaug um það, hvernig dreifa skuli haugnum undan honum, eða fari í sjóþorpin og segi fyrir um hvernig vinna skuli að síldarverkun, fiskverkun og lýsisbræðslu. Sambandið á milli sálarfræðingsins og verkamannsins er mjer litt skiljanlegt. Enda sannfærðist jeg um, að þetta samband væri óeðlilegt, þegar jeg las nýju bókina »Vit og strit«. Þar stendur: » . . . en tilraunir sýna, að hæfileikinn til andlegrar vinnu þverrar við að reyna mikið á líkamann«.

Þegar jeg var búinn að lesa þessa setningu, sá jeg, að það var ógjörningur, að láta þenna prófessor fara út á land til að vinna, því að eftir 5—6 ár myndi hann vera orðinn að búfræðingi, en sálarfræðingurinn alveg horfinn.

(Bjarni Jónsson: Þetta er mikið strit, en lítið vit). Jeg á nú bágt með að tala um þetta mál í alvöru. En jeg býst við, að við sjeum allir á þeirri skoðun, að sá, sem á að kenna öðrum mönnum verklega vinnu, þurfi sjálfur að taka þátt í vinnunni. Prófessorinn vill t d. kenna mönnum að róa á bát. Hann byrjar á því einn góðan veðurdag kl. 6 að morgni. Hann fær hörkubarning og ber eina mílu á þremur tímum. Kl. 9 kemur hann svo heim, til þess að kenna mönnum að sprengja grjót og vinna að vegagjörð. Hann er að þessu striti til hádegis. Þá fer hann að kenna mönnum að taka lundakofu og er að því til kl. 4 e. h. Jeg verð nú að segja, að þessi prófessor verður að vera meira en meðalmaður, ef nokkurt vit verður eftir í honum að kvöldi dags eftir alt þetta strit. Jeg er hræddur um, að afleiðingin af öllu þessu striti verði sú, að annaðhvort verði prófessorinn að búfræðingi, eða þá að búfræðingurinn hverfur eftir 1—2 ár, og eftir verður að eins sálarfræðingurinn.

Eins og jeg sagði áðan, var ekkert gagn að framsögunni, og verð jeg því leita aftur í bókinni. Fyrst skal jeg þó lýsa yfir því, að jeg er samdóma háttv. þm. Dal. (B. J.) um að þetta starf er svo margbrotið, að jeg býst við að ekki veitti af 24 prófessorum, eða 6 í hverjum landsfjórðungi, til að inna það af hendi.

Jeg skal nú leyfa mjer að nefna nokkur atriði þeirra vísinda, sem þessi blessaður prófessor á að kenna. Það eru þá fyrst sláttuvísindi, eða það, hvernig menn eiga að fara með orf og ljá, og skal jeg síðar víkja nokkuð nánar að þessari vísindagrein sjerstaklega. Svo eru það fiskverkunarvísindi, þá sláturvísindi, niðursuðuvísindi og haugavísindi, eða hvernig menn eigi að moka úr haugnum. Svona má sjálfsagt lengi telja. Menn mega ekki halda að jeg sje að gjöra málefnið hlægilegt; maðurinn á að kenna alt þetta og miklu meira.

Skal jeg nú leyfa mjer að benda á, hver atriði það eru fyrst og fremst, sem taka á til greina samkvæmt þessari bók við kenslu sláttuvísindanna. Þau snerta sláttumanninn, sláttuverkfærin, sláttulandið og sláttinn og eru þessi:

»*Sláttumaðurinn*: Hæð, orka, viðbragðsflýtir.

Orfið: Efni, þyngd, lengd, hælasetning, steyping.

Ljárinn: Efni, þyngd, lengd, lengd á grashlaupi, bakkalögun, úrrjetta, lega.

Brýnslan: Hverfisteinn eða dengingarverkfæri, brýni, og hversu þeim skuli beita.

Sláttulandið: Sljetta, þýfi, tún, harðvelli, mosajörð. Þá ber og að hafa tillit til grasmagnsins.

Slátturinn: Skárabreidd, ljáfarsbreidd, slátta, (nærslegið eða fjarslegið), sláttuhraði, sveifla, fótaburður, vinnutími og hvíldir«.

Jeg gæti nú hugsað mjer, að þótt bóndi væri harðduglegur og hjeldi fólki sínu vel að vinnu, jafnvel þótt farið væri til vinnunar kl. 4 að morgni, þá myndi vera farið að líða að hádegi, þegar loks væri búið að mæla allar þessar sveiflur.

Eins er það með haugavísindin. Það er talið misjafnt hve miklum þunga einn maður geti mokað, og verður rekan að vera löguð eftir því. Ef 5 menn eru á bæ, þarf að kaupa handa þeim 5 mismunandi rekur, og mæla kraft þeirra og viðbragsflýti áður en rekurnar eru keyptar.

Þetta er 1. umr. og skal jeg því ekki fara inn á sjerstök atriði. Að lokum skal jeg leyfa mjer að minnast á húsplássið. Við höfum ekkert húspláss hjer í alþingishúsinu fyrir þenna sálarfræðiprófessor. Hjer er ekki rúm fyrir

meira en hjer um bil 30 manns, en á hann þurfa allir verkamenn að hlýða, allur sá fjöldi kvenna, sem hjer stundar fiskverkun, og yfir höfuð allir verkamenn, hverju nafni sem nefnast. Það þyrfti að búa til handa honum sjerstakt »Auditorium«, ef menn ættu að geta notið tilsagnar hans og leiðbeininga.

Helst vildi jeg fella þetta frumv. frá nefnd, en af því að jeg býst við, að það myndi verða skoðað sem ókurteisi, þá leyfi jeg mjer að leggja til, að því verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

Flutnm. (Matthías Ólafsson): Jeg þarf að svara ræðu háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.) nokkrum orðum, enda þótt meiri hluti þess, sem hann sagði, geti varla talist svara verður. Hann sagði, að jeg hefði ekki fært neinar líkur fyrir því, að þetta verk, sem prófessornum er ætlað að vinna, væri framkvæmanlegt. Ef menn vilja breiða þekkingu út um landið, verða menn að byrja á því að kenna einhverstaðar. Ef þetta embætti hefði verið stofnað fyrir 30 árum, áður en háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.) gekk í skóla, þá hefðum við líklega losnað við að heyra þessa ræðu hans. Þá hefði hann ef til vill kunnað að þegja. Annars sýndi þessi ræða hans, að hann hefir verið óheppinn með bækur, eða ekki kunnað að notfæra sjer þær bækur, sem hann hefir lesið. Hann gjörði ráð fyrir, að allir þeir, sem eitthvað eiga að læra hjá þessum prófessor, þurfi endilega að vera inni í Háskólanum. En þess ber að gæta, að fyrst og fremst er honum ætlað að kenna í skólanum, og síðan að leiðbeina mönnum við vinnu, ef óskað er, og þá auðvitað þar, sem vinnan fer fram. Þetta ætlaði jeg háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.) að skilja, jafnvel þótt jeg vissi, að hann er ekki neitt sjerstaklega skarpskygn. Hann var að leitast við að gjöra málefnið hlægilegt, og oft leit hann upp á pallana, til þess að vita hvernig áheyrendunum geðjaðist að hnittiyrðum hans og skopi. En ef hann hefði getað sjeð inn í hugskot manna, þá mundi hann líka hafa sjeð, á hvers kostnað hlegið var hjer í salnum. Fyrr á tímum hjeldu konungar og stórhöfðingjar menn, til að hafa á hendi þann starfa, sem hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hefir tekið að sjer hjer í deildinni, en þingið hefir ekki ráð til að halda slíkan mann nú í þessari dýrtíð.

Hann var að lesa kafla upp úr bókinni »Vit og strit«, og reyndi eftir mætti að draga dár að þeim. Ef honum er gjarnt til höfuðverks, væri rjettara fyrir hann, að reyna að komast hjá slíkri áreynslu. Bókin er jafngóð fyrir því, þótt reynt sje, af meira striti en viti, að snúa út úr því, sem í henni stendur. Maður vill hafa rannsókn um þetta efni og gjöra þá rannsókn ávaxtasama, með því að gefa mönnum leiðbeiningar við vinnu. Landsverkfræðingurinn hefir látið uppi það álit sitt, að slíkar tilraunir mundu verða allri verkstjórn til verulegra bóta. Jeg hefi trú á því, að í þessu sje mikill sannleikur, auk þess, sem jeg hefi besta traust á manninum sjálfum, sem ætlað er að inna þetta verk af hendi. Hann hefir frá blauta barnsbeini vanist ýmsum störfum, og það er alkunna, að hann er áhugasamur dugnaðarmaður, sem ekki liggur á liði sínu. Það ætti því ekki að vera mjög hættulegt, að stofna þetta embætti, og ætið hægurinn hjá fyrir þingið að afnema það aftur, ef það reyndist ekki gagnlegt. Hvað snertir útlitið fjárhagslega, verð jeg að segja, að á hinum erfiðu tímum dugar ekki að gugna, heldur er þá fremur ástæða til, að reyna að finna ný ráð. Og nú er ef til vill einmitt tími til að gjöra einhverjar tilraunir í þessa átt,

því að ekki er ráð, þegar hart er í ári og illa lítur út, að leggja árar í bát.

Jeg get slept því fram hjá mjer, að svara gemsyrðum háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.) um, að með þessu eigi að koma í veg fyrir, að menn þreytist við erfiðisvinnu. Það er vitaskuld ekki hægt, að koma því svo fyrir, að menn þreytist ekki, en það er hægt að gjöra mönnum vinnuna ljettari, og það er ekki lítis virði.

Jeg sje svo ekki ástæðu til, að vera að mótmæla fleiru í ræðu háttv. þingm. (G. E.), nema þeirri uppástungu hans, að vísa málinu til landbúnaðarnefndar. Ef það er álitið nauðsynlegt, að málið sje sett í nefnd, þá er sjálfsagt, að vísa því til háskólanefndarinnar. Háttv. þingm. (G. E.) kom með orð eftir einhverjum í háskólaráðinu, sem betur hefðu verið ótöluð. Jeg vil spyrja, hvort jeg hafi ekki leyfi til, að koma fram með þetta frumv., án þess að ráðfæra mig við háskólaráðið. Jeg er þess fullviss, að þótt jeg hefði borið það undir háskólaráðið, þá hefði að minsta kosti meiri hluti þess verið með því.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og vísað til háskólanefndar með 15 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Arnórsson,
Guðm. Hannesson,	Guðm. Eggerz,
Hjörtur Snorrason,	Sigurður Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson,	Sveinn Björnsson.
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	

já:
Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson,
Þór. Benediktsson.

Einar Jónsson greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

Hannes Hafstein, Jón Magnússon og Sig. Gunnarsson voru fjarstaddir.

Háskólanefndina skipuðu þeir
Jón Magnússon,
Einar Jónsson,
Hjörtur Snorrason,
Guðmundur Hannesson,
Jón Jónsson.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 148, n. 372, 470).

Framsm. meiri hl. (Guðmundur Hannesson): Jeg vona, að allir, sem lesið hafa nefndarálit meiri hlutans, hafi ljóslega sjeð afstöðu hans til málsins. (*Margar raddir:* Það er nú allerfitt). Meiri hlutinn leit svo á, að ekki væri fengin full vissa fyrir því, að þessar tilraunir kæmu að fullum notum. Líkindi töldu menn til þess, en auðvitanlega gat enginn sagt það með fullri vissu. En allir geta verið ásáttir um það, að þótt slíkar rannsóknir kæmu að eins að notum í fám greinum, þá geta þær margfaldlega borgað sig.

Öllum er það kunnugt, að maður sá, er menn höfðu ætlað þennan starfa, dr. Guðm. Finnbogason, er dugnaðar- og áhuga-maður og hefir kynt sjer þetta mál allítarlega. Nefndin hefir viljað gefa honum tækifæri til þess að sýna, hvort þessar tilraunir hans geta orðið landinu að gagni, og vill þess vegna, að honum verði veitt í fjárlögunum ákveðin upphæð til þess, að hann geti

fengist við þenna starfa og reynslan skorið úr því, hvert gagn að honum verður. En meiri hluti nefndarinnar vill ekki, að fjárveiting þessi sje skoðuð sem loforð um áframhaldandi fjárveitingu eða stofnun nýs embættis. Næsta þing verður auðvitanlega að meta árangurinn af starfi þessa manns og ráða því, hvort starfinu er hætt eða því haldið áfram í einhverri mynd, eða þá stofnað fast embætti. Reyndin á að skera úr því, hversu framvegis eigi með málið að fara, og ekkert annað.

Þetta er nú nefndarálitið. En annars voru skoðanir nefndarmanna í þessu máli mjög skiftar. Sumir töldu, að sjálfsagt væri að stofna nýtt embætti, sökum þess, að tilraunirnar hlytu að koma að miklu gagni, aðrir töldu mikla tvísýnu á því, að rannsóknir þessar kæmu að verulegum notum, og voru ófáanlegir til að fara lengra en að veita í þetta sinn fje til þessa í fjárlögunum, til reynslu. Úr því skoðanir voru svo skiftar, hlaut það að koma fram í nefndarálitinu. Samt kom meiri hlutinn sjer að lokum saman um, að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

> *Í því trausti, að Alþingi sjái sjer fært, að veita dr. phil. Guðm. Finnbogasyni 3000 kr. á ári í næstu fjárlögum 1916 og 1917, til vísindalegra rannsókna og tilrauna, til þess að bæta vinnubrögð í landinu, og að stjórnin jafnframt veiti honum lausn til bráðabirgða frá aðstoðarstarfi því, er hann hefir nú á hendi, tekar deildin fyrir næsta mál á dagskrá.*

Skal jeg leyfa mjer að afhenda hana hæstv. forseta með tilmælum um, að hún sje borin undir atkvæði að umræðunum loknum.

Jeg vil vekja athygli háttv. þingmanna á því, að svo er til ætlast, að embætti því, er þessi maður gegnir nú sem stendur, verði haldið opnu, svo að hann eigi kost á, að fá það aftur, ef þetta mál fjelli niður eftir komandi fjárhagstímabil.

Guðmundur Eggerz: Jeg hafði ekki ætlað mjer að halda ræðu yfir moldum þessa frumv., en hafði áformað, að geyma mjer allar umræður þangað til afturganga þess kæmi fyrir, í fjárlögunum. En hin rökstudda dagskrá, sem fram er komin, gefur mjer tilefni til þess, að segja nokkur orð. Hún er nefnilega svo orðuð, að verði hún samþykt, þá bindur hún atkvæði manna fyrir fram um ákveðinn lið í fjárlögunum.

Háttv. framsm. (G. H.) komst svo óheppilega að orði, er hann mintist á nefndarálitið, að það væri mjög ljóst. Þá varð hlátur mikill í deildinni, sem síst var furða. Jeg get ekki annað sjeð en það sje einn sá undarlegasti krabbagangur, þegar litið er á það í sambandi við brtt. þá, er nefndin ber fram á þgskj. 416 við fjárlögin. Jeg skal leyfa mjer að sanna þetta með orðum nefndarálitsins sjálfs. Þetta frumv. fór fram á það, að stofnað yrði sjerstakt prófessorsembætti í hagnýtri sálarfræði við Háskólann. Jeg heyri það sagt, að til orða hafi komið í nefndinni, að breyta þessu í dócentsembætti. En dócentinn hefir, að því er sjeð verður, kafnað í fæðingunni. Eftir miklar bollaleggingar hefir niðurstaðan orðið sú, að nefndin leggur til, að veittar verði í fjárlögum 6000 kr., til þess að bæta vinnubrögð í landinu. Jeg tók það fram við 1. umr. málsins, að betur hefði átt við, að skipa búfræðing í þetta embætti en sálarfræðing. Nefndin hefir að sumu leyti tekið þetta til greina, því hið sálfræðislega »moment« er nú fallið burtu.

Nú skal jeg, eins og jeg tók fram, drepa á fáein atriði úr nefndarálitinu, til þess að sýna mönnum, hve vel nefnd-

in rökstyður uppástungu sína um fjárveitinguna. Í fyrsta lagi drepur nefndin á meðmæli háskólaráðsins, og dregur út úr þeim þá ályktun, að tæplega sje ástæða til að hafa tvö kennaraembætti í heimspeki við svo lítinn skóla. Enn fremur segir nefndin, að vinnubrögð hafi komist á afarhátt þroskastig í ýmsum atvinnugreinum hjer á landi, áður en vinnuvísindi hafi verið nefnd á nafn. Má jeg biðja háttv. framsm. (G. H.) um að skýra fyrir mjer samræmið milli þessara orða og tillögu hans um 6000 kr. fjárveitinguna. Enn fremur stendur í álitinu: »Vinnuleikni er gömul, vinnuvísindi ung og lítt reynd«. Já, vegna þess, að vinnuleiknin er gömul en vinnuvísindin óreynd, þá á auðvitað að veita þessar 6000 kr. Vill háttv. framsm. (G. H.) gjöra þetta skiljanlegt fyrir mjer? Enn fremur stendur í álitinu: »Þar sem svo stendur á, virðist oss mjög tvísýnt, að vinnutilraunir geti orðið að miklu liði«. Þess vegna á auðvitað að veita 6000 kr. til þeirra. Það þarf víst prófessor í sálarfræði til þess að botna í þessari röksemdaleiðslu. Nefndin »telur það vafasamt, að vísindamenn geti kent sjómönnum vorum og sláttumönnum verk sín svo, að almenningi komi að nokkrum verulegum notum«. Af því að nefndin er sannfærð um þetta, vill hún veita 6000 kr. í þessu skyni. Enn fremur segir í álitinu: »Formenn vorir sjá fljótt, hverjir eru fisknir, og kysu helst, að allir hásetar væru það, en eftir sem áður verða þeir að nota menn, sem er miður sýnt um verkið, og hæpið, að vísindalegri kenslu verði komið við, til þess að gjöra þá að betri veiðimönnum«. Vegna þessa ætlast meiri hlutinn til, að veittar sjeu 6000 kr., til þess að kenna mönnum það, sem þeir geta ekki lært. Enn fremur segir nefndin: »Engar þjóðir hafa tekið það ráð, að láta háskólakennara kenna almenningi vinnubrögð«. Þess vegna vill nefndin láta kenna mönnum hjer á landi vinnuvísindi. Þá segir í nefndarálitinu: »Þó vjer gjörum oss litla von um, að vísindalegar vinnutilraunir komi hjer alment að notum o. s. frv., teljum vjer æskilegt, að slíkar tilraunir væru framkvæmdar í nokkur ár, svo að reynsla fengist fyrir því, hvort þær kæmu að notum«. Já, þótt nefndarmenn álíti það alveg þýðingarlaust, og engin líkindi til þess, að gagn geti að orðið, þá vilja þeir samt henda út 3000 kr. á ári í guð veit hvað mörg ár, til þess að fá óræka sönnun fyrir því, sem þeir eru sannfærðir um, að peningum þessum sje fleygt í sjóinn.

Jeg vona, að háttv. framsm. (G. H.) hafi skrifað þessi atriði, sem jeg hefi tilfært, hjá sjer, svo að hann geti leitt mig í allan sannleika og skýrt samræmið milli álitsins og brtt. á þgskj. 416 fyrir mönnum. Loks stendur í álitinu, að umsækjandinn sje »svo mætur maður« o. s. frv. Ætli þetta sje ekki »punctum saliens«, það sje vegna þessa eins, að honum eigi að veitast þessar 6000 kr.?

Mjer er það alveg óskiljanlegt, hvernig háttv. framsm. (G. H.) hefir ætlað að brúa þá hyldýpisgjá, sem er á milli nefndarálitsins og brtt. á þgskj. 416. Fyrir hverjum skynbærum manni, er nefndarálitið les, hlýtur það að líta svo út, sem »conclusionin« sje hreinasta vitleysa og það væri hið mesta »humbug« að veita einn eyri til þessa. Nefndin margendurtekur það í raun og veru, að ekkert vit sje í þessu, en samt sem áður klykkir hún svona út. Alt nefndarálitið er samansafn af röksemdum á móti »conclusioninni«. Mig furðar nú ekki svo mjög á þessu, þar sem jeg veit, hver hefir ritað það og ber ábyrgð á því. Í fyrra var hann

eldheitur á móti fjölgun embætta. Um það er ekkert að segja. En jeg þóttist vita það, að fyrst hann var svo ólmur með embættafækkun þá, mundi hann auðvitanlega vilja fjölga embættum nú. Og sú hefir orðið raunin á.

Jeg tel það ætíð leiðinlegt, þegar fjarstaddar persónur eru dregnar inn í umræðurnar. En úr því að nefndin hefir orðið til að draga þenna mann inn í umræðurnar, þá verður hún að bera ábyrgð á afleiðingunum. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekki nema gott eitt af þessum manni að segja, og það er því ekki til þess að hnýta í hann, þótt jeg segi, að hvorki hann nje nokkur maður annar geti að mínu áliti áorkað því, sem nefndin ætlar honum að vinna. Og ekki get jeg álasað honum, þótt hann taki við þessari fjárveitingu, því fæstir mundu vera svo stórir upp á sig, að drepa hendi við jafnálitlegri fjárupphæð.

Jeg endurtek það, að jeg sje engin líkindi til þess, að heimspekingur geti kent verkleg fræði. Jeg veit, að háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) reynir að slá mig af laginu með svipuðum rökum, sem í nefndarálitinu finnast, sem sje, að með því að þessi maður hefir aldrei komið að líkamlegri vinnu frá því að hann var í skóla, þá muni hann miklu færari um að kenna verklag, heldur en þeir, sem stundað hafa líkamlega vinnu alla sína æfi. Jeg hefi átt tal við þingmenn um þetta, og hefir mjer skilist á þeim sumum, að doctorinn eigi að fá 6000 kr. til þess að kenna mönnum vinnubrögð um alt land, kenna mönnum að róa, salta fisk, slá o. s. frv. *(Bjarni Jónsson:* Hann á líka að kenna mönnum að hugsa). Jeg veit ekki til, að hugsunarfræði sje kölluð vinnubrögð, en vel mætti hann hafa nokkra tíma í þeirri grein með háttv. þm. Dal. (B. J.). Jeg veit það, að doctorinn er prýðilega að sjer í heimspeki og sálarfræði, en þótt hann hefði tíma í hugsunarfræði með háttv. þm. Dal. (B. J.) í 150 ár, þá dygði það ekki; hugsunarvillurnar mundu verða eins margar eftir og flugurnar hjer í bænum.

Yfirleitt verð jeg að álíta, að enginn maður á jarðríki sje fær um að leysa af hendi það, sem doctornum er ætlað að vinna. Ef menn vilja halda málinu áfram í alvöru, þá veitir ekki af því, að senda með doctornum 100 legáta út um landið, hvern með 6000 kr. launum, og þó segir nefndin, að vafasamt sje, að nokkur árangur verði af því.

Doctorinn segir í umsókn sinni, að hann mundi yfirgefa fósturjörð sína, ef Alþingi taki hann ekki upp í sína arma. Ekki er nú álitið mikið! Ætli landið sporðreistist ekki, ef hann færi? Jeg verð að segja það, fyrst farið er að tala um einstaka menn, að jeg sje mann standa hjer andspænis mjer í hliðarherbergi, sem miklu væri nær að gjöra að prófessor, mann, sem í sinni grein mun skara fram úr flestum í danska ríkinu; jeg á við doctor Ólaf Daníelsson.

En svo að jeg snúi mjer að dr. Guðmundi Finnbogasyni og hótun hans um að yfirgefa landið, þá hefi jeg ekkert annað um það að segja, en að óska þess, að guð megi gefa honum góða ferð sem fyrst.

Vjer verðum að gá að því, að hjer ganga menn embættislausir hópum saman, málfræðingar, guðfræðingar, lögfræðingar. Þarf ekki líka að stofna 6000 kr. embætti handa þeim? Eða sjómönnum og verkamönnum?

Jeg er viss um það, að ef mesti og verklagnasti vinnumaður þessa bæjar, sem alla sína æfi hefði unnið að líkamlegri vinnu, kæmi til þingsins, og bæði það um að veita sjer þó ekki væri nema 600 kr., til þess að kenna öðrum verklagni, þá mundi hann ekki einu sinni fá nokkurn mann til þess að flytja þá

beiðni. Slíkum manni þýddi ekki mikið að hóta því, að fara af landi burt. En þegar beiðni kemur frá manni, sem aldrei hefir unnið neitt, þá er sjálfsagt að verða við henni.

Jeg hefi þá þvegið mínar hendur, og býst ekki við, að nokkur haldi eftir þetta, að jeg muni greiða atkvæði með þessum styrk. Og jeg skil það ekki, að nokkur maður geti gjört það af glöðu geði, eftir að hafa lesið nefndarálitið, því að það sýnir ljósast, hversu algjörlega óþörf þessi styrkveiting er.

Það er getið um það í nefndarálitinu, að þessi nýja stefna sje komin frá Ameríku. Jeg hefi ekki heyrt, að nokkur sálarfræðingur kenni vinnubrögð hjá Krupp, og vel getur því verið, að þar sje eitthvað í ólagi. Væri nú ekki ráð að senda sálarfræðinginn þangað til leiðbeiningar í verksmiðjunum? Jeg skil ekki, að það mundi verða skoðað sem brot á hlutleysisskyldu vorri.

Mjer skilst svo, sem þeir, er atkvæði greiða með dagskránni, skuldbindi sig til að greiða atkvæði með 6000 króna fjárveitingu til doctorsins. Þess vegna er jeg á móti dagskránni, og vil biðja hæstv. forseta að hafa nafnakall um hana, svo að almenningur fái skýrt að vita afstöðu manna.

Bjarni Jónsson: Það eru að eins örfá orð. Jeg ætlaði, að það væri óþarfi að mæla nokkuð með því, í hvaða formi þessi fjárveiting væri veitt. En þótt jeg væri miklu mælskari og betur að mjer en jeg er, þá hefði jeg aldrei getað flutt betri meðmæli með frumvarpinu, heldur en háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Þess vegna ætla jeg að eins að gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg þykist hafa sannað það fullljóslega, að þörf er á nýju kennaraembætti í heimspeki, af því að um fyrirsjáanlegan tíma verður ekki unnt að koma á kenslu við Háskólann í sumum fræðum, sem mest er þörf á við skólana, eins og í náttúrufræði o. fl., og í þeim fræðum mundi Háskóli vor, fjárins vegna, ekki geta kept við útlenda háskóla. En þessi háskóli getur orðið besti háskóli heimsins í þeim greinum, sem hægt er að iðka hvar sem er, eins og íslenskum fræðum, lögfræði og heimspeki. Í öllum þessum fræðum, getur þessi háskóli orðið jafngóður þeim, sem bestir eru. Nú er heimspeki svo víðtæk fræði, að enginn einn maður getur kent allar greinar hennar. Þetti hefi jeg sýnt fram á áður. *(Guðmundur Eggerz:* Það skildi enginn). Þá ræðu mína ljet jeg prenta, til þess að jafn sljóir menn sem háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.) fengi numið rjettan skilning af. Sálarfræðin er nú komin í rjett horf, komin út úr metaphysikinni; því er full þörf á að hafa sjerstakan kennara þar. Nú vita það allir, sem þekkja þenna mann, dr. Guðmund Finnbogason, að hann er prýðilega hæfur til þessa starfs. Hann hefir sýnt það bæði í öðrum ritum sínum, og þó sjerstaklega í doktorsritgjörð sinni, að hann hefir sjálfstæða hæfileika til rannsókna. Þess vegna er hann sem sjálfkjörinn í embættið.

En meiri hluti nefndarinnar er nú ekki á sama máli um það, að þörf sje að stofna embætti í þessari grein. Nú þótt nefndarálit þetta sje ekki langt frá því, að minna mig dálítið á nefndarálitið í hjeramálinu sæla, þá fer mjer þó ekki eins og háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.), að jeg gangi í gegnum það og láti sannfærast, heldur lít jeg á málefnið. Háttv. 2. þm. S.-M. (G. E.) hefir farið í gegnum þessa ritsmíð nefndarinnar og mátti varla í milli sjá hvort ágætara væri í rökfimi, nefndin eða hann. En jeg vil ekki blanda mjer í þenna göf-

uga kappleik þessara andlegu skeiðhesta. En háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) segir, að nefndin hafi komist að annari niðurstöðu en hún hafi ætlað sjer. En þótt nefndin semji vitlaust nefndarálit og komist að vitlausri niðurstöðu, þá á það engin áhrif að hafa á sannfæringu manna í málinu. Hitt undrar mig ekki, að sami háttv. þingm. ætlar, að jeg þurfi tilsögn í 150 ár, því að jeg veit, að mjer veitti ekki af þeim tíma, og þó lengri væri, til þess að hugsa eins og hann. Og minnir þetta mig á kerlinguna, sem hrafninn keypti.

Dálítið þykir mjer það óviðkunnanlegt að heyra þingmann segja, að ekki sje eftirsjá að Íslendingum, sem burt fara af landinu. Ísland þarf allra sinna manna, ekki síst þeirra, sem góðir eru og líklegir til nytsemda, og því heldur, sem líklegt væri, að ella yrðu heimskingjarnir í meira hluta.

Nefndinni svara jeg því, að jeg ætla mjer að greiða atkvæði með dagskránni, þótt jeg telji það vitlausa leið. Þetta er þó betra en ekki, af því að jeg veit, að maðurinn muni verja tíma sínum vel. Heldur en að ekkert gangi fram, mun jeg því styðja dagskrána, og sannast þar, að sá vægir, sem vitið hefir meira, og vænti jeg, að nefndin láti sjer þær undirtektir lynda.

Framsögumaður (Guðmundur Hannesson): Ekkert skal jeg fullyrða um það, hvort háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) gjörir sig svo heimskan eða grannvitran, sem ræða hans ber vott um, eða hann er svo gjörður af náttúrunni. Hvorttveggja er sorglegt fyrir þingmanninn, en tertium non datur.

Nefndarálitið segir kost og löst á málinu. Jeg veit vel, að það er ekki málflutningsmanna siður; þeir flytja mál sín venjulega einhliða. Jeg tel það best sæma þingnefndum, að segja kost og löst á hverju máli, skýra sem sannast frá því, og heldur vil jeg hafa ámæli fyrir það, að fleiri skoðana sje getið í álitinu en einnar, heldur en að skýra rangt frá málinu eða villandi, með því að fegra um of aðra hliðina. Fátt er það, sem enginn galli fylgir, og þá er að velja á milli og vega, hvort meiri sjeu kostir en lestir.

Jeg held, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) hafi lesið nefndarálitið á sama hátt, sem skrattinn biblíuna, og ef það er ekki ljóst, þá var ræða hans það þaðan af síður og fjærri því að skýra málið. Háttv. þingm. segir, að nefndin áliti ekki þörf á því, að hafa tvö embætti í heimspeki við Háskólann, og leggi því til þessarar fjárveitingar í fjárlögum. Já, nefndin segir þetta, og leggur því til, að *fella frumvarpið*, en af öðrum ástæðum vill hún veita styrk í fjárlögunum. Hjer er um enga mótsögn að ræða.

Þá á það að vera hneyksli, að nefndin segir, að vinnuleikni hafi verið komin á hátt stig, áður en vinnuvísindin komu til sögunnar. Þetta er einfaldur sannleikur, en þar með er ekki útilokað, að þau vísindi geti komið að gagni, aukið vinnuleikni fram úr því, sem orðið er, og útbreitt hana enn meir. Og það er svo gott að vita, að einmitt Krupp er ágætt dæmi þess, er vísindin eru tekin í þjónustu vinnubragðanna. Þar er alt, smátt og stórt, undir hendi vísindamannanna, enda er Essen fyrirmyndarbær í hvívetna. Það dæmi ætti því að mæla með vinnuvísindum.

Mjer dettur ekki í hug að neita því, að vel geti orðið árangur af þessum rannsóknum í ýmsum greinum. Mjer var sagt það fyrir nokkru, að í sumar hefðu vegagjörðarmenn tekið að sjer að leggja vegarspotta upp á »akkorð«. Afleiðingin varð sú, að bæði gekk verkið

fljótar og verkamenn fengu hærra kaup en þeir höfðu áður fengið. Ekki væri það ólíklegt, að rannsóknir á vinnubrögðum flýttu t. d. fyrir því, að kaup yrði síðar miðað við verkið, sem af hendi er leyst, en ekki vinnutímann, þar sem því verður á annað borð komið við. Þetta eitt gæti leitt til talsverðra endurbóta og fjársparnaðar.

Það hneykslaði háttv. þm. S.-Múl. (G. E.), að engar aðrar þjóðir hefðu stofnað embætti, til þess að rannsaka vinnubrögð manna, en við ætluðum að taka upp á því fyrstir manna. Þetta er hinn mesti misskilningur. Hefir ekki þingm. lesið nefndarálitið? Og veit hann ekki, að nefndinni er einmitt umhugað um, að stofna *ekki* sjerstakt embætti í þessu skyni, og vill því láta fella frumvarpið. Jeg skil ekki, að neitt ósamræmi geti verið í því, að nefndin sjer lítil líkindi til þess, *í sumum greinum*, að þessar rannsóknir komi að notum. Aftur telur hún líkindi til þess, að gagn geti hlotist af þessum rannsóknum í ýmsum öðrum greinum, og því vill hún til reynslu veita manninum styrk í fjárlögunum, en ekki stofna sjerstakt embætti við Háskólann.

Þar sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) talaði um, að þessi maður ætti að kenna öll verk út um alt land, þá er slíkt auðvitað ekki annað en fjarstæða, sem ekki er svara verð. Engum hefir komið til hugar að haga starfinu þannig.

Háttv. þingmaðurinn kvaðst mundu greiða atkvæði á móti dagskránni. Mig grunar nú samt mikillega, að hann muni greiða atkvæði með henni. Því hann tekur ekki nærri sjer að greiða atkvæði með því, sem hann talar á móti. *(Guðmundur Eggerz:* Hve nær hefir það komið fyrir?). Til dæmis við fjárlagaumræðuna á laugardaginn. Þá talaði hann á móti Jökulsárbrúnni, en greiddi atkvæði með henni.

Sigurður Sigurðsson: Það var einungis stutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra. Jeg skal ekki fara neitt út í að tala um nefndarálitið, þótt mjer auðvitað finnist það kyndugt í mesta máta. Það minnir mjög á hjeranefndarálitið fræga frá í fyrra, því þar er alt tekið aftur í öðru orðinu, sem sagt er í hinu.

Jeg verð að álíta, að það sje ekki mikill munur á niðurstöðu nefndarinnar í þessu máli og frumvarpinu, sem ætlaðist til þess, að stofnað yrði nýtt, sjerstakt embætti við Háskólann í hagnýtri sálarfræði. Sje nokkur meining í þessari fjárveitingu, þá er auðvitað tilgangurinn sá, að halda áfram og stofna þetta embætti á næsta þingi. Hitt er annað mál, að háttv. framsm. nefndarinnar (G. H.) hefir lýst yfir því, að hann hafi enga trú á, að fjárveiting þessi komi að nokkru gagni, og er jeg þar alveg á sama máli.

Þá var annað, sem jeg vildi minnast á — og það var ástæðan til þess, að jeg bað mjer hljóðs, — og það er þessi rökstudda dagskrá, sem komið hefir fram. Mjer skildist svo, sem þeir, er greiða atkvæði með dagskránni, hafi með því skuldbundið sig til að greiða atkv., er til til þess kemur, með fjárveitingunni í fjárlögunum. Mjer virðist það óviðeigandi, að ofan á allar hinar ósvífnu »agitationir«, er beitt hefir verið í þessu máli, bætist það, að heil þingnefnd fari sjálf að »agitera« fyrir fjárveitingunni. Það er í mesta máta óviðeigandi og óþinglegt. Það hefði legið beinast við, að nefndin hefði tekið frumv. aftur, en aldrei borið fram þessa dagskrá, og þar með leitast við að *binda* atkvæði þingmanna í þessu máli.

Sveinn Björnsson: Jeg skal ekki fara út í langar þrætur um þetta mál.

Jeg get ekki sjeð, að þetta, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) var síðast að tala

um, í sambandi við dagskrána, sje rjett. Jeg get ekki litið á það sem neina gildru, þótt menn beri fram slíka dagskrá. Hitt er auðvitað, að þeir, sem samþykkja dagskrána, þeir hafa ráðið við sig, að greiða atkvæði með styrkveitingunni í fjárlögunum.

Annars ætlaði jeg að lýsa því, hvernig á því stendur, að jeg er þess fýsandi, að þessi fjárveiting nái fram að ganga. Þegar bókin »Vit og strit« kom út, þá las jeg hana með athygli, og sá þá þegar í stað að hjer var um mjög merkilegt mál að ræða. Og mjer þótti það svo merkilegt, að jeg fjekk mjer þegar í stað, ýmsar af þeim bókum, sem mögulegt var að ná í hjer á landi um málið, og kynti mjer það eins rækilega og kostur var á. Og jeg get sagt það með sanni, að mjer hefir alt af fundist málið merkilegra og merkilegra, eftir því sem jeg hefi kynst því meira. Jeg er ekki í neinum vafa um, að með rjettum aðferðum er hægt að margfalda svo vinnukraft manna, að stórkostlegur ávinningur verði. Auðvitað er það svo, að í öðrum löndum, þar sem vinnuskiftingin er komin á mjög hátt stig, þar er meiri von um árangur, en það er ekki loku skotið fyrir það, að hjer geti þessar rannsóknir líka komið að gagni. Jeg gæti t. d. nefnt flatningsmenn á togurunum. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að mikið gagn gæti orðið af slíkum rannsóknum, sem þessum, til þess að bæta alment vinnubrögðin við það starf.

Eitt verð jeg að taka fram, áður en jeg setst niður, og það er það, að mjer varð það þegar ljóst, er jeg hafði kynt mjer þetta mál, að einn maður getur ekki framkvæmt allar þær rannsóknir, sem með þarf í þessu efni. Til þess, að slíkar rannsóknir komi að fullu gagni, þurfa margir menn að vinna saman. Mjer varð það þegar ljóst, að ekki er hægt að búast við því, að þessi maður, sem hjer er um að ræða, framkvæmi allar þær rannsóknir, sem með þarf, en hitt varð mjer einnig ljóst, að ef við ættum nokkuð að komast áleiðis í þessu efni, þá verðum við að byrja á sálarfræðingi, sem auk þess hefir áhugann til að hvetja hjer til framkvæmda.

Jeg þarf ekki að geta þess, að mjer er það fyllilega ljóst, að starfssvið sje hjer á landi fyrir sálfræðing til að rannsaka vinnubrögð manna. Jeg mintist áðan á flatningsmenn á togurunum. Þeir eru, eins og menn vita, mjög misjafnir. Ef jeg færi nú til einhvers flatningsmanns, sem væri afburða verkmaður, og bæði hann að kenna mjer, þá er mjög undir hælinn lagt, að hann gæti gjört það, svo nokkur mynd væri á. Aftur gæti sálfræðingur, sem sæi hann vinna, með þeirri vísindalegu aðferð, sem hann kann, leyst upp handtökin og gjört grein fyrir því, svo allir gætu skilið, í hverju það lægi, að þessi maður væri meiri verkmaður en aðrir, og hann gæti þá fundið handtök, sem væru óþörf, lagt til að sleppa þeim o. s. frv. og aukið með því verk mannsins enn meir.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en einungis verð jeg að vona, að háttv. þing horfi ekki í skildinginn, þegar von er um að margfalda framleiðsluna í landinu.

Guðmundur Eggerz: Það er nú skárri skothríðin, sem dunið hefir yfir mig, síðan jeg talaði síðast. Það er gleðilegt fyrir mig, að ekkert skuli hafa verið hrakið, af því, sem jeg hefi sagt um þetta mál.

Háttv. þm. Dal. (B. J.), grískudocentinn og Dauðastundarskáldið, brigslaði mjer um heimsku. Sá má nú frómt úr flokki tala! Hann bunar um öll mál,

sem koma fyrir hjer í deildinni og talar um hrafna, kerlingar o. s. frv., en hann gleymir ósjaldan málinu sjálfu. Jeg hefi sjeð reiknað út, að ef allir töluðu jafn lengi og hann, þá yrðu þingtíðindin 58000 bls. Það yrði falleg súpa!

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) hlakkaði til að sjá dr. Guðmund Finnbogason í skurðgrefti. (*Guðmundur Hannesson:* Hve nær hefi jeg talað um það?). Hann um það, til hvers hann hlakkar, en það er nokkuð dýrt að skemta háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.).

Sami háttv. þm. brá mjer einnig um heimsku. Er það ekki sami maðurinn, sem fór í vetur til Danmerkur og sagði Danskinum frá íslenskum smalamanni, sem hefði ætlað að drepa konginn. Finst honum það ekki vera viturlegt?

Þegar háttv. framsögum. (G. H.) flutti þetta frumv., þá hjet það svo, að það væri hagnýt sálarfræði, sem ætti að kenna. Síðan hefir hann fallið frá því, og nú eru það bara verkleg efni, sem um er að ræða. Það eina, sem hann fann að mínum rökum, var það, að jeg hafði gleymt að geta þess, að eitt orð í nál. var með skáletri. Það var orðið »alment«, en það breytir ekki neitt meiningunni.

Þessir herrar, sem auðsjáanlega ætla sjer að greiða atkvæði með þessum styrk í fjárlögunum, geta nú ómögulega greitt atkvæði með stofnun kennaraembættis við Háskólann, eins og upphaflega var til stofnað hjá þeim. Það hefði þó verið miklu hreinlegra af þeim, en nú sjá þeir sjer það ekki fært og ætla því að fara þá leiðina, að smeygja þessum styrk inn í fjárlögin, til að standa þar alt af síðan, hvað lengi sem maðurinn lifir. Jeg vona, að hann lifi góðu lífi í 150 ár, og verð jeg að ætla það víst, að ef hann kemst inn í fjárlögin nú, þá muni hann standa þar alla þá tíð. Það mun fara líkt og um skáldastyrkina, að menn munu segja, að það sje synd að taka þá af, úr því að þeir einu sinni sjeu komnir í fjárlögin. Þetta er ekki annað en veiðibrella, til að narra okkur heimsku mennina til að greiða atkvæði í kvöld með þessum styrk í fjárlögunum.

Það er undarlegt, að um daginn, þegar þetta frumvarp kom fyrst til umræðu, þá voru menn að tala um, að þetta embætti ætti að stofna aðallega til þess, að maðurinn færi út um land, til að kenna bændum, fiskimönnum og verkamönnum að búa, róa og vinna. En hvað sagði svo háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) áðan? Hann ætlast til, að þessi 6000 kr. maður fáist ekkert við að leiðbeina bændum og fiskimönnum, heldur eigi aðalhlutverk hans að vera það, að kenna mönnum að vinna að vegalagningu. Þetta er þá orðið úr þessari fjárveitingu. En jeg hygg, að við eigum mörgum mönnum á að skipa, sem betur sjeu fallnir til að kenna mönnum að leggja vegi, heldur en þessi góði heimspekingur. Landið á marga góða verkstjóra, sem eru þessari vinnu þaulvanir, og jeg hygg, að það muni vera flestum ljóst, ef annars er talin þörf á því, að fela sjerstökum manni umsjón með allri vegagjörð á landinu, að t. d. Jón landsverkfræðingur Þorláksson væri miklu hæfari til að hafa það starf á hendi, heldur en hvaða heimspekingur sem er. Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) er kominn í þær ógöngur í þessu máli, sem hann kemst ekki út úr aftur.

Jeg ætla nú að ljúka máli mínu, en af því að háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) bar mjer á brýn, að jeg greiddi atkv. óðruvísi en jeg talaði, þá vil jeg út af því segja nokkur orð. Mjer finst það sitja illa á honum, að koma með slíkar ákúrur, og skal jeg leyfa mjer að benda á framkomu hans sjálfs í þessu efni.

Þar sem hann mintist á Jökulsárbrúna, þá var jeg henni að vísu fylgjandi, en jeg tók það skýrt fram, að jeg vænti þess, að stjórnin rjeðist ekki í að byggja þessa brú, nema fjárhagurinn reyndist góður. Jeg verð að segja, að jeg hefi svo mikla tiltrú til stjórnarinnar, að jeg er viss um, að hún ræðst ekki í að byggja þessa brú, ef landssjóður stendur sig ekki við það. *(Guðmundur Hannesson:* En vitarnir?) Hann sagði, að jeg hefði greitt atkvæði með vitunum, en hann gat ekki um það, að jeg sagðist ætla að koma með brtt. til að vega þar í móti, um að Langadalsvegur í Húnavatnssýslu yrði feldur niður, með því að jeg tel hann með öllu óþarfan. Það er mikill munur á því, hvort tekjuhallinn myndast fyrir vita eða fyrir »humbug«. Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H,) ætti ekki að vera að bregða öðrum um, að þeir greiði atkvæði í mótsetningu við það, sem þeir tala. Hjá mjer hefir ekki komið fram nein slík mótsetning. En hann hefir sjálfur skrifað mikið og skrafað, og er ekki æfinlega sem best samræmi þar í milli. Hann þykist vera stjórnmálamaður, og víða má sjá skrifin hans. Jeg datt hjer niður á ritgjörð eftir hann í Búnaðarritinu, því alstaðar ræpir hann. Hann segir þar:

> »Það tala nú allir um stjórnarskrána, ráðherrann og konunginn. Alla fýsir að vita, hvað um stjórnarskrána verður, hvort hún fæst í þetta sinn eða ekki«.

En svo segir hann:

> »Það er sjálfsagt til skammar fyrir þingmann að segja það, en það er þó svo, að mjer leikur miklu meiri forvitni á að vita:
>
> *Hvernig reynist húsið á Fremsta-Gili?*

Þetta þykja mjer hjákátleg orð úr munni manns, sem þykist vera stórstjórnmálamaður.

Eggert Pálsson: Þegar þetta mál var borið fyrst fram hjer í deildinni, þá virtist það liggja einkar ljóst og einfalt fyrir. Spurningin var, hvort deildin vildi hallast að því, að stofna kennaraembætti í hagnýtri sálarfræði hjer við Háskólann. Allir vissu, hver maðurinn var, sem þetta embætti var ætlað, og mjer virtist það vera eini ágreiningurinn, hvort stofna skyldi prófessorsembætti eða dócentsembætti. Mjer leitst svo á í byrjun, að það gæti komið til tals að stofna þetta embætti, sjerstaklega þegar tillit var tekið til þess, hver maðurinn var, sem það var ætlað. Það var og er öllum ljóst, að þessi maður mun standa mjög framarlega í vísindagrein sinni, sálarfræðinni, svo að Háskólanum hefði mátt vera sómi að því, að bæta honum við kennaralið sitt. Jeg leit svo á, að ef hann fengi þessa stöðu, eins og til var ætlast af flutningsmönnunum, þá gæti hann, jafnframt því að halda fyrirlestra við Háskólann, leiðbeint mönnum í svo nefndum vinnuvísindum, skrifað ritgjörðir og bækur, sem alþýða manna mætti hafa mikið gagn af að lesa. Jeg hjelt því, þegar málið lá þannig fyrir, að flytjendurnir myndu halda því fram með fullum krafti og einmitt á þessum grundvelli, og fann sjálfan mig ekki með öllu ótilleiðanlegan að fylgja málinu þannig, af því jeg tel manninn standa mjög framarlega í sinni vísindagrein, sálarfræðinni, og heimspekinni yfir höfuð. En nú sje jeg, að flytjendur frumv. víkja frá þeirri stefnu og beina málinu út í ógöngur og þoku. Í hvaða skyni þeir gjöra þetta, veit jeg ekki. En sje það gjört í því skyni, að veiða þeim mun frekar atkvæði, þá verð jeg að segja, að jeg tel

þá aðferð algjörlega ranga. Menn verða að gjöra sjer ljóst, hvað hjer er um að ræða, sem sje nýtt heimspekisembætti, og vera annaðhvort með eða móti. Menn vita, að þessi maður er vísindamaður og vísindin eru hans starf, en hann dugar ekki til að fara út á land, eins og sumir virðast ætla, til að vinna almenna vinnu. Jeg álít, að það hefði getað komið að góðu gagni, að stofna þessa stöðu við Háskólann og styðja þar með að vísindalegri mentun, en hitt, að styrkja þenna vísindamann til að fást við vegavinnu, heyannir, róðra, fiskþurkun og þess háttar, sem hann getur ekki borið meira skynbragð á heldur en hver annar óbreyttur verkamaður, verð jeg að telja með öllu tilgangslaust. Þótt jeg kynni að hafa verið þessu máli fylgjandi í þeirri mynd, sem það kom fyrst fram í, þá get jeg ómögulega fylgt því á þeirri óhreinu leið, sem það nú er komið inn á. Mjer finst líka, að sú rökstudda dagskrá, sem fram er komin í málinu, sje ærið óviðfeldin að öðru leyti. Það er óviðfeldið, að ætla sjer að binda þannig fyrir fram atkvæði manna við fjárveitingu, sem seinna á að koma til atkvæða, eins og hjer er ætlast til.

Eins og málinu er nú komið, er það hvorki heilt nje hálft. Ef styrkveitingin nær fram að ganga, í því formi, sem farið er fram á með dagskránni, þá er málið algjörlega búið að tapa sínum vísindalega blæ. Þetta getur ekki talist vísindalegt starf, sem manninum er ætlað að vinna, þegar hann er ekki talinn fær um að kenna við Háskólann, en er í þess stað ætlað að fara út um sveitir og prjedika sín vinnuvísindi þar fyrir allri alþýðu manna. Jeg tel málinu víkja illa við, þegar það er komið á þann rekspöl, að farið er að veita styrk til þess í fjárlögunum, sem áreiðanlega verður ekki skoðaður öðruvísi af þjóðinni en sem hver annar bitlingur, sem þessum manni sje veittur til að lifa á. Af þessu leiðir, að málefnið verður áreiðanlega óvinsælt hjá þjóðinni. Jeg tel ekki ósennilegt, að menn hefðu gjarna viljað kynna sjer bækur og rit, sem þessi vísindamaður hefði skrifað, ef kennaraembætti hefði verið stofnað handa honum við Háskólann, en bitlingarnir eru svo illa liðnir hjá þjóðinni, að búast má við, ef málið nær fram að ganga í því formi, sem það nú er í, að þjóðin vilji ekki færa sjer í nyt leiðbeiningar þessa manns, jafnvel hversu góðar sem þær kynnu að vera. Og þá er verr farið en heima setið, ef þessi 3000 kr. fjárveiting yrði til þess, að þjóðin hefði horn í síðu þessa manns og þess málefnis, sem hún að öðrum kosti mundi hafa getað haft gott af.

Út af þessu vil jeg lýsa yfir því, að jeg mun greiða atkvæði á móti hinni hinni rökstuddu dagskrá. En ef flutningsmennirnir vildu taka frumv. aftur upp á arma sína, með þeirri breytingu, að dócentsembætti skyldi stofna við háskólann, til þess að maður sá, sem hjer ræðir um, kendi þar sálarfræði, þá væri alt öðru máli að gegna. Þá mundi bæði jeg og aðrir geta forsvarað afstöðu okkar til þessa máls, þótt við greiddum því atkvæði. En eins og því er nú komið, sje jeg mjer engan veginn fært að vera því fylgjandi.

Jón Magnússon: Það hefir verið ráðist á nefndarálitið, og jeg skil vel hvers vegna það hefir verið gjört. Menn eru orðnir því svo vanir, að nefndarálit sjeu ekkert annað en prókúratorainnlegg, þar sem að eins er tekið fram það, sem mælir með málunum, en gengið fram hjá hinu, sem á móti mælir. Skrifari nefndarinnar hefi ekki farið þenna veg, og þess vegna er ráðist á nefndarálitið. Annars var því alveg umsnúið,

sem í nefndarálitinu stendur. Það ætti að teljast kostur á nefndarálitum, að þau reyndu að skýra málið frá öllum hliðum. Ef menn lesa álitið með athygli, munu menn sjá, að sumir í meiri hlutanum vildu stofna nú þegar kennaraembætti við Háskólann, en aðrir vildu reyna fyrst, hvort von væri um verulega not af því, sem er aðalatriðið í þessu máli. Um þenna skoðanamun náðist þó samkomulag hjá meiri hluta nefndarinnar, og er ekki óeðlilegt, að það komi fram í nefndarálitinu.

Skrifari nefndarinnar hefir svarað háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.), og fer jeg ekki frekar út í það.

Það hafa fleiri en einn háttv. þingm. ráðist á dagskrána fyrir það, að hún bindi menn, ef samþykt yrði. En mjer er öldungis óskiljanlegt, hvernig háttv. þingm. geta ætlast til þess, að við getum ráðið til að horfið sje frá frumv., nema á þennan hátt. Við leggjum ekki til, að frumv. verði felt með rökstuddri dagskrá, nema í þeirri von, að veitingin verði tekin upp annarstaðar. Það er ekki nein gildra, því að jeg get ekki hugsað mjer, að neinn háttv. þingm. sje svo skyni skroppinn, að hann átti sig ekki á því, að með því að greiða atkvæði með þessari dagskrártillögu, verður erfitt að greiða atkvæði á móti upphæðinni í fjárlögunum. Það getur víst enginn látið sjer detta í hug, að halda annað, eins og háttv. sampingsmaður minn hefir svo ljóslega tekið fram.

Það er einhver að tala um, að »agitationir« væru nú farnar að gagna svo langt, að jafnvel þingnefndir væru farnar að »agitera«. Hvers vegna skyldi þingnefnd ekki geta mælt með því máli, sem hún álítur gott? Hvað getur verið á móti því? Það er frá mínu sjónarmiði ekkert annað en skylda hennar.

Jeg held, að það hafi verið háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.), sem var að tala um, að það væri verið að draga persónu ákveðins manns inn í þetta mál. Hvernig í ósköpunum er hægt að komast hjá því, þegar verið er að tala um, að veita styrk til ákveðins starfa, og meiri hlutinn trúir sjerstaklega þessum manni til að framkvæma verkið? Þar við bætist, að þetta er einmitt sá maðurinn, sem fyrstur hefir tekið málið upp. Það er ekki hugsanlegt, að þessi styrkveiting hefði fengið eitt atkvæði, ef hún hefði ekki einmitt verið bundin við persónu þessa manns. Það er sjálfsagt rjett, sem segir í nefndarálitinu, að þessi vinnuvísindi sjeu fremur ung. Það er reyndar nokkuð langt síðan farið var að nota vísindi til að lagfæra vinnubrögð, en svona lagað býst jeg við að málið sje fremur ungt. En það getur verið jafn gott fyrir því. Við þurfum ekki endilega að bíða eftir því, að alt gott og nytsamt sje orðið gamalt, til þess að taka það upp hjá okkur.

Háttv. 2. þingm. Rang. (E. P.) talaði um, að með því, að hverfa frá að stofna embættið við Háskólann, væri málið búið að missa sinn vísindalega blæ. Þetta segir hann af því, að hann skilur ekki, hvað hjer er um að ræða, og á því sama hefir brytt hjá öllum, sem í móti hafa mælt. (*Eggert Pálsson:* Það er þá ekki til neins að vera að leggja málið fyrir okkur). Það er að vísu ilt, að þurfa að leggja málið fyrir þá menn, sem ekki hafa vit á því, en það verður ekki við það ráðið. Nefndin hefir einmitt haft það fyrir augum, að þessi maður ætti að gjöra vísindalegar rannsóknir. (*Guðmundur Hannesson:* Það er líka ekki hægt að líta öðru vísi á). Það hefir víst engum nokkurn tíma dottið í hug, að dr. Guðmundur Finnbogason eigi að fá þenna styrk til þess, að vera verkstjóri við vegavinnu, eða til þess, að kenna mönnum að slá og róa, eða til þess, að sýna botnvörpungunum

hvernig þeir eigi að vinna o. s. frv. Hann á að athuga vinnubrögðin, leysa upp frumatriði vinnunnar, athuga lagni manna og láta síðan þá, sem lagnastir eru, kenna út frá sjer. En jeg skal nú ekki fara lengra út í að skýra verkefnið enda hefir háttv. samþingsmaður minn lýst því svo nákvæmlega.

Vísindalegt getur starfið verið, alveg eins fyrir því, þótt ekki sje það bundið við Háskólann. Jeg skil ekki í því, að þeir menn, sem eru hikandi í þessu máli, skuli ekki fremur vilja fara þessa leið og sjá, hvernig það reynist, áður en farið er að stofna nýtt embætti fyrir fult og alt við Háskólann. Reynist starf Guðmundar Finnbogasonar nýtilegt og gott, þá er sjálfsagt að halda áfram að styrkja það, en fari svo, að mönnum sýnist það ekki bera árangur, þá er vitanlega jafn sjálfsagt að fella það niður. En ef það ber árangur, verður það aldrei fullborgað með 3000 kr. á ári.

Svo er verið að tala um, að þetta sje bitlingur. Það er undarlegt, að menn skuli geta komist að þeirri niðurstöðu, því að jeg býst við, að dr. Guðmundur Finnbogason hafi ekki minni árstekjur nú, heldur en hjer er farið fram á að veita honum. Hann sækir ekki um þetta sem bitling, heldur af því, að hann býst við, að þessar tilraunir sínar geti orðið landinu að gagni. Hann er ákaflega duglegur maður og kunnur að því, að vilja gjöra gagn og láta gott af sjer leiða. Þess vegna álít jeg það mjög illa ráðið, ef þingið skyldi ekki vilja gjöra þessar tilraunir. Hefðum við haldið háskólaembættinu fram, þá gæti jeg trúað því, að þeir menn, sem nú mæla í móti styrknum, hefðu sagt, að ef um styrk í fjárlögum væri að ræða, þá skyldu þeir vera með.

Jeg skal nú ekki tefja tímann lengur. Jeg hafði ekki búist við, að það yrðu svona miklar umræður um málið nú, en fyrst svo er orðið, vona jeg, að ekki þurfi fjarskalega langar umræður um það við fjárlagaumræðuna í kvöld.

Einar Jónsson: Það hefir komið fram mikið álas um nefndarálitið, sjerstaklega frá háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.). Beindi hann því aðallega til skrifara nefndarinnar, en jeg verð að álíta, að allir þeir, sem undir nefndarálitið skrifa, eigi að bera sameiginlega ábyrgð á því. Jeg hefi skrifað undir þetta nefndarálit, og jeg vil gjarnan bera minn hluta af ábyrgðinni og taka við mínum hluta af álasinu og svara fyrir.

Því miður er þingmönnum of oft gjarnt til að vera einhliða í málunum. Annað hvort telja þeir sjerhvert mál að öllu leyti ágætt, eða einskis nýtt, en hitta þar engan milliveg. Nefndarálit þetta tekur bæði það, sem mælir með og líka það, sem mælir á móti þessu máli, og er síst að þeirri reglu að finna.

Eins og vitanlegt er, þá er nú málið, sem hjer er um að ræða, í þetta horf komið, enda þótt það kæmi inn á þingið í annari mynd. Fyrst var farið fram á að stofna prófessorsembætti við Háskólann í hagnýtri sálarfræði, fyrir þenna mann. Fjekk það engan byr í nefndinni, og var þá talað um dócentsembætti í stað prófessors, en einnig það fjekk lítið fylgi í nefndinni. Komst það að síðustu í þetta horf, sem sje, að styrkur sje veittur í fjárlögum til tilrauna í vinnuvísindum, og hölluðust 4 nefndarmenn af 5 að þeirri stefnu, í von um, að þannig geti það komið að nokkrum notum.

En ef svo færi, að það kæmi ekki að sama gagni, þá er þó mikil bót í máli með þessu, að hafa þetta styrk, en ekki fast embætti, því að styrkinn má alt af strika út, ef fram á það sjest, að gagn sje ekki að. En ef dr. Guðmundur Finnborgason fær aðstöðu til að reyna sig,

er sennilegt, að gagnið af starfi hans verði meira en sem þessum krónum nemur.

Það voru einkennileg ummæli hjá hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Þau voru eitthvað í þá átt, að hann þekti ekki neinn mann, er kynni að vinna nema eitt verk, og eftir því þyrfti jafnmarga kennara í vinnuvísindum og vinnubrögð alls landsins væru margvísleg. En þetta er fjarstæða, sem ekki þarf að svara, þar sem nú hjer er um mann að ræða, sem treystir sjer, og aðrir hafa mikið álit á, að geta komið vinnubrögðum í landinu í betra horf en áður er, sem engin vanþörf er á. Er ef til vill varlega í það farandi, að standa á móti öllu í þá átt, því að þótt leitt sje til þess að vita, þá eru margir verkamenn við vinnu, sem hafa ekki verksvit. Skyldi þá ekki vera full þörf á þessum tilraunum.

Háttv. 2. þingmaður S.-Múl. (G. E.) vildi hvorki að veittur yrði styrkur nje stofnað embætti, af því að gagnið væri óvíst. En er ekki oft ráðist í að veita fje til ýmislegs, þó að ekki sje hægt að segja um gagnið fyrir fram. Var hægt að segja um það með vissu fyrir fram, hvort gagn yrði að honum sem embættismanni, þegar honum var veitt embætti? Og þó var það gjört.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) spurði, hvers vegna jeg hefði þetta álit nú. Jeg get fyrst svarað því, að jeg var ekki samþykkur að stofna embætti í þessari grein við Háskólann, vegna þess, að mjer fanst það hvorki eiga heima í Háskólanum, nje heldur vert að óreyndu máli að mynda fast embætti í þessu skyni. En síðan farið var fram á styrk, virtist mjer málið vera komið í rjettari átt.

Í öðru lagi var það meiri binding að stofna embætti, því ef þetta kemur ekki að gagni, má hætta að veita styrkinn, sem ekki var hægt með embættið, en ef þetta yrði að liði og verulegum notum, þá mætti þetta embætti verða stofnað síðar. Jeg hefi því ekki breytt skoðun, og hefi þegar fært ástæður fyrir því.

Annars fanst mjer hv. 2. þm. Rang. (E. P.) fara undan í flæmingi í þessu máli, þó að hann sje ekki því vanur. Jeg skil ekki þá afstöðu, að vilja endilega embætti við Háskólann, en ekki styrk, sem horfir þó miklu betur við. Þetta er því einkennilegra, sem háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) er alt af vanur að fylgja því, er skynsamlegra er. En jeg held að það hafi verið alveg rjett hjá háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.), að úr því að nú sje um styrk að ræða, þá vilji menn heldur embætti, en hefði það verið embætti, sem farið var fram á, þá hefðu menn talið styrkinn sjálfsagðan. En þess háttar heyrir til beinna undanbragða, en ekki hreinskilni.

Ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) skyldi jeg vel, af því að uppi á áheyrendapöllunum sat greindur og gegn Árnesingur. *(Sigurður Sigurðsson*: Slúður!). Það er eftirtektavert, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) og háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) eru hvassyrtastir, þegar flestir áheyrendur eru, og þeir halda að bezt sje að mótmæla vegna kjósenda.

Hyggilegast held jeg verði, að greiða atkvæði með rökstuddu dagskránni, því að jeg hefi þá trú, að þess verði ekki langt að bíða, að fje þetta borgi sig með því gagni, sem af því leiðir.

Bjarni Jónsson: Það er ekki annað en athugasemd út af ræðu háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), að það er ekki rjett, sem hann sagði, að það væri fullkomlega horfið frá vísindastefnunni. En háttv. 2. þingm. Rvk. (J. M.) hefir nú svarað þessu.

En það er samt örstutt athugasemd,

er jeg vildi gefa mönnum, af því að þeir virðast misskilja hvað vinnuvísindi eru.

Það dettur engum í hug, að maðurinn eigi að setjast á þóftu og fara að róa. Heldur á hann að rannsaka, hvernig helst á að róa. Tekur hann þá hóp manna, flokkar þá niður í góða róðrarmenn, miðlungsmenn o. s. frv. Lætur síðan þessa menn róa með fljótu, miðlungsfljótu og hægu áralagi, til þess að finna tímann, hversu fljótt róa skuli. Þetta er eitt dæmi, en svo færi hann með hvert atriði róðrarins, þar til er fullrannsakað væri.

Þegar svo mörg hundruð tilraunir hafa verið gjörðar, þá má fara að gjöra reglu um hvernig best megi nota kraftinn, hvort róa skuli seint eða títt. *(Eggert Pálsson:* Þá þarf eftirlagið að vera gott). Það kemur líka við þessar tilraunir, því með því, að reisa sig snögt upp kemur bakfallið árinni til góða, og fær síðan kraft fram á við. Það þarf að rannsaka hversu lengi þessa verður not, áður en »inertia« hefir eytt honum. Jeg tek þetta fram, til þess að sýna mönnum fram á, hvernig fara á að þessu á vísindalegan hátt. En auk þess kemur svo líka til greina, um hlutfallið milli árarinnar utan borðs og innan.

Jeg gat um það um daginn í ræðu, að rannsakað hefði verið, hversu tíð væri hreyfing höfuðs handar og fótar, til þess að hreyfingin yrði sem ljettust og nákvæmust. T. d. ef við höggvum við, það er ekki sama hversu oft við höggvum til þess að höggva sama staðinn. Tíðleiki högganna er ákveðinn til þess að hitta höggfarið. Þetta reynir hver á sjálfum sjer, en vísindamaðurinn tekur mörg hundruð manna og lætur þá reyna sitt með hverju móti, til þess að fá setninguna um glöggar, ákveðnar hreyfingar. Setningin fæst ef til vill ekki fyrr en eftir $^1/_8$ miljónar hreyfinga; og stundum fæst hún ekki fyrr en eftir $^1/_2$ miljón af hreyfingum. Þetta byggist alt á athugun og þarf því menn til þess, að gjöra athuganir á, til þess að fá setninguna. Þessar tilraunir verður vísindamaður að hafa á hendi, en á ekki sjálfur að fara að moka mold.

Jeg gjöri þetta til þess að sýna mönnum fram á þetta, er vilja skilja þessi atriði, en hafa ekki gjört það enn; en þegar þetta hefir verið heimfært, þá munu þeir skilja það, og þá munu þeir einnig skilja það, að þetta verður ekki gjört á örstuttum tíma. Því vil jeg heldur að hann fái embættið við Háskólann, og gefist því kostur á að rannsaka þetta um fleiri ár, þar til niðurstaðan væri fengin. En fyrst ekki fæst annað betra en að veita fje til þess í fjárlögunum, þá vona jeg, að þegar þessi tvö ár eru liðin, sjáist svo góður árangur, að menn vilji halda áfram að veita fje til þessa. Færi þá ef til vill svo að lokum, að sett væri á stofn fast embætti í þessari grein.

Þá ætla jeg að nefna aðra hlið á þessu máli.

Fiskiútvegsmaður hefir yfir mörgu fólki að ráða, og mörg verk að láta vinna. Nú mætti með sálarfræðilegum rannsóknum finna til hvaða verks hver maður væri hæfastur, því að ekki legðu þeir allir jafnt gjörva hönd á alt. Með þessu móti fengist sem mestur verkasparnaður og um leið útgjaldasparnaður fyrir eigendur fyrirtækisins, og ef verkamennirnir vinna ákveðið verk fyrir ákveðið kaup (»Akkorð«), þá verja þeir á þenna hátt minni tíma til verksins, og græddu því líka á þessu. Á þenna veg hafa báðir hagnað.

Þetta eru tvær hliðar á þessum hlut, sem mjer dettur í hug núna, án þess að hafa sett mig inn í þetta. En jeg sje þetta af því, að jeg er ekki alveg

ókunnugur sálarfræðilegum ritum. Jeg veit, að það hagar eins til með kenslu í vinnubrögðum eins og með kenslu í bóklegum fræðum. Að jeg hefi fengið orð lærisveina minna fyrir því, að mjer hafi farið kensla vel úr hendi, þakka jeg minni litlu þekkingu í sálarfræði.

Jeg ætla ekki að halda langa ræðu, en jeg vildi hafa sagt þetta kapplaust og hníflalaust, til þess að gjöra mönnum það ljóst, að hjer þarf vísindamann og hann glöggan. Og jeg held að hv. 2. þm. Rang. (E. P.) og jeg getum mætst í þessari tillögu, er hjer liggur fyrir, þó að við viljum báðir heldur embætti, og jeg skora á hann að verða mjer samferða, þar sem starfið er vísindalegt. Maðurinn getur og á þenna hátt flutt fyrirlestra við Háskólann, þó að hann sje ekki fastur kennari, og með því er sálarfræðin ekki útilokuð.

Jeg fæ ekki skilið annað en þessi blær, sem nú virðist hvíla yfir fyrirtækinu, hverfi. Jeg á við þann misskilning, að maðurinn eigi að fara út á mið og gutla þar sjálfur með árinni, eða þá að moka mold. Þetta eru vísindi, sem hann á að kenna, og það er ekkert hlægilegt, þó að þingið komi fram með þetta; en það er hlægilegt, eða öllu heldur sorglegt, að heyra það í þingsal Íslendinga, að við megum og eigum ekki að gefa þessu nú gaum, af því að það sje svo skamt á veg komið með öðrum þjóðum. Þetta er einkennilegt. Það er alveg eins og Íslendingar megi aldrei vera á undan í neinum vísindum. Þetta er því einkennilegra, sem forfeður vorir voru langt á undan öðrum í vísindum. Það er ein málfræðisritgjörð í Snorra-Eddu, sem er svo langt á undan sínum tíma, að það var ekki fyr en á 17. öld, að sú vísindagrein komst á það stig, eða rjettara sagt á nokkuð svipað, en þó ófullkomnara stig með öðrum þjóðum.

Jeg skal bæta því við, að eftir þýðingu vísindanna nú á tímum, þá ættum við ekki, sem ekki erum vísindamenn, að tala háðslega um slíka hluti. Við vitum ekki til hvers þetta gæti leitt hjá okkur, því að öllum ætti að vera auðið að sjá það, hversu stórvirk vísindin eru í þeim Hjaðningavígum, sem háð eru nú í heiminum.

Það væri gaman að hafa skýrslu yfir »Gamla Carlsberg«, því að það eru vísindamenn, sem hafa gjört bjórinn svo góðan, að fyrir þá uppgötvun hefir mönnum safnast miljónir króna, er síðan hefir verið varið til ýmsra góðra og þarfra fyrirtækja í því landi, er fyrirtækið sjálft var rekið. Jeg nefni þetta dæmi, af því að margir þekkja »Gamla Carlsberg«, þó að þeir hafi ekki drukkið hann.

Jeg hefi sagt þetta til þess, að þeim mönnum skildist, sem vilja heldur, að stofnað verði embætti en veittur styrkur til þessa fyrirtækis, að hinn vísindalegi blær þarf ekki að hverfa af þessu, og hins vegar, að styrkveitingin leiði til þess, er árangurinn hefir komið í ljós, að stofnað verði þá embætti í þessu skyni.

Ráðherra: Jeg hefi ekki hugsað mjer að blanda mjer inn í deilur manna um þetta málefni, en jeg ætla að eins að víkja máli mínu að þeirri rökstuddu dagskrá, er hjer liggur fyrir frá meiri hlutanum.

Jeg fæ ekki sjeð, að það sje neitt óþinglegt eða athugavert við dagskrána. Jeg skoða það þannig, að meiri hlutinn hafi komið með hana vegna varfærni; honum hafi þótt varhugavert að stofna embætti í þessari grein, þar sem vinnuvísindi svo nefnd eru hjer svo að segja óþekt, nema af ritgjörðum dr. Guðm. Finnbogasonar.

En hins vegar hefir meiri hlutanum þótt varhugavert að skella algjörlega skolleyrunum við þessu máli og viljað því sýna einhvern lit á því, að gjöra eitthvað fyrir það. Hann hefir búist við, að almenningur vildi ekki, að stofnað væri fast embætti, en á hinn bóginn fundist rangt eða varhugavert, að taka ekki erindið að einhverju til greina.

Þess ber og að gæta, að fjárveiting sú í fjárlögunum, er meiri hlutinn ætlast til að veitt verði, er ekki í rauninni nema 4800 krónur, því að meiri hluti nefndarinnar ætlaðist til þess, að sá 600 króna styrkur, er dr. Guðmundur Finnbogason hefir haft árlega til ritstarfa, falli burtu, ef fjárveitingin verður samþykt.

Dagskráin beinir því bæði til Alþingis og stjórnarinnar, að hann fái lausn frá því starfi, er hann hefir nú með höndum, og sjeð verði um, að annar maður sinni því næsta fjárhagstímabil, þó þannig, að dr. Guðmundi Finnbogasyni standi opinn aðgangur að því að þeim tíma liðnum, ef fjárveitingarvaldið sjái sjer ekki fært, að láta hann hafa þennan styrk áfram, sem hjer ræðir um. Jeg býst við því, að hægt sje að fá færan mann, til þess að gegna þessu starfi í næstu tvö ár, með því skilyrði, að hann láti af því, ef svo vill verkast. Það er títt annarstaðar að slíkt fáist, og því ætti ekki að vera meiri vandkvæði á því hjer.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) þótti dagskráin athugaverð, og taldi að rjettara hefði verið, að halda fram frumvarpinu, með því að þá hefði Háskólinn fengið starfskrafta mannsins óskifta. Háttv. þingm. verður þá vonandi með frumv., ef dagskráin fellur, því að þá kemur það til atkv.

Háttv. samþingism. minn (S. S.) fann mjög að því, að þingnefnd beitti »agitation« í þessu máli. Satt að segja skil jeg þetta ekki. Það er mjög algengt, að heilar þingnefndir komi fram með frumvörp og tillögur fyrir aðra; þær hafa oft gjört það fyrir mig, t. d. hefi jeg átt slíka samvinnu við háttv. landbúnaðarnefnd, sem háttv. samþingism. minn er í. Og ef nefnd kemur fram með eitthvað það, sem hún telur þarft og gott, hví skyldi hún þá eigi mega reyna að sannfæra samþingismenn sína um það. Það væri vanræksla af henni, ef hún gjörði það ekki. Og þar sem talað er um, að dagskráin sje nokkurs konar gildra eða veiðibrella, þá skil jeg það ekki heldur, því að hún þyrfti að vera alt öðru vísi en hún er til þess. Hún er einmitt svo ótvíræð, að á henni verður ekki vilst, en gildra gæti hún því að eins verið, að hún væri loðin. Þeir, sem greiða atkvæði með henni, hafa með því lýst skýlaust yfir því, að þeir ætli sjer að verða með fjárveitingunni, sem hún gjörir ráð fyrir, þegar þar að kemur. Um það er ekki að villast fyrir þá, sem vita hvað þeir eru að gjöra, og það býst jeg við að allir háttv. deildarmenn gjöri í þessu máli.

Um hitt, hvort þessi tilraun muni koma að tilætluðum notum, getur aftur á móti verið vafi. Úr því verður tíminn að skera, og af því að hann hefir ekki skorið úr því enn, þá hefir háttv. meiri hluti ekki sjeð sjer fært að leggja til að stofna þessa nýju stöðu.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) fann að því, að Háskólinn sje sviftur starfi þessa manns, en það er ekki rjett. Eða hvar stendur það skrifað, að hann megi ekki halda fyrirlestra við Háskólann, eins fyrir það, þótt hún verði samþykt? Maðurinn hefir »veniam docendi«, með því að hann er doktor, og jeg tel líklegt og líka æskilegt, að hann haldi þar fyrirlestra á vetrum um einstök atriði í fræðigrein sinni, og þá ef til vill um leið um væntanlegar rannsóknir

sínar, svo að það er misskilningur, að það sje tilætlunin með þessu, að strika hann út úr heimi vísindanna. Líka mætti setja það skilyrði fyrir fjárveitingunni, að hann hjeldi fyrirlestra, og efast jeg ekki um, að honum myndi vera það mjög ljúft.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Jeg vil ekki fara í fúkyrðakapphlaup við háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Hann er mjer ef til vill fremri í þeirri grein.

Fyrst vil jeg minnast á eitt atriði, sem mál i skiftir, í ræðu hans. Hann dróttaði því að nefndinni, að hún hefði smeygt þessari fjárveitingu inn í fjárlögin í þeim tilgangi, að hún hjeldist áfram, hversu sem færi. Jeg get fullyrt, að slík aðdróttun er ástæðulaus. Nefndin var að vísu tvískift og skoðanirnar sundurleitar, en meiri hlutanum kom saman um, að rjett væri að gjöra tilraun með þetta í 2 ár, láta reynsluna skera úr, hvort hún kæmi að verulegum notum eða ekki, og haga sjer svo eftir því. Meðan hún er ekki gjörð, er ekki um annað að ræða en trú manna eða vantrú á þessu, en eftir það ætti að vera ómótmælanlega víst, hvort áfram skuli halda eða ekki, og þingið er ekki svo vitlaust, að það geti ekki dæmt um það, þegar skýrsla er lögð fyrir það um árangurinn. Og jeg get að minsta kosti *hugsað* mjer, að þessi tilraun takist miklu betur en jeg tel að svo stöddu líklegt, og hvort jeg yrði með eða móti framhaldsfjárveitingu í þessu skyni á næsta þingi, kæmi algjörlega undir því, hvernig þetta reyndist.

Hvað ummæli háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) um Langadalsveginn snertir, þá má vel vera, að háttv. þm. Dal. (B. J.) verði sannspár um það, að mótmæli hv. 2. þm. S.-Múl. reynist bestu meðmælin með honum. Reynslan mun bráðlega sýna hvort háttv. deild dansar eftir hans pípu í þessu máli.

Benedikt Sveinsson: Það munu nú flestir vera á einu máli um það, að samþykkja ekki frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, en hins vegar munu vera skiftar skoðanir um dagskrána, og setja sumir það fyrir sig, hvernig hún er orðuð. Sumir halda því fram, að hún sje nokkurs konar brella, og sje ekki rjett að greiða nú þegar atkvæði um það, sem eigi heima í fjárlögunum. Skilst mjer sem þeir, sem eru á móti frumv., sjeu ekki vissir um hvernig þeir mundu þá greiða atkvæði, af því að þeim líkar ekki dagskráin heldur. En það er auðvelt að leysa úr þeim vanda með annarri rökstuddri dagskrá, þar sem svo sje til stilt, að allir hafi óbundnar hendur þegar þar að kemur.

Skal jeg því með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að bera fram svo felda dagskrártillögu, sem borin verði upp að umr. lokinni:

> *Með því að mál þetta liggur fyrir í fjárlagafrumv. í dag, og þá veitist nýtt tækifæri til þess, að ræða það, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.*

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin meiri hluta nefndarinnar (sjá A. 507) samþ. með 16 : 8 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Arnórsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Sigurður Eggerz,
Hannes Hafstein,	Sig. Gunnarsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson,	Stef. Stefánsson.

já:
Jón Magnússon,
Magnús Kristjánss.,
Matthías Ólafsson,
Pjetur Jónsson,
Sveinn Björnsson,
Þór. Benediktsson.

Skúli Thoroddsen og Þorleifur Jónsson greiddu eigi atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Einn þm. fjarstaddur.

Dagskrá þm. N.-Þing., Bened. Sveinssonar, (sjá A. 508) kom þar af leiðandi ekki til atkv.

Forseti lýsti yfir því, að frv. væri *fallið*.

---

10. Grundarþing og Saurbæjar.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um skipun prestakalla nr. 45, 16. nóv. 1907. (A. 165).

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Með lögum um skipun prestakalla frá 1907 er svo ákveðið, að Saurbæjarprestakall og Grundarþing skuli sameinuð og verða eitt prestakall. Þessi breyting á að komast á þegar núverandi prestur í Saurbæjarprestakalli fer frá brauðinu, sem vafalaust verður á næsta vori.

Síðan lögin um skipun prestakalla komu í gildi, hefir megn óánægja verið út af þessu ákvæði í báðum prestaköllunum. Og óánægjan hefir ágjörst því meir, sem nær hefir dregið því, að þessi breyting, sem lögin mæla fyrir, kæmist í framkvæmd. Því var það, að þetta mál var borið upp á þingmálafundi að Grund í Eyjafirði í síðastliðnum júnímánuði. Á fundinum var samþykt áskorun til þingsins um að breyta prestakallalögunum þannig, að bæði þessi prestaköll hjeldust aðskilin, eins og verið hefir. Annað fanst meiri hluta fundarmanna ekki geta til mála komið.

Síðastliðinn vetur var þessu máli hreyft í öllum söknum beggja prestakallanna, og til þess að sýna afstöðu söknarmanna til þessa máls, þá hafa nú um 500 manns sent beiðni til þingsins, um að lögunum yrði breytt í sama horf og áður var, eða með öðrum orðum, að prestaköll þessi hjeldust aðskilin, eins og nú er. Þessi undirskriftarskjöl liggja frammi hjer á lestrarsalnum og hafa verið til sýnis háttv. þingmönnum.

Til skýringar þessu máli, skal jeg taka það fram, að rætt hefir verið um, hvort ekki myndi tiltök að fá einhverja kirkjuna lagða niður, en reynslan hefir orðið sú, að enginn möguleiki er til þess, að fá því fram komið, því að bæði söknarnefndunum og öðrum söknarbúum í öllum söknunum er þetta eindregið á móti skapi. Hver um sig segist ekki sjá neina ástæðu til þess, að leggja niður sína kirkju, þar sem það ljetti ekki af söknarbúum neinum kostnaði, en gjöri það aftur á móti að verkum, að fólk eigi miklu örðugra með að sækja kirkju sína.

Jeg minnist þess, að á þingmálafundi í fyrra vor, var þeirri spurningu beint til prestsins á Hrafnagili, hvað honum litist um þetta mál, og ljet hann þá það álit sitt í ljós, að með sameining brauðanna væri að mestu leyti girt fyrir það, að presturinn gæti haft þau áhrif á æskulýð safnaðanna, sem æskilegt væri, og hann teldi jafnvel mestu máli skifta af öllu hinu andlega starfi presta.

Það sjest nú af því, sem jeg hefi sagt, að þessi samsteypa brauðanna er mjög

á móti skapi sóknarmanna, og þar að auki að áliti prestsins mjög illa til fallin, svo jeg vona, að þingið taki vel í málið, og kosin verði hjer í deildinni 5 manna nefnd, til þess að athuga það, að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2 umr. með 17 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Sig. Sigurðsson.
Einar Arnórsson,	
Guðm. Eggerz,	
Guðm. Hannesson,	
Hannes Hafstein,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matthías Ólafsson,	
Sig. Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

5 þingmenn voru fjarstaddir.

Fimm manna nefnd var samþ. með 12 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu þeir

Stefán Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,
Sigurður Sigurðsson,
Jón Jónsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 165, n. 482).

Framsögum. minni hl. (Stefán Stefánsson): Við 1. umræðu þessa máls þóttist jeg taka fram flest þau rök, er jeg áleit mestu máli skifta fyrir frv. á þgskj. 165, sem jeg og háttv. samþm. minn (H. H.) erum flutningsm. að, og eru ástæðurnar mjög líkar og fyrir frv. á þgskj. 166, sem hjer er næsta mál á dagskránni, en flutningsmaður þess mun sjerstaklega taka fram ýmislegt, sem mælir með því frumvarpi, svo jeg skal ekki fara frekar út í það. Eins og sjest á nefndarálitinu á þgskj. 482, þá hefir nefndin klofnað í tvo hluta, sem hvor um sig eru á algjörlega gagnstæðri skoðun. Háttv. meiri hluti heldur því fram, að gagnslaust sje, að gjöra nokkrar sjerstakar breytingar á prestakallaskipuninni, nema gagngjör breyting sje gjörð á lögunum. Mjer er óskiljanlegt, að það geti alls ekki til mála komið, vilji menn annars viðurkenna, að lögunum sje þó í einstökum atriðum ábótavant. Við minni hlutinn í nefndinni höldum því fram, að þar sem órjettlætið í lögum þessum kemur harðast niður, og þar sem erfiðleikarnir eru mestir á framkvæmd laganna, þar beri brýn nauðsyn til fyrir Alþingi, að líta á þetta með allri sanngirni og kippa þessu í lag. Hinn hlutinn vill sem sagt ekkert gjöra, fyrr enn lögin sjeu endurskoðuð í heild sinni. Og hann gengur jafnvel svo langt, að hann segir, að þar sem prestar geti ekki fengið nægа áheyrendur, þar sje engin nauðsyn á að fjölga þeim. Með öðrum orðum, hann virðist ganga út frá því sem sjálfsögðu, að skortur á kirkjurækni sje eingöngu að kenna prestunum; annað komi ekki þar til greina. En hjer er á margt annað að líta. Erfiðleikar á að sækja kirkju sína eru auðvitað því meiri, sem lengri veg er að fara, og hlýtur því að draga úr kirkjurækni manna, og sjeu prestaköllin afar-víðlend, en kirkjur margar, þá er það líka augljóst, að messur í hverri kirkjunni fyrir sig verða sárfá-

ar. Á þetta tvent verða menn að líta með allri sanngirni. Og það þykist jeg alveg sannfærður um, að sjeu tveir prestar, sem njóta sams konar álits í sinni kennimannsstöðu, en annar hefði stórt prestakall með t. d. sjö kirkjum, en hinn lítið, með tveim eða þrem kirkjum, þá myndi hver einstakur safnaðarmeðlimur sækja langt um oftar kirkju hjá þeim, sem hefði minna kall og færri kirkjur. Enda er nú komið á daginn, að einmitt þessir stóru söfnuðir eru farnir að biðja um skiftingu, sökum þess, að þeir finna, að þeir geta ekki notið þeirrar andlegrar uppfræðingar og góðu áhrifa hjá prestinum, sem skyldi, og þeir óska eftir. Þeim er einnig beinn órjettur gjör að því leyti, að þeir verða að borga jafnmikið til prests og kirkju, þótt þeir fái langt um færri messur og hafi jafnvel sáralítil not prestsins. Þessa afstöðu safnaðanna, bæði frá þeirri andlegu og borgaralegu hlið, hljóta menn að viðurkenna, þótt einhverjir einstaklingar sjeu til, sem virða presta og þeirra starfsemi að engu.

Þá var og ein setning í nefndaráliti meiri hlutans, sem jeg sjerstaklega hjó eftir, og á auðsjáanlega að kasta með því rýrð eða skugga á prestastjettina. Hún er þannig: »Það er sárt að sjá bestu jarðirnar í sveitunum algjörlega vanræktar«. Jeg held nú, að ekki sje hægt að tala um sjerstaka vanrækslu á jörðum af hendi prestanna. Það er auðvitað, að þeir eru misjafnlega fallnir til búskapar, öldungis eins og við bændurnir, en fjöldamarga presta þekki jeg, er sitja jarðir sínar aðdáanlega, og það svo, að fáir bændur gjöra betur. Það kann vel að vera eitthvað til í því, að borið hafi á vanrækslu á stöku stað í því, að prestar sætu sem best jarðir sínar, en alment sjeð hygg jeg, að ekki sje hægt að bera þeim það á brýn, sem betur fer. En vilji meiri hlutinn halda þeirri skoðun fram, þá lagar hann ábúð prestsetranna ekki með því, að gjöra prestum með öllu ókleift, að geta sint búskapnum eða meðferð á jörðinni. Því sjáanlegt er það, að þetta verður því erfiðara fyrir prestinn, sem prestakallið er víðlendara og umfangsmeira. Þá mintist háttvirtur meiri hluti á það, að rjettast mundi að aðskilja ríki og kirkju. Þetta er nú ekki nein ný kenning. Aðskilnaðurinn hefir verið lengi á döfinni. En þar um hefir ekkert þokast nær; þar er alt í sama farinu og verið hefir og ekkert útlit fyrir annað fyrst um sinn. Ef nú einstakir söfnuðir, sem finst þeir vera beittir misrjetti, eiga að bíða eftir því, að þeir fái rjett sinn, í fleiri áratugi, vegna þessarar viðbáru, þá verð jeg að segja, að afskiftaleysi löggjafarvaldsins um það, að allir njóti jafnrjettis í kirkjulegum málefnum, verður illa afsakanlegt. Menn mega ekki loka augunum fyrir því ástandi, sem nú er, þótt þeir voni og óski einhvers í framtíðinni. Þetta segi jeg ekki af því, að jeg sje að hafa á móti fríkirkju, heldur af því, að jeg býst ekki við, að hún komist svo fljótt á, að þeirri hreyfingu geti orðið beitt til þess, að eyða því sanngirnismáli, sem hjer er flutt.

Viðvíkjandi þessum prestaköllum, sem jeg fer fram á, að ekki sjeu sameinuð, þá skal jeg geta þess, að ef svo færi, að þessu aðskilnaðarmáli verði að engu sint, þá yrðu þarna 7 kirkjur, og full þingmannaleið frá insta bæ prestakallsins til þess ytsta, og auk þeirrar vegalengdar eru fjórir afdalir afskektir og illir yfirferðar innan prestakallsins. Það hlýtur því öllum að vera ljóst, hve mikið samband muni geta orðið á milli prestsins og safnaðanna þar, sem svo er ástatt. Og þetta verður söfnuðunum því meira áhyggjuefni, sem þeim er það ljósara, hve mikla þýðingu það hefir fyrir andlegt líf þeirra, að presturinn

geti beitt sínum áhrifum sem best, og frá hans hlið verður það þá líka hans fyrsta og helsta ósk, að svo megi verða.

Viðvíkjandi frumv. á þgskj. 166, þá skal jeg að eins geta þess, að þar munu erfiðleikarnir og vegalengdin vera jafnvel enn þá meiri. *(Sigurður Sigurðsson:* Um það frumv. er ekki verið að tala nú). Jeg mintist á það frumv., vegna þess, að það stendur alveg samhliða frumv. á þgskj. 165, og sýnist mjer því, að bæði þessi frumv. hljóti að ræða um leið eða hvort í sambandi við annað. Jeg sje svo ekki, að það hafi neina þýðingu að orðlengja frekar um þetta mál. Jeg býst við, að háttv. framsm. meiri hlutans (J. J.) haldi fram sinni skoðun, eins og hún kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans. Hvernig háttv. deild lítur á málið, er mjer ekki fyllilega ljóst, en jeg þykist nú hafa drepið á helstu atriðin, sem ber að taka verulegt tillit til.

Framsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Jeg hygg að ekki sje þörf á löngum umræðum um þetta mál. Eins og menn vita, hafa svipuð frumv. um fjölgun prestakalla, áður verið á ferðinni hjer í þinginu, en aldrei fengið neitt verulegt fylgi. Jeg skil ekki í því, að þinginu hafi snúist svo hugur, að það vilji nú fara að fjölgu prestaköllum. Hins vegar get jeg vel skilið það, að háttv. flutningsmenn þessara beggja frumv. um þetta efni, sem hjer eru á dagskrá í dag, hafi viljað gjöra það fyrir söfnuðina í kjördæmum sínum, að leggja málið fyrir þingið. En nauðsynin þarf ekki að vera brýn fyrir því. Þó að þessir söfnuðir sjeu fjölmennir, þá er það ekkert eins dæmi. Víða á landinu gæti komið til mála, að gjöra svipaðar breytingar, ef út á þá braut væri gengið. Jeg vil benda til dæmis á Hofsprestakall í Vopnafirði. Það er stórt og fólksmargt, og þolir vel samanburð við þau prestaköll sem hjer um ræðir. *(Stefán Stefánsson:* Nei, það er mjög ólíkt).

Sú ástæða háttv. minni hluta, að vegna samsteypunnar sjeu ýmsir söfnuðir sviftir lögákveðnum rjetti til að kjósa sjer prest, er ekkert eins dæmi. Þetta nær til safnaða út um alt land. *(Stefán Stefánsson:* Það er ekkert betra fyrir það).

Háttv. framsm. minni hl. (St. St.) gat þess, að algjörður skoðanamunur væri á milli meiri og minni hluta nefndarinnar. Það mun rjett vera. Má það best marka á því, að háttv. framsögum. minni hl. (St. St.) sagðist vera andvígur aðskilnaði ríkis og kirkju, en aftur kemur það glögglega fram í áliti meiri hlutans, að hann telur þá hreyfingu tímabæra.

Jeg stend við það, sem sagt er í áliti meiri hl., að allmikil brögð sjeu að því, að kirkjur sjeu illa sóttar yfirleitt. Og þar sem svo er ástatt, er ekki ástæða til að fara að fjölga prestaembættum. Háttv. framsm. minni hl. (St. St.) sagði, að ekki þyrfti að fara saman kirkjusókn fólksins og erfiðleikarnir við að sækja kirkju. Þetta er hverju orði sannara. Það fer alveg eftir hugsunarhætti fólksins. Kirkjuræki fólk setur ekki fyrir sig, þó það eigi langt til kirkjunnar. Það er því ekki þörf á að fjölga prestaköllum af þeirri ástæðu.

Meiri hl. nefndarinnar hefir bent á læknahjeruð landsins til samanburðar. Virtist það ekki fjarri sanni, þar sem um jafn nýta starfsmenn fyrir þjóðfjelagið er að ræða og læknarnir eru að allra rómi. Á þeim samanburði sjest, að kleift er að þjóna stóru svæði, ef um starfhæfa menn er að ræða.

Háttv. framsm, minni hl. (St. St.) vildi bera á móti því, að nokkur brögð

væri að því, að prestsetrin út um landið væru að lenda í niðurníðslu. Sagði hann að ástandið væri ekki verra en áður í því efni. Jeg er þó hræddur um að svo sje. Vitanlega hefi jeg ekki yfirlit yfir landið alt, en þar sem jeg þekki til, er mjer kunnugt um, að sum prestsetrin eru hörmulega illa setin. Jeg held að svo sje síðan prestarnir komust á landssjóðinn, að þeir hafi minni hvöt til að stunda búskapinn. Enda hefir búskapur verið erfiður undanfarið, vegna vinnufólkseklu o. fl., og hefir það komið niður á prestunum eins og öðrum. Það má líka segja, að það sje fyrir utan verkahring prestanna, að vera með allan hugann við þau störf. Það sje ekkert samræmi í því, að sökkva sjer niður í búskap og stunda prestskap með áhuga.

Viðvíkjandi því nána sambandi milli presta og safnaða, sem háttv. framsm. minni hl. (St. St.) lagði svo mikla áherslu á, verð jeg að segja, að ekki sje mikið komið undir því, að prestaköllin sjeu smá, ef annað brestur ekki, sem til þess nána sambands heyrir. Áhrif prestanna á æskulýðinn eru nú mikið að minka. Nú eru barnaskólar um alt land. Fræðsla barnanna er í höndum skólakennarana. Starf prestanna því viðvíkjandi, er ekki fólgið í öðru en að prófa börnin í kristnum fræðum. Jeg sje ekki, að það sje svo umfangsmikið starf, að prestunum sje það ofvaxið, þó að prestaköllin sjeu nokkuð stór, ef þeir hafa þann áhuga á köllun sinni sem vera ber.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið. Jeg held að sjálfsagt sje að fella frumv. samkvæmt þessari stefnu, sem ráðið hefir á undanfarandi þingum.

Sigurður Gunnarsson: Jeg get skilið það ósköp vel, að háttv. framsm. meiri hl. (J. J.), og meiri hl. yfirleitt, sje á því máli, að rjett sje að gjöra aðskilnað ríkis og kirkju. Og því fremur get jeg skilið það, þar sem jeg sjálfur hallast að sömu skoðun. Þess vegna tek jeg það út af fyrir sig ekki illa upp. En hitt tel jeg rangt, að viðhafa þá aðferð, til þess að koma fríkirkju á í landinu, að smámurka lífið úr þjóðkirkjunni, með því að gjöra söfnuðina óánægða með prestþjónustuna, og gjöra þeim að öðru leyti sem allra erfiðast fyrir. Jeg sje ekki betur en að einmitt hjer liggi fiskur undir steini.

Mjer virðast hjer í nefndaráliti meiri hl. færðar fram þær ástæður, sem að ýmsu leyti eiga ekki við í þessu máli. Ef fært væri fram, að af trúarlegum ástæðum væri rjett að aðskilja ríki og kirkju, þá gæti jeg skilið það. En það er alls ekki gjört.

Jeg ætla að drepa, með nokkrum orðum, á fáein atriði í nefndaráliti meiri hlutans.

Þar er sagt, meðal annars, að skifting prestakallanna rýri tekjur prestanna, og það er látið verða til þess, að draga hugi prestanna að veraldlegum störfum. Aftur er kvartað undan því síðar í sama nefndarálitinu, að prestar sitji illa jarðir sínar. Bestu jarðirnar í sveitunum, þ. e. prestsetrin, sjeu í vanrækt og niðurníðslu. Sjá ekki háttv. meiri hlutamenn, að þessi stórfelda sameining prestakallanna gjörir það að verkum, að prestarnir geta síður gefið sig að búskap, eða þessum veraldlegu störfum, sem háttv. meiri hluti leggur, að minsta kosti í öðru orðinu, svo mikla áherslu á. Jeg vil þó bera birgður á, að rjettmætt sje, að koma fram með það hjer Alþingi Íslendinga, að prestarnir níði sjerstaklega jarðir sínar, nema ef það er þá af þeim ástæðum, að sumum vinnist ekki tími til að stunda búskapinn, vegna þess, að þeir hafi svo víðlendu og fólksmörgu prestakalli að þjóna.

Jeg skil ekki, að hæfilega stór prestaköll gjöri það að verkum, að hugir prestanna dragist um of að veraldlegum hlutum, ef þeir hafa á annað borð áhuga á því máli, sem þeir eiga að flytja. Jeg held þvert á móti, að þá fái þeir meira tóm til að fylgjast með þeim málum, sem prestskapinn varða, og geta þá um leið lagt meiri rækt við hann, alveg eins og þeir þá fá meira tóm til að rækja jarðir sínar illa.

Því er líka kastað fram í nefndaráiti meiri hl., að kirkjusókn sje mjög að þverra í landinu, prestarnir sjeu í vandræðum með að fá fólkið til að hlusta á sig í kirkjunum. Jeg skal vera svo sanngjarn, að játa, að mikið er hæft í þessu. En að það sje að kenna því, að prestaköllin sjeu of lítil, því neita jeg algjörlega. Til þess liggja aðrar ástæður, og meðal annars sú ástæða, að prestaköllin eru víða óhæfilega stór, svo að miklir örðugleikar eru fyrir hlutaðeigandi sóknarmenn, að sækja kirkjur sínar, til þess að hlusta á guðs orð. Þetta verður háttv. meiri hluti vel að athuga.

Eins og við minni hluta menn höfum tekið fram í nefndaráliti okkar, verða þeir söfnuðir sjerstaklega fyrir miklu ranglæti, sem algjörlega, gegn vilja sínum, eru brotnir á bak aftur, látnir ganga inn í nýja söfnuði, og aldrei látnir fá tækifæri til, að segja, hvort þeir vilja þýðast viðkomandi prest, eða ekki. Og þótt þeir nú hafi minni not af prestinum en ella, verða þeir að greiða öldungis sömu gjöld og áður.

Þá vil jeg minnast á samanburðinn, sem háttv. meiri hlutinn gjörir á læknastjettinni og prestastjettinni. Heldur hann þar læknunum fram á kostnað prestanna. Það er langt frá því, að jeg vilji mæla eitt hnjóðsyrði í garð læknastjettarinnar, sem er vafalaust mjög þörf stjett og gjörir þjóðfjelaginu mjög mikið gagn. Jeg vildi að eins benda á, að þessi samanburður gildir ekki hvar sem er á landinu. Vestur á Snæfellsnesi t. d. er ætlast til að 5 hreppar sjeu í einu prestakalli, en á sama tíma get jeg bent á, að tveir læknar eru á Snæfellsnesi, sem að eins hafa 4 hreppa hvor í sínu læknishjeraði, og sumir þeirra hreppa eru litlir.

Um þetta sjerstaka prestakall, sem jeg nú enn einu sinni hefi borið fram hjer í þinginu, skal jeg geta þess, að viðkomandi sóknir þrá það mjög, að prestakallaskipunin verði aftur færð í gamla horfið. Þetta hefir verið flutt hvað eftir annað hjer í þinginu, en aldrei hlotið samþykki. En aftur á móti hefir hvað eftir annað verið samþykt á hjeraðsfundum, að skora á þingið að sinna málinu. Um vegalengdirnar um þetta fyrirhugaða prestakall skal jeg ekki fjölyrða. Ef háttv. þingmenn vilja setja sig inn í það, geta þeir sjeð hvað yfirsóknin verður mikil. Þó að jeg vildi fara að telja trú fyrir þeim í þessu efni, þá býst jeg ekki við, að það hefði mikinn árangur. Jeg þyrfti helst að fá þá með mjer vestur á nesið, svo að þeir gætu sjeð það með eigin augum. En í nefndarálitinu hefi jeg gjört skýra grein fyrir vegalengdum og öðrum erfiðleikum.

Jeg vona að háttv. deild fallist á þessar tillögur okkar háttv. 2. þingm. Eyf. (St. St.). Og læt jeg svo úttalað um málið.

Framsm. meiri hl. (Jón Jónsson): Háttv. þingm. Snæf. (S. G.) hafði ýmislegt að athuga við nefndarálit meiri hlutans.

Hann sagði, að það liti illa út, að hafa þá aðferð, sem meiri hl. vildi hafa, að murka lífið úr þjóðkirkjunni með því, að neita mönnum um allar breytingar

á skipun prestakallanna. Jeg held, að þetta sje ekki rjett álitið hjá honum. Það verður aldrei þjóðkirkjunni að falli. Jeg held einmitt, að menn sætti sig helst við þjóðkirkjufyrirkomulagið, ef prestaköllunum væri jafnvel fækkað úr því, sem nú er. Meðan það kostar jafnmikið og nú, að hafa gamla fyrirkomulagið, verða menn sjóánægðir með það. En ef hægt væri að draga úr kostnaðinum, mundu menn miklu fremur sætta sig við það. Það er því algjörlega rangt hjá háttv. þingm. (S. G.), að meiri hl. sje að gjöra gyllingar, til þess að drepa þjóðkirkjuna.

Sami háttv. þingm. (S. G.) hjelt því fram, að mótsögn væri í nefndaráliti meiri hl., þar sem í því stæði, að skifting prestakallanna rýrði tekjur prestanna og drægi huga þeirra að búskap og öðrum veraldlegum störfum, en jafnframt væri kvartað undan því í nefndarálitinu, að prestar vanræktu búskapinn og niddu jarðir sínar. Þetta vil jeg skýra nánar. Það vakti fyrir meiri hl., að því fleiri, sem prestaköllin væru, því tíðari yrðu prestaskiftin. Prestar eru eins og aðrir menn, að þeir vilja flytja þangað, sem betri laun bjóðast. Nú er það fullkunnugt, hvað jarðirnar fara illa á þessum endalausu ábúendaskiftum. Ár og ár fæst ef til vill enginn til að búa á þeim, nema ef til vill einhver sá, sem annað hvort hirðir ekki um, að sitja þær almennilega, eða getur það ekki. Það eru hreinustu vandræði, hvernig margar ágætar jarðir hafa drabbast niður á þenna hátt. Þetta átti meiri hlutinn við, að hætt væri við, að prestarnir sætu jarðirnar ver, ef þeir hefðu minni verkahring.

Guðmundur Hannesson: Mjer þykir ánægjulegt að heyra, að læknastjettin sje vel metin af almenningi. Vona jeg, að hún sýni það betur og betur, að hún verðskuldi þetta traust.

Þó að jeg sje enginn trúmaður, þá langar mig til, að taka svari prestanna. Íslenska prestastjettin á ekki það ámæli skilið, sem hún fær hjer. Jeg hefi þekt marga presta, sem eru, hvað sem trúmálunum líður — þau læt jeg liggja milli hluta — góðir búmenn. Jeg get tekið undir með háttv. þingm. Snæf. (S. G.), að prestastjettin, eins og raunar flestar embættismannastjettir, kostar okkur minna fje tiltölulega en nokkra aðra þjóð, sem jeg þekki til. En aftur er víst hvergi jafn alþýðleg prestastjett eins og hjer, og jafn lítið frábrugðin öllum almenningi. Hvergi búa prestarnir við jafn lík kjör og alþýða manna, eins og hjer á landi. Á liðnum tímum hafa prestarnir verið hreinustu máttarstólpar hver í sinni sveit. Og þeir eru það víða enn. Þetta er skylt að viðurkenna. Ekki hefi jeg orðið var við það, að prestar sætu alment jarðir sínar illa, heldur þvert á móti. Þó kann það að hittast. Prestar hljóta að vera misjafnir búmenn, eins og aðrir.

Kirkjufjöldann í Eyjafirði er ekki að marka. Þær eru þar hver ofan í annari. Það er þessi undarlega fastheldni í mönnum við gamlar venjur, að vilja endilega halda dauða haldi í þessar ljelegu kirkjukytrur, og það alveg að þarflausu. Grundarkirkja hefir risið upp stór og falleg innan um þennan krans af ljótum og lítilfjörlegum kirkjum, en þó halda menn í þær dauðahaldi. Þetta er ekki af guðrækni. Eyfirðingar eru ekki trúaðri en annað fólk, heldur fastheldnir við gamalt fyrirkomulag. Jeg held, að þingið eigi ekki að taka tillit til þessa. Jeg er ekki kunnugur á Snæfellsnesi, en trúi vel svo kunnugum manni sem háttv. þingm. Snæf. (S. G.). Þori því ekki að leggja neitt til þessa máls, sem hann flytur.

Eggert Pálsson: Jeg skal játa það, að jeg var fyrst á báðum áttum um það, hvernig jeg ætti að greiða atkvæði í þessu máli, er hjer liggur fyrir. Sparnaðarhugsunin gjörði mig dálítið hikandi annars vegar, því að frumvarp þetta hefir í för með sjer aukin útgjöld fyrir landssjóð. Enn fremur verð jeg að kannast við þann sannleika í nefndaráliti meiri hlutans, að gagngjörð breyting í kirkjumálum stæði fyrir dyrum, að skilnaður ríkis og kirkju yrði gjörður og fríkirkja sett á stofn. Jeg hefi alt af verið þeirri hreyfingu fylgjandi, en, að því er jeg hygg, af öðrum hvötum en háttv. meiri hluti. Fyrir mjer hefir það vakað, að jeg er sannfærður um, að þessi breyting yrði til þess, að reisa við og lífga kristindóm í landinu. Aftur á móti virðist mega draga þá ályktun út úr nefndaráliti meiri hlutans, að kristindómur muni deyja út með aðskilnaði ríkis og kirkju. Að minsta kosti sýnist svo, sem lesa megi það milli línanna, og virðist háttv. meiri hl. hlakka yfir því.

En jeg skal játa það, að eftir að jeg hefi lesið nefndarálit minni hlutans og athugað málið frá báðum hliðum, þá hika jeg ekki við, að greiða frumvarpinu atkvæði. mitt. Jeg fæ ekki annað sjeð en meðan sú breyting á kirkjufyrirkomulaginu, er meiri hlutinn talar um, er ekki komin á, þá beri löggjafarvaldinu að sjá svo um, að það, sem landið einu sinni hefir tekið á sínar herðar, sje ekki neitt kák. Og þessar brauðasamsteypur, sem nú eiga sjer stað, eru óneitanlega víða hið mesta kák, frá kirkjulegu sjónarmiði skoðað.

Það er ekki að furða þótt kirkjulífið dofni, og menn sæki ver kirkjur, þegar sami presturinn verður að annast 7 eða 5 sóknir, eins og á sjer stað, að því er þessi prestaköll snertir. Það liggur í augum uppi, að menn sækja ver kirkjur, þegar fyrirkomulagið er svona. Jeg hefi reynslu fyrir mjer í því, jafnvel þótt presturinn sje hinn sami, og fólkið sama, þá verða tiltölulega tíðari messuföll eða minni kirkjurækni, ef kirkjurnar eru margar, heldur en ef þær eru fáar, sem sami presturinn þjónar. Fólkið venst þá eins og ósjálfrátt af því að sækja kirkju. Jeg þjóna sjálfur tveimur kirkjum, og messa þar af leiðandi sinn sunnudaginn í hvorri. Og vitanlega stundum með fremur fáu fólki. En nokkurn tíma var það, að önnur kirkjan var ekki nothæf, ýmist vegna endurbyggingar eða viðgjörðar. Jeg tók þá eftir því, að þá var hin kirkjan, sem messað var í á hverjum sunnudegi, því sem næst alt af full, án þess þó, að fólk úr hinni sókninni, þar sem kirkjan var niðri, sækti hana að mun.

Þetta sýnir það, sem líka er mjög skiljanlegt, að því fleiri kirkjur, sem presturinn verður að skifta sjer á milli, því meir dofnar kirkjurækni í söfnuðunum. En fólkið vill ekki, að kirkjunum sje fækkað, og afleiðingin verður því óhjákvæmilega daufara trúarlíf og þverrandi kirkjurækni. Jeg verð að halda fast við það, að þar sem landinu ber að sjá um þessi mál, þá megi ekki horfa í tvisvar sinnum 1300 kr., til þess að ráða bót á þessu.

Jeg get lýst yfir því, að jeg vil ekki áfellast neinn mann fyrir það, þótt hann greiði atkvæði á móti þessu frumv., en það verður að vera af skynsamlegri ástæðum en háttv. meiri hluti ber fram.

Jeg fæ ekki dulist þess, að enda þótt fríkirkjufyrirkomulagið komist á hjer á landi, þá verður það þó ekki fyr en eftir nokkur ár, og landssjóði ber þangað til að bæta úr þessum og öðrum göllum, sem á prestakallaskipuninni eru. Væri nokkur von um það, að fríkirkja kæmist á nú þegar, með hæfilegum og skynsamlegum aðskilnaði ríkis

og kirkju, þá mundi jeg ekki leggja kapp á þetta mál, enda teldi jeg þá, eins og jeg hefi tekið fram, kirkju og kristindómi hjer á landi betur borgið en ella. Og þetta álit mitt er ekki gripið úr lausu lofti. Við sjáum það á dæmunum frá löndum okkar vestan hafs. Það er fólk alið upp við sama hugsunarhátt og við, en klifar þó þrítugan hamarinn, til þess að þurfa ekki að lifa prestlaust. Jafnframt sjest vottur hins sama á því, hve illa fólki hefir fallið það, þegar brauðunum hefir verið steypt mikið saman. Þegar til kastanna kemur, virðist það ekki kunna sem best við prestleysið, þótt verið sje við og við að hnýta í þá á meðan þeir eru.

En jafnvel þótt háttv. meiri hluti hafi verið á móti því, sem þetta frumv. fer fram á, þá var samt óþarfi af honum að nota tækifærið, til þess að kasta hnútum í prestastjettina yfirleitt í nefndaráliti sínu. Þar segir meðal annars, að sumir prestar hafi níðst mjög á ábýlisjörðum sínum. Það getur verið, að þetta hafi átt sjer stað um einn og einn prest, sem við fátækt eða erfiðar kringumstæður hefir átt að búa, en þrátt fyrir það, var það óþarft, að vera að sletta þessu í þingskjali, því að víst er um það, að afarmörg prestsetur eru mestu fyrirmyndar heimili í sinni sveit, en þau forðast nefndarálitið að nefna. En þótt fátækir prestar í einstaka tilfelli hafi ekki getað setið jörð sína sem best, þá er það ekkert undarlegt nje sjerstakt fyrir prestastjettina. Það sama á sjer stað á ýmsum bóndabýlum, ekki síst þeim, er setin eru af leiguliðum. Og flestir prestanna eru einmitt leiguliðar. Það vita allir.

Þá er það eigi síður undarlegt, að vera að kasta hnútum í prestana fyrir það, að þeir hugsi of mikið um tímanlega hluti. Þetta kemur líka hálfilla heim við ámælin fyrir það, að þeir sitji illa jarðir sínar. Eftir því, sem háttv. meiri hluta farast orð í nefndaráliti sínu, finnur hann prestum það til foráttu, að þeir hugsi ofmikið og oflitið um veraldlega hluti. Og þá sýnist svo, sem þeim fari að verða vand farið. Báðar eða rjettara sagt allar þessar ákúrur, er hv. meiri hl. ber fram, eru þannig ekki að eins á hinum mesta misskilningi bygðar, heldur sýna þær beinlínis að mennirnir vita ekki, eða hafi ekki hugsað um, hvernig til hagar hjer á landi í þessum efnum. Það þarf engan, er athugar málið samviskusamlega, að furða á því, þótt hugur prestanna verði að vera nokkuð tvískiftur, þar sem laun þeirra eru ekki hærri til að byrja með en 1300 kr. Með slíkum launum fyrir hið prestlega starf, verður vitanlega ekki hjá því komist, að presturinn verði að gefa sig að öðru jafnframt.

Jeg gæti vitanlega, og hefði gilda ástæðu til, að tala meira um þetta mál og víta enn frekar, ekki að eins orð háttv. meiri hluta í nefndarálitinu, heldur sjerstaklega hugsunarhátt þann og óvild til presta og kirkju, sem andar út úr því öllu saman, en læt þó hjer við staðar numið.

Sigurður Sigurðsson: Það er ekki til þess að biðjast griða, að jeg get þess hjer, að jeg er ekki allskostar ánægður með orðalag og forsendur nefndarálitsins. Skrifari nefndarinnar hefir ritað það út frá sínum hugsunum, en í aðalatriðunum hygg jeg þó, að hann hafi rjett fyrir sjer, og um niðurstöðuna er jeg honum samdóma.

Jeg skal kannast við það, að erfitt mun vera fyrir einn prest, að þjóna þessum brauðum, sem rætt er um að skifta sundur, sjerstaklega prestaköllunum þarna á Snæfellsnesi. En nokkuð mikið er sagt í nefndarálitinu, þar sem þess er getið, að prestsetrin sjeu

víða mjög niðurnídd. Þetta má misskilja. En það er víst, að þótt mörg eða flest prestsetrin sjeu vel setin og mestu prýðisheimili, eins og t. d. á Breiðabólsstað í Fljótshlíð, þá á það þó sjer stað — því miður, — að einstaka prestsetur eru illa setin, jafnvel ekki síst í því hjeraði, sem háttv. ritari nefndarinnar þekkir best til.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. P.) harmaði það mjög, hver andi væri í nefndarálitinu. Hann taldi fríkirkjur æskilegar, en vildi ætla, að meiri hlutinn væri þeirri hugmynd hlyntur, af því að hann hjeldi, að það yrði til eyðileggingar kirkju- og kristindómslífi. Háttv. þm. (E. P.) hefir engan rjett til þess, að koma fram með slíka fullyrðingu. Hann þekkir ekki hvatir okkar í þessu efni, og síst af öllu, að hann geti fullyrt, að við viljum skaða kirkju og kristindóm í landinu. Hann veit þvert á móti, að við meirihlutamenn í nefndinni vinnum að skilnaði ríkis og kirkju, til þess einmitt að bæta þetta hvorutveggja.

Aðskilnaður ríkis og kirkju hlýtur að verða til eflingar trúarlífinu, sem þjóðkirkjan er nú að smá eyðileggja. Það má líkja þjóðkirkjunni við stöðupoll, sem smátt og smátt fúlnar og gufar upp. Hjer þarf einmitt öfluga framræslu, til þess að koma straumhreyfingum í pollinn. Það þarf að hafa áhrif á menn og vekja þá af þessum andlega dvala. Og þessi vakning hlýtur að hefjast við aðskilnað ríkis og kirkju. Þar sem við nú lítum svona á málið, þá er þess ekki að vænta, að við viljum nú vera að grauta í prestakallalögunum og gjöra óverulegar breytingar á þeim. Það gagnar ekki neitt. Það gjörir hvorki að glæða trúarlífið í landinu eða hjálpa mönnum inn í himnaríki.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) hjelt langa lofræðu um presta þessa lands, og það að maklegleikum. Samt varð niðurstaðan sú, að hann hallaðist að tillögum meiri hlutans. Jeg get mjög vel skilið það, og vona, að sem flestir verði á því máli. Jeg er hræddur um, að verði farið að breyta gildandi prestakallalögum, að því er þessi prestaköll snertir, þá komi á næsta þingi kröfur um fleiri breytingar, og endirinn verði sá, að lögunum frá 1907 verði gjörbreytt, og mun þá margur segja, að ver sje farið en heima setið. Úr því, sem komið er, hygg jeg, að best sje, að lofa lögunum að standa óbreyttum, en fara nú sem rækilegast að vinna að aðskilnaði ríkis og kirkju. Og formælendur þeirrar stefnu og þess starfa ættu að sjálfsögðu að vera prestarnir.

Jóhann Eyjólfsson: Jeg ætla ekki að fara að minnast á fríkirkjuhugmyndina, heldur ætla jeg að eins að minnast á fyrirkomulag þjóðkirkjunnar, viðvíkjandi prestafjöldanum. Jeg hefi alt af litið svo á, þegar minst hefir verið á þetta mál, að mátulegt mundi vera að hafa hlutfallslega nokkuð jafnt af prestum og læknum. Jeg fæ ekki sjeð, að fleiri presta þurfi en lækna. Nú höfum við miklu fleiri presta, og álít jeg það öfugt, og þess vegna hlýt jeg að vera á móti frekari fjölgun þeirra. Þetta er ekki af því, að jeg hafi neinn imugust á prestum — öðru nær. En við erum svo fáir og höfum nóg við okkar fje að gjöra, að það má alls ekki fleygja því út í hálfgjörðan óþarfa. Jeg fæ ekki heldur skilið það, að það geti rýrt mikið trúarlífið, þótt sjaldnar sje messað, og jeg hefi tekið eftir því, að messuföll eru, þar sem jeg þekki til, mikið sjaldgæfari, tiltölulega, á annexium en aðalkirkjum. Annars hygg jeg, að heppilegra væri, að hafa messur sjaldnar en þær eru, en láta í þess stað koma andlega fyrirlestra, sem væru haldnir 6—8 sinnum á ári við hverja kirkju, og

mundu þeir verða vel sóttir og hafa bætandi áhrif á fólkið og trúarlífið. Þess ber líka að gæta í þessu tilfelli, að það er einskis manns líf í hættu, þótt messufall verði, en sje ekki hægt að ná í læknir fljótlega, hefir það oft valdið hörmulegum afleiðingum. Það er því auðsætt mál, að lækna er miklu meiri þörf en presta. Hjer á þinginu hafa oft áður verið borin fram frv. um fjölgun lækna á þessu sama svæði, en aldrei náð fram að ganga. Það væri því harla einkennilegt, að samþykkja nú frumv., eins og þetta, sem miklu óþarfara er. Jeg skal ekki neita því, að það getur fyrir ýmsra hluta sakir verið nógu gott að hafa marga presta, en hin þörfin er bráðari. Það riður meira á að bjarga konu í barnsnauð en að skíra barnið. Sje erfitt eða ómögulegt að ná í lækni, þegar lífið liggur við, þá finna menn alvarlega til þess, sem von er, og jeg hefi sjálfur reynt þau tilfelli, og þekki því dálítið hvað slíkt hefir að þýða, en jeg man aldrei eftir, að jeg hafi ekki alt af haft nóga prestlega aðstoð, hve nær sem jeg hefi þurft á að halda, bæði fyrir mig og mína.

Andlega hjálpin og andlega fæðan kemur að fullum og jöfnum notum, hvort sem hún kemur deginum fyrr eða síðar, en læknishjálpin verður oft til einskis, ef ekki næst í hana strax. Það kann að koma fyrir, að presta sje jafn mikil þörf og læknis; en jeg lít svo á, þegar þarf að þjónusta mann, sem eindregið óskar eftir því sjálfur, þá sje full þörf að sækja prestinn fljótlega, engu síður en lækni í lífsnauðsyn, en þetta er líka það eina tilfelli, sem jeg man eftir, er skapar fljótlega þörf á prestsverki, og slík tilfelli koma sjaldan fyrir nú orðið. Jeg stend í þeirri meiningu, að ótímabært sje, að fjölga prestunum, held að rjettara væri að fækka þeim. Þá mætti líka launa þeim betur en nú er gjört, án þess að meira fje þyrfti í því skyni úr landssjóði. Og það væri að mínu áliti miklu betra, því að það er óneitanlega óheppilegt, að presturinn þurfi að hugsa mikið um búskap og veraldlegar sýslanir til að hafa ofan í sig að borða. Það er alt af ilt, að þurfa bæði að þjóna guði og mammon, en það hafa prestarnir þurft að gjöra, og verða líklega því miður að gjöra framvegis. Helst ættu þeir að geta lifað af embættistekjum sínum einum. Og fremur eru líkur til þess, að þeir geti það, ef embættin eru stærri, því að þá eru tekjurnar meiri. Jeg mun af ofangreindum ástæðum greiða atkvæði á móti þessu frv.

Frsm. minni hl. (Stefán Stefánsson): Jeg er þakklátur háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) fyrir góðar undirtektir hans undir álit okkar minni hlutans. En aftur fundust mjer röksemdir háttv. 1. þingm. Árn. (S. S.) alleinkennilegar. Hann sagði, að æskilegt væri, að prestar hefðu sem minstan verkahring. En hvað er það, sem þetta frumv. fer fram á, annað en að minka verkahring prestanna. Er það, að fækka sóknum þeim, er þeir eiga að þjóna, nokkuð annað en einmitt framkvæmd á þessari hugsun háttv. þingmanns. Og samt er hann á móti frumv. Þetta kemur ósköp vel heim við aðrar röksemdafærslur háttv. meiri hluta.

Þá sagði háttv. þingmaður (S. S.) mikið rjettilega, að kirkjurækni fólks hlyti að fara eftir hugarfari þess sjálfs. En hverjir eru það, sem mest áhrif eiga að hafa á hugarfar fólksins og leiðbeina huganum til þess, sem göfgast er og háleitast?

Vitanlega prestarnir. Það er þeirra aðalstarf, en af því leiðir aftur, að fólkinu verður þó að vera gjört það mögulegt, að njóta þessarar andlegu leiðsögu.

Þarna virðist háttv. þingm. (S. S.) aftur reka sig á í sinni röksemdafærslu.

Hvað best horfi fyrir andlegt líf í söfnuðunum, skal jeg ekki segja, en hvað þetta mál snertir, þá er það víst, að söfnuðirnir eru mjög óánægðir, og krefjast leiðrjettingar sinna mála. Jeg skal játa það, að ekki sýnist vera neitt sjerstakt á móti því, að fækka að einhverju leyti kirkjum í Eyjafirði, en eins og jeg hefi tekið fram, þá neita söfnuðirnir því algjörlega, enda mun það vera hið almenna, að söfnuðunum er mjög sárt um að eyðileggja kirkju sína. Menn kunna best við sig í sinni venjulegu kirkju, og una því ekki, að verða að sækja til kirkju sinnar á aðra staði, og þá með öðru fólki, meira og minna lítt þektu.

Sigurður Gunnarsson: Eftir að hafa heyrt ræðu háttv. þm. Mýr. (J. E.) vil jeg að eins segja það, að ef hjer á Alþingi er almennur jafnmikill misskilningur á trúmálunum, eilífðarmálunum, eins og þar lýsti sjer, — ja, þá er æðstu stjórn þeirra mála illa komið í höndum Alþingis Íslendinga.

Framsögum. meiri hl. (Jón Jónsson): Jeg get verið háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) þakklátur fyrir það, hve vel hann tók í fríkirkjuhugmyndina, en hins vegar ekki fyrir það, hvaða hugsanir hann lagði í orð okkar meiri hluta nefndarinnar.

Það er ekki rjett, sem hann sagði, að út úr þeim skini það, að við viljum helst koma trú og kristindómi fyrir kattarnef. Hann getur ekkert um það dæmt, hvaða skoðanir við höfum í þessu efni. Hann þekkir ekki hugarfar okkar. En þar sem hann talar um meðferð pretsetranna, hvernig þau væru setin, þá er það auðvitað dagsatt, að mörg af þeim eru mjög sómasamlega setin, og var alls ekki nauðsynlegt að taka annað eins fram í nefndarálitinu. Það vita allir, og auk þess var ekki hætt við öðru, en að það myndi standa í Þingtíðindunum, því að nógir eru hjer til að halda því á lofti.

Þeir tóku báðir í sama streng, hann og háttv. framsögum. minni hlutans (St. St.), að þeim þótti einkennileg röksemdaleiðslan í nefndaráliti okkar, t. d. það, sem hjer stendur, og jeg leyfi mjer að lesa með leyfi hæstv. forseta:

> »Þá mælir það ekki með fjölgun prestakalla, að sum prestsetrin úti um landið eru að lenda í algjöra niðurníðslu. Það er sárt að sjá bestu jarðirnar í sveitunum algjörlega vanræktar. Ef trygg ábúð yrði á jörðunum fyrir bændur, þegar prestarnir hafa ekki dug til að nota þær, eða flytja brauð úr brauði, og jarðirnar eru í þessu alkunna og illræmda millibilsástandi, þá mundi garðurinn verða betur setinn. En hjer er ekki hægt um vik undir þeirri löggjöf og þeim venjum, sem nú gilda um kirkjuna«.

Það er auðsjeð, að hjer vakir að eins það fyrir meiri hl., að jarðir níðast stundum við það, er prestar fara hvað eftir annað brauð úr brauði, svo að þær verða þá svo sem húsbóndalausar um langt skeið, og má þá nærri geta hvernig um þær fer. Nú er á hverju þingi verið að hugsa um það, hvernig eigi að sníða ábúðarlöggjöfina, svo að hún komi að sem mestu gagni jörðum landssjóðs, en hjer er einmitt, þar sem prestsetrin eru, verið að ræða um jarðir, sem oftast eru með þeim bestu í hverri sveit, svo að það skiftir miklu, hvernig með þær er farið, og það er ómótmælanlegt, að þær versna mikið víða fyrir þetta ferðalag prestanna, því að millibils-

ábúðin getur ekki orðið trygð, nema þangað til næsti prestur kemur, en það er í meira lagi óviss ábúð. Þess vegna er jörðunum enginn sómi sýndur. Það gæti jafnvel verið álitamál, hvort ekki væri rjett, að selja prestsetrin, til þess að tryggja sjer það, að vel verði með þau farið. Það eru til ýmsir prestar, sem ekki kæra sig um að flytja sig, heldur eira kyrrir í söfnuðum sínum til dauðadags, og um þá er auðvitað ekkert að segja, og það eru oft og tíðum nýtustu prestarnir, sem bæði láta sjer ant um söfnuð sinn og jörð, en því miður gengur það svo oft, að los vill verða á þeim eins og öðrum.

Mjer virðist nú annars fríkirkjumálið ekki koma þessu mikið við. Hjer er um það eitt að ræða, hvort bæta eigi við nýjum prestaköllum eða ekki, frá því sem er ákveðið í nú gildandi lögum, og það er í sjálfu sjer ekki svo vandalaust mál. Það fyrirkomulag, sem nú er, er bygt á niðurstöðu, sem millipinganefnd komst að eftir ítarlegar rannsóknir, og jeg fyrir mitt leyti tel rjett, að halda sjer við það, þangað til næst verður gjörð gagngjörð breyting. Kákbreytingar á einstökum atriðum eru ekki annað en vandræðafálm, sem lítil trygging er fyrir, að sje á viti og sanngirni bygt.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. var feld með 14 : 4 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánss.,
Sig. Gunnarsson,	Guðm. Hannesson,
Stefán Stefánsson.	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	nei:
	Sig. Sigurðsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Benediktsson.

Magnús Kristjánsson, Matth. Ólafsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Sex þm. voru fjarstaddir.

Frumv. þar með *fallið*.

---

11. Staðarstaðar- og Miklaholts prestaköll.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 2. ág., var útgýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipum prestakalla. (A. 166.).

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Sig. Gunnarsson): Jeg skal ekki þreyta menn með ræðu um þetta mál, að eins biðja deildina að lofa því að ganga til 2. umr. og vísa því til nefndar þeirrar er kosin var nú rjett áðan.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til prestakallarnefndar með 16 shlj. atkv. (Sjá nefndina í næsta máli á undan).

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 482).

Sigurður Gunnarsson: Jeg hefi engu við það að bæta, sem áður hefir verið um þetta mál sagt. Það,

sem sagt var í næsta máli á undan, á alt við um þetta, enda gekk jeg þar jafnframt inn á þetta frumv.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. feld með 14 : 4 atkv. að viðhöfða nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Sig. Gunnarsson,	Hjörtur Snorrason,
Stef. Stefánsson.	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Sigurðsson,
	Þór. Benediktsson.

Guðm. Hannesson, Magnús Kristjánsson, Matthías Ólafsson, Skúli Thoroddsen og Sveinn Björnsson greiddu eigi atkv., og töldust til meiri hlutans.

Sex þm. voru fjarstaddir.

Frumv. þar með *fallið*.

---

12. Hvalveiðar frá Hesteyri.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ág., var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög um hvalveiðamenn nr. 67 frá 22. nóv. 1913. (A. 192.

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ág., var frumv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Jeg hefi leyft mjer að bera fram. frv. það, er hjer um ræðir, eftir ósk nokkurra manna í kjördæmi mínu, og fer það í sömu átt, sem erindi, er legið hefir frammi á lestrarsal Alþingis, — fer fram á, að lögin um bann gegn hvalveiðum komi ekki til framkvæmdar í bráð, að því er kemur til hvalveiðastöðvarinnar á Hesteyri í Jökulfjörðum. En hvalveiðastöðin á Hesteyri í Jökulfjörðum er — þ. e. nú orðið — eina hvalveiðastöðin, sem notuð er hjer á landi, enda gjöra lögin frá 22. nóv. 1913 svo ráð fyrir, að hvalveiðar fari hjer ekki fram eftir 1. okt. þ. á. (þ. e. 1915).

Nú er svo ástatt í Jökulfjörðum, þ. e. í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Norður-Ísafjarðarsýslu, að menn eru þar fátækir, og fáir, er bjargálnamenn geta talist. — Fyrir utan lítilfjörlegan landbúnað, sem stundaður er í Jökulfjörðunum, lifa menn þar aðallega á sjávarútvegi, sem stundaður er þar æ að vorinu, og seinni hluta sumars, er heyönnum er lokið, og fram yfir veturnæturnar. En á seinni árum hefir afli mjög brugðist í Jökulfjörðum, og kenna menn það og eigi þá hvað síst vjelabátum úr vestanverðu Ísafjarðardjúpi, sem á sumrin flykkjast þar inn í firðina, meðan bændur geta ekki sint fiskveiðum, vegna heyskaparins, og öngla á skömmum tíma upp fiskinn, sem inn í Jökulfirðina er þá genginn. — Og þegar svo hjeraðsmenn geta farið að sinna fiskveiðum, þá er fiskurinn að mun horfinn.

Svona er greint frá þessu í skjölunum, er legið hafa frammi á lestrarstofu Alþingis, og á þessa leið sagðist gagnkunnugum mönnum verstra frá, og mönnum þar úr bygðarlaginu, er jeg átti mjög nýlega tal við.

En í þessum vandræðum hefir nú hvalveiðastöðin á Hesteyri (forstöðumaður hr. Vaagen) reynst mönnum æ sannur bjargvættur. Menn hafa fengið þar hvalkjöt ókeypis, er bæði hefir verið notað til manneldis, sem og til skepnufóðurs. Það væri mönnum þar vestra stór tjón, ef þessara hlunninda misti nú við, sjerstaklega þar sem nú er almenn dýrtíð,

sem kunnugt er, og aflaleysið sama, sem fyrr, enn þar í fjörðunum.

Í brjefinu, er liggur frammi á lestrarsal Alþ., þá er þess og getið, að menn óttist jafnvel hungur, og að eigi verði hjá því komist, að taka verði ella hallærislán, ef leyfi þetta fæst ekki.

Um þetta segir meðal annars, í áskorunarskjalinu til Alþingis:

> »Sveitarþyngsli vaxa hjer nú eins og víðar, en efni og gjaldþol þverra, og eigi annað sjáanlegt en hallærislán verði að taka á næsta hausti, ef ekki aflast, til að forða fólkinu frá hungri.«

Jeg vona því að þingið taki vel í þessa málaleitan, enda skiftir þetta landið í heild sinni og ekki miklu, þar sem hjer er að eins um eina hvalveiðastöð að ræða.

Að öðru leyti hygg jeg, að málið sje svo ljóst og auðskilið, að óþarft sje, að það gangi í nefnd, enda ákjósanlegt, að afgreiðsla þess gæti og gengið sem greiðlegast.

Guðmundur Eggerz: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að málinu verði, að umræðunni lokinni, vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 14 : 4 atkvæðum.

Tillaga um að vísa málinu til sjávarútvegsnefndar feld með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Eggerz,	Jón Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Jón Magnússon,
Sigurður Eggerz,	Magnús Kristjánss.,
Stefán Stefánsson,	Matth. Ólafsson,
Þorleifur Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Þór. Benediktsson.	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Sveinn Björnsson,

Bjarni Jónsson og Einar Arnórsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Þrír þingmenn fjarstaddir.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 7. ág., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 192).

Guðmundur Eggerz: Jeg tók ekki til máls við 1. umr. þessa frumv., vegna þess, að jeg hafði litið svo á, að það hefði verið samkomulag milli mín og háttv. flutnm. (Sk. Th.), að hann yrði því ekki mótfallinn, að málið gengi til nefndar. En þegar til kom var málinu vísað til 2. umr. nefndarlaust.

Jeg skal nú gjöra tilraun til þess, að sýna fram á, að það er nauðsynlegt, að málið gangi til nefndar og færa rök að því, að málið er með öllu ótímabært og frumv. má ekki verða að lögum. Eins og kunnugt er og jeg hefi tekið fram áður, þá hefir þetta hvalveiðamál mikla þýðingu fyrir sjómenn austanlands, og þeir hafa látið sjer mjög ant um það. Og hvað sem því líður, þá er háttv. deild fullkunnugt um það, að þetta er eitt af stórmálunum í Noregi. Hvað sem mínum skoðunum í þessu máli líður, þá er það víst, að sjómenn eiga það skilið, að þetta mál, sem þeir álíta svo þýðingarmikið, sje ekki afgreitt frá þinginu, án þess að það sje athugað í nefnd.

Jeg verð að ganga inn á málið frá byrjun. Eins og kunnugt er, þá var það samþykt á þinginu 1913, að hvalir skyldu friðaðir hjer við land á tímabilinu frá 1. okt. 1915 til 1. jan. 1925.

Astæðan til þessa var meðal annars sú, að menn voru sammála um það, að tæki löggjafarvaldið ekki í tauman, þá mundi þessi dýr upprætast hjer við land, og það hefir ekki þótt sæmandi neinni siðaðri þjóð, að láta heilar dýrategundir deyja út hjá sjer. Afleiðingin af þessum friðunarlögum hlýtur að verða sú, að hvölunum fjölgar, og þá eru þess líkur, að Íslendingar geti sjálfir fengið arðinn af því, að veiða þessi dýr. Eins og kunnugt er, hafa Norðmenn grætt tugi miljóna á hvalveiðum hjer við land, en Íslendingar ekki nema nokkra tugi þúsunda, sem þeir hafa fengið með þeim lítilfjörlega útflutningtolli, sem var á lýsi og öðrum hvalafurðum. Og það er ekki svo vel, að útgjörðarmenn hafi látið Íslendinga vinna að veiðunum. Nei, þeir hafa notað til þess Norðmannarusl, því að það var ekki nema ruslaralýðurinn í Noregi, sem hafður var til þessarar vinnu. Þetta voru allir sammála um 1913. Aftur á móti voru skoðanir manna um það, hver áhrif þetta gæti haft á fiskigöngur nokkuð dreifðar. Jeg sýndi þá fram á það, að jafnvel dr. Hjort, sem hefir skrifað stóra bók um þetta mál og er hlyntur hvalveiðamönnum, þorði ekki að fullyrða, að hvalirnir gætu ekki haft áhrif á fiskigöngurnar. Og mjer er vel kunnugt um það, að þegar um djúpa firði er að ræða, eins og Austfirði, þar sem firðirnir eru 60—70 faðma djúpir, og síldartorfa liggur í djúpinu, þá snuðrar hvalurinn torfuna, ef hann kemur. Hún fer upp undir yfirborðið og menn geta hæglega veitt hana.

Jeg tek þetta alt fram, til þess að sýna það, að það er alveg óforsvaranlegt, að láta málið ekki fara til nefndar. Í raun og veru fer frumv. þetta óbeinlínis fram á það, að upphefja friðunarlögin, og það hefði verið miklu hreinlegra af háttv. flutnm. (Sk. Th.), að koma með slíkt frumv. en þetta. En hann hefir ætlað að smeygja þessu inn í þeirri von, að menn athuguðu það ekki og samþyktu frumvarpið. En honum verður ekki kápan úr því klæðinu. Jeg hefi athugað það, og jeg býst við, að jeg hafi mikið meira vit á þessu máli en háttv. flutnm. (Sk. Th.). Jeg trúi því ekki, að hann hafi fengið mikla sjerfræðslu með þessari áskorun frá Jökulfirðingunum, sem ekki segjast geta lifað, ef þeir fái ekki hvalkjöt. Hvalafriðunarmálið vakti afarmiklar deilur í Noregi; það var sannkölluð borgarastyrjöld. Að lyktum fór svo, að árið 1904 voru hvalir friðaðir þar í 10 ár, og 1914 var friðunartíminn framlengdur um önnur 10 ár. Þetta verður ekki skilið á annan veg en þann, að þessi 10 ára reynsla hafi sýnt, að lögin hafi verið svo viturleg, að sjálfsagt væri, að framlengja gildi þeirra. Og það, að Norðmenn taka lögin upp aftur 1914, ætti að benda okkur á, að vera dálítið varfærnari og upphefja það ekki 1915, sem við höfum samþykt 1913. Jeg skil það mjög vel, að hvalveiðamenn sjálfir berjist af öllum mætti gegn lögunum, og jeg er sannfærður um það, að það eru ekki bændurnir eða vinnukonurnar í Jökulfjörðunum, sem eiga upptökin að þessu frumv., heldur eru það hvalveiðamennirnir, sem hafa sent kjósendurna til háttv. flutnm. (Sk. Th.), og hann hefir orðið svo smeykur, að hann hefir ekki þorað annað en verða við beiðni þeirra.

Aðalmótbáran móti frumv. 1913, var sú, að hvalveiðamenn mundu gjöra mörg hundruð þúsund króna skaðabótakröfu á hendur landssjóði. Og ekkert var sparað, til þess að halda þessari grýlu á lofti. Það má ekki gleyma Bull hvalveiðamanni, sem sendi þinginu símskeyti, til þess að fæla það frá

því, að samþykkja frumv. En það fór öðruvísi en til var ætlast. Þingið sýndi, að það var hvergi smeykt.

Á þinginu 1914 var í háttv. Ed. borið fram frumv. af manni, sem hafði verið með friðunarlögunum, þess efnis, að lögin skyldu ekki koma til framkvæmda gagnvart þeim hvalveiðamönnum, sem nú stunduðu hvalveiðar hjer við land. Það frumv. fór þó að mörgu skemra en þetta frumv. Samt lauk því því svo, að frumv. fjell við lítinn orðstír. Vantaði þó ekki á, að vel væri »prókúrerað« fyrir því. Bull var hampað þar enn þá með skaðabótakröfuna, og enn þá kom símskeyti til Alþingis. Flutnm. frumv. taldist svo til, að landssjóður mundi verða að borga mörg hundruð þúsund krónur í skaðabætur. Bull einn mundi heimta 50 þús. kr. En hvalveiðamennirnir hafa ekki enn þá krafist þessara bóta, og gjöra það vitanlega aldrei. Síst er það líklegt, að fjelagið, sem Bull er fyrir, fari að taka upp á þessu. Hann er ekki annað en umboðsmaður dansks miljónamanns, sem lítið mundi muna um þessa upphæð. Og til þess að sýna enn betur fram á, hversu ástæðulaus þessi ótti er, þá skal jeg geta þess, að Norðmenn eru sem óðast að rífa niður stöðvar sínar á Austurlandi, eru búnir að því á Mjóafirði og hafa engu skaðabótamáli hreyft enn þá. Nú kemur þriðja árið frá því, að lögin voru samþykt, og enn kemur frumv., sem felur það í sjer, að upphefja lögin, þótt aðalástæðan, sem menn höfðu á móti þeim, skaðabótakrafan, sje fallin í burtu.

Hverjum lifandi manni dettur nú í hug, að frumv. þetta stafi af því, að c. 70 Jökulfirðingar vilja fá sjer hvalkjöt? Það getur verið, að háttv. flutnm. (Sk. Th.) í einfeldni sinni og sakleysi trúi þessu, en tæplega aðrir. Jeg er svo fullviss um það, að það eru hvalveiðamennirnir, sem hjer standa á bak við. Því hefir verið haldið fram hjer í deildinni, sem mótbáru á móti friðunarlögunum, að hvalir væru hætttir að veiðast og lögin væru því óþörf. En hvaða gagn hafa Jökulfirðingar þá af því, að frumv. verði samþykt. Nú, og þótt þeir veiðist, þá fá þeir ekki kjöt að heldur. Jeg veit til þess á Austfjörðum, að þá notuðu hvalveiðamennirnir allan hvalinn sjálfir, og ef hægt var að nudda einhverju hvalkjöti út úr þeim, þá var það bæði við háu verði og kjötið skemt. En ef ástandið er svo í Jökulfjörðunum, að þessir 70 menn, sem undir ávarpið hafa skrifað, og segjum 60—70, sem ekki hafa skrifað undir, vegna þess, að þeir hafa verið í vöggu eða sjúkir, sjeu svo bjargarlausir, að þeim liggi við hordauða, þá vil jeg að vísu ekki leggja svo mikið upp úr því, að fara þeirra vegna að breyta þessum lögum, heldur leitast við að hjálpa þeim á annan hátt. Landstjórnin ætti þá að taka að sjer þessa kjósendur háttv. flutnm. (Sk. Th.), sem segja sjálfir, að þeim liggi við hordauða. Þeir segja sjálfir í ávarpi sínu, að ekki sjeu mörg ár síðan, að fólk hafi þar dáið úr hor. Þetta er mjög alvarlegt mál. Jeg veit, að þeir eiga við erfið kjör að búa, vegna þess, að vetrarríki mun vera þar mikið. Og auðvitað er sjálfsagt að hjálpa þeim, ef þörf er á, en ekki með úldnu hvalkjöti, heldur góðri innlendri eða útlendri matvöru. Ef háttv. flutnm. (Sk. Th.) vildi koma fram með slíkt frumv., þá mundi jeg ekki setja mig á móti því. Hitt nær engri átt, að fara að breyta svona mikilsverðum lögum vegna 100—200 manna. Þessir kjósendur háttv. þm. (Sk. Th.) eru jafnframt ókurteisir gagnvart þinginu. Þeir segja í ávarpi sínu, að þeir vænti þess, að þingið verði svo rjettlátt og samviskusamt, þrátt fyrir alt, sem sagt sje o. s. frv. Líklega er

þessum orðum aðallega beint til háttv. flutnm. (Sk. Th.), því að hann þekkja þeir best.

Þá vil jeg taka fram enn þá eina ástæðu fyrir því, að nauðsynlegt sje, að vísa máli þessu til nefndar. Hún er sú, að verði þetta frumv. samþykt óbreytt, þá er þessu fjelagi þar með gefinn einkarjettur til hvalveiða kringum alt land. Flutningm. frumv. í Ed. 1914 var þó svo aðgætinn, að takmarka veiðina við ákveðna bátatölu, en hjer er ekkert gjört í þá átt, og heimildin ekki bundin við Hesteyri eina. Þrátt fyrir það er jeg viss um, að það hefir ekki vakað fyrir háttv. flutnm. (Sk. Th.), að veita fjelaginu rjett til að reka veiðina hvaðan sem væri af landinu, t. d. af Eskifirði eða Norðfirði. Það kæmi ekki heldur kjósendum hv. flutnm. (Sk. Th.) til góða.

Jeg verð að segja, að það er óverjandi gagnvart Norðmönnum, að veita einu fjelagi einkaleyfi, þar sem þingið 1913 útilokaði alla Norðmenn. Það er hætt við, að norsku þjóðinni þyki undarlegt, að einn þeirra skuli undanþeginn.

Jeg vona þá, að jeg hafi sýnt háttv. deild fram á það, að mörg atriði eru athugaverð í frumv., svo að full ástæða sje til að vísa því til sjávarútvegsnefndarinnar, og gjöri jeg það að tillögu minni.

Skúli Thoroddsen: Jeg finn ekki ástæðu til að pexa við háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Málið er svo einfalt, að jeg verð að telja nefndarskipun alveg óþarfa.

Háttv. þm. gat þess, að jeg hefði — við 1. umr. um málið — búist við því, að frumv. yrði vísað til sjávarútvegsnefndarinnar. Þetta er rjett. En þegar jeg heyrði það á ýmsum, að þeim þætti óþarft að vísa málinu til nefndar, þá var eðlilegt, að jeg hallaðist þó á þá sveif, þar sem það og flýtti þó enn meira fyrir því. En skyldi deildin nú vera komin á aðra skoðun, og óska að setja málið í nefnd, þá mun jeg ekki setja mig á móti því, treystandi því þá, að nefndin hraði málinu, og gjöri sitt besta til að koma því áleiðis.

Hjer er um ofur einfalt mál að ræða, þ. e. að leyfa þessari einu hvalveiðastöð, sem eftir er, þ.e. hvalveiðastöðinni á Hesteyri, að halda áfram þau 6 ár, sem frumvarpið til tekur. Þetta er bygt á því, að hvalveiðastöð þessi hefir yfirleitt reynst hjeraðinu vel, og ummæli háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), sem hnigu í aðra átt, hljóta að byggjast á ókunnugleika. Hann var eitthvað að tala um úldið hvalkjöt, en hvalveiðistöðin, sem hjer um ræðir, hefir aldrei gefið mönnum kost á slíku kjöti. En þetta getur stafað af því, að háttv. þm. þyki, eins og sumum öðrum, best kjöt, þegar farið er að slá í það.

Að hvalveiðamenn á Hesteyri standi á bak við þessa áskorun, er mjer ekki kunnugt, en líklegt, að þeir vilji þó halda áfram, sem og eðlilegt er. Aðalþágan er hjá hjeraðinu, því að, eins og jeg skýrði frá við 1. umr., fiskveiðar hafa brugðist þar mjög um undanfarin ár, en vörur hækkað geipilega í verði, vegna ófriðarins, og má því vel skoða þetta frumv. sem eins konar dýrtíðarráðstöfun, að því er snertir þetta hjerað. Orðalagið vona jeg að ekki valdi misskilningi.

Ástæðulaust er að óttast það, að bátunum verði fjölga, því að hvalveiðarnar hafa eigi þótt bera sig svo vel. Sama er að segja um það, að þeir sæki veiði til Austfjarða. Bátar af Vestfjörðum fara fráleitt nokkru sinni lengra en til Siglufjarðar eða á móts við Grímsey.

Að hvalir hafi áhrif á síldveiðar, skal jeg ekki leggja út í að deila um við háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Jeg býst

við, að við sjeum báðir jafn fróðir um það, og jafnvel fiskifræðingarnir sjálfir geti ekki skorið úr því. Ef síld hrekkur undan hvölunum, þá er engu vísara að hún leiti út á haf, heldur en inn á firðina eða eitthvað annað út í buskann.

Fleira þarf jeg ekki að taka fram. Ef deildin óskar að setja nefnd í málið, þá mun jeg ekki setja mig á móti því, þótt jeg telji það óþarft.

ATKVGR.:

Tillaga um að vísa frumv. til sjávarútvegsnefndar samþ. með 13 : 7 atkv. og umr. frestað, en sjávarútvegsnefnd sátu þeir

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Guðmundur Eggerz,
Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. ágúst, var frumvarpið tekið til f r h. 2. u m r.

Forseti tók frumv. út af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var frumv. enn tekið til f r h. 2. u m r. (A. 192, n. 375 og 481).

Framsögum. meiri hl. (Matth. Ólafsson): Eins og sjest á nefndarálitinu, hefir nefndin ekki getað komið sjer saman. Meiri hluti nefndarinnar vill takmarka undanþáguna við tvo báta og 3 ár. Hann lítur svo á, að eina ástæðan til þess, að friða hvali, sje sú, að ef þeir sjeu friðaðir um nokkurra ára skeið, þá muni þeim fjölga, og að þá muni Íslendingar vera orðnir færir um að reka hvalveiðar sjálfir, og gætu þá setið að þeim hag, sem af þeim leiddi, en við getum ekki sjeð, að hætta sje á, að hvölunum fækki mikið, þótt þessi undanþágа verði leyfð.

Aftur má gjöra ráð fyrir, að þessum tveimur útkjálkahreppum, sem hjer eiga hlut að máli, verði mikill hagur í því, að halda hvalveiðamanninum nú, meðan harðast er í ári. Vitaskuld get jeg ekki neitað því með rökum, að hvalir reki inn síld á þrönga firði, en þá hlýtur það eins að koma fyrir, að hann reki síldina út.

Jeg sje, að háttv. minni hluti býst við því, að hvalveiðamennirnir á Hesteyri hafi grætt stórfje á útgjörðinni í ár, af því að þeir hefir veitt 40 hvali á 4 báta, og færir hann það til sem rök, að Grænlandshvalur leggi sig á 47,000 kr. Til þessa er því að svara, að Grænlandshvalur veiðist hjer örsjaldan. Allan þann tíma, sem Norðmenn ráku hvalveiðar hjer við land, munu að eins tveir Grænlandshvalir (sljettbakar) hafa veiðst hjer. Auk þess er Grænlandshvalur ekki verðmætari en aðrir hvalir að öðru en skíðunum, af því að þau eru lengri og beinni og verpa sig ekki eins og önnur skíði, en þau munu óseljanleg nú, eins og hver önnur munaðarvara, en olía fæst ekki af honum, frekar en öðrum hvölum. Grænlandshvalur er nú svo sjaldgæfur, að hann sjest varla.

Framsögum. minni hl. (Guðm. Eggerz): Þetta mál hefir komið svo oft til umræðu, að jeg þarf ekki að vera orðmargur. Ef þetta frumv. verður samþykt, þá má heita að hvalafriðunarlögin sjeu upphafin.

Eins og vita mátti, hafa friðunarlögin átt erfitt uppdráttar. Sjómannastjettin hefir staðið á bak við þau, en hvalveiðamennirnir auðvitað viljað óðir og æfir fella þau. Því var barið við 1913, að hvalveiðamennirnir mundu heimta skaðabætur fyrir atvinnumissi. Það

hefir ekki orðið neitt úr því, að þeir sæktu það mál fast, þótt einn þeirra hafi reyndar farið fram á skaðabætur, enda var þessi viðbára vitanlega út í loftið.

Nú er komið með nýja ástæðu, en hún er sú, að Jökulfirðingar geti ekki verið án hvalveiðamannanna nú í dýrtíðinni.

Útsvör, sem þessir menn hafa borgað á Hesteyri, hafa ekki numið meira en 800 til 900 kr. síðustu ár, og ekki veit jeg til, að þeir veiti Íslendingum atvinnu, að minsta kosti gjörðu þeir það ekki, hvalveiðamennirnir á Austurlandi. Þar unnu einungis Norðmenn að hvalveiðum. Jeg skil það vel, að þessir hreppar vilji fá að halda hvalveiðamönnum, því að þar veiðist t. d. engin síld í lása. Aftur hagar öðru vísi til á Austfjörðum, þar veiðist oft síld í lása, stundum mörg þúsund tunnur í einu.

Af þessum ástæðum er mönnum fyrir austan mjög sárt um þessa veiði. Það kemur oft fyrir, að hvalirnir styggja síldina upp úr dýpinu, eins og jeg hefi tekið fram í nefndarálitinu. Á Reyðarfirði hefir það átt sjer stað, að menn hafa beðið í 12 daga, án þess að verða varir við síld. En þá komu 2 hvalir inn á fjörðinn og á samri stundu fylltust allir lásar af síld. Það er því skiljanlegt, að Austfirðingum sje mjög ant um þessi lög. Jeg skil ekki, að það geti verið nokkur ástæða til að fara nú að upphefja lögin frá 1913, vegna þessara tveggja hreppa.

Jeg skal benda á, að hjá Norðmönnum hefir hvalafriðunarmálið verið tekið til rækilegrar athugunar. Árið 1880 var sett nefnd þar í landi til að rannsaka fiskveiðar yfir höfuð og samband hvalveiðanna við þær. Aðalumsjónarmaður fiskiveiða Norðmanna, dr. Hjort, var á bandi hvalveiðamanna, en þorði þó ekki að fullyrða, að ekkert samband væri á milli hvalveiða og fiskveiða. En hvað sem því líður, þá varð endirinn sá, að þar í landi voru samþykt friðunarlög árið 1904, og hvalurinn friðaður í 10 ár. 1914 voru lögin svo framlengd.

Mjer skilst, að það sje rjett, að taka eftir, hvað nágrannaþjóðir okkar gjöra í þessu efni, en nema ekki aftur úr gildi lög, sem nýlega eru samin, bara vegna hagsmuna tveggja hreppa, þegar hagsmunir alls landsins eru á hina hliðina. Mjer þykir vera gjört of mikið úr Jökulfjörðunum, ef við eigum nú vegna þessara tveggja hreppa að fara að upphefja lögin frá 1913. Jeg segi, að upphefja lögin, því í rauninni er það gjört, ef þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, verður samþykt. Nú er Hesteyrarfjelagið búið að veiða 40 hvali, það sem af er árinu, og gjöra má ráð fyrir, að það veiði annað eins, það sem eftir er ársins. Það verða því í árslok 80 hvalir. Ef veiðin gengur svipað næstu 3 árin, þá sjá allir, að það munar ekki svo lítið um þessa veiði, einkum þegar til þess er litið, að viðkoman er mjög lítil hjá hvölunum. Auk þess get jeg ekki skilið, hvernig þingið getur staðið sig við að neita öðrum mönnum, sem eiga hjer stöðvar, að reka hvalveiðar næstu 3 árin, ef það veitir þessu eina fjelagi undanþágu frá lögunum.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að þegar jeg talaði um þetta mál á þinginu 1913, þá var sagt, að það væri þýðingarlaust að vera að setja slík lög, því að það væri enginn hvalur til við strendur landsins. Ef það er rjett, sem mótstöðumennirnir hjeldu fram þá, skil jeg ekki, hvers vegna mönnum er svo ant um að samþykkja þessi lög nú.

Jeg vil ekki lengja umræðurnar meira, en vona, að frv. verði ekki látið ganga

lengra. Það á ekki betra skilið en að verða felt frá 3. umr.

Framsögum. meiri hl. (Matth. Ólafsson): Jeg hygg, að þegar hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) leitar sjer upplýsinga um, hvaða útsvar hvalveiðastöðin á Hesteyri borgar, þá geti hann tregðulaust fengið að vita það. Verksmiðjan hefir um mörg ár verið útsvarsskyld, og útsvar hennar munar hreppinn mjög miklu.

Jeg þykist hafa sýnt fram á, að tjónið gæti aldrei orðið mjög mikið af að leyfa hvalveiðar á tveimur bátum. Setjum svo, að þeir öfluðu helmingi meira en hingað til, eða 80 hvali á 4 báta. Það verða 20 hvalir á bát. Ef maður gjörir ráð fyrir, að aflinn yrði svipaður næstu 3 árin, yrðu það þá 40 hvalir á ári, sem drepnir yrðu. Þó að það sje rjett, að viðkoman hjá hvölunum sje ekki mikil, þar sem hver hvalur á ekki nema einn unga, þá er hitt engu síður víst, að þrátt fyrir mjög mikið hvaladráp síðustu áratugina, þá er hvalurinn þó langt frá því að vera útdauður enn. Hvalirnir eru ekki staðbundin dýr. Þeir koma úr ytstu höfum, að sögn fróðra manna, utan úr Behringssundi og frá Japan og yfir höfuð úr fjarlægum og nálægum höfum.

Háttv. framsögum. minni hlutans (G. E.) bygði mikið á dr. Hjort í þessu efni. Hann sagði að hvalirnir stygðu síldina upp úr dýpinu, þegar þeir kæmu inn á firðina. Sje það rjett, þá er alveg eins hætt við, að þeir styggi síldina út úr fjörðunum eins og inn í þá.

Hann sagði, að það væri engin síldveiði í Jökulfjörðunum. Það er rjett, að þar hafa ekki verið notaðar síldarnætur, en þar á móti hafa þær um langan aldur verið notaðar inni í Ísafjarðardjúpi, og aldrei veiðst meira þar af síld, heldur en einmitt meðan hvalveiðarnar stóðu sem hæst. Jeg er ekki að þakka það hvalveiðunum, en það er áreiðanlegt, að þær skemdu ekki síldveiðina. Mjer er kunnugt um, að í suma Vestfirði koma hvalir svo að segja aldrei. Jeg man að eins eftir komu tveggja reyðarhvala inn á Dýrafjörð alla mína tíð. Þrátt fyrir það var þar oft og tíðum mikil síldveiði, og af því marka jeg, að hún sje ekki á nokkurn hátt bundin við hvalina.

Þó að prófessor Sars hafi talið það varhugavert, að eyðileggja hvalina, vegna loðnuveiðinnar, þá er ekki þar með slegið föstu, að hvalirnir hafi áhrif á fiskigöngur. Um það getur enginn maður sagt neitt með öruggri vissu. Það er því ekki gjörandi fyrir okkur, að byggja á því, sem Norðmenn gjörðu í þessu efni, því að hjá þeim var mikil æsing meðal fiskimanna á þeim tímum, vegna þess, að þeir hjeldu, að hvalveiðarnar spiltu fiskigöngum. Það hefir líka verið æsing í þessu máli hjá okkur. Um eitt skeið var háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) eins heitur í þessu máli og háttv. 2. þingm. S.-Múl. (G. E.) er nú. En það var eðlilegt, að hann hyrfi frá þeirri skoðun, því að reynslan hefir kent honum, að sú skoðun var ekki rjett. Hann hafði áður farið að vilja kjósenda sinna, sem sjálfsagt hafa þá verið eins æstir í þessu máli eins og Austanmenn eru nú.

En það er annað, sem kann ske gæti verið dálitil mótbára. Það er einkarjetturinn til þessa eina fjelags. Það er ef til vill ástæða, en mjer finst hún þó vera næsta lítilfjörleg, þar sem þetta leyfi er bundið við 2 báta að eins í 3 ár. Jeg efast jafnvel um, að fjelagið vilji taka við því með þessum takmörkunum. En eins og bent hefir verið á, yrði það ómetanlegur skaði fyrir þessa tvo hreppa, ef hvalveiðarnar hættu á þessum slóðum, og hins vegar verð jeg að halda því fast fram, að þessir tveir

bátar myndu ekki hafa mikil áhrif til að fækka hvölunum. Jeg efast um, að þar sæi högg á vatni. Og ekki gæti það á nokkurn hátt orðið til að spilla fyrir Austfirðingum, því að þar gætu hvalirnir óáreittir komið inn í firðina, eins og þeir hafa gjört.

Jeg vona, að háttv. deild taki þessu máli eins vel nú og við 1. umr., og lofi því að ganga áfram. Það getur ekki orðið til skaða á nokkurn hátt, en jeg þykist vera búinn að sýna fram á, að einum landshluta, sem er illa staddur, geti það orðið til mikils hagræðis.

ATKVGR.:

Brtt. 375,1 samþ. með 16 samhljóða atkvæðum.

1. gr. svo breytt feld með 16 : 6 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Hannes Hafstein,	Björn Hallsson,
Magnús Kristjánss.,	Eggert Pálsson,
Matth. Ólafsson,	Björn Kristjánss.,
Sig. Gunnarsson,	Einar Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Guðm. Eggerz,
Skúli Thoroddsen.	Guðm. Hannesson,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Sigurður Eggerz,
	Stef. Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Einar Arnórsson, Hjörtur Snorrason og Sveinn Björnsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Bened. Sveinsson, Bjarni Jónsson og Pjetur Jónsson voru fjarverandi.

Frumvarpið þar með *fallið.*

13. Forðagæsluviðauki.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæslu,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 310).

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Eggert Pálsson: Þetta er stutt frumv. og víst fremur meinlaust. Samt sem áður get jeg ekki ráðið til þess, að láta það fara lengra en það er komið nú þegar. Deildin hefir, eins og kunnugt er, haft forðagæslumálið til meðferðar áður á þessu þingi, og árangurinn varð sá, að þessi háttv. deild hefir samþykt þingsályktunartillögu, um að leita álits sveitastjórna um þetta mál alt í heild sinni. Jeg lít svo á, að úr því, sem komið er, sje óviðeigandi að hrófla að nokkru leyti við forðagæslulögunum, fyrr en sveitastjórnirnar hafa látið uppi þetta álit sitt. Því finst mjer rjett, að láta málið sofna nú. Ef það verður ofan á, að forðagæslulögin fái að standa, og verði þá eitthvað breytt, virðist mjer sjálfsagt, að láta þau einnig ná til bæjanna.

Sumum kynni nú að finnast það vera ókurteisi af okkur, að fella frumvarpið, sem kemur frá háttv. efri deild, og gjöra það án þess að vísa því til annarar umr. En þá vil jeg minna á, að eftirleikurinn er jafnan óvandari og að háttv. efri deild lætur sjer einatt ekki mjög fyrir brjósti brenna, að stúta fljótlega frumvörpum, sem komið hafa frá þessari deild, og þarf í þeim efnum ekki langt til að rekja, eins og háttv. þingdeildarmönnum öllum er kunnugt.

Stefán Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að þessu máli

verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar að umr. lokinni.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umræðu með 11 : 7 atkv. og til landbúnaðarnefndarinnar með 11 shlj. atkvæðum, en í henni sátu þeir

Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 310, n. 536).

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Frumvarp þetta er komið frá Ed. Við umræður í nefnd, sem fjallaði um málið, sýndist mönnum það koma ótvírætt í ljós, að í sumum kaupstöðum væru birgðir fyrir skepnur af skornum skamti, því að kaupstaðarbúar byggjust við, að fá hey í nærsveitunum, ef á þyrfti að halda. Þetta gæti orðið hættulegt fyrir sveitirnar, og leggur nefndin því til, að frumvarpið, ef það verður samþykt, nái einnig til kaupstaða. Á þessum grundvelli er nefndin með því, að frumvarpið verði samþykt.

Frá nefndarinnar hálfu hefi jeg ekki, að svo stöddu, að skýra frá fleiru.

Eggert Pálsson: Jeg tók það fram, er frumv. lá hjer fyrst fyrir Nd., að það væri ekki sem best til þess fallið, að verð samþykt sem lög, á sama tíma sem verið er að skora á landsstjórnina, að leggja alt forðagæslumálið í heild sinni fyrir sveitarstjórnir til umsagnar og athugunar. Verði þeirri þingsályktun, sem hjer hefir verið samþykt, framfylgt, þá er ekki nema um þrent að gjöra, annaðhvort verða engin forðagæslulög, eða þau látin standa, eins og þau nú eru, eða í þriðja lagi, að vjer fáum algjörlega ný forðagæslulög. En þótt svo illa tækist til, að forðagæslulögin, sem nú eru, yrðu látin halda sjer, þá finst mjer lítt framkvæmanlegt, að fara að láta þau ná til kaupstaðanna. Enda hlýtur framkvæmd slíkra laga að verða æði erfið og kákkend í sjálfum kaupstöðunum. Nokkuð öðru máli er það að gegna með sveitirnar, því að í kaupstöðunum eru fáir, er hafa hey handa skepnum sínum.

Segjum t. d. að maður í kaupstað hafi 1 eða 2 hesta, þá þarf enginn að ætla, að hann muni ætla þeim eingöngu hey til fóðurs, því að menn í kaupstöðum byggja alt af upp á, og hljóta alt af að byggja upp á, korngjöf, eins mikið eða meira en heygjöf. En þar sem talsverða peninga þyrfti, til þess að kaupa það korn alt í einu á haustin, þá kaupa menn það smátt og smátt á veturna, eftir því sem þeir eyða því. Og þar sem þannig er æfinlega innan handar fyrir hvern einn, að ná í fóður fyrir sínar fáu skepnur eftir þörfum, þá er engin ástæða til að skylda þá til að hafa svo og svo miklar fóðurbirgðir fyrirliggjandi.

Af þessum ástæðum sje jeg ekki, að það sje framkvæmanlegt, að lögin nái til kaupstaðanna, því að forðagæslumennirnir, þó til væru, gætu ekki gjört þar gangskör að því, að láta menn farga skepnum sínum, þó að ekki væru nægileg hey fyrir hendi; það segir sig sjálft.

Með þessu væri að eins stofnað starf, er engum kæmi að liði, en hefði þó útgjöld í för með sjer fyrir hlutaðeigandi kaupstað.

En þar sem 7 manna nefnd hefir

fjallað um málið, og þeir eru allir með því, að ákvæði forðagæslulaganna skuli ná til kaupstaðanna, þá er sennilega ekki fyrir mig, að etja við svo mikið ofurefli, enda tel jeg líklegt, að þeim auðnist að fá deildina á sitt band. En jeg fæ þó eigi látið af minni skoðun, að þetta er algjörlega gagnslaust frumv. og eftir atvikum illa viðeigandi fyrir deildina að samþykkja það.

Framsm. (Guðm. Hannesson): Jeg vil að eins gefa örstutta skýringu út af því, sem háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) tók fram. Það kom til tals í nefndinni, og hún taldi það alveg sjálfsagt, að því væri þannig farið með það kornfóður, sem skepnum væri gefið í kaupstöðum, að það væri keypt smám saman. En nefndin leit engu síður þannig á, að heybirgðir gætu verið og væru oft alt of litlar, og þess væri oft minna gætt, af því að venjulega væri hægt að bæta úr því, með því að leita á náðir nærsveitanna.

Jón Magnússon: Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, en mjer skilst ekki, að það sje veruleg nauðsyn, að láta þessi lög ná til kaupstaða. Jeg veit ekki, hvers vegna slík lög ættu t. d. að ná til Reykjavíkur.

Jeg veit ekki hvernig þetta er annarstaðar, en hjer í Reykjavík er það svo, að heyið er að flytjast hingað fram eftir öllum vetri, ekki einungis það hey, sem keypt er jafnóðum, heldur og það hey, sem Reykvíkingar hafa aflað sjálfir í sveit sumarið áður. Svo eru stöðugir aðflutningar til kaupstaðanna — nema má ske Akureyrar, ef ís hamlar — frá útlöndum, og þaðan má alt af fá fóður. Til Seyðisfjarðar held jeg að ekki teppist aðflutningar, eða þá örsjaldan. Að minsta kosti var það aldrei neitt að ráði, er jeg var fyrir austan, og voru þó þá ísár.

Jeg hefi ekki sjeð neina ástæðu fyrir því, að þetta geti orðið að liði. Í Reykjavík getur þetta ekki átt við í nokkurn handamáta. En ef menn viðurkenna það, þá verður að taka hana undan.

ATKVGR.:

Frvgr. feld með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Arnósson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Kristjánss.,
Stefán Stefánsson,	Matth. Ólafsson,
Þór. Benediktsson.	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Þorleifur Jónsson.

Bened. Sveinsson og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Frumvarpið þar með *fallið*.

14. Rjúpnafriðun.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. ágúst, var útbýtt

Frmvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913. (A. 319).

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst var frumv. tekið til 1. umr.

Forseti gat þess, að þetta frv. væri of seint fram komið, og að samþykki deildarinnar þyrfti til, ef það ætti að

taka til meðferðar. Tók því næst til máls

Flutningsm. (Jóhann Fyjólfsson): Tilefnið til þess, að jeg hefi leyft mjer að bera fram þetta litla frumv., er það, að jeg álít, að það fyrirkomulag, að rjúpan sje alfriðuð 7. hvort ár, mjög svo óhagkæmilegt. Jeg hefi orðið var við, að mjög margir líta á þetta atriði sömu augum og jeg. Margir menn, bæði upp til sveita, og jafnvel í sjávarplássum hafa mikla atvinnu af því, að veiða rjúpur. Og þeir menn segjast þurfa að lifa 7. árið, engu síður en hin árin sex. Það er því mjög óþægilegt fyrir þessa menn, að vera á þennan hátt sviftir atvinnu sinni. Slík ráðstöfun er því mjög ónotaleg gagnvart þeim mönnum, og í alla staði óhyggileg. Þetta getur einnig haft illar afleiðingar fyrir rjúpnasöluna á útlendan markað, því viðskiftasambönd geta slitnað mjög óþægilega á þessu ári, sem enga rjúpu má veiða. Frumv. fer því fram á, að þessu heila friðunarári sje kipt í burtu. Með þeirri breytingu er þó ekki aukin ófriðun rjúpunar, því að friðunartími hennar er lengdur öll sex árin hin. Jeg vona að allir háttv. deildarmenn sjái, að þetta er heldur til bóta fyrir almenning. Sje jeg svo ekki ástæðu til að tala um þetta frekar, en treysti hinni háttv. deild til að skilja þessar ástæður.

Guðm. Eggerz: Fyrir skömmu var afgreitt hjer frá deildinni frumvarp til laga um friðun fugla. Það hefir nú verið felt í Ed. Jeg tel hæpið, að hægt sje, samkvæmt þingsköpunum, að koma koma fram með þetta frumv. nú, og því ekki ástæða til, að deildin leyfi því að koma til umræðu.

Bjarni Jónsson: Má ekki líta svo á, að það, sem í þessu frv. felst, hafi einnig verið í frumv. því, sem afgreitt var hjer frá deildinni á dögunum og felt var í Ed?

Forseti: Jeg verð að líta svo á, að aðalatriði þessa frumv., sem sje afnám rjúpnafriðunar sjöunda hvert ár, en lenging friðunartímans árlega yfirleitt, hafi ekki falist í frumv. því, sem felt var í Ed., og að samkvæmt þingsköpunum sje ekkert á móti því, að frv. þetta komi til umr., svo framarlega sem deildin leyfir það. Tel jeg rjett að nafnakall verði við haft um það, hvort háttv. deild leyfir frumv. að koma til meðferðar.

ATKVGR.:

Samþ. að taka málið fyrir með 13 : 10 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Einar Arnórsson,	Guðm. Eggerz,
Guðm. Hannesson,	Hjörtur Snorrason,
Hannes Hafstein,	Pjetur Jónsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Sigurður Eggerz,
Jón Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Magnússon,	Sig. Sigurðsson,
Magnús Kristjánss.,	Skúli Thoroddsen.
Matth. Ólafsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson.	

Tveir þingmenn fjarstaddir.

Björn Hallsson: Mjer þykir hlýða, að þetta mál verði athugað í nefnd. En þar sem þegar hafa verið skipaðar mjög margar nefndir í deildinni, er full ástæða til að vísa málinu til nefndar, sem til er, heldur en að skipa nýja. Vil jeg því gjöra það að uppástungu minni, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar, og gjöri jeg það meðfram með það fyrir

augum, að háttv. flutnm. (J. E.) á sæti í þeirri nefnd. Eins og við vitum, hefir það jafnan verið venja hjer í þinginu, að flutningsm. eigi sæti í þeim nefndum, sem athuga málin, sem þeir flytja.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætla ekki að þrátta um það, hvort löglegt sje, að taka frumv. þetta fyrir, enda er um það þarflaust að deila, því að forseti hefir ákveðið, að málið skuli tekið til meðferðar. En jeg tel það vel farið, að frumv. þetta er fram komið og vil mæla hið besta með því, að það nái fram að ganga.

Það er ekki af »drápgirni«, að jeg er hlyntur þessu frumv., heldur þykir mjer það koma illa við, að rjúpan skuli vera alfriðuð einmitt *þetta* ár, þegar kjöt er í afar háu verði og mikið er talað um kjöteklu í landinu. Algjörð friðun þetta ár er alsendis óþörf, því að nú er engin veruleg þurð á rjúpu í landinu, enda væri þá rjettara að alfriða rjúpuna heldur eitthvert af næstu árum, og þess mundu landsmenn fremur óska. Það er mjög undarlegt, ef menn vilja endilega halda því til streitu, að alfriða rjúpuna nú í fyrsta skifti frá því er landið bygðist, einmitt þegar skortur er á kjöti í landinu og verð á því hærra en dæmi eru til. Friðunartími rjúpunnar er svo langur, samkvæmt þessu frumv., að jeg get varla trúað öðru en það fljúgi gegn um deildina.

Einar Jónsson: Mjer kemur það einkennilega fyrir sjónir, að menn skuli ætla sjer að forða því, að hungursneyð verði hjer í landi, með því, að ófriða fugla, og að þeir láti sjer detta í hug, að fuglakjöt geti komið að nokkru verulegu liði, er um þetta er að ræða. Mjer virðist það vera svipað því, að mönnum væri sagt, að hafa lambaspörð til eldsneytis. En einkennilegast er það þó, þegar þingmenn eru að tala um, að ófriða hrafna og uglur í þessu skyni, fugla, sem engum er kunnugt um, að nokkur Íslendingur hafi á æfi sinni lagt sjer til munns.

Jeg vil, að rjúpunni fjölgi, og þess vegna vil jeg, að frumv. verði felt, því að jeg er vís þess, að rjúpnadrápið kemur okkur ekki að neinu liði, til þess að afstýra hungursneyð, enda vonandi, að hún standi ekki nærri dyrum og aumingja rjúpan megi hafa sitt friðarár — eitt ár af hverjum 7 — ofsóknarlaust. Jeg vona, að háttv. flutnm frumv. verði þetta ljóst, þegar honum er bent á það, og haldi því ekki til streitu.

Flutnm. (Jóhann Eyjólfsson): Jeg bjóst ekki við löngum umræðum um þetta mál. En fyrst menn hafa farið nokkrum orðum um frumv. þetta, og fundist athugavert að samþykkja það, þá verð jeg að athuga ögn nánar þau atriði. Háttv. 1. þingm. Rang. (E. J.) hjelt því fram, að með þessu frumv. væri jeg að leitast við að ófriða rjúpuna. En ef hann athugar þetta nánar, hlýtur hann að sjá, að hjer er ekki um slíkt að ræða, heldur eykst friðunartíminn um nokkurn tíma árlega, sem vegur fyllilega á móti því, þó að rjúpan yrði ófriðuð 7. hvert ár.

Það er skoðað þannig af sumum, að jeg komi fram með þetta frumv. af drápgirni, og af veiðiskaparlöngun; en jeg hefi bent á, að það eru fjölmargir menn, sem lifa allmikið á rjúpnaveiði. Það væri því ilt fyrir þá menn, að vera sviftir þessum bjargræðisvegi sjöunda hvert ár, og eins teptust verslunarviðskifti á þessari vöru þau árin við önnur lönd, og það getur verið mjög athugavert.

Af þessum ástæðum virðist mjer miklu heppilegra, að stytta þann tíma árlega,

er drepa má rjúpuna, en hafa hana þá ekki friðaða þetta áminsta ár. Mjer hefir heyrst það á háttv. deild, að frv. þetta ætti ekki að ganga fram, en ef háttv. deild athugar, að með þessu eru gjörðar umbætur á því fyrirkomulagi, sem nú er, þá ætti hún að samþykkja þetta litla frumv.

Annars get jeg ekki sjeð það, sem háttv. 1. þingm. Rang. (E. J.) þykist sjá, að rjúpan sje einskis virði. Rjúpan er góður matur, og svo fæst matur fyrir aurana, sem hún er seld fyrir, og hefir mörgum manninum orðið að góðu sá matur, sem fengist hefir fyrir þessa aura.

Einar Jónsson: Það er svo undarlegt með mig, að jeg er svo vinfastur, að mjer þykir vænna um sessunaut minn en aðra, sem fjær eru. En þrátt fyrir þetta vil jeg ekki fallast á fjarstæður hans.

Þar sem hann segir, að hann vilji friða rjúpuna, þá hefi jeg bent á, að svo er í raun og veru ekki. En að honum þurfi að vera þetta áhugamál sjálfs sín vegna, eða hafi komið fram með frumv. af drápgirni, dettur mjer ekki í hug að segja, því að hann hefir væntanlega nóg fyrir sig, annað en rjúpnakjöt; væri enda jafn kjötlaus fyrir því. Og þar sem háttv. þingm. Mýr. (J. E.) segir, að nógur matur sje í aurunum, er fyrir rjúpuna fást, þá má auðveldlega snúa út úr þeim orðum hans, því að jeg býst við, að hann hafi aldrei borðað tvíeyring.

En vildi nú einhvern tíma svo ólíklega til, að háttv. flutnm. frumv. (J. E.) yrði staddur í kirkju og heyrði til aumingja rjúpunnar, sem verst væri útleikin eftir byssu veiðimannsins, þá er jeg vís þess, að honum myndi verða ilt innanbrjósts, fá reglulegt samviskubit af því, að hafa barist fyrir að ófriða hana. En af því, að mjer er vel við háttv. flutnm. frumv. (J. E.), þá vil jeg ekki fara frekar út í þetta, en sje það á öllu, að hann muni ekki þekkja mikið til rjúpnaveiða, hefir víst aldrei verið skytta og er víst klaufi yfir höfuð.

Björn Hallsson: Þessar umræður eru orðnar einkennilegar, ekki síst á milli sessunautanna yfir í horninu.

Annars kemur mjer þetta frv. þannig fyrir sjónir, að það sje gott að flestu leyti. Það, sem jeg vil benda á, er, að rjúpurnar má nú skjóta frá 15. sept. til 1. febr., en samt með þeirri breytingu, sem á lögunum var gjörð 1913, að þá voru þær alfriðaðar 7. hvert ár, miðað við áramót. Jeg lít svo á, að þessi friðun á rjúpunni 7. hvert ár, komi að litlum notum, því að þar eð friðunin er bundin við áramót, þá er ekki hægt að segja, hvort rjúpan er skotin í desember eða janúar. Af því leiðir, að mjög auðvelt er að brjóta lögin, án þess nokkuð sje hægt við að gjöra. Jeg held menn hafi líka ekki fengist mikið um það síðasta vetur, þótt lögin væru brotin. En áður held jeg það hafi verið mjög lítið.

Þetta frumv. styttir tíma þann, sem rjúpur eru ófriðaðar þessi sex ár, en fellir á burtu 7. hvert ár, þannig, að þá megi drepa þær eins lengi og hin árin sex. Af því sem jeg hefi tekið fram, virðist mjer þetta alveg rjett stefna, og þess vegna mun jeg styðja þetta mál. Mjer finst jafnvel, að rjett væri að færa tímann lengra fram, færa hann fram í miðjan október, til þess ekki sje verið að drepa unga á meðan þeir eru í hópum. En samt gjöri jeg það ekki að kappsmáli og get jafnvel, til samkomulags, verið með því, að sett sje takmarkið 1. okt. til 1. febr. um ófriðunartíma.

Pjetur Jónsson: Þetta frumv. á

ekkert skylt við frumvarpið um fuglafriðun, er lá hjer fyrir í deildinni fyrir skemstu, því að frumv. það, sem hjer ræðir um, er ekki komið fram til þess, að ráða lítilsháttar bót á yfirvofandi matvælaskorti, heldur er hjer að eins að ræða um breyting á fuglafriðunarlögunum til frambúðar, að upphefja það ákvæði er gjört var 1913, að rjúpan skyldi vera alfriðuð 7. hvert ár.

Mjer virðist það, satt að segja, nokkuð fljótráðið, að upphefja þetta ákvæði úr lögunum, áður en fengin er reynsla um það, hvernig þetta ákvæði kunni að gefast. Jeg veit með vissu, að það eru margir ánægðir með þessi friðunarákvæði, eins og þau eru nú. Ætti því að bera þetta undir atkvæði manna yfirleitt í landinu, ef menn vilja bera fyrir sig þjóðarvilja um þetta.

Því er þannig háttað, að í mínu hjeraði, og jafnvel í Þingeyjarsýslu allri, er rjúpnaland mikið, og það er mjer að minsta kosti kunnugt um, að menn þar höfðu yfirleitt ekkert út á þetta að setja. Enda fæ jeg ekki sjeð, að það sje óhagkvæmara, að hafa veiðitímann eins langan og nú er í lögunum, og svo alfriðun 7. hvert ár, heldur en að stytta veiðitímann árlega, en taka aftur friðarárið og *þannig* hafa friðunartímann í heild sinni álíka langan. Þvert á móti er þetta fyrirkomulag óhagkvæmara fyrir marga.

Jeg þekki ekki til þess, að rjúpnaveiðar sjeu nokkursstaðar hjer á landi sjerstakur atvinnuvegur. En hitt er rjett, að þær eru hjálpar-atvinnuvegur fyrir þá, er rjúpnalöndin eiga. En þess verður líka að gæta, að frumv. þetta útilokar sum hjeruð frá rjúpnaverslun, ef það verður að lögum, og yrði þó enn verra, ef friðunartíminn væri færður til 15. október. Í sumum hjeruðum er ómögulegt að senda til útlanda þær rjúpur, sem veiðast um og eftir miðjan október, svo þau útilokast þá alveg frá rjúpnaversluninni. Sumstaðar hagar svo til, að rjúpan flýr úr þeim löndum, sem hún ækslast í, þegar líður á haust; flýr í fjöll og hraun. Þeir, sem mest tilkall eiga til rjúpunnar, missa hana því að mestu, þegar friðunartíminn nær langt á haust fram.

Flutningsm. (Jóhann Eyjólfsson): Það er ekki hægt að segja, að frumv. hafi verið tekið vingjarnlega í háttv. deild, og þarf jeg ekki að vera hissa á því. En á hinu er jeg hissa, að því skuli hafa verið tekið með eins miklum misskilningi og raun hefir á orðið. Á jeg þar aðallega við háttv. 1. þm. Rang. (E. J.), er jeg ætla þó ekki að svara að þessu sinni, því mjer virðist hann nú vera þannig á sig kominn, að það væri ekki viðeigandi eða gustuk að taka orð hans öll mikið til greina.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) taldi það verr farið, að breytt væri fuglafriðunarlögunum að því leyti, sem frumv. fer fram á. En jeg vil benda háttv. þm. S.-Þing. á það, að það hlýtur að vera til bóta, þó nokkrum mönnum verði ef til vill ekki gjört neitt til hags með þessu, ef allur þorri manna vinnur við það.

Sami háttv. þm. (P. J.) sagði, að rjúpnaveiðar væru ekki sjerstök atvinnugrein. Það er alveg rjett. Enda hefi jeg að eins sagt, að þær væru hjálpar-atvinnugrein, og erum við þá sammála um það atriði. En það veit jeg með vissu, að svo mikið kveður að þessari atvinnugrein, að það yrði tilfinnanlegur bagi fyrir þá, er hana hafa stundað, ef þeir yrðu sviftir henni. Jeg þekki marga bændur, er hafa haft styrk af rjúpnaveiðum og þurft að lifa af þessari

atvinnu 7. hvert árið, engu síður en hin sex.

Jeg hefi ekki mikið talað um þjóðarvilja í þessu sambandi. En jeg hugsa, að það fyrirkomulag, er frumv. fer fram á, sje hagkvæmara, og það sem til hags horfir, vilja menn yfirleitt að leitt sje í rjetta átt. Þar sem jeg hefi þessa sannfæringu, þá býst jeg við því, að mönnum muni það fremur kært, að frumv. verði samþykt.

Þó að þetta sje ekki dýrtíðarráðstöfun, þá myndi þó mörgum manninum, og það kaupstaðarbúum líka, þykja það hvimleitt, að mega ekki skjóta rjúpuna sjer til bjargar og gagns. Frumv. hefir því þann mikla kost, að um leið og það fer fram á að gjörðar verði lagabreytingar, felur það í sjer ekki svo lítilvægar dýrtíðarráðstafanir á komanda vetri.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Björn Kristjánss.,
Eggert Pálsson,	Guðm. Eggerz,
Bened. Sveinsson,	Hjörtur Snorrason,
Einar Arnórsson,	Pjetur Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Sigurður Eggerz,
Hannes Hafstein,	Sig. Gunnarsson,
Jóhann Eyólfsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Jón Magnússon,	Þór. Benediktsson.
Magnús Kristjánss.,	
Sveinn Björnsson.	

Matthías Ólafsson og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Þrír þingmenn voru fjarstaddir.

Frumv. vísað til landbúnaðarnefndar með 18 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Benedikt Sveinss.,	Sig. Sigurðsson,
Björn Kristjánsson,	Sveinn Björnsson.
Einar Arnórsson,	
Guðm. Hannesson,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyólfsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matthías Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þór. Benediktsson.	

Guðm. Eggerz greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 319, n. 455 og 459, 460).

Framsögum. meiri hl. (Guðm. Hannesson): Jeg hefi engu að bæta við það, sem stendur í nefndaráliti meiri hlutans. Þar er skýrt tekið fram, af hverjum ástæðum meiri hluti nefndarinnar ráði til þess, að fella frumvarp þetta.

Framsm. minni hl. (Jóhann Eyjólfsson): Nefndarálit minni hlutans tekur fram ástæður þær, er liggja til breytingartillögunnar á þingskj. 460. Okkur sýnist meiri hlutinn ekki hafa fært fram nægilegar ástæður til þess, að frumvarpið verði felt þess vegna. Minni hlutinn leggur áherslu á það, að ekki sje kipt í burtu því ákvæði, að rjúpan sje friðuð í jöfnu hlutfalli öll árin. Það er ilt fyrir þá fyrst og fremst, sem atvinnu hafa af rjúpnaveiðum, að mega

ekki skjóta rjúpuna í eitt ár af sjö, og lítill vafi á því, að verslunin spillist, ef útflutningur hættir heilt ár í einu. Útlendingar vilja alveg eins fá að eta rjúpuna það árið eins og hin, og taki fyrir útflutning hjeðan, þá leita þeir bara til annara landa. Sú ástæða, að rjúpan sje minna friðuð með því fyrirkomulagi, sem við viljum hafa, er ekki rjett. En minni hlutinn hefir og komið fram með breytingartillögu, þar sem friðunin er færð frá 10. til 1. október, því við höfðum heyrt, að mörgum, sjerstaklega Norðlendingum, þætti ilt að mega ekki byrja að skjóta fyrr en þann 10. Meiri hluti nefndarinnar álítur, að rjúpan verði skotin með miklu meira kappi, ef friðunartíminn væri lengdur, og það svo, að hætta gæti af því stafað. Jeg skil nú satt að segja ekki þessa röksemdafærslu, því eftir henni væri sennilega heppilegast að ófriða rjúpuna alt árið, vegna þess, að þá myndi enginn leggja kapp á að drepa hana. En jeg hygg, að rjúpan myndi verða skotin af jafnmikilli ákefð allan árs hringinn, og munu allir, sem til þekkja, sanna mitt mál í þessu efni.

Jeg get ómögulega sjeð, að betra væri að smella þessu eina ári til friðunar inn í á hverjum sjö árum, enda hefi jeg og enga góða ástæðu heyrt fram borna, er sanni það. Jeg hygg líka, að slíkt ákvæði sje ekki til í neinum friðunarlögum, þau munu hafa friðunina í jöfnu hlutfalli öll árin.

Það var aðallega þetta, sem jeg vildi leggja áherslu á; annars skal jeg ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Magnús Kristjánsson: Jeg skil ekki í öðru en að háttv. deild taki vel í þetta frumvarp. Jeg man ekki betur en að einmitt sama atriðið væri til umræðu í dýrtíðarmálinu sæla, og gekk þá hjer í gegnum deildina, enda var það ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, eins og nú er ástatt.

Þótt nú háttv. Ed. feldi hitt frumvarpið, þá sje jeg ekki, að þessi háttv. deild þurfi endilega að beygja sig þannig, að hún geti ekki samþykt þetta frumvarp, sem gengur í sömu átt. Þegar þess er gætt, að talsvert af mönnum á nú þröngt í búi, með fram vegna ófriðarins, þá skil jeg ekki að menn sjeu á móti því, að gjöra þessar ráðstafanir, og það því fremur, sem þetta er í fullu samræmi við það, sem þessi hv. deild hefir alveg nýlega samþykt. Mjer sýnist þess vegna, að háttv. deild taki vel í þetta mál; því þó að menn kunni að segja, að ekki sje mikil björg í þessu, þá veit jeg þó, að ef þetta mál nær fram að ganga, þá getur það orðið að talsverðu gagni fyrir ýms hjeruð, þar sem jeg þekki til. En jafnframt hefði þurft að banna útflutning, ef vel ætti að vera. Hvað frumvarpið að öðru leyti snertir, þá tel jeg það ekki til bóta, að láta friðunartímann ná svo langt fram á haustið, sem þar er til tekið, en úr því er bætt með breytingartillögu minni hlutans á þgskj. 460.

Jeg sje ekki ástæðu til þess, að fjölyrða frekar um þetta; hygg að mönnum sje það svo ljóst, og undarlegt þætti mjer, ef háttv. deild tæki nú upp á því, að vera þessu mótfallin.

Pjetur Jónsson: Jeg get ekki vel skilið rök háttv. þm. Ak. (M. K.) fyrir því, að háttv. deild væri í betra samræmi við sjálfa sig, ef hún samþykti þetta frumvarp en ef hún fellir það. Ef það er meiningin, að fitja upp á sama málinu aftur og hjer var á ferðinni fyrir skemstu, og sem jeg þá reyndar greiddi atkvæði með, þá kemur það algjörlega í bág við þingsköpin, að fara

að ræða mál, sem einu sinni er búið að fella af þinginu, þó aldrei nema það komi fram í örlítið breyttu formi. En ef það er ekki, þá er um hitt að ræða, að breyta til frambúðar friðunarlögunum, sem samþ. voru í hitt eð fyrra hjer á þinginu, og nema nú friðunarár rjúpunnar úr lögum. Samþykti hv. deild þetta, þá verð jeg að segja, að jeg skil ekki í samræmi hennar við sjálfa sig.

Jeg heyrði, að hv. framsögum minni hlutans (J. E.) ber því við, meðal annars, að þessi eins árs friðun myndi hafa í för með sjer eyðileggingu á markaðinum. Jeg hefi nú í 20—30 ár fengist við útflutning og sölu á rjúpum, og hefi flutt út 10,000—20,000 á ári, og mjer er alsendis ókunnugt um það, að þetta friðunarár myndi spilla fyrir markaði íslenskrar rjúpu.

Á heimsmarkaðinum er selt svo mikið af fugli, að þess gætir ekki ýkjamikið, sem kemur frá Íslandi. Jeg held þess vegna, að þetta sje bara viðbára hjá hv. frsm. minni hl. (J. E.). Áður en þessi ársfriðun kom til, komu einmitt fram raddir um það, að rjettast mundi að alfriða rjúpuna í 5 ár samfleytt, svo hún gæti náð sjer fyllilega aftur. Þetta var þá miðlunarvegur, sem farinn var, að lengja friðunartímann eftir megni á hverju ári og svo að friða rjúpuna alveg eitt árið af hverjum sjö. Að fara nú að rífa þetta niður, er því að kasta burtu með annari hendinni, því sem gjört er með hinni, og jeg álít slíkt gutl fram og aftur hreinustu vanvirðu fyrir Alþingi. Færi nú svo, að frumv. yrði samþykt, þá er þó brtt. á þgskj. 360 til bóta, en rjettast held jeg væri að láta friðunartímann halda sjer óhögguðum frá því, sem samþykt var í hitt eðfyrra og gjört að lögum þá.

Magnús Kristjánsson: Hafi það verið torskilið, sem jeg sagði áðan, þá er jeg hræddur um, að segja megi hið sama um ræðu hv. þm. S.-Þing. (P. J.), því ekki skildi jeg rökfærslu hans um það, að ógjörningur væri að breyta þessum lögum. Raunar eru ekki æfinlega hans vegir mínir vegir, svo það er ekkert undarlegt, þótt við sjeum ekki alveg á einu máli um þetta. Mjer finst hann stundum vera nokkuð kreddufastur og hafa tilhneigingu til að byggja jafnan á einhverjum gömlum reglum og grundvallarsetningum, sem hann sjálfur kann að hafa sett, endur fyrir löngu. En tímarnir breytast, og jeg gjöri ekki mikið úr því, að þau lög hljóti endilega að vera órjúfanleg, sem hann kann að hafa átt einhvern þátt í að setja.

Jeg skil ekki, hvaða hættu getur af því leitt, að gjöra þessa ráðstöfun, sem hjer er farið fram á. Hjer er í rauninni farið fram á hið sama, sem í hinu frumv., sem samþykt var hjer nýlega, en sem felt var í Ed. Og jeg sje ekki betur en að þetta megi skoða sem bráðabirgða ráðstöfun, alveg eins og það. Jeg skil ekki röksemdafærslu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), nema gengið sje út frá því, að þessu ákvæði megi aldrei breyta. En jeg hefi aldrei heyrt, að að fuglafriðunarlögin sjeu þannig úr garði gjörð, að þau sjeu óbreytanleg. Og ef þeim má breyta, þá má einnig breyta þessu ákvæði. Þetta hygg jeg að öllum sje ljóst.

Jeg verð að efast um, að það sje mikils virði að alfriða rjúpuna sjöunda hvert ár. Að minsta kosti hygg jeg, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og aðrir eigi erfitt með að sanna, að það hafi mikinn árangur. Eftir þessu frumv. er friðunartími rjúpunnar lengdur frá því, sem nú er, jafnframt því sem hún er ekkert árið alfriðuð, og það tel jeg í alla staði eðlilegra og rjettara. Eins og tekið er fram í nefndaráliti minni hlutans, getur það haft óþægileg áhrif á viðskiftasam-

bönd þeirra manna, sem versla með þessa vöru, að rjúpan er alfriðuð heilt ár í einu. Yfirleitt virðist mjer ýmislegt mæla með því, að breyta friðunarlögunum á þann hátt, sem hjer er farið fram á, en hins vegar sje jeg ekkert mæla á móti því. Rjúpunni stafar minni hætta af veiðiskapnum en þeirri hættu, sem henni stafar af harðindum. En jeg gjöri ekki ráð fyrir, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) nje aðrir sjái sjer fært að friða hana fyrir hungri og harðrjetti.

Jeg skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu. Jeg held því fast fram, að eftir atvikum sje frumvarp þetta í alla staði vel viðeigandi.

Frumv. var tekið út af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. ágúst, var frumv. aftur tekið til 2. umr., og aftur tekið út af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var frumv. enn tekið til 2. umr. (A. 319, n. 455 og 459, 460).

Framsm. minni hl. (Jóhann Eyjólfsson): Það er svo langt síðan þetta mál var seinast til umræðu, að jeg er hálfbúinn að gleyma því, sem þá var sagt um það.

Það er náttúrlega talsvert álitamál, hve lengi þurfi að friða þessa fuglategund. Það var ekki heldur það, sem við gjörðum að kappsmáli. Það, sem minni hlutinn lagði áherslu á, var fyrirkomulag friðunarinnar, að það gengi jafnt yfir öll árin, og þóttist jeg færa ljós rök fyrir því í nefndarálitinu, að þessi friðun sjöunda hvert ár væri ranglát og skaðleg, sjerstaklega fyrir þá menn, sem atvinnu hafa af rjúpnaveiðum, þegar lítið er annað að gjöra, og eins vegna verslunarviðskiftanna út á við.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) andæfði því, að þetta hefði nokkur áhrif á verslunarviðskiftin og vitnaði til 20 ára reynslu sinnar á rjúpnasölu. Jeg ætla ekki að gjöra lítið úr verslunarreynslu hans, en benda vil jeg honum á það, að á þessum 20 árum hefir það aldrei komið fyrir, að einu og einu verslunarári væri kipt út úr. Jeg tek gjarnan tillit til þess, sem hann segir, en ekki þó meira í þessu efni, heldur en til þess, sem aðrir verslunarfróðir menn segja. Jeg tek líka tillit til þess, hvað mjer sýnist sjálfum, og enn fremur verð jeg, og það ættu aðrir líka að gjöra, að taka tillit til þess, hvað þetta þýðir fyrir þá menn, sem stunda þessa atvinnu. Það, sem mjer virtist vera aðalástæðan hjá honum á móti því að breyta lögunum, var það, að lögin eru ný og lítt reynd. Því miður hefir sá hugsunarháttur oft komið fram, að það megi ekki laga lög, af því að þau sjeu ung. Það var alment álitið, þegar þessi smíðisgripur sást fyrst í hjeruðunum, að hann væri ekki fallegri en svo, að það þyrfti fljótlega að laga hann. Jeg heyrði það jafnvel talað, að þingið skyldi hafa skömm fyrir gjörðir sínar í þessu efni. Þó eitthvert smíði sje nýtt, þá þarf að laga það, ef það er illa gjört, og sannast að segja, eru mörg verk, jafnvel frá þinginu, þótt þau sjeu nýlega af hendi leyst, á því óþroskastigi, að þau þurfa endurbóta með. Jeg skal ekki deila um það, hvort friðunartíminn sje of langur. Það er að eins fyrirkomulagið, sem jeg get alls ekki felt mig við. Til samkomulags myndi jeg ganga inn á, að friðunartíminn sje annað hvort aukinn eða færður til.

Mjer heyrðist á háttv. þm. S.-Þing.

(P. J.), að það væri kann ske þörf á að friða rjúpuna enn lengri tíma, eða fleiri ár í einu. Jeg skil ekki, hvaða þörf getur verið á því, því að í þeim bygðarlögum, þar sem jeg þekki til, er ekki að sjá, að rjúpunni fækki, enda þótt töluvert sje drepið af henni árlega. Jeg man eftir því, að í harðindunum 1881—82 fækkaði rjúpunni mjög mikið. Þá fjell hún unnvörpum, en síðan hefir henni fjölgað aftur ár frá ári æ meira og meira. Það sjest best á verslunarskýrslunum, að verslunin hefir síðan alt af verið að aukast. Enda er áreiðanlega eins hægt um vík að veiða rjúpuna nú eins og áður. Mjer finst það vera gengið nokkuð nærri persónufrelsi þeirra manna, sem stunda þessa atvinnu, ef nú á að svifta þá henni ár og ár í bili. Það getur verið, að þeir, sem eiga við góð kjör að búa, skilji þetta ekki, en þeir, sem fyrir því óláni verða, að eiga við erfið kjör að búa og hafa unnið við það sjer til bjargar, að veiða rjúpur, skilja það þá því betur, hvað það er, að vera sviftir leyfi til að stunda atvinnu sína, eins og þeir hafa áður gjört.

Framsögum. meiri hl. (Guðm. Hannesson): Jeg býst við því, að sjeu fleiri en jeg, sem ekki eru svo fróðir í þessu máli sem skyldi. Aðalatriðið er, hvort hætta sje á að rjúpunni fækki eða ekki. Það mun hafa vakað fyrir þeim, sem fuglafriðunarlögin sömdu, að hætta væri á því. Sje svo, er lítill efi á því, að það myndi draga drýgra, ef rjúpan væri alfriðuð eitt ár við og við.

Hvað verslunina snertir við útlönd, er þess að gæta, að íslenskar rjúpur eru ekki nema örlítill hluti af öllum þeim sæg fugla, sem þar koma á markaðinn. Það er lítil hætta á því, að hún gangi ekki út á erlendum markaði. Hvað mig persónulega snertir, er jeg ekki svo fróður um þessa hluti, að jeg geti mikla áherslu á þetta lagt. En annars þykir mjer líklegt, að efri deild felli þetta framv., ef það kemst til hennar. Þar var nýlega felt annað frv. líks efnis, og jeg tel víst, að þetta yrði látið fara sömu leiðina. — En hvað sem þessu líður, þá er það víst, að meiri hluta nefndarinnar sýndist ekki rjett að samþykkja þetta frumv. hjer í deildinni.

ATKVGR.:

Brtt. 460 samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. svo breytt samþ. með 12 : 9 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Hjörtur Snorrason,
Einar Arnórsson,	Guðm. Hannesson,
Hannes Hafstein,	Matth. Ólafsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Pjetur Jónsson,
Jón Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Jón Magnússon,	Sig. Sigurðsson,
Magnús Kristjánss.,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson,	Stef. Stefánsson.
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Fjórir þingmenn voru fjarverandi.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 : 3 atkv.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 537).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frv. samþ. með 15 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Hannesson,
Bened. Sveinsson,	Hjörtur Snorrason,
Bjarni Jónsson,	Sig. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Sig. Sigurðsson,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen,
Jóhann Eyjólfsson,	Stefán Stefánsson.
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magnús Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Einar Jónsson, Guðmundur Eggerz og Pjetur Jónsson fjarverandi.

Frumv. afgreitt til Ed.

(A. 600).

---

15. Sóknargjöld utanþjóðkirkjumanna.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19. ág., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909 um sóknargjöld. (A. 437 [Frá lögtakslaganefndinni]).

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Benedikt Sveinsson): Nefnd sú, er sett var til þess, að athuga lögin um sóknargjöld, hefir leyft sjer að koma fram með þetta litla frumv., og það var samhuga ráð nefndarinnar, að bera fram þessa breyting á sóknargjöldunum. Nefndin leit svo á, að það væri of mikil íhlutun frá hálfu hins opinbera, að ákveða nokkuð um það, hvert lágmark skyldi á safnaðargjöldum. Hún áleit, að slíkt ætti að vera á valdi sjálfra safnaðanna, en engar skorður settar um það af löggjöfinni. Þetta getur heldur aldrei orkað miklum mismun. Lágmarkið er nú kr. 2,25, og sennilega er enginn söfnuður á landinu, er sjer sjer fært, að færa það lágmark niður til muna, eða afnema gjöldin í bráð. Og þótt sóknarmenn vildu færa það niður um eina krónu, þá ættu þeir að fá að vera sjálfráðir um það. Og hvað snertir þau trúarfjelög, er ekki standa undir vernd ríkisins, þá ættu þau að sjálfsögðu að fá að sigla sinn eigin sjó. Þetta mál er svo einfalt, að það þarf ekki skýringar við. Lög þessi hafa að líkindum verið sett til þess, að menn færu ekki úr þjóðkirkjunni, til þess að losna við gjöld sín. En mjer sýnist sem tæplega sje sæmandi fyrir hina evangelisku lútersku kirkju, að reyna til þess, að halda í menn þá, er ekki hafa meiri áhuga á málefnum hennar en svo, að þeir láta sig muna um hvort þeir eiga að borga krónunni meira eða minna, enda enginn ávinningur í slíku fyrir kirkjuna frá kristilegu sjónarmiði. Jeg vona, að háttv. þingmenn taki máli þessu vel og leyfi því að fara rakleiðis í gegn um deildina.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkvæðum.

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 437).

Framsm. (Benedikt Sveinsson): Jeg skýrði frá skoðun minni á þessu málefni við 1. umr. og hefi engu þar við að bæta. Sje jeg þess vegna ekki ástæðu til þess, að tefja neitt fyrir málinu, en vona að eins, að menn hafi ekki

breytt skoðunum sínum á því að það var samþ. hjer við 1. umr.

Ráðherra: Mig minnir, að frumv. um sama efni sje í nefnd í Ed. Finst mjer þess vegna, að þetta frumv. hjer mætti bíða, uns hitt kemur úr nefndinni, og vil því skjóta því til hæstv. forseta, að taka málið út af dagskrá.

Framsm. (Benedikt Sveinsson): Það er alveg rjett hjá hæstv. ráðherra, að þægilegast væri, að ræða bæði frumv. í einu. En þar sem óvíst er, hve nær frumv. kemur úr nefnd í Ed., þá getur vel sparast tími á því, að afgreiða málið hjeðan nú þegar og til Ed., svo að það komist þá *þar* í sömu nefndina sem hitt frumv.

Ráðherra: Jeg vildi að eins leyfa mjer, að gjöra þá athugasemd, að vel gæti farið svo, að málunum yrði lokið jafn snemma í deildunum, svo að frv. mættust á miðri leið og væri þá hálf óviðfeldið, að fá þannig tvo frumvarpsbúta um breyting á sömu lögunum.

Framsm. (Benedikt Sveinsson): Jeg hefi rjett í þessu fengið að vita, að hitt frumv. er vel geymt í nefnd í Ed., og engin hætta á, að það komi þaðan fyrst um sinn. Verð jeg því að halda því fram, að hagkvæmast sje, að senda þetta frumv. til efri deildar, ef sama nefndin á að fjalla um bæði frumv.

ATKVGR.:

Tillaga um, að taka málið út af dagskrá, feld með 12 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Einar Arnórsson,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,	Guðm. Hannesson,
Pjetur Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónsson,
Stef. Stefánsson,	Magnús Kristjánss.,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Sex þingmenn voru ekki viðstaddir.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkvæðum.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var frumv. tekið til 3. umr. (A. 437).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 534).

---

10. Fátækralagabreyting.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 273).

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Jón Magnússon: Jeg verð að játa, að jeg skil ekki vel, að svona frumv. skuli geta komið fram nú. Jeg get ekki betur sjeð en að það sje bein afturför, að fara nú að gjöra það að skilyrði fyrir sveitfesti, hvar menn hafi dvalið lengst. Það ætti öllum að vera skiljan-

legt, að það er svo fjarri því að bæta úr því, sem nú er, að það er stórum til hins verra. Líklega væri það æskilegast, að þurfandi mönnum væri veitt hjálp þar, sem þeir eru, þegar þeir verða þurfandi. Ef það á að skera úr, hvar dvölin hafi verið lengst, hygg jeg, að oft geti orðið talsvert örðugt að upplýsa þetta, og verði enn meiri vafningar á sveitfestismálum en nú er. Jeg er ekki á móti því, að sveitfestistíminn verði styttur, því að það var tillaga mín á sínum tíma, að hann yrði ákveðinn 1 til 2 ár. En jeg er ekki viss um, að það sje til bóta, að færa tímann úr 10 árum í 5. Jeg vil ekki stinga upp á því, að þetta frumv. verði felt nú þegar, þótt það sje öfugt í meginatriðunum. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á, að því verði vísað til 5 manna nefndar að umræðunni lokinni.

Jóhann Eyjólfsson: Jeg hefði helst óskað, að þetta frumv. yrði felt nú þegar. Þó er jeg ekki sjerstaklega mótfallinn nefnd, ef verða mætti, að hægt væri að laga það.

Jeg er á sama máli og háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.), að sú breyting, sem hjer er farið fram á, sje mikið til hins verra. En jeg hefi jafnan litið svo á, að því styttri sem sveitfestistíminn væri, því verra væri það. Hjer er farið fram á að stytta hann úr 10 árum niður í 5 ár. Það mun nú naumast skifta svo miklu máli fyrir sveitafjelögin, hvort hann er lengri eða skemmri, en það getur haft mikla þýðingu fyrir einstaklingana, því að það er vitanlega verra fyrir þá, því styttri sem sá tími er, sem menn skifta sjer ekki af þeim. Það er enginn vafi á því, að sveitastjórnirnar geta ekki að sjer gjört að fara að ýta af sjer fátækum mönnum þegar seinasta árið er komið, ef útlit er fyrir að þeir verði þurfandi. Með því móti gæti svo farið, að fátækir menn yrðu alveg friðlausir, og er því sjáanlegt, að fyrir þá eru 5 ár helmingi verri en 10 ár og 20 ár aftur helmingi betri.

Háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) sagði, að það væri best, að menn fengju hjálp þar, sem þeir væru staddir, þegar þeir yrðu þurfandi. Það gæti orðið til þess, að menn ættu erfitt með að fá inni, því að það myndi verða amast við, að fátækir menn flyttu inn í sveitirnar. Það er áreiðanlegt, að ef það fyrirkomulag yrði lögfest, þá yrði þeim öllum mönnum, sem hætta sýndist á, að yrðu ósjálfbjarga, ómögulegt að fá inni í annari sveit; þeir yrðu að vera alla sína æfi þar, sem þeir hafa einu sinni lent. Það er leiðinlegt til þess að vita, hvernig fátækir menn eru hraktir sveit úr sveit, og hafa einmitt oft og tíðum farið á sveitina af því, að þeir hafa ekki fengið að vera kyrrir, eða fengið að vera lausir við afskifti sveitastjórnanna.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 16 shlj. atkv. og í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Sigurðsson,
Jóhann Eyjólfsson,
Þorleifur Jónsson,
Sigurður Gunnarsson,
Hjörtur Snorrason.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 273, n. 576, 577, n. 578).

Frmsm. meiri hl. (Þorleifur Jónsson): Jeg hygg það óþarft, að

halda langa ræðu um þetta mál. Jeg vona, að nefndarálitið á þgskj. 576 skýri nokkurn veginn greinilega frá því, hvað fyrir meiri hluta nefndarinnar vakir. Háttv. Ed. hefir hallast að því, að stytta sveitfestistímann úr 10 árum í 5 ár. Meiri hlutinn álítur þessa breytingu á fátækralögunum til bóta. Öllum er það kunnugt, að fólk er mikið meira á reiki nú en áður — hefir styttri dvöl á sama stað. Þess vegna er það, að færri hlutinn vinnur sjer sveit nú, og endirinn verður sá, að menn lenda á fæðingarhreppi sínum. Meiri hlutinn lítur svo á, að ekki sje lengur ástæða til að hanga í þessu 10 ára tímabili, sem lögboðið var fyrir 80 árum, þar sem hagur þjóðarinnar hefir breytst svo mikið síðan. Það var öðru máli að gegna þá; menn fluttust þá ekki eins mikið milli sveita og nú. Í öðrum löndum eru ekki heldur dæmi til þess, að tíminn sje svo langur, eins og nú á sjer stað. Í Danmörku vinna menn sjer sveit á 5 árum og annarstaðar á styttri tíma. Ef þetta tímabil verður stytt um 5 ár, býst meiri hlutinn við, að talsvert af fólki staðnæmist svo lengi, að það geti unnið sjer sveit. Persónulega hallast jeg að því, að tíminn sje styttur enn þá meir. Því að þótt þetta, að mínu áliti, sje bót, að stytta sveitfestistímann um helming, þá hefði hitt verið enn meiri bót, að færa tímann niður í tvö ár. En jeg vildi ekki verða til þess, að kljúfa nefndina og sætti mig við 5 ára tímann eftir atvikum, eins og háttv. Ed. hefir lagt til. Það er líklegt, að fleiri verði til að vinna sjer sveit með 5 ára dvöl en 10, því að jeg er ekki viss um, að hreppsnefndir eigi eins hægt með að bola fátæklingum burt á 4. árinu eins og á 9. árinu, og hægara er að fá byggingarráð á koti í 5 ár en í 10 ár. Það er einnig sjaldan svo auðsær þungi af mönnum eftir 4 ára dvöl eins og eftir 9 ára dvöl, og ætti því þetta ákvæði að verða til þess, að hreppsnefndir beittu sjer síður gagnvart þeim, sem þær beita sjer nú gegn, eftir 9 ára dvöl. Með þessu ákvæði verður fæðingarhreppurinn ekki eins hart úti, en það verð jeg að telja óeðlilegt, að fæðingarhreppurinn verði aðalframfærsluhreppurinn. Með því móti færi svo, að á hreppum, sem mikið útstreymi er úr, lentu byrðar af mönnum, og væru þeir hreppar þó venjulega verr settir með að þola byrðarnar, af því að þeir hafa mist fólkið frá sjer.

Þar á móti hefir nefndin ekki fallist á það ákvæði Ed., að menn skyldu eiga þar sveit, sem þeir hefðu dvalið lengst. Það ákvæði telur nefndin óheppilegt og óviðeigandi. Í fyrsta lagi af því, að ekki er þar með dregið úr hrakningi fátæklinganna. Í annan stað, ef miða á sveitfestina við það gagn, sem menn hafa unnið í sveitarfjelögunum, þá næst það ekki með þessu ákvæði. Ef þessari reglu væri fylgt út í ytstu æsar, þá ætti að skifta byrðinni á sveitarfjelögin eftir því, hve maðurinn hefir dvalið lengi í hverjum stað. Yfir höfuð álítur nefndin, að ákvæði þetta leiði til mikilla vafninga, og erfitt verði að finna, hvar maðurinn hefir dvalið lengst. Svo hún er mótfallin þessum ákvæðum frv.

Jeg játa það, að þetta sveitfestismál er hið mesta vandamál. Það væri ef vill fegurst, að alt landið væri eitt framfærslufjelag, og að allir hreppar gyldu í einn sjóð; með því fyrirkomulagi væri girt fyrir hrakninga á fátæklingum; þeir fengju að vera þar, sem þeir vildu, svo að segja. En á móti því fyrirkomulagi mælir það, að alt, sem landið kostar, reynist dýrara en það, sem einstakir menn eða fjelög eiga að kosta. Þá er ekki eins eytt í ógegnd, eins og þegar heimta á gjaldið af landssjóði, svo sem allir vita. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara langt út í málið.

Minni hlutinn er algjörlega andvígur skoðun meiri hluta nefndarinnar. Minni hlutinn vill, að sveitfestistíminn sje sem lengstur; en það yrði til þess, að fæst fólk gæti unnið sjer sveit, heldur mundi lenda á fæðingarhreppnum, enda álítur minni hlutinn, að það eigi að skapa framfærsluskylduna. Það, sem ber á milli, er því það, hvort færa eigi sveitfestistímann niður úr 10 árum, eins og nú er hann, eða eigi.

Skal jeg svo eigi fjölyrða meira um málið, en legg á vald háttv. deildar, hvernig hún lítur á það.

Framsm. minni hl. (Jóhann Eyjólfsson): Jeg get nú sagt eins og háttv. framsm. meiri hlutans (Þ. J.), að jeg hefi skrifað svo ítarlagt nefndarálit, að það getur talað fyrir mig. Vona jeg, að háttv. þingdeildarmenn hafi lesið það. Þar þykist jeg greinilega hafa hafa sýnt fram á, hvernig fyrirkomulag mjer þykir best að hafa.

Mjer dylst það ekki, að það getur ekki verið til bóta, að stytta sveitfestistímann, sem nú hefir lengi haldist svo, sem er hjer á landi. Maður getur þó sagt, að það sje dálítið vit í frumvarpinu, eins og það kemur frá Ed., því þar er þó ætlast til, að árafjöldinn skapi sveitfestistíma, en ef þetta fyrirkomulag á að binda við vinnuna, þá er auðvitað rjett, að það sje bundið við sem lengsta vinnu, því þá kemur sú hugsun greinilega fram, að það er eins og sveitarfjelagið standi í skuld við manninn. En þetta fyrirkomulag mundi verða mjög erfitt að framkvæma, eins og sýnt er fram á í áliti meiri hlutans, sem er rjett að þessu leyti. En þá yrði framfærsluhreppurinn að vera þar, sem maðurinn hefir unnið lengst. Jeg legg nú ekki mikla áherslu á, á hvern hátt málinu yrði fyrir komið, eins og sjá má í nefndaráliti minu, ef það næst að eins, að sveitfestin komi sem best niður á þurfamönnum eða fátækum mönnum, og jeg þóttist rökstyðja það nokkuð, að ekki mundi það koma þyngra niður á einstökum sveitum, hvor aðferðin sem höfð væri.

Meiri hlutinn lýsir afleiðingum þess fyrirkomulags, sem nú er, og er auðsjeð, að það skilja þeir og þekkja. En þeir átta sig ekki eins vel á því, hverjar afleiðingarnar verða, ef sveitfestistíminn yrði styttur. Þeir ættu að sjá það, að afleiðingarnar verða alveg þær sömu, sem nú, nema hvað tímabilið, sem þurfamennirnir fá að vera í friði, yrði þá 3—4 ár, í stað 8—9 ára nú. Ef spurningin er um það, að verjast þyngslum, þá má geta nærri, að þess verður eins vel gætt, þótt tíminn verði styttur, eins og nú. Í báðum tilfellunum geta menn unnið sjer sveit, en eftir frumv. er tíminn að eins færður niður, og sje jeg ekki, að nokkuð sje með því unnið.

Viðvíkjandi minni stefnu, þá þarf jeg ekki að fara mörgum orðum um hana, því að henni er ekki haldið fram, nema sem mögulegri; en ef farið væri að breyta til, þá ætti hana að taka til greina. Margir manu álíta, að rjett sje, að menn yfir 60 ára aldur fái landssjóðsstyrk, en ekki sveitarstyrk. Ef farið væri að breyta til um þetta gamla fyrirkomulag, þá ætti það víst að vera á annan hátt en hjer kemur fram.

Að öðru leyti skírskota jeg til nefndarálitsins, og vona að það dugi til að sýna mönnum, hvað þeir eiga að gjöra.

ATKVGR.:

Brtt. 577 feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Eggerz,	Einar Arnórsson,
Guðm. Hannesson,	Hannes Hafstein,
Sigurður Eggerz,	Jóhann Eyjólfsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Kristjánss.,
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson,
	Sveinn Björnsson,
	Þór. Bendiktsson.

Hjörtur Snorrason, Matth. Ólafsson og Pjetur Jónsson greiddu ekki atkv., og voru taldir til meiri hlutans.

1. gr. frumv. feld með 14 : 2 atkv.

Frumv. þar með

fallið.

17. Kvennakjörgengi í hjeruðum.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 28. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 49, 30. júlí 1909, um breytingu á lögum, er snerta kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 638).

Jón Magnússon: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að þessu verði vísað til nefndar þeirrar, er fjallar um sveitastjórnar- og fátækramál, þegar þessari umræðu er lokið. *(Margir:* Það er óþarfi).

ATKVGR.:

Felt að vísa frumv. til 2. umr. með 12 : 5 atkv.

Frv. þar með

fallið.

18. Útflutningsgjald á kjöti o. fl.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um útflutningsgjald á kjöti, ull o. fl. og um hækkun á útflutningsgjaldi á fiski o. fl. (A. 631). [Frá meiri hluta Velferðarnefndarinnar, þ. e. Sk. Th., S. B. og J. M.].

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flutnm. (Sveinn Björnsson): Fyrstu daga þingsins vakti jeg eftirtekt háttv. deildar á því, að hjer væri dýrtíð í landinu, vegna afleiðinga Norðurálfuófriðarins. Jeg skyldi menn svo, sem þeir vildu kannast við, að þetta væri rjett. Því orðalaust var samþykt hjer í deildinni tillaga um að skipa nefnd, til að koma fram með tillögur um það, á hvern hátt spornað skyldi við þeim afleiðingum. Í þeirri nefnd kom til orða að leggja ófriðarskatt á gróða þann, er einstakir menn hafa haft af ófriðnum. En það hafði þá ekki fylgi í nefndinni. Og tillaga nefndarinnar um að *heimila* stjórninni ráðstafanir, sem trygt *gætu* að menn fengju kjöt og fisk við sæmilegu verði, fjekk svo lítinn byr hjer í þinginu, að mig stór-furðaði á. En við því verður ekkert gjört.

Eftir það áleit jeg þýðingarlítið, að einhver einn þingmaður bæri fram frv.

um þetta efni. Gjörði ráð fyrir, að kosin yrði Velferðarnefnd, eins og nú er orðið, og hún mundi láta sig málið skifta, eins og frumv. þetta og ber með sjer.

Síðan hafa verið afgreidd lög, sem heimila stjórninni að verja um 1 miljón króna til kaupa á nauðsynjavöru í samráðum við Velferðarnefnd þá, er jeg mintist á.

Sú nefnd var kosin fyrir $1^1/_2$ viku síðan, og hefir þegar gjört ráðstafanir til að tryggja landinu birgðir af kornvörum, kolum og steinolíu.

En jafnframt tók nefndin til íhugunar dýrtíðarmálið. Hefir það verið rætt á mörgum fundum í nefndinni í síðastliðinni viku. Hafa skoðanir í nefndinni verið nokkuð skiftar. Þó held jeg, að jeg megi fullyrða, að allir hafi verið á því máli, 1) *að* dýrtíð væri í landinu, og 2) *að* leggja bæri á hinn óvenjumikla gróða einstakra manna á íslenskum afurðum einhvern skatt til tekjuauka landssjóði, vegna ráðstafana þeirra, sem gjöra þarf út af hinu óvenjulega ástandi.

Það fyrsta, sem háttv. deildarmenn nú þurfa að gjöra sjer ljóst, er þetta:

1. Er það rjett, að veruleg dýrtíð sje í landinu?

2. Hver brögð eru að þessari dýrtíð?

3. Hafa þá ekki jafnframt hækkað tekjur manna að sama skapi?

Þessum spurningum skal jeg nú leitast við að svara.

Hagstofan hefir aflað sjer skýrslu um útsöluverð á ýmsum nauðsynjavörum hjer í bænum síðan í júlí í fyrra. Hefir hún safnað skýrslum þessum á hverjum þriggja mánaða fresti. Hefi jeg fengið þaðan yfirlit um vöruhækkun hjer í bænum, frá því í júlí 1914, til þessa tíma. Þess skal þó getið, að enn vantaði skýrslur frá nokkrum kaupmönnum um vöruverðið nú. Skýrslur þessar eru að vísu að eins um vöruverð í Reykjavík; til annarra skýrsla hefir eigi náðst. En í þeim felast þó talsverðar upplýsingar. Eftir þessum skýrslum skal jeg nú nefna verðhækkun á nokkrum nauðsynjavörum:

		1914	*1915*	*Verðh.*	
		au.	au.	au.	%
Rúgmjöl	pr. kg.	19	33	14	73
Flórmjöl	— —	31	45	14	45
Hveiti	— —	28	41	13	46
Bankab.mjöl	— —	29	45	16	55
Hrísgrjón	— —	31	38	7	23
Hafragrjón	— —	32	46	14	43
Baunir hálfar	— —	33	67	34	103
Kartöflur	— —	12	16	4	33
Kandís	— —	55	88	33	60
Hvítas. meðalt.	— —	52	65	13	23
Púðursykur	— —	49	58	9	18
Kaffi óbrent	— —	1,65	1,69	4	$2^1/_2$
Kaffibætir	— —	96	1,01	4	4
Smjörlíki	— —	1,07	1,23	16	15
Palmin	— —	1,25	1,66	41	30
Nýr fiskur	— —	14	16	2	14
Saltfiskur	— —	40	45	5	$12^1/_2$
Trosfiskur	— —	13	20	7	53
Steinolía	— —	18	20	2	11
Kol (ofnkol)	pr. skpd.	4,60	8,20	3,60	78

Meðaltal 37%.

Samkvæmt þessu hafa vörur þessar hækkað að meðaltali um nær 40 af hundraði. Auk þess má gjöra ráð fyrir, að sauðakjöt hækki í verði um 50—60 af hundraði. Enn fremur hafa hækkað mjög í verði ýmsar aðrar nauðsynjar, svo sem skófatnaður, vefnaðarvörur o. fl.

Með þessu er þá svarað 2 fyrstu spurningunum. Hjer í landinu *er* dýrtíð. Vörur hafa hækkað á síðastliðnu ári *um* 40% eða meira.

Um 3. spurninguna er þetta að segja: Tekjur þeirra, sem sjálfir framleiða eða kosta framleiðslu, hafa aukist mjög mikið, hjá allflestum mun meira en nem-

ur verðhækkun á erlendum nauðsynjum, sem þeir þurfa að nota. Tekjur óbreyttra verkamanna hafa aukist lítils háttar, en ekki nærri svo, að nemi verðhækkun á þeim erlendum nauðsynjum, er þeir þurfa. T. d. hafa verkamenn hjer í Reykjavík fengið kaup sitt hækkað úr 35 aurum upp í 40 aura, að deginum til, eða um rúma 14 af hundraði. *Flestir* handiðnamenn munu *ekki* hafa fengið kaup sitt hækkað; þó eru hjer undantekningar; en sú hækkun mun nema lítilræði einu. Þeir kaupstaðabúar, sem stunda sumarvinnu í sveit, munu hafa fengið nokkuð hærra kaup en í fyrra, að minsta kosti hjer sunnan lands, en vinnuna hafa þeir *styttri* tíma en venja hefir verið. Bændur t. d. nú þegar farnir að senda frá sjer kaupafólk. — Loks eru þeir starfsmenn þess opinbera, sem föst laun hafa. Þeir hafa enn enga launahækkun fengið, til að standa á móti dýrtíðinni.

Þannig er þá ástandið í landinu.

Allar nauðsynjar hafa hækkað í verði um 40% eða meira, síðan stríðið hófst. En tekjur fjölda manna, sjerstaklega verkamanna, handiðnaðarmanna og fastlaunaðra starfsmanna, hafa annaðhvort *ekkert* hækkað, eða þá svo lítið, að mjög skamt hrekkur, til að standa straum af auknum útgjöldum vegna dýrtíðarinnar.

Ef nú er ekkert gjört af hálfu löggjafarvaldsins, hljóta afleiðingarnar að verða þær, að þeir, sem ekki hafa haft meiri tekjur en svo, að þeir hafa rjett að eins fleytt sjer fram, án nokkurs óhófs, munaðar eða eyðslu til annars en hins allra nauðsynlegasta, verða annaðhvort að svelta eða fara á sveitina. Og þegar á það er litið, hve stór hópur manna á hjer í hlut, þá getur engum dulist, að hjer er um að ræða, hvort hægt sje að afstýra **þjóðarógæfu**.

Til framkvæmda í þessu efni þarf *peninga*, peninga í landssjóð umfram venjulegar tekjur. Auðvitað hljóta þó að verða takmörk sett við því, hve miklu fje er hægt að verja til dýrtíðarhjálpar.

Hið fyrsta, sem varð að snúa sjer að, var þá þetta, að benda á leið til að útvega landssjóði auknar tekjur. Að því stefnir frumvarpið, sem hjer liggur fyrir. Jeg skal geta þess, að ráðherra og allir nefndarmenn í Velferðarnefndinni voru á einu máli um það, að teknanna bæri að afla með útflutningsgjaldi. En skoðanir skiftust um það, hvort leggja ætti gjaldið á vörurnar eftir þyngd eða verðmæti. Meðflutningsmaður minn, háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), hallast að síðarnefndu leiðinni. Enn fremur skal þess getið, að nefndarmenn vilja eigi telja sig bundna við gjaldhæðina á hverri vörutegund, eins og hún er tiltekin í frumvarpinu.

Til skýringar á 2. gr. frumv. skal þess getið, að útflutningsgjaldið fimmfaldað mundi nema því, sem hjer segir:

Á þurkuðum saltfiski	kr. 1,60	á skpd.
- blautum saltf.	kr. 1,10—1,65	- —
- sundmaga	kr. 1,50	- 50 kg.
- hrognum	— 0,75	- tn.

Ef miðað er við það, hve mikið var flutt út árið 1912, þá mundi þetta gjald og gjaldhækkun, sem frumv. fer fram á, gefa landssjóði þessar tekjur hjer um bil á ári:

Fiskur	200 þús. kr.	}	Sjávarútvegur 450 þús. kr.
Lýsi	190 — —		
Síld	60 — —		
Saltkjöt	190 — —	}	Landbúnaður 439 þús. kr.
Ull	185 — —		
Gærur	25 — —		
Hross	22 — —		
Sauðkindur	17 — —		

Tekjurnar yrðu af þessu gjaldi alls *889 þús. krónur.*

Með þessu móti skiftist gjaldið nokkuð jafnt á landbúnaðinn og sjávarútveginn. Jeg tel líklegt, að ýmsum muni þó þykja gjaldið koma of þungt

á landbúnaðinn. Jeg hefi persónulega enga löngun til að íþyngja lanbdúnaðinum á neinn hátt. Mjer eru fyllilega ljós sannindin í máltækinu: »Bóndi er bústólpi og bú er landstólpi«. En hins vegar vildi jeg gjarna sýna einu sinni með tölum, hvernig kæmi niður *jafnt* gjald á sjávarútveg og sveitabúskap. Hingað til hefir sjávarútvegurinn þó borið meiri hluta gjalda í landssjóð, og *ekkert* útflutningsgjald verið á sveitaafurðum. Eins og kunnugt er, lifir $^1/_3$ landsbúa á sjávarútveg en $^2/_3$ á landbúnaði.

Þessa upphæð tel jeg kleift að útvega landssjóði, sem aukatekjur til ráðstafana út af hinu óvenjulega ástandi.

Nú segja menn auðvitað, að þetta komi of seint fram; mikið af vörum þessa árs sje þegar útflutt, og verði, þegar lögin gangi í gildi.

Jeg skal fúslega játa það, að frumv. kemur of seint fram. Það hefði átt að koma í þingbyrjun. En ástæðurnar eru þær þar til, að háttv. þm. mun eigi hafa verið ljóst talsvert fram eftir þingi, að hjer væri þörf neinna ráðstafana, og auk þess mun fleirum hafa farið sem mjer, að annirnar hafa verið svo miklar daglega, að tími hefir verið af skornum skamti til að hugsa um þetta mál. *En það þurfti og þarf að vissu leyti enn nákvæmilega umhugsun.*

Það er og rjett, að talsvert af afurðum, aðallega ull, fiski, lýsi og síld er þegar flutt út, og því komið undan gjaldinu. En við þessu er ekki gott að gjöra; en jeg hygg, að svo muni fara, að *þótt* það verð, sem nú er á þessum afurðum, haldist eigi fram á næsta sumar — en jeg tel allar líkur fyrir því — þá mundi gjald þetta þó lenda á þeim, sem grætt hafa á þeim afurðum, sem tollaðar eru, og því koma rjett niður, þótt það komi eftir á, þ. e. næsta ár. Það mundi verka líkt og tekjuskattur, sem er, eins og kunnugt er, lagður á tekjur þær, er gjaldendur hafa haft 1—2 árum áður en skattinn á að greiða. Og til þess að sporna við, að menn *nú* flýti sjer að flytja út vörurnar, til að komast hjá gjaldinu, er það ráð, að *flýta frv. gegn um þingið með afbrigðum frá þingsköpunum og fá það staðfest símleiðis.* Þá mun þó nást útflutningsgjald af allmiklum hluta þessa árs útflutnings.

Það skal tekið fram, að það er hugsun nefndarinnar, að nota eigi allar tekjurnar, sem af gjaldi þessu fást til dýrtíðarhjálpar í einhverju formi, heldur gjörir hún ráð fyrir talsverðum afgangi sem sje varasjóður landssjóðs, ef reglulegar tekjur hrökkva eigi fyrir gjöldum, eða ef fyrir koma einhver ófyrirsjáanleg útgjöld, sem ávalt má gjöra ráð fyrir að orðið geti á þessum tímum.

Jeg skal eigi fara út í það nú, hvort alment sje heppilegt, að auka tekjur landssjóðs með útflutningsgjaldi. Það tel jeg ekki. En hjer er að eins um **bráðabirgðaráðstöfun** að ræða, ráðstöfun, sem að eins á að gilda meðan hið *óvenjulega* (abnorma) ástand, sem nú er, helst.

Það hafa orðið nokkuð skiftar skoðanir í nefndinni og utan þings um það, á hvern hátt hjálpað skuli við afleiðingum dýrtíðarinnar.

Þrjár stefnur hafa aðallega komið fram.

Ein er sú, sem fram kemur í frumv. þeim, sem háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) hefir borið fram í háttv. Ed. Hann vill lækka kaffi og sykurtoll og ljetta af vörutolli á kornvörum. Jeg get ekki fyrir mitt leyti fallist á þessa leið. Fyrst er það, að mjer finst það eigi vera hjálp, sem nógu mikið munar um.

Þótt afnuminn væri allur kaffitollur, allur sykurtollur og allur korntollur, væru það ekki nema 20—25 krónur á hvert 5 manna heimili í landinu. Allur

korntollur á landinu nemur að eins 20 þús. kr. En frumv. háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) fer miklu skemra en þetta; lækkun hans nemur um 15 kr. á 5 manna heimili. Auk þess er hætt við, að þessi afljettir lenti meira í vasa kaupmannanna en í vasa einstaklingsins. Og undir öllum kringumstæðum mundi það ekki koma að gagni nú á þessum vetri. Því víða um land hafa menn þegar fengið vetrarbirgðir sínar af þessum vörum, eða fá um þessar mundir, og hafa því greitt tollinn, þegar þessi lög ganga í gildi.

Þá er sú leið, að landssjóður kaupi birgðir af nauðsynjavöru handa landsmönnum, og selji þeim svo við lágu verði. Við þetta er það að athuga, að til slíkra birgðakaupa þyrfti, ef nokkurt gagn ætti að verða af, meira fje en landssjóður gæti haft handbært. Fyrirskipanir og útbúnað þyrfti, sem mjög erfitt væri að koma í verk. Auk þess mundi slík ráðstöfun trufla mjög alla verslun í landinu, koma hart við kaupmenn og kaupfjelög, sem hafa birgt sig að vörum, og ekki átt sjer neins ills von, að verða svo ef til vill að liggja með birgðir sínar vaxtalaust og undir skemdum. Af þessu gæti leitt tjón, sem næmi meiru en vöruverðmuninum hjá landssjóðsversluninni.

Loks hefi jeg bent á leið þá, er kemur fram í frumv. því, sem kemur til umr. næst á dagskránni (dýrtíðarhjálp), að hjálpa þeim, sem dýrtíðin kemur harðast við, til þess að standast hana, með beinni peningahjálp.

Þessa leið fer og annað frumv., sem Velferðarnefndin ber fram í samráði við stjórnina, eða fyrir hennar hönd, og útbýtt hefir verið hjer í deildinni. Það nær eingöngu til lágt launaðra opinberra starfsmanna, og er þannig í samræmi við vilja meiri hl. þingmanna, sem fram kom á prívatfundi þingmanna fyrir nokkrum dögum.

En jeg vil eigi láta þar staðar numið. Jeg lít svo á, að þegar það er viðurkent, að í landinu sje dýrtíð, svo til vandræða horfir — *og fram hjá því verður eigi komist, að svo sje* — þá beri landinu fyrst og fremst að bæta úr bölinu fyrir verkamennina á sínu heimili, en *jafnframt* verður að hugsa um hina, sem í sömu bágindunum eru staddir, þótt þeir sjeu eigi *beint* verkamenn landsins. Því tel jeg óhjákvæmilegt, að veita *almenna* dýrtíðarhjálp.

Jeg skal geta þess, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að frumv. um dýrtíðarhjálp er, eins og það ber með sjer, frá *mjer einum*, á ábyrgð *mín eins*, en ekki ráðherra, eða meðnefndarmanna minna.

Það skal fúslega játað, að frumvarp þetta er mjög viðtækt, ef til vill viðtækara en ástæða er til. Enda er jeg fús til þess að ganga að því, að það sje takmarkað. T. d. látið ná eingöngu til sjávarþorpa og kauptúna, og þá jafnframt ljett að einhverju gjaldinu, sem lagt er á búnaðarafurðir. Útbýting falin bæjar- og sveitarstjórnum að einhverju leyti, eða því um líkt.

En jeg held fast við, að það fari í rjetta átt. Enda er það í samræmi við þær leiðir, sem ýmsar aðrar þjóðir hafa tekið upp, þjóðir, sem á þessum tíma eiga í höggi við sama óvininn sem vjer, *dýrtíðina*. Þetta verður og *notadrýgsta* hjálpin.

Jeg vil leyfa mjer að skýra frá lauslegri áætlun, sem jeg hefi gjört, um það, hvern kostnað frumv. mitt mundi hafa í för með sjer. Til venjulegs 5 manna heimilis (maður, kona og 3 börn) mundi hjálpin verða 80 krónur. Samkvæmt síðasta manntali var meðalheimili í kauptúnum 5 manna, í sveitum 6 manna.

Eftir því ættu að vera á öllu landinu:

Í kauptúnum um 6000 heimili.
- sveitum . . — 9500 —

Þegar nú eru taldir frá þeir heimilisframfærendur, sem hafa meiri tekjur en 2000 krónur, og allir þeir, sem ekkert heimili hafa fram að færa — en ætlast er til að undanþiggja þá dýrtíðarhjálpinni — þá ætla jeg, að heimilin, sem hjálpina fá, svari því, sem væri í kauptúnum 4500, í sveitum 5000. Meðal heimili í kauptúni fái 80 kr. hjálp, í sveitum 40 krónur. Verður þá dæmið þannig:

Í kauptúnum:
4500 fjölsk. × 80 kr. = kr. 360,000.
Í sveitum:
6000 fjölsk. × 40 kr. = kr. 240,000.
Samtals kr. 600,000,

sem hjálpin, samkvæmt minu frumv., kostar.

Þetta er auðvitað lausleg áætlun, en væntanlega geta menn þó af henni gjört sjer hugmynd um það, hve mikið hjálpin kostar. Jeg skal að eins geta þess í þessu sambandi, að dýrtíðarhjálpin til lágt launaðra starfsmanna hins opinbera, samkvæmt frumvarpinu, sem útbýtt var í gær, mun áætluð að kosta hjer um bil 20 þús. kr.

Hjálp sú, sem gjört er ráð fyrir, er lítil á hvert heimili, minni en jeg hefði viljað. En jeg hefi eigi sjeð mjer fært, að stinga upp á hærri hjálp, vegna þess, hve aðalupphæðin verður há. Það er samt trú mín, að hjálp þessi muni koma hávaðanum að notum. Þótt hún nemi ekki nærri allri verðhækkuninni, sem orðið hefir á nauðsynjum hvers heimilis síðan í fyrra, þá er bæði þess að gæta, að margir hafa fengið einhverja lítils háttar kauphækkun, og svo hins, að þótt hjálpin sje ekki fullkomin, þá getur hún oft bjargað yfir örðugasta hjallann.

Jeg skal taka dæmi um, hve mikið af verðhækkun frá því í fyrra má borga með um 80 krónum.

		Verðhækkun
á Rúgmjöli	100 kg.	kr. 14,00
- Hveiti	50 —	— 6,50
- Hrísgrjónum	50 —	— 3,50
- Hafragrjónum	50 —	— 7,00
- Kartöflum	100 —	— 2,00
- Hvítasykri	100 —	— 13,00
- Kaffi	50 —	— 2,00
- Kaffibætir	50 —	— 2,00
- Smjörlíki	50 —	— 8,00
- Fiski	100 —	— 2,00
- Trosfiski	50 —	— 3,50
- Steinolíu	100 —	— 2,00
- Kolum 5 skpd.		— 18,00
		Kr. 83,50

Þannig horfir þá málið við:

1. Allar nauðsynjar hafa á síðast liðnu ári hækkað um 40% eða meira.

2. Kaup alls almennings, sem ekki framleiðir sjálfur, hefir annað hvort ekkert *hækkað, eða þá um lítilræði eitt.*

3. Framleiðendur hafa grætt stórkostlega um fram tilkostnað sinn við framleiðsluna, án nokkurrar sjerstakrar vinnu eða fyrirhafnar, svo mjög, að þá munar ekkert um, að missa af dálitlu af gróða sínum, til að hjálpa hinum til að standast dýrtíðina.

Löggjafarþingið situr á ráðstefnu, og er þetta alt kunnugt. Og það *getur* bætt úr þessu. Hverja *aðferð* skuli hafa, má deila um. *Aðferðin* er eigi mjer nje öðrum kappsmál.

Nú vil jeg spyrja:

Getum vjer skilist á þessu þingi, án þess að leysa úr þessu vandamáli, því *langstærsta* og *alvarlegasta*, sem fyrir þinginu hefir legið?

Getum vjer það *samviskunnar* vegna?
Getum vjer það *skyldunnar* vegna?
Getum vjer það *sóma þingsins* vegna?
Getum vjer það vegna *velferðar þjóðarinnar?*

Mitt svar er *nei* við öllum spurningunum. Jeg vona, að svar hins háa Alþingis verði hið sama, er það tekur mál þessi til rólegrar, en *fljótrar* yfirvegunar og ályktana.

Pjetur Jónsson: Það er leitt, um svo mikils vert mál sem þetta, að það skuli ekki koma fram, fyrr en svo áliðið er orðið þingtímans. Samt sem áður vænti jeg þess, að það verði tekið til rólegrar íhugunar og auðvitað jafnframt til fljótra úrslita, eftir föngum. Jeg ætla að minnast fám orðum á frumv., eins og það liggur nú fyrir, um útflutningsgjald af íslenskum afurðum. Háttv. flutnm. (S. B.) sagði í ræðu sinni, að hjer væri að eins um dýrtíðarráðstöfun að ræða, sem ekki ætti að vera nema til bráðabirgða. Þegar þetta er haft fyrir augum, þá virðist mjer það allvafasamt, hvort tekjurnar af þessu gjaldi eigi að nema meiru en svari til þeirra ráðstafana, er þingið gjörir, svo sem dýrtíðaruppbót til opinberra starfsmanna og annars fleira. Að því nú, er sjeð verður af öðrum skjölum, hefir ekki verið hugsað til stærri upphæðar til slíkra ráðstafana en næmi helmingnum af því, er hjer er stungið upp á. Mjer virðist því, að háttv. flutnm. (S. B.) hefði átt að halda sjer við svo hóflegan skatt, að honum væri að eins ætlað að ganga til þessara ráðstafana.

Þá er annað atriði, er mjer virðist ákaflega athugavert. Frumv. fer fram á það, að miða þetta gjald við ákveðinn þunga vörunnar, eða mergð, án tillits til þess, í hvaða verði hún stendur. Þar sem til grundvallar fyrir gjaldinu mun þó liggja gróði einstakra manna af völdum Norðurálfuófriðarins, get jeg ekki annað sjeð, en gjaldið hefði þá að eins átt að leggja á þennan gróða, þann hluta vöruverðsins, sem er hærri en »normalverð«, vegna heimsstyrjaldarinnar. Jeg meina þetta ekki svo bókstaflega, að það ætti að hnitmiða upphæðina, heldur ætti hún að nema þessu hjer um bil. Þá yrði það ekki heldur sagt með sanni, að þetta væri ósanngjarn skattur, ef hann að eins kæmi niður á þeim, er hafa hag af þeim sorglegu atburðum, er nú eru að gjörast í heiminum, og sem aðrir aftur á móti bíða svo óendanlega mikið tjón af. En þessi skattur má þá til með að vera verðtollur, ekki miðast við hluta úr kg. eða tunnu, heldur hluta af verðinu. Og jeg get vel hugsað mjer, að þetta væri framkvæmanlegt.

Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að mjer virðist það skökk hugsun, að leggja jafna upphæð á landafurðir eins og sjáfarafurðir. Það er mikið meira flutt út af sjávarafurðum tiltölulega, en landbúnaðurinn framfærir ferfalt fleiri menn í landinu, og hefir því þeim mun meira af dýrtíðinni að segja, því að hann þarf jafnframt að að kaupa miklu meira af útlendum lífsnauðsynjum.

Þá þykir mjer það galli á frumv., ef haldið er fast við þær upphæðir, er nefndar eru í fyrstu gr., hve gjaldið verður ójafnt; t. d. á kjöti og lifandi fje reiknast mjer það muni nema 8—10%, hestum 5%, ull 4—5%, gærum $2^1/_2$% og saltfiski $1^1/_4$%. Jeg hefi ekki reiknað út gjaldið af lýsi, en hygg, að það sje geysi hátt. Jeg skal svo ekki tala um þetta frekar; hefi að eins tekið þessi atriði fram til þess, að benda á, hvaða leiðir mjer þættu tiltækilegastar að fara.

Sigurður Sigurðsson: Það geta víst allir tekið undið það með háttv. flutnm. (S. B.), að dýrtíð sje í landinu, sem stendur. Hann hefir safnað skýrslum um verðhækkun á ýmsum vörum, er sýna þetta, og eru þær að mörgu leyti fróðlegar. Þær sýna meðal annars, að flestar nauðsynjavörur hafa hækkað í verði um 30—50%, sumar meira og sumar minna. Á sumum nauðsynjavörum er hækkunin ekki ýkja mikil, svo sem fiski og steinolíu, en aftur er hún meiri á kolum. En í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að þó að þessi verðhækkun komi einna þyngst niður á kaupstaðarbúum, einkum daglaunamönnum og opinberum starfsmönnum, þá kemur hún jafnframt niður á sveitamönnum og öðrum, er þurfa að kaupa þessa hækkuðu vöru, svo sem kaffi, sykur, korn, kol, olíu o. s. frv. Þeir verða einnig að sæta hinni almennu verðhækkun. Meira að segja skal jeg geta þess, að margir bændur hafa selt svo mikið af ull sinni, að þeir verða að kaupa í fatnað sinn í kaupstöðunum. Jeg held því, að hv. flutnm. (S.B.) hafi litið nokkuð svart á ástandið í kaupstöðunum í samanburði við sveitirnar.

Viðvíkjandi frumv. á þgskj. 631 og seinna frumv. um dýrtíðarhjálpina, þá vil jeg taka undir með háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.), að mjer virðast þau koma of seint fram. Háttv. flutnm. (S. B.) kannaðist líka við þetta. En jeg fæ ekki skilið, hvers vegna þessi mál hafa þurft svona langan meðgöngutíma. Í byrjun þings var kosin dýrtíðarnefnd. Hún sat lengi á rökstólunum og afkastaði litlu. Margt af því, sem hún bar fram, var þess eðlis, að því var hollast að deyja sem fyrst.

Þessi tvö stórmál koma nú fram eftir dúk og disk, og ætti að afgreiða þau svo, að nokkur mynd væri á, þá veitti ekki af því, að framlengja þingið til septemberloka. Háttv. flutnm. (S. B.) mintist á bæði frumv., og vona jeg, að mjer verði leyft það líka.

Frumv. á þingskj. 632 gjörir ráð fyrir því, að allir þeir heimilisfeður, er hafa 2000 kr. eða minna í árstekjur, fái dýrtíðaruppbót. Jeg er ansi hræddur um, að erfitt muni að koma þessu í framkvæmd. Það er erfitt að rannsaka það, hverjir hafi þessar tekjur eða minni, svo að í nokkru lagi sje. Og ætti uppbótin að vera á nokkru viti bygð, þá er jeg hræddur um, að kostnaðurinn við að afla þessara upplýsinga og skýrslna mundi höggva mikið skarð í tekjurnar af tollinum, jafnvel svo mikið, að uppbótin yrði talsvert minni en til er ætlast. Mjer virðist það að öllu leyti langeðlilegast, að það væru vinnuveitendur, er veittu vinnuþiggjendum þessa uppbót með hærra kaupi. Það hefir líka verið gengið nokkuð inn á þá braut. Kaup verkamanna hjer hefir hækkað um 14—15%, og það er óhætt að fullyrða, að sama er að segja um kaup kaupafólks til sveita. *(Sveinn Björnsson:* Vinnutíminn hefir verið styttur). Nei, grasleysið hefir verið víða svo mikið í sumar, að kaupavinnan við heyannir verður mikið lengri en venjulega, ef tíðin leyfir það. Það er því undantekning, ef fólk fer að koma úr sveitum nú. Það er ekki nema frá einstaka stað, þar sem heyskapur hefir gengið fljótt, eins og t. d. á Hvanneyri, sumstaðar í Ölfusinu o. s. frv.

Viðvíkjandi útflutningsgjaldsfrumv., þá virðist mjer, án þess að ganga inn á einstaka greinar, að samræmið í því sje ekki gott. T. d. skal jeg nefna, að það er gjört ráð fyrir 1 kr. gjaldi af hverri síldartunnu, en 3 kr. gjaldi af hverri kind. Á fiski er hækkunin kr. 1,30 af hverju skpd., en 10 kr. á að

gjalda af hverjum útfluttum hesti. Þetta sýnir, að hlutfallslega miðað við verðmætið, er farið mikið lengra í því, að leggja á landafurðir en sjávarafurðir. En svo er annað. Þetta gjald getur orðið hið stakasta ranglæti á þann veg, að vörurnar falli í verði og að því leyti get jeg tekið undir með hv. þm. S.-Þing. (P. J.), að grundvöllurinn er óbrúkandi. Enn ber á það að líta, að margar vörur eru nú farnar út úr landinu, þar á meðal mikið af fiski, ull og hestum. Enginn veit, hvernig ástandið verður að ári; vörurnar geta lækkað í verði og alt horft öðru vísi við. Þannig getur bæði farið svo, að frumv. komi að engum notum, og líka hitt, að það skapi hið versta ranglæti. Yfirleitt verð jeg að segja það, að útflutningsgjald af vörum, er framleiddar eru í landinu, er ákaflega óviðfeldið. Það er hreinasta neyðarúrræði. Jeg veit, að mjer verður svarað því, að hjer sjeu bæði alveg sjerstakar ástæður fyrir hendi og svo sje gjaldið tímabundið, að eins til bráðabirgða. En hver getur fullyrt með vissu, að svo verði. Svo mikið er víst, að landssjóður þarfnast tekna í framtíðinni ekki síður en nú. Þegar ófriðnum linnir og verslunin kemst í betra horf, þá liggja fyrir þingi og þjóð margar nauðsynlegar framkvæmdir, sem nú verða að bíða. Af því leiðir það, að tekjurnar verður að auka, jafnvel hvað sem dýrtíðinni líður. Og hingað til hefir það gengið svo, að þegar einu sinni hefir verið búið að leggja einhvern toll á, þá situr hann vanalega fastur áfram, vegna þess, að nauðsynin krefst þess.

Jeg held, að það hefði farið fult eins vel á því, að flutnm. hefði tekið skattafrumvörpin frá 1908, sem voru hjer til umræðu á þingi 1912, fyrst honum er svona hugleikið að hitta landbúnaðinn í tollatillögum sínum.

Það er auðvitað ekki nema sanngjarnt, að þeir, sem orðið hafa fyrir höppum af ófriðnum, greiði eitthvað til almennra þarfa.

En það er alveg órannsakað, hverjir það eru, sem mest hafa grætt á ófriðnum. Það er sagt, að það sjeu framleiðendur, sjómenn og bændur. En mjer er spurn: Hafa ekki kaupmennirnir grætt líka? Það er víst lítill vafi á því, að gróði þeirra hefir verið mikill. Þeir notuðu tækifærið í fyrra, er ófriðurinn hófst, til þess að færa upp alla nauðsynjavöru, og græddu á því stórfje. Hitt skal jeg játa, að það er víst talsverðum örðugleikum bundið að ná í þenna gróða, enda hefir ekki verið reynt til þess. Annars held jeg að þessi ráðstöfun verði aðallega til þess, að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn. Aðalgróðinn lendir hjá kaupmönnunum. Verð vörunnar hækkar hjá þeim, en lækkar hjá framleiðendum, því að það er segin saga, að þegar um tolla er að ræða, þá leggja kaupmennirnir meira á, en tollinum nemur, eða draga meira frá en útflutningsgjaldið er, til þess að sjá sjer borgið. (*Sveinn Björnsson:* Verðlagsnefndin). Jeg hygg, að hún hafi ekki gjört nein kraftaverk til þessa, og eigi ekki eftir að gjöra þau.

Að lokum skal jeg endurtaka það, að frumv. kemur alt of seint fram, og það er óforsvaranlegt, að ætla sjer að hrapa að jafn alvarlegu máli nú í þinglokin, og því er ekki um annað gjöra en að stytta því aldur sem fyrst.

Bjarni Jónsson: Það er leitt að þurfa að taka undir það með öðrum, en því verður ekki neitað, að það má með rjettu segja við dýrtíðarnefndina, sem Björn Hítdælakappi sagði: »Þú kemur seint til slíks móts, lítill sveinn«. Jeg hefði kosið það, að þetta frumv. hefði komið fram um líkt leyti og fuglafriðunarlögin. Jeg segi þetta ekki í ávít-

unarskyni, og jeg skal játa þá synd mína, að jeg tel það engan skaða, að þingið sitji degi lengur, ef þörf gjörist. En umkvörtunin stafar af því, að jeg tala frá brjósti þeirra manna, er sparnaðarins vegna telja skaða að hverjum degi, er þingið situr við störf sín.

Nú hefir háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sannað að nú sje hallæri. Svo mikil verðhækkun sje bæði á útlendri og innlendri vöru. Sú hækkun er nú ekki nema einhliða á framleiðendum, en tvíhliða á þeim, sem lifa á kaupi. Og nú hefir Velferðarnefnd og stjórn, eins og sjest á frumvörpum, sem þaðan koma, verið komnar að raun um það, að eitthvað þyrfti að gjöra, og segir háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), að allir hafi verið sammála um það, að útflutningstollur væri rjetta leiðin, og hafi þá sumir verið með verðtolli, en fleiri þó með þungatolli, eða svo skildist mjer. Jeg skil sem sje ekki, að frumv. væri borið fram, nema meiri hl. nefndarmanna væri því fylgjandi, það mættu vera undarleg vinnubrögð hjá nefndinni. En einn veit jeg til, að minsta kosti, að var með verðtolli. Frumv. væri þá ekki borið fram í umboði nefndarinnar, ef þetta væri ekki svona vaxið.

Jeg er nú á þeirri skoðun, að útflutningsgjald á íslenskum afurðum sje sú leið, sem síðast af öllu ætti að fara, til þess að komast hjá afleiðingum dýrtíðarinnar, og ef þó ætti að fara hana, þá er það undir öllum kringumstæðum öfugt, að leggja tollinn á þunga vörunnar, en ekki á einhvern hluta vöruverðsins. Ef bóndi fær t. d. 50 aura fyrir kjötpundið, þá borgar hann eftir þungatolli t. d. 8 kr. af hundraði, en fái hann nú ekki nema 40 aura fyrir pundið, þá verður hann að borga 10 kr. af hundraði. Þetta er alveg öfugt. Þeir reikna út, að með þessu fáist 450,000 kr. tekjur af sjávarafurðum og 430,000 kr. af landbúnaðarafurðum. Þetta eru álitlegar upphæðir, og margt má gjöra við þær, en jeg segi að þær sjeu ranglega fengnar. Jeg hygg, að engan útflutn-útflutningstoll eigi að leggja á vörur bænda þetta ár, því að þótt þær sjeu í hærra verði en vant er, þá er gróðinn ekki mikill. Hann er ekki nema mismunur á verðhækkun innlendu og útlendu vörunnar, og þá er það ekki mikið, sem með rjettu má leggja skatt á, og munar því ekki mikið um það, ef gjaldið á að vera nokkurn veginn hóflegt. Svo var í fyrra fellisár, sem víða varð búnaðinum að stórtjóni, og var honum þó ekki hjálpað. Að vísu var ætlast til að menn gætu fengið hallærislán, en þau verða þeir þá að borga. Og enn verður þá að líta á það, að þetta ár er ekkert happaár fyrir sveitirnar að öðru leyti en því, að afurðirnar eru í góðu verði. Vegna lambadauðans í fyrra, höfðu menn færra að setja á, og því minna að selja nú en ella, og því ekki meiri tekjur, þegar öllu er á botninn hvolft. Auk þess er nú ísár og þar af leiðandi grasbrestur víða, og mönnum verður dýr heyskapurinn í sumar. En það er nú ekki ætíð verið að líta á slík einstök atriði, þegar verið er að leggja gjöldin á.

Hugsum oss nú þetta gjald lagt á afurðir fátæks barnamanns, sem berst í bökkum, til að losa sig við sveit. Til hvers verður það? Annaðhvort til þess að láta aðra eta það frá honum, eða þá til þess, að láta hann sjálfan hafa það aftur. Það er einkenni allra tolla, að þeir koma ætíð ranglátlega niður, en aldrei eins og í dýrtíð. Þess vegna má þá síst af öllu efna til nýrra tolla. Sama er að segja um það, að þótt fiskur sje nú í háu verði, þá er hreini gróðinn vafasamur, því að kol, salt og steinolía eru nú í svo miklu hærra verði en venjulega. Það ætti því síst að fara að

fimmfalda útflutningsgjald á fiski nú, þar sem það er jafnvel hneyksli, að það skuli vera til yfirleitt.

Ekki er nú svo að skilja, að jeg sje alstaðar jafnfjarri nefndinni. Jeg felli mig vel við almenna hallærishjálp, sem háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) talaði um, og kæri jeg mig þá ekki um hana sjerstaklega til starfsmanna landsins, nema hvað þeir eiga að hafa aðgang að henni, eins og aðrir. En hjer ber aftur á milli um aðferðina. Háttv. þm. vill endilega, í líkingu við frumv. þeirra fjelaga, haga hallærishjálpinni þannig, að henni sje útbýtt í peningum til fjölskyldumanna, og þá eftir barnafjölda (sem ætti nú að vera »ómagafjölda«). Hann gjörir ráð fyrir 360,000 kr. styrk til sjávarsíðunnar, en 240,000 kr. til sveitanna, en þetta yrði nú í mörgum tilfellum ekkert annað en endurborgun á útflutningstollinum, og væri þá eins gott að finna einhverja aðferð til þess, að það fje fengi að vera kyrt í vösum manna.

Jeg vil hafa alt aðra tilhögun á þessu, og á það hefi jeg bent öllum þessum nefndum, sem fengist hafa við dýrtíðarmálin. Jeg vil að landssjóður sjái mönnum fyrir vörum, kornvöru og annari útlendri nauðsynjavöru, með innkaupsverði, og kaupi auk þess kjöt og annað slíkt af framleiðendum og selji öðrum við hæfilegu verði, en borgi sjálfur mismuninn. Jeg efast um, að það yrði svo mikið, sem hann þyrfti að borga, til þess að menn gætu t. d. fengið kjötpundið hjer á 30 aura. Nú segja kaupmenn, að umbúðir og annar kostnaður, sem legst á tunnuna af útfluttu kjöti, sje um það bil kr. 15,56. Ef landssjóður gjörði nú samning við framleiðanda um að selja sjer kjötið nýtt við því verði, sem hann fái fyrir það að frádregnum þessum kostnaði, og segjum að nafnverðið á útfluttu kjöti sje 50 aurar fyrir pundið, þá er jeg ekki í vafa um það, að hann fengi pundið fyrir 42 aura, og þá eru það ekki nema 12 aurar á pundið, sem hann þarf að borga á milli. Hann hlýtur að geta komist að svona kaupum, því að seljandi á þá ekkert á hættu, en fær peningana strax. Annars kemur leiga á geymsluplássi, vátrygging, vaxtaskaði o. s. frv., sem er gróði að losa sig við. Jeg byggi þetta álit mitt m. a. á tölum og útreikningi frá einum kaupmanni hjer í bænum, B. H. Bjarnason, sem er, eins og menn vita, greindur maður og vel að sjer í þessu. Á líkan hátt mætti og kaupa fisk, sem ekki væri fluttur úr landinu, og borga mismuninn, og þarf þá auðvitað fje til þess, því að ekki er það veitt í fjárlögunum. Nú hefi jeg komið fram með frumv. um stimpilgjald, ásamt með háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), og munar strax dálítið um það, þótt ekki sje það mikið. En nú hefi jeg auk þess komið fram með annað frumv. til tekjuauka, sem jeg tel bygt á þeim eina rjetta grundvelli, sem til er í þessu efni, og hann er sá, að þeir, sem fjeð hafa, leggi það til í nauðsyn með tekjuskatti um stundarsakir. Jeg skal játa það, að hundraðsgjaldið muni vera sett óþarflega hátt í því frumv., og má laga það, og eins gjöra ýmislegt í því gleggra, sem jeg slepti. Það er ekki meining mín, að frumv. verði endilega borið fram eins og það er, heldur ber jeg það einkanlega fram til þess, að menn yrðu þó að sjá og heyra tillögur mínar um þetta, því að hingað til hafa þeir viljað skella við þeim skollaeyrunum.

Einnig mætti setja inn í frumv. það ákvæði, að ekki skuli alt kallað inn í einu, og sömuleiðis að ef hallærinu ljetti, þá skyldi slaka til á lögunum, eða þau falla niður, og væri þá engum gjört rangt til. Jeg tel það sæmilegt, að setja byrjunartakmarkið við 3000 kr. tekjur og leggja svo einhvern hæfilegan skatt

á þá, sem þar eru fyrir ofan, og hækkandi eftir því, sem tekjurnar eru meiri. Óframkvæmanlegt er þetta ekki. Fje gæti komið í hrúgum á þennan hátt, því að svo er fyrir að þakka, að efnin eru þó nóg til þess. Það eru ekki svo fáir, sem hafa svo háar tekjur og eru vel aflögu færir, bæði embættismenn og margir bændur og fjöldi kaupmanna og útgjörðarmanna, og það er aldrei nema rjettlátt, þótt gjöldin komi niður á þeim, sem síst finna til þeirra. Eins og jeg sagði áðan, mun gjaldið vera of hátt tiltekið á frumv., en það er alt af hægra að fella það en hækka.

Jeg skal svo enda ræðu mína með einu heilræði til hæstv. stjórnar og Velferðarnefndar.

Jeg sje, að þetta frumv. frá nefndinni er hvorki heilt nje hálft, en hins vegar er nú á ferðinni í háttv. Ed. frv. um að ljetta tolli af kornvöru, en þetta þarf að taka fyrir alt í sambandi hvað við annað, því að ekki tjáir að önnur deildin felli sífelt það, sem hin samþykkir, eða að fella tekjur hjer, en samþykkja eftirgjöf þar. Nú vil jeg því stinga upp á því, að háttv. stjórn og nefnd taki sínar tillögur aftur, en mínar upp, og athugi svo um leið frumv. úr Ed. og reyni, hvort ekki er hægt að fá heild í alt saman og koma þá, ef það tekst, með frumv., er grípi yfir alt saman. Væri þá vegurinn að taka málið út af dagskrá nú. Jeg hygg að þetta gæti orðið að ráði, ef eftir því væri farið, en verði það ekki, hygg jeg að menn muni iðrast þess síðar.

Einar Jónsson: Jeg hefi orðið var við tvent mjög einkennilegt við þessa umr. Í fyrsta lagi frumv. nefndarinnar, hversu ósanngjarnt og illa til fundið það er, og í öðru lagi ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann talaði svo vel og ólíkt sjálfum sjer, að þótt hann ætti — og einkum ef hann ætti — enga aðra ræðu í þingtíðindunum, þá myndi hún verða honum til heiðurs og sóma.

En um frumv. er það að segja, að jeg get ekki skýrt það fyrir mjer, að það skuli koma fram í þessari mynd og bygt á svona grundvelli, á neinn annan hátt en þann, að nú standa kosningar fyrir dyrir dyrum, og þarf þá auðvitað hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) að reyna að vinna sjer fylgi við þær. Jeg get ómögulega skilið, að jafn skynugur maður og hann hefði getað komið fram með slíkt frv. annars. Fyrst og fremst er þar farið mjög skakt með niðurhlutun hundraðsgjaldsins á vörutegundirnar, t. d. er á sumar vörutegundir lagt 30% en aftur á aðrar ekki nema 5%, miðað við gangverð nú. Þarf þar síst að segja, að hrossum og lifandi fje sje gleymt. Á það er sjerstaklega lagður óhæfilega hár skattur, svo hár, að væntanlega treysta sveitamenn sjer ekki að samþykkja slíkt. Fleira mætti nefna af líku tagi, en mjer er illa við að taka það upp, sem aðrir hafa sagt, og háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir rjettilega fundið að mörgu.

Það er ekki rjett, að leggja þenna skatt á bændur nú, því að þótt þeir græði nokkuð á því, að innlend vara er í góðu verði, þá etur það sig upp að miklu leyti í verðhækkun útlendra vara og hverfur áður en varir. Og í fyrra, og fleiri undanfarin ár, liðu sveitirnar mikið tap, við fjárfelli og illan og ónógan heyskap, og hvar var þá háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) með hjálpsemina í þeirra garð? Jú, jeg veit að menn áttu kost á smálánum, en það er engin veruleg hjálp, heldur að eins lítilfjörlegur greiði í bili. Jeg hefi oft tekið fleiri eða færri krónur til láns, og aldrei þótt nein ósköp, þótt jeg fengi það, enda ekki fundið til þess, að jeg yrði ríkari af því, enda hefi jeg alt af ætlað mjer að borga þá peninga aftur og gjört það.

Jeg hygg, að háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) geti orðið alveg eins valtur og jeg og aðrir, þrátt fyrir þetta frumv. sitt; að minsta kosti verður það aldrei honum til heiðurs út um landið, og held jeg því, að best væri fyrir hann að taka það aftur. Menn græða á fleiru en dýrtíðinni, sumir t. d. á því, að eiga inni peninga í sparisjóði og gróðafyrirtækjum. Nú veit jeg fyrir víst, að þessi hv. þm. muni eiga all vöxtulega sparisjóðsbók. Vill hann borga dýrtíðarskatt af henni? Jeg er viss um að mörgum bændum þætti það tilvinnandi að borga hann, ef þeir væru svo staddir, en það eru þeir nú því miður fæstir.

Jeg segi þetta ekki fyrir mínar eigin sakir, því jeg get vel sjeð af nokkrum krónum í landssjóð, án þess að verða miklu fátækari eftir en áður, en mjer finst ekki vert að fara fram á það við bændur, að þeir fái ekki fult gjald fyrir vörur sínar, hvort sem þeir selja þær til háttv. 1. þm. Rvík. (S. B.) eða annara. Jeg skal svo ekki níðast lengur á þolinmæði háttv. deildar, og bíð reiðubúinn og ákveðinn eftir því, að greiða atkv. móti frumv. Svo vona jeg að fleiri háttv. þm. gjöri einnig.

Flutnm. (Sveinn Björnsson): Jeg skal drepa nokkrum orðum á ummæli einstakra háttv. þingmanna. Í fyrsta lagi hafa flestir byrjað ræður sínar á því, að þetta frumv. komi fram alt of seint, og legið okkur á hálsi fyrir það. Ef nú svo skyldi vera, þá gjöri jeg samt ráð fyrir, að menn álíti, að hjer sje þörf á að gjöra einhverjar ráðstafanir; því hafa þeir þá ekki sjálfir hafist handa, þessir góðu herrar, og gjört eitthvað til þess að bæta úr dýrtíðinni? Eins og jeg tók fram áðan, þá var þessum dýrtíðarmálum hreyft í byrjun þings, og nefnd þá kosin. Tillögur hennar voru skornar niður, en þar sem fyrirsjáanlegt var, að nefnd myndi verða kosin fyrir alt þingið, þá sá jeg mjer ekki annað fært en að bíða með frekari ráðslaganir uns sú nefnd væri kosin. Þetta hefði því getað komið fyrr fram, ef háttv. þing hefði tekið það ráð fyrr, að kjósa Velferðarnefndina. Eftir að hún var kosin, var þetta hennar fyrsta verk. Hún hefir haldið fund á hverjum einasta rúmhelgum degi að minsta kosti, og alt af haft nóg til að ræða um, svo jeg hygg, að ekki sje hægt að liggja henni á hálsi fyrir iðjuleysi. Þeir, sem það gjöra, ættu heldur að stinga hendinni í sinn eigin barm. Jeg vil ekki taka á móti neinum ákúrum fyrir þetta, og síst frá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem leyfir sjer að setjast niður með þeim ummælum, að heppilegast mundi vera að láta frumv. ekki ná fram að ganga, þar sem ekkert hafi verið gjört.

Þá komu og fram ýmsar aðfinslur við þær leiðir, sem farnar væru. Ef farið væri útflutningsgjaldsleiðina, þá væri heppilegra að leggja tollinn á eftir verði, en ekki eftir þyngd o. s. frv. Jeg hygg, að flutningsmönnum sje þetta engum neittt kappsmál, ef að eins er hægt að benda á framkvæmanlegar leiðir til þess, að leggja tollinn á eftir verðhækkun, og vilji menn bera saman ráð sín, þá er ekkert ólíklegt, að sú leið kynni að finnast. Mjer er þetta ekkert kappsmál. Aðalatriðið fyrir mjer er að fá tekjur á einhvern framkvæmanlegan hátt. Þá hefir og verið fundið að því, að gjöldin kæmu alt of hart niður á landbúnaðinum og of lítið á sjávarútveginum. Jeg gat þess áðan, að með þessum taxta, sem jeg hefði lagt á, þá væru gjöldin, sem kæmu á sjávarútveginn, hjer um bil jafnmikil og á landbúnaðinn. En jeg mun *síst* vilja halda því fram, að þetta gjald eigi að koma hart niður á landbúnaðinum. Jeg

vil á engan hátt íþyngja honum fram yfir sjávarútveginn, enda má sjálfsagt finna leið til samkomulags út úr þessu. En jeg fæ ómögulega skilið, að bændur þessa lands vilji *engan* þátt taka í þessu gjaldi. Jeg er þess fulltrúa, að þeir líti svo stórum augum á þetta, að þeir beinlínis krefjist þess, að fá að vera með. Töxtunum má gjarna breyta fyrir mjer; jeg hefi aldrei ætlað mjer að fylgja þeim í gegn um þykt og þunt.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að með því að fara þessar leiðir, sem frv. bendir á, þá mundi þetta gjald ekkert snerta kaupmenn, sem þó hefðu manna mest grætt á ófriðnum. Þetta er misskilningur. Gjald þetta hittir má ske engu síður þá kaupmenn, sem grætt hafa en aðra menn.

Sami háttv. þingmaður kvað rjettast, að vinnuveitendur greiddu verkafólki sínu hærra kaup. Þótt þetta sje má ske alveg rjett, þá má ekki gleyma því, að það er ómögulegt, að skylda vinnuveitendurna til þess með lögum, meðan þeim bjóðast menn fyrir lægra kaup.

Þá fór háttv. þm. Dal. (B. J.) mörgum fögrum orðum um, að engin meining væri í því, að leggja þyngri gjöld á bændur en hæfilegt væri í samanburði við sjávarútveginn. Hann gjörði mikið úr því stórtjóni, sem bændur hefðu orðið fyrir í fyrra. Jeg veit, að svo muni hafa verið sumstaðar, t. d. í kjördæmi háttv. þingm. sjálfs, Dölunum. Jeg er ekki viss um, að menn hafi almennt orðið svo hart úti, að menn þyldu nú ekki að greiða lítið gjald af gróða sínum nú í ár. Jeg hygg, að niðurstaðan myndi verða sú, ef rannsakað væri nákvæmlega, að hjeruðin myndu standa sig vel við, að leggja eitthvað af mörkum á móti sjávarútvegsmanninum. Og vel má athuga það í því sambandi, að jeg hygg, að kostnaðurinn við framleiðslu hafi aukist meira í ár hjá sjávarútvegsmönnum en bændum.

Háttv. þingmaður fór og þeim orðum um dýrtíðarhjálpina, að það væri undarlegt hringsól, ef bóndinn ætti fyrst að borga útflutningsgjald af vöru sinni, en fá svo hjálpina. Má vel vera, að þetta sje undarlegt hringsól, en svona er nú gangurinn í þjóðfjelaginu, að menn fá inn á einn hátt aftur, það sem þeir borga út á annan hátt, og er þetta dæmi því ekkert sjerlegt »fænomen«. Háttv. þingm. Dal. (B. J.) viðurkendi fullkomlega, að svo mikil dýrtíð væri í landinu, að full þörf væri sjerstakra ráðstafana frá hálfu þess opinbera. Honum líkaði að eins ekki þessi leið, sem farin væri í frumv. Jeg skal ekki gjöra það að neinu kappsmáli. Fyrir mjer vakir að eins það, að koma málinu í hreyfingu hjer á þingi, svo að það verði tekið til rækilegrar íhugunar. Hverri einustu uppástungu, sem betur má fara, skal tekið með þökkum. En út af þessari nýju uppástungu háttv. þingm. Dal. (B. J.), um að landssjóður kaupi nægilegar kornbirgðir og selji svo aftur með lágu verði, þá skal jeg geta þess, að á henni eru annmarkar, sem menn mega ekki vera blindir fyrir. Ef nægilegt korn á að kaupa handa landsmönnum öllum, þá þarf til þess svo mikið rekstursfje, að jeg veit ekki hvernig landssjóður á að fá það. Hann þyrfti margar miljónir króna til þess. Í öðru lagi má ekki skaða þá kaupmenn, sem þegar hafa fengið sjer miklar birgðir. Landssjóður yrði þá að kaupa af þeim birgðir þeirra, og til þess alls þyrfti meiri höfuðstól en jeg sje, að landssjóður geti ábyrgst sjer. Má vera, að hægt sje að fá bændur til þess, að selja landssjóði fje gegn hæfilegu verði. Jeg skal ekkert um það segja, en það hlýtur að koma bráðlega á daginn, því nú þegar hafa

verið gjörðar ráðstafanir í þá átt, að grenslast eftir hjá Sláturfjelaginu fyrir hvaða verð það mundi vilja selja landsstjórninni kjötbirgðir.

Tekkjuskattsfrumv. háttv. þingm. Dal. (B. J.) álít jeg að fari of langt, en ef vissa fengist fyrir því, hvar tekjur væri hæstar, þá gæti það verið gott, en slíkt mun verða afarerfitt. Þær einu tekjur, sem menn vita um með vissu, eru tekjur embættismanna, en um tekjur flestra kaupmanna, útgjörðarmanna og bænda mundi verða afarerfitt að segja, svo ábyggilegt væri.

Jeg á hálf bágt með að svara ræðu háttv. 1. þm. Rang. (E. J.). Hún var svo persónuleg. Hann hjelt, að jeg væri með þessu frumv., að búa mig undir næstu kosningar. O-jæja. Má ske hann fái fleiri á sína skoðun. Jeg verð að að reyna, að taka því með ró, en jeg held, að þetta sje svo mikið alvöru mál, að það *verði* að hugsa alvarlega um það, jafn vel þó einhver kynni að vera svo lítt vandaður, að vilja gjöra það að kjósendakjöti.

Eftir að þessi uppástunga kom frá nefndinni, hafa komið fram margar aðrar uppástungur, sem sýna, að menn hafa alment áhuga á þessum málum.

Jeg held, að heppilegast væri, að kjósa sjö manna nefnd af öllum stjettum, sem svo athugi þetta í samráði við Velferðarnefndina, því þar sem uppástungur þessar eru í frumvarpsformi, þá er hið eina þinglega, að kosin sje nefnd, til þess að athuga það.

Jeg hefi ekki heyrt *eitt einasta* atriði hrakið af því, sem jeg sagði um ástandið í landinu, og að það beri nauðsyn til þess, að hefjast handa. En vilji einhverjir háttv. þingmenn ekki lofa þessari tillögu fram að ganga, af því að hún »passar ekki í þeirra kram«, þá taki þeir sjálfir við og gjöri betur.

Eggert Pálsson: Það er ekki hægt að tala um þetta frumv., sem fyrir liggur, nema í sambandi við frumvarpið, sem á eftir kemur. Enda gjörði háttvirtur flutningsmaður (S. B.) þeim jöfn skil í framsögu sinni. Svo framarlega, sem frumvarpið, sem á eftir fer, nær ekki samþykki deildarinnar, þá mun og þetta frumv. verða útilokað. Bæði eru fram komin af dýrtíðinni svo nefndu. Að dýrtíð eigi sjer stað í landinu, því skal jeg ekki neita, að því leyti, að vörur hafa hækkað í verði. En að nokkurt harðæri eigi sjer stað, því neita jeg algjörlega. Enda væru þá flutnm. þessa frumv. í beinni mótsögn við sjálfa sig. Þeim mundi tæplega til hugar koma, að fara að leggja þungan skatt á landsmenn í harðæri. Þeir ganga einmitt út frá því, að nú sje góðæri, og þess vegna er mótsögn í því, að tala um ilt ástand í landinu yfirleitt. Það, sem gæti komið mönnum til þess, að vilja leggja á háa skatta nú, væri þröng landssjóðs. En við erum nú alveg nýskeð búnir að ganga frá fjarlagafrumvarpinu, og getum lítið breytt því, sem komið er, nú á síðustu stundi. Að vísu er töluverður tekjuhalli áætlaður, en þó er hann nokkrum skilyrðum bundinn, svo að minka má hann, ef í harðbakka slær, samkvæmt athugasemdum þeim, sem settar hafa verið við ýmsa hina stærstu útgjaldaliði. Sömu leiðis hefir mjer dottið í hug síðan, að við munum hafa áætlað ýmsa tekjustofna nokkuð lágt; t. d. var lausafjárskattur áætlaður hinn sami og síðast. Nú er, eins og tekið hefir verið fram af sumum háttv. þingm., ull og fjenaður, og yfir höfuð flestar framleiðsluvörur í ágætis verði, svo búast má við, að meðalalin verði miklu hærri en verið hefir í öllum sýslum landsins, svo að ábúðar- og lausafjórskattur muni jafnvel tvöfaldast. En til þess að vera

viss um, að landssjóður komist ekki í þröng, þá hefi jeg ásamt með háttv. þingm. Dal. (B. J.) leyft mjer að koma fram með frumv. um stimpilgjald, sem er gamall góðkunningi Alþingis frá fyrri árum.

Ef tilgangur þessa frumvarps hefði verið sá, að bæta úr fjárþröng landssjóðs, hefði það átt að koma fram fyrr en nú. En sje aftur á móti meiningin sú, sem virðist liggja beint við, eftir frumv., sem á eftir fer, að dæma, að nota þessa peninga til að dreifa þeim strax út á meðal allra landsbúa sem dýrtíðarhjálp, þá má segja, að það hafi komið nógu snemma fram, því að jeg verð að neita því, að það sje enn sem komið er almenn dýrtíð í landinu eða neyð. Báðir aðalatvinnuvegir landsins eru í uppgangi, og vinnumenn og verkafólk hafa fengið hækkað kaup sitt að meira eða minna leyti. Vinnuveitendur allir veita þá kauphækkun ýmist af fúsum og frjálsum vilja, eða þá beint af nauðsyn. Það getur þannig ekki verið um neina neyð að ræða, nema á þeim fáu stöðum, þar sem menn lifa ekki á beinni framleiðslu, og jafnvel þar getur hún ekki almenn talist. Það getur ekki verið um almenna neyð að ræða við sjávarsíðuna, þar sem flutningsmenn frumvarps þessa fara fram á það, að hækka útflutningsgjald á sjávarafurðum. Sama er einnig að segja um landsveitirnar; þar telja flutningsmenn frumv. sýnilega enga neyð fyrir dyrum, þar sem þeir fara fram á nýjan skatt á því nær allar landbúnaðarafurðir.

Eftir því, sem frumv. ber þannig með sjer, geta flutningsmenn þess engan veginn talið ástandið almennt eða yfirleitt bágborið í landinu. Þvert á móti sýnast þeir telja það hvarvetna gott, nema að eins í kaupstöðunum, eða þar, sem ekki er lifað af beinni framleiðslu. En þó að einstöku staðir eða landshlutar eigi þannig við venju fremur erfiðar kringumstæður að búa, þá er slíkt engan veginn harðæri, heldur er það misæri. Það er rjetta nafnið. En slíkt kemur mjög oft fyrir. Það hefir t. d. oft komið fyrir, að afli hefir brugðist í einhverri veiðistöð, í Vestmannaeyjum, við Faxaflóa eða í Bolungarvík, þótt vel hafi fiskast annarstaðar. En mjer er spurn: Hefir þingið þá hlaupið upp til handa og fóta, og þotið til og samið lög, til þess að bæta úr slíku misæri? Nei, alls ekki. Sama máli er að gegna um landbúnaðinn. Þeir, sem hann stunda, verða oft fyrir óáran í þessum eða hinum landsfjórðungnum, þó vel ári í öðrum. Fje þeirra fellur oft í hörðum árum og rosar og óþurkar eða grasleysi gjörir það stundum að verkum, að bændur í þessum eða hinum landshlutanum geta ekki sett nema hálfan bústofn sinn á vetur. Ekki eru þá sett lög til að jafna úr misærinu, eða skattar lagðir á aðra landshluta. Þegar slíkt hefir komið fyrir, hefir þeirri reglu verið fylgt, sem líka er mjög sanngjarnt, að þeim hjeruðum eða sveitum, sem fyrir skakkafallinu hafa orðið, hefir verið veitt hjálp, með því að lána þeim fje með góðum kjörum. Þessari reglu ætti að fylgja, einnig í þessu tillfelli, ef svo færi, sem engan veginn er enn orðið, að veruleg neyð krefðist þess. Það ætti að veita þeim landshlutum, sem harðast kunna að verða úti, lán úr landssjóði. Menn kunna ef til vill að svara, að það sje ekki hægt, því að engir peningar sjeu til í landssjóðnum. En jeg held, að enn sjeu ekki öll sund lokuð í þeim efnum. Við vitum, að í fjárlagafrumv., sem enn þá er til meðferðar í þinginu, eru stjórninni heimilaðar nokkrar lánveitingar úr viðlagasjóði. Enn er því tími til að strika þær allar út, og heim-

ila stjórninni, að verja því fje, sem handbært er í viðlagasjóði, til lána handa kaupstöðunum.

Jeg er líka hræddur um, að frumv. það, sem háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) flytur um almenna dýrtíðarhjálp, mundi reynast illframkvæmanlegt, ef það yrði að lögum, ef ekki óframkvæmanlegt með öllu, sjerstaklega ef því eru engin takmörk sett, heldur ætti að ná til allra landshluta jafnt. Í fyrsta lagi mun erfitt að komast að raun um, hverjir ættu skilið að fá dýrtíðarhjálp, og sú rannsókn mundi verða dýr, eta upp mikið af þeim peningum, sem ætlaðir væru til hjálparinnar. Og í öðru lagi mundi dýrtíðarhjálpin alls ekki koma alstaðar sem rjettlátast niður.

Við höfum dæmin fyrir okkur, hvernig hefir farið, þegar gefins hjálp hefir verið útbýtt meðal almennings. Menn muna hvernig fór, þegar hallærisgjafirnar voru sendar hingað til landsins, að bróðurparturinn af þeim þótti lenda jafnt hjá ríkismönnum sem fátækum, eða jafnvel frekar. Eins mundi fara í mörgum tilfellum nú. Maktarmenn, hver í sinni sveit, mundu sjá um það, að þeir færu ekki varhluta af þessari almennu landssjóðshjálp.

Og hvað er svo fengið með frumvarpvarpinu? Jeg get ekki sjeð það, nema ef það væri það, að spilla mönnum og valda almennri og meiri óánægju í landinu.

En ef aftur á móti sú leiðin væri farin, að binda hjálpina við kaupstaðina eina, mundi það verða til þess, að aðstreymið þangað ykist enn þá meira. Menn mundu hugsa sem svo: Við skulum fara til Reykjavíkur eða Akureyrar, þá fáum við svo eða svo mikið ókeypis, og þurfum ekkert fyrir lífinu að hafa. Væri þá verr farið en heima setið að mínu áliti, því slíkt aukið aðstreymi fólks þangað, sem engin er framleiðslan og aðgjörðaleysið drotnar, getur engan veginn talist þjóðfjelaginu holt.

Þegar jeg þannig lít á bæði þessi frumvörp til samans, þá getur mjer ekki dulist, að í þeim kennir allmikillar mótsagnar. Það er mótsögn, að leggja á skatt, og borga hann svo aftur sömu mönnunum, sem hann er lagður á, eins og ætlast er til í þessum frumvörpum báðum. Slíkt getur því ekki með neinu móti komið til tals. Það verð jeg fyrir mitt leyti að telja hálfgjört óðs manns æði. En að leggja skatt á land- og sjávarsveitir, í því skyni einu, að hjálpa kaupstöðunum um alt það fje aftur gefins, sýnist mjer óviðeigandi og engin þörf á því, enn sem komið er. Það hafa verið misæri hjer á landi áður, og þá hefir verið bætt úr þeim með því, að veita hjeraðsstjórnunum hagfeld lán. Jeg tel það affarasælast, að hver bjargi sjer sem hann er maður til, án þess að þiggja beinar gjafir, enda hollast fyrir þjóðfjelagið í heildinni. Hjálp, sem er sama eðlis og sveitarstyrkur, getur ekki orðið til annars en að draga úr siðferðisþreki þjóðarinnar og lama alla sjálfsbjörgunarfýsn og framfaraviðleitni hennar.

Og með alt þetta fyrir augum, mun jeg því greiða atkvæði á móti frumv. þessu, sem og, ef til kemur, frumv. því, sem á eftir fer.

Þorleifur Jónsson: Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er fram komið á síðustu stundu, en er þó það langstærsta skattamál, sem Alþingi hefir fjallað um. Það þyrfti rækilegrar og langrar íhugunar, ef það ætti að ná fram að ganga. Tel jeg, að þinginu mundi ekki veita af heilum mánuði, til að athuga það. Hjer er farið fram á að auka skattana um 800 þús. til 1 miljón kr.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) gjörði ráð fyrir um 800 þús. kr. tekjum, en jeg

held þær verði allmiklu hærri. Í haust mun verða meira flutt út af kjöti en venja er til, sökum þess, að bændur verða að lóga miklu fleira fje, sökum grasbrests í sumar. En þó að maður haldi sjer við hans upphæð, þá býst jeg ekki við, að því verði neitað, að hjer er um þungbæran skatt að ræða.

Mjer hefir talist svo til, að skatturinn nemi um 10 krónum á hvern mann, þeirra sem stunda landbúnað, og er það dálaglegur nefskattur, ofan á aðra skatta.

Jeg held því, að það væri ekki vanþörf á að íhuga málið vandlega, áður en gleypt er við því. Jeg býst nú við, að háttv. 1. þingm. Rvk. (S. B.) og Velferðarnefndin hafi athugað málið vel. En jeg get ekki trúað því, að frumv. sje samt í samræmi við þær ráðstafanir, sem aðrar þjóðir gjöra á þessum tímum. Jeg ímynda mjer, að þær leggi ekki sama skatt á fátæklinga og ríkismenn, til að standast dýrtíðina. Mjer finst það einkennilegt, að fátæklingar sjeu látnir svara sama skatti og þeir ríku.

Við skulum nú athuga, hvernig hann kemur niður, þessi skattur.

Jeg tek til dæmis fátækan bónda í sveit. Við skulum segja, að hann eigi 80 kindur. Hann fær af þeim 160 pund af ull og greiðir útflutningsgjald af henni . . . . . kr. 16,00
Ef hann lógar 35 lömbum, sem gjöra 700 kg. af kjöti, borgar hann í útflutningsgjald . . . . . — 28,00
Útflutningsgjald af 35 gærum verður . . . . . — 3,50
Verður þá dýrtíðarsk. hans . kr. 47,50

Og þetta er fátækur maður, sem rjett kemst af, án þess að þiggja af sveit.

Samkvæmt dýrtíðarfrumvarpi því, sem háttv. 1. þm, Rvk. (S. B.) flytur, og alt þetta skattakerfi byggist á, mundi hann fá eitthvað af þessum skatti aftur, líklega upp undir 40 kr. En þann krabbagang skil jeg ekki. Fyrst er lagður á manninn geysihár skattur, og svo er honum borgað til baka aftur, að einhverju leyti,

Jeg vil líka benda á, að það mundi kosta talsvert mikið að innheimta þenna skatt. Og þegar ætti að fara að útbýta honum aftur, mun verða erfitt að finna, hverjir hafa um 2000 kr. tekjur á ári. Stjórnarráðið mundi víst þurfa að bæta við sig starfsmönnum til að reikna það út, hve miklar tekjur hver maður hefði, og líklega þyrfti að setja ótal nefndir á stofn út um alt land, og mundi það verða allkostnaðarsamt.

Ef dýrtíð og vandræði eru í landinu svo mikil, að auka þurfi tekjur að mun, þá er nær að fara þá leið, að leggja skatt á hámark tekna, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) vill gjöra í sínu frumv., en ekki leggja skattinn á alla fátæklinga og borga þeim hann svo aftur.

Því er haldið fram, að það sje dýrtíð í landinu. En mjer er spurn: Hafa komið raddir úr sveitum um það? Jeg veit ekki til, að sveitirnar hafi óskað eftir nokkurri hjálp, og víst ekki búist við að fá hana. Jeg held að alt þetta dýrtíðarmál, sem mest er talað um nú á þingi, sje með öllu órannsakað og ósannað enn; t. d. hjer í Rvík, hvort mörg, eða hve mörg, heimili verða í neyð í vetur, og virðist það því kenna æði mikillar fljótfærni, að ætla sjer að leggja afar þungan skatt á þjóðina að lítt rannsökuðu máli. Það er ekki nóg að segja, að dýrtíð sje í landinu. Það sannar ekkert, þó að útlend vara sje í hærra verði en í fyrra, því á það er að líta, að kaupgjald hefir hækkað.

Jeg verð að taka undir með háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), að jeg er hræddur um að þetta fyrirkomulag, að koma sem flestum á landsframfæri, verði aldrei

landi og lýð til sjerlegrar blessunar, heldur verði það miklu fremur til að draga úr sjálfbjargarhvötinni og auka úrræðaleysi.

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg get alls ekki ljeð þessum málum mitt fylgi.

Magnús Kristjánsson: Mjer virðist að háttv. þingdeildarmenn ættu að vera Velferðarnefndinni þakklátir fyrir, að hún hefir gjört tilraunir til að bæta úr fjárhag landsins. Hitt er annað mál, hvort hún hefir fundið heppilegustu leiðina, sem hugsanleg væri í þessu efni. Um það er nú deilt, og verður deilt í kvöld. Jeg álít, að frumv. þetta muni eiga erfitt uppdráttar, og nær er mjer að halda, að flokkur manna hjer í deildinni muni ekki ætla því að verða langra lífdaga auðið. Menn hafa látið þá skoðun í ljós, að á frumv. þessu sjeu allmiklir annmarkar. Það er ekki nema nema eðlilegt, að svo sje. Hjer er mikið vandamál fyrir höndum og ekki ljett verk að finna heppilega leið, sem allir verði ánægðir með.

Í mínum augum eru gallarnir á frv. aðallega þeir, að gjaldið er sett helst til mikið af handahófi, og að óframkvæmanlegt er að ná þessu gjaldi, þar sem gjaldstofnarnir eru nú horfnir, eða eru að hverfa. Tilgangi frumv. getur því ekki orðið náð fullkomlega. Jeg þarf ekki annað en nefna, að margar af vörutegundum þeim, sem leggja á toll á, eru nú komnar úr landinu. Tekjur af ull verða mjög litlar, og ekki miklar af síldinni. Hún er nú að nokkru leyti útflutt, og þegar það kvisast, að hækka eigi útflutningsgjald af henni, munu menn kosta kapps um að koma henni út, áður en lögin koma í gildi. Það er því útlit fyrir, að allstórt skarð verði í hinni áætluðu tekjuupphæð, og að lögin komi ekki fullkomlega að notum.

En svo er annað, sem til greina kemur; það er hve sanngjarn skatturinn er. Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) gat þess, að verðhækkunin á innlendu vörunum færi langt fram úr verðhækkun útlendu vörunnar og hefðu því allir framleiðendur hagnað af hækkuninni. Þetta getur verið að sumu leyti rjett, en jeg vil benda á, að framleiðslukostnaður sjávarútvegsmanna hefir aukist gífurlega, og miklu meira en framleiðslukostnaður bænda. Gróðinn hverfur því meira við sjávarútveginn en landbúnaðinn.

Það hefir verið sagt hjer á Alþingi, að sjávarútvegurinn ætti að bera hærra gjald en landbúnaðurinn, vegna þess, að mikið meira af landbúnaðarafurðum gengi til neytslu í landinu. Það getur verið álitamál, af hverri vörunni er meira notað, en þótt svo væri, að á því sje nokkur munur, þá er það mesta fjarstæða, að slíkt geti komið til greina í þessu sambandi, því að sjálfsögðu verður að gjöra ráð fyrir því, að framleiðendur láti ekki að jafnaði vöru sína af hendi til neytslu í landinu endurgjaldslaust. Það er annars næsta undarlegt, að nokkur skuli halda slíku fram í fullri alvöru.

Jeg held því fast fram enn, að það sje rjett, er jeg benti á við umr. um dýrtíðarmálin um daginn, að það er eitt, sem þing og stjórn geta gjört nú þegar, að takmarka útflutning afurðanna, ákveða hve mikið af þeim skuli vera eftir í landinu. Með því móti getum við haldið nægum matvælum í landinu. Það eru nóg ráð til þess, að gjöra mönnum kleift að ná í þau, en jeg vil ekki fara út í það nú; það yrði of langt mál og betra að ræða það og undirbúa í nefnd. En það er ekki nóg, að þessi ráðstöfun sje gjörð. Næst liggur fyrir að sjá um,

að Verðlagsnefndin, sem væntanlega verður skipuð bráðlega, taki til starfa og gegni skyldu sinni út í æsar og ákveði sem fyrst útsöluverð vörunnar eins lágt og unt er. Auðvitað má ekki þröngva kosti kaupmanna um skör fram, en þeir verða að sætta sig við, að selja með litlum hagnaði, meðan svo er ástatt, sem nú er. Ef þessa er gætt, þá kemur það fátæklingum að miklu liði. Það fer auðvitað talsvert eftir því, hvernig kaupmenn taka þessari ráðstöfun, hve mikið þarf að gjöra, til þess að birgja landið upp með útlendum vörum. Það er ekki einhlítt, að landssjóður nái í útlenda vöru og selji hana við vægu verði. Það verður jafnframt að gæta þess, að kaupmenn hafi ekki ástæðu til, að minka aðflutning á nauðsynjavöru til landsins, vegna óhæfilegrar samkepni frá hálfu þings og stjórnar. Verði alls þessa gætt, sem jeg hefi nú bent á, mundi það verða til þess, að draga mikið úr þeim vandræðum, sem nú virðast vofa yfir nokkrum hluta þjóðarinnar. Menn segja nú, ef til vill, að þetta jafni lítið mismuninn milli einstakra manna; sumir hafi grætt svo mikið á því, að vörurnar hafi stigið. En það er margs að gæta, þegar á að fara að ákveða um þetta. Það er auðvitað, að þótt framleiðendur fái hærra verð fyrir sína vöru, þá hefir kostnaðaraukinn við framleiðsluna líka verið talsverður. Þetta verður alt að taka til greina. T. d. hefir útvegurinn norðan lands verið arðlaus um langa hríð í ár, vegna þess, að ís hefir legið þar fyrir landi fram á sumar, svo að aflinn hefir verið talsvert minni en venjulega. Jeg vil minna menn á, að athuga það rækilega, hvort þessi gróði er eins mikill og álitið er.

Jeg vænti þess, að enginn skilji orð mín svo, að jeg sje að ráðast á frumv., er fer í svipaða átt og þetta, er hjer liggur fyrir, en jeg get tæplega verið með því, að samþykkja tölur frumv. óbreyttar. Það er ástæðulaust að vera að orðlengja þetta.

Þá eru það ummæli háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem jeg hefi ýmislegt við að athuga. Hann sagði, að sjálfsagt væri, að vinnuveitendur sæju fyrir því, að verkalýðnum liði bærilega. Jeg hygg, að háttv. þingm. (S. S.) hafi ekki hugsað þessa hugsun til enda. Þetta getur verið rjett í einstaka tilfelli, en að jafnaði hafa menn ekki fast fólk; það leitar atvinnu hjer og þar, svo það verða fáir, sem bein skylda hvílir á vinnuveitendum að framfæra. Líka ber þess að gæta, að kaupgjald hlýtur að miðast við framboð og eftirspurn á vinnunni, og getur það gjört talsverðan mismun á hinum ýmsu stöðum, eftir því sem til hagar. Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál. Jeg vona, að menn felli ekki frumv. á þessu stigi. Það er svo mikils vert, að það verður að taka það til íhugunar í nefnd, þó jeg sje viss um, að það megi ekki ganga fram í þessari mynd. En það eru líkur til, að nefnd, er fjallaði um það, tæki fram komnar athugasemdir til greina. Jeg er, fyrir mitt leyti, fús á að vinna að því, að málið geti komist í það horf, að sem flestir megi við það una.

Skúli Thoroddsen: Af því, að svo hefir atvikast, að jeg er talinn einn af flutningsmönnum frumv. þess, er hjer ræðir um, *þótt* **eigi** *sje jeg því, nje stefnu þess, fylgjandi,* þykir mjer þó nauðsyn til bera, að fara um það nokkrum orðum.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) gat þess, að í »Velferðarnefndinni«, sem svo er nefnd, *höfum vjer* **allir** *verið á því,* **að afla bæri landssjóðinum tekna,** *sem og á því, að það ætti að gjörast með útflutningsgjaldi.*

Hvað *fyrra atriðið* snertir, þá er það **rjett.**

Seinna atriðið, þ. e. að teknanna ætti að afla með útflutningsgjaldi, það er á hinn bóginn **ekki** *rjett, — ekki nema hálfur sannleikur*, að vjer höfum allir í »Velferðarnefndinni« verið þeirrar skoðunar, að það ætti að gjörast með útflutningsgjaldi.

Bæði jeg, og hv. þm. Skagf. (J. B.), bentum í nefndinni á það, að væri fjárins aflað með útflutningsgjaldi, þá mætti það **ekki** gjörast á þann hátt, sem frv. fer fram á, *heldur yrði útflutningsgjaldið þá að miðast við verð vörunnar*, eins og það væri á hverjum tíma, þar sem gjaldið gæti ella — ef varan fjelli í verði — orðið að versta **ójafnaðargjaldi.**

Háttv. 5. kgk. þm. (G. B.) var og í »Velferðarnefndinni« verðtollinum hlyntari.

En hvi jeg hafi þá gjörst einn af flytjendum frumv., munu menn spyrja, þar sem jeg hafi þó verið því mótfallinn.

Til þess er því að svara, að rjett þótti, að allir vjer »Velferðarnefndar«-mennirnir, sem í neðri deild erum, flyttum frumv. inn á þingið, svo að það sæist þá á þann hátt, að það væri vilji »Velferðarnefndarinnar«, að málið kæmist inn á þingið.

Útflutningsgjaldsfrumvarpið, sem hjer liggur fyrir, lá og fyrir, samið af einum í »Velferðarnefndinni« (1. þm. Rvk.), og því ekki annað en koma því í prentið, þar sem það þá og á hinn bóginn hefði — í öllu annríkinu — tekið að mun tíma, að fara að semja nýtt frumvarp, hvort sem nú verið hefði þá verðtollsfrumvarp, eða eitthvað annað.

Á hinn bóginn þegar liðið, mjög á þingtímann, og því **afar-áríðandi**, að málið kæmist þegar inn á þingið, svo að þingið gæti vísað því til nefndar, og ráðið því þá sjálft — í stað þess að láta ráðherra, og aðstoðarnefnd hans gjöra það — á hvern hátt tekjur yrðu landssjóðnum útvegaðar.

Að því er framkomu mína í »Velferðarnefndinni« til þessa snert r, hefi jeg — í fám orðum sagt — haldið því fram, er hjer segir:

1. að *nauðsynlegt* væri, að útvega almenningi svo ódýra útlenda vöru, sem kostur væri, — og að sjá um, að nauðsynjavörurnar væru, ef til þyrfti að grípa, til taks á ýmsum höfnum hjer á landi

2. aðlandsstjórnin gjöri og sitt til þess, að afla almenningi í höfuðstaðnum, sem og kaupstöðunum, eigi síður íslenskra afurða en útlendrar vöru, með þolanlegu verði;

Benti jeg í »Velferðarnefndinni« í því skyni á það, að mjer virtist og rjett, hvað íslenskar landsafurðir sjerstaklega snerti, að *ritað væri í sýslufjelögin og spurst fyrir um það*, **hvort menn þar væru eigi fáanlegir til þess, að selja landsstjórninni eitthvað tiltekið af kjöti o. fl. við lægra verði en markaðsverðið yrði.**

Vakti það þá fyrir mjer, að þeir, sem á ófriðnum græða, þ. e. framleiðendurnir, ættu **af fúsum vilja** — og án þess til nokkurrar lagaþvingunar kæmi — *að vilja vera þeim vel, sem bágt eiga*, og verða að kaupa miklu dýrari vörur, ófriðarins vegna, en ella.

En þessari tillögu minni, sem jeg hefi þó og skotið að ýmsum þingmönnum, þ. e. mönnum utan »Velferðarnefndarinnar«, *hefir þó hvergi verið vel tekið.*

3. Hefi jeg talið **nauðsyn**, *að landið væri birgt svo vel að ýmsri nauðsynjavöru* (kornvöru, salti, olíu, kolum, veiðarfærum o. fl. o. fl.), *að til væri einatt nægur forði*, þótt hjálpað væri þeim um ódýra vöru, jafnvel nú þegar í haust — til einhvers af vörunni gripið þá þegar í því skyni —, er þess helst þyrftu.

Og þessi forði, — tryggingin þess, að eigi yrðu nein vandræði, þótt siglingar jafnvel al-teptust um hríð — *ætti þá og*

að sjálfsögðu **eigi** *að vera til hjer í Reykjavík að eins*, en og eigi síður á hinum og þessum höfnum.

4. Hefi jeg og talið áríðandi, að landsstjórnin gæti og verið við því búin, að geta veitt sveita- og bæjar-fjelögum:

a. hjálp, er eigi væri talin sveitarstyrkur, eða þá
b. lán, eða
c. fje, til að veita mönnum atvinnu í kaupstöðunum, kauptúnunum og sjávarhverfunum, þar sem að sverfur.

Vjer vitum t. d., að að því kemur, fyrr eða síðar, að vjer byggjum landsspítala, háskóla o. fl.

Á sama hátt má og styðja sveita- og bæjar-fjelögin með hagkvæmum lánum, til þess að geta veitt mönnum atvinnu við ýms gagnleg fyrirtæki, og ættu lánin þá að vera afborgunarlaus fyrstu árin, og vextirnir mjög lágir.

En til alls þessa þarf fje — sem og til dýrtíðaruppbótar fyrir símafólkið o. fl. af starfsmönnum landssjóðs —, *og* **getur** *þá svo farið, að einnar millj. króna lántöku heimildin nægi ekki*, þótt lánið þá fengist.

Færi svo, sem vel *getur* orðið, er minst varir, að verslunarviðskiftin við Danmörku, og Norðurlönd, stöðvist, ef eigi og við Bretland, eða ef Bretar bönnuðu enn frekar en orðið er, útflutning á nauðsynjavörum ýmis konar, svo að eigi væri nema til Ameríku að leita — hvar stöndum vjer þá með fje?

Það **villir mönnum um of sýn** — en á eigi, nje má, villa mönnum sýn, — *að eigi er hjer bjargarskortur, nje vandræði enn*, enda nú um há-sumarið.

Alt hefir og í vetur, er leið, og enn fram á þenna dag, gengið að mun þolanlega, þrátt fyrir stríðið.

En því má eigi gleyma, að **hættan er nú æ sí-vaxandi.**

Ríkin, er í ófriðnum eiga, eyða æ meira og meira fje, og því — **verður** að fara að skera úr sem fyrst.

Heiptin er og sí-vaxandi, — *heiptin er* **alls einskis** *svífst.*

En *vel* **getur** *svo farið, að landsstjórnin verði um lengri eða skemri tíma* — tíma, er orðið gæti enda 1—2 ár, en nægði, þótt eigi stæði yfir, nema í $^1/_4$—$^1/_2$, eða $^3/_4$—$^1/_1$ ár — »**verði**«, *að koma í stað kaupmanna, og kaupfjelaga, að því er það snertir, að sjá þá öllum almenningi fyrir erlendum nauðsynjavarningi.*

Jeg á við það, ef öll siglingasambönd við Danmörku, Norðurlönd, og jafnvel við Bretland, *al-teppast.*

En viðskiftasambönd (og lánstraust) kaupmanna, sem og kaupfjelaganna, ef eigi þá og bankanna, algjörlega við þau lönd ein bundin, sem kunnugt er.

Það er því *rjett*, sem háttv. 1. þm. Rvk (S. B.) benti á, að *landsstjórnin* **getur** *þarfnast eigi einnar, eða 3—4 milj., en jafnvel 8—10 milj., ef eigi enn meira.*

Og þegar **eigi** *verður neitað, að slík er hættan, er yfir* **getur** *vofað, og á dottið, er minst varir*, þá væri það **stök óforsjálni**, að tryggja eigi landsstjórninni nóg fje, eða heimila henni þó nægilega lántöku, ef ske kynni, að hún — t. d. fyrir milligöngu Vestur-Íslendinga — gæti þá fengið fje að láni í Ameríku.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) benti á, að sem stæði væri eigi um *neyð* að ræða, en að eins um örðugleika í kaupstöðunum, og þetta er — **alveg rjett.**

En **vjer eigum, að brynjast gegn því, er orðið getur**, — *neyðin á æ að fyrirbyggjast, sem unt er*, og þing verður nú eigi háð, eða stendur eigi til, að verði, fyrr en eftir tvö ár.

Alt fjeð, sem landssjóður á í Ameríku, var um 600 þúsund króna, í banka í New-York, og þar af ganga nú þegar:

a, til olíukaupa (Fiskifjel. Íslands) um 100 þús.
b, matvara, þegar pöntuð frá Ameríku, eða þá sama sem pöntuð, fyrir 300—400 þús.
Eftir þá 100—200 þús.

Allir sjá, hve vel þar er búið, eða hitt þó heldur.

Jeg tek það því enn upp, og **legg áherslu á það**, *að þingið ætti* **ekki** *svo við að skilja, að eigi væri sjeð fyrir því svo vel, sem unt er,* **að landsstjórnin væri sem allra best fær um að mæta öllu því, er jeg hefi vikið að í ræðu minni,** *og væri og — fær um, að birgja að vörum, og hjálpa, og lána, eins og jeg á benti,* **ef eigi enn frekar.**

En hvað útflutningsgjaldsfrumv., sem hjer liggur fyrir, snertir, þá er mjer, eins og jeg vjek þegar að í byrjun ræðu minnar, **alveg sama**, *hvað um það verður.*

Aðal-atriðið er, **að það sje gjört,** — fyrir því nægilega sjeð, **sem þörfin er á.**

Hitt skiftir **eigi,** *hver aðferðin að öðru leyti er höfð.*

Jeg mun því greiða atkvæði með nefndarskipun, svo að málið verði sem rækilegast íhugað, þó að mjer, ef eigi lægi nefndar-íhugun fyrir, væri að sjálfsögðu næst skapi, að vera móti frumvarpinu.

Jóhann Eyjólfsson: Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir nú lýst yfir því, að hann sje andvígur þessu frumv., sem nú liggur fyrir. Mjer þótti leiðinlegt, að háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) var ekki viðstaddur, til að hlusta á þessa yfirlýsingu; jeg ímynda mjer, að honum mundi hafa farist líkt orð og Júlíusi Cæsar: »Og þú líka, barnið mitt, Brútus!«.

Þegar jeg beiddi um orðið, voru ýms atriði, sem jeg hafði ætlað mjer að taka til athugunar. En síðan hafa ýmsir tekið til máls, og sumir sagt það, sem jeg mundi hafa viljað taka fram, svo að jeg get verið fáorður, því að jeg tel ekki mikla þörf á að margendurtaka það sama.

Á þessu máli eru tvær hliðar, eins og á svo mörgu; í fyrsta lagi, hvort þörf sje á að gjöra nokkrar ráðstafanir, og í öðru lagi, hvernig þeim ráðstöfunum eigi að vera háttað.

Jeg er nú þeirrar skoðunar, að engin ástæða sje til nokkurra ráðstafana út af þessu dýrtíðarmáli, og þarf því ekki að fara mörgum orðum um, hvernig þeim eigi að vera háttað, það er þeirra manna, sem álíta slíkra ráðstafana þörf. Ef nú þarf að hafa dýrtíðarráðstafanir og Velferðarnefnd, þá er mjer nær að halda, að þeirra þurfi alt af. Vjer verðum að gá að því, að oft hefir hjer verið erfiðara útlit en nú. Bæði hafa hjer gengið landplágur, atvinnuleysi og aflabrestur. En um ekkert af þessu er nú að ræða. Nú er að eins að ræða um erfiðar ástæður, af slæmri og óhagstæðri verslun. Mjer er kunnugt um það, að oft hefir verið þröngt að kosti manna í sjávarplássum, vegna aflaleysis og lágs verðs á fiski, án þess að hlaupið hafi verið undir bagga með þeim.

Jeg man eftir því, að fyrir nokkrum tíma voru nokkrir hreppar hjer við sjávarsíðuna mjög illa staddir, og fengu þó enga hjálp, aðra en hallærislán. Sama er að segja um það, að oft hafa orðið fjárfellisvor í ýmsum sveitahjeruðum, og ýmsum erfiðleikum verið að að mæta, og nú ekki langt á að minnast, en löggjafarvaldið þó lítið skift sjer af slíku.

Ástandið hefir oft verið svo miklu verra en nú. Þá er það atvinnuleysið, sem oft hefir skapað erfiðar kringumstæður, en nú geta allir haft góða at-

vinnu. Jeg álít því, að ef nú á að fara að gjöra einhverjar dýrtíðarráðstafanir, þá þurfi þær að vera stöðugar og standandi.

Í þessu sambandi má minna á það, að þau mál sjeu síst látin niður falla, sem skapa landsmönnum atvinnu. En eftir því, sem jeg frjetti úr efri deild, þá er þar enginn hallærishugur í mönnum, því að þar er talinn óþarfi af landsmönnum að skjóta rjúpur sjer til bjargar; þeir álíta víst, að menn geti alveg eins lifað á sauðakjöti og öðrum góðum og ljúffengum mat, og því óþarfa fyrir okkur, að leggja okkur til munns slíka kattafæðu.

Mjer finst hugsun manna nokkuð á á reiki. Menn eru að kvarta undan dýrtíð og illum ástæðum, en ekki dettur mönnum í hug, að það sje rjett, að styðja menn í því, að bjargast af eigin rammleik, án annarra hjálpar. Nei! Hjer er ætlast til, að löggjafarvaldið gjöri tvent, í fyrsta lagi að binda hendur manna, svo að frelsi þeirra sje meira eða minna lamað eða takmarkað, til að vinna fyrir sjer á ærlegan og dugandi hátt, og í öðru lagi, að allir þeir menn, sem ekki geta vel bjargað sjer sjálfir, og það eins, þó að það sje af því, að þeir nenni því ekki, eða þá af því, að þeir mega ekki bjarga sjer samkvæmt nýjum lögum, þá skuli fæða þá og mata úr annarra skrínu. Eiginlega virðist mjer hugsunarháttur þingsins stefna með þessu að því, að best sje að ala hjer upp ósjálfbjarga ómenni.

Af því að jeg er eindregið á móti þessum ráðstöfunum, þá ætla jeg ekki að fara út í þann orðaleik, hvernig þeim verði fyrir komið.

Að eins skal jeg víkja að því, sem háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði, að með frumvarpinu væri fátæklingum enginn háski búinn. Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sýndi þó rækilega fram á, að af frumvarpinu stafaði háski fyrir bændur. Annars held jeg, að hver og einn skilji best sína erfiðleika; hver músin heldur, að það sje verst í sinni holu. En ómögulegt er annað en taka eftir ósanngirninni í hlutfallinu milli sveitamanna og sjávarmanna.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) hrósaði sjer af því, að frumvarpið gjörði jafnt upp á milli stjettanna, og það yrði álíka hár skatturinn, sem kæmi yfirleitt á landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir, því þó sjávarafurðirnar sjeu mörgum sinnum meiri, þá sýnist honum mjög rjett, að skifta alveg jafnt gjaldinu á milli þessara stjetta. Þetta væri reyndar í sjálfu sjer jafnrjettlátt, og að tveir menn, sem væru svo misríkir, að annar væri 10 sinnum ríkari, skyldu gjalda í skatt jafn mikla peninga báðir; þá yrði skatturinn af þeim ríka 1%, á móti því yrði þá skatturinn af þeim fátæka 10%.

Eftir sömu hugsunarfræði ætti smábær að bera jafnan skatt og stór borg; til dæmis ætti þá að vera sömu útgjöld í Reykjavík allri og Hafnarfirði.

Sigurður Eggerz: Jeg bjóst alt af við, að eitthvað fallegt kæmi út úr sorta þeim, sem hvílt hefir yfir Alþingi í sumar. Þetta fallega er nú að sýna sig. Tollafrumvörp drífa nú að úr öllum áttum. Þetta frumv., sem nú liggur fyrir, gjörir ráð fyrir 850 þús. kr. tollhækkun. Berum saman, hve tollarnir nema miklu eins og þeir eru nú áætlaðir í fjárlögunum. Útflutningsgjald er 150 þús. kr., tóbakstollur 210 þús. kr., vörutollur 375 þús. kr., kaffi- og sykurtollur 500 þús. kr. Alls nema tollar landssjóðs samkvæmt áætlun nálægt 1235000 kr. En þessi hækkun, sem nú er farið fram á, nemur um 850 þús. kr. eða ef til vill 1 miljón. Það sjá allir,

að hjer er ekki um neitt smáræði að ræða. Eftir tollhæðinni að dæma, mundi málið hafa verið talið fult verkefni fyrir aukaþing, en nú er læðst inn með það rjett í þinglokin. Að vísu er ætlast til þess, að þetta verði að eins bráðabirgðatollur, en þeir, sem fylgst hafa með tolllöggjöf annara þjóða, vita það, að eins örðugt eins og er að koma á nýjum tollum, jafnerfitt er að koma þeim af aftur, þegar þeir eru komnir á á annað borð og menn farnir að venjast þeim. Vjer þekkjum dæmi frá sjálfum oss. Vörutollslögin áttu að eins að standa í tvö ár, en að þeim tíma liðnum kom engum annað til hugar en að framlengja þau. Það getur að því rekið, jafnvel eftir að stríðinu er lokið, að örðugt veiti að venja sig af þeim tekjum, sem þetta frumv. veitir, ef það verður að lögum.

Jeg er sannfærður um það, að þótt nú sje hin besta árgæska, þá muni heyrast hljóð úr horni, ef svona lögum er dembt á þjóðina fyrirvaralaust. Jeg er algjörlega sannfærður um það, að síst af öllu mundi þjóðin hafa búist við nýjum sköttum eða tollum frá þessu þingi.

Auk þess ber að gæta þess, að tollur, sem lagður er á svo undirbúningslaust og skjótlega, getur orðið mjög erfiður skattgreiðendum. Margir hafa keypt svo og svo mikið af fiski, sem þeir hafa þegar selt í útlöndum, og kemur því ekki til greina. En svo hafa ýmsir keypt fisk, sem þeir liggja með, án þess að hafa gjört ráð fyrir þessum tolli.

Vanalegur skipsfarmur er 3500 skpd. Tollhækkunin á fiskfarminum mundi því nema c. 5000 kr. Það er skiljanlegt, að það myndi verða óþægilegt fyrir útflytjendur að greiða þenna toll, er þeir höfðu ekki hugmynd um, þegar þeir keyptu fiskinn. Þetta er ekkert smávægisatriði. Sama er að segja um kjötið. Jeg verð auk þess að taka í sama strenginn og ýmsir háttv. þm., hvað bændur snertir; jeg er kann ske líka kunnugri kjörum þeirra en sjávarútvegsmanna. Mjer er kunnugt, að síðasta horfellisárið voru margir bændur sárt leiknir. Mörgum er ef til vill ekki kunnugt, hve erfitt fátækir bændur áttu þá. Stofn þeirra var aldrei stór, og þeir mistu margir mikið af honum. Þar á ofan bætist svo skuldin til kaupmanns fyrir fóðurbætirinn, sem þó ekki gat bjargað fje þeirra. Menn geta því farið nærri um, að bændum veitir sannarlega ekki af þessu góðæri, sem nú er. Og hvað snertir sjávarhliðina, þá verða menn að gæta þess, að þeir sem þar búa, finna líka til þess, ef tollar eru hækkaðir svo gífurlega, sem hjer er farið fram á. Væru nú þessir tollar lagðir á af þeirri ástæðu, að menn hjeldu, að ekki væri annars hægt að birgja landið að matvöru, þá væri það sök sjer. En það er ekki svo vel. Nei, 600,000 kr. eiga að ganga til uppbótar ýmsum mönnum. Jeg tek það fram, að fyrsta boðorðið í þessari dýrtíð er, að sjá landsmönnum fyrir nægum vörum með hæfilegu verði í vetur. Þetta boðorð hefir verið rækt illa hingað til. Að vísu hefir mjer verið sagt, að stjórnin og Velferðarnefndin sjeu nú eitthvað farnar að hugsa um matvörukaup, og er það vel farið, og ætlar þá að rætast spá mín um, að þó þingsályktunartillaga mín um kornkaupin yrði feld, mundi hún þó ýta við samvisku stjórnar og Velferðarnefndar. En þessi tillaga var vitanlega feld af því að *þm. V.-Sk.* bar hana fram, feld af því, að jeg á ekki neinum sjerlegum vinsældum að fagna á »hærri stöðum«. *(Sveinn Björnsson:* Trúðleikur). Jeg býst nú við, að landslýður fari að skilja *hvað það er*, sem liggur á bak við stóru orðin hjá háttv. 1. þm.

Rvk. (S. B.) hjer á þingi, svo jeg mun ekki kippa mjer upp við trúðleiksóp hans.

Svo jeg víki nú að síðasta frumv. háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), þá finst mjer ekkert um það annað að segja en að það sje í hæsta máta broslegt. Allir þeir landsmenn, sem hafa 2000 króna tekjur og minna, eiga að fá hjálp af þessari tollhækkun háttv. þm. Fyrst og fremst verður líklega nokkuð erfitt að gjöra nákvæma áætlun um tekjuhæð manna í landinu yfirleitt, og gæti jeg trúað, að það vefðist dálítið fyrir stjórn og Velferðarnefnd. Í öðru lagi, þá er svo langt frá, að fjöldi þessara manna þurfi á nokkurri hjálp að halda. Og þegar litið er á þá hjálp, sem þeim er rjett, er í raun og veru eru hjálparþurfa, þá er hún 40—80 krónur. Er það ekki broslegt? Heldur háttv. 1. Rvk. (S. B.) virkilega, að þá dragi nokkuð verulega um þessa hjálp, sem eru í *þröng*. Ónei, sannleikurinn er sá, að ef á að hjálpa þeim, sem við skort búa, þá dugir ekki að rjetta þeim 50 króna seðil og láta þá svo sigla sinn sjó. Og eins og háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) tók svo rjettilega fram, þá þurfa fæstir eða engir af þeim mönnum, er grætt hafa á landbúnaðinum í ár, nokkurrar hjálpar. Ónei, besta hjálpin fyrir *fátæklinga* er sú, að stjórnin sjái þeim fyrir kornvöru, sem seld sje með innkaupsverði, þegar harðna fer í ári. (*Sveinn Björnsson:* Hvað kostar það?). Ef keypt yrði kornvara fyrir $^1/_2$ miljón, þá mundi það í viðbót við það, sem kaupmenn og kaupfjelög kaupa, reynast alldrjúg hjálp, þegar í vandræðin rekur.

Jeg skal ekki þreyta háttv. deild á lengri ræðu um þetta. En jeg er óbifanlega sannfærður um, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hristir höfuðið, er hann sjer þessi fáránlegu frumv. háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) og þetta afskaplega tollfrumv. (*Margir:* Heyr!).

Jón Magnússon: Jeg get ekki tekið undir það með meðflutningsmanni mínum, háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að jeg sje á móti þessu frumv. Hitt verð jeg að játa, að jeg bjóst aldrei við, að það mundi ganga fram óbreytt. Jeg fyrir mitt leyti legg *ekki* áherslu á það, hvort lagður verði á verðtollur eða vörutollur. Jeg get ímyndað mjer, að vörutollsfyrirkomulagið væri betra í framkvæmd, en mætti þó koma svo fyrir, að ekki yrði tilfinnanlegra eða óþægilegra fyrir framleiðendur. Vjer flutnm. frumv. höfðum þann aðaltilgang með frumv. þessu, að koma málinu inn á þingið, í því skyni, að fá einhvern tekjuauka fyrir landssjóð af hinni óvenjulegu verðhækkun á afurðum landsins. Og við vonuðum, að þótt deilt kynni að verða um aðferðina, þá mundi þó málinu sjálfu tekið þinglega og með stillingu. Það hefir, því miður, ekki orðið. Menn hafa látið sjer sæma að blanda illindum og ofsa inn í málið.

Jeg fæ ekki skilið það hjá háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), að hann virðist halda, að þessi skattur geti orðið til frambúðar. Allar nálægar þjóðir í hlutlausum löndum hafa gjört líkar ráðstafanir þessu, að reyna að tolla þann sjerstaka gróða, er leitt hefir af ófriðnum. Það eru ekki smásummur, sem inn fást með þessu móti. Jeg skal t. d. geta þess, að mjer er sagt, að eitt fjelag í Danmörku hafi greitt í því skyni 700,000 kr.

Jeg skal ekkert um frumvarpið sjálft segja frekar að sinni. Jeg vona að eins, að háttv. deild taki þessari málaleitan sæmilega og felli ekki frumv. frá frekari meðferð, heldur láti athuga það í nefnd. Það væri undarlegt, ef það væri ekki gjört. Jeg man, að tal-

að var um það af miklum móði hjer í háttv. deild í sumar, að óhæfa væri að stemma stigu fyrir nauðsynlegum viðskiftum, með því að kyrsetja vörur í landinu, og betra væri að taka heldur eitthvað af gróðanum til almennra þarfa. Nú er ekki farið fram á annað en að athuga, hvort ekki sje hægt að taka einhvern toll af gróða framleiðenda. Leiðina, sem fara skal, má deila um, eins og jeg áður hefi tekið fram. Meiningarnar virðast vera eins margar og mennirnir í háttv. deild. Það virðast þó flestir þeirrar skoðunar, að landssjóður þurfi tekjuauka, sjerstaklega vegna uppáfallandi kostnaðar, vegna ófriðarástandsins, og má ske tekjumissis hans vegna, en menn eru í vandræðum með að hengja bjölluna á köttinn. Og að fara að taka lán nú, álít jeg mjög svo athugaverða ráðstöfun fyrir landssjóð. En jeg hygg rjett undir öllum kringumstæðum, að reyna til þess, að ná einhvern veginn í gjöld í landssjóð, til þess að hjálpa þeim, sem bágstaddastir eru. Það hefði náttúrlega getað komið til orða að setja allar matvælaverslanir landsins undir stjórn þess opinbera, en það vantar peninga til þess líka. Eina ráðið verður því að ná í peninga, og jeg hygg, að það verði ekki gjört, nema með einhvers konar útflutningstolli.

Jeg enda svo þessa ræðu mína á því, að taka það enn fram, að jeg vænti þess um fram alt, að háttv. deild taki þessu máli sæmilega og þinglega.

Guðmundur Hannesson: Þegar fyrsta dýrtíðarfrumv. kom hjer inn í þingið frá nefndinni, þá sýndist mjer, sem henni hefði getað tekist betur. Það var engu líkara en að nefndin færi í kring um fjárspursmálið, kjarna málsins, eins og köttur í kring um heitan graut.

Tilætlunin var sú, að útflutningsbannið ynni einkum tvent, bæði að sjá fyrir nægilegum matvælum í landinu, og hæfilegu verði fyrir fátæklingana á þeim. Mjer hefir ekki fyllilega skilist, að þetta hefði náð tilgangi sínum með vörur, sem geymast lengi, svo sem kjöt og fisk t. d.

Nú í þinglok kemur hvert dýrtíðarfrumv. eftir annað inn í þingið, eftir dúk og disk. Þessi frumv. hafa þó þann kost, að þau eru ljós og auðskilin. Það á að afla fjár með nýjum sköttum, og það á að verja þessu fje til þess, að bæta úr skortinum. Samt sem áður finst mjer ýmislegt við þessi frumv. að athuga, og stefna þeirra að sumu leyti á huldu og ekki alskostar heppileg.

Það hefir verið lögð mikil áhersla á það, að nú væri *dýrtíð*, að vörur hafi hækkað í verði um nálega 40%. Að vísu hefir flest hækkað í verði að miklum mun, en í raun og veru er þetta engin sönnun fyrir því, að neinn voði sje á ferðum. Þrátt fyrir þetta má vel vera, að flestir geti bjargast af eigin ramleik. Það getur tæpast verið hlutverk þingsins, að halda jöfnu verði á verslunarvörum.

Flestir ræðumenn gjöra ráð fyrir því, að sjálfsagt sje að gjöra eitthvað. Vel má vera, að nokkur ástæða sje til þess, en hverri meginreglu skal þá fylgja? Oft kemur það fyrir, að illa árar. Hve nær ber þá þinginu skylda til þess, að taka í taumana og gjöra dýrtíðarráðstafanir? Og er ástandið nú svo bágborið í landinu, frekar en nokkru sinni áður?

Fyrst má spyrja, hvað hefir verið gjört áður undir líkum kringumstæðum, ef hallæri hefir gengið yfir heilar sveitir? Annaðhvort ekkert, eða að hallærislán hafa verið veitt, en oftast af skornum skamti. Annað hefir ekki verið gjört. Hvernig stendur á því, að nú hefir enginn á þau minst? Jeg ætla mjer annars ekki að halda fram hall-

ærislánum; þau munu fæstum hafa vel gefist. En þingið hefir auðsjáanlega fylgt þeirri meginreglu, að hjálpa almenningi ef *neyð* og *skortur vofir yfir*. Annars ekki. Jeg sje ekki, að þingið geti fylgt neinni annari reglu, án þess að komast út í ófærur.

Það, sem þó er sjálfsögð skylda þingsins í þetta sinn, er tvent, og annað ekki. Í fyrsta lagi að greiða götu *fátæklinga*, ef þess gjörist nauðsyn, t. d. með því, að sjá þeim fyrir nauðsynjavörum gegn hæfilegu verði. Í öðru lagi, að sjá landssjóðnum fyrir þeim tekjum, sem nægi til þess, að vega á móti kostnaðinum. Þrátt fyrir allan barlóm mun óhætt að fullyrða, að stórfje þarf tæpast, til þess að fullnægja öllum sanngjörnum þörfum fátæklinganna í bæjunum, sem sjerstaklega eiga erfitt uppdráttar. 50,000 kr. mundu fyllilega nægja til þess, að lækka kjötverð fyrir þá í öllum kaupstöðum um 10 aura á pundi. Með 100,000—200,000 kr. tel jeg vafalaust að megi uppfylla allar sanngjarnar kröfur þeirra, sem nokkur neyð vofir yfir. Og það þarf hvorki heila nje hálfa miljón til þess að vinna þenna kostnað upp. Til þess þyrfti ekki annað en örlítinn skatt á allar útfluttar vörur, sem engum yrði tilfinnanlegur.

Í þeim frumv., sem hjer liggja fyrir, er þessi leið ekki farin. Tekjurnar til landssjóðs eru áætlaðar miklu hærri þar. Jeg mundi ekki lasta það, að landssjóður fengi töluverðan tekjuauka, ef ekki væri við búið, að honum væri aftur eytt til ýmislegs óþarfa, nýrra embætta, launahækkunar og þvílíks. En síðara frumv. fer fram á dýrtíðarhjálp, sem nær miklu lengra en þörf er á. Það er alveg rjett, að engan mun á að gjöra á opinberum starfsmönnum og öðrum mönnum. Það á að hjálpa *öllum*, sem neyð vofir yfir. En hjer er svo langt farið, að hjálpa öllum, sem hafa 2000 kr. tekjur og minna. Jeg sje engin líkindi til þess, að meðalheimili hjer á landi hafi meira en 1400—1500 kr. í árstekjur. Fyrir nokkrum árum voru meðaltekjur í Noregi 275 kr. á mann, þó þær hafi vaxið óðfluga síðan. Jeg hefi tvisvar reynt að gjöra áætlun um meðaltekjur manna hjer, og telst mjer til, að þær mundu vera um 260 kr. á hvern mann í landinu, þegar ekki er dreginn frá neinn kostnaður, sem er auðvitað mjög mikill, Jeg skal ekki fullyrða, að þetta sje rjett, en hygg þó, að það fari nálægt lagi. Meðalheimili hjer hefir ekki 2000 kr. tekjur. Eftir þessu gengur frumv. eiginlega út á það, að taka af öllum og gefa öllum aftur, eða því sem næst. Þetta er of langt gengið að mínu áliti. Jeg vil ekki gjöra lítið úr starfi háttv. Velferðarnefndar, en jeg hygg að eins, að hún hafi yfirgefið þá stefnu, er hún hefði átt að fylgja. Jeg vil ekki amast við, að þessi frumv. komist í nefnd, í þeirri von, að þeim verði breytt svo, að þeir einir hljóti hjálp, er *virkilega þurfa*. Annars verður þetta til þess, að trufla fjárhag landsins, og dýrtíðarstyrkurinn yrði hefndargjöf þeim, sem hann fengju.

Flutnm. (Sveinn Björnsson): Það yrði alt of langt mál ef jeg ætti að fara að svara öllum þeim athugasemdum, sem komið hafa fram frá hv. þingdeildarmönnum, síðan jeg talaði síðast, og skal jeg því ekki fara mikið út í að svara þeim, enda eru umræðurnar þegar orðnar ærið langar.

Mjer skilst, að árangurinn af umræðunum um þetta mál í dag sje þessi: Menn skiftast í tvo flokka, og segir annar þeirra, að það sje engin dýrtíð í landinu, sem sje þess verð, að gjörðar sjeu nokkrar óvenjulegar ráðstafanir af hálfu lög-

gjafarvaldsins. Hinn flokkurinn segir, að það sje að vísu dýrtíð í landinu og alvarlegt ástand, svo að vert sje að gjöra einhverjar ráðstafanir, en þeim líkar ekki frumv. Við þá menn, sem líta svo á, að hjer sje ekki um nein vandræði að ræða, er erfitt fyrir mig að tala, því að þeir lita öðrum augum á þetta mál en jeg gjöri. Við gætum, hvað það snertir, haldið áfram að stæla í alla nótt, án þess að líkindi sjeu til, að við yrðum á eitt sáttir. Við hina mennina vil jeg segja það, að þessi frv. eru fram komin til þess, að vekja eftirtekt hins háa Alþingis á þessu máli. Nefndarmennirnir hafa altaf gjört ráð fyrir því, að hvorugt þessara frv. gengi fram í óbreyttri mynd. En útflutningsgjaldsfrumv. er fram komið af því, að við álitum, að það þyrfti að afla landssjóði tekna, og mitt frumv. er komið fram af því, að jeg vildi vekja athygli Alþingis á því, að hjer þurfi eitthvað að gjöra, ef ekki á að draga til stórra vandræða á komandi tímum. Sumir segja, að það sje ekki vert að vera að þessu; það hafi áður verið hallæri í landinu og bjargast þó alt af fram á þenna dag. Það eru nú ekki neitt gleðilegar endurminningar, að hugsa til þess að menn hafi fallið hrönnum saman af hungri og harðrjetti, og þótt ekki líti út fyrir slíkt nú, þá ættum við vera komnir á það menningarstig, að þola ekki, að fólk líði neyð og skort, ef hægt er að afstýra því. Nú hafa menn fengið tækifæri til að koma fram í frumvarpsformi með aðrar uppástungur, sem hið sama liggur á bak við og hjá nefndinni. Enn fremur hafa menn fengið tækifæri til að ræða málið hjer á fundi, og þar með ef til vill fengið það betur skýrt en áður. Jeg hygg, ef nokkur alvara á að fylgja þessu máli á annað borð, að menn geti ekki haft neitt á móti því, að þessi frumv. fari til nefndar, til þess að úr þeim og öðrum uppástungum megi sjóða frumv., sem menn geta komið sjer saman um, svo að þingið afgreiði þetta mál á sæmilegan hátt.

Þótt ekki leiddi annað af því, að þessi frumv. komu fram, en það, sem hv. 1. þm. Húnv. (G. H.) drap á, að eitthvað verði gjört til að greiða fátækum mönnum götu, svo að þeir þurfi enga neyð að líða, þá vildi jeg þó gjarnan eiga minn þátt í þeim, og sæi ekki á neinn hátt eftir, að hafa verið með í að flytja þau, jafnvel þótt jeg gjörði mig að skotspæni hláturs þess hjá þjóðinni, sem hv. þm. V.-Sk. (S. E.) svo spámannlega spáði mjer. En jeg hygg nú, fyrir utan þetta, hvað langt eða skamt menn vilja fara í að hjálpa fátæklingunum, þá verði líka á einhvern hátt að afla landssjóði tekna, því að það er óforsvaranlegt, að þingið skilji nú, án þess að sjá landssjóði fyrir tekjum, til að afstýra vandræðum, sem að höndum geta borið. Hvernig sem menn koma sjer saman um að afla landssjóði tekna, er ekkert vit í að halda því fram, að með því verði lagður sá skattur á þjóðina, sem ekki verði unt að afnema síðar. Eins og hv. samþingismaður minn (J. M.), tók ljóslega fram, er bráðnauðsynlegt, vegna stríðsins, að leggja nú skatt á, sem að sjálfsögðu yrði afnuminn að því loknu. Það er mjög fjarri sanni, sem háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) sagði um vörutollslög í þessu sambandi. Þar var ekki um neinn óvenjulegan skatt að ræða, heldur um skatt, sem vegna afnáms áfengistollsins var settur inn í hinn venjulega tekjubálk, eins og hann var áður. Jeg vænti þess, úr því að þessi frumv. eru komin fram af hálfu Velferðarnefndarinnar, þá sýni háttv. þingdeildarmenn henni þann sóma, að setja nefnd í þau. Það væri að mínu áliti of mikið hugsunarleysi, að vilja á nokkurn hátt stuðla að því, að

þau verði ekki athuguð í ró og næði af sem flestum málspörtum.

Pjetur Jónsson: Mjer hefir skilist það á sumum ræðumönnum, að þeir teldu vafa á því, að rjett væri að setja þessi mál í nefnd. Jeg hefi fyrir mitt leyti álitið, að það væri sjálfsagður hlutur, að þau frumv., sem kæmu frá Velferðarnefndinni yrðu tekin til yfirvegunar af annari nefnd. Jeg bjóst við, að það gæti engum dottið annað í hug en að láta þau ganga til nefndar, þó tíminn sje orðinn stuttur. Það væri ekkert eðlilegra, en Velferðarnefndin segði af sjer störfum, ef það verður ekki gjört.

Ráðherra: Jeg vil taka í sama strenginn og háttv. S.-Þ. (P. J.), að hvernig sem maður lítur á þessi frumv., þá megi deildin ekki sýna flytjendunum þá óvirðingu, að fella þau frá nefnd. Nú er svo komið, að hjer eru á ferðinni í þinginu fleiri frumv., sem snerta þetta mál. Hjer í deildinni eru fram komin tvö frumv., annað um dýrtíðarskatt af tekjum, flutt af háttv. þm. Dal. (B. J.), og hitt um stimpilgjald. Í Ed. er flutt frumv. um afnám tolla, og enn fremur eru á ferðinni hjer í þinginu tvö frumv. um dýrtíðaruppbætur. Jeg ætla ekki að fara út í neitt af þessum frumv., en mjer finst það sjálfsagður hlutur, að þingið athugi þau í ró og næði. Það hefir kent nokkurs ofsa í umræðunum, en það er fyrst og fremst aðgætni og athugun, sem hjer þyrfti að komast að. Þar með er ekki sagt, að jeg sje að öllu leyti samdóma öllu því, sem í frumv. stendur, þótt jeg leggi til, að þau sjeu rólega athuguð, en það mætti sjálfsagt úr þeim öllum búa til eitthvað nýtilegt. Jeg gæti hugsað mjer, að menn gætu vel samþýtt hagsmuni, eða rjettara sagt óhagsmuni margra, svo að flestir mættu vel við una, ef menn á annað borð álíta nauðsynlegt, að afla landssjóði tekjuauka. Ef menn líta ekki svo á, þá er hægt að losna við frumv.

Ef Nd. kýs nefnd í málið, þá væri gott að sú nefnd bæri sig saman við við nefndina í Ed., því að annað frv. fer fram á hækkun, en hitt á lækkun. Það dugar ekki, að afgreiða lækkunina, án þess að eitthvað sje gjört til að vega þar í móti.

Bjarni Jónsson: Það er að eins örstutt athugasemd.

Mjer skilst það vera rjett, að líta svo á, sem þetta mál sje komið frá nefnd, og þegar svo stendur á, er ekki vani, að setja nýja nefnd í málin. Það er komið frá Velferðarnefndinni, og þótt hún sje ekki sjerstök þingnefnd, þá er hún þó kosin af þinginu í þetta mál alt.

Rjettast væri fyrir Velferðarnefndina og stjórnina, að taka nú þessi mál út af dagskrá og koma svo með eitthvað svipað því, sem hæstv. ráðherra sagði, að niðurstaðan gæti orðið. Það má eflaust sjóða upp úr þeim eitthvað nýtilegt, sem allir gætu gengið að. Jeg vil því mælast til þess, að hv. Velferðarnefnd taki málin út af dagskrá og athugi þau betur, og leggi þau síðan fyrir deildina á ný í breyttri mynd.

Ráðherra: Jeg held að þetta sje ekki rjett álitið hjá háttv. þm. Dal. (B. J.). Fyrst er nú það, að þessi svokallaða Velferðarnefnd er kosin í sameinuðu þingi. Það vill svo til, að nokkrir menn úr henni, eða þeir þrír menn, sem sæti eiga í neðri deild, hafa gjörst flutningsmenn að þessum frumv. Hlutverk nefndarinnar er ekki að semja frumv.

Hún er nánast administrativ. Það er ekki á móti þingsköpunum að skipa nefnd í málið, og jeg held að deildin myndi græða meira á því, heldur en að vísa því aftur til flutningsmannanna. Jeg skildi háttv. þm. Dal. (B. J.) svo, að hann áliti, að úr því að málið kæmi úr nefnd, þá ætti ekki að skipa nýja nefnd í það hjer, heldur ætti að vísa því til sömu nefndar aftur.

ATKVGR.:

Tillaga um 7 manna nefnd feld með 16:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Arnórsson,	Björn Hallsson,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Magnús Kristjánss.,	Bened. Sveinsson,
Matthías Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Sig. Gunnarsson,	Einar Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Guðm. Eggerz,
Sveinn Björnsson.	Guðm. Hannesson,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Stef. Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Sigurður Sigurðsson greiddi ekki atkvæði, og taldist til meiri hlutans.

Hannes Hafstein var fjarverandi.

Felt að vísa málinu til 2. umr. með 15:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Arnósson,	Björn Hallsson,
Guðm. Hannesson,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Benedikt Sveinsson,
Magnús Kristjánss.,	Einar Jónsson,
Matth. Ólafsson,	Guðm. Eggerz,
Pjetur Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Gunnarsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónsson,
Sveinn Björnsson.	Sigurður Eggerz,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Bjarni Jónsson og Björn Kristjánsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Hannes Hafstein var fjarverandi.

Frumv. þar með *fallið.*

---

19. Stimpilgjald.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. ágúst, var útbýtt *Frumvarpi til laga um stimpilgjald.* (A. 648).

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Þetta frumv. er of seint fram komið, og þarf því að leita leyfis deildarinnar til afbrigða frá þingsköpunum, til þess að mega taka það fyrir.

Samþykt í einu hljóði að leyfa afbrigðin.

Flutningsm. (Eggert Pálsson): Jeg skal leyfa mjer með fám orðum að gjöra grein fyrir þeim orsökum, að jeg og háttv. meðflytjandi frumv. (B. J.) höfum tekið frumvarpið upp og lagt það hjer fyrir háttv. deild.

Ástæðurnar eru stuttu máli þær, að margir þingm. munu vera smeykir við, að þarfir landssjóðs verði meiri en svo, að þeim verði fullnægt með fyrirliggjandi fje.

Fjárlögin eru nú farin frá þessari deild með allmiklum tekjuhalla. Að vísu er ekki vel að marka það, því að í athugasemdum við ýmsar mestu fjárveitingarnar, hefir það verið tekið fram, að stjórnin þurfi ekki, ef fjárþröng verði, að láta framkvæma þau verk, er fjárveitingum þessum á að verja til.

Það er því ekki víst, að tekjuhallinn verði svo mikill, sem ráð er fyrir gjört, eða sjálf 20. gr. fjárlaganna sýnir. En þó má undir öllum kringumstæðum búast við, að hann verði nokkur, og því er ekki nema gott, ef hægt er með hægu móti að afla tekjuviðbóta landssjóðnum til handa. Og það því fremur, sem lagt hefir verið nýlega fram frumvarp fyrir þessa deild, sem eykur útgjöld landssjóðs að nokkru, ef það verður samþykt. Jeg á við frumvarpið um dýrtíðaruppbót handa opinberum starfsmönnum landsins.

Við þetta eykst tekjuhallinn, og væri því gott ef þessi skattur, sem hjer er um að ræða, stimpilskatturinn, yrði samþyktur, því að með honum myndu tekjur landssjóðs aukast um ca. 25 þús. kr., að minsta kosti, eftir því sem skattamálanefndin komst að raun um, er hún fjallaði um þetta mál. En sýndist mönnum, að láta þennan skatt ná til víxla og ávísana, sem ekki er farið fram á í frumvarpinu, og jeg skal ekkert segja um, hvort sje heppilegt eða ekki, þá liggur í augum uppi, að skatturinn eykst að sama skapi. En hversu mikið það kann að verða, skal jeg láta ósagt.

Það gefur að skilja, ef frumv. þetta nær fram að ganga, að meiningin er sú, að þær tekjur, er fást með skattinum, verði ekki að eins fyrir næsta fjárhagstímabil, heldur verði þetta framhaldandi skattur, enda mun oftar en nú þörf fyrir landssjóð, að honum sje aflað tekna fram yfir þær, sem nú eru. Það er því ekki ástæða til að hafna þessum skatti síðar meir, ef frv. yrði nú samþykt, og það því síður, sem búast má við, að hann verði tiltölulega fremur vinsæll hjá þjóðinni.

Það eru líka fleiri en við, flytjendur frumvarpsins, þeirrar skoðunar, að rjett sje, að leggja svona skatt á, ef á annað borð nýrra skatta sýnist þörf. Skattamálanefndin forna, er svo má nefna, taldi þetta rjett og var þessu fylgjandi. Sömuleiðis ýmsir þingmenn síðar. Þetta mál var t. d. borið fram á þingi 1912 og 1913, þótt það næði ekki samþykki þingsins að því sinni.

Þar sem menn litu svo á áður, að skattur þessi væri vel leggjandi á, eins og þá stóð á, þá sýnir það, að engin fjarstæða er að hugsa sjer, að taka hann nú upp, þar sem nú er, að flestra áliti, fremur erfitt um tekjur handa landssjóði.

Hvað snertir frumvarpið sjálft í heild sinni, þá kemur ekki til mála, að við flutningsmenn þess svörum til galla þeirra, sem á því kunna að vera, ef nokkrir eru. Við höfum lýst yfir því, að við höfum tekið frumvarpið upp orðrjett eftir skattamálanefndinni frá 1907. Ef gallar eru á því, er það vitanlega hún, sem verður að svara til þessa, nema gallarnir sjeu síðar komnir fram fyrir tilstilli löggjafarinnar. En þá ber nefnd þeirri, sem að líkindum fjallar nú um málð, að sníða þá galla af.

Prentvillur hafa slæðst inn í frumv., en þær valda ekki neinni efnisbreytinu, heldur eru þær að eins hvað málið snertir. Í 5. gr. 3. málsgr.: »sem eftir stimpluðu heimildarskjali o. s. frv.«, á að vera: »sem eftir stimpluðu o. s. frv.«. Í 6. gr. er útlent orð skakt prentað: »commissios«, á að vera: »commissions«. Í sömu grein stendur: »valdið rjettarmissis«, en á að vera: »valdið rjettar-

missi«. Í 12. gr. hefir fallið í burtu að taka fram, hve nær lögin skuli ganga í gildi. Þar stendur 19.... en á vitanlega að vera 1916.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um málið. En vildi deildin á annað borð sinna málinu, þá óska jeg, að það verði sett í 5 manna nefnd.

Skúli Thoroddsen: Jeg vil að eins geta þess, að undanfarið hefi jeg yfirleitt verið beinum skattaálögum **andvígur**, og því er jeg því **algjörlega** mótfallinn, að stimpilgjald sje lögleitt hjer á landi. —

Ástæðan til þess er sú, að stimpilgjaldið gjörir alla samninga *að miklum mun* örðugri, og fyrirhafnar meiri, en ella, og jafnframt því *kostnaðarsamari*.

En við eigum **ekki** að gjöra leik að því, *að torvelda viðskifti manna — eigum miklu fremur að kappkosta*, **að gjöra þau sem allra óbrotnust og vandaminst.**

En vjer megum eiga það **víst**, að hjer fer, eins og í öðrum löndum, þar sem slík lög hafa verið gefin.

Ákvæðin reynast, *er til framkvæmdanna kemur*, **engan veginn** svo skilmerkileg, að ekki rísi þá upp *ágreiningur*, um hitt eða þetta, þ. e. um það, undir hvern flokkinn það eða það heyri o. s. frv., og eftir nokkur ár *verður þá kominn heill bunki af stjórnarúrskurðum* ef eigi og dómum, sem menn þurfa þá og að þekkja, **engu síður** en lögin sjálf.

Alt þetta eykur þá alþýðumönnum, og fjöldanum öllum *ekki* lítinn kostnað, og fyrirhöfn, og *fæstir*, sem geta þá treyst sjer, eða komist af, án lögfræðilegrar aðstoðar.

Það, að lögleiða stimpilgjöldin hjer á landi, **gjörir því öll viðskifti manna enn örðugri en nú eru**, og alt það *vafstur* og *óþægindi*, sem þar af leiðir, yrði þá og **ekki** metið til peninga.

Almenningi yrði það þá ekki einungis *jafn*tilfinnanlegt, heldur jafnvel *miklu* tilfinnanlegra en sjálfur skatturinn, og greiði jeg því *hiklaust* atkvæði gegn frumv.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að lýsa undrun minni yfir því, að háttv. sessunautur minn (Sk. Th.) skuli snúast gegn jafn meinlausu frumv. og þetta er. Jeg hefi oft þurft að láta stimpla skjöl erlendis og aldrei orðið fyrir töf af því, eða öðru tjóni en auraútlátunum, sem það kostaði. Menn þurfa ekki að lesa lög og dóma, til þess að komast upp á slíkt. Það er auðvelt, og lærist fljótt af sjálfu sjer, enda leiðbeina þá yfirvöldin, ef þess þarf. Og þótt einhvern tíma kynni að verða vafi á því, undir hvern flokk eitthvað ætti að teljast, þá munar ekki svo miklu, hvað ofan á verður í því efni, að mikill skaði geti að því orðið.

Þetta frumv. er, eins og önnur gjaldafrumv., ætlað til þess, að útvega landssjóði dálitlar tekjur, og satt að segja er það ekki ósanngjarnt, þótt eitthvað þyrfti að gjalda af braski því, er nú tíðkast svo mjög, og alloft er ekki nema málamyndasala, svo sem þegar verið er að skifta á húsaskrokkum og menn þá stundum gintir til illra kaupa, og væri vel, ef þetta gæti orðið til þess, að hefta það fargan lítið eitt, óbeinlínis.

Annars hjelt jeg síst, að jeg þyrfti að fara að mæla með tekjuaukafrumv. eins og þessu. Mjer hefir þó heyrst þjóta í þeim skjá, nú um hríð, að þeirra væri þörf, og er skemst á að minnast, að hjer var til umr. í gærkvöld frumv., sem átti að hjálpa þeim, sem verst eru staddir og ekkert »framleiða«. *(Sveinn Björnsson:* Þingið vildi ekki sinna því). Jú,

þingið vill eitthvað í þá átt, en hins vegar hefði háttv. 1. þingm. Rvk. (S. B.) átt að hafa mín heilræði og taka það frumv. aftur, því að þá hefði hann getað sparað sjer það, sem nú er fram komið. En jeg endurtek það, að jeg undrast, að nokkur skuli hafa á móti þessu frumv. mínu hjer í þessari tíð, þegar menn eru í vandræðum með tekjur handa landssjóði, því að nokkurra peninga aflar það honum þó, og það eru engir blóðpeningar. Háttv. sessunautur minn (Sk. Th.) segir, að lítið muni um það. Það er þó varlega áætlað 25 þús. kr. á ári af skattanefndinni forðum, og nú mundi það vera jafnvarlega áætlað $^1/_8$ hærra. Jeg efast um, að öllu meira þyrfti til þess, að borga hóflegan verðmismun á nauðsynjavöru fyrir fátæklinga hjer í dýrtíðinni, og það er, eins og jeg hefi áður sagt, sú eina aðferð til dýrtíðarhjálpar, sem nokkurt vit er í. Að minsta kosti ætti þetta fje að nema um 40,000 kr., og jeg skil ekki, að þeir líti smáum augum á það, sem halda að landið muni um 100 kr., handa einum fátækum kennara. (*Jón Magnússon:* Því lætur háttv. þingm. svona? Það eru ekki svo margir á móti þessu). Jeg má tala við þá, sem eru á móti því, og háttv. 2. þingm. Rvk. (J. M.) getur seinna tekið upp þykkjuna fyrir háttv. þingm. N.-Ísf (Sk. Th.), ef honum þykir jeg sauma of mikið að spjörum hans. Annars er það gott, ef margir vilja fylgja þessu máli. (*Skúli Thoroddsen:* Hví mælti háttv. þingm. móti tekjuaukafrv. í gær?). Það situr ekki vel á háttv. þingm., að spyrja að þessu, þar sem hann játaði þá sjálfur, að sjer þætti það frumv. óhafandi, enda þótt hann væri meðflutnm. að því. Jeg var á móti því frumv., af því að það var á ranglátum grundvelli bygt, en þessi aðferð til tekjuauka er ekki ranglát, enda algeng annarsstaðar. Auk þess mætti minna á það, að jeg hefi komið fram með annað frv. til tekjuauka, sem er á rjettlátum grundvelli bygt, þótt vera kunni, að gjöldin sjeu þar sett of hátt, en það má ætíð laga.

Jeg vona, að bæði háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og aðrir samþ. þetta frv., því að það er alveg sjálfsagt.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 : 1 atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 15 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu

Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,
Pjetur Jónsson,
Þórarinn Benediktsson,
Guðmundur Hannesson.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 11. sept., var frumv. tekið til 2. u m r. (A. 648, n. 831 og 900, 859).

Framsögum. minni hl. (Eggert Pálsson): Minni hl. þykist ekki þurfa að tala langt mál með þessu frumv., því að það vill svo vel til, að framsm. minni hlutans er sá sami, sem var annar flutningsm. frumvarpsins, þegar það kom fyrst hjer inn í háttv. deild, og gjörði hann þá þegar grein fyrir því, af hverjum hvötum það væri fram borið. Þær eru þær, að hjer sje um gjald að ræða, sem tiltækilegt sje að leiða í lög, þar sem þörfin er svo mikil, sem allir vita, fyrir tekjuauka, þótt ekki sje meira en þetta. Það mun hafa verið gjört ráð fyrir því af skattanefndinni 1907, að þá mundu fást með þessu frv., ef það yrði að lögum, 25 þús. kr. tekjur í landssjóð á ári. Og þótt það yrði ekki meira nú, sem upp úr stimpilskatti

fengist, sem verður að teljast heldur lítið í lagt, eins og nú horfir við, árið 1915, þá er það ekki ólíklegt, að þessar skatt-tekjur yrðu nú heldur ríflegri, eftir því, sem viðskiftin aukast og framfarirnar í landinu yfirleitt. En þótt þótt þær aldrei yrðu nú meiri, segi jeg, en skattanefndin áætlaði, þá nema þær þó 50 þús. kr. á fjárhagstímabili, og það er þó svo mikið, að alt af ætti að megá koma einhverju þjóðþrifa fyrirtæki á fót fyrir það á hverju fjárhagstímabili.

Okkur, minni hl., hefir ekki getað skilist það, að ekki sjeu sömu ástæðurnar fyrir hendi nú, eins og þá er skattamálanefndin lagði til, að þetta gjald yrði lögleitt; og við höfum ekki getað sannfærst um það, á þessum stutta tíma, að nokkur veruleg hindrun hafi getað komið í veginn fyrir það, að það nái fram að ganga. Milliþinganefndin frá 1907 áleit það tiltækilegt þá, og síðan hafa engar breyttar kringumstæður orðið, sem geti gjört það ókleift, svo að ef ekki má samþykkja það nú, þá hlýtur skattanefndinni frá 1907 að hafa skjátlast mjög svo átakanlega.

Við verðum því eindregið að leggja það til, að frumv. verði samþ. nú. En hins vegar höfum við leyft okkur að ráða til, að á því verði gjörðar ofurlitlar breytingar. Við leggjum sem sje til, að strikuð sjeu út úr 4. gr. tvenns konar brjef, sem þar standa meðal þeirra, er ætlast er til að $^1/_2$% sje goldið af, sem sje erfðaskrár og byggingarbrjef jarða, og að þau sjeu flutt yfir í 6. gr., undir þau brjef, sem greiða á af föst, ákveðin gjöld.

Okkur þykir það hart, að heimta $^1/_2$% af hverju byggingarbrjefi, þar sem þau eru skjöl, sem búast má við, að oft þurfi að endurnýja, og þótti okkur því rjettara, að af þeim væri fast gjald, og stingum upp á, að það sjeu 10 kr. í hvert sinn, en 20 kr., ef jarðarleigan fer fram úr 3000 kr. á ári. Og sama viljum við að gildi um arfleiðsluskrár og dánargjafa o. s. frv. Þetta eru nú aðal breytingarnar, aðrar en sú, sem er 3. liður á þgskj. 859. Þar er farið fram á það, að stimpilgjald sje einnig lagt á víxla, sem ekki er gjört í sjálfu frumv., og álítum við það hóflegt, að hafa það 25 aura á hálfsmánaðar víxla undir 1000 kr., en 40 aura á þá, sem eru þar yfir. Það kann nú að vera álitamál, hve hátt eigi að hafa þetta gjald á víxlum, en hitt sýnist ekki rjett, ef á að leggja á stimpilgjald á annað borð, að sleppa víxlum alveg við það, enda má fá af þeim talsverðar tekjur, jafnvel þótt gjaldið sje vægilega til tekið.

Það er nú til tekið í lögunum um Íslandsbanka, að hann skuli undanþeginn stimpilgjaldi, þótt það kynni að verða sett hjer í lög síðar, og hlýtur það ákvæði auðvitað að standa óhaggað, en þá fanst okkur jafnframt sjálfsagt, að Landsbankinn nyti sömu rjettinda, og að því hnígur 4. brtt. 5. brtt. er ekki nema sjálfsagt ákvæði, um það, hve nær lögin eigi að ganga í gildi.

Það er nú á valdi hv. deildar, hvort henni sýnist að innleiða þenna skatt eða ekki. Jeg þykist hafa nokkurn veginn ljósa hugmynd um það, að ef ekki þykir fullkomin ástæða til þess nú, þegar þörfin á tekjunum er svo rík, þá muni hann aldrei verða að lögum. Það virðist því vera annað hvort að hrökkva eða stökkva nú með þetta frv.

Framsögum. meiri hlutans (Pjetur Jónsson): Við, sem erum í meiri hluta í nefndinni, erum að vísu ekki ákveðnir í því, hvort það muni vera rjett eða ekki rjett, að leiða hjer í lög stimpilgjald. Það mál þarf að athuga vandlega, til þess að geta dæmt um það, hvort sá skattur muni ekki verða helsti umsvifamikill, og geta

jafnvel orðið óþægilegur og ekki borgað sig. Við erum í vafa um þetta, en þó ekki af því, að við virðum ekki fyllilega skoðanir þeirra manna, sem halda gjaldinu fram, því að við búumst við því, þar sem nóg fordæmi eru til um þetta hjá öðrum þjóðum, þá sje hjer um engan óhæfan skatt að ræða. Það gætu nú ýmsir ætlað, að jeg, sem var í skattanefndinni frá 1907—1908, sem um þetta fjallaði, sje búinn að átta mig á þessu máli til fulls, en það var hvorttveggja, að jeg hafði mikið annað að gjöra í þeirri nefnd, enda hafði jeg aldrei þetta mál neitt sjerstaklega til íhugunar, heldur varð þar að fara eftir því, sem aðrir nefndarmenn og miklu færari höfðu búið okkur hinum í hendurnar.

En setjum nú svo, að við værum allir á sama máli um það, að slíkt gjald ætti að leiða í lög, þá ætti okkur samt öllum að vera það ljóst, að til þess þyrfti ríflegan tíma, að þingið tæki frumvarp þetta til sjálfstæðrar íhugunar og rannsóknar, svo að menn gætu verið fyllilega með. Þetta frumv. var að miklu leyti sniðið eftir þeim stimpilgjaldslögum, sem þá giltu í Danmörku, og þau voru þá orðin gömul, frá 1861, og eitthvert tillit kann að hafa verið tekið til norsku stimpilgjaldslaganna, sem voru enn þá eldri, og svo hinna sænsku. Nú eru komin ný lög í Danmörku um þetta efni og mjög ítarleg, í einum 150 gr., og jeg álít, að ef semja ætti þess konar lög hjer á landi, þá verði að hafa til hliðsjónar yngstu stimpilgjaldslög þeirra þjóða, sem vjer höfum mest viðskifti við. En til þess var hvorki tími nje tækifæri fyrir nefndina, ofan á alt annað, sem á okkur hvíldi.

Jeg er því, fyrir hönd meiri hlutans, ekki á móti því, að þetta gjald verði hjer lögleitt, heldur á móti hinu, að það verði lögleitt svona úndirbúningslaust. Frumvarpinu hefir ekkert verið breytt síðan 1907. Síðan hafa þó meðal annars verið gefin ný lög um aukatekjur, og verður að gæta þess, að aukatekjugjald og stimpilgjöld verði ekki ofþungur skattur á einstökum greinum viðskiftanna.

Jeg sje það á brtt. háttv. minni hl., að hann hefir viljað taka nokkurt tillit til þessa, en hitt er ekki víst, að það sje nógu mikið. Eitt var það, sem allir voru á í nefndinni að athuga, hvort ekki væri rjett að leggja stimpilgjald á víxla, og er það nú lagt til í brtt., að svo sje gjört, en það hygg jeg, að betur hefði þurft að ganga frá þeim ákvæðum, en þar er gjört. Hver á t. d. að ónýta stimpilmerki á víxlum? Jeg held því, að enn sje best að fresta málinu og óska þess, að stjórnin íhugi það rækilega, sjerstaklega þar sem það hlýtur að vera mjög þægilegt, að hafa þessi nýju, dönsku stimpillög til hliðsjónar, sem sjálfsagt eru vönduð, og er það bein tillaga mín, að vísa málinu nú til stjórnarinnar.

Bjarni Jónsson: Mjer kemur ekki á óvart ræða háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), því að jeg þekti afstöðu hans í nefndinni. Það er að eins þessi stefna, sem mjer þykir dálítið brosleg, að nú höfum við setið hjer í 2 mánuði, og aldrei talað um nokkurt mál svo, að ekki hafi um leið verið farið að fáta um fátækt landsins og það, hve óvarlegt sje, að ráðast í hitt og þetta; um tekjuhallann og um öll þau gjöld, sem stofnað sje til með öðrum lögum en fjárlögunum. En svo er hins vegar hvert eitt og einasta tekjuaukafrumv., sem býðst, skorið niður vægðarlaust, eða því er þá vísað til stjórnarinnar, til þess að hugsa um það þangað til einhvern tíma. Og mjer heyrðist háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) lýsa yfir því fyrir hönd alls Heimastjórnarflokksins, að hann væri móti því, að

þetta frumv. yrði að lögum. *(Pjetur Jónsson:* Nei, eingöngu fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar). Jæja, þá bið jeg hann fyrirgefningar og vona þá, að flokkurinn snúist ekki gegn frumvarpinu.

En annað er þó ef til vill undarlegra en þetta alt saman, og það er að standa hjer og segja að málið sje illa undirbúið, þar sem það er tekið eftir tillögum milliþinganefndar, sem þessi háttv. þm. átti sæti í sjálfur, og má því best vita, hversu samviskusamlega gengið hefir verið frá þeim og öðrum tillögum hennar. Jeg fyrir mitt leyti vona, að hún hafi ekki kastað höndunum til þess, því að nefndarálit hennar var eitt hið rækilegasta, sem hjer hefir sjest; það má hún eiga. En þar að auki var og tækifæri til að laga frumv. í nefnd nú og nægur tími til að koma með brtt. Við erum varla svo nærri heimsenda nú, að þingið hefði ekki getað gefið sjer tíma til að ræða til fullnustu tekjuaukafrumv., sem fram átti að ganga; fyrir það hefði víst enginn vábrestur orðið í tilvistarsögu þessa lands eða heimsins. Til þessa væri jafnvel tími enn þá, og háttv. þm. veit það vel, að minni hl. hefir ætíð tekið tillit til allra athugasemda, sem hann hefir komið fram með á nefndarfundum, eins og sjá má af brtt. Það er því rjett hjá háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), að það er gjörsamlega ástæðulaust að tala um það, að frumv. skorti undirbúning, því að það má einmitt segja, að mjög fá frumv. hafi verið jafn rækilega undirbúin og þetta. Og þó að einhver galli kynni nú samt sem áður að vera á því, sem laga þyrfti, þegar það kæmi í framkvæmd, þá verður ekki sagt, að það sje í fyrsta sinn í þingsögu Íslands, að fram hafi komið frumv. um breytingar á tiltölulega nýjum lögum. Mig minnir, að það hafi ósjaldan borið við, og væri ekki svo voðalegt, þótt þess þyrfti við í þessu efni, þar sem hjer er um algjört nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf.

Og til stjórnarinnar finst mjer líka skringilegt að vísa þessu máli. Það er orðið engu líkara en að ekkert þing sje til, heldur bara stjórnin ein, og hún á að vita alt og gjöra alt. Á þessu þingi er búið að vísa til hennar sjálfsagt einum 10 málum, og sjálf er hún farin að sárkvarta yfir þessu, og veit ekki hvar hún á að fá starfskrafta, til þess að karra alt það, sem þingið fleygir í hana hálf- eða ókörruðu. *(Hannes Hafstein:* Hún er eins konar drekkingarhylur fyrir málin). Alveg rjett, og þegar svo er komið, þá skilst mjer það vera nokkuð sama, hvort máli er vísað til hennar, eða það er drepið. Þess konar banatilræði er nú sýnt svo að segja hverju einasta tekjufrumv., svo að á endanum verður víst ekkert annað eftir í þinginu, en tekjuhallinn og öll »lóma«-sýkin, sem gripið hefir svo marga háttv. þm.

Hið eina rjetta er að samþykkja þetta frumv., en hins vegar erum við enn sem fyrri þakklátir fyrir góðar bendingar til bóta á einu og öðru í því, þar sem okkur kann að hafa yfir sjest. Það er vegur, sem þinginu er samboðið að fara, en hitt ekki, að vísa málinu í drekkingarhylinn hjá stjórninni, eins og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) komst svo vel að orði.

Björn Kristjánsson: Mjer finst þetta mál vera svo umfangsmikið, að ekki sje von, að ein þingnefnd fái við það ráðið. Jafnvel þótt hægt sje að hafa ný lög annara þjóða til hliðsjónar, þá þarf þó langan tíma til að íhuga það, að hverju leyti þau þurfa að vera frábrugðin því hjer, sem þau gjörast þar, vegna sjerstakra kringumstæða hjer hjá oss.

Háttv. flutnm. hafa alveg gengið fram

hjá því, hvað hjer hefir gjörst síðan árið 1907. Þá var þetta frumv. samið, eins og getið hefir verið um, en stjórnin gat þá ekki fallist á það, og síðan komu aukatekjulögin, og þau voru einmitt miðuð við það, að hjer væri ekki stimpilgjald lögleitt, og þess vegna var þinglestursgjald og önnur slík gjöld höfð svo há, sem gjört var. Og jeg lít svo á, fyrir mitt leyti, að þau gjöld sjeu ákveðin svo há í þeim lögum, að meiri skatta megi ekki leggja á fasteignasölu.

Þá er hjer nú fram komin sú viðbót við frumv., að stimpilgjald skuli leggja á víxla. Ef það væri gjört, þá yrðu hjer að gilda um það alt aðrar reglur en annarstaðar gjörist, því hvergi nokkurstaðar er jafnmikið af smávíxlum keypt af fátækum mönnum sem hjer. Þess vegna átti ekki að leggja þetta gjald á aðra víxla en verulega viðskiftavíxla, sams konar og gjörast erlendis. Hugsanlegt væri hins vegar, að fara aðrar leiðir, t. d. þá, sem tíðkast hefir á Englandi, þar sem tekinn var 1 penny af hverri pundskvittun. Sú leið er umfangslítil, munar lítið um gjaldið fyrir hvern og einn, en hins vegar safnast þegar saman kemur.

Að öllu athuguðu get jeg ekki gjört það fyrir háttv. flutnm. þessa frumv., að vera með því, heldur verð jeg að leggja það til, að það verði felt.

Framsm. minni hl. (Eggert Pálsson): Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) tók það rjettilega fram, að það væri ekki á færi einstakrar þingnefndar, að búa til lög svipuð þessum, og skal jeg fúslega kannast við það, að ekki þarf til þess að hugsa, að slík nefnd geti hripað þau upp á stuttum tíma. En málið liggur ekki svo fyrir heldur, að þetta frumv. hafi verið búið til hjer nú, heldur var það gjört af milliþinganefndinni frá 1907, af mönnum, sem þingið þá taldi færasta til þess, og höfðu nægan tíma fyrir sjer. En nefndin, sem hjer hefir að því unnið, hefir ekki gjört annað en að taka upp frumv. hennar og athuga það á þeim grundvelli, sem það upphaflega var reist á.

Jeg, fyrir mitt leyti, er ekki í neinum vafa um það, að milliþinganefndin hefir hugsað málið mjög rækilega og búið það svo vel út að öllu leyti, að stjórnin gæti áreiðanlega ekki bætt þar um. Jeg get því ómögulega sjeð, að nokkuð vinnist við það, að þvæla það nú fram og aftur, og mjer blátt áfram finst það ekki vera tilvinnandi, þótt nýir menn væru nú kosnir til þess að íhuga og gjöra tillögur um málið. Þá er jeg viss um það, að málið yrði samt ekki svo vel undirbúið, að það þyrfti ekki endurbóta við og það strax á næstu árum. Það er ómögulegt að hugsa annað en að okkar sjerstöku kringumstæður hljóti að koma talsvert til greina við samning slíkra laga, sem þessara, en í hverju efni það er, sem við verðum að taka tillit til þeirra, það verður reynslan að kenna. Hið sama yrði uppi á teningnum þótt málinu væri nú vísað til stjórnarinnar. Hún gæti ekki á nokkurn hátt gengið svo frá þessu vandamáli, að ekki þyrfti við því að hrófla á næstu árum.

Það hefir verið sagt, að ótækt væri að samþykkja þetta frumv., nema breyta um leið lögunum um aukatekjur landssjóðs. Þetta er alveg rangt. Sama milliþinganefndin, sem uudirbjó þetta mál, samdi einnig frumv. til laga um aukatekjur landssjóðs. Ekki er minsti vafi á því, að hún hefir sjeð svo um, að þau tvö frumv. kæmu ekki í bága hvort við annað. Þessu frumv. milliþinganefndarinnar, aukatekjulagafrumv.,

var mjög lítið breytt af þinginu, eins og sjá má af því, að bera saman lögin um aukatekjurnar og frumvarp nefndarinnar um þá grein. Svo að hafi það verið tiltækilegt 1907 eða 1909, að gjöra hvorttveggja að lögum, aukatekjufrumv. og stimpilgjaldsfrumvarpið, þá hlýtur það að vera enn.

Það, sem frumv. nefndarinnar um aukatekjurnar var breytt hjer í þinginu, frá því, sem milliþinganefndin gekk frá því, var aðallega um það, að hækkuð var borgunin fyrir þinglestur og erfðaskrár. Með tilliti til þessa tókum við líka erfðaskrárnar út úr 4. gr. þessa frumv., og fluttum þær til, svo að við það verður samræmið líkara því, sem milliþinganefndin ætlaðist til.

Hvað viðvíkur stimpilgjaldi af víxlum, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) mintist á, þá er því að svara, að okkar sjerstöku kringumstæður hljóta að koma þar mjög til greina, og því ekki gott — það játa jeg — að ákveða nokkuð fast um það gjald nú þegar. En annars finst mjer þetta ekki svo mikilvægt atriði, að ekki megi án baga sleppa því, ef frumv. fengist þá samþykt. Það er þá hægt að bæta víxlastimpilgjaldi inn í lögin síðar, ef svo sýndist henta. En verði frumv. ekki samþykt í einhverju formi, þá getur þetta aldrei orðið að tekjugrein fyrir landssjóðinn, eins og þó hefir viðurkent verið af mörgum, að það ætti að verða.

Það, sem jeg hefi sagt um þetta mál, hefir algjörlega hrakið mótbárur háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að mjer virðist. Jeg veit það auðvitað, að þótt við samþykkjum nú þessi lög, þá muni þau ekki verða gallalaus, en þessa galla má alt af laga síðar, smátt og smátt, svo sem þörfin og reynslan bendir til. En því verð jeg að mótmæla, að hrapað sje að þessu máli, þótt við samþykkjum það nú. Málið er svo rækilega undirbúið, sem nokkurt mál getur verið. Það hefir verið á dagskrá þjóðarinnar frá því 1907, og alt fram á þenna dag. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) gat um það, að þessi lög mundu verða umsvifamikil í framkvæmdinni. Um það getum við hvorugur dæmt, á meðan lögin eru ekki komin til framkvæmda. Jeg legg áherslu á það, að við notfærum okkur þessa tekjugrein sem fyrst. Jeg er viss um það, að þótt við samþykkjum nú þessi lög, þá muni það ekki valda neinni almennri óánægju. Þetta gjald er þannig vaxið, að menn finna ekki mikið til þess, og láta sjer ekki fyrir brjósti brenna að inna það af hendi.

Bjarni Jónsson: Jeg skal lofa því að vera stuttorður. Jeg skal að eins geta þess, að það var rjett, sem háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) tók fram um aukatekjulögin. Þeim hafði lítið verið breytt í þinginu, og þar sem þeim hafði verið breytt svo, að þau kæmu í bága við þetta frumv., þá breyttum við frv. Hvað viðvíkur gjaldinu af víxlunum, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) talaði um, þá skal jeg taka það fram, að það gjald er svo lágt, eftir því sem við höfum sett það í frumv., að engan getur munað neitt um það. Við höfum ákveðið, að gjaldið skuli vera 20 aurar af víxlum fyrir neðan 1000 kr. Hærri víxla taka fátæklingar ekki. Þar sem háttv. sami þm. mintist á gjald af kvittunum, þá skal jeg taka það fram, að jeg mun verða því meðmæltur, að það gjald verði lögleitt, ef hann vill koma fram með brtt. um það við næstu umræðu. Okkur er legið á hálsi fyrir það, að við viljum nú koma þessum lögum í gegn um þingið. Skárri er það fíflidirfskan af okkur, að vilja láta ganga fram lög, sem undirbúin hafa verið af milliþinganefnd, og síðan verið til umræðu á þrem þingum, þar af einu sinni sem

stjórnarfrumv. Mjer finst það vera mjög undarlegt, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) skuli vilja drepa hendi við 60000 kr. tekjum í landssjóðinn. Þetta frumv. er þó í ætt við tolla-princip hans. Jeg skal nú ekki þreyta menn með lengri ræðu í þetta sinn, en þykist hafa gjört vel, að bera fram þetta frumv.

Sveinn Björnsson: Jeg er ekki í neinum vafa um það, að þetta þing getur komist hjá því, að afla landssjóði tekna á þenna hátt. En hitt verð jeg að játa, að mjer þykir það ekki svo óttalegt, þótt þetta frumv. yrði samþ., að leggja 60,000 kr. skatt á landsmenn. Jeg get ekki sjeð, að það væri neinn glæpur, ef það væri rjett að öðru leyti. En nú liggja fyrir þinginu þrjú tekjuaukafrumv., sem öll fara í sömu átt, vega í knjerunn verslunar og viðskifta. Mjer finst, að við ættum að fara eftir þeirri góðu og gömlu reglu, að vega ekki oftar en um sinn í sama knjerunninn á sama þinginu. Við ættum að reyna, að láta skattaálögurnar koma jafnara niður. Jeg hefði því helst kosið, að dýrtíðarfrumvarp okkar hefði verið látið nægja í þetta skifti. Jeg hefi líka aðra ástæðu til að vera á móti því, að þetta frumv. nái að ganga fram. Jeg er nefnilega á sama máli og háttv. framsm. (E. P.) um það, að þótt þetta mál hafi verið íhugað áður af milliþinganefnd, þá takist okkur ekki að búa til góð stimpilgjaldslög. Það hefir svo margt breytst síðan 1907. Jeg hefi ekki getað gjört mjer grein fyrir því, hvernig stimpilgjaldslögin eigi að vera; jeg get því ekki greitt atkvæði með þessu frumvarpi. Jeg held, að jeg geti fallist á að vísa þessu máli til stjórnarinnar, með þeirri vísu von, að málið verði tekið fyrir á næsta þingi, og vil því leyfa mjer, að bera fram þessa rökstuddu dagskrá:

I trausti til þess, að stjórnin taki þetta mál til rækilegrar yfirvegunar og undirbúi og leggi fyrir næsta þing frumv. til laga um stimpilgjald, sjerstaklega lágt stimpilgjald af víxlum, dvísunum og kvittunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Guðmundur Eggerz: Háttv. þm. Dal. (B. J.) gat þess, að stimpilgjaldslög væru hæg í framkvæmdinni. Þetta er ekki rjett álitið. Jeg hugsa, að jeg geti betur borið um þetta en hann, því að jeg hefi verið á skrifstofu í Danmörku, þar sem slík mál komu iðulega fyrir. Þessi skrifstofa átti að úrskurða mál, sem risu út af þar gildandi stimpilgjaldslögum. Það voru öll kynstur af málum, sem komu þar til úrskurðar, og sum voru svo flókin, að 20—30 málsskjöl komu fram. Menn stimpluðu skjölin rangt, ekki af því, að menn vildu svíkja, heldur af því, að þeir höfðu misskilið lögin, og þó voru dönsku lögin mjög ítarleg. Þau voru, ef mig minnir rjett, í 157 greinum. Menn geta nú rjett hugsað sjer, hvort ekki yrði sífelt rifrildi og sífeldir úrskurðir út af þessum lögum, sem ekki eru nema í 12 greinum. Kæmist þetta frumv. í gegn um þingið, þá yki það gjöld landsmanna um 60,000 kr. Jeg held, að við ættum ekki að óþörfu, að leggja spónnýja skatta á þjóðina, án þess að spyrja hana um það fyrirfram.

Með aukatekjulögunum nýju voru hækkuð rjettargjöld og þinglestrargjöld. Áður var hæsta þinglestrargjald 12 kr., en það hefir komið fyrir mig síðan, að taka 400 krónur fyrir þinglestur á einu brjefi. Og nú er farið fram á nýja hækkun. Jeg skal játa, að jeg hefi ekki haft tíma til að setja mig inn í lögin, sem skyldi, en jeg vil leyfa mjer, að benda á einn lið, rjettargjöldin. Þau

voru hækkuð með nýju aukatekjulögunum, og nú er farið fram á að hækka þau enn.

Nú á að gjalda í stimpilgjald:

Af sáttakæru	kr. 0,50
— stefnu	— 0,50
— innnleggi 0,50, en jeg reikna fjögur innlegg í máli . .	— 2,00
— útskrift 0,50, fjórar í máli	— 2,00
— dómsgjörðum	— 2,00
— vitnaleiðslu	— 1,00
eða samtals kr.	8,00

aukin útgjöld í einu máli, og getur það talist eigi lítil hækkun.

Einhver sagði, að þetta gjörði ekkert til, því gjaldið kæmi niður á »spekulöntum«. Það getur verið, að nokkuð sje um þá hjer í Reykjavík, en það er ekki svo út um land. Yfirleitt fara menn í sveitunum ekki í mál, nema ástæða sje til. Enn vil jeg geta þess, að jeg hefi ekki tekið eftir því í lögunum, að gjört væri ráð fyrir undanþágu fyrir sparisjóði, svo sem gjört er annarstaðar, t. d. í Danmörku.

Af þessum ástæðum get jeg ekki greitt atkvæði með þessu frumv. Mjer finst það illa úr garði gjört. Það þyrfti að vera í fleiri greinum og ítarlegra.

Framsögum. minni hlutans (Eggert Pálsson): Tveir hv. þm. hafa nú staðið upp, til þess að andmæla frumvarpinu. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) tók það fram, að haun bygði andmæli sín á eigin reynslu frá Dönum. Þar hafi stimpilgjaldslögin verið ákaflega flókin og erfitt að framkvæma þau. Jeg skal síst neyta því, úr því að hann hefir reynsluna, að stimpilgjaldslögin hafi verið flókin og ill viðfangs í Danmörku. En það sannar ekki, að þetta frumv., þótt að lögum yrði, þyrfti að verða flókið í meðferðinni. Jeg hygg, að eftir því, sem lagabálkur grípur yfir fleiri tilfelli í viðskiftalífinu, eftir því verði framkvæmd á honum flóknari. Þótt jeg viti ekki hvaða lagabálki hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) varð að fara eftir í Danmörku, eða hvernig þau lög voru, sem þá giltu, þá veit jeg, að núgildandi stimpillög í Danmörku eru yfirgripsmikil, og jeg get vel skilið, að ef þessi háttv. þm. hefði átt að framfylgja þeim lagabálki, að þá mundi hann oft og einatt hafa rekið sig svo á, að lagaviti hans veittist torvelt að greiða úr flókunum. Um þetta frumv. er öðru máli að gegna. Það er ofur einfalt og því sennilega auðveldara að framfylgja því, heldur en dönsku lögunum.

Það var eitt atriði sem háttv. 2. þm. S. Múl. (G. E.) flaskaði á, líkt og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), þegar þetta mál var til 1. umr. Þeir gjöra ráð fyrir meiri flækju og vafningum en þarf að vera. Í 1. gr. frv. er gjört einmitt ráð fyrir, að embættismaðurinn ákveði stimpilgjaldið og setji stimpilinn á, þegar hann veitir skjalinu móttöku, hverrar tegundar sem er. Og þar með er útilokað, að ágreiningur þurfi af því að rísa, hvort rjett sje stimplað eða ekki.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) sagði, að þetta gjald kæmi tilfinnanlegast niður á fátæklingum, en mjer er ekki ljóst hvernig hann hugsar sjer það. Það eru ekki fátæklingarnir, sem gefa mest út af skuldabrjefum, kaupbrjefum og afsalsbrjefum og fleira þess háttar. En það er annar flokkur, sem þetta gjald mundi koma niður á, og það eru braskararnir, og er síst að harma, þótt þeir þyrftu að greiða eitthvað í landssjóð af sínu mikla og — óholla braski.

Háttv. sami þingm. sagði líka, að aukatekjulögin gjörðu það að verkum, að þetta frumvarp yrði enn ósanngjarnara. En því hefi jeg svarað fyrr. Það var sama nefndin, sem bjó til aukatekjufrumv. og stimpilgjaldsfrumv. Hún

hefir ekki álitið aukatekjulögin svo þung að ekki mætti koma með stimpilgjaldslögin líka. Annars er óhugsandi, að hún hefði komið með þessi tvö frumv. samhliða.

Þessi hv. þm. (G. E.) hjelt því fram, til þess að gjöra aukatekjulögin ægileg í augum manna, að það hefði komið fyrir, að hann hefði orðið að taka 400 kr. þinglestursgjald af einu brjefi. Slíkt sannar ekki neitt. Þá hefir verið um stóreign að ræða, sem hefir verið seld, og það þarf engum að vaxa í augum, þótt menn þurfi að borga eitthvað í landssjóð, er stórar eignir eru seldar. 400 krónur væri t. d. ekki hátt þinglestursgjald, ef um sölu á skipum Eimskipafjelagsins væri að ræða, samanborið við verðið.

Sami háttv. þingm. hjelt því fram, að hækkun á rjettargjöldunum kæmi hart niður á fátæklingunum. Jeg held, að ekki þurfi að harma það, þótt rjettargjöld væru hækkuð. Hækkun á þeim mundi miða til þess, að gjöra menn sáttgjarnari. Ódýr rjettargangur eykur að eins, að minni hyggju, óvild og úlfúð. Menn þjóta ekki í illindi og málaferli út af hverju einu, ef það kostar eitthvað verulegt.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) tók það fram, að hann væri óvinveittur því, að þetta frumvarp yrði að lögum, með því að það væri að vega í hinn sama knjerunn, að leggja stimpilgjald á hinn sama gjaldstofn og verið væri að leggja á verðhækkunarskatt. En hjer er ekki um sama gjaldstofn að ræða. *(Sveinn Björnsson:* Jeg sagði gjaldendur). Það verður alt af að leggja á sömu gjaldendur, en gjaldstofninn er hjer gjörólíkur. Tollgjald af kjöti og fiski er ekki hið sama og stimpilgjald af kaupsamningi. Hann færði það og á móti frumvarpinu, að ekki væru með því innleidd stimpilfrímerki, sem mundu gefa feikna miklar tekjur. En það er alls ekki útilokað fyrir hann að koma fram með breytingartillögu í þessa átt. Það er þó mest um vert, að fá grundvöllinn góðan, því þá má alt af leiðrjetta lögin og bæta við þau eftir þörfum.

Viðvíkjandi frágánginum á frumv., þá held jeg að mjer sje óhætt að fullyrða, að hann verði ekki betri, þótt beðið sje til næsta þings. Lögin geta ekki orðið fullkomin, fyrr en reynsla er fengin um það, hvað sje best í hverju efni.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Það er bæði mjer og öðrum erfiðisauki, að halda langar ræður, þegar svo áliðið er þings, og þurfa svo ef til vill að fara heim, án þess að yfirlíta þær. Jeg segi þetta ekki sem ásökun til þingskrifaranna, því eins og allir vita, þá hefir verið vakað nætur og daga upp á síðkastið, svo þeim er ekki unt að afkasta því, sem þeir eiga að hafa lokið um það leyti, er þingi er slitið. Þetta sjá allir, sem sanngirni vilja við hafa.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin frá 1. þingm. Rvk. (S. B.) [sjá A. 934] samþykt með 12 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Kristjánsson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Eggerz,	Bened. Sveinsson,
Guðm. Hannesson,	Bjarni Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Jón Magnússon,	Sigurður Eggerz,
Magnús Kristjánss.,	Sig. Sigurðsson,
Pjetur Jónsson,	Stefán Stefánsson,
Sveinn Björnsson,	Þorleifur Jónsson.
Þór. Bendiktsson.	

Björn Hallsson og Matthías Ólafsson greiddu ekki atkvæði, og töldust til meiri hlutans.

Einar Arnórsson, Hannes Hafstein, Sig. Gunnarsson og Skúli Thoroddsen voru eigi á fundi.

Frumvarpið þar með *fallið.*

---

20. Dýrtíðarskattur.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðarskatt af tekjum (A. 669).

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 2. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frumv. var ofseint fram komið, og leitaði forseti leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, svo að það yrði tekið til umræðu.

Deildin veitti það svo, að ekki var í móti mælt.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Jeg þarf ekki að vera langorður um þetta frumv., því að það bar á góma, þegar rætt var um ráðstafanir út af misæri hjer í deildinni nýlega. Jeg sagði það þá, að jeg hefði sett óþarflega hátt hundraðsgjald á tekjur manna, og hefi jeg því síðan gjört brtt., sem færa þetta niður í skaplegt gjald. Jeg gat þess einnig þá, og held því fram enn, að þetta sje rjetti grundvöllurinn, að taka skatt af þeim tekjum, sem eru til.

Annars býst jeg við, að stjórnin hafi gleggri hugmynd um það heldur en jeg, hve mikið fje þyrfti til þess að afstýra vandræðum, ef til misæris kæmi. Jeg hefi gjört lauslega áætlun um, hver skatturinn myndi verða, eftir breytingartillögum mínum, sem jeg vil láta skoða sem frumv., þótt þær sjeu í brtt. formi. Jeg hefi áætlað, að 275 þús. kr. fáist upp úr þessum skatti. Nú hygg jeg, að þetta, ásamt þeim tekjum, sem fást munu af hinu frumv., um stimpilgjald, sem áætla má af báðum um 300 þús. kr., gæti orðið hæfileg fjárhæð fyrir stjórnina, til þess að jafna svo niður, að misæri í verslun kæmi ekki hart niður á þeim mönnum, sem lifa af handafla sínum. Jeg álít, að þetta sje nægilegt til að borga mismuninn á hæfilegu verði og gangverði á þeim vörum, sem þeir þurfa að kaupa. Líti nú þingið ekki svo á, þá er enn þá tími til að koma fram með frumv. um tolla.

Jeg býst við, að menn leyfi þessu frv. að ganga til nefndar, og leyfi mjer að gjöra það að uppástungu minni, að því verði vísað til þeirrar nefndar, sem fer með lögin um stimpilgjald.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv. og til stimpilgjaldsnefndar með 16 : 2 atkv., en þá nefnd skipuðu þeir

Eggert Pálsson,
Pjetur Jónsson,
Bjarni Jónsson,
Þórarinn Benediktsson,
Guðmundur Hannesson.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 11. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 669, 702, n. 819 og 922, 820).

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi gjört ósköp stutta grein fyrir því í nefndaráliti mínu, að jeg var einn á þeirri skoðun í nefndinni, að þegar hjálpa ætti fátækum mönnum í hörðu ári, þá bæri að taka fje til þess af þeim, sem aflögufærir eru, en ekki af fátæklingunum sjálfum. Í þessa átt miðar frumv. alt, og einstakar greinar þess.

Þegar jeg bar frumv. fyrst fram, var

það grundvöllur frá mjer, eða tillaga, til þess að fá fje í landssjóð í þessu skyni, borin fram bjargráðasveinum til athugunar. Þá var gjaldið sett ofhátt, eftir þeim ástæðum, sem nú eru í landinu, en það hefði engan veginn verið ofhátt gjald, ef voði hefði verið á ferðum. En eins og það er nú orðið í mínum síðustu tillögum, er það orðið alt annað.

Því miður var ekkert gagn að nefndinni, sem sett var í þetta mál. Hún hjálpaði mjer ekkert til að laga frumv., heldur ákvað hún að skera það niður, án þess að leitast við að bæta það á nokkurn hátt. Jeg hefi því sjálfur gjört ýmsar endurbætur á því, og býst jeg við, að mörgum muni þykja þær til verulegra bóta.

Fyrsta brtt. er við 1. gr., um að lækka takmarkið, sem jeg hafði sett, 3000 kr. frv., niður í 2500 kr. Þessa breytingu hefi jeg gjört til þess, að skatturinn falli meira á búandmenn og aðra þá, sem geta lifað ódýrar og eiga hægara með að gjalda skatt af lægri tekjum heldur en þeir, sem lifa á dýrari stöðum. Jeg hygg, að með þessu móti komist $^1/_3$ bænda í landinu undir tekjufrumvarpið. Ef jeg byrja á því að draga frá þá, sem fátækari eru, og gjöri það $^2/_3$ allra bænda á landinu, þá segi jeg, að sá þriðjungurinn, sem þá er eftir, hafi að meðaltali svo háar tekjur, að skatturinn nái þeim. Jeg styrktist í þessari skoðun minni, þegar jeg heyrði skýrslu þá, sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) las hjer upp, þar sem hann fjekk það út, með því að deila bændatölunni í fjenaðartöluna, að meðaltekjur allra bænda á landinu væru 1200 kr. Sumir bændur fara langt yfir það takmark, og gæti jeg t. d. nefnt einn bónda, sem fjekk 3000 kr. bara fyrir ullina sína í sumar. Það er aðgætandi, að hjer er ekki verið að tala um skatt, sem eigi að standa lengi. Kosturinn við mitt frumv., fram yfir útflutningsgjaldið, er sá, að þenna skatt borga að eins þeir bændur, sem eru gjaldfærir, og mjer telst svo til, að það muni verða $^1/_3$ hluti allra bænda á landinu. Jeg veit það, að í meðalári myndi það ekki verða svo há tala, en þegar afurðir bænda eru í jafn háu verði og nú, tel jeg víst, að $^1/_3$ hluti þeirra að minsta kosti hafi svo miklar tekjur, að þessi skattur nái þeim. Þar næst myndi þetta gjald ná til allra þeirra háttelskuðu embættismanna í landinu, sem hafa yfir 2500 kr. árstekjur. Jeg skal játa það, að þeir, sem búa hjer í Reykjavík, yrðu harðast úti, en skatturinn er svo lágur á þeim, sem hafa minni tekjur en 3000 kr., að hann yrði þeim naumast tilfinnanlegur. Jeg býst við, að það yrði vel þegið af sumum mönnum, að þessar landssjóðsætur borguðu aftur eitthvað í landssjóðinn. Þetta eru ekki mín orð, heldur tala jeg þau í anda annara. Þar að auki myndi þessi skattur koma niður á hjer um bil 300 kaupmönnum af þeim 400 kaupmönnum, sem eru á landinu. Ef tekið er meðaltal af tekjum þeirra allra, myndi það verða rúmlega 3000 kr. á ári. Jeg veit vel, að til eru smákaupmenn, sem ekki ná þeim tekjum, en þegar tekjum allra kaupmanna á landinu er jafnað niður, verða þær að minsta kosti 3000 kr. að meðaltali á hvern kaupmann. Sennilega næðust eins miklar tekjur af þessu eins og með útflutningsgjaldinu.

Jeg hefi lækkað gjaldið frá því, sem var í mínu frumv. upphaflega og frá því, sem var í fyrri brtt. mínum þannig:

Af fyrstu 500 kr. fram yfir 2500 kr. skal greiða 2%. Af næstu 1000 kr. þar fyrir ofan 3%. Af 5000 kr. tekjum skal greiða $3^1/_2$% og af 6000 tekjum 4%. Síðan fer hundraðsgjaldið vaxandi um $^1/_2$% við hver þúsundaskifti, þar til

það nær 10%. Þetta getur ekki talist hátt gjald, ef um það væri að ræða, að neyð stæði fyrir dyrum. En jeg skal gjarnan ganga inn á að skatturinn stigi ekki svo ótt, sem ætlast er til í brtt. mínum á þgskj. 820; mætti til dæmis láta hann stíga um ¼% í stað ½% og um ½% í stað 1%. Jeg skal játa, að hvort sem menn vilja nú breyta þessu svo eða halda því, sem jeg hefi sett, þá kemur það auðvitað miklu hægar niður á þann, sem hærri hefir tekjurnar, að borga mikið gjald, heldur en hinn, sem lægri hefir tekjurnar, að borga lægra gjaldið. Eins gæti jeg gengið inn á það, að hundraðsgjaldið væri látið vaxa um 1‰ í stað 2‰ þangað til það er komið upp í 15% og um ½‰ í stað 1‰ til 20%. Jeg væri fús til að ganga inn á slíkar brtt. eða koma fram með þær sjálfur til 3. umr.

Svo skal jeg geta þess, viðvíkjandi hlutafjelögum, að samkvæmt frumv. mætti taka af þeim tvöfaldan skatt, nefnilega bæði af hlutafjelögunum sjálfum og af ágóða hluthafanna. Það er hægt að koma í veg fyrir þetta, og mun jeg koma með brtt. þar að lútandi til 3. umr.

Þetta er það, sem þyrfti að lagfæra; annars er hundraðsgjaldið alveg laust frá minni hendi; það er ekki stefna frumv., heldur hlýtur það að fara eftir þörfinni. Og fyrst af öllu verður stjórn og Velferðarnefnd að segja, hversu mikils þarf við, en hins vegar er erfitt að vita með nákvæmni, hversu hátt gjaldið þarf að vera, af því að menn vita ekki enn, hvernig muni haga til með samgöngur, og ekki heldur afleiðingar ófriðarins, en menn verða að vera við öllu búnir.

Þá eru ýms ákvæði um það, hvernig jafna skuli skattinum niður og heimta hann inn. Það ætlast jeg til, að gjört sje með skattnefndum, en hreppsnefndir og sýslunefndir eiga að segja til, hversu miklar tekjur þessi og þessi hefir, og skal heimta inn samkvæmt því. Ef rangt er frá sagt, vil jeg að við liggi refsing, sem fyrir skjalafals væri. Því ætti það ekki að vera erfitt í hendi duglegrar stjórnar að inna þetta af hendi, og er því sú ástæðan, að það yrði ofraun, slegin niður.

Í öðrum löndum, og á Íslandi líka, eru ýmsir skattar, og borgast þeir inn, þótt ef til vill sje skakt sagt til á stundum. Erfiðast myndi verða, að fást við þetta hjer, þar sem um landbúnaðinn er að ræða, en þá mætti skipa til þess sjerstaka nefnd, að jafna skattinum þar niður.

Við aðrar atvinnugreinir og fyrirtæki er auðveldara að eiga; þar ætti því ekki að verða skotaskuld að finna tekjustofninn.

Jeg hefi því sett ákvæði þessu viðvíkjandi í lögin. En enn fremur hefi jeg sett í þau ákvæði, sem að minni hyggju eru bráðnauðsynleg, bæði í þessi og önnur dýrtíðarlög, sem hjer eru á ferðinni, og því flestir hljóta að fallast á, að stjórnin jafni tekjunum niður eftir því, sem misæri er í landinu ófriðarins vegna, með öðrum orðum, ljetta undir byrðina með þeim, sem verst verða úti, vegna þess, að þeir verða að kaupa alt, en framleiða ekkert sjálfir. Þetta ákvæði þarf að standa í lögunum, til þess að tekjurnar renni ekki í landssjóð og verði síðan notaðar til brúagjörða, eða renni ekki í vasa skjólstæðinga minna, eins og einhver háttv. þingm. komst áðan að orði.

Jeg vil engan aukaskatt leggja á þjóðina, nema það eitt, sem nauðsynlegt kann að verða, til þess að koma í veg fyrir hallæri eða misæri. Því væri rjett, ef það reyndist þannig, að misæri yrði ekki neitt í landinu, að ákvæði væri í lögunum um það, að þessa skatts skyldi

aldrei krafist, ef sú yrði raunin á. Enda væri nægilegt, ef peningaforði væri fyrir hendi, eða þá að stjórninni sje veitt lánsheimild.

En þar sem hjer eru vitrir löggjafar á Alþingi Íslendinga, munu þeir, þótt þeim virðist annmarkar á lögum þessum, sjá, að það er eftir vonum, þar sem jeg hefi einn fengist við samning þeirra, og er því ekki að undra, þótt mjer kunni að hafa yfir sjest, enda þótt jeg færi eftir erlendum lögum. En þó að svo sje, geta þessir vitru löggjafar lagað lögin til 3. umræðu, svo að þau verði góð og vel við þau hlítandi.

Það er þá ekki annað eftir en að laga frumvarpið, því þetta er eina rjetta leiðin til að ljetta misærinu, ljetta undir með þeim, er ekki hafa nóg til lífsviðurværis, að þeir, er betur eru settir, gjöri það. *(Guðmundur Eggerz:* Háttv. griskudócentinn er of niskur, til að láta það lenda á sjer). Það lendir á háttv. griskudócentinum, en það lendir meira á háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), af því að hann hefir um 9 þús. kr. tekjur á ári. En þó að hann sje að gefa undir fótinn með, að jeg sje niskur, þá mundi ekki meira verða gefið hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) enn hjá mjer, ef leitað yrði samskota.

Þetta er rjettari grundvöllur, að taka ekki af fátæklingunum, sem sjálfir þurfa hjálpar við. Annar kostur þessara laga er sá, að tilgreint, er hvað gjöra skuli við skattinn og hve nær hann eigi að falla niður. Hundraðsgjaldið og annað er jeg fús til að laga, og veit jeg, að löggjafarnir munu ekki spara sína krafta, til þess að ráða bót á þessu.

Í síðustu grein laganna stendur, að þau skuli gilda til næsta þings, því þá er nægur tími til að framlengja lögin, ef þörf þykir, en hins vegar ekki rjett að láta þau gilda um langan tíma, ef þörf krefur ekki. Því að frumv. þetta er til þess, að jafna kjör landsmanna.

Jeg skal svo ekki verða margmæltari um þetta. En jeg vil að endingu láta þess getið, að mjer er frumv. þetta ekki neitt kappsmál af því, að jeg kom fram með það. Jeg vildi gjarna hafa hvíslað hugmyndinni að einhverjum, er hefði nógu sterkan flokk, til þess að koma því fram. En jeg vona nú, að menn haldi þá ekki hinu frumvarpinu, sem hjer var á ferðinni, til streitu af tómu flokkskappi, því að af flokkskappi verður það, ef það frumv. verður samþ. en þetta felt.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Jónsson): Meiri hluti nefndarinnar hefir skrifað örstutt nál., er ekki hefir komið fram fyrr en nú á fundi, og þess vegna líklega ólesið af þingmönnum. Til þess að stytta framsögu mína, vil jeg hafa fyrir mjer nefndarálitið og lesa það upp:

> »Því verður eigi neitað, að svo framarlega sem nákvæmur tekjuskattur hefði verið kominn hjer í lög, skattur, sem hvíldi á rjettu framtali allra tekna landsmanna á hreinum tekjum, hvers konar sem væru, þá hefði verið handhægt að koma fyrir dýrtíðarskatti, í svipaða átt og frumv. þetta fer. En einmitt þetta tekjuframtal er örðugt og tafsamt að fá, svo í lagi sje. Til þess þarf bæði nákvæm lagafyrirmæli og nákvæmar reglur frá landsstjórninni. Og loks má búast við, að fyrstu tilraunir í þessa átt yrðu ófullkomnar. Þess vegna álítum vjer, að til þessarar aðferðar verði eigi gripið í flýti nje flaustri, nje til bráðrar hjálpar, þar sem enginn undirbúningur er fyrir. Hitt virðist standa miklu nær, að sveitar- og bæjarstjórnir hafi hinn mikla

tekjuauka framleiðenda, sem flýtur af verðhækkun íslenskra afurða, fyrir gjaldstofn í hverju sveitar- og bæjarfjelagi um sig, til þess að jafna á dýrtíðargjaldi eftir þörfum. Og frumv. í þá átt hefir nefndin til meðferðar.

Vjer getum því ekki ráðið háttv. deild til að samþykkja frumv. um dýrtíðarskatt af tekjum«.

Við þetta hefi jeg eiginlega engu að að bæta, því að í nefndarálitinu er í stuttu máli tekin fram skoðun meiri hl.

En jeg get ekki stilt mig um, að hafa yfir fyrstu orðin úr nefndaráliti minni hl.

»Jeg varð einn þeirra manna, sem í nefndina voru skipaðir, á því máli, að í hallæri ætti efnaðri mennirnir að hjálpa þeim fátækari«.

Þetta segir háttv. höfundur nefndarálits minni hlutans (B. J.) um samnefndarmenn sína. Jeg ætla ekki að mótmæla þessu, því að allir sjá hversu viturlega þetta er mælt.

En við þetta tækifæri finst mjer jeg hafa ástæðu til, að minnast á skattafyrirkomulag þessa lands. Því að, ef tekju- og skattafyrirkomulag landsins hefði verið í betra lagi en raun er á, og meira hefði að undanförnu verið til þess vandað, myndi það ekki hafa vafist eins hrapallega fyrir stjórn og þingi, að fá nauðsynlega hækkun á tekjunum.

Í Englandi hefir verið komið á tekjuskatti fyrir löngu. Þegar svo þarf á tekjuhækkun að halda, er tekjuskattsgjaldið hækkað með fjárlagaákvæði. En hjer er engu hægt um að þoka á þeim tekjustofnum, sem okkar skattar hvíla á. Eins og nærri má geta er síður en svo, að jeg sje á móti því, að hjer sje lögleiddur nýr tekjuskattur í sambandi við aðrar breytingar á skattalögunum. En jeg er sannfærður um, að það er ekki hægt, að koma slíkum skatti á í einni svipan, og það er af því, að jeg hefi íhugað málið meira en háttv. þingm. Dal. (B. J.).

En það er fleira að athuga en tekjuskatt. Það þarf líka að athuga fasteignaskatt eða jarðeignaskattinn.

Það þarf einnig það athuga nákvæmlega tollana, því að vörutollurinn er ekki rjettlátur eða til frambúðar. Alt þetta kemur mjer til þess, að bera fram rökstudda dagskrá, er skorar á stjórnina, að taka skatta- og tollmálin til rækilegrar íhugunar og undirbúnings fyrir næsta þing.

Þetta er fyllilega rjettmætt af því, að tvær milliþinganefndir hafa stafað að þessu máli, og hefir stjórnin þeirra starf til stuðnings. Sömuleiðis hefir á þessu þingi verið mikið rætt um þessi mál, og mætti það einnig verða til stuðnings fyrir stjórnina.

Með þetta fyrir augum leyfi jeg mjer, að koma fram með þessa dagskrá, er hljóðar þannig:

Í því trausti, að landsstjórnin taki til rækilegrar meðferðar skattamál landsins og leggi tillögur um endurbót á skattalöggjöfinni fyrir næsta reglulegt þing, þar á meðal frumvarp til laga um tekjuskatt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg vil að eins lýsa yfir því, að orð mín fyrst í nefndaráliti minni hlutans eiga við það, sem mjer hafði skilist á mönnum í nefndinni. Hefði jeg sjeð nefndarálit meiri hlutans, áður en jeg samdi mitt nefndarálit, hefði orðin fallið á annan veg, en því var ekki að heilsa, af því að það nefndarálit kom ekki fram, fyrr en í dag.

En þótt hv. þm. S.-Þing. (P. J.) og meiri hl. nefndarinnar hafi þótt ástæða til, að stjórnin ljeti athuga skattamál landsins, þá þarf ekki að hafa þetta frv. að yfirvarpi.

Háttv. þingmaður S.-Þing. (P. J.) hefði

getað komið þessu að engu síður. Hann hefði getað komið fram með það í tillögu til þingsályktunar, að kosin væri skattamálanefnd. Hefði sú nefnd einnig getað athugað stimpilgjaldið.

Og jeg vil að síðustu geta þess, áður en síðasta hurð er lokuð fyrir þessu frumv., að þessi skattur, sem jeg er með, er tekjuskattur, er á að gilda að eins um stundar sakir, en á ekki neitt skilt við almennar tekjur eða skatta.

Jeg hefi að öðru leyti ekki fleiru að svara; en viðvíkjandi því, að þessi lög sjeu óframkvæmanleg, þá er undarlegt, að það hljóð skuli koma úr þeirri átt, er hefir svo mikla tröllatrú á stjórninni, að vilja helst vísa öllum málum til hennar. En jeg ætlaði, að það væri ekki ofætlun ungum og hraustum manni, eins og sá er, sem hefir stjórnina á hendi, að krefja þennan skatt. *(Ráðherra:* Ætlast háttvirtur þingm. Dal. (B. J.) til, að stjórnin innheimti skattinn?). Jeg veit ekki, hvað þessi háttv. þm. (E. A.) ætlast til að stjórnin gjöri, en hingað til hefir háttv. 2. þingm. Árn. (E. A.) borið fult traust til núverandi stjórnar, og kemur mjer því á óvart, ef hann treystir henni ekki til að inna þau störf af hendi, er henni ber.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin frá þm. S.-Þing. (P. J., sjá A. 960) samþ. með 19 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögði

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Guðm. Eggerz,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Sigurður Eggerz.
Einar Jónsson,	
Guðm. Hannesson,	
Hannes Hafstein,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Jón Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Magn. Kristjánss.,	
Matth. Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Stef. Stefánsson,	
Þór. Benediktsson.	

Sig. Gunnarsson, Sig. Sigurðsson, Skúli Thoroddsen og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Einar Arnórsson greiddi eigi heldur atkv., og voru ástæður hans fyrir því teknar til greina.

Bened. Sveinsson og Sveinn Björnsson voru fjarverandi.

Frumv. þar með talið *fallið.*

21. Dýrtíðarráðstafanir hjeraða.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 3. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtíðarráðstafana. (A. 705).

Á 52. fundi, miðvikudaginn 7. sept., var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Jón Jónsson): Frumvarp þetta er fram komið út af dýrtíðinni, því að oss flutningsmönnum hefir ekki geðjast að þeim frumv., sem fram hafa komið um dýrtíðarráðstafanir, hvorki því frumv., sem felt var hjer í deildinni, um nýtt útflutningsgjald, nje hinu fráleita frumv. um dýrtíðarhjálp, frá háttv. 1. þingm. Rvk. (S. B.), sem hann tók aftur að lokum. Tekjuskattsfrumv. háttv. þingm. Dal. (B. J.) er líka stórgallað. Það frumv. er allathugavert, einkum fyrir þá sök, að erfitt mundi að koma í framkvæmd slíkum

lögum, sem þar er farið fram á, að sett verði.

Með okkar frumv. er farið fram á, að veita bæjarstjórnum og sveitarstjórnum heimild til að jafna niður dýrtíðargjaldi, hverri í sínu umdæmi. Við teljum, að bæjarstjórnum og sveitastjórnum sje kunnugast um hagi manna í sínu bygðarlagi, og því rjett, að veita þeim slíka heimild, ef brýn þörf er á. Þykir okkur það rjettara og aðgengilegra en að veita einhvern styrk út í bláinn úr landssjóði. Mönnum er yfirleitt svo farið, að þeim er ekki ljúft að þiggja styrk, og vilja helst bjarga sjer sjálfir. Og við hyggjum, að sveitafjelögin sjeu öll svo vel stæð, að þau geti bjargað sjer sjálf, ef heimild er gefin, til að jafna dýrtíðargjaldi á þá menn í hreppum og kaupstöðum, sem færir eru að bera það, og því fje svo útbýtt meðal þeirra, sem hjálpar þurfa.

Jeg tel rjettast, að vísa frumvarpinu til nefndar; það er samið í flýti og þarf ef til vill lagfæringar með.

Forseti leitaði síðan, að fengnu leyfi ráðherra, samþykkis deildarinnar til að frumv. væri tekið fyrir til umræðu.

Var það leyft með öllum þorra atkvæða.

Bjarni Jónsson: Jeg hjó eftir því í ræðu háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.), að honum þótti ekki ráðlegt að samþykkja frumvarp það, sem jeg hefi borið fram um tekjuskatt, af því, hve erfitt mundi að koma því í framkvæmd. Hvaðan kemur honum það vit? Slíkt er hugarburður, sprottinn af tali þeirra manna, sem ekkert skyn bera á málið. Frumvarp mitt er ofur einfalt og hægt að koma því kring á skömmum tíma.

Eitt ákvæði í þessu frumv., sem hjer liggur fyrir, er gott, að ekki skuli telja styrk þann, sem veita má samkvæmt því, sem sveitarstyrk. En að öðru leyti er frumv. skakt hugsað og á röngum grundvelli bygt.

Eina rjetta hugsunin er sú, að styrkurinn til fátæklinganna komi frá þeim, sem efnaðir eru, en ekki frá fátæklingunum sjálfum. Þess vegna er útflutningsgjald ranglátt, því það bitnar jafnt á öllum, fátækum sem ríkum. Með því er tekinn bitinn úr munni eins fátæklingsins og látinn í munn annars, hafi hann þá ekki horfið á leiðinni í hundraðsgjald til þeirra, sem innheimta útflutningsgjaldið.

Sama máli er að gegna um þetta frumvarp. Sum sveitarfjelög eru rík og sum eru fátæk, en eftir þessu frumv. eiga þau ríku ekkert að hjálpa þeim fátæku. Það er ekki til neins að segja hverju sveitarfjelagi að bjarga sjer sjálft. Ef t. d. engir bjargálnamenn eru til í einhverju sveitarfjelagi, þá er til lítils að segja því að bjarga sjer. Eina rjetta leiðin, þegar hallæri er í landinu, er sú, að landssjóður hjálpi öllum fátæklingum, og hjálpin komi frá þeim, sem efnaðir eru.

ATKVGR:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv., og til stimpilgjaldsnefndar með með 18 shlj. atkv., en í henni sátu þeir

Eggert Pálsson,
Pjetur Jónsson,
Bjarni Jónsson,
Þórarinn Benediktsson,
Guðmundur Hannesson.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 11. sept., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 705, n. 925 og 935, 926, 933).

Framsm. meiri hl. (Þórarinn Benediktsson): Jeg sje ekki, að

ástæða sje til að tala mikið í þessu máli nú, af því að ítarleg grein var gjörð fyrir málinu við 1. umr. Háttv. flutningsm. (J. J.) gjörði þá rækilega grein fyrir því, hver er tilgangur frumv. og hvað það er, sem vakir fyrir flutningsmönnum í þessu dýrtíðarmáli. Enn fremur hefir meiri hluti nefndarinnar samið svo ítarlegt nefndarálit, meðal annars til þess, að spara umræður hjer í deildinni, og til þess, að það komi skýrt fram sú stefna, sem hefir verið og er ríkjandi í þinginu í þessu svo nefnda dýrtíðarmáli. Það hefir auk þess svo margt verið sagt um dýrtíðarástandið, að mönnum er farið að leiðast að hlusta á það skraf alt.

Það hafa komið fram ýmsar uppástungur um dýrtíðarráðstafanir, en fengið misjafnan byr. Þær leiðir, sem reynt hefir verið að fara, hafa ekki þótt færar, og allar uppástungur meira og minna vanhugsaðar. Það, sem vakti fyrir flutningsmönnum þessa frumv., var að finna nýja og heppilega leið til að ráða fram úr því, á hvern hátt ætti að hlaupa undir bagga með þeim mönnum, sem helst þurfa þess, vegna misæris þess, sem er í landinu. Þessum tilgangi frumv. er rækilega lýst í nefndaráliti meiri hlutans. Læt jeg mjer nægja að vísa til þess.

Eins og flestum mun kunnugt, gat nefndin ekki fylgst að málum, hvað þetta frumv. snertir, og er nefndarálit meiri hlutans á þgskj. 925, og jeg heyri sagt, að álit minni hlutans sje í prentsmiðjunni, en það er nokkuð seint, til þess að koma að notum við þessa umræðu.

Jeg sje ekki ástæðu til þess, að gjöra grein fyrir málinu í heild sinni, en vil að eins fara örfáum orðum um brtt. frá meiri hluta nefndarinnar á þgskj. 926.

Fyrri brtt. fer fram á, að feld sjeu þurtu orðin: »að fengnu samþykki . . .« Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að það væri of erfitt og umfangsmikið fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir, að framfylgja þessu ákvæði, og er tillagan því fram komin til þess að ljetta þeim fyrirhöfnina. Nefndin leit svo á, að óhætt mundi að fá bæjarstjórnum og hreppsnefndum það vald í hendur, að gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru, án þess að áskilja samþyktir meiri hluta atkvæðisbærra manna. Gjörði ráð fyrir, að þær mundu alls ekki misbrúka slíka heimild.

Síðari brtt. fer fram á það, að 2. gr. frumv. orðist þannig: »Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir . . .« o. s. frv. Eins og sjá má af tillögunni, gjörir hún ráð fyrir, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir veiti dýrtíðarhjálpina fyrst og fremst á þann hátt, að sjá þeim mönnum fyrir atvinnu, sem helst þurfa þess og hennar geta notið. Að öðru leyti ætlast nefndin til þess, að styrkurinn sje veittur þeim, sem þurfa, á þann hátt, að sjeð sje fyrir ódýrum nauðsynjavörum, matvælum og eldsneyti. Taldi nefndin þá hjálp mundu verða notadrýgri, en að skifta peningastyrk milli manna. Ank þess auðveldara að sjá um, að styrkurinn verði að tilætluðum notum. Þetta er aðalbreytingartillaga nefndarinnar. Hefi jeg og nefndin þá skoðun, að hún sje tvímælalaust til bóta, og vona jeg hún verði samþykt.

Þetta er það helsta, sem jeg vildi taka fram. Jeg skal geta þess um leið, að það hefir verið fremur stuttur tími fyrir nefndina, til að geta gengið frá frumv. sem skyldi, svo að í ógáti hefir fallið burtu atriði úr 2. gr., sem snertir þá, sem þegið hafa af sveit. Mun nefndin lagfæra þetta við 3. umr.

Það er svo ekki ástæða til að fjölyrða meira um þetta að sinni, en jeg vona, að deildin taki vel í brtt. og að frumv. gangi fram.

Bjarni Jónsson: Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) er framsögumaður minni hlutans í þessu máli, en ekki jeg, en það voru að eins nokkur orð, sem jeg vildi tala. Nefndarálit minni hlutans kemur nokkuð seint, vegna þess, að við tókum það ekki nógu snemma í höfuðið. Jeg skal geta þess, hver rök liggja til þess. Við höfðum ekki tíma til að athuga þetta langa nefndarálit, vegna þess, að svo mörgum merkilegum málum var að sinna núna dagana áður. Í nefndaráliti okkar var því ekki tækifæri til þess að rekja málssöguna. Jeg vík að eins örfáum orðum að því, að þetta frumvarp er ekki borið fram til þess að það verði samþ. Fyrir nokkrum dögum var sams konar frumv. felt, sem von var, því að það er bygt á röngum grundvelli, og fengu þingmenn ámæli fyrir. Nú halda þeir því, að sjálfsagt sje fyrir þá að sýna einhvern lit á að hjálpa. En miklu væri betri engin hjálp en svona löguð hjálp. Það eina, sem er gott við frumv. þetta, er það, að ekki skuli þessi hjálp talin sveitarstyrkur. Grundvöllurinn undir hverju dýrtíðarfrumvarpi á að vera sá, að þeir fátæku þiggja, en þeir ríku borga. En samkvæmt þessu frumv. á hver hreppur að sjá um sig sjálfur, og nú er það svo, að sumir hreppar verða harðar úti en aðrir, og þess vegna væri rjett, að hinir efnuðu hreppar hlypu undir bagga með þeim fátæku. En að segja svona út í loftið: »Passið ykkur sjálfir«, nær ekki nokkurri átt. Flutningsmenn þessa frumv. vilja auðvitað segja það, að það verði sjeð fyrir þeim í útflutningstollafrumv., en þm. Dal. veit vel, hvað farið hefir fram hjer á bak við tjöldin, bæði eitt og annað, og jeg get skýrt frá því, ef vill, síðar meir. Frá þessu sjónarmiði er því ekki ástæða til að ræða einstakar greinar frumv.

Framsögum. minni hl. (Eggert Pálsson): Það er rjett, að ekkert nefndarálit er komið frá minni hlutanum. Það má kann ske segja, að það sje bættur skaðinn, þó að það sje ekki komið fram, því að við, minni hlutinn, höfum ekki sjeð álit meiri hlutans fyrr en nú, og því eigi haft tíma til að rökræða frumvarp þetta við hann. Við höfum því lagt til, að frumvarpið verði felt.

Meiri hlutinn skrifar langt mál um það, að dýrtíðarhjálpin sje ekki á rökum bygð, og jeg er honum sammála um það, að mikils til ofmikið er gjört úr dýrtíðinni og hennar illu afleiðingum, og vil þess vegna ekki leggja skatta á landið.

Jeg er einnig samþykkur meiri hlutanum um, að engin vandræði sjeu enn þá orðin í landinu. Hvað síðar kann að verða, veit enginn, nema forsjónin ein. Aðstaða manna í lífsbaráttunni er misjöfn nú, eins og endranær, og þess vegna engin sjerstök ástæða nú til að þjóta upp með vanhugsuð lög. Jeg kannast við, að meiri hlutinn hefir lagfært frv. mikið með brtt. sinni.

Jeg veit ekki, hvort meiri hlutinn hefir tekið það fram í áliti sínu, sem jeg benti á í nefndinni, að það væri aðgæsluverð leið, að gefa öllum almenningi opna leið til þess að fara í vasa efnaðri manna. Hjer í Rvík þyrfti ekki annað en að »tromma« saman borgarafundi, og heimta það af bæjarstjórninni, að hún legði há aukaútsvör á efnamennina. Það er auðvitað ekki nema gott og fagurt, að leggja fram fje til nytsamra fyrirtækja.

Hitt atriðið, þar sem meiri hlutinn leggur til, að fátæklingum sje úthlutað matvælum og eldsneyti, þá er það ærið gott og fallegt, því að þá fáu aura, sem þeir geta unnið sjer inn, geta

þeir þá notað til annars, fræðslu eða skemtana.

Eitt atriði í þessu máli hefi ekki verið athugað. Það er meiningin, hefir mjer skilist, að þessi dýrtíðarhjálp sje ekki skoðuð sem sveitarstyrkur. En hvað hugsa þá háttv. flutningsmenn frv. um þá menn, sem þegar hafa þegið af sveit? Ef sá styrkur á að skoðast sem sveitarstyrkur, þá eru þeir beittir misrjetti. Því þegar öðru fólki er ekki reiknaður styrkurinn sveitarstyrkur, þá er þeim reiknaður allur sá styrkur, sem þeir þurfa, sem sveitarstyrkur. Allir sjá, að þetta er misrjetti. Nei, það á að draga það frá, sem er fram yfir venjulegan sveitarstyrk, og skoða það sem aðra dýrtíðaruppbót. Það liggur í augum uppi, að þeir, sem þiggja af sveit, þurfa hærri styrk nú en áður, niðursetningar hærra meðlag. Það er því ekki rjett, að skoða alt það sem sveitarstyrk, sem þeim er lagt til. Jeg veit ekki, hvort háttv. flutningsmenn hafa athugað þetta, en jeg ber gott traust til þeirra til að sjá um, að sveitarómagar og þeir menn, sem sveitarfjelagið styrkir, sjeu ekki beittir misrjetti.

Sveinn Björnsson: Jeg get verið mjög stuttorður, vegna þess, að jeg hefi afráðið, að bíða með að láta brtt. þá, sem jeg hefi gjört við frumv., koma fram, þangað til við 3. umr. Jeg mun fyrir mitt leyti greiða atkvæði með frv. áfram, en að öðru leyti mun atkvæði mitt að lokum velta á því, hvort eitthvað líkt þessu kemst inn í það ellegar ekki.

Framsm. meiri hl. (Þórarinn Benediktsson): Jeg hefi ekki miklu að svara, því að það hefir eiginlega ekkert nýtt komið fram í málinu í umræðunum, síðan jeg talaði síðast. En síðan hefir komið fram nefndarálit frá minni hlutanum. Það er hvorki langt nje efnismikið. Það var vel og viturlega sagt hjá háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), að það væri ekki mikið á því að græða.

Í því stendur ekki annað en þetta:

> »Þar sem við höfum eigi tíma til að rökræða þetta mál við meiri hl. í áliti þessu, látum við okkur nægja að ráða deildinni til að fella þetta óþarfa frumv.«.

Það er dagsatt, að á þessu er fremur lítið að græða. Það er lítið um ástæður, og þess vegna lítið um álitið að segja. Annars kom það fram í ræðu háttv. 2. þm. Rang. (E. P.), að hann er samdóma mörgu af því, sem haldið er fram í áliti meiri hlutans. Hann er meðal annars samdóma því höfuðatriði í áliti meiri hlutans, að hjer sje ekki um almenna dýrtíð að ræða, heldur að eins misæri. Af því finst mjer leiða, að það sje ekki landssjóður, sem á að leggja fje fram, heldur eigi að veita hreppsnefndum og bæjarstjórnum heimild þá, sem um ræðir í frumv.

Það, sem var aðalkjarninn í ræðu hv. 2. þingmanns Rang., var það, að eftir frv. kæmi misrjetti milli þeirra manna, sem nú þiggja af sveit, og hinna, sem eiga að njóta þessarar dýrtíðarhjálpar. Jeg skal ekki neita því, að þetta kunni að vera á rökum bygt, en þó eru þau rök minni en hann vildi láta sýnast, vegna þess, að hjálpin á fyrst og fremst að vera í því fólgin, að sjá öllum fátækum mönnum fyrir nægilegri atvinnu, jafnt þeim, sem sveitarstyrks njóta, og hinum, sem mundu þurfa hans, ef þeim

væri ekki bjargað á annan hátt. En það er ekki gott að gjöra lögin þannig úr garði, að misrjetti hverfi að öllu leyti; það skal jeg játa.

Frumv. vill gefa hreppsnefndum og bæjarstjórnum tök á að gjöra ráðstafanir, svo að við því verði sjeð, að fólk þurfi að leita sveitarstyrks, vegna misærisins. En hins vegar eru líkur til þess, að meiri brögð mundu verða að því nú, vegna þess, að vinnulýður í kaupstöðum og sjóþorpum stendur verr að vígi en þeir, sem framleiða, og getur því ekki komist af, nema sjeð sje fyrir því, að þá bresti aldrei atvinnu.

Þetta er aðaltilgangur frumvarpsins. Ummæli háttv. 2. þingm. Rang. (E. P.) hnekkja því ekki, að frumvarpið sje spor í rjetta átt.

Að öðru leyti en þessu sje jeg ekki ástæðu til að svara ræðu hans.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) þarf jeg ekki að svara neinu, því að ræða hans kom hvergi nærri efni málsins. Hún snerist mest um flutningsmenn frv., hvatir þeirra og þess konar. Jeg ætla ekki að tjá mig neitt um það, af hvaða hvötum flutningsmennirnir hafi borið frumvarpið fram.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) byrjaði ræðu sína á því, að þetta stóra skjal, nefnil. nefndarálit meiri hlutans, væri helsti langt um svona ómerkilegt efni. Hann sýndi reyndar ekki fram á, að efnið væri ómerkilegt. Gat heldur ekkert af því hrakið, sem þar er sagt, enda er það ekki hans meðfæri. Jeg heyrði líka ekki betur en hann segðist hafa skilið eitthvað eftir upp á Laugavegi, sem hann þurfti á að halda hjer í þingsalnum. Hefir það kann ske verið skynsemin. Jeg er reyndar ekki viss um, að það hafi verið rjett heyrt, en ræða hans var öll mjög lík því, að svo hafi verið, enda ekki óvenjulegt, að hún sje ekki höfð með hjer í salnum.

Að því er það snertir, að frumv. sje komið fram af óhreinum hvötum, verð jeg að segja, að honum getur ekki verið kunnugt um það. Hvatir okkar flutningsmanna liggja ekki eins utan á, eins og stundum á háttv. þm. Dal. (B. J.).

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að svara ræðu hans.

Bjarni Jónsson: Það er að eins örstutt athugasemd út af ræðu háttv. framsögum. meiri hlutans (Þ. B.). Jeg vil bera brigður á það, sem hann sagði, um að ræða mín hefði ekki komið nálægt frumv. Jeg talaði einmitt um, að frumv. væri rangt, vegna þess, að þetta væru bara hjálpar-látalæti. Það er engin hjálp í því, að segja fátækum sveitum að bjarga sjer á eigin spítur. Frv. er blátt áfram meinloka út í loftið. Það er augljóst, að það er óverjandi, enda hefir vörnin ekki tekist fimlega.

Þar sem hv. framsögum. meiri hlutans (Þ. B.) sagði, að jeg hefði sagt, að jeg hefði skilið skynsemina eftir uppi á Laugavegi, þá er það ekki rjett hermt. En hitt er annað mál, að mjer hefði verið óhætt að skilja hana eftir heima upp á það, að jeg hefði getað rætt mál þetta betur heldur en háttv. meiri hluti fyrir því.

ATKVGR.:

Brtt. 926,1 samþ. með 13 : 1 atkv.

1. gr. svo breytt samþ. með 15 : 3 atkv.

Brtt. 926,2 samþ. með 13 samhljóða atkv.

2. gr. þar með fallin.

3.—4. gr. samþ. með 14 sahlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 16 : 1 atkv.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 954, 959, 961).

Sveinn Björnsson: Jeg verð að segja nokknr orð af því að jeg á eina brtt. við þetta frv. Hún er svo stutt, að allir geta áttað sig á henni þegar í stað. Hún fer í þá átt, að landssjóður leggi eitthvað af mörkum til þeirra, sem harðast verða úti í dýrtíðinni. Fyrir mjer horfir þetta mál þannig við, að verði þessi brtt. mín ekki samþykt, þá álít jeg, að frumv. komi að engu gagni. Jeg gjöri ráð fyrir því, að hægt sje, að hafa saman án heimildar alt það fje, sem með þarf, nema það sem landssjóður á að leggja til. Ef brtt. mín yrði samþykt, þá kæmi það fram, sem jeg óska, að þingið láti koma fram, að það vilji, að landssjóður sýni samúð með þeim, sem harðast verða úti, vegna dýrtíðarinnar. Þetta gjald, sem ætlast er til að landssjóður leggi fram, er svo lítið, að hann getur ekkert um það munað. Annars liggur málið svo ljóst fyrir, að óþarfi er að fara um það fleiri orðum.

Framsögum. meiri hl. (Þórarinn Benediktsson): Meiri hluti nefndarinnar hefir komið fram með eina brtt. við þetta frumv., og þarf hún ekki útskýringar við. Hún er að eins leiðrjetting á því, sem fjell burtu við 2. umræðu málsins, úr hinu upphaflega frumvarpi. Gat jeg þess við 2. umr., að nefndin mundi leiðrjetta þetta við þessa umræðu málsins. Nefndinni er ekkert kappsmál um þessa breytingu, en telur þó rjett, að hún komist að.

Þá hefir einnig komið fram brtt. frá háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.). Hún kom fyrst fram við 2. umr. þessa máls, en var þá tekin aftur, því að ekki var búist við, að hún fengi mikinn byr. Nú er þessi brtt. komin fram enn í ofurlítið breyttri mynd, en kjarninn er sá sami, nefnilega sá, að landssjóður leggi fram $^1/_8$ kostnaðarins, og þó ekki meira en 2 kr. á hvern íbúa. Við nefndarmenn viljum ekki ganga inn á þessa breytingu á frumv., af hvaða ástæðum vita allir, sem lesið hafa nefndarálitið, því að þar er stefna okkar skýrt tekin fram. Sú stefna, að ekki eigi að nota fje landssjóðs til annars en þess, að afla landinu birgða, eftir getu hans og þörfum landsbúa, en að hann eigi að fá fult endurgjald þess, sem hann leggur fram, nema að því leyti, sem orsakast kynni tap af verðfalli eða vörurýrnun.

Þetta hefir í stuttu máli verið stefna þingsins í dýrtíðarmálinu, sjerstaklega Nd. Ef brtt. háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) yrði samþykt, myndi hún hafa mikil útgjöld í för með sjer, ef heimildin til að gjöra dýrtíðarráðstafanir samkv. frumv. á þgskj. 954 yrði alment notuð. Hefir mjer reiknast svo til, að kostnaðurinn mundi verða 170—200 þús kr. á ári fyrir landssjóðinn. Þetta þykir mjer alt of mikil upphæð, auk þess, sem jeg er sannfærður um, að styrkurinn mundi koma misjafnlega niður og ranglátlega. Ákvæði það, sem felst í tillögunni, er því mjög athugavert og mjög hætt við því, að það yrði misbrúkað stórkostlega. Mjer finst, að það liggi ekki fjarri að ætla, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir geti gjört dýrtíðarráðstafanir, að eins til þess, að ná í tillagið úr landssjóði.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um málið, en vænti þess, að deildin haldi fast við þá stefnu, sem hún hefir haft í dýrtíðarmálinu, og get lýst yfir því, fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að hann er eindregið á móti tillögu háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.).

Jóhann Eyjólfsson: Jeg get ekki látið vera að gjöra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Jeg er eindregið á móti því, að þetta frumvarp verði samþykt, og læt jeg ráðast, hvort jeg verð kallaður ónærgætinn og harðúðgur fyrir það, gagnvart fátækum mönnum.

Jeg álít, að hjer sje verið að stíga algjörlega skakt spor, með því að vera að lögskipa gjafir handa fátækum mönnum. Ef einhver á svo efitt, að hann getur ekki bjargað sjer sjálfur stuðningslaust, þá hefir hann þrjár leiðir að fara, þó engin sje góð. Í fyrsta lagi, að reyna að fá lán, og í öðru lagi að segja sig til sveitar, og þriðja leiðin er að lifa á gjöfum, þ. e. að betla og sníkja sjer til bjargar, og þessi síðasttaldi atvinnuvegur hefir aldrei verið talinn góður eða glæsilegur.

Jeg hefi helst hugsað mjer, að menn ættu ekki að fara nema tvær af þessum leiðum, þegar í kröggurnar væri komið. Í fyrsta lagi að taka lán, og getur maður sagt, að undir mörgum kringumstæðum sje ekki mikið að því, en þegar svo er komið, að maðurinn hvorki getur fengið lán eða bjargað sjer sjálfur á einn eða annan hátt, þá finst mjer eigi um annað ráð að tala, en hann fari á sveitina.

Mjer hefir oft dottið það í hug, að jeg mundi ekki geta bjargað mjer sjálfur, að þeir dagar kæmu, að jeg yrði að vera alvarlega upp á aðra kominn, og þá hefir mjer æfinlega fundist, og finst enn, að geti jeg ómögulega fengið lánshjálp, þá vilji jeg heldur fara á sveitina en að fá framfærsluhjálp, líkt og gjört er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

En aftur á móti er það, að veita hallærislán til bráðabirgða, þegar sjerstaklega stendur á og brýn þörf virðist fyrir hendi, ekki nema rjett og sjálfsagt, enda hefir Alþingi gripið til þess ráðs nokkrum sinnum, þegar þörfin hefir heimtað það.

Að lögskipa gjafir á þann hátt, sem hjer verið að gjöra, álít jeg vera ilt verk, og svo alvarlegt atriði fyrir framtíðina, að þingmenn ættu að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir gjörðu það, því hjer yrði þá skapað svo afar vont og hættulegt fordæmi, að við getum nú ekki gjört okkur nægilega ljóst, hverjar afleiðingar það hefði. Menn verða annars að gá vel að því, að með þessu frumvarpi er glætt það, sem lítilsigldast er og ógöfugast hjá manninum, sem sje það, að kenna honum að lifa á annarra sveita, að kenna honum að verða betlari og sníkjudýr, en venur hann af, að treysta á sjálfs sín stuðning, venur hann af að trúa á mátt sinn og megin. Það er satt, að það er hart fyrir menn að þurfa að fara á sveit, enda berjast líka flestir á móti því, svo lengi sem þeir geta, og það má ekki draga kjark úr mönnum í þeirri baráttu. Við eigum ekki hvað síst að glæða það hjá mönnum, að vera stórir upp á sig, og svo stórir þurfa menn að vera upp á sig, að þeir vilji alls ekki lifa á gjöfum og betli.

Jeg óska og vona, að svona spor, sem þetta, verði ekki stigið nú hjer á þessu þingi.

Sigurður Sigurðsson: Jeg get lýst strax yfir því, að jeg er hlyntur því frumvarpi, sem hjer liggur fyrir, um að veita bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimild til að jafna niður dýrtíðargjaldi einu sinni á ári, og mun greiða því atkvæði. Jeg lít svo á, að frumv. þetta fari í rjetta átt, en óttast hins vegar ekki, að heimild sú, sem í því er gefin, verði vanbrúkuð. En svo hefir komið fram brtt. frá háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) á þgskj. 959, sem fer í þá

átt, að þær bæjarstjórnir, sem noti heimildina, eigi rjett á *að fá greiddan úr landssjóði* $^1/_3$ *hluta af þeirri upphæð*, sem kann að koma inn samkvæmt frv., þó aldrei hærri fjárhæð en sem svarar 2 krónum á hvern íbúa bæjarfjelagsins eða hreppsfjelagsins. Þessarri tillögu er jeg ekki á neinn hátt fylgjandi, því að jeg álít, að hún fari alveg í öfuga átt. Hjer á að fara að nota fje landssjóðs til fátækraframfæris, alment, og get jeg ekki ljeð því fylgi mitt.

Jeg skal í þessu sambandi minna á, að þegar sveitirnar urðu fyrir hnekki í fyrra, svo sem mönnum er kunnugt, þá var rætt um það á þingi, hvort ekki væri hægt að gjöra neitt, til að ráða fram úr vandræðunum. Þá varð niðurstaðan sú, að samþykt var þingsályktunartillaga um, að heimila stjórninni að veita þeim sveitum, sem verst verða úti, harðærislán með sæmilegum kjörum. Stökkið þá varð nú aldrei hærra en 50,000 kr., og það var ekki svo vel, að sveitirnar fengju þessi lán í peningum, heldur að mestu leyti í matvöru. Þetta var ólíkt heppilegri og viðkunnanlegri aðferð, að heimila lán, heldur en að fara fram á gjafir af því fje, sem verið er að knýja út með álögum á framleiðendur þessa lands.

Það er harla einkennilegt, að rauði þráðurinn í öllu því dýrtíðarmoldviðri, sem nú hefir verið þeytt upp, virðist vera sá, að hjálpa þurfi bæjarfjelögunum, og þó sjerstaklega Reykjavík. Allur vaðallinn snýst um það, að veita Reykjavík hjálp. Þetta hefir hleypt illu blóði í mig og marga fleiri. Þó jeg á hinn bóginn viðurkenni, að sumir hjer í bæ verði hart úti, þá er ekki ástæða til þess barlóms, sem hefir gengið fjöllunum hærra. Alt þetta dýrtíðarhjal miðar ekki til annars en að ala upp í mönnum þá hugsun, að ekki sje um annað að gjöra en að leita landssjóðs, ef eitthvað er að. Þetta tel jeg afarilla farið og blátt áfram skaðlegt. Brtt., sem hjer liggur fyrir, styður þennan hugsunarhátt og miðar að því, að draga kjark og dug úr mönnum. Hluturinn er sá, að nú um langt áraskeið hefir aldrei verið meiri atvinna en einmitt nú, og aldrei hærra kaup goldið, hvorki til lands nje sjávar.

Það hefir komið fyrir áður, að sjávarpláss hafa orðið illa úti, vegna fiskileysis, og hefir þá stundum verið farin sú leið, að leita samskota þeim til hjálpar, og hefir gefist vel. Jeg skal játa, að mjer finst þetta ekki viðkunnanleg aðferð, en af tvennu illu þá er það þó næstum því skárra, heldur en að gefa heimild til að nota landssjóðinn til fátækra framfæris.

Af þessum ástæðum og fleirum mun jeg greiða atkvæði á móti brtt. á þgskj. 959, og verði hún samþykt, þá mun jeg greiða atkvæði á móti frumvarpinu, þó mjer þyki það leitt.

Framsm. minni hl. (Eggert Pálsson): Jeg mintist á það við 2. umræðu þessa máls, að það kæmi ekki ljóst fram í frumvarpinu, hvort ætlast væri til, að hjálpin skyldi ná til manna, sem þiggja af sveit, eða ekki. Jeg ljet í ljós, að ef fátæklingar hefðu þörf fyrir hjálp, þá ætti sú hjálp, mannúðarinnar vegna, einnig að ná til þeirra, sem þiggja af sveit. Það er ekki rjett, að reikna þeim til syndar þeginn sveitarstyrk, sem einungis stafaði af hinni svo nefndu dýrtíð, ef verið væri á annað borð að útbýta gjöfum til annarra fátæklinga. Nú sje jeg, að brtt. meiri hlutans tekur algjörlega gagnstætt í málið. Hann vill láta það koma skýrt fram í frumv., að slík hjálp nái ekki til þeirra, sem þegið hafa sveitarstyrk. Með öðrum orð-

um, meiri hlutinn ætlast til, að þessir menn sjeu algjörlega undan skildir styrk þeim, sem hjer um ræðir. Þeir einir allra fátæklinga skulu settir hjá allri svo nefndri dýrtíðarhjálp. Þetta er hvorki mannúðlega nje rjett hugsað. Jeg mun því greiða atkvæði á móti brtt., eins og líka öllu frumv. í heild sinni.

Jeg álít, að alt þetta dýrtíðarhjal sje orðum aukið og eigi ekki við nein rök að styðjast, eins og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók fram. Þó að dýrtíð sje í Reykjavík, þá á ekki að gefa út lög til að bæta úr henni, sem gilda fyrir alt landið. Það á að hjálpa Reykjavík, ef hún er illa stödd, á líkan hátt og sveitum og einstökum öðrum hjeruðum hefir verið hjálpað í erfiðum kringumstæðum að undanförnu, ef hún skyldi verða hjálpar þurfi, sem jeg tel enn alls ekki sýnt eða sannað.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) tók í sama strenginn og jeg, að því er þetta frumv. snertir, þrátt fyrir það, þó að hann hafi talað einna mest um dýrtíðina. Hann áleit, að það mundi að engu gagni koma, nema breytingartillaga hans yrði samþ. En mjer hefir heyrst, að háttv. meiri hluti geti ekki felt sig við þá brtt., sem ekki er heldur að búast við, og vonandi er, að ekki fái samþykki deildarinnar. Ef sú tillaga verður samþykt, virðist mjer hún geta orðið næsta hættuleg fyrir landssjóðinn. Það er sem sje innan handar fyrir hverja hreppsnefnd, að samþykkja dýrtíðarráðstafanir hjá sjer, eingöngu í því skyni, að fá þennan landssjóðsstyrk. Það er ekkert hægra en að láta fara fram málamynda niðurjöfnun í því skyni, að fá landssjóðsstyrkinn útborgaðan. Væri jeg í hreppsnefnd, mundi jeg telja hægt að koma þessari niðurjöfnun, er hjer um ræðir, svo fyrir, að hún yrði aldrei nema á pappírnum og gjaldið aldrei krafið inn, en landssjóðstillagið yrði samt sem áður að greiða hlutaðeigandi hreppi. Þetta vildi jeg biðja menn að athuga vel, áður en til atkvæða er gengið um brtt. háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.).

Bjarni Jónsson: Jeg skil ekki, að þetta frumv. sje nauðsynlegt, nema það sem sje rjett, sem þeir þingmenn sögðu, sem samþyktu verðhækkunarfrumv., að það væri að eins gjört til að jafna úr tekjuhallanum á fjárlögunum. En þetta er ekki meining annara en þeirra, sem þurfa að bera af sjer ámæli um stefnuskifti.

Nú vil jeg beina þeirri spurningu til hæstv. stjórnar og Velferðarnefndar, hvort hún ætli ekki að nota tekjur þær, sem fást kunna með verðhækkunartolli, til þess að afstýra hallæri í landinu. Því ef svo er, þá hefir bæði stjórnin og Velferðarnefndin nægilegt fje, til að hjálpa þeim, sem hjálpa ber.

Og hver þörf er þá á því, að gefa út sjerstök heimildarlög til hreppsnefnda og bæjarstjórna til dýrtíðarráðstafana með sjerstökum hætti? Þau eru þarfleysa, sem engum getur komið að haldi, nema ef menn vilja ná sjer fje úr landssjóði, eins og háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) sagði. Annars vil jeg ekki taka undir getsakir hans til hreppsnefnda og bæjarstjórna. Jeg veit, að í hreppsnefndum og bæjarstjórnum eiga góðir menn sæti, alveg eins og hjer á Alþingi.

Sama máli er að gegna um getsakir háttv. þm. Mýr. (J. E.). Þeir menn eru lítil góðmenni, sem vilja meina fátækum mönnum að njóta þess happs, að styrkurinn er ekki sveitarstyrkur. Jeg er sannfærður um, að fátæklingar munu ekki leita hjálpar að óþörfu, þó að enginn rjettindamissir fylgi styrknum.

Það er ekki rjett hjá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að alt snúist um að taka tillit til Reykjavíkur. Vildi hann auðsjáanlega gjöra tillögu háttv. 1. þingm.

Rvk. (S. B.) óvinsæla í augum þingm. Þar er ekki verið að taka tillit til Reykjavíkur einnar, heldur til alls landsins, til allra þeirra, sem verst verða úti í dýrtíðinni. Það er ekki til neins að nota nafn Reykjavíkur til að gjöra málið óvinsælt, því menn vita, hve mikill hluti af þjóðinni hefst við í Reykjavík. Það er ekki lengur hægt að tala um hana eins og eitthvert kaupstaðarhorn, því hjer er $^1/_5$—$^1/_6$ hluti allra landsmanna saman kominn.

Það er auðvitað, að alt tal manna, um tillag til þeirra manna, sem eru verr settir en aðrir, vegna dýrtíðarinnar, byggist á því, hvort ástæða sje til að ætla, að harðæri verði, og ef ástæða er til að ætla það, er eins gott að vera við öllu búinn. Þess vegna spyr jeg enn þá stjórnina og Velferðarnefndina, hvort hún ætli sjer ekki að nota fje það, sem inn fæst með auknum sköttum eða tollum, til þess afla vörubirgða og nauðsynja handa landinu, svo að ekki þurfi að óttast hungurdauða, þó samgöngur milli Íslands og annara landa stöðvist. Ef þeirri spurningu er svarað játandi, þá er auðsætt, að þetta frv. er öldungis óþarft. Og jeg veit ekki í hvaða skyni það er borið fram, og veit það þó, en ætla ekki að fara að karpa um það. Jeg stóð að eins upp til þess að gjöra þessa fyrirspurn, því jeg gleymdi því, þegar verðhækkunartollsfrumv. var til 2. umr. hjer í deildinni.

Ráðherra: Háttv. þm. Dal. (B. J.) gjörði fyrirspurn til stjórnarinnar og Velferðarnefndarinnar um það, hvort tilætlunin væri ekki sú, að nota það fje, er landssjóður ætti, þegar frumv. yrði að lögum, til þess að afla sjer útlendra nauðsynja. Jeg vil taka það fram, að mitt svar er eingögu fyrir sjálfan mig; væntanlega svarar nefndin fyrir sig. Að vísu hefir Alþingi gefið heimild til þess að taka lán, til að kaupa erlendar vörur fyrir, en vitanlega er þó heppilegast að skulda sem minst, og gæti því verið ráðlegt, að nota þenna tekjuauka (verðh.tollinn) í þessu skyni. Sjerstaklega getur það hugsast, að landið tapi reikningslega á þessum vörukaupum. Vörurnar geta hækkað talsvert í verði á 3—6 mánuðum, og þá gæti hugsast, að þessi tekjuauki yrði notaður til þess að bæta þetta tap upp. Líka getur það hugsast, að vandræði yrði í sveitum, vegna misæris, og býst jeg þá við, að til þessa fjár mætti grípa.

Háttv. þingmaður talaði líka um halla á fjárlögunum. Jeg sje ekkert á móti því, að til þessa fjár yrði gripið, til þess að fylla einhvern veginn upp í hann. Annars vil jeg benda háttv. þingmanni á það, að tekjuhallinn verður talsvert meiri en hann lítur út í fjárlögunum. Þau fóru hjeðan seinast með 356 þús. kr. tekjuhalla. En við það verður að bæta 20 þús. kr. árlega til landhelgissjóðs, og 100 þús. kr. árlega til Landsbankans. Svo má og gjöra ráð fyrir óhjákvæmilegum umframgreiðslum. Þær urðu núna seinast, eins og fjáraukalögin 1914—1915 bera með sjer, 160—170 þús. kr. Og enn hefir Alþingi nú samþykt ýms lög, sem hafa útgjaldaauka í för með sjer. Í raun og veru verður útgjaldaliðurinn því 700—800 þús. kr. hærri en tekjuliðurinn. Það getur verið, að tekjurnar verði talsvert hærri en áætlað er, en það getur líka farið á hina leiðina, og þá er betra að nota þenna tollauka, til þess að jafna hallann en að láta hann standa í skuld.

Guðmundur Hannesson: Mjer er það ekki ljóst, að verðhækkunarskatturinn standi í beinu sambandi við hjálp til fátækra. Á það er hvergi minst í frumv. Annað mál er það, að að fyrir löngu eru samþykt af þinginu

lög, er heimila stjórninni að nota fje úr landssjóði, og taka 1 miljón króna lán, til þess að kaupa fyrir nauðsynjavöru, ráðstafa henni og selja. Þessi lög eru mjög víðtæk, og vitanlega má nota þau til þess, að verja þessu fje til dýrtíðarhjálpar, ef nauðsyn krefur. En verðhækkunarskatturinn rennur í landssjóð, og kemur dýrtíðarhjálp ekki neitt við, fremur en aðrar tekjur, sem þangað renna, að öðru leyti en því, að landssjóður verður að greiða þau gjöld, er þarf að borga vegna dýrtíðarinnar. Hvað frv. það, er hjer liggur fyrir, snertir, get jeg ekki fallist á þau orð háttv. þm. Dal. (B. J.), að það sjeu að eins látalæti. Jeg get ekki skoðað það sem látalæti, ef bærinn leggur á okkur háttv. þm. Dal. (B. J.), eitthvert gjald, til þess að styrkja fátæklinga, og þann styrk á ekki að skoða sem sveitarstyrk. Mjer finst frumv. vera til bóta og mun greiða atkvæði með því.

Benedikt Sveinsson: Það er undarlegt að heyra, hve mjög þeir hv. þm. Mýr. (J. E.) og þm. Dal. (B. J.) beita sjer gegn þessu frumv.

Jeg kannast við, að það er rjett hermt af háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að alt of mikið hefir verið gjört úr hallæri nú í sumar. Blöðin hafa stöðugt alið á gasprinu, til þess að afla sjer frekara fylgis hjer í bænum, og þm. Rvk. (S. B. og J. M.) hafa neyðst til þess, að taka undir það, vegna kjósenda sinna. Að vísu verður því ekki neitað, að einstakir menn hafa orðið allhart úti, vegna dýrari nauðsynja, en þá er það einmitt frumv. eins og þetta, sem helst þarf við. Vitanlega hafa menn orðið harðast úti í kauptúnunum, og þá einkum í Reykjavík. En þá ber þess jafnframt að gæta, að margir hjer hafa grætt stórum á kaupverslun og útgjörð, og væri þeim ekki ofætlun að miðla þeim, sem verr eru settir. Það er því ástæðulaust, að Reykvíkingar fari að hlaupa í landssjóðinn í þessu skyni. En þar sem það er rangt, að þeim mönnum, sem hjálpa á á þenna hátt, sje reiknað það til sveitarstyrks, þá er auðvitað alveg rjett að samþykkja frumv. eins og þetta, sem útilokar það, en setur sjerstakar reglur um það, hvernig hjálpinni skuli jafnað niður á þá menn, sem aflögufærari eru.

Háttv. þm. Mýr. (J. E.) talaði um að nauðsynlegt væri að stuðla að því, að hver maður bjargaði sjer upp á eigin spítur, en lendi ekki á sveitinni. Það er einmitt þetta, sem vakað hefir fyrir flutningsmönnum frumvarpsins, því að það er segin saga, að að þeir menn, sem einu sinni hafa tapað rjettindum, vegna þess, að þeir hafa þegið sveitarstyrk, þeir hinir sömu leita aftur á sveitina. En með þessu frumv. er komið í veg fyrir það, að menn fari á sveitina, og sjálfstæðishug manna haldið við. Það er undarlegt, að háttv. þm. Dal. (B. J.) skuli vera á móti þessu frumv., því að það er mjög skylt frumv., er hann bar fram hjer á dögunum um tekjuskatt á þeim mönnum, sem mestan gróða hefðu. Hvorttveggja frumv. leggur gjöldin á þá, sem eru aflögufærastir. Munurinn er að eins sá, að þessi aðferðin er umsvifaminni, og eins er frekari trygging fyrir, að hún komi að tilætluðum notum, því að sveitarstjórnirnar vita miklu betur, hvar það er, sem skórinn kreppir í einstökum hjeruðum, heldur en landsstjórnin eða nefnd manna í Reykjavík, sem mundi hafa verið ætlað það, að skifta fje því, er inn í landssjóðinn sargaðist með tekjuskattinum. Hvað getur stjórnin, sem situr hjer í Rvík t. d. vitað um skort manna austur í Hornafirði eða norður á Ströndum? Þetta frumv. er líka sannsýnilegra að því leyti, að hjer er að eins ætlast til *heimildarlaga*, og vitanlega verður ekki grip-

ið til þessara ráðstafana, nema þar, sem það er bráðnauðsynlegt. *(Bjarni Jónsson:* Hvað gagnar frumv. þar, sem enginn bjargálnamaður er í sveitinni?) Það væri gaman að vita, hvar á landinu svo væri ástatt. - *(Bjarni Jónsson:* Hjá vísindamönnunum í Gufudalssveitinni, eftir sögn þeirra eigin þm.) — *(Hlátur.)*. Væri svo, þá væru engin önnur úrræði fyrir hendi, en að leita hallærisláns.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en með því að jeg tel þetta besta frumv., sem fram hefir komið á þinginu í þessum árbótarmálum, þá vona jeg, að það gangi greiðlega fram.

Sveinn Björnsson: Jeg neyðist til þess, út af ummælum þeim, er fallið hafa, að leggja brtt. minni við þetta frumv. nokkurt liðsyrði. Því miður hefi jeg ekki átt kost á að hlýða á allar umræðurnar, því að jeg var kallaður frá, einmitt þegar mesti ræðuskörungurinn, háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) var að tala.

Jeg býst við því, að þeim mönnum, er greiddu atkvæði með verðhækkunartollsfrumv., hafi gengið nokkuð misjafnt til. En mjer gekk það til, að vera með því, að jeg bjóst við því, ef það yrði að lögum, að landssjóður mundi þá sjá sjer fært að hlaupa eitthvað undir bagga, á líkan hátt og jeg hefi nú stungið upp á, með þeim mönnum, sem við erfiðust kjör eiga að búa. Það var talsverður hiti í mönnum, þegar það frumv. var rætt, en nú hjelt jeg, að hann væri farinn að rjena og hjer væri gott tækifæri fyrir þingmenn, til þess að sýna sig ekki eins harðbrjósta við þá menn, er erfiðast eiga, og leggja einhvern lítinn skerf af mörkum, til þess að styrkja þá, þar sem landssjóði bætast svo miklar tekjur. *(Raddir:* Kosningaræða). Það heyrist nokkuð oft hjer í þingsalnum, þetta orð, sjerstaklega frá þeim mönnum, er aldrei halda annað en kosningaræður. En jeg kippi mjer ekki upp við það. Þar sem háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) sagði, að við þm. Rvk. hefðum neyðst til þess að fylgja þessum dýrtíðarmálum fram, vegna stöðugs gaspurs í Reykjavíkurblöðunum, þá vil jeg benda mönnum á það, að þegar við komum fyrst fram með dýrtíðaruppástungur okkar, þá hafði ekkert orð heyrst í blöðunum í þá átt.

Jeg vil undirstrika það, að nú er tækifærið fyrir háttv. þm. til þess að sýna samúð með þeim, sem bágt eiga. Vegna þess, hve alvörulaust og ómilt menn hafa tekið þessum uppástungum, þá get jeg ekki stilt mig um að skýra frá því, hvernig þessum málum er hagað í öðrum löndum. Jeg skal nefna t. d. Svíþjóð. Þar er bannaður útflutningur á öllu kjöti, nema svínakjöti, og er þó sá útflutningur takmarkaður. Þar er ákvarðað »maximal«-verð á mjólk og öðrum vörum, er menn þurfa að brúka í landinu, til þess að hægt sje að kaupa þær sæmilegu verði, og þar er ekki dregið dár að þeim mönnum, er eitthvað vilja í þessu efni.

Viðvíkjandi frumvarpinu sjálfu er það að segja, að það er ósköp meinlaust, en jafnframt gagnslítið. Það eru ótal ráð fyrir sveitarstjórnir til þess að koma svona málum fram án slíkra laga. Í gildandi lögum er þeim heimilað að jafna niður á hreppsbúa með aukaútsvörum öllum nauðsynlegum gjöldum hreppsins. En þau eru svo margvísleg og hægt að skapa þau á ýmsan hátt. Meðal annars geta þau orðið til við það, að keypt sje nauðsynjavara og seld mönnum svo lágu verði, að hreppurinn skaðist reikningslega á kaupunum. Það leikur enginn vafi á því, að þessu tjóni er hægt að jafna niður á menn með aukaútsvörum.

Að lokum vil jeg endurtaka það, að

það gjörir hvorki til nje frá, þótt frv. verði samþykt, en það kemur ekki að neinu gagni, nema brtt. mín verði jafnframt samþykt.

Þorleifur Jónsson: Þetta þing byrjaði á dýrtíðarumræðum, og það lítur svo út, sem það ætli að enda á þeim líka. Það má því með rjettu nefnast í sögunni dýrtíðarþingið.

Jeg ætlaði að minnast örfáum orðum á brtt. háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.). Hún hefir það gott við sig, að enginn þarf að villast á henni. Hún er skýr og skilmerkileg. Þetta er síðasta hálmstráið, sem aðstandendur tillögunnar eru að reyna að grípa í, til þess að gjöra landssjóð að fátækrasjóði. Jeg er hræddur um, ef brtt. yrði samþykt, að talsvert skarð yrði höggvið í tekjurnar, er ráðgjört var, að landssjóður fengi af verðhækkunartollinum, ef ætti að fara að úthluta flestum bæjarfjelögum og ef til vill hreppsfjelögum á landinu dýrtíðarhjálp af því fje. Við það gæti lagst á landssjóð 170 þús. kr. skattur á ári, eftir þeim ákvæðum, er í tillögunni standa, og þá er jeg hræddur um, að færi að »saxast á limina hans Björns míns«. Þær færu þá að minka, tekjurnar af verðhækkunartollinum. Það hefir heldur aldrei vakað fyrir þeim mönnum, er greiddu atkvæði með því frumv., að nota fjeð, er við það aflaðist, til sjerstakrar dýrtíðarhjálpar. Þetta er því einhver ný fluga hjá háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.). Fyrir mjer vakti það, að fjeð ætti að nota til þess, að afla landinu yfirleitt erlendrar nauðsynjavöru, en ekki að búta það niður í beinan fátækrastyrk handa Reykvíkingum og öðrum kaupstaðarbúum. Sannleikurinn er líka sá, að það hefir verið gjört miklu meira orð á vandræðunum hjer en þau eru í raun og veru. Blöðin hafa blásið að kolunum og æst menn upp á móti vissum flokki eða vissri stjett í þinginu, og hátttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) hefir neyðst til að dansa eftir þeirra pípu. Ýmsir vitrir menn hjer í borg kannast ekki við, að vandræðin hjer sjeu eins mikil, eins og blöðin láta í veðri vaka.

Jeg átti nýlega tal við einn gamlan borgara og bæjarfulltrúa hjer í Reykjavík. Hann kvað sjaldan hafa verið meira góðæri hjer í bæ en einmitt nú. Mokafli og ágætis atvinna fyrir alla, sem vetlingi valda.

Það er orðið dálítið þreytandi alt þetta dýrtíðarhjal, einkanlega fyrir þá, sem verið hafa í nefndum um þessi mál, eins og jeg hefi verið. Það klingir ætíð við, að hjer í borginni muni verða voðaleg vandræði, en, sem betur fer, held jeg, að sá ótti sje ástæðulaus, þótt ef til vill einstaka heimili verði bjargarlítil, en þá er þetta frumv. þeim til hjálpar. Jeg tel ekki efnamennina, og hjer eru mestu stóreignamenn landsins, of góða til þess, að hlaupa þá undir bagga, sjerstaklega kaupmennina, því að enginn skattur var á þá lagður með verðhækkunarfrumv. því, sem samþykt var hjer á dögunum. Þess vegna er frumv. ekki látalæti, eins og sumir háttv. þm. hafa sagt. Jeg álít yfirleitt, að frumv. sje til góðs, en vil vara háttv. þingdeild við brtt. háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.).

Framsm. meiri hl. (Þórarinn Benediktsson): Jeg vona, að þetta verði síðasta dýrtíðarræðan, sem haldin verður hjer í deildinni, enda munu nú víst flestir hafa fengið nóg af slíku.

Jeg þarf ekki að tala langt fyrir hönd nefndarinnar, því að háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) og háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) hafa þar tekið af mjer ómakið og mótmælt mestu af andmælum þeim, sem fram hafa komið gegn frumv.

Það eru að eins tvær athugasemdir eða svo, sem jeg skal leyfa mjer að gjöra.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) lagði út af því, að frumv. hefði í för með sjer misrjetti milli þeirra, sem sveitarstyrk þiggja, og annara fátækra manna. Jeg held, að hann fari hjer nokkuð langt. Jeg sýndi fram á það við 2. umr., að þetta er ekki rjett álitið. Læt jeg mjer nægja að skírskota til þess, sem jeg sagði þá um þetta efni. Tilgangurinn er sá fyrst og fremst, að sjá fátækum mönnum fyrir atvinnu, og þá alveg eins sveitarstyrkþegum og öðrum. Fá þeir þannig þá hjálp, sem þeim mundi verða notadrýgst.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) beindi þeirri fyrirspurn til stjórnarinnar, hvort hún liti ekki svo á, að útflutningsgjaldið, sem samþykt var á dögunum til bráðabirgða, væri sjerstaklega ætlað til dýrtíðarráðstafana. Jeg var ekki alls kostar ánægður með svar hæstv. ráðherra. Mjer þótti það ekki nógu skýrt. Og jeg verð að segja það, að engin stjórn eða velferðarnefnd þarf að ganga grufl-andi að því, hver sje vilji þingsins í þessu efni; hann hefir svo oft komið fram, að stjórnin þarf ekki að vera í neinum vafa þar um. Hann má finna ótvíræðan í öllum hinum löngu umræðum og nefndarálitum um dýrtíðarmálin svo nefndu, auk þess, sem sjest af atkvæðagreiðslum þingsins um þessi mál. Nú síðast lýsir þessi vilji sjer í nefndarálitinu á þgskj. 925, og er þar skýrt tekið fram, hver stefnan eigi að vera í dýrtíðarmálunum, og vil jeg slá því föstu, að eftir því, sem fram hefir farið eigi stjórn og Velferðarnefnd að fara við ráðstafanir sínar.

Um brtt. háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) skal jeg ekki fjölyrða, með því að enginn þeirra mörgu, sem talað hafa, hefir lagt henni liðsyrði; má þar af draga þá ályktun, að hún hafi eigi mikinn byr. Jeg vil mælast til þess, að haft verði nafnakall um þá tillögu.

ATKVGR.:

Viðaukatill. 961 feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Arnórsson,
Guðm. Hannesson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Jón Magnússon,	Hannes Hafstein,
Pjetur Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Sig. Gunnarsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Sveinn Björnsson,	Magnús Kristjánss.,
Þorleifur Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Þór. Benediktsson.	Stefán Stefánsson.

Matthías Ólafsson og Sig. Sigurðsson greiddu ekki atkvæði.

Skúli Thoroddsen var fjarstaddur.

Brtt. 959 feld með 20 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Hallsson,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Matthías Ólafsson,	Benedikt Sveinss.,
Sveinn Björnsson.	Einar Arnórsson,
	Guðm. Eggerz,
	Guðm. Hannesson,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Jónsson,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

Björn Kristjánsson, Hannes Hafstein,

Magnús Kristjánsson og Sigurður Gunnarsson greiddu eigi atkvæði og töldust til meiri hlutans.

Einar Jónsson var fjarstaddur.

Frv. samþ. með 17:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Hannesson,	Matthías Ólafsson,
Jón Jónsson,	Stef. Stefánsson,
Jón Magnússon,	Sveinn Björnsson.
Magnús Kristjánss.,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Hjörtur Snorrason greiddi ekki atkv. og var talinn til meiri hlutans.

Frumv. afgreitt til Ed.

(A. 981).

---

22. Þjóðjarðasala og kirkjujarða.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða og laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða. (A. 54).

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Jeg skal vera fáorður mjög. Okkur flutningsmönnum kom saman um að bera fram frumv. þetta, af því, að okkur ógnaði, hve mikið hefir verið selt af fasteignum landsins, síðan þessi lög gengu í gildi. Og þar sem það er nú auk þess staðhæft af mörgum, að þjóðjarða og kirkjujarðasölulögin hafi þó ekki náð þeim aðaltilgangi sínum, að koma jörðunum í sjálfsábúð, þá virðist þeim mun meiri ástæða til að athuga þetta mál. Jeg skal svo geyma það þangað til seinna, að reifa þetta mál nákvæmar. Jeg vænti þess, að best fari á, að því verði vísað til landbúnaðarnefndar, með því að þar mun vera niður komið annað mál, skylt þessu.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi ætíð verið fremur á móti sölu þjóðjarða. Jeg ætla, að það sje miklu hyggilegra af þinginu að tryggja sem best það getur ábúð ættanna á jörðunum, heldur en selja þær og láta þær ganga úr eign landsins. Þjóðjarðasalan hefir mest verið heimtuð sakir þess, hve ábúðarlögunum hefir verið ábótavant. Hjer er engin erfðafestu-ábúð. Búandinn fær ábúðina í lengsta lagi sína lífstíð. En það er hart, þegar bóndi hefir búið á sömu jörðinni langa lengi, ef til vill nokkra tugi ára, og hefir gjört margvíslegar umbætur á jörðunni, og fellur svo frá, þá skuli afkomendur hans vera flæmdir á burt. Þetta hefir staðið hag lands og lýðs fyrir þrifum. Jarðirnar eru betur setnar, ef sama ættin situr á þeim um langan tíma. Bóndinn veit það þá, að hann er að búa í haginn fyrir afkomendur sína. Það væri því nauðsynlegt, að Alþingi reyndi að koma því einhvern veginn þannig fyrir, að jarðirnar gætu haldist sem lengst í sömu ættinni.

Það var að vísu tilgangurinn með þjóðjarðasölulögunum, að stuðla að því, að jarðirnar komist í sjálfsábúð. Það er því miður engin trygging fyrir því,

að þessi tilgangur náist; hætt við að einstakir menn noti lögin til að ná eignarhaldi á jörðunum með góðum kjörum og selji svo aftur, er þeim lítst. Mjer virðist það því í alla staði heppilegra, að þjóðin sje eigandi jarðanna. En nú hafa þessi lög verið sett, og þá eiga allir leiguliðar á þjóðjörðum jafnan rjett til þess að kaupa jarðir sínar, með þeim takmörkunum, sem lögin setja. Ef frv. þetta verður að lögum, kemur það mörgum að óvörum. Vil jeg því beina því til þeirrar háttv. nefndar, sem jeg býst við að þessu máli verði vísað til, að hún athugi það gaumgæfilega, hvort ekki sje sjálfsagt, að þeir, sem þegar hafa lagt drög fyrir að fá ábýlisjörð sína keypta, geti fengið hana, þótt kaupin verði ekki fullgjörð fyrir 1. nóv. n. k. Mjer finst það nokkuð hart, að þeir, sem fengið hafa vilyrði fyrir ábýlisjörð sinni, verði að hætta við að kaupa hana, vegna þessara frestunarlaga, og mjer finst þeir vera beittir órjetti í samanburði við aðra, sem fengið hafa sínar ábýlisjarðir keyptar. Því að það er víst, að það eru stór hlunnindi, sem þeir leiguliðar fá, sem fá ábýlisjarðir sínar keyptar með þeim kjörum, sem þjóðjarðir og kirkjujarðir hafa verið seldar, og þau hlunnindi ættu þá að ganga sem jafnast yfir alla. Jeg vona að háttv. nefnd athugi þetta og reyni að skirrast við að gjöra nokkrum rangt til.

Guðmundur Eggerz: Jeg vil einnig beina máli mínu til háttv. tilvonandi nefndar. Mjer er sagt, að það, sem best hafi stutt að jarðræktinni í öðrum löndum, sje það, að jarðeignirnar hafi verið í sjálfsábúð. *(Sveinn Björnsson:* Það er ekki rjett). Jeg ætla ekki að deila við háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) um þetta mál, en jeg vil benda honum á, að jeg hefi þetta eftir manni, sem áreiðanlega hefir betur vit á búskap og búnaðarmálum en hann, og maðurinn er biskupinn, herra Þórhallur Bjarnarson.

Árið 1905, þegar þjóðjarðasölulögin voru samin, var áætlað, að á öllu landinu væru hjer um bil 500 landssjóðsleiguliðar. Jeg sje að þetta frumv., sem nú liggur hjer fyrir, er flutt af sama manni (P.J.), sem þá barðist heitast á móti þjóðjarðasölulögunum. Jeg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp það, sem hann sagði meðal annars um þjóðjarðasölulögin þá. Menn geta þá frekar glöggvað sig á skoðun háttv. þingmanns S.-Þing. (P. J.) í þessu máli.

Hann kemst svo að orði í einni ræðu sinni á þinginu 1905:

> »Ef það hefir verið aðalprincipið, að selja jarðirnar leiguliðunum, þá játa jeg, að tvö princip komi fram í þjóðjarðasölufrumvarpi okkar, en hafi hitt verið aðalatriðið, að koma jörðunum í sem bestar hendur, þá hefir ekki komið fram nema eitt princip, og það er að mínu áliti rjett«.

Þetta sýnir, að háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) hefir ekki álitið lögin principlaus 1905, og þá býst jeg við, að þau sjeu það ekki fremur enn í dag. Jeg sje því enga ástæðu til, að Alþingi fari að samþykkja þessi frestunarlög, sem hjer er farið fram á. Við vitum það, að nú á tímum þyrpist fólkið til sjávarins og bændur eiga mjög erfitt með að fá nægan vinnukraft, til þess að rækta jarðir sínar. Það væri því hart, ef þingið færi að gjöra þeim enn örðugra fyrir, og draga úr áhuga þeirra á jarðræktinni, með því að samþykkja þessi frestunarlög. Jeg býst einnig við því, að það sje principið með þessum frestunarlögum, að fá þjóðjarðasölulögin numin úr gildi fyrir fult og alt. Mjer finst nú

að það hefði verið miklu hreinlegra princip af þessum háttv. flutnm. þessa frumvarps, að koma heldur með frumv. um að fella lögin úr gildi nú þegar.

Jeg vil einnig benda mönnum á, að heimild sú, sem þjóðjarða- og kirkjujarðasölulögin veita ráðherranum til að selja jarðir, er mjög takmörkuð. Það eru margir hreinsunareldar, sem kaupsbeiðnin þarf að fara í gegnum, áður en viðkomandi fær jörðina keypta. Fyrst þarf kaupbeiðnin að fara til sýslunefndar, og hún þarf að gefa sín meðmæli með því, að jörðin verði seld, þá fær umboðsmaður klausturjarðanna næst beiðnina til athugunar, og því næst sendir hann hana með sinni umsögn til stjórnarráðsins. Og enn er það að athuga, að því hefir margsinnis verið hreyft á þinginu, að ekki væri rjett að selja þjóðjarðirnar, og því er eðlilegt, að ráðherrarnir sjeu varasamir með að selja. Þetta sýnir það, að ólíklegt er, að nokkur jörð sje seld, nema fylsta sanngirni mæli með því, að ábúandi fái hana keypta.

Jeg trúi því illa, að bændur þeir, sem sæti eiga hjer í þinginu, vilji ekki unna sjettarbræðrum sínum út um land þess, að fá að verða aðnjótandi sömu sanngirni og aðrir hafa orðið aðnjótandi, og vona því, að hver einasti þeirra greiði atkvæði á móti þessum frestunarlögum.

Jeg vil benda mönnum á, hver afleiðingin yrði af því, ef þessi frestunarlög næðu fram að ganga. Afleiðingin yrði sú, að hjer yrði á hverju einasta þingi framvegis, fult af frumvörpum um sölu á þjóðjörðum, fult af bænaskrám til Alþingis frá einstökum mönnum um, að þeir fengju jarðir sínar keyptar. Tími þingsins mundi því eyðast mjög í slíkt. Og reynsla fyrri ára hefir sýnt, að oftast nær komast slík frumv. í gegn um þingið. Þetta verð jeg að telja mjög óheppilegt; þarna yrði tekin í burtu sú trygging, sem áður hefir verið fyrir því, að jarðirnar verði ekki seldar, nema nauðsyn beri til og öll sanngirni mæli með, en lítil sem engin trygging sett inn í staðinn, því að vitanlega hefir þingið miklu minna vit á, hve nær beri að selja einhverja jörð, heldur en þeir, sem nú samkvæmt þjóðjarðasölulögunum eiga um málið að fjalla. Það var áhugamál þjóðarinnar 1905, að þjóðjarðasölulögin kæmust í gegn um þingið, og það er ekki síður áhugamál hennar nú, að þau fái að standa óhreyfð. Enda er það ósanngirni mikil af þinginu, ef það færi að gjöra sjer mannamun og veita sumum rjett til að kaupa, en neita öðrum um sömu sanngirniskröfu.

Það hefir verið bent á það, að það gæti veikt lánstraust landsins, ef þjóðjarðirnar yrðu seldar. Hitt gæti ekki síður veikt lánstraust landsins, ef þingið færi að hætta að hlúa að bændastjettinni. Það eru fá lög, sem tryggja rjettindi leiguliðanna, og þeir fá litla uppbót fyrir vinnu sína. Það vakir sennilega fyrir háttv. flutningsmönnum þessa frumvarps, að það sje hættulegt að veikja lánstraust landsins, með því að selja jarðirnar, og því vildi jeg benda þeim á, að það getur verið enn hættulegra fyrir lánstraustið að selja þær ekki.

Og enn er eitt atriði, sem taka verður til greina í þessu máli og snertir tilfinninguna. Jeg býst varla við, að hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) þekki það atriði, því að hann er uppalinn hjer í Reykjavík. *(Sveinn Björnsson:* Á sama stað og háttv. þm. (G. E.), sem talar). Ónei, jeg er nú upp alinn í sveit.

Það atriðið, sem jeg mintist á, og mjer finst skifta miklu máli í þessu efni, er það, að þegar menn eru búnir að búa á sömu jörðinni í 20—25 ár, þá eru þeir búnir að taka ástfóstri við jörðina og þeim er beinlínis farið að þykja vænt um hana, og þá tekur það feikilega

sárt að þurfa að hrekjast burtu þaðan, eða börn þeirra. Einmitt þetta atriði hefir mikla »praktiska« þýðingu, því ábúendurnir vita, að fái þeir jörðina keypta, þá gengur hún í erfðir til afkomendanna, og þeir leggja sig miklu meir í framkróka með að bæta jarðir sínar þá en ella.

Það hefir verið ofmikið gjört úr því, að þjóðjarðasölulögin komi ekki að notum, sökum þess, að jarðirnar gangi brátt aftur úr sjálfsábúð. Það getur verið, að hætta sje á, að þetta komi fyrir hjer nálægt Reykjavík, þar sem einstakir »spekúlantar« beita sjer eins og þeir geta, til þess að ná í sem flestar jarðir. En uppi í sveitum stendur öðru vísi á, og skal jeg ekki fara frekar út í það nú.

En benda skal jeg á það, að stjórnarráðinu er hægurinn hjá að sjá við þessum leka og setja undir hann, með því að segja upp hinum hagstæðu kjörum, sem jarðirnar eru seldar með, því til þess hefir það fulla heimild, svo framarlega sem það vill beita henni, ef »spekúlerað« er með jarðirnar.

Pjetur Jónsson: Jeg býst við, að þessu máli verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar, og vildi benda henni á eitt atriði. Það er haft sem ástæða, og ein af höfuðástæðum, fyrir sölu opinberra jarðeigna, hve kjör leiguliðanna sjeu slæm. Þetta er í rauninni að eins grýla, sem sprottin er af ókunnugleika. Mjer er vel kunnugt um þetta mál, og veit það, að í Þingeyjarsýslu, að minsta kosti, er ekki hægt að sjá það, að leiguliðar á landssjóðsjörðum gjöri minni jarðarbætur en aðrir. Og svo mun þetta vera víðast annarstaðar. Þetta bendir því ekki á, að leiguliðar láti leiguliðakjörin mjög aftra sjer frá umbótum á ábýlisjörðum sínum, þegar þeir hafa varanlega ábúð, eins og reglan er. Hitt er satt, að flestir vilja láta afkomendurna njóta góðs af umbótum sínum. Enda má segja, að það sje orðið að reglu, að erfingjarnir fái ábúðarjarðir foreldra sinna, svo framarlega sem þeir vilja og eru í færum til þess. Jeg skal benda á eitt dæmi þessu til sönnunar. Það kom fyrir í vetur, að ein af mínum umboðsjörðum losnaði, og var boðið mikið í hana, til þess að fá hana til ábúðar. Einn af umsækjendunum um jörðina var erfingi þeirra, sem áður höfðu búið á henni. Hann treysti sjer ekki til að bjóða í kapp við hina umsækjendurna. Mjer þótti samt sem áður leitt að þurfa að neita manninum um jörðina, af því að jeg áleit, að boð hans um eftirgjald væri í hæsta lagi, þótt aðrir byðu hærra, og spurðist fyrir um það hjá stjórnarráðinu, hvað gjöra ætti, þegar svona stæði á. Stjórnarráðið fjelst á, að láta erfingjann fá jörðina, þótt hann byði í hana nærfelt fjórða parti lægra en hæstbjóðandi. Þetta sýnir, að kjör leiguliða þurfa ekki að vera nein grýla. Jeg ímynda mjer, að sama megi segja um kirkjujarðir, þótt jeg sje því ekki eins kunnugur. Það hefir til skamms tíma staðið öðru vísi á með þær en þjóðjarðirnar, á meðan prestar höfðu af þeim beint tekjur sínar. En nú er þetta breytt, og jarðirnar komnar undir hreppstjórana og yfirumsjón landstjórnar, og er þá hægur hjá, að hafa leiguliðakjörin góð og tryggileg.

Þetta frumvarp fer ekki fram á annað en að þjóðjarðasölulögunum verði frestað um 5 ára tíma. Það eru þeir tímar nú, að verðgildi peninga er á völtum fæti. Verðið á vörunum hækkar og lækkar, svo miklu nemur á skömmum tíma, og því er mjög örðugt að ákveða sannvirði jarðeignanna. Meðal annars hefir þetta þær afleiðingar, að auka »spekúlations«-andann hjá þjóðinni og koma opinberum jarðeignum inn í þann straum. En ekkert er hættulegra

en slíkt fyrir tilgang þjóðjarðasölulaganna, svo sem hópakaup á jörðum o. fl. Jeg get ekki sjeð, að nokkru sje spilt með því að fresta lögunum um svo sem fimm ára skeið, og vildi því óska, að þetta frumv. kæmist í gegn um þingið.

Jóhann Eyjólfsson: Jeg skal byrja með að lýsa yfir því, að jeg er algjörlega á móti þessu frumv. Jeg hefi ekki sjeð önnur lög gjöra meira gagn. Að minsta kosti var það svo í mínu bygðarlagi, að þau stuðluðu betur en nokkuð annað að því, sem jeg vildi helst, að allir legðu sem mesta áherslu á, og það er grasræktin. Það er ómótmælanlegur sannleikur, að menn vinna miklu meira á þeim jörðum, sem þeir eiga sjálfir, heldur en á annarra jörðum. Það eru allir, eða að minsta kosti flestir, svo eigingjarnir, að þeir hugsa meira um sitt en annarra. Það þýðir ekkert að mæla á móti því. Menn byggja miklu fremur dýr mannvirki, er þeir vita, að þeir eru að vinna fyrir sjálfa sig en ekki aðra. Ef ábúandinn fær ekki jörðina keypta, þá hverfur áhugi hans fyrir því, að gjöra henni mikið til góða, en það hefir verið svo víðast þar, sem jeg þekki til, að þegar ábúandinn hefir fengið jörðina keypta, þá er alvarlega tekið til verka, bæði að húsa- og jarðabótum. Það hefir verið talað um það, að það mætti ná tilgangi þjóðjarðasölulaganna með því, að tryggja erfingjum leiguliðanna á þjóðjörðunum ábúðina eftir þeirra dag. Þetta er ekki rjett. Því hvernig yrði slíkum arfi skift á milli erfingjanna? Ekki yrði farið að skifta jörðinni á milli þeirra, heldur fengi einn erfinginn alt og hinir ekkert. Það getur líka staðið svo á, að börnin geti ekki notað þennan rjett sinn. Jeg er því ekki í neinum vafa um það, að það dregur mjög úr jarðabótum á landinu, ef ekki verður hægt að fá þjóðjarðirnar keyptar. Það verður reglan hjer sem annarstaðar, að það er ljúfara að vinna hjá sjer en öðrum.

Jeg er viss um, að ef þetta stöðvaðist, þá stöðvuðust um leið þessar framkvæmdir. Jeg lít svo á, að sýslunefndirnar eigi að líta eftir því, að þær jarðir verði ekki seldar, sem telja má óheppilegt, að verði einstakra manna eign, af því, að þær sjeu vel fallnar til opinberra þarfa, eða þeim sje haldið óseldum í einhverju sjerstöku augnamiði, enda myndi jeg aldrei samþykkja að selja jörð, ef sýslunefnd legði á móti sölunni. Jeg treysti því, að þessi deild vilji hlynna að grasrækt landsins, og það gjörir hún best með því að styðja að því, að jarðirnar komist í sjálfseign. Jeg skal bæta því við, að jeg legg ekki mikið upp úr þeirri mótbáru, sem komið hefir fram móti þessu atriði, að hætta sje á, að jarðirnar gengju kaupum og sölu. Það hefir mjög lítið brytt á því þar, sem jeg þekki til, þó ómögulegt sje að taka ábyrgð á, að slíkt geti komið fyrir, enda engin hætta á ferðum, þó slíkt komi fyrir við og við. Það mun oftast verða svo, að hver einstök jörð verður í höndum þess manns, sem á henni býr. Aðaláhersluna verður að leggja á það, að bændur búi á sínum eigin jörðum.

Benedikt Sveinsson: Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) heykslaðist á því, að jeg og aðrir hafa kvartað yfir því, að kjör leiguliða væru ekki eins góð sem skyldi. Jeg held þó, að sú kvörtun sje rjettmæt, því að einmitt þess vegna er eftirsóknin eftir að fá jarðirnar keyptar eins mikil og hún er. Það ætti að gjöra landsdrotni að skyldu, að tryggja leiguliðanum svo góð kjör, *að hann finni ekki til þess, hvort hann á jörðina sjálfur eða ekki.* Það þýðir ekki fyrir hv. þm. (P.J.), sem jafnframt er umboðsmaður, að skjóta

því fram, að það sje venja í hans hjeraði, að láta erfingja ábúanda sitja fyrir ábúðinni. Þó að þetta kunni að vera venja hjá honum, þá er það ekki svo annarstaðar. Annars mintist hann á einstakt dæmi sem sönnun þess, hve erfðaábúðin væri nú trygg; — stjórnarráðið hefði talið rjett að byggja erfingja fyrri ábúanda jörðina, þótt hann byði ekki eins hátt og aðrir. En það sýnir einmitt, hve valt það fyrirkomulag er, sem nú gildir, að umboðsmaðurinn sá sjer ekki annað fært, en að skjóta málinu til stjórnarráðsins. Erfinginn náði að vísu ábúðinni með herkjum, en þó með því að borga miklu hærra eftirgjald en áður hafði verið, af því að hinir og þessir tóku til að bjóða í jörðina, hver í kapp við annan, ef til vill meira en nokkurt vit var í. Það er bágborin erfðaábúð að þurfa að hlíta því, að afgjaldið hækki eftir því, sem Pjetri eða Páli kann að detta í hug að bjóða í ábúðina í kapp við erfingja fyrri ábúanda. Þótt hv. þm. (P. J.) sem umboðsm. hafi sýnt sanngirni í þessu efni, þá er það ekki sem tryggilegast, að stjórnarráðið þurfi að hlutast til um ábúð jarða norður á landshorni. Það getur brugðið til beggja vona um það, hvort tillögur stjórnarráðsins verði affarasælar eða rjettlátar í slíkum efnum. Jeg fæ ekki betur sjeð en að það sje mest um vert, að athuga ábúðarkjör leiguliða í sambandi við þjóðjarðasöluna.

Flutnm. (Sveinn Björnsson): Jeg ætla mjer ekki að lengja umræðurnar að þessu sinni, því að jeg þykist vita, að það sje eftir að ræða málið töluvert, þegar það kemur úr nefnd, og ættu menn heldur að gjöra sjer að reglu, að endurtaka ekki við hverja umræðu það, sem þeir hafa áður sagt, eins og jeg hygg að 2. þm. S.-M. (G. E.) ætli nú að gjöra. Hann las áðan kafla úr þingtíðindunum frá 1905, og mjer heyrðist á honum, að hann ætli að lesa annan kafla, þegar málið kemur aftur úr nefnd.

Annars get jeg tekið undir það með háttv. þm. N.-Þing. (B. S.), að sá stóri landsdrottinn, landssjóður, ætti að gjöra byggingarkjör leiguliða svo góð, að maður geti með sanni sagt, að hann sje besti landsdrottinn í landinu. Jeg skal játa, að jeg hefi ekki jafnmikla landbúnaðarþekkingu, eins og sumir háttv. þm. hjer í deildinni, en jeg er sannfærður um, að þegar það er orðið, að landssjóður hefir bætt ábúðarkjör leiguliða, þá verður ekki langt á milli þess, að vera leiguliði landssjóðs og hins, að eiga jörðina sjálfur. En jeg tel það nauðsynlegt fyrir landssjóð, að eiga jarðirnar.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar frekar, en vænti þess, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 2 atkv. og vísað til landbúnaðarnefndar með 15 shlj. atkv., en þá nefnd skipuðu þeir

Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 142 og 176).

Framsögum. meiri hl. (Björn Hallsson): Í raun og veru er óþarft að ræða mikið þetta þjóðjarðasölumál. Bæði er það ekki í fyrsta sinn, sem það

er á dagskrá hjer á þingi, og auk þess hefir nú komið út nefndarálit frá báðum hliðum, og jeg lít svo á, að aðallega sjeu það nefndarálitin, sem á er að byggja, en umræðurnnar hafi minni þýðingu.

En af því að hjer er um nýja leið, frestun á framkvæmd laganna, að ræða, og af því að samkomulag hefir ekki náðst í nefndinni, frekara en í sumum öðrum málum, sem hrúgað hefir verið í landbúnaðarnefndina, eins og nefndarálitin bera með sjer, þá mun rjett að fara nokkrum orðum um málið.

Jeg lýsti skoðun minni á þjóðjarðasölumálinu á síðasta þingi, og hefi jeg í engu breytt um skoðun síðan. Jeg lít svo á, að þessi stefna, þjóðjarðasalan, miði verulega að því, að rækta landið. Vjer þekkjum það allir, að sjálfseignarbændur láta sjer annara um jarðir sínar en leiguliðar. Sama gildir um húsabætur; þær verða mjög erfiðar leiguliðum, því að þeir eiga enga endurgjaldskröfu fyrir annað en viði, en ekkert fyrir vinnu, t. d. tóptagjörð og þvílíkt, og vita þó allir, að í því liggja eigi litlir peningar. Því eru það að eins ósjerhlífnustu og framtakssömustu menn, sem leggja út í verulegar húsabætur á annara jörðum.

En sjálfsábúðin hefir þá þýðingu, að menn leggja miklu meira á sig í þeirri von, að afkomendurnir hafi nytjar verka þeirra. Og því betur ræktað sem landið verður, því meir eykst verðgildi þess og þar með tekjur landssjóðs, jafnframt því sem landssjóður fær endurgjald fyrir seldar jarðir.

Meiri hlutinn lítur svo á, að frestun laganna sje andstæð tilgangi þjóðjarða- og kirkjujarðasölulaganna, og sje fyrsta sporið til að afnema þau, en því erum við mótfallnir. Og þótt nú liggi fyrir rækilegt álit frá minni hlutanum, þá hefir hugur meiri hlutans ekki snúist við það. Þar eru meðal annars nokkrar tillögur um erfafestuábúð, og hefir verið vikið að þeim í nefndaráliti voru, sem kom seinna fram. Meiri hlutanum þykir ekki sýnt, að erfðafestuábúð, sem er lítið reynd, tryggi betur en sjálfsábúð, að afkomendur ábúanda haldi áfram búskap á jörðunum. Liðurinn c. í þeim tillögum þykir oss og mjög ísjárverður. En hann hljóðar svo, ef jeg má með leyfi hæstv. forseta lesa hann upp:

> »Allar húsa- og jarðabætur, er ábúandi gjörir á jörðunni, eru hans eign, og greiðast honum eftir sanngjörnu mati, er hann fer frá jörðunni. *Þó skal eigi hærra metið en svo, að svari því afgjaldi, sem leigja mætti jörðina fyrir*«.

Vjer lítum svo á, að þetta niðurlagsákvæði sje verulegur Þrándur í Götu fyrir erfðafestu, því að sá, sem mikið hefir lagt í húsa- og jarðabætur og fer frá jörðinni, fær tiltölulega minna en vert er, og fjárhagshættan því þeim mun meiri fyrir fráfaranda, sem hann hefir lagt meira í kostnað.

Þetta atriði er því alt annað en meðmæli með erfðafestuábúð. Jeg skal að vísu kannast við það, að sá galli fylgir þjóðjarðasölunni, að jarðirnar geta með því móti lent í höndunum á útlendingum og bröskurum; enda er mjer sagt, að hjer umhverfis Reykjavík beri töluvert á því, að braskað sje með jarðirnar. En jeg hygg, að þetta sje mestmegnis hjer kringum höfuðstaðinn. Jeg veit að minsta kosti, að í hjeraði mínu, Fljótsdalshjeraði, þekkist það varla, að jarðir gangi þannig kaupum og sölum. Svo hygg jeg að sje í flestum sveitum landsins, og eru því þetta engin veruleg mótmæli í okkar augum.

Jeg álít það vitaskuld alveg rjett að fyrirbyggja, að jarðir safnist mikið á eina hönd. En frv., sem var hjer fyrir þinginu um forkaupsrjett landssjóðs á

jörðum, var ekki tiltækilegt að samþykkja, þar sem 2. gr. frumv. gekk vafalaust á móti 50. gr. stjórnarskrárinnar. En þó að nokkrir gallar sjeu á jarðasölunni, þá eru þó kostirnir svo yfirgnæfandi við að selja þær, að jeg vil ekki verða til þess, að setja neinn stein í götuna fyrir það.

Minni hlutinn heldur því fram í nefndaráliti sínu, að kaup á jörðum minki gjaldþol kaupanda, en meiri hlutinn lítur svo á, að þar sem svo lítill hluti, að eins $^1/_{10}$ partur, á að greiðast þegar kaupin fara fram, og árleg afborgun og vextir litlu meira en venjulegt eftirgjald, þá geti varla verið um slíkt að ræða.

Það er og bent á það í nefndaráliti meiri hlutans, að við álítum sölu jarðanna styðja að bættum húsakynnum, og dettur víst engum í hug að álíta það atriði þýðingarlítið. Sömuleiðis að það speki menn og gjöri menn ónægðari við landbúnaðinn. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve háar kröfur menn gjöra nú á tímum til bættra húsakynna. Og í þeim sveitum, þar sem hvorutveggja er til, sjálfseignarábúð og leiguliða, þar má glögglega rekja slóðina eftir því, hve miklu betur er vanalega hýst á þeim jörðum, sem eru í sjálfseignarábúð, vegna þess, að leigjandi á alt af fjártap á hættu, ef hann tekur sig til og byggir mikið. Mjer dettur nú strax í hug glögt dæmi upp á þetta, þar sem eru tveir hreppar, sem jeg er mitt á meðal. Í öðrum hreppnum eru 19 jarðir alls; þar af eru 15 í sjálfseign. Af þessum 15 jörðum hafa 9 stór og myndarleg íbúðarhús úr steini og verið reist á fáum árum, og virðist þar vera skift um til batnaðar frá gömlu torfhúsunum. Og þó að þau sjeu dýrari í svip, þá vinst sá mismunur fljótt upp á viðhaldinu, þar sem alt af þarf að vera að dytta að torfbæjunum á fárra ára fresti. Auk þess hafa eigendurnir auðvitað gjört ýmsar jarðabætur á jörðum sínum.

Þetta er gott sýnishorn upp á það, hve mikið meira er hlynt að sjálfsábúðarjörðunum en hinum. Á þeim 4 jörðum, þar sem ekki er sjálfsábúð, eru litlar byggingar, og þar að auki miklu minni jarðabætur unnar en á hinum.

Í hinum hreppnum eru 25 býli; þar af er frekur helmingur, eða 13 jarðir, kirkju- og þjóðjarðir, en einungis 12 í sjálfseign. Á kirkjujörðunum er engin nýleg bygging, þó að auðvitað sje misjafnlega vel hýst, eftir framtakssemi og ósjerplægni ábúenda. En á sjálfseignarjörðunum eru þó 3 hús úr steini. Og svona mætti halda áfram að telja, jeg held endalaust. Mjer finst líka ósköp eðlilegt, að leiguliðar sjeu stamir við að leggja út í mikinn bygginga- og jarðabótakostnað. Allir viðurkenna nú samkvæmt fenginni reynslu, að sú stefna, að byggja úr steini sje sjálfsögð, ef að fjárhagur leyfir og ef ekki er alt of jarðskjálftahætt. Jeg fæ ekki sjeð, að breytingar á ábúðarlögunum geti náð sama tilgangi og fæst með sjálfsábúð. En hins vegar er full þörf á, að athuga sem fyrst rækilega ábúðarlögin og reyna að gjöra þau sem haganlegust fyrir leiguliða. Sú er nú oft raunin á, að leiguliðar kjósa heldur að flytja af jörðunum, þegar að því er komið að byggja þurfi upp bæina, því að ef þeir fá jarðirnar ekki keyptar, eiga þeir á hættu meira og minna fjártjón, ef þeir leggja mikið í kostnað.

Skúli Thoroddsen: Af því að jeg þykist sjá fyrir forlög þessa frumv., þá langar mig til þess að fara um það nokkrum orðum, áður en það verður felt, þar sem jeg var einn í tölu flutningsmanna þess.

Mjer gekk það til, að jeg gat ekki betur sjeð en að þjóðjarðasalan sje, eins og nú stendur, til **stórtjóns** fyrir landið.

Virðingar- og söluverð jarðanna er, sem kunnugt er, vanalega miðað við það, að 4% af kaupverðinu svari til eftirgjaldsins. En hvernig er þá eftirgjaldinu varið? Það er víðast hvar hið sama, sem um miðja 19. öld, eða jafnvel eins og það var í byrjun síðastliðinnar aldar. Eftirgjaldið hefir með öðrum orðum staðið í stað, þrátt fyrir allar breytingarnar, sem orðið hafa hjer á landi í nálega öllum öðrum atriðum.

Nú eru jarðir og sem óðast að hækka í verði, og það að fleygja þeim þá þannig frá sjer, sem gjört er, það er því, að baka landinu stórtjón.

Menn þurfa fráleitt að bíða þess enn 10—20 árin, að jarðirnar sjeu komnar í tvöfalt, eða þrefalt verð, ef eigi enn meira, og á sumum stöðum er þetta þegar orðið.

Jeg sje og enga ástæðu til þess, að ábúendur þjóðjarðanna eiga framar öðrum mönnum, að sitja fyrir hlunnindum, eða gjöfum úr landssjóði, því annað er þjóðjarða- og kirkjujarðasalan í raun og veru ekki, þegar á alt er litið.

Orsökin til þess, að jeg var áður með þjóðjarðasölunni, var sú, að jeg áleit, að sjálfsábúðin væri besta tryggingin þess, að jarðirnar yrðu æ bættar, enda sí-vaxandi verðhækkun jarðanna — og þá eigi hvað síst við sjóinn, og í grend við verslunarstaðina — hvorki mjer, nje öðrum, þá svo augljós, sem nú er orðið.

En nú er þess að gæta, að þó að jörðin sje seld ábúanda, þá er þó þar með engin trygging fengin fyrir því, að hún haldist í sjálfsábúð. Hagur bændastjettarinnar er sjaldan svo góður, að bóndinn geti látið einu barna sinna jörðina eftir, í þess part, og hitt því að mun tíðara, að jörðin skiftist sundur í smáparta, eða er seld, og kemst þá aftur í leiguliðaábúð.

Auk þess er og á það að líta, að landssjóður hefir á seinni árum reynst leiguliðum mjög góður landsdrottinn, enda engum hægra en einmitt honum, að vera leiguliðum sínum æ vel.

Þá er og á það að líta, að eigi landssjóður jarðirnar, þá getur hann og einatt bútað þær niður í fjölda smá-býla, ef svo sýnist. Í Danmörku er sú hreyfing t. d., þótt hægt fari, óðum að ryðja sjer til rúms, að skifta stór-býlunum í smábýli, eða húsmanna-lóðir, og húsmannafjelögin styrkt úr ríkissjóði í því skyni. Þetta á landssjóður og mjög hægt með, eigi hann jarðirnar, en hjá sjálfseignarbændum er á hinn bóginn tíðast allmikil tregða á því, að láta nokkuð af jörðinni til ræktunar.

En þegar svo er komið, að stór-jörðunum er að mun skift orðið í fjölda smábýla, eða útmælda bletti, og margir taka þátt í ræktuninni, þá fyrst miðar henni flugskrefum áfram.

Þar, sem svo háttar á hinn bóginn, að einn situr að stórbýli, þá er oft svo, að hann hvorki finnur hvöt hjá sjer, nje þá hefir getuna til þess, að rækta jörðina, sem unt væri, eða nokkuð til líka við það; en hjer á landi eru margar jarðir, sem gætu fætt fjölskyldur svo tugum skifti; en til þess, að jörðin verði svo hagnýtt, þ. e. alt ræktað, sem til ræktunar er vel fallið, þarf einmitt fjöldinn að hefjast handa, og túnin, eða ræktuðu blettirnir, hjer og hvar í landareigninni, að geta skift tugum, ef eigi náð hundraði, eða hundruðum.*)

Í sambandi hjer við, vil jeg annars, út af orðum háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) geta þess, að jeg er **eigi** á sama máli, sem hann, er hann telur landinu

*) Sbr. þá og t. d. Hrappseyjar-eignina á Breiðafirði, og margt mætti nefna svipað. Sk. Th.

það að mun hættulegt, ef útlendingar eignuðust hjer jarðeignir, — tel þvert á móti landinu gæti orðið það til hagnaðar, ef þeir legðu fje í það, að bæta jarðirnar í stórum stýl.

Það skiftir ekki miklu, hvar eigandinn er heimilisfastur, — **að eins hann sjái um, að vel sje farið með jörðina**, *og um það eiga lögin að sjálfsögðu að annast*, alheillarinnar vegna.

Siðfræðilega skoðað, þá er og **alls enginn** vafi á því, **að hver maður á æ heimtingu á því, að geta átt jörð**, *eða rekið hvaða atvinnu, sem er*, **hvar á jörð vorri, sem er**, án alls tillits til þjóðernis hans, eða þá hins, hvar hann vill velja sjer aðsetur.

Það getur því verið **illt**, *og leitt jafnvel til hins versta* — eins og hvað eina, sem rangt er — að *binda sig um of við þjóðernið*, þó að þjóðernistilfinningin sje auðvitað ætíð falleg, sje henni þá og innan siðfræðilega rjettra takmarka haldið. En *vjer verðum einatt vel að athuga, að vjer erum* **ekki** *einungis borgarar þess lands, sem vjer lifum í, heldur og einnig* **allrar jarðarinnar** — erum því og einatt jafnframt **alheimsborgarar**, sem svo er kallað, og verðum svo væntanlega einhverntíma í framtíðinni — **algeimsborgarar**, þ. e. *borgarar, sem* **hugann eigum að hafa** *eigi við þann eða þann hnöttinn í himingeimunum að eins, en og við* **alt sýnilega** — og oss **ósýnilega sköpunarverkið**, *sem til er, eða til getur verið, eða orðið.*

En svo að jeg víki þá aftur að þjóðjarða- og kirkjujarðasölunni, hygg jeg, að framtíðin muni og sýna það ljóslega, innan fárra ára, ef salan helst, hvílík fásinna, og hvílíkt afskaplegt tjón landinu hefir verið bakað með því, að fleygja jörðunum frá sjer þannig í vitleysu.

Bjarni Jónsson: Það eru harla einkennileg forlög, sem mín hafa beðið í þessu máli. Jeg er sem sje með þeim mönnum, sem eru á gagnstæðri skoðun við mig í þessu máli, en á móti þeim, er sömu skoðun hafa og jeg. *(Hlátur).* Ja, þetta er alveg satt, þó undarlegt kunni að virðast. Jeg ætla mjer ekki að sundurliða þetta neitt frekar að þessu sinni, en læt mjer nægja, að vísa til greinar einnar í nefndarálitinu um skattamálin, þar sem jeg grip á þessu. Jeg álít, að landið eigi að eiga sig sjálft, en get á engan hátt verið fylgjandi þessu káki, að fresta sölunni. Slíkt er þýðingarlaust, og þeir, sem kaupa vilja, álíta það órjett. Þetta er engin stefnubreyting, og mjer þykir það skrítið, ef Alþingi ætlar að komast með þessu inn á þá stefnu, er jeg nefndi, og fara þannig í gegnum sjálft sig. Það er ekkert annað en illur blekkingaleikur, líkastur því, er hálfvaxinn hvolpur leitast við að bíta í skottið á sjálfum sjer.

Framsögum. minni hl. (Guðm. Hannesson): Jeg hefði viljað tala sem stytst í þessu máli. Minni hlutinn hefir tekið flest fram í nefndaráliti sínu, en þó eru það einstaka atriði í nefndaráliti meiri hlutans, er jeg hefði viljað minnast á. Jeg álít, að ef ábúðarkjör og stjórn jarða eigi að vera hin sömu og áður hafa verið, þá sje þýðingarlaust að fresta sölu þjóðjarða. En menn verða vel að athuga, að frestunin gefur þjóð og þingi umhugsunartíma, sem nota má til þess að athuga málið á ný, endurbæta ábúðarlög vora, rannsaka hver áhrif þjóðjarðasalan hefir haft og hver líkindi sjeu til þess, að skifta megi jörðum sundur o. fl. Þetta á því ekkert skylt við kák, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) vildi nefna það.

Jeg hallast að þeirri skoðun, að allar jarðir ættu helst að vera opinberar eignir, en takist ekki að gjöra ábúðar-

kjörin svo góð, að þau gefi jafna hvöt til jarðræktar og endurbóta eins og sjálfseign, þá væri þjóðeign á jörðum til ills eins. Það skipulag er að sjálfsögðu best, sem best tryggir, að landið sje notað og ræktað á sem fullkomnastan hátt. Alt veltur á því, hvort þjóðareign getur trygt þetta eða ekki.

Í nefndaráliti meiri hlutans er það talinn mikill ókostur við erfðaábúð, að eftirgjald verði bóndinn að greiða árlega í landssjóð, og verði því verr settur en ef hann keypti jörðina og losaði sig við eftirgjaldið. Í nefndaráliti minni hlutans, tölulið f., er drepið á það, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að ábúandi leysi sig undan eftirgjaldskvöðinni, með því að greiða verð jarðarinnar. Auðsætt er, að landssjóði væri þetta að öllu áhættulaust, en ekki er mjer kunnugt um að þetta skipulag hafi tíðkast erlendis. Eigi síður er það þess vert, að það væri betur athugað.

En þar sem talað er um í nefndaráliti meiri hlutans, að sjálfsábúð tryggi betur, að jörðin haldist í ættinni, þá er svo fjarri því, að þetta sje rjett, að það er helber misskilningur. Sjálfsbúðin tryggir það engan veginn, að jörðin haldist í ættinni. Þó eitt af börnum eigandans taki við henni og eignist hana, þá getur hún gengið úr eigu þess og ættarinnar óðar en varir. Það þarf ekki t. d. annað til en að ungur sjálfseignarbóndi fái ekki þá stúlku, sem honum lítst á. Þetta getur orðið til þess, að hann breyti öllum áformum sínum, hætti búskap, selji jörðina og fari til Ameríku, og er þá jörðin úr ættinni. Ótal önnur atvik geta haft sömu áhrif, enda er reynslan sú, að mjög fáar jarðir haldast mjög lengi í sömu ætt. Svo hefir og þetta reynst erlendis. Sjálfsábúð er engin trygging fyrir að jörðin haldist í ættinni, en það er aftur á móti erfðafestuábúðin. Við skulum taka t.d., að bóndi fær jörð á erfðafestu hjá stjórninni. Ef nú elsti sonur hans annað hvort ekki vill jörðina, eða reynist svo slæmur ábúandi að hann missi ábúðarrjettinn, þá er hún svo sem ekki gengin úr ættinni fyrir því. Þá er næsta barninu boðin jörðin og svo koll af kolli. Væri jeg bóndi, og ætti fallega jörð, þá mundi jeg sennilega gefa hreppnum hana eftir mig látinn, með ákveðnum skilyrðum, til þess, að fyrirbyggja það, að hún gangi úr ættinni. Meiri hlutinn hefir algjörlega rangt fyrir sjer í því, að sjálfseignin tryggi best ættina, og hlýtur að kannast við, að jeg fari hjer með rjett mál.

Það var satt, sem háttv. framsögum. meiri hl. (B. H.) tók fram, að eins og nú hagar til, festist lítið af fje ábúenda, þó að þeir kaupi jarðir sínar. Það festist að vísu nokkuð, en oftast lítið. En hvers vegna svo lítið? Af því, að jarðirnar eru seldar mjög ódýrt og með vægum afborgunarskilmálum oft og einatt. Ábúendunum er gefinn meiri eða minni hlutinn af jarðarverðinu. Þetta er vitanlega ekki ætíð svo, en mjög oft. Jeg þekki til þess, að ábúandi hafi fengið jörð sína keypta fyrir helming eða jafnvel þriðjung verðs, á við það, sem hægt hefði verið að fá fyrir hana, ef hún hefði verið seld á uppboði.

Þá er sú mótbára, sem mörgum vex í augum, og tekin var skýrt fram af hv. frsm. meiri hl. (B. H.), að þegar ættleggurinn er aldauða, eða þegar ábúandinn sleppir ábúðarrjetti sínum, einhverra hluta vegna, þá verði hús og önnur mannvirki og umbætur á jörðinni ekki metin hærra en svo, að það borgi sig fyrir landssjóð, að eiga jörðina og leigja hana eftir sem áður. Fljótt á litið sýnist þetta hart, en svo er ekki, þegar það er athugað, að sjálfseignarbóndinn tapar eins að þessu leyti, og ekki síður. Jeg þekki dæmi til þess, að menn,

sem hafa reist stórhýsi og gjört aðrar miklar umbætur á jörðum sínum, hafa orðið að láta þetta fara fyrir lítið, þegar þeir hafa orðið að farga jörðinni. Þetta vill brenna við í öllum norðlægum löndum. Þannig er sagt, að viðkvæðið sje það í Noregi hjá jarðeigendum, sem hafa bygt vel upp bæi sína og þurfa að selja jarðirnar, að ef þeir fái skaplegt verð fyrir húsin, þá skuli þeir gjarna láta sjálfa jörðina fyrir ekkert. Hjer er því engu breytt til hins verra. Og undarlega mega þeir menn vera gjörðir, sem tekur það mjög sárt, að ættmenn þeirra, eða öllu heldur einhverjir fjarskyldir útarfar, verði fyrir þessu tjóni, sem ekki kemur fram, fyrr en allur beini ættleggurinn er útdauður, eða hirðir ekki um að nota ábúðarrjett sinn.

Vissulega er óhætt að gjöra ráð fyrir því, ef löggjafarvaldið fer hyggilega að ráði sínu, að enginn geti sagt með sanni, að minni hvöt verði fyrir erfðafestubóndann, að sitja jörð sína sæmilega heldur en sjálfseignarbónann. Eina stóra mótbáran, sem hjer mætti koma með, er sú, að rjettindi erfðafestubóndans sjeu trygð um of, svo að dugnaðarmönnum, sem utan við standa, sje gjört ókleift, að brjótast áfram og bola þessum hamingjusömu mönnum, sem jarðirnar hafa, burtu, þegar þeir eru ónýtir. Þessi mótbáta er ekki einskis virði.

Meiri hluti nefndarinnar hefir engu svarað þeirri ástæðu, sem þyngst vegur, að *engar hömlur eru reistar við því, að sjálfseignarbændur níði jarðir sínar.* Það er hörmulegt að sjá, hvernig sumar sjálfsábúðarjarðir eru setnar. Sjeð hefi jeg slíkar jarðir, þar sem kofarnir eru að drafna niður og hrynja, og tún og engjar komnar í hörmulegustu órækt.

Það hefir verið sagt, að yfirleitt megi þekkja þær jarðir úr, sem keyptar hafa verið, svo miklu betur sjeu þær setnar en aðrar jarðir. Þetta er sjálfsagt satt. En af hverju er þetta svo? Langoftast eru það efnuðustu og dugnaðarmestu mennnirnir, sem kaupa jarðir sínar, og þeir hafa gjört þeim sjálfir til góða. En ef við gætum litið yfir 4—5 ættliði, þá býst jeg við, að annað yrði uppi á teningnum, ef borið væri saman við bestu leiguliðakjör. Það er engin sönnun fyrir því, að málstaður meiri hluta nefndarinnar sje rjettur, sem háttv. framsögumaður meiri hl. (B. H.) skýrði frá um sjálfseignarbændurna þar austur frá, þó að jeg efist ekki um, að rjett sje frá sagt, að þeir reisi vönduð steinsteypuhús á jörðum sínum og gjöri þeim á annan hátt til góða, en leiguliðarnir hafist ekki að, en flytji af jörðunum, þegar húsin sjeu að hrynja ofan í höfuðin á þeim. Því að við ætlumst ekki til, að leiguliðaábúðinni verði fyrir komið eins og nú á sjer stað. Hjer er því engan samjöfnuð hægt að gjöra. Jeg er alveg á sama máli og meiri hl. nefndarinnar um það, að ef leiguliðaábúðinni á að haga framvegis eins og verið hefir, þá komi ekki til mála að leggja neinar hömlur á þjóðjarðasöluna.

Jeg gjöri ekki mikið úr því atriði, sem hjer hefir verið hreyft, að lánstraust landsins ykist stórum við það, að landssjóður ætti allar jarðirnar í landinu. Þjóðverjar eiga mikið af fasteignum og þeir gjöra ekki mikið úr þessu.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar. Jeg vona, að háttv. deild samþykki þetta litla frumv. Það miðar ekki til annars, en að gefa mönnum dálítinn umhugsunarfrest, til þess að átta sig á þessu mikla vandamáli. Það getur meira en verið, að eftir þann tíma verði jeg harður með þjóðjarðasölu. Það er komið undir því, hver kjör leiguliða verða þá.

Það, sem jeg vildi bæta við, var, þótt undarlegt sje, um nefndarálit um verðtollinn, því þar er vikið að jarðeignamálinu. Háttv. þm. Dal. (B. J.) telur

þar, að svo framarlega sem allar jarðeignir landsins yrðu þjóðareign, þá væru eftirgjöldin ærnar tekjur fyrir landssjóð. Hann segir að jarðeignir landssjóðs sjeu 100 milj. kr. virði, og með 4 % eftirgjaldi geti þær því gefið landssjóði 4 milj. kr. árlegar tekjur. Þetta er vitanlega alveg rjett reiknað, það er að segja, *ef* jarðirnar má meta svo hátt. Samkvæmt landshagsskýrslunum eru jarðarhundruð landsins samtals 85 þús., og hvert jarðarhundrað talið 150 kr. virði. Jarðeignir landsins eru eftir því, ekki 100 milj. kr., heldur 12—13 milj. kr. virði, og afgjaldið yrði þá ekki 4 milj. kr., heldur eins að um ½ milj. kr., með 4 % árlegu eftirgjaldi. Jafnvel þótt húseignir í kaupstöðum, sem eru 20 milj. kr. virði, væru taldar með, yrði eftirgjaldið ekki nema rúmlega 1 milj. kr. Það er því ekki unt, að leggja þann skatt á jarðirnar, að hann geti komið í stað allra skatta og tolla. Hv. þm. Dal. (B. J.) hefir krítað hjer heldur liðugt.

Löggjöfin á ekki heldur að hugsa um það, hvern styrk landssjóður eða lánstraust hans hafi af þessu. Hún á miklu fremur að líta á það, hvernig best verður haldið uppi góðum búskap í landinu, og hvernig hægt er að tryggja sem flestum landsins börnum atvinnu og uppeldi við hollan atvinnuveg og heilbrigðan, sem landbúnaðurinn er.

Guðmundur Eggerz: Aðalvopnið sem beitt er gegn okkur, sem viljum hlynna að sjálfseignarbúskap í landinu, með því að að leyfa ábúendum að kaupa jarðir sínar, er það, að lánstraust landsins rýrni við það. Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) vakti denna draug upp. Þetta atriði er nú orðið svo margrætt, að jeg skal ekki dvelja við það.

Það, sem gaf mjer ástæðu til þess að biðja um orðið, var nefndarálit minni hluta nefndarinnar. Því er ekki að neita, að í því eru töluverð nýmæli. Háttv. framsm. minni hl. (G. H.) kemur þar fram sem fyrsti íslenskur socialisti og um leið sem fyrsti íslenski aðalsmaðurinn. Í byrjun nefndarálitsins er hann socialisti, en aðalsmaður í endanum. Í upphafi nefndarálitsins ætlast hann til, að landssjóður eigi allar jarðeignir landsins, en seinast ætlast hann til, að komið verði á sem fastastri erfðaábúð. Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje nokkurs konar landaðall, sem hann ætlar sjer að stofna.

Fyrst skal jeg víkja að socialistanum.

Það stendur í nefndarálitinu, að jarðeignir ættu helst ekki að vera eign einstakra manna. *(Guðmundur Hannesson:* Það er sagt, að það sje álit margra góðra manna). Það getur verið að nál. sje ekki nál. minni hl., heldur einhverra góðra manna. Jeg verð þó að ganga út frá því, að minsta kosti þangað til hinn minnihlutamaðurinn hefir talað. En af þessu, að jarðeignir eiga ekki að vera eign einstakra manna, leiðir það, að landssjóður á ekki að selja jarðir sínar, heldur þvert á móti að kaupa allar einstakra manna jarðir. Jeg býst við, að háttv. deildarmenn sjeu mjer sammála um það, að hjer sje um svo kallaða jafnaðarstefnu að ræða, sem víðs vegar úti um heim á marga áhangendur, en en aldrei hefir rekið upp höfuðið fyrri hjer á Alþingi Íslendinga. Þegar öðru eins stórmáli og þessu er slegið fram, þá virðist mjer, að heimta megi, að tilraun sje gjörð til þess að rökstyðja það. En svo er ekki gjört, heldur er alt uppi í skýjunum. Eða hvernig hugsar minni hl. sjer að því verði fyrir komið, að landssjóður kaupi allar einstakra manna jarðir? Jeg er á þeirri skoðun, að ef háttv. framsm. minni hl. (G. H.) ætti sjálfur jörð, þá mundi hann ekki hlaupa

til þingsins, til þess að verða af með hana, fyrir miklu minni peninga en hann hefir gefið fyrir hana. Enda hefir það oft viljað brenna við, að þeir, sem eru socialistar í theoríunni, eru það ekki í praxis. En það er líka sitt hvað. Úr því að minni hluti er nú kominn inn á þetta, því vill hann þá ekki halda áfram, og leggja til, að öllum peningum og verðmæti sje skift jafnt niður á milli manna o. s. frv. o. s. frv.

Jeg verð að fara fljótt yfir svona loftkastalakent nefndarálit. Auðvitað eru ýms atriði í því, sem jeg er að öllu leyti sammála við minni hl. um. En það eru líka atriði, sem ekki þurfti mikla yfirvegun til að finna, svo sem það, að æskilegt væri, að landið væri sem best ræktað, og að sem flest landsins börn gætu fengið jarðnæði og sveitirnar framfleytt fleira fólki. Þetta vil jeg líka og sjálfsagt flestir.

Þetta er nú aðalinngangurinn, en síðan er nefndarálitinu skift niður í ýmsa kafla, merkta 1., 2., 3,, 4. og 5.

Annar kafli gjörir ráð fyrir því, að hið opinbera ráði yfir öllum jörðum á landinu. Það er vitanlega alveg rjett hjá minni hlutanum, að meðan einstakir menn eiga jarðirnar, eru þeir ekki fúsir á að skifta þeim niður á milli hinna eða annarra. Ef jeg ætti jörð, mundi jeg að minsta kosti ekki taka því með þakklæti, ef Pjetur eða Páll, eða þó hann hjeti Guðmundur, kæmi og heimtaði af mjer $^2/_3$ hluta af jörðinni til ábúðar. Ef landið ætti jarðirnar, gæti það náttúrlega skift þeim sundur eftir vild, en þó ekki ef það bygði þær til lífstíðar. Á þessum kafla nefndarálitsins er svo að sjá, sem minni hlutinn vilji koma í veg fyrir, að menn vanti jarðir til ábúðar. Virðist hann gjöra ráð fyrir, að hjer á landi sje mikil jarðekla. Mun minni hlutinn ekki hafa hlaupið á sig hjer, og haft annað land fyrir augum, sem sje Danmörku? *Guðmundur Hannesson:* Hvaða vitleysa!) Það er kunnugt, að landrými er lítið í Danmörku, því að hana byggja um 3 miljónir manna, en landið er ekki nema 38 þús. □ km. Hjer eru að eins um 90 þús. íbúar, en landið 104 þús. □ km. að stærð. *(Guðmundur Hannesson:* Hvað mikið af því er ræktanlegt land?) Það veit jeg ekki og enginn í deildinni. *(Guðmundur Hannesson:* Minna en í Danmörku). Fyrst þarf að veita fje til að láta mæla landið, áður en hægt er að segja það. *(Guðmungur Hannesson:* Það hefir verið mælt). Það er ekki búið að því enn. *(Guðmandur Hannesson:* Jú). Það hefir þá verið gjört í gær eða í fyrradag. Nei, Danmörk er lítið land í samanburði við fólksfjöldann, eins og kunnugt er, og það dugir ekki að bera hana saman við Ísland að því leyti. Hjer er landrýmið langt fram yfir það að vera nægilegt, enn sem komið er. Minni hlutinn hefir farið hjer ógætilega að í rökfærslu sinni.

Þá skal jeg víkja að 3. kafla nefndarálitsins. Hann er um verðhækkun jarða. Jeg skal játa, að jeg skil ekki meginatriðið í þeim kafla, og þó hefi jeg gjört mjer alt far um að komast þar að einhverri niðurstöðu. Helst skilst mjer, að minni hl. þyki ekkert í það varið, að jarðeignir í landinu hækki í verði, og telji það jafnvel til ills eins. Jeg hjelt, satt að segja, að það væri þó bæði hagur fyrir ábúandann og ekki síður fyrir landið. Mig minnir, að það væri háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem vildi ekki að landssjóður seldi jarðir sínar, vegna þess, að nú væru þær sem óðast að hækka í verði, og landssjóður tapaði verðhækkuninni, ef hann fargaði þeim. Eitthvað heldur hann að í verðhækkunina sje varið. Hjer er að minsta kosti mótsögn á milli háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og minni hlutans.

Þá er það varhugaverð stefna, sem kemur fram í 4. kaflanum, að öll verðhækkun á jörðum eigi ekki að koma ábúandanum að notum, heldur landinu í heild sinni.

Jeg get ekki sjeð annað en að þetta sje hreinn og beinn »socialismus«. *(Sigurður Sigurðsson:* Hvað er ljótt við það?). Jeg er ekki að segja, að það sje ljótt. En jeg er ekki »socialisti«. Annars vildi jeg beina þeirri spurningu til háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), ef hann ætti jörð, sem væri 5 þús. kr. virði, og honum væru svo boðnar í hana 10 þús. kr., hvort hann mundi þá vilja afhenda landssjóði helminginn af verðinu. Jeg held, að hann sneri upp á sig, og gjörði það ekki. Jeg hugsa, að hann ljeti ekki landssjóð fá 5 kr. af því, hvað þá meira. Það er alt annað að prjedika þessa stefnu en að praktisera hana. Það er að sínu leyti eins og þegar háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er að prjedika sparnaðarstefnu fyrir landssjóð, en þegar eitthvað á að gjöra í Flóanum, þá vill hann ausa gulli, silfri, kopar og seðlum út úr landssjóði, svo hundruðum þúsunda skiftir.

Jeg get ekki fallist á, að þessi lög verði numin úr gildi, nema eitthvað annað komi í staðinn, er bæti kjör leiguliða. Minni hluti nefndarinnar virðist einnig ganga út frá því, að eitthvað eigi að koma í staðinn. En hvað er það? Jú, það er þessi erfðafestuábúð. En það er að eins drepið á hana, ekki minst á, hvernig henni skuli fyrir komið, hvað þá að lagt sje fram frumv. um hana, sem þurft hefði, til þess að menn gætu sjeð, um hvað væri að velja.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að fje væri fleygt út í vitleysu, með því að selja þjóðjarðir og kirkjujarðir, eins og nú hefði tíðkast um hríð. Þetta nær ekki nokkurri átt. Stjórnarráðið hefir einmitt farið mjög varlega í það, að selja þjóðjarðir og kirkjujarðir, svo varlega, að þó að sýslunefndir hafi lagt með sölunni, hefir það synjað um sölu á hverri jörðinni eftir aðra. Þetta er mjer að minsta kosti kunnugt úr minni sýslu.

Sami háttv. þm. (Sk. Th.) sagðist ekki skilja það, hvers vegna ætti að fara að gefa mönnum fje úr landssj., þótt þeir hefðu verið ábúendur á þjóðjörð í nokkur ár. Það hefir enginn talað um slíkt. Aftur á móti virðist það ekki ósanngjarnt, að t. d. maður, sem hefir verið ábúandi í 20 ár, hafi eitthvað gott af því; að honum sje ekki kastað út á klakann allslausum og hann fái enga borgun fyrir umbætur þær, er hann hefir gjört á jörðinni á eigin kostnað. Það er ósanngjarnt. Þetta finnur háttv. minni hl. líka. Hann veit það, að eigi að fara eins að og hann stingur upp á, þá verður jafnframt að semja lög, er á einhvern hátt tryggi rjett leiguliða. En minni hlutinn finnur engin ráð til þess.

En aðalástæðan, sem fyrir mjer vakir í þessu máli, er sú, að það er fengin reynsla fyrir því, að jarðir þær, sem eru í sjálfsábúð, eru miklu betur setnar. Það er að vísu satt, sem minni hlutinn tekur fram, að það liggja ekki fyrir neinar opinberar skýrslur um bætur á sjálfsábúðar og leiguliðajörðum. En þótt svo sje ekki, þá er til reynslan fyrir þessu, er jeg hefi sagt. Háttv. þingmenn geta riðið um landið, og það í þeim hjeruðum, sem þeir þekkja persónulega ekkert til, og samt mundu þeir geta sjeð mun á sjálfsábúðar- og leiguliðajörðum. Þeir gætu bent á jarðirnar og sagt: »Þetta er þjóðjörð, þetta er sjálfseignarjörð«. Og þetta er ósköp skiljanlegt. Það er ekki nema eðlilegt, að menn hugsi meira um og hlynni meira að þeirri jörð, sem þeir eiga sjálfir og vita, að þeir sjálfir eða þeirra afkomendur njóta afurðanna af. Það er því hjákátlegt, að halda öðru eins fram og

því, að jarðir í sjálfsábúð sjeu fremur niðurníddar. Það kann að vera um einstaka jörð, en alment eru þær mikið betur setnar.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni. Mjer er mjög ant um, að þetta frumv. nái ekki fram að ganga. Jeg veit um það, að þeir munu vera margir víða um land, sem mundi slá hinn mesta óhug á, ef þeir vissu, hvað fram á að fara. Þeir, sem kunnugir eru í sveitum, þekkja það, hve vænt mönnum þykir um jarðirnar sínar og hve sárt þeim tekur, að missa þær. Þó þetta sje að sumu leyti tilfinningamál, þá hefir það samt nokkura þýðingu. Jeg get ekki fengið mig til þess, að greiða atkvæði með því, að svifta menn rjetti, sem þeir eiga, og jeg er sannfærður um það, að það er miklu heppilegra fyrir landið og betra fyrir lánstraust þess, að jarðirnar sjeu vel setnar af sjálfseignarbændum en níddar niður af leiguliðum.

Stefán Stefánsson: Jeg skal ekki vera margorður um þetta mál, enda hefir margt verið um það talað. Það, sem veldur því, að jeg get verið stuttorður, er það, að nefndarálit okkar meiri hluta manna sýnir fullljóst afstöðu okkar til málsins, og framsögum. okkar (B. H.) hefir einnig tekið fram enn ljósar ástæður þær, sem við færum fram í álitinu, og, að því er jeg fæ best sjeð, hrakið ástæður þær, sem minni hlutinn ber fram í sínu nefndaráliti.

Mjer kemur það hálfundarlega fyrir sjónir, að þetta frumv. um frestun á framkvæmd laganna um sölu þjóðjarða og kirkjujarða er fram komið, þar sem jeg minnist þess ekki, að minst hafi verið á þessi lög á einum einasta þingmálafundi í vor og því síður, að komið hafi fram í þeim þingmálafundargjörðum, sem lagðar eru fram hjer á lestrarsalnum, nokkur ósk í þá átt, að nú skuli frestað um fimm ára bil allri sölu á þjóðjörðum og kirkjujörðum. Þetta tiltæki flutningsmanna kemur því öllum almenningi mjög á óvart. Og þegar litið er til þess, að undirbúningur undir þessi lög var meiri en venjulegt er um önnur mál, þar sem umsagnar almennings hafði verið leitað um aðalstefnu þess, og milliþinganefnd skipuð í það, sem starfaði að því, þá er þessi stefnubreyting nú því torskildari en annars mátti við búast. Nefndin sendi fyrirspurnir í allar sýslur og jafnvel flesta hreppa á landinu um það, hvernig menn litu á þetta mál og svörin voru alment hin sömu, að menn væru málinu hlyntir og óskuðu, að lög kæmust sem fyrst á, er heimiluðu sölu opinberra jarðeigna. Það er því undarlegra, sem undirbúningurinn var svona góður, áhugi manna svona mikill og málið komið í fastar skorður, að koma nú, upp úr þurru, með uppástungu um, að eyðileggja lögin, því auðvitað er það aðaltilgangur flutningsmannanna.

Þetta frumvarp byggist því ekki að nokkru leyti á þeim undirbúningi, sem ætlast mætti til, að bygt væri á, þar sem engin sönnun er færð fyrir því, að almenningur, sem áður var einhuga með málinu hafi nú svo greinilega breytt um skoðun í þessu máli, að ekki sje gjörlegt, að halda sölunni lengur áfram. En svo skal jeg víkja nokkrum orðum að ræðum þeirra manna, er talað hafa með þessari frestunarstefnu.

Skoðanir háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.), virðast mjer svo fáránlegar skýjahugmyndir, að jeg skal að mestu leiða hjá mjer að fara út í slíkt hugmyndaflug, en þar sem hann telur þjóðjarðasölu baka landinu stórtjón, þá get jeg ómögulega á það fallist, því jafnvel þó að sumar opinberar jarðeignir hafi verið

seldar lægra verði en vel var fyrir þær gefandi, sem þá er sök matsmanna og stjórnarráðsins, þá er óneitanlega betur með jarðirnar farið í sjálfseign yfirleitt en í leiguábúð, og það er þó mest um vert, því endurbætur á jörðunum í landinu, er beinn þjóðarhagur, hvort heldur að sá hagur rennur beint til landssjóðs eða sjálfseignarbóndans, og að gjöra þessa verulegan mun er því skammsýni. Að sjálfseignir skiftist sundur í smá parta kemur að vísu fyrir á stöku stað, en eftir kenningu þingmannsins, að allir fái land til ábúðar og ræktunar, sem þess eru umkomnir, þá ætti það ekki að standa í vegi fyrir sölu þjóðjarða. Þessi ástæða er því ekki veigamikil. Þá gat sá sami þingmaður (Sk. Th.) þess, að landssjóður væri sá besti landsdrottinn. Því skal jeg ekki neita, að svo er venjulega, en þó eru á því nokkrar undantekningar, sjerstaklega hvað það snertir, að veita álitlegustu umsækjendum ábúðina, sem þá hlýtur að vera fyrsta áhugamál landsdrottins við hver ábúandaskifti. Þá vildi háttv. framsm. meiri hl., 1. þm. Húnv. (G. H.), að þessi 5 ára sölufrestur væri gefinn til þess, að athuga málið á ný. Til þess er því að svara, að við, sem álítum jarðir betur farnar í sjálfsábúð en leiguábúð, getum ekki fallist á þessa stefnu frumv., og hvers ættu þá þeir að gjalda, sem framvegis óska að fá ábýlisjarðir sínar keyptar? En auðvitað verður að heimta og treysta því, að jarðirnar sjeu seldar fullu verði. Vafalaust eru þess fá dæmi, að sjálfseignarjarðir sjeu hörmulega útleiknar, kofarnir drafni og hrynji niður og tún og engjar sjeu í órækt, og vafalaust mætti finna þessa fleiri dæmi meðal leigujarða. En eftir því, sem þingmanninum sagðist, þá ætti þetta þó ekki að hindra söluna, því jafnframt tók hann fram, að þær þjóðeignir, sem seldar hafa verið ábúendum, væru langtum betur setnar en þær, sem hefðu verið í sjálfsábúð um lengri tíma. Sje þetta rjett, þá er enginn vafi á því, að salan á að vera heimil, því það gegnir engum svörum, að sjálfseignir sjeu og hafi verið verr setnar, þótt lengi hafi verið í sjálfseign, en opinberar eignir yfirleitt.

Þá kemst minni hlutinn svo að orði í áliti sínu undir c.-lið:

»Allar húsa- og jarðabætur, er ábúandi gjörir á jörðinni, eru hans eign og greiðast honum eftir sanngjörnu mati, ef hann fer frá jörðinni. *Þó skal eigi hærra metið en svo, að svari því afgjaldi, er leigja mætti jörðina fyrir*«.

Hjer lendir minni hlutinn í þeim vanda, er hann kemst ekki slysalaust frá, því ekkert rjettlæti er það, gagnvart ábúanda, sem þó ekki hefir bygt nema nauðsynleg hús, að draga svo af sannvirði þeirra, að svari því afgjaldi, er leigja má jörðina fyrir. Með öðrum orðum, að gjöra manninum því tilfinnanlegra tjón, sem hann hefir vandað meira til byggínganna. Nei, hjer er einmitt að tala um einn verulegan galla eða annmarka á leiguliðaábúðinni, enda hafa fráfarendur orðið að kenna á honum. Húsa- og jarðabætur verður að meta sanngjörnu verði, án tillits til eftirgjalds, svo lengi, sem slíkt eykur gildi jarðarinnar, og eigandi á að borga að frádregnu því, sem jarðabæturnar hafa endurgoldið fráfarandanum; annað virðist mjer ekki geta komið til mála.

Framsögum. minni hl. (Guðm. Hannesson): Mjer kom það á óvart um jafn lærðan mann og háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), að hann skyldi vera jafn ófróður og ræða hans bar með sjer um almenn undirstöðuatriði þeirrar fræðigreinar, er hjer er verið að tala um. Hann kallaði uppástungu okkar minni hlutans »socialismus«, en annars kom

það fram í ræðu hans, að honum er ekki vel ljóst hvað »socialismus« er. »Socialismus« er auðvitanlega góð stefna, hefir sína kosti og líka lesti, en því fer fjarri, að jafnaðarmenn einir haldi því fram, að allar jarðir eigi að vera þjóðareign. Það gjöra menn úr öllum flokkum. Þeir eru ekki í meiri hluta í heiminum, en í öllum löndum eru til margir menn, sem hafa þessa trú, og hafa fært góð rök fyrir máli sínu. Jeg skal að eins nefna mann eins og Loyd George. Hann hefir ekki verið talinn neinn jafnaðarmaður, en þó fara uppástungur hans í þá átt, að gjöra alla bændur að leiguliðum landsins, og færir hann góð rök fyrir sínu máli.

Hinu aðalatriðinu í ræðu háttv. þm. (G. E.), að minni hlutinn vildi halda uppi einskonar aðalsmensku, sleppi jeg, því að það datt einhvern veginn botninn úr því í ræðu hans sjálfs.

Yfir önnur atriði get jeg farið fljótt. Jeg spurði áðan vel lesinn mann í þeim efnum, hvort hann hefði nokkurn tíma heyrt getið um skattafræðing, sem ekki teldi það rjettmætt, að sú verðhækkun, sem yrði á landareign, og ekki væri fyrir atbeina ábúanda, yrði að mestu leyti eign hins opinbera. Hann svaraði því auðvitað neitandi. Þetta kom háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) ókunnuglega fyrir. Jeg get ekki að því gjört, en taki hann hvaða fræðibók, sem er, er um slík mál talar, og hann mun finna, að jeg segi satt.

Tímans vegna fer jeg ekki út í fleiri atriði í ræðu háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.), en skal leyfa mjer að minnast á tvö atriði í ræðu háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.). Jeg játa það, að almenningur mun yfirleitt hafa verið og vera fylgjandi sölu þjóðjarða, en jeg fæ ekki sjeð, að jeg og aðrir þingmenn megi ekki hafa aðra meiningu um það en almenningur. Og þótt kjósendur vilji mig ekki fyrir þingmann fyrir bragðið, þá mun jeg ekki setja það fyrir mig.

Svo ætla jeg að gjöra dálítið betri grein fyrir því, sem mestum deilum hefir valdið í þessu máli. Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) talaði mikið um það, hversu ábúandi liði við það, að verk hans á jörðinni yrðu ekki hærra metin en sem svaraði því, er hægt væri að fá af jörðinni, ef hún væri leigð. Jeg skal skýra þetta mál fyrir háttv. þm. með einföldu dæmi. Segjum sem svo, að háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) eigi jörð, sem jeg sje leiguliði á. Jeg gjöri þær einar endurbætur á jörðinni, að jeg byggi þar hrútakofa. Segjum enn fremur, að jeg fyndi upp á því, að gjöra veggina á kofanum 10 álna þykka, í stað þess sem venjulegt er. Nú þegar jeg fer er enginn vafi á því, að jeg hefi lagt ákaflega mikið strit og kostnað í kofann. Nú vil jeg spyrja: Vill hann borga mjer kofann, svo sem hann hefir kostað mig, er jeg fer frá jörðinni? Jeg býst við, að hann segi sem svo, að honum hafi engin þægð verið í því, að jeg bygði kofann með svo þykkum veggjum, en kofann skuli hann borga mjer eins og hann hefði verið með meðalþykkum veggjum. Jeg hygg, að hann hefði rjett fyrir sjer í þessu, því að þótt jeg hafi lagt mikið strit í þetta óþarfa verk, þá er gildi jarðarinnar ekki aukið við það.

Dæmið um kofann getur gilt um allar þær endurbætur á jörðinni, sem nýr ábúandi metur ekki að neinu eða telur óþarfar, en svo vill oft verða með dýrar byggingar. Þetta er algengt ytra, að menn byggja meira en jarðirnar geta borið og tapa fje sínu á þann hátt. Þjóðverjar áminna stranglega húsmenn sína og smábændur, að forðast verði allan óþarfa kostnað við byggingar, fara ekki eftir því, sem æskilegt væri, held-

ur láta sjer nægja með það, sem nauðsynlegt sje og jörðin geti borið. Því fje, sem fari fram úr því, sje kastað í sjóinn. Þeir fái það sjaldnast endurgoldið. Og þótt um einstaklingseign sje að ræða, þá tapast venjulega það, sem leiguliði metur lítils eða einskis. Hjer er því fjarri því, að nokkur rjettur sje fyrir borð borinn. Gallarnir eru hinir sömu, hvort sem um sjálfseign eða þjóðjörð er að ræða.

Björn Kristjánsson: Jeg get ekki að því gjört, að jeg verð að styðja frumv. á þgskj. 54, en það er af sjerstökum ástæðum. Jeg vona sem sje, að tími vinnist til þess, að koma þessu máli í það horf, sem upprunalega var til ætlast, sem sje að tryggja meiri sjálfsábúð en nú er, og leiðin til þess er að minni hyggju löggjöf um erfðafestuábúð. Jeg á ekki við erfðafestuábúð, sem hingað til hefir verið ofan á hjer í deildinni, heldur erfðafestubúð með óbreyttu afgjaldi, hve mikið sem maður bætir jörð sína. Jeg geng út frá því, að jarðeignirnar sjeu metnar eins og þær eru, þá er salan fer fram, og afgjaldið verði svo miðað við virðingarverðið.

Erfðafestuábúðin verður að vera með rjetti til að selja eða veðsetja jörðina, og að selja hana næsta ábúanda. Árgjaldið standi sem 1. veðrjettarkvöð á eigninni og sje óbreytanlegt. Þegar svo er komið, þá er jörðin sönn eign ábúandans, eða að minsta kosti finnur hann ekki til annars en að svo sje, og hann finnur þá, að hann nýtur þess eða geldur, hvernig hann fer með jörðina.

Það er nú auðvitað, að kvartað myndi verða yfir því, ef landssjóður fengi ekki þeim mun meira eftirgjald, sem jarðir hans stíga meira í verði. En ef þjóðarauðurinn eykst við það, að landsetar fá að njóta handaverka sinna, þá ætti það að vera eins gott. Ef þessi leið væri farin, þá myndi landið smám saman kaupa jarðir eftir því, sem efni leyfðu, til þess að selja þær ábúendum á þenna hátt. Eins og nú er, sjást þess oft dæmi, að menn eru að brjótast í að kaupa ábýlisjarðir sínar, þótt þeir geti það ekki, án þess að rýra búpening sinn tilfinnanlega. En með því lagi, sem jeg benti á, gæti hver fátæklingur orðið sama sem sjálfseignarbóndi, *án þess* að til þess þyrfti að taka, að rýra bústofninn.

Jeg hefi tekið þetta fram til athugunar fyrir þá, sem styðja vilja sjálfsábúð, og jeg er einn í tölu þairra, vegna þess, að jeg er sannfærður um það, að þetta er eina rjetta leiðin í þá átt. Þess vegna álít jeg líka, að rjett sje að samþykkja þetta frumv. nú, og leggja svo fyrir næsta þing frumv. um erfðafestuábúð, og vona jeg, að háttv. deildarmenn hafi skilið af orðum mínum, hvernig jeg ætlast til að aðaldrættirnir í því frumv. verði.

Framsögum. meiri hl. (Björn Hallsson): Jeg mun að eins gjöra fáar athugasemdir, því að þótt jeg hafi skrifað hjer upp hjá mjer ýmislegt, sem jeg ætlaði að svara, þá hefir nú háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) að ýmsu leyti tekið af mjer ómakið.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að þjóðjarðasalan hefði bakað landinu stór tjón, með því að virðingarverðið hefði verið of lágt. Jeg skal játa það, að þau tilfelli munu hafa verið til, að jarðir hafa verið of lágt virtar, en þau nægja ekki til þess, að rjettlæta algjörlega það, sem hann sagði. Matið hefir aðallega verið miðað við það, að jarðarafgjaldið sje 4% af verðinu, en sú regla er þó engan veginn ófrávíkjanleg, og auk þess hefir stjórnarráðið alt af heimild til að hækka verðið, ef það virðist óeðli-

lega lágt. Sýslunefndir hafa og íhlutunarrjett um þessi mál, og venjulega munu þeir menn vera nefndir til þess að virða jarðirnar, sem óhætt er að treysta, svo að ekki er ástæða til að ætla, að landinu hafi oft verið bakað tjón á þenna hátt.

Háttv. þm. sagði, að margar af þessum jörðum sjeu nú, eða verði brátt, í tvöföldu verði við það, sem landið fjekk fyrir þær. Það getur verið, að svo sje nú; það fer nokkuð eftir því, hvernig blæs fyrir landbúskap og umbótum á jörðunum, og þó að nú gangi alt vel, þá er ekki víst að svo verði framvegis.

Hann sagði og, að hann væri okkur ekki sammála um það, hve athugavert það væri, að útlendingar næðu tökum á jörðunum. Jeg er þar á gagnstæðri skoðun honum. Jeg vil ekki að þeir kaupi hjer mikið af jörðum, fossum eða öðrum nytjum, og eignist hjer þannig óeðlilega mikil ítök. Enn fremur kvað hann litla tryggingu fyrir því, að jarðirnar hjeldust í sjálfsábúð, lengur en til þess að kaupendurnir væru dánir. Jeg held nú samt sem áður, að venjan og reynslan sje sú, að afkomendur og erfingjar þeirra sitji jarðirnar og njóti þeirra. Það er aðalreglan.

Þá er háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.). Jeg verð að segja það, að mjer þótti það einkenilegt, þegar hann var að tala um los það, sem yrði á áframhaldandi sjálfsábúð á seldum þjóðjörðum. Hann tók það dæmi, að ekki þyrfti annað en að maður fengi ekki stúlku, þá þyti hann frá jörðinni til Ameríku. Mjer er nú spurn, hvort eigi mætti alveg eins víkja þessu við upp á erfðafestubændurna, eða býst þingmaður við, að þeir eigi aldrei börn? Þetta dæmi sannar því ekkert málstað minni hlutans. Hv. þm. sagði, að sjálfseignarbændur fengju ekki nóga borgun fyrir mannvirki á jörðum sínum, ef þeir seldu. Það getur viljað til, að svo fari, ef selt er, en mjög algengt er það ekki, því að oftast ganga jarðirnar að erfðum og halda áfram að vera í sjálfsábúð.

Sami háttv. þingm. sagði, að ef hann ætti jörð, þá vildi hann heldur gefa sveitarfjelaginu hana en að börn hans erfðu hana, til þess að tryggja framvegis góða ábúð á henni. Jeg veit nú ekki um gjafmildi hans, en hins vegar hygg jeg, að tryggingin yrði miklu meiri, ef jörðin gengi í erfðir, fyrir því að börnin hans nytu jarðarinnar, heldur en ef hann gæfi sveitinni hana. Þá talaði háttv. þingm. um hrútakofa, en það var bersýnilega meinloka hjá honum. Jeg hefi aldrei heyrt getið um 10 álna þykka veggi á slíkum kofa, og engum gæti dottið í hug, að sanngjarnt væri að láta menn fá fult verð fyrir svo heimskulegar byggingar. Þetta er því talað út í loftið. Alt öðru máli er að gegna um nauðsynleg hús, sem gjörð eru af skynsamlegu viti. Annars var þessum kafla í ræðu hv. framsm. minni hlutans (G. H.) beint til háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), og býst jeg við, að hann svari þessu. Og jeg álít enn, eins og jeg tók fram í framsöguræðu minni, að einn af aðalþröskuldunum í vegi fyrir erfðafestuábúðinni sje sá, að menn fái ekki sanngjarna borgun fyrir umbætur á jörðunum, þegar skift er um ábúð. Eiginhagsmunahvötin verður einlægt sterkust, til verulegra umbóta, ef menn eiga jarðirnar sjálfir.

Framsögum. minni hl. (Guðm. Hannesson): Það er alveg keipirjett, að ekki á að borga fyrir óþörf hús, nema alveg sjerstaklega standi á. En hvaða hús eru óþörf? Þau hús, sem eru stærri, dýrari og erfiðari, en þarf á jörðinni. Þörfu húsin fást borguð fullu verði, þegar fram í sækir, en það er að

eins erfitt í bili, að fá fult verð fyrir þau, þótt ekki sjeu þau íburðarmikil, sökum þess, að menn eru hjer dýrum húsum óvanir. Það hverfur þegar tímar líða. Hjá hinu verður ekki komist, að menn freistast oft til að byggja dýrar en svo, að fult verð fáist fyrir hjá þeim, sem næstur kemur, og vill slíkt fje tapast hvort sem jörðin er sjálfseign eða eða ekki.

Stefán Stefánsson: Það eru að eins örfá orð út af dæminu sem háttv. framsögum. minni hlutans (G. H.) kom fram með sínu máli til sönnunar. Hann var auðsjáanlega kominn í algjörðan bobba með þá skoðun sína, að fráfaranda skuli aldrei greitt hærra gjald fyrir húsa- og jarðabætur en því afgjaldi svarar, sem jörðin byggist fyrir, og mat úttektarmanna skuli algjörlega miðað við þennan mælikvarða. Til þess að hrekja mótmæli mín gegn þessari fráleitu skoðun, þurfti hann að byggja hrútakofa með 10 álna þykkum veggjum, og ætlaði þannig að sanna eina fjarstæðuna með annarri. En ef við tökum eðlilegt dæmi, og segjum, að fráfarandi hafi flutt á jörðina fyrir 3 árum, niðurnídda að húsum og öðrum mannvirkjum, fengið þá í álag 2—300 kr., en svo kostað til nauðsynlegra húsabóta og annarra endurbóta á jörðinni, 2—3000 kr. Getur þá háttv. þm. búist við því, að nokkur matsmaður, mæti ekki alt fjárframlag fráfaranda meira en það, sem svaraði hæfilegum eftirgjaldsauka árlega, eða mundi nokkur viðtakandi vilja taka jörðina, þrátt fyrir þessar miklu húsabætur, fyrir aukið árlegt eftirgjald, sem næmi fullum 100 krónum? Nei, það mundi fara fjarri því. Og þess verða menn vel að gæta, að þótt þeir eigi landsstjórnina fyrir landsdrottinn, þá er það ekki hún, sem ræður matinu, heldur úttektarmennirnir, sem treysta verður til þess, að meta allar bætur á jörðinni, ekki síður sanngjarnlega gagnvart fráfaranda en jarðareiganda, og væri nú t. d. háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) fráfarandi, þá mundi honum hæglega geta dottið í hug, að fá fult verð fyrir hrútakofann sinn, án alls tillits til þess, hversu hátt eftirgjald kotið leigðist fyrir, og það teldi jeg líka ofur eðlilegt, þegar út frá því er gengið, að kofabyggingin hafi þó verið nauðsynleg, hvað sem 10 álna veggjaþykktinni líður.

Sigurður Gunnarsson: Jeg ætla ekki að fara að rökræða þetta mál. Jeg álít, að hjer hafi komið fram frá báðum hliðum í þessum löngu umr. rök, sem vert er að hlusta á. En hins vegar get jeg naumast ímyndað mjer, að háttv. flutningsmenn búist við því, að þetta frumv. nái hjer fram að ganga í þetta sinn, og það þegar af þeirri ástæðu, að kjósendur landsins hafa að sjálfsögðu eigi verið vissari um nokkurn hlut en þann, að lög þessi myndu haldast óbreytt fram yfir þetta þing. Það myndi því koma alveg flatt upp á alþýðu manna, ef þeim væri nú alt í einu breytt.

Jeg hefi heyrt, að þessi frestunarlög ættu að vera til þess, að undirbúa annað og heppilegra fyrirkomulag en það, er nú tíðkast, en jeg sje ekki betur en að það verk mætti framkvæma alveg eins fyrir því, þó að ekki kæmi til þessarar frestunar. Kjósendur landsins hafa eflaust búist við því, að mega halda áfram að kaupa jarðir sínar, og hafa nú sjálfsagt margir ráðstafanir því til undirbúnings, og sje jeg því ekki, að koma megi nú þeim að óvörum með þessi lög, og tek jeg ekki þetta fram af því, að jeg ætli mjer að fara að deila neitt um kosti eða lesti þjóðjarðasölunnar í sjálfu sjer, heldur af því, að svona horfir nú málið einu sinni við.

Pjetur Jónsson: Jeg vil að eins taka það fram, að jeg vona, að þetta frumv. verði samþykt, þrátt fyrir það, sem háttv. þm. Snæf. (S. G.) sagði áðan. Jeg vona, að það sjeu ekki svo margir landsetar á þessum jörðum, sem gjört hafa undirbúning til ábýliskaupa, að með þessu verði sjerlega mikið brotið á móti væntanlegum kaupendum á næsta ári. Þetta er hvort sem er ekki nema frestur, og má vel vera að næsta Alþingi komist að þeirri niðurstöðu, að upphefja frestinn fyrir breyttar kringumstæður.

Ástæðan hjá okkur var aðallega sú, að óheppilegt virðist að selja jarðir nú, þegar peningaverð og peningaástæður eru svo mjög á reiki. Alt stingst á endum, og ekkert er að vita hvernig fer eftir ófriðinn, og jeg legg mikla áherslu á það, að engu er spilt, þó að ábúendur biði þetta stutta tímabil með að fá jarðir sínar keyptar. Það er sem sje regla, að erfingjar fyrri ábúenda sitja fyrir, þá er leiguliðaskifti verða, svo að það er trygt, að kauparjetturinn gengur ekki úr ættinni, þótt þessi frestur verði.

Jeg hefi oft talað um þetta mál áður, og hefi þar litlu við að bæta, enda álít jeg nefndarálit minni hlutans mjög rækilegt og er háttv. framsögum. (G. H.) í flestu samdóma.

ATKVGR.:

Nafnakall var við haft um frumv. á þgskj. 54, og var það *felt* með 14 : 8 atkv., og sögðu

já:	*nei:*
Björn Kristjánsson,	Björn Hallsson,
Guðm. Hannesson,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Bened. Sveinsson,
Matthías Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Guðm. Eggerz,
Sig. Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen,	Jóhann Eyjólfsson,
Sveinn Björnsson.	Jón Jónsson,
	Magnús Kristjánss.,
	Sigurður Eggerz,
	Sig. Gunnarsson,
	Stef. Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,
	Þór. Benediktsson.

C.

Frumvörp, tekin aftur.

---

1. Harðindatrygging búfjár.

Á 8. fundi í Nd., föstudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um harðindatrygging búfjár (A. 34).

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 19. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Þegar Torfi heitinn í Ólafsdal sendi þingmönnum bækling í vetur með þessu frumv. í, hafði jeg einsett mjer, að láta það koma til umræðu hjer á Alþingi. Jeg taldi sjálfsagt, að þingið tæki til meðferðar hugsanir og skoðanir jafnmerks manns og reynds að áhuga og vitsmunum á því efni, sem frumvarpið fjallar um.

Síðan er jeg kom í kjördæmi mitt, fjekk jeg áskoranir um það sama, sem jeg hafði ætlað mjer að gjöra, sem sje, að bera frumv. fram á Alþingi, fá það þar íhugað og rætt og gjört að lögum, ef mönnum fjelli það í geð.

Nú er þessi ágætismaður, sem frumv. hefir samið, dáinn, og ætti þá enn fremur að vera ástæða til að taka málið til rækilegrar íhugunar, og láta ekki undir höfuð leggjast, að sýna höfundinum þann vott virðingar og þakklætis, að ganga sem best frá málinu.

Jeg ætla ekki að lengja umræðurnar mikið, en vil að eins lýsa yfir því, að jeg álít það bæði viturlegt og sjálfsagt, að setja tryggileg lög, til þess að reisa skorður við þessari þúsund ára gömlu búnaðarsynd okkar Íslendinga, að fella fje í hörðum vetrum.

Það er eitt grundvallaratriði, sem deilt hefir verið um í löggjöfinni, hvort leggja ætti á menn lagaskyldu í þessu efni, eða láta sjer nægja með heimildarlög. Torfi í Ólafsdal hallast fremur að heimildarlögum, og mjer hefir heyrst Dalamenn vera þeim hlyntari. Jeg fyrir mitt leyti efast um, að hægt sje að ná takmarkinu með heimildarlögum; er hræddur um að margir hreppar muni skella skolleyrunum við þessu, en væntanlega verður þetta atriði rætt í nefnd, og hún kemst þá að einhverri niðurstöðu um, hvað tiltækilegast sje í þessu efni. Jeg vil geta þess, að sumir þingmálafundir í Dalasýslu komust að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að samþykkja heimildarlög, en skylda jafnframt alla hreppa til þess, að gjöra hreppssamþyktir um málið, en þeir að öðru leyti rjeðu sjálfir fyrirkomulaginu. Torfi í Ólafsdal hefir skrifað ítarlegar athugasemdir við frumv., og gjört áætlun um kostnaðinn við lögin, og getur það orðið til mikils stuðnings nefndinni. Fyrir skömmu var kosin hjer í deildinni, samkvæmt samþyktri þingsályktunartillögu þar að lútandi, landbúnaðarnefnd, og get jeg ekki sjeð, að þetta

mál eigi heima í annari nefnd. Það er líka venjuleg hæverska, að leyfa flutningsmönnum frumv. sæti í nefndum þeim, er um málin fjalla. Nú vill svo vel til, að jeg á sæti í landbúnaðarnefndinni, og er flutningsmaður þessa frumv. Jeg vænti því, að háttv. deild vísi frv. til þessarar nefndar, og gjöri það að tillögu minni.

Eggert Pálsson: Frumv. þetta, sem hjer liggur fyrir, er allstór lagabálkur. Má segja svo, sem hjer sje um nýja stefnu að ræða í harðinda-, horfellis- eða fordagæslulöggjöf vorri. Og mjer dylst það ekki, að frumv. verður að athuga í nefnd. Bæði er það sjálfsögð skylda gagnvart semjanda frumv., Torfa sáluga í Ólafsdal, og það verður ekki gengið þegjandi og nefndarlaust fram hjá svona mörgum og margvíslegum uppástungum. Spursmálið er þá að eins það, hvaða nefnd eigi að fjalla um málið.

Fyrir skömmu lá hjer fyrir hv. deild annað frumv., sem fór fram á afnám fordagæslulaganna. Svo fór, að sjerstök nefnd var kosin, til þess að athuga það frumv. En milli þessara tveggja frumv. virðist mjer allnáið samband. Verði nú þessu frumv. vísað til landbúnaðarnefndar, eins og háttv. flutnm. (B. J.) stingur upp á, en ekki til fordagæslunefndarinnar, þá fæ jeg ekki annað sjeð en að afstaða nefndanna og þingdeildarinnar verði talsvert óviðfeldin, og getur það einnig orðið óheppilegt fyrir málin. Jeg vil því leggja það til, að þessu frumv. verði vísað til nefndarinnar, sem kosin var í frumv. um afnám fordagæslulaganna. Það er ekki svo að skilja, að mig fýsi til þess að fást við þetta frumv., heldur ber jeg þessa tillögu fram vegna hins nána sambands frumvarpanna, sem gjörir það óhjákvæmilegt, að sama nefndin athugi þetta ekki.

Guðmundur Hannesson: Mjer þykir rjett að vekja athygli væntanlegrar nefndar í þessu máli á því, að margt er athugavert við frumv. þetta, engu síður en frumv. það, sem nýlega var borið fram um að afnema fordagæslulögin. Jeg er samdóma þeim mönnum, sem hvorki telja það hyggilegt eða sæmandi fyrir þingið, að semja þýðingarmikil lög og fella þau síðan úr gildi, áður en telja má að nokkur veruleg reynsla sje fengin fyrir því hversu þau gefast. Að öðru leyti fæ jeg eigi betur sjeð en að flestir sömu gallarnir sjeu á þessu frumv., sem nú eru taldir fordagæslulögunum til foráttu. Skoðanir eru fleiri, skýrsluhald engu minna nje einfaldara og kostnaður meiri, að minsta kosti fyrir landssjóð. Fordagæslumenn hafa lítið vald eins og nú, viðurlögin fyrir vanrækslu hin sömu, sektir og kærur eftir á, sem að engu haldi koma, þótt illa hafi farið. Ef bera skal saman kostnaðinn við þetta frumv. og fordagæslulögin, verður að miða við landið alt, og þá fer hann yfir 80 þús. kr. á ári. Það verður að gjöra sjer grein fyrir því, hvaðan á að taka fje þetta, en í raun og veru hlýtur kostnaðurinn að verða miklu meiri, eða gagnið að lögunum tvísýnt, því að lítið dregur það í harðæri, þótt aukreitis heyforði á bæ sje einir 3 hestar og af kornmeti 200 pund. Þó gjört sje ráð fyrir því, að fjöldi heimila sje birgur, er þetta tæplega helmingurinn af því, sem þyrfti, ef að *verulegu* gagni skal koma.

Aðalbreytingin frá fordagæslulögunum er sú, að hjer er að ræða um heimildarlög. Frjálslegra er þetta að vísu, en aftur hæpið, að lögin komi þá að

tilætluðum notum. Jeg sje að minsta kosti ekki, að tími sje kominn til að gjöra svo stórfelda breytingu á lögunum. Lægi nær að samþykkja líka breytingu á forðagæslulögunum og hjer var borin upp á síðasta þingi, og miðaði til þess að auka vald forðagæslumanna, svo að þeim væri fært að forða fje manna frá hordauða, en sektir og kærur fjellu niður. Það má vel vera, að þessi lög sjeu nauðsynleg, en satt að segja virðist mjer, sem þingmanni fyrir bændakjördæmi, að bændum sje að mörgu leyti skömm gjörð með ýmsum ákvæðunum. Það er alveg eins og við færum að setja sjómönnum lög um það, að þeir mættu ekki róa neglulausir. Bændur þekkja flest vel, er að þessu máli lýtur, en það, sem dregur þá, er hagnaðarvonin, vonin um, að alt gangi nú vel að þessu sinni, og reynist svo, þá er oft mikill gróði í aðra hönd. Það er gróðavonin, sem freistar manna. Sem dæmi þessa get jeg nefnt úr mínu kjördæmi síðastliðið ár. Sumarið var ilt fyrir bændur. Með ásetning fóru þeir bil beggja, fækkuðu fjenaði að mun, en þó eigi svo, að hlítt hefði í hörðum vetri. En fyrst vel gekk, þá græddist mönnunum eflaust talsvert fje. Það er þessi von, sem dregur menn, og margir djarftæku mennirnir efnuðust vel. En slíkur hugsunarháttur er eigi að síður ekki góður, og slíkur búskapur getur ekki kallast menningarbúskapur.

Einar Jónsson: Jeg skal ekki vera langorður um þetta frumvarp við þessa umræðu. Aðalástæða mótstöðumanna frumv. um afnám forðagæslulaganna er sú, að ekki sje rjett að afnema lögin, þar sem enn sje engin reynsla fengin fyrir því, hvort þau komi að tilætluðum notum, eða sjeu blátt áfram óheppileg. Það er ekki nýtt að heyra þessa mótbáru, þegar verið er að tala um breyting eða afnám ungra laga. En kaupstaðarbúar geta síður um þetta frv. talað af reynslu en sveitabændur. Og háttv. samþingm. minn (E. P.) hefir fært svo ljós rök að því, að full reynsla sje fengin fyrir því, að lögin sjeu algjörlega ónóg og óþörf, að því verður ekki á móti mælt. Jeg skal játa það, að semjandi frumv., Torfi í Ólafsdal, og frumv. sjálft er þess fullkomlega vert, að það komi fyrir þingið, þótt mjer á hinn bóginn geti ekki dulist, að talsverðir agnúar eru á frumv., og sumir þeirra talsvert stórir. Jeg ætla samt ekki að fara mikið út í það í þetta sinn, en vil þó benda háttv. deild á stærsta agnúann, sem á frumv. er, að mínu áliti. Það er hinn mikli kostnaðarauki og fyrirhöfn, sem af samþykt frumv. mundi leiða, bæði fyrir landið alt og einstök hjeruð. Jeg álít það algjörlega óþarft, þegar launaðir eru tveir menn með dagpeningum, að hafa þá að auki einn mann til á föstum launum. Heppilegast álít jeg, og svo álíta þeir menn, er reynslu hafa, að engin lög sjeu um þetta efni. En vilji menn hafa nokkur lög, þá er jeg hlyntari heimildarlögum, þó ekki sams konar og Torfi í Ólafsdal ætlast til. Jeg hygg, að tillögur Sigurðar bónda á Selalæk í þessu efni, sem lesa má í dagblöðum og tímaritum, sjeu mikið skynsamlegri, og vil jeg ráða háttv. nefnd til þess, að afla sjer þeirra og taka þær til íhugunar. Jeg álít þær bæði kostnaðarminni og jafnframt tryggilegri, svo að tilganginum verði betur náð á þann hátt. Að því er nefndina snertir, þá virðist mjer þetta frumv. svo skylt frumv. um afnám forðagæslulaganna, að jeg tel sjálfsagt, að þau fari bæði í sömu nefnd.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Jeg ætla að eins að minna háttv. þm. Rang. (E. P. og E. J.) á það, að frumv.

um afnám forðagæslulaganna var ekki vísað til landbúnaðarnefndar, af alveg sjerstökum ástæðum. Flutningsmaður þess frumv. (E. P.) taldi það sjálfsagða kurteisisskyldu af deildinni, að lofa sjer að eiga sæti í nefnd þeirri, er um málið fjallaði. Nú finst mjer það ekki ólíklegt, að háttv. þingm. (E. P.) vilji sýna mjer sömu skil, og vísa þessu máli til landbúnaðarnefndarinnar, sem jeg á sæti í og frumv. á heima í. Þessi nefnd er kosin samkvæmt samþyktri þingsályktunartillögu, og þá líklega til þess, að athuga búnaðarmál, en ekki til þess eins, að hlusta á, hverjir eru kosnir í aðrar nefndir, til þess að athuga mál, sem hún á að fjalla um. Í landbúnaðarnefndinni situr lika búnaðarskólastjóri, sem jafnframt er tengdasonur höfundar þessa frumv. og nákunnur skoðunum hans, svo það mælir enn meira með því, að málinu sje vísað til þeirrar nefndar.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að svara framkomnum athugasemdum um einstök atriði, ætla að geyma mjer það, þangað til málið er lengra á veg komið, og jeg hefi sjeð, hvað nefndin gjörir við það.

Eggert Pálsson: Jeg ætla ekki að vekja langar deilur við háttv. flutnm. (B. J.) um það, í hvaða nefnd þetta mál eigi að fara. Jeg get ekki skilið það, að honum sje það eigi ljóst, að málsins vegna er það nauðsynlegt, að sama nefnd fari með bæði frumv. Jeg kannast fúslega við það, að háttv. flutnm. (B. J.) hefir sama rjett og jeg og aðrir flutnm., til þess að fá að fjalla um málið í nefnd. En þótt hann eigi ekki sæti í nefndinni í frumv. um afnám forðagæslulaganna, þá er lítill vandi að bæta úr því. Það þarf ekki annað til þess en að forðagæslunefndin »suppleri« sig, og sem formaður þeirrar nefndar treysti jeg mjer til þess, að fá því framgengt, að stungið verði upp á háttv. þm. Dal. (B. J.) í hana til viðbótar, og veit, að deildin mundi veita til þess samþykki sitt.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Jeg get tekið frá mönnum þessar áhyggjur út af því, að sama nefndin fjalli um bæði þessi frumv. Frumv. eru sem sje gjörólík. Annað frumv. fer fram á það, að afnema forðagæslulögin, og getur nefndin, sem kosin var til þess, að athuga það, gjört tillögur um, hvort það sje heppilegt eða ekki. Komist hún að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að fella lögin burtu, þá getur landbúnaðarnefndin, sem á að hafa þetta frumv., sem er sjerstakur lagabálkur, til meðferðar, komið með þetta frumvarp breytt eða óbreytt í staðinn.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbúnaðarnefndar með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Guðm. Eggerz,	Jón Magnússon,
Guðm. Hannesson,	Magnús Kristjánss.,
Hjörtur Snorrason,	Matth. Ólafsson,
Jón Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Sigurður Eggerz,	Stefán Stefánsson,
Sig. Gunnarsson,	Þorleifur Jónsson.
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

Einar Arnórsson greiddi ekki atkv., og taldist til meiri hlutans.

En í landbúnaðarnefnd sátu þeir
Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ágúst, var frumv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 170 og 178).

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Mönnum gefur hjer á að líta tvö nál. frá þeirri vitru landbúnaðarnefnd. Jeg er ásamt háttv. þm. Borgf. (H. S.) í minni hluta, og þeir sem vilja, geta sjeð þar í ljóslega okkar skoðun. Nú er samþykt tillaga frá forðagæslunefndinni, þar sem skorað er á stjórnina, að semja og leggja fyrir næsta þing frv., þar sem farið sje eftir skýrustu óskum landsmanna, sem fram *hafa* komið. En þar sem hjá okkur og Torfa heitnum koma ljósast fram skoðanir manna og óskir í þessu, þá fer þetta í sömu átt, og get jeg því vel felt mig við það. Við leggjum til, að þessu sje skotið undir Búnaðarfjelagið, sem svo semji álit um það og sendi stjórnin síðan frumv. með áliti Búnaðarfjelagsins og nefndarálitum þingsins út um sveitir, til þess, að menn út um landið geti kynt sjer það. Síðan sje því komið til stjórnarinnar og frumvarpið svo síðan lagt fyrir næsta þing. Jeg tel 2. tölulið þingsályktunarinnar í fullu samræmi við álit Torfa í Ólafsdal og okkar. Jeg býst við því, að stjórnin sjái, að það, sem við höfum lagt til þessa máls, er hugsað af mesta viti og þekkingu. Jeg sá þess vegna ekki ástæðu til þess, að halda þessu máli lengra fram á þessu þingi, en fulltreysti stjórninni til þess, að fara eftir tillögu okkar og leggja það fyrir næsta þing.

Frumvarpið
tekið aftur.

---

2. Forðagæsluafnám.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 15. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um að nema úr gildi lög nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæslu. (A. 36).

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 17. júlí, var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Eggert Pálsson): Frumv. þetta, sem jeg og þrír aðrir hv. deildarmenn hafa komið fram með, er ekki langt, en mjög einfalt og óbrotið. Jeg vona, að jeg syndgi ekki á móti þingsköpunum, með því að tala um einstakar greinar þess, því að það er ekki hægt, þar sem frumv. er ekki nema ein einasta grein.

Það, sem kemur mjer til að bera þetta frumv. fram, er það, að lögin, sem hjer ræðir um, hafa komið að litlum notum eða engum, og heyrst hafa ákveðnar raddir almennings víðsvegar að um það, að fá þau numin úr gildi. Jeg ímynda mjer, að það sje ekki einungis jeg, sem hefi orðið þessa var, heldur muni og aðrir hafa orðið áskynja hins sama. Í þingmálafundargjörðum alstaðar að, þar sem laganna hefir á annað borð verið minst, hefir komið fram ákveðin óánægja með þau, og óskir um, að fá þau annað hvort afnumin með öllu eða breytt í heimildar- eða samþyktarlög. Að vísu eru til kjördæmi, þar sem ekki hefir verið minst á lögin, en það þarf ekki að vera vottur þess, að menn sjeu þar ánægðir

með þau, heldur mun það vera af þeim rótum runnið, að menn hafa haft önnur meiri háttar áhugamál fram að bera. Af þingmálafundargjörðum þeim, sem jeg hefi rekið mig á, þar sem komið hefir fram eindregin ósk um að breyta lögunum eða afnema þau alveg, skal jeg nefna Snæfellsnessýslu, Austur-Skaftafellssýslu víðast, Eyjafjarðarsýslu sumstaðar, Múlasýslur sumstaðar. Og í Strandasýslu, þar sem alment er álitið, að vagga þessara laga sje, hafa komið fram ákveðnar áskoranir um að afnema lögin með öllu og láta ekkert í staðinn koma. Því er nú skotið að mjer, að sama ósk eigi sjer einnig alment stað í Vestur-Skaftafellssýslu. Að því er snertir Rangárvallasýslu, þá liggur þar ekki fyrir nein þingmálafundargjörð, en mjer er það persónulega kunnugt, að þar er mjög sterk alda á móti lögunum, svo sterk, að varla hefir verið hægt að fá nokkurn mann í sumum hreppunum til að gegna forðagæslumannsstörfum, og hefir orðið að taka til þess stranga úrræðis, að skipa menn til þess nauðuga.

Á sýslunefndarfundi Rangæinga kom þetta mál til umræðu, og var þar samþykt með öllum greiddum atkvæðum sýslunefndarmanna, að skora á Alþingi að nema lögin úr gildi. Í Arnessýslu hygg jeg, að svipuð óánægja með lög þessi eigi sjer stað, og að flestir búendur þar mundu einnig því fegnastir, að lög þessi yrðu numin úr gildi, eða að minsta kosti breytt í heimildarlög, þótt erfitt sje að draga ályktanir um skoðanir Árnesinga á þessu máli út úr þingmálafundargjörðunum þaðan, þar sem einn af þingmálafundum þeirra hefir óskað, að lögin yrðu feld úr gildi, annar hefir sætt sig við, að þau fái að standa til frekari reynslu enn um hríð, á þriðja fundinum eru samþyktar tillögur hvor ofan í aðra.

Mjer og okkur flutningsmönnum er það ljóst, að það er eindregin ósk landsmanna, að lögunum verði breytt, eða þá að þau yrðu numin úr gildi, og okkur væri öllum kærast, að þau yrðu afnumin með öllu og ekkert sett í staðinn, þar sem vjer búumst við svo litlum notum af lögum yfir höfuð að tala í þeim efnum, sem hjer ræðir um. Aðrir munu ef til vill fremur geta sætt sig við, að í stað þess að láta lögin standa eins og þau eru, yrði sett eitthvað í heimildar- eða samþyktaráttina, og eru því sammála um, að eins og lögin eru úr garði gjörð, sje ekki hægt að vænta neins gagns af þeim. Til þess, að um einhvern árangur væri að tala af slíkum lögum, þyrftu þau að fara lengra inn á þá braut, að hefta persónulegt atvinnufrelsi manna. Það má búast við, að lögin gætu haft einhvern árangur, ef forðagæslumenn hefðu vald til að skera af heyjum manna, og þá jafnframt ábyrgð á gjörðum sínum. En sá agnúi er á þeirri leið, auk ófrelsisins, að þá fengjust engir forðagæslumenn. En þar sem nú er engin heimild fyrir hendi fyrir forðagæslumanninn í lögum til að tryggja það, að til sjeu nægar fóðurbirgðir hjá hverjum einstökum, þá getur forðagæslumaðurinn ekkert annað gjört, en að áminna menn. En ef áminningin ein dugar, þá þarf ekki heldur neinn forðagæslumann, því að það er sjálfsagt innan handar hverjum einum að fá áminningu í þessum efnum, án þess að til þess sje með lögum skipaður forðagæslumaður.

Jeg vona, að háttv. deild taki vel í þetta frumv., og sannfærist um, að það, sem í þessu máli getur að haldi komið, verður að koma innan að frá mönnunum sjálfum, en ekki utan að frá löggjafarvaldinu. Til samkomulags gæti jeg þó sætt mig við, að samþyktarlög yrðu sett um þetta efni, í stað þeirra laga, sem nú gilda, því að með því

móti hafa menn meira frjálsræði til að hegða sjer eftir því, sem til hagar, hver í sinni sveit. Jeg vona svo góðs til háttv. deildar, að hún vilji að minsta kosti athuga málið í nefnd, og leyfi mjer að gjöra það að tillögu minni, að 5 manna nefnd verði sett í málið að umræðu lokinni. Sje jeg svo ekki að svo komnu ástæðu til að fjölyrða frekar um mál þetta.

Johann Eyjólfsson: Mjer þykir það dálitið leiðinlegt, að þetta frumv. skuli vera komið fram. Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje of fljótt, að vilja nú fara að eyðileggja þessi lög, áður en þau eru reynd til nokkurrar hlítar. Jeg efast ekki um að það sje rjett, að margir sjeu þessum lögum mótsnúnir. Því er svo farið um flest lög, sem einhvern kostnað eða fyrirhöfn hafa í för með sjer. En þótt margir sjeu nú óánægðir með þessi lög, þá er hætt við, að það myndi líka skapa óánægju, ef þeim verður nú í burtu kipt. Jeg er ekkert hissa á því, þó menn vilji breyta lögunum, en hitt er jeg hræddur um að verði aldrei vinsælt, að kippa þeim alveg burtu, án þess að setja nokkuð í staðinn. Það getur ekki orðið langt þangað til ný lög verða samin, sem fara í svipaða átt, og væri þá leiðinlegt að vera nýbúinn að fella þessi lög úr gildi; sanni nær, að lagfæra þau eitthvað, ef það eru á þeim auðsæir gallar. Við erum ekki búnir að lifa nógu lengi með lögunum til þess að vita, að þau sjeu óhafandi.

Þó að háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) áliti, að áminningar forðagæslumannanna hafi ekki mikla þýðingu, þá held jeg, að þær hafi einmitt mikið að þýða. Jeg vissi það, að upp um Mýrar og Borgarfjörð var talsvert tillit tekið til slíkra leiðbeininga, og þar sem menn vissu, að um skýran mann var að ræða, þá var mikið tillit tekið til ráða hans og oft farið að orðum hans. Það er ekki heldur þýðingarlaust, að lesa upp á hreppaskilum á vorin, hvernig fjenaður bænda hafi gengið fram. Það er eins og nokkurs konar próf, og mönnum er ekki sama um vitnisburðinn. Hann vilja menn gjarnan hafa sem bestan. Það er enginn vafi á því, að margt er það í þessum lögum, sem heldur hvetur menn til að hafa búpenning sinn í betra lagi. Jeg er því hissa á því, að nú skuli vera farið fram á að nema þau úr gildi, án þess að setja nokkuð í staðinn. Jeg vildi helst ráða til, að málið yrði ekki látið halda lengra, nema þá til að lagfæra lögin, ef þingið treysti sjer til að gjöra það eitthvað til gagns.

Pjetur Jónsson: Jeg get tekið í sama strenginn og háttv. þm. Mýr. (J. E.). Hann hefir nú tekið fram það helsta, sem jeg vildi sagt hafa. Mjer finst sá hugsunarháttur, sem háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) vill halda fram í þessu máli, hvorki vera hans eigin hugsunarháttur, nje sá, sem þingið á að beygja sig fyrir. Hann segist hafa orðið var við óánægju með lögin hingað og þangað. Jeg veit ekki, hversu grómtæk sú óánægja er, þótt þingmálafundir, sem fáir sækja, samþyktu áskoranir um að breyta lögunum eða afnema þau. En einkanlega hefir sú aðferð, sem hjer er farið fram á, ekkert róttækt við sig, og er ekki bygð á neinum rökum. Jeg fyrir mitt leyti þekki annan hugsunarhátt, þann hugsunarhátt, sem jeg álít að ætti að verða ofan í þinginu, því að löggjafarvaldið verður að styðja hinn betri hugsunarháttinn. Þessi lög, og lögin, sem á undan þeim gengu, hafa frá upphafi vega sinna miðað að því, að bæta meðferð á skepnum og tryggja bústofninn betur með gætilegum ásetn-

ingi. Það getur vel verið, að þetta hafi sumstaðar gengið illa, og að litlu eða engu gagni komið, en þar sem jeg þekki til, verð jeg þó að álíta, að lögin hafi orðið til gagns.

Auðvitað er hlutverk slíkra laga torvelt, og gallar hafa verið á þessum lögum eins og öðrum lögum. Þá hafa menn alt af verið að reyna að lagfæra, þing eftir þing, og þá auðvitað mest það, sem menn hafa verið óánægðastir með. Annars hygg jeg nú, að segja megi um þessa óánægju, sem mest hefir borið á með lög þessi, að þeir gusi mest, sem grynst vaða, þeir hafi mest á móti þeim, sem minst hafa um þau hugsað.

Mjer þætti gaman að benda á eitt dæmi um undirtektirnar, þegar sú breyting var gjörð, að þessi lög komu í stað horfellislaganna. Þegar jeg kom heim af þingi 1913, þá hitti jeg hreppsnefndina á fundi heima í minni sveit, og var þá minst á lögin, og var þá á þessum mönnum að heyra mikla óánægju með þau, eins og *þeir skildu* þau. Út af þessu varð nú nokkurt orðakast, en jeg bað þá að bíða við, og vita hvort ekki yrði nú sú niðurstaðan, að reynslan sannaði það, að full þörf væri á þessum lögum. Nú varð veturinn 1913—14 einn af hinum allra hörðustu, sem gengið hafa yfir þetta land í manna minnum, og kom það þá í ljós, að betra var að hafa haft einhverja almenna fyrirhyggju um ásetninginn. Í minni sveit höfðu menn sett vel á, enda heyjað sæmilega, en þó komust ýmsir í heyþrot, og fáir voru til muna aflögufærir. Og um vorið í miðjum harðindunum greip flesta mikil áhyggja, og þá kviknaði ný hugsun um það, að láta eigi slíkar áminningar sem þessa og aðra eins frá 1910, sem var annar harðinda veturinn frá, verða árangurslausar. Og árangurinn varð þessi, að haustið 1914 var stofnað ásetningarfjelag í minni sveit, með þeirri grundvallarreglu, að setja svo á, miðað við reynsluna, að hver einasti fjelagsmaður væri jafnan við því búinn að taka á móti harðasta vetri.

Menn kunna nú að segja, að þar sem svona fjelagsskapur sje kominn á, þar þurfi engin lög. En lögin stuðla einmitt að fjelagsskapnum, og það er gott að hafa aðhald þeirra og fjárframlög, til þess að koma ákvörðunum slíkra fjelaga í framkvæmd.

Í annari sveit nálægt heimili mínu hefir nú þegar verið fjárræktarfjelag í milli 30 og 40 ár, og hafa þar ætíð verið haldar skoðanir á fje og fóðurbirgðum, og svo langt er þessi fjelagsskapur kominn, að nú í nokkur ár hafa birgðir hjá fjelagsmönnum ætíð verið nægar í hvaða vetri sem komið hefir.

Þessi tvö dæmi, sem því miður eru ef til vill ekki mjög almenn, sýna það, að mikið er hægt að gjöra í þessu efni, og það eru einmitt skoðanirnar, sem alið hafa upp þann rjetta hugsunarhátt, bæði áður og eftir það, er lögin um þær voru gefin. Og ef nú ætti að fara að afnema þau, og þar með lýsa yfir því, að löggjöfin álíti sjer meðferð búpenings og fóðurtryggingar alveg óviðkomandi, þá er jeg hræddur um, að það væri spor aftur á bak í menningarlegu tilliti.

Það er eins og háttv. þm. Mýr. (J. E.) sagði, að skoðanirnar hafa mikil áhrif, því að betur sjá augu en auga. Það er margt unnið í þessu landi með persónulegum áhrifum, bæði í pólitik og öðru, og það mætti undarlegt heita, ef þau mættu sín einskis í þessu efni.

Jeg fyrir mitt leyti teldi nú rjettast, að þetta frumv. gengi ekki til 2. umr., en af því að hjer er annað frumv., um fóðurtryggingarmálið, á ferðinni, sem væntanlega verður athugað í nefnd, þá stendur mjer nokkurn veginn á sama,

þótt þetta gangi til þeirrar nefndar líka.

Björn Hallsson: Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), sem síðast talaði, hefir nú þegar tekið fram sumt af því, sem jeg ætlaði að segja. Mjer kemur það nokkuð á óvart, að fram skuli koma frumvarp, eins og þetta, um að afnema forðagæslulögin, svona tafarlaust, þar sem þau hafa þó ekki komið til framkvæmda hingað til, nema einn einasta vetur. Að vísu heyrðist á síðasta þingi rödd úr sömu átt um það, að rjettast mundi vera að stinga þeim undir stól, en þá var sú leið valin, að halda þeim eins og þau voru.

Það er ekki svo að skilja, að jeg sje að öllu leyti ánægður með þessi lög, og að því leyti á jeg sammerkt við marga. En einmitt af því, að skoðanir manna um þau eru svo mjög sundurleitar, þá vil jeg ekki fara að hringla í þeim nú þegar. Jeg álít sem sje engu spilt, þó að þau sjeu látin gilda til næsta þings og athuguð sem best á meðan. Eins og við vitum eru nú komnar fram nýjar tillögur, sem þarf að athuga í þessu sambandi. Torfi heitinn í Ólafsdal sendi út um landið tillögur, sem ekki hefir gefist tími til að ræða og athuga nógsamlega áður en þing kom saman nú, og er full ástæða til að ætla, að þar sje ýmislegt gagnlegt í, þótt mjer virðist ýmsir annmarkar á því fyrirkomulagi. En eins og kunnugt er, er þar aðallega gjört ráð fyrir heimildarlögum.

Út af því, sem talað er um óánægjuna með þessi lög, vil jeg segja það, að þar sem jeg þekki til, hefi jeg ekki orðið var svo verulega óánægju með þau, að þess vegna sje ástæða til að fella þau úr gildi nú þegar. Auðvitað hafa ýmsir verið óánægðir með þau, en svo verður ætíð, þegar takmarkað er að einhverju leyti athafnafrelsi einstaklingsins, eða sett eftirlit með einstökum mönnum, þá verður það ætíð óvinsælt, enda er það fullkomlega athugavert, hvað löggjafarvaldið á að fara langt í því efni. En þótt nú ætti að afnema þessi lög, þá efast jeg um, að þingið gæti, sóma síns vegna, gjört það án þess, að setja eitthvað í staðinn. Það hefir hingað til álitið gagnlegt, að hafa lög, sem miðuðu til þess, að bæta meðferð á skepnum í landinu og koma henni á fullkomnara stig, og jeg held, að bæði þessi lög og horfellislögin gömlu hafi gjört talsvert gagn í þá átt, þrátt fyrir galla þá, sem á þeim hafa verið. Og ef nú ætti að fella þessi lög alveg úr gildi, þá vantar öll slík lög framvegis, og þarf þingið þá að athuga, hvort nokkuð eigi að setja í staðinn, og þá hvað það ætti að vera. Auk þess hefir borið alt of mikið á hringli í löggjöfinni á hverju þingi nú undanfarið. Það er eins og menn sjeu að fálma út í loftið og viti ekki hvað þeir vilja, þegar verið er að setja lög á einu þinginu og gjörbreyta þeim svo eða fella þau á því næsta. Samkvæmt undanfarinni reynslu mátti búast við því, að þótt forðagæslulögin væru feld nú úr gildi og einhver önnur lög sett í staðinn, þá yrðu þau lög afnumin á næsta þingi. Það er ekki vegur til að auka virðingu þingsins, að halda slíku áfram, og þess vegna álít jeg rjett, að láta forðagæslulögin gilda til næsta þings, en að landsmenn athugi vel á meðan bæði þau og aðrar uppástungur, sem fram koma, hvað muni vera heppilegast, svo að menn hafi eitthvað meira að styðjast við en álit einstakra þingmanna eða einstakra sveitarfjelaga, ef á að fara að breyta þeim. Full ástæða virðist mjer til, að stjórnarráðið leitaði umsagnar allra sveitarstjórna í landinu í þessu máli, til þess að fá heildaryfirlit yfir skoðanir manna í þessu efni.

Að endingu vildi jeg mega beina því til flutningsm. (E. P.), hvort honum finnist ekki þetta mál svo skylt ýmsum öðrum landbúnaðarmálum, sem nú liggja fyrir þinginu, að það ætti að verða þeim samferða og leggjast fyrir landbúnaðarnefnd.

Flutnm. (Eggert Pálsson): Alt er þegar þrent er. Nú hafa þrír háttv. þingmenn talað í röð og allir haldið hlífiskildi fyrir forðagæslulögunum. Það má lengi deila um það, að hverju gagni þessi löggjöf hefir komið. Jeg held því nú fram, að það sje lítið, og þykist þar hafa stuðning mikils meiri hluta þjóðarinnar mín megin.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) mintist á horfellislögin, sem þjóðin hefði nú lifað undir í nærfelt 40 ár, og hjelt því fram, að þau hafi komið oss að svo og svo miklu gagni. Jeg er nú ekki þeirrar skoðunar. Mjer virðist ekki þurfa lengra að fara en til vorsins í fyrra, til þess að sjá vottinn um það, að gagnið, sem horfellislöggjöfin hefir unnið oss, muni ekki vera sjerlega mikið. Jeg hygg, að fá fellisár hafi verri orðið, að minsta kosti hjer á Suðurlandi, en vorið 1914. Þetta er nú reynslan eftir öll þessi ár, og jeg hygg, að sama verði ofan á framvegis, þótt saminn sje og látinn gilda annar lagabálkur í þessum efnum. Sannleikurinn er sá, að þetta lagast ekki með neinu, nema aukinni menningu þjóðarinnar.

Háttv. þm. Mýr. (J. E.) óskaði þess helst, að þetta mál yrði ekki einu sinni sett í nefnd. Jeg hygg, að hann hafi sagt þetta í athugaleysi, því úr því hjer eru framkomnar raddir um fleiri breytingar, þá virðist eins vel mega athuga þá grundvallarbreytingu, sem hjer er farið fram á. Og jeg veit ekki, nema það væri á móti þingsköpunum, að fella það fyrst, að nema lögin úr gildi, en samþykkja svo ef til vill eftir á eitthvað annað, sem óhjákvæmilegt gjörði, að þessi lög yrðu upphafin. Það liggur þess vegna beint við, að vísa þessu frv. til nefndar, hvort sem þingið felst nú á, að gjöra meiri eða minni breytingar á lögunum, eða nema þau alveg úr gildi.

Sami háttv. þm. (J. E.) gaf það í skyn, að það væri kostnaðargrýlan, sem orsakaði það, að jeg og aðrir vildu nema forðagæslulögin úr gildi. Það er alveg rjett, það er kostnaðurinn, sem er aðalatriðið. Það mundi enginn hafa á móti því, þótt menn væru að róla manna á milli og gefa þeim ráð og bendingar, ef það kostaði ekkert. En við viljum ekki fleygja peningum út til þess, sem við erum sannfærðir um, að ekki gjöri neitt gagn.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hjelt því fram, að það sýndi gagnsemi þessara laga, að rokið var til að gjöra ásetningssamþykt í hans sveit, og hefðu menn þar stuðst við lögin. En þetta sannar einmitt, að í þessum efnum er ekki nauðsyn á öðru frekara en að eins heimildarlögum, og það hafði jeg áður sagt, að þótt jeg hafi ekki mikla trú á gagnsemi slíkra laga, fremur en þeirra, sem nú eru í gildi, þá mundi jeg þó fallast á þau til samkomulags.

Háttv. þm. Mýr. (J. E.) ljet mikið af því, að tillit væri tekið til þess, sem forðagæslumennirnir segðu. En þá er mjer spurn: Hvers vegna myndi vera tekið meira tillit til þeirra, þótt þeir sjeu skipaðir að lögum? Jeg hefi ekki neina trú á því, að menn láti betur að ráðleggingum þeirra, þótt þeir vinni fyrir peninga, en ella.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) spurði hvort mjer þætti ekki viðeigandi, að málið gengi til landbúnaðarnefndar. Jeg get nú kannast við það, að eftir eðli

þess mætti það vel eiga þar heima. En jeg skal játa það hreinskilnislega, að það, sem vakti fyrir mjer, þegar jeg óskaði þess, að skipuð yrði sjerstök nefnd, til að athuga þetta frumv., var það, að ef þetta mál gengi til landbúnaðarnefndar, þá yrði enginn af flutningsmönnum þess í nefndinni. En það hefir hingað til þótt óviðkunnanlegt, að máli sje svo komið í nefnd, að enginn sje til að bera þar hönd fyrir höfuð þess. Mjer er þetta að vísu ekkert kappsmál, hvort landbúnaðarnefnd eða önnur sjerstök nefnd hafi mál þetta með höndum, en óska þess þó, að tillaga mín verði borin upp.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að eins að tala um nefndina. Mjer virðist þetta mál eingöngu eiga heima í landbúnaðarnefndinni, og þótt það sje rjett hjá hv. flutningsmanni (E. P.), að illa standi á þar sem enginn flutningsmanna situr í henni, þá er líka að líta á hitt, að jeg hefi einnig lagt fram frumv., samið af Torfa heitnum í Ólafsdal, sem vísað mun til þeirrar nefndar, svo að það er óviðkunnanlegt, ef tvö frumv. mikið til sams konar lenda sitt í hvorri nefndinni. Að öðru leyti mun jeg geyma umræðu um þetta mál, þangað til á dagskrá kemur frumv. það, er jeg hefi nú getið, og miklu er umfangsmeira en þetta.

Þorleifur Jónsson: Þetta litla frumv. hefir mætt hjer töluverðri mótspyrnu, enda er við því að búast, því að sú skoðun hefir nú lengi ráðið á þingi, að í þessum efnum sje lagaaðhald hin mesta nauðsyn, án þess þó að nokkur vissa sje fengin fyrir því, hver vilji þjóðarinnar er um það, og án alls undirbúnings frá hennar hálfu.

Það er orðið ofarlega á baugi, að ekki þurfi annað en að gefa út lög, og þau eiga að lækna allar meinsemdir, bæði í atvinnumálum og öðru. En það mun sjaldan heppilegt, að grípa þannig fram fyrir hendur manna, einkum þar sem ekki er hægt að benda á, að öll þessi lög, horfellislögin, lög um skoðanir og forðagæslulögin, hafi komið að nokkru verulegu gagni. Árið 1914 varð fellir, og þá hafði þó slík löggjöf staðið um nokkra tugi ára, og hvaða þýðingu hefir hún þá, ef það er sýnt, að engin trygging er að henni gegn sliku?

Það mun ef til vill þykja nokkur dirfska, að koma fram með svo gagngjörða breytingu, sem frumv. fer fram á, en vjer flutningsmenn höfum þar við að styðjast bæði ýmsar þingmálafundagjörðir og svo ítarlegar greinar í blöðum, t. d. í »Suðurlandi«, þar sem ljóslega er sýnt fram á það, að þessi lög eru alveg ófullnægjandi og eiga ekki við, svo að jeg veit að skoðanir vorar eiga sjer allmikinn stuðning meðal landsmanna. Einkum hafa mönnum þótt vandkvæði á því, að eiga að fylla út þessi eyðublöð, eða skýrsluform. Þau eru æði margbrotin, og jeg hefi heyrt að sumum þyki þau erfið viðfangs, og svo fylgir þessu einnig nokkur kostnaður, en trú manna lítil á það, að gagnið sje nokkurt.

Alment myndu menn kunna betur við heimildarlög, til að gjöra samþyktir, og best þó við það, að málið væri betur rætt og borið undir sveitarstjórnir, en þingið setti ekki lög um það upp á sitt eindæmi.

Jeg hygg, að ekki sje mikið eftir af mótbárum háttv. þingm., sem talað hafa, sem háttv. flutningsm. (E. P.) hefir eigi þegar svarað. En þar sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) talaði um ásetningsfjelag í sinni sveit, þá sannar það einmitt, að það er ekki brýn þörf á svona lögum. Það fer best á því, ef menn gjöra slíkar ráðstafanir sjálfir; þá er málið komið á rjettan rekspöl.

Jeg vona að þetta frumv. verði ekki felt, heldur sett í nefnd, og jeg fyrir mitt leyti er með því, að sjerstök nefnd verði skipuð.

Guðmundur Eggerz: Mjer er það reyndar móti skapi, að tala hjer við 1. umr., en jeg kann ekki við það, að láta háttv. flutningsmenn standa eina uppi. Jeg bjóst síst við því, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) færi að tala á móti þessu frumv., því að þegar hann kom heim af þingi 1913, þá vissi jeg ekki betur en að hann fengi bágt fyrir princip sín í þessu máli þá. Jeg vildi benda honum á þetta, til þess að hann gæti þess, að fá ekki enn þá bágara nú fyrir principin.

Þar sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) talaði um ásetningsfjelagið þar nyrðra, þá skilst mjer að þetta fjelag mundi eins hafa komist á fót, þó að gömlu lögin frá 1900 hefðu verið í gildi. Jeg gæti vel felt mig við, að þau lög væru í gildi, enda tel jeg vafasamt að þau verði það ekki, þó að þetta frumv. verði samþykt.

Jeg hygg, að allir geti verið sammála um það, að forðagæslulögin veiti ekki meiri tryggingu fyrir því, að varlegar verði sett á, en horfellislögin frá 1900. Forðagæslumennirnir, sem skipaðir hafa verið í Suður-Múlasýslu, kvarta mjög undan því, hve umsvifamikið sje að framkvæma lögin. Eins og kunnugt er, sendir stjórnarráðið út eyðublöð, sem fylla á út. En það er svo fyrirhafnarmikið og vandasamt að útfylla alla þá dálka, að ef vel ætti að vera, þyrfti að senda hálærðan skrifstofustjóra úr stjórnarráðinu til þess að leysa það verk af hendi. Þá hafa þessi lög miklu meiri kostnað í för með sjer en gömlu lögin. Og bændunum verður ekki láð það, þó að þeim þyki hart að borga það miklu dýrara, sem á engan hátt er betra. Enn má telja það, að forðagæslumönnunum er mjög óljúft að hafa þá stöðu á hendi. Að líkindum mest fyrir það, að þeir telja sig, samkvæmt lögunum, bera ábyrgð á því, ef til fellis kæmi. Og það þykir þeim þung byrði, sem vonlegt er. Þeir segjast raunar geta gjört ráðstafanir til þess, að svo verði sett á, að fellir sje útilokaður. En hins vegar segjast þeir engin ráð sjá til þess, að koma því til leiðar að þeim ráðstöfunum verði fylgt.

Eitt hygg jeg að sje höfuðatriðið í þessu máli, og það er sá nýi og breytti hugsunarháttur almennings, að það borgi sig betur að fara vel með skepnurnar, heldur en að fara illa með þær, og enn fremur mannúðarstefnan, sem einnig á þessu sviði ryður sjer meir og meir til rúms. Í þessa átt hefir mikil breyting orðið á síðari árum, og það hygg jeg að komi miklu betur í veg fyrir horfelli en nokkur lagaákvæði.

Að síðustu skal jeg geta þess, að jeg tel það rjettara, sem háttv. flutningsm. (E. P.) hefir stungið upp á, að sjerstök nefnd verði skipuð í þelta mál, en því ekki vísað til landbúnaðarnefndarinnar. Jeg býst við, að annað frumv., ekki ósvipað þessu, verði bráðlega borið fram hjer í deildinni. Það er frumv. um að afnema Bjargráðasjóðslögin. Væri vel til fallið, að sama nefndin hefði bæði þessi frumv. til meðferðar.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv.

Felt að vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar með 11 : 9 atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 12 : 8 atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosingum þeir

Guðmundur Eggerz
Eggert Pálsson,
Jóhann Eyjólfsson,
Þorleifur Jónsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 36, n. 108).

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 6. ágúst, var frumvarpið aftur tekið til 2. u m r.

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Þar sem þingsályktunartillaga fordagæslunefndarinnar hefir verið samþykt, þá leyfi jeg mjer hjer með að taka frv. aftur.

Forseti: Ef enginn tekur þetta frumvarp upp, þá er það hjer með úr sögunni.

Frumvarpið
tekið aftur.

3. Dýrtíðarhjálp.

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 28. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um dýrtíðarhjálp (A. 632).

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 1. u m r.

Sveinn Björnsson: Jeg gjöri ráð fyrir, eftir þeim samtökum, sem gjörð hafa verið hjer í deildinni, að þessu frumv. sje ætlað að fara sömu leið og hinu, um útflutningsgjald af kjöti o. fl. Og með því að jeg skil deildina svo, að hún ætlist til þess, að Velferðarnefndin eigi ekki að skifta sjer af þessum dýrtíðarmálum, þá tek jeg þetta frumvarp aftur.

Forseti: Þetta frumv. er þá tekið aftur, og ef enginn tekur það upp, þá er það hjer með úr sögunni.

Frumv. þar með
tekið aftur.

D.

Frumvörp, ekki útrædd.

1. Fræðslulagabreyting.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 15. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna (A. 37).

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 17. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson): Ástæðan til þess, að jeg hefi leyft mjer að bera fram þetta litla frumvarp, er sú, að fræðslulögin leyfa, að í stórum hreppum sje bæði skólahjerað og fræðsluhjerað í sama hreppi. En þar sem svo stendur á, að skólahjeraðið eða fræðsluhjeraðið nær að eins yfir part af hreppi, er svo fyrir mælt, að kostnaðinum við fræðsluna sje jafnað niður á gjaldendur í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra. Nú er það víðast svo, að þar sem kauptún er partur af hreppi, þá er það skólahjerað út af fyrir sig, en hinn hlutinn fræðsluhjerað. Af þessu leiðir misrjetti, vegna þess, að í kauptúnunum eru ríkari gjaldendur, og verða því ljettar úti en fátæklingarnir í fræðsluhjeraðinu. Þetta hefir vakið óánægju manna, sem vonlegt er, og hafa raddir heyrst um það, að fá þessu breytt.

Það er ekki langt síðan að jeg átti tal við fræðslumálastjórann um þetta efni. Hann taldi þessa breytingu heppilega. Raunar sagði hann, að í ráði væri, að fræðslulögunum yrði breytt talsvert mikið, en samt sem áður áleit hann ekkert athugavert, þó að þessi breyting væri gjörð strax.

Úr því að jeg fór fram á breytingar á fræðslulögunum á annað borð, þá vildi jeg láta aðra litla breytingu fljóta með þeirri, sem jeg hefi nú talið. Hún er sú, að fræðslu- og skólanefndum verði gjört að skyldu, að gjöra reikningsskil fyrir gjaldendunum. Jeg veit til þess, að víða hafa þær ekki talið sjer það skylt. Og á einum stað veit jeg til þess, að nefndin hefir ekki fengist til þess.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, að eins óska, að málinu verði vísað til 2. umr., og að í það verði sett 5 manna nefnd.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 16 shlj. atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu þeir

Björn Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Einar Jónsson,
Jón Jónsson,
Guðm. Hannesson.

Nefndarálit um frumvarp þetta kom aldrei fram; frumvarpið var aldrei tekið til 2. umr., og varð því

útrætt.

2. Slysaábyrgð sjómanna.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um slysaábyrgð sjómanna og daglaunamanna. (A. 186).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ág., var frumv. tekið til 1. umr.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Jeg sje ekki ástæðu til að halda langa ræðu. Eins og menn sjá, er tilgangurinn með þessu frumv. sá, að eitthvað sje gjört til þess, að tryggja einhverjar hinar fátækustu stjettir landsins fyrir slysum, sem þeim er hættara við, vegna atvinnu sinnar, heldur en nokkrum öðrum stjettum í landinu. Hjer er enginn almennur sjóður til að hlaupa undir baggann. Þegar slys ber að höndum, er því ekki um annað að ræða fyrir þá, sem fyrir því verða, ef þeir eru ekki einfærir um að bjarga sjer sjálfir, en að leita til sveitarstjórnanna og tapa þannig rjetti sínum og komast á vonarvöl.

Með samtökum má mikið girða fyrir verstu afleiðingar slysanna. Virðist mjer fullkomin ástæða til, að hið opinbera rjetti hjálparhönd til þess, að koma þessu í framkvæmd. Á því er enginn vafi, að í þessu máli vantar einungis forgönguna. Er ekki sjáanlegt, að neitt verði gjört í því, nema hið opinbera stuðli að því, að hrinda því af stað. Hygg jeg, að það verði best gjört með því móti, sem lagt er til í frv.

Hjer í Reykjavík er raunar sjúkrasamlag, og er það vitanlega gott, það sem það nær. En bæði er það víðtækara en það fjelag, sem hjer er gjört ráð fyrir, og tryggir menn ekki eingöngu fyrir slysum, og einnig er svo dýrt að vera í því, að ekki er að búast við, að almenningur geti tekið þátt í því að svo stöddu, síst þeir, sem fátækastir eru. Sjúkrasamlagið útilokar því ekki nauðsynina á slíkum sjóði, sem hjer er verið að tala um.

Þetta fje, sem farið er fram á að veita, 5000 kr. hvort ár fjárhagstímabilsins, til þess að koma sjóðnum á laggirnar, er ekki tilfinnanlegt fyrir landssjóð, þar sem hjer eiga í hlut einhverjar fjölmennustu stjettir landsins, sem bera svo mikið af byrðum landssjóðs, en hafa hins vegar ekki hlotið nema mjög lítið af opinberu fje.

Að öðru leyti höfum við flutningsm. ekki samið neinar víðtækar reglur um sjóðinn, og þarf það nánar að athugast. Hygg jeg að það yrði best gjört í nefnd, og vildi jeg gjöra það að tillögu minni, að málinu væri vísað til sjávarútvegsnefndarinnar að umr. lokinni.

Matthías Ólafsson: Það voru að eins tvær spurningar, sem jeg vildi koma fram með, en nú hefir háttv. flutningsm. (B. S.) svarað annari þeirra.

Fyrri spurningin, sem þegar hefir verið svarað, var sú, hvort málið væri komið á nokkurn rekspöl, hvort sjóðstofnunin væri komin nokkuð á leið. Svo er ekki. Hefði jeg þó kunnað betur við, að sjóðurinn væri stofnaður, áður en farið væri að veita fje til hans. Raunar má segja, að hjer sje ekkert í hættu lagt, því að vitanlega verður fjeð ekki borgað út, nema sjóðurinn komist á fót. Þó er hægt að hugsa sjer, að hóa megi saman 500 mönnum til þess að taka á móti fjenu, og svo sje fjelagsskapurinn úti. Jeg segi ekki þetta fyr-

ir það, að jeg telji mikla hættu á, að þannig fari; jeg tel að eins þessa aðferð, að veita fje til sjóðsins áður en hann er stofnaður, dálitið óviðkunnanlega.

Annað, sem jeg vildi spyrja um, var það, hvort þetta ætti eingöngu að vera slysaábyrgðarsjóður, eða hvort hann ætti líka að tryggja menn fyrir dauða. Það er að vísu alment talið slys, ef maður deyr af slysförum, en þó hygg jeg, að þetta geti orkað tvímælis, og væri því vel, ef nánar væri kveðið á um þetta.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) beindi tveimur spurningum til mín viðvíkjandi þessum sjóði. Viðvíkjandi fyrri spurningunni, á hvaða rekspöl málið væri komið, þá tók jeg það fram, að það væri alls ekki komið á neinn rekspöl, enda ber frumv. það með sjer, að svo er ekki. Hjer er að eins farið fram á, að landsstjórninni veitist heimild til að verja 10 þús. kr. til slysaábyrgðarsjóðs, ef hann yrði stofnaður. Eins og jeg tók fram, er þetta gjört til þess, *að hrinda málinu af stað*, með því að ekki er sýnilegt, að hafist verði handa í þessu efni, nema hið opinbera ýti undir það, með því að heita fjárframlagi til fyrirtækisins.

Háttv. þingm. V.-Ísf. (M. Ó.) virtist hneykslast á því, að farið væri að veita fje til stofnunar, sem ekki væri til og engin beiðni væri komin fram um að stofna. En þetta er ekkert hneykslanlegt. Svona var um fjelag, sem háttv. þm. (M. Ó.) þekkir vel. Það var Fiskifjelag Íslands. Jeg var í nefnd hjer á þingi, sem lagði til, að fjelagið yrði stofnað. Það var þingið, sem skoraði á sjómenn, að stofna slíkt fjelag, og því var heitið styrk, ef það kæmist á laggirnar. Virðast menn hafa gott traust á því fjelagi, þó að það sje þannig til komið.

Ekki get jeg skilið, að menn verði svo lítilsigldir, eins og hv. þm. V.Ísf. (M. Ó.) ljet sjer koma til hugar, að þeir fari að hóa saman 500 mönnum, til þess að ná í einar 10 kr. í hlut, og stökkva síðan í sundur aftur. Það yrði lítil atvinna og skammvinn. Enda er styrkveitingin bundin því skilyrði, að stjórnarráðið hafi samþykt lög fjelagsins.

Viðvíkjandi seinni spurningunni, hvort í frv. væri jafnframt átt við lífsábyrgð, þá skal jeg geta þess, að svo er ekki. Frumv. á að eins við slysfarir, sem ekki leiða til bana, svo sem meiðsli, limlesting og þess konar.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til sjávarútvegsnefndar samþ. með 14 shlj. atkv., en hana skipa þeir

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Guðmundur Eggerz,
Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

Nefndarálit um frumvarpið kom aldrei fram; það var aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ótrætt.

3. Hólssókn í Bolungarvík.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skipun prestakalla nr. 45, 16. nóv. 1907 (A. 354).

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. ágúst, var frumv. tekið til 1. umr.

Forseti: Með því að þetta frumv. er of seint fram komið, þar sem nú er útrunninn sá fjögra vikna tími, sem ákveðinn er til að koma fram með frumvörp, verð jeg að leita leyfis deildarinnar til að þetta frumv. geti komist að.

ATKVGR.:

Samþykt að taka frumvarpið fyrir með 15 : 2 atkv.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Frumv. þetta, sem jeg hefi leyft mjer að bera hjer fram, er samhljóða frumv., sem borið var fram hjer í deildinni á aukaþinginu í fyrra.

Frumv. fjekk þá þær undirtektir, að því var vísað til nefndar, ásamt fleiri samkynja málum, en nefndinni vanst ekki tími til að ljúka störfum sínum.

Jeg færði á aukaþinginu ítarleg rök að því, hvað knúð hefði kjósendur mína, sem hjer eiga hlut að máli, til að óska þeirrar breytingar á prestakalla-skipuninni, sem hjer ræðir um, og læt mjer því nægja, að skírskota til þeirra ummæla minna, enda hefir það oft verið rakið fyrir háttv. deild, hversu mikla örðugleika Bolvíkingar eiga við að stríða, bæði að því er það snertir, að vitja prests sem og að leita til læknis.

Jeg leyfi mjer því að lokum að eins að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr., og að því verði vísað til nefndar, sem þegar hefir skipuð verið hjer í deildinni, og sams konar mál hefir til meðferðar.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv., og vísað til prestakallanefndar með 18 shlj. atkv., en þá nefnd skipuðu þeir

Stefán Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,
Jón Jónsson,
Sigurður Sigurðsson,
Sigurður Gunnarsson.

Nefndarálit um frumv. kom aldrei fram, og frumv. var aldrei tekið til 2. umr., og varð því

ótrætt.

---

4. Fiskveiðar á opnum skipum.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. septbr., var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög 11. júlí 1911, nr. 28, um viðauka við lög 14. desbr. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 734).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. septbr., var frumv. tekið til 1. umr.

Matthías Ólafsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að frumv. verði vísað til sjávarútvegsnefndarinnar að lokinni umræðunni.

ATKVGR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 15 shlj.

atkv., og til sjávarútvegsnefndar með 17 shlj. atkv., en hana sátu þeir

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Guðmundur Eggerz,
Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 10. septbr., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 734, n. 872).

Forseti tók frumv. út af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 11. septbr., var frumv. tekið til 2. umr. (A. 734, n. 872 og 977).

Forseti tók frumv. aftur út af dagskrá, og varð það

ótrætt.

E.

Þingsályktanir.

I.

Þingsályktanir, afgreiddar til ráðherra.

---

1. Verkmannamálið.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 17. júlí, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um verkmannamálið (A. 63).

Á 13. fundi í Nd., fimtudaginn 22. júlí, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 23. júlí, var tillagan tekin til einnar umr.

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Jeg ætla mjer ekki að tala langt mál um þingsályktunartillöguna, sem hjer um ræðir, því að jeg hygg, að þess gjörist ekki þörf, þar sem hún sýnir það sjálf mjög greinilega, hver tilætlunin er.

Eins og kunnugt er, hefir sú raunin orðið að undanförnu, að verkmannamálunum hefir lítið verið sint, enda hefir sú stjett ekki átt því láni að fagna, að eiga fulltrúa á þingi, er öðrum fremur ljeti sjer ant um velferðarmál hennar.

Á hinn bóginn stefnir nú alt óðum hjer á landi í þá áttina, að fólkinu fjölgar í kaupstöðum og kauptúnum, og má þá og jafnframt vænta þess, að verksmiðjur rísi upp, og iðnaður verði rekinn að miklum mun meiri en áður, og þá þó eigi hvað síst, ef menn læra að fara að nota fossaaflið til iðnaðarreksturs.

En bæði það, að ýms iðnaðarfyrirtæki, í stærri og smærri stýl, komast á fót, og hitt, að Íslendingum lærist, að nota sjer betur auðsuppsprettur hafsins en verið hefir, getur og leitt til þess, að fólk flytji hingað frá öðrum löndum, og fjölgi því miklu örar, í verslunarstöðum og við sjóinn, en ella mundi.

Jeg held því, að einmitt nú, meðan unt er að vinna að verkmannamálunum í friði, sje tækifærið til að afla sjer þekkingar á þeim, og setja hjer lög, sem þörfin krefur, báðum málsaðilum, verkmannastjettinni og atvinnuveitendunum, til nauðsynlegrar tryggingar, þar sem miklu erfiðara verður að koma slíkum lagaákvæðum að síðar, þegar ágreiningur kann að vera risinn upp, og alt orðið í báli og brandi.

Það er auðvitað, að styðja verður verkmannastjettina á ýmsar lundir með lögum. Lögin verða að gæta hagsmuna þeirra, svo að þeim — sem verandi minni máttar — sje ekki á einn nje

neinn hátt misboðið. — Lögin verða t. d. að tryggja þeim styrk, er slys eða sjúkdóma ber að höndum, sjá þeim fyrir hæfilegum ellistyrk, ákveða lengd vinnutímans o. fl. o. fl. Einnig verða að vera til gjörðardómar, er skorið gætu úr, ef ágreiningur kæmi upp milli verkmanna og vinnuveitanda.

Löggjöfin verður yfirleitt að stefna að því, að skapa mentaða og sjálfstæða verkmannastjett í landinu. Og æskilegast væri það auðvitað, að ekki væri sá fulltíða maður í þjóðfjelaginu, er eigi væri svo mentaður, að hann gæti tekist á hendur hvaða starf eða stöðu í þarfir þjóðfjelagsins, sem er, ef ekki þarf beint sjermentunar til.

Að lokum legg jeg það til, að málinu sje ekki vísað til nefndar, en samþykt eins og það er, þó að jeg hins vegar mótmæli ekki nefndarskipun, ef það er vilji deildarinnar.

Forseti kvaðst bera tillöguna undir atkvæði og það í einu lagi, þótt hún að vísu væri í tveim liðum.

En þá kom fram ósk um það frá þm. S.-Þing. (P. J.), að till. yrði borin upp í tvennu lagi, hvor liður fyrir sig.

ATKVGR.:

Fyrri liður tillögunnar samþyktur með 13 shlj. atkv.

Síðari liður feldur með 9 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Hjörtur Snorrason,	Guðm. Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Guðm. Hannesson,
Sigurður Eggerz,	Jón Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Hannes Hafstein,
Sveinn Björnsson,	Magnús Kristjánss.,
Þór. Bendiktsson.	Pjetur Jónsson.

Þeir Jón Magnússon, Matthías Ólafsson, Sigurður Gunnarsson, Sig. Sigurðsson, Stefán Stefánsson og Þorleifur Jónsson greiddu eigi atkv.

Einn þm. fjarstaddur.

Tillagan, svo breytt, afgreidd til ráðherra sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 83).

---

2. Húsmannamálið.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um húsmannamálið. (A. 64.).

Á 13. fundi í Nd., fimtudaginn 22. júlí, var tillagan tekin til meðferðar h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Forseti stakk upp á, að hafa eina umræðu um tillöguna, og var það samþ. án atkvgr.

Á 14. fundi í Nd., föstudaginn 23. júlí, var tillagan tekin til e i n n a r u m r.

Flutnm. (Skúli Thóroddsen): Jeg sje ekki ástæðu til, að fara mörgum orðum um tillögu þessa, því jeg býst ekki við, að deildin þori fremur að skora á stjórnina, að koma á næsta þingi fram með frumvarp, er að húsmannamálinu lýtur, eða treysti henni betur en raun varð á, að því er verkmannamálið snertir.

Tillagan sjálf sýnir og svo glögglega, hvað fyrir mjer vakir, að óþarft er, að fara hjer út í efni hennar, — nægir og, að vísa til hennar sjálfrar.

Jeg vil og ekki mælast til, að tillagan verði samþykt orðalaust nú þegar, en leyfi mjer, að óska þess, að henni

verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar, — til bestu fyrirgreiðslu. —

ATKVGR.:

Till. vísað til landbúnarnefndar með 20 shlj. atkv. og umr. frestað, en í landbúnaðarnefnd sátu þeir

Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Guðm. Hannesson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. ágúst, var tillagan tekin til framhalds einnar umr. (A. 64, n. 226, 227).

Framsm. (Guðm. Hannesson): Jeg vonast eftir því, að háttv. flutningsmaður upprunalegu tillögunnar misvirði það ekki við landbúnaðarnefndina, þó hún hafi vikið tillögu hans dálítið við, því sama er meiningin hjá báðum, að gjöra þessum stjettum gagn. Hvað skýrslur um hag húsmanna erlendis snertir, þá ber þess að gæta, að húsmenn vorir eiga við alt önnur kjör að búa en þeir í útlöndum, því þar hagar víðast svo til, að þeir mega miklu fremur kallast bændur. Upprunalega var að vísu jarðrækt þeirra og búskapur aukaatvinna ein, en þetta hefir breytst, og lifa þeir nú eingöngu eða mestmegnis af búum sínum.

Nefndinni fundust ekki sambærileg kjör húsmanna okkar og húsmanna annarra þjóða, en eigi að síður er ekkert á móti því, að þingmenn sæju skýrslur um aðalatriðin viðvíkjandi hag þeirra, einkum þar sem líkt hagaði til og hjer.

Þó að nefndin hafi þannig ekki búist við miklum árangri af erlendu skýrslunum, þá taldi hún, að meira mundi vera að græða á *innlendum* skýrslum um allan hag húsmanna, hvernig þeir kæmust af og hvort þeir hefðu allir land það, er lög mæla fyrir. Nefndin taldi ekki ólíklegt, að ástæða væri til þess, að breyta löggjöfinni um húsmenn og þurrabúðarmenn, sjerstaklega hvað landsstærðina snertir, sem sýnist alveg úr lausu lofti gripin. Landið var upprunalega ákveðið 400 □ faðmar. Þetta var helsti stórt fyrir kálgarð og of lítið fyrir tún. Seinna var það ákveðið 900 □ faðmar, en einnig þetta er of lítið fyrir tún handa t. d. einni kú.

Annað er ekki um þetta að segja frá nefndarinnar hálfu, en vilji einhver gjöra einhverjar fyrirspurnir, þá skal þeim fúslega svarað.

Guðmundur Eggerz: Jeg get vel verið hlyntur þessari tillögu, en mig langaði að eins til þess að spyrja, hver greinarmunur væri gjörður á húsmönnum og þurrabúðarmönnum. Þessi nöfn koma fyrir í lögunum, en jeg efast um, að löggjöfin hafi vitað, hvað hún var að gjöra, og að hún kunni að gjöra greinarmun þar á, en slíkt er alveg nauðsynlegt að vita, hvað meint er með þessu. Enginn má skilja orð mín svo, að jeg sje á móti tillögunni, en jeg vil að eins ekki, að hún sje sett í millilinganefnd. (*Margir:* Það er ekki tilætlunin). Jæja, mjer þykir vænt um, að svo er ekki, og fer svo ekki fleiri orðum um þetta, en þætti að eins æskilegt, að fá svar upp á spurningu mína.

Framsm. (Guðm. Hannesson): Þess vegna er báðum þessum orðum haldið, að lögin tala um húsmenn og þurrabúðarmenn jöfnum höndum. En það er bersýnilegt, að óþarfi er að greina þetta í sundur, vegna þess, að munurinn er eiginlega enginn. Sjest það best

á landhagsskýrslunum, því þar er tekið fram, að fjöldi þurrabúðarmanna hafi 1—2 kýr. 1906 voru t. d. 553 þurrabúðarmenn, sem töldu fram kú. En upprunalega meiningin hefir verið sú, að kalla þá húsmenn, er einhverja grasnyt höfðu, en hina þurrabúðarmenn, er enga höfðu. Jeg skal leyfa mjer að minnast á, að stjórninni var áður falið að semja skýrslu um smábændur og grasbýlismenn. Þetta er því beint áframhald þar af, þar sem munurinn á merkingu þessara orða er svo sáralítill, og fellur því algjörlega saman, að forvitnast um hag þessara manna, hvernig þeir komast af.

Skúli Thóroddsen: Jeg get vel verið landbúnaðarnefndinni þakklátur, fyrir meðferð hennar á tillögu minni, þar sem hún hefir yfirleitt tekið henni vel í flestum greinum, og get jeg vel felt mig við breytingar hennar að sumu leyti, þótt eigi þyki mjer þær þó í öllu til bóta.

Á næsta þingi mun verða nægur tími, til þess að athuga tillöguna betur, t. d. hvort setja þurfi milliþinganefnd, eða hvort stjórninni hefir þá tekist lagasmíðið svo vel, að ekki þurfi frekar að að gjöra. Jeg mæli þess vegna sem best með tillögu landbúnaðarnefndarinnar, og leggi það til, að hún verði samþykt.

ATKVGR.:

Brtt. 227 samþ. með 19 shlj. atkv.

Till. svo breytt samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 287).

3. Fasteignir útlendinga.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um takmörkun á eignar- og afnotarjetti útlendinga yfir fasteignum á Íslandi. (A. 112. [Frá landbúnaðarnefnd]).

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 29. júlí, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþykt án atkvgr.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Framsm. (Guðm. Hannesson): Þegar landbúnaðarnefndin hafði til meðferðar frumv. um forkaupsrjett landssjóðs á jörðum, þá þótti henni æskilegt, þó ekki gæti hún mælt með sjálfu frumv., að lög væru samin um takmörkun á eignar- og afnotarjetti útlendinga yfir íslenskum fasteignum.

Það kann nú vel að vera, að hættan, sem af útlendingum stafar í þessu efni, sje ekki svo ýkjamikil, en þó er það samt svo, að hvað eftir annað hefir þetta mál verið tekið til meðferðar hjer á þingi. Tillögur landbúnaðarnefndar 1877 byrjuðu með ákvæðum um það, að ekki mættu aðrir eignast jarðir hjer en þeir, er búsettir væru í landinu. Þingið 1899 afgreiddi lög um þetta efni, og 1901 lagði stjórnin frumvarp líks efnis fyrir þingið. Þá var frumvarpið orðið umfangsmeira og margbrotnara. Var mikið rætt og mikið um það þjarkað, en að síðustu felt.

Nefndin verður að álíta, að rjetti vegurinn í þessu máli sje sá, að stjórnin taki þetta til yfirvegunar og leggi svo frumvarp fyrir næsta þing.

Jeg skal láta ósagt, hve mikil eða

lítil tilhæfa er í sögum þeim, er ganga af braski útlendinga í þessum efnum, en sagt er, að Frakkar hefðu haft í huga að kaupa stórar spildur á Suðurlandsundirlendinu, til þess að hagnýta sjer fossana þar o. fl. Og þetta er svo sem alls ekki ókleift fyrir miljónafjelög, eins og jarðir eru í lágu verði hjer. Jeg álít þetta þess vegna vel þess vert, að stjórnin vildi athuga það sem vandlegast hún sæi sjer fært.

ATKVGR.:

Tillagan samþykt með 14 samhljóða atkvæðum og afgreidd til ráðherra sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 172).

---

4. Forðagætslumálið.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. júlí, var útbýtt

Þingsályktunartillögu um forðagæslumálið. (A. 108 [sjá álit forðagæslunefndar]).

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk uppá einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var till. tekin til einnar. umr.

Forseti tók till. út af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ág., var till. aftur tekin til einnar. umr.

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Það hefir lengi verið töluvert basl með þessi horfellis- og forðagætslulög, og vantar þó síst að löggjöfin hafi haft áhuga á því máli.

Fyrsta lagaboðið um þetta er frá 12. jan. 1884, og er þar að eins boðið hreppstjórum og hreppsnefndum, að hvetja menn til að hafa viðunanlega meðferð á gripum sínum og húsrúm handa þeim. Þetta var nú auðvitað velviðeigandi, en fremur gagnslítið lagaákvæði, að minsta kosti hefi jeg aldrei heyrt, að nokkur maður hafi verið sektaður fyrir brot á þeim lögum. Þau stóðu þó í gildi í 14 ár, eða til þess, er komu lögin frá 26. febr. 1898. Það voru líka horfellislög í 11 greinum, og innleiddu tvær skyldu-skoðanir, og skyldi önnur fram fara fyrir lok nóvembermánaðar, en hin síðari á tímabilinu frá 15. mars til sumarmála. Skýrslur átti svo að gjöra um þessar skoðanir og leggja fyrir sýslunefnd.

Út af þessum lögum varð nú mikill kurr í landinu. Bændum þótti vera lítið vit í þeim, einkum þó haustskoðuninni. Þá var og allmikil óánægja út af því, að þeim fylgdi töluverður kostnaður, þar sem borga varð hverjum skoðunarmanni 2 kr. á dag. Hitt var þó verra, að menn fundu til þess, að matið á heybirgðum hlaut að verða mesta handahóf, nema þá að mest væri farið eftir því, sem bóndi sjálfur skrýði frá. Og þegar menn sáu það, að ekki var meira að byggja á áliti skoðunarmanns en bóndans eigin hyggjuviti, þá var von að mönnum þætti það hart, að þurfa að borga honum kaup að óþörfu.

Jæja, þessi lög frá 26. febr. 1898 voru nú afleitlega illa liðinn, eins og jeg hefi sagt, og því var það, að enn voru samin lögin frá 9. febr. 1900. Þau eru líku í 11 greinum, en aðalbreytingin er sú, að þar er haustskoðuninni slept, en að eins höfð ein skoðun á tímabilinu 1. til 15. mars. Þá er líka gefin

einkunn fyrir hirðingu á gripum, heyi og húsum o. s. frv. Um borgun fer eftir samkomulagi við hreppsnefnd, en þó sje hún ekki hærri en 2 krónur á dag.

Svo koma forðagætslulögin frá 10. nóv. 1913. Jeg held að flestir hafi þá verið farnir að una vel við skoðunarlögin frá 1900, og að þau hafi þó gjört eitthvert gagn, og hefir það því verið bráðræði, að fara að breyta til og herða lagaákvæðin, því að þegar það var gjört, þá mátti vita, að gamla sagan frá 1898 myndi endurtaka sig. Þetta varð og svo, því að bændur hafa orðið svo óánægðir með þessi lög, að sumstaðar hafa menn neitað að kjósa forðagæslumenn, og víða um land vilja margir að lögunum sje breytt, eða þau afnumin og önnur sett, sem sjeu liðlegri og heppilegri. Af þessum ástæðum er þgskj. 36 til orðið.

Sumir vilja nú ekkert annað en að lögin sjeu afnumin, en nefndin hefir þó komist að þeirri niðurstöðu, að eftir atvikum muni það vera heppilegra, að fara aðra leið og drepa ekki lögin alveg strax. Bæði búast flutnm. ekki við því, að sú stefna fengi nægilegt fylgi hjer á þinginu og svo getur sumum þótt það varhugavert, að ekkert komi í staðinn fyrir þau. Nú hefir forðagæslumálið aldrei verið borið undir almenning, svo að jeg viti. Þótt mörg önnur löggjafarmál hafi verið borin undir þjóðina, sem ef til vill hefði miklu síður verið ástæða til, þá hefir Alþingi ætlið þótst einfært um að setja þess konar lög, og breyta þeim án nokkurs undirbúnings af hálfu landslýðsins. Jeg álít þó, að þetta mál komi svo mikið við hvern búanda í landinu, að það væri fullkomlega rjett, að þjóðin ætti um það einhvern tillögurjett, enda hefir hún þegar fengið nokkra reynslu, til að byggja sjer skoðanir á, þar sem hún hefir nú að undanförnu átt við að búa ekki færri en fern mismunandi lög um þetta efni. Og nú er alveg nýlega enn kominn fram nýr, stór lagabálkur í frumvarpsformi, er Torfi heitinn í Ólafsdal hefir samið. Það frumv. liggur nú hjer fyrir þinginu, en þó býst jeg ekki við, að það verði afgreitt að þessu sinni, heldur geymt, og ætti þá þjóðinni að gefast kostur á að athuga það betur, og alt þetta mál í heild. Þegar svo stjórn og þing hefir fengið í höndur tillögur þjóðarinnar, þá má vænta að setja megi skynsamleg lög í þessu efni og vænleg, til þess að ná fylgi meðal landsmanna.

Með tilliti til alls þessa hefir nefndin leyft sjer að koma fram með till. á þgskj. 108, þar sem það er lagt til, að stjórnin leiti álits og umsagnar allra hreppsnefnda í landinu um málið. Það gleður mig að vísu, að hin háttv. og fjölmenna landbúnaðarnefnd hefir komist að sömu niðurstöðu og forðagæslunefndin, þar sem hún leggur það til á þgskj. 171, að leitað sje álits hreppsnefndanna. En þar sem till. á þgskj. 108 er enn greinilegri fyrir almenning og tekur enn betur fram það, sem vakir fyrir þinginu, og þar sem því má vænta ítarlegra álits eftir henni, þá verð jeg að vænta þess fyrir hönd forðagæslunefndar, að háttv. deild samþykki hana heldur. Tillögurnar eru líkar, efnið er hið sama, að eins kemur það glögglega fram í till. á þgskj. 108, hvernig spurningarnar ættu að vera, sem lagðar yrðu fyrir hreppsnefndirnar, og hvernig ætti að svara þeim. Jeg býst nú helst við því, að hin tillagan verði tekin aftur, og ætla því ekki að segja fleira.

Matthías Ólafsson: Jeg hefi frá byrjun verið því mótfallinn, að afnema þessi forðagætslulög, því að jeg álít, að

þau sjeu góð og misskilningur að menn sjeu eða þurfi að vera óánægðir með þau.

Jeg gæti sagt háttv. deild dæmisögu af því, hvernig því er varið með óánægjuna út af þessum lögum, sem alt af er verið að tala um. Í einni sýslunefnd hjer á landi hafði síðastliðinn vetur verið samþykt að afnema lögin, eða sama sem afnema þau. En í vor á þingmálafundi bar sami maður, sem flutti þetta mál i sýslunefndinni, málið upp, en þá greiddi að eins einn maður, auk hans, atkvæði með því, að lögin yrði feld úr gildi. Sýnir þetta best á hve föstum fótum andmælin gegn lögunum standa. Mönnum sýndist bara fyrst vera vandkvæði á framkvæmd laganna, en því lengur sem þau eru reynd, því betur fella menn sig við þau.

Jeg er viss um, að því lengur sem lögin eru reynd, þess betri reynast þau. Og hvað kostnaðinn snertir, þá eru það sannarlega ekki svo margar skepnur í hverri sveit, sem lífinu þarf að halda í, til þess að það borgi kostnaðinn. Jeg vil jafnvel segja, að kostnaðurinn sje of lítill, sem sje, að mennirnir fái oft of lítið kaup. Jeg býst við því, að ef þessu máli væri skotið undir þjóðina, þá myndi annar hver hreppur á landinu óska eftir heimildarlögum og sumir eftir afnámi laganna, svo að hver gæti hagað sjer eftir þessum óskapnaði, sem honum sýndist og farið með skepnur sínar eftir vild. Og hvernig í ósköpunum ætti sú stjórn að vera saman sett, sem gæti soðið saman allar þessar sundurleitu skoðanir. Til þess yrði hún að láta leita atkvæða út um alt land, til þess að sjá hve mörg atkvæði væru með nú gildandi lögum, hve mörg með heimildarlögum, og svo hve margir engin lög vildu hafa. Upp úr öllu þessu ætti hún svo að sjóða vinsæl lög. Hún mætti vera undarlegum hæfileikum gædd, sú stjórn, er þetta gæti fært í fang. Jeg hygg að það væri þá hreinlegra og betra að afnema alla forðagætslu en að hafa þennan óskapnað. Hvað mig sjálfan snertir, þá mun jeg greiða atkv. á móti því, að forðagætslan verði afnumin.

ATKVGR.:

Tillagan samþ. með 15 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Guðm. Hannesson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Benedikt Sveinss.,	Magnús Kristjánss.,
Bjarni Jónsson,	Matthías Ólafsson,
Einar Jónsson,	Sig. Sigurðsson.
Guðm. Eggerz,	
Hjörtur Snorrason,	
Jóhann Eyjólfsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þorleifur Jónsson,	
Þór. Benediktsson.	

Fimm þm. fjarstaddir.

Till. afgreidd til ráðherra sem *ályktun neðri deildar Alþingis.*

(Sjá A. 245).

5. Hafnastaðir og lendingar.

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ág., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hafnastöðum og lendingum. (A. 201. [Frá sjávarútvegsnefndinni]).

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 5. ág., var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var hún samþ. án atkvgr.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ág., var till. tekin til einnar umr. (A. 201, 205, 242).

Framsögum. (Matth. Ólafsson): Fyrir sjávarútvegsnefndina hafa verið lagðar gjörðir Fiskiþingsins, þar sem farið var fram á, að veitt væri fje til hafnargjörðar undir Jökli á næsta fjárhagstímabili, og fylgdu teikningar af fyrirhugaðri höfn. Þetta hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að leggja til að svo stöddu; en hinu er hún eindregið með, að nú þegar verði gjörðar rannsóknir um hafnastæði, svo hægt sje með vissu að segja um, hvar tiltækilegast sje, að gjöra hafnir í framtíðinni og að fram kæmi kerfi um þetta, sem lægi fyrir þinginu, er fjárhagur yrði betri. Þetta hefir nefndinni verið ljóst, að þyrfti að gjöra, til þess að undirbúningur væri fyrir hendi, er til framkvæmda kæmi, alveg eins og með vegi og síma, því þá yrði kann ske auðveldara að gjöra fyrirtækin en annars.

Áætlanir hafa verið gjörðar um hafnir í Þorlákshöfn, Keflavík, á Sandi og í Sögandafirði. Nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að sinna þessu á þessu fjárhagstímabili, af því fjárhagurinn er örðugur, en hefir svo, sem áður er sagt, mælt með því, að rannsóknir yrðu hafnar, því að þær myndu ekki kosta mikið fje.

Í þingsályktunartillögunni er farið fram á, að stjórnin ráði vel færan mann til þessarra rannsókna. Með þessu er lögð áhersla á það, að maðurinn sje starfinu vaxinn og hafi sjerþekkingu í þessu efni, og geti því gefið ábyggilegar upplýsingar þar að lútandi. Verkfræðingar, sem fengist hafa við þetta, vanta alla sjerþekkingu á hafnargjörðum; en það liggur í augum uppi, að stór nauðsyn er á því, að sá maður, er við þetta fæst, sje starfinu vaxinn, svo að hægt sje að bera til hans fylsta traust. Þetta má þó ekki skilja sem vantraust til þeirra manna, er við þetta hafa fengist; en auðsætt er, ef að fengist maður, er unnið hefði áður að hafnargjörð og hefði sjerþekkingu í því efni, að þá yrðu allar áætlanir ábyggilegri, og þá yrði ekki ráðist í stórfyrirtæki, er færi að eins miklum mun og hingað til fram úr áætlunum.

Í tillögunni er sagt, að Nd. skori á landsstjórnina, að láta hafnaverkfróðan mann o. s. frv., en brtt. á þgskj. 205 fer fram á, að í stað orðanna: »Neðri deild Alþingis« komi: Alþingi.

Sjávarútvegsnefndin hefir ekki átt kost á að athuga breytingartillöguna á þgskj. 242, og er ekki á móti henni, því að í henni felst nákvæmlega það sama og í orðunum í enda þingsályktunartillögunnar. Þar kemur alt í sama stað niður.

Jeg vona að háttv. deildarmenn sjái, að sjávarútvegsnefndin hefir farið gætilega og ekki farið fram á harðar kröfur um fjárveitingar úr landssjóði. Því þetta er það minsta, sem hún hefir getað farið fram á.

Guðmundur Hannesson: Jeg hefi ekki margt að segja, úr því að hv. framsögumaður tekur svo vel í þessar brtt. á þgskj. 242. Það er víst eflaust rjett, að enginn skoðanamunur sje milli mín og sjávarútvegsnefndarinnar; en jeg kom fram með breytingartill. af því, að mjer þótti orðalagið þannig skýrara. En annars vildi jeg geta þess, að ef þetta verður framkvæmt, og það tekið til greina af stjórninni, sem þingið fer fram á, þá

er hjer um mikilsvert mál að ræða — stórpólitik.

Nokkur hafnastæði og lendingar hafa verið athugaðar undanfarið, en einkum þar sem kröfur og kvartanir hafa verið háværastar. Í þessu hefir ekki ráðið full fyrirhyggja, með tilliti til fiskveiða landsmanna yfir höfuð, heldur handahóf eitt og því óábyggilegt að mestu leyti. Hefir þetta líka reynst kostnaðarsamt, eins og sjest t. d. á Þorlákshöfn. Og verði svo ekkert úr öllu saman, fyrst um sinn, þá er fje þetta að vísu ekki glatað, en það er arðlaust fyrst um sinn, og hefði þá verið betra, að verja því til einhvers annars, er brýnni nauðsyn bar til. Enda hefir oft verið illa frá þessu gengið, vantað alla heildaráætlun, og ekki tekið svo tillit til þess, sem skyldi, hvað arðsamast var og þýðingarmest.

Að sjálfsögðu tel jeg nauðsynlegt, að breytt. sje samþykt, og það sem hún fer fram á.

ATKVGR.:

Brtt. 205 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 242 — — 11 : 1 —

Tillagan svo breytt samþ. með 17 shlj. atkv. og aðfgreitt til Ed.

(A. 250).

---

6. Flóaáveitan.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um Flóaáveituna (A. 282 [frá landbúnaðarnefndinni]).

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþykt án atkvgr.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Framsögum. (Guðm. Hannesson): Það hefði eflaust verið betra, að einhver annar en jeg hefði talað fyrir þessu máli, því að jeg er ekki kunnugur áveitusvæðinu, þótt lesið hafi jeg hið helsta af því, sem um áveitumálið hefir verið skrifað.

Tildrögin til þess, að það er nú hjer fram komið, eru þau, að landbúnaðarnefndinni þótti nauðsyn bera til þess, að áveitan yrði sem fyrst framkvæmd.

Án þess að jeg ætli að fara að rekja sögu þessa máls, þá er það stytst af að segja, að það hefir nú verið á dagskrá hjá þjóðinni um 30 ár. Hvað eftir annað hafa verið athugaðir möguleikarnir til þess, að koma því í framkvæmd, og síðast var fenginn útlendur verkfræðingur, til þess að gjöra á svæðinu rækilegar mælingar og áætlun um kostnað við verkið. Maður þessi var Thalbitzer verkfræðingur. Hann ferðaðist um áveitusvæðið 1906. — Síðastliðið sumar voru enn gjörðar rækilegar mælingar á svæðinu, til þess að ljúka mælingunum að fullu. Það er því ljóst, að frá verkfræðishliðinni er málið allvel undirbúið, og það sýnt, að fyrirtækið er vel kleift að því leyti til.

Það er að eins eitt atriði eftir, sem ekki er nægilega athugað, og það er vatnshæðin í ánni, sem á að taka vatnið úr, en mjer er svo skýrt frá, að þeim rannsóknum verði að fullu lokið eftir eitt ár, og að þær verði þá að öllu ábyggilegar.

Þegar nú er litið á það, hvað fyrirtækið muni kosta, þá velta þær áætlanir á 600—800 þús. kr., eftir því, hve mikið er tekið með í reikninginn af smærri görðum og skurðum. Þetta er mikið fje, og auðsætt að taka þarf lán, ef á að ráðast í fyrirtækið, og þess

vegna ríður á, að hafa gjört sjer sem besta grein fyrir því áður, hvort fyrirtækið muni reynast arðsamt og borga sig eða ekki. Um það hefi jeg fyrir mitt leyti ekki á öðru að byggja en því, sem skrifað hefir verið um málið, og svo upplýsingum kunnugra manna, sem jeg hefi átt tal við. Allir hafa þeir verið á einu máli um það, að fyrirtækið myndi mjög arðvænt. Svæðið er stórt, litlu minna en öll tún landsins til samans, eða 3 □ mílur, og ef áveitan hepnaðist vel, þá ætti það ekki að gefa öllu minna af sjer en öll túnin. Þegar athugaður er kostnaðurinn, sem koma myndi á hverja dagsláttu, þá er hann áætlaður 20—26 kr. Það er auðsjeð af þessu, að ef treysta má því, að áveitan komi að tilætluðum notum, þá væri þetta hreinasta gjafverð, og margfalt ódýrara en að sljetta og rækta tún.

Við vitum allir, að það er ekki ofhátt reiknað, að sljettunin ein kosti 150 kr. á dagsláttuna, þótt ekki sje talinn með áburður. Ef það tækist, að gjöra þetta flæmi alt að vel frjósömu landi, þá væri hjer því tvímælalaust um að ræða hina langstærstu framför, sem nokkurn tíma hefir orðið í sveitabúskap landsins.

Mjer hefir nú virst svo, að þegar um svona stórfenglegt fyrirtæki er að ræða, og þar sem það er vitanlegt, að vatnsveitur mishepnast oft og einatt, þá gæti verið hyggilegra að byrja á nokkrum hluta áveitulandsins, og reyna það, áður en lagt væri út í þessa áveitu á öllu svæðinu. Þetta var og tilætlunin, þegar veitt var á Miklavatnsmýri, en því miður mishepnaðist sú tilraun. Vatnið varð oflítið og áveitan því sama sem einskis virði. En þótt nú svo færi í það sinn, þá virðist mjer samt ekki ástæða til að efa það, að fyrirtækið, muni hepnast. Náttúran hefir sjálf gjört fyrir okkur aðra merkilega tilraun, sem hefir hepnast vel um langan aldur, sem sje í Safamýri, og þótt enginn hafi verið til að stjórna vatninu þar, og það verið óhæfilega mikið, þá hefir það þó sýnt sig um langan aldur, að grassprettan í mýrinni hefir verið ágæt og heyið töðuígildi.

Jeg tel litil líkindi til þess, að Flóaáveitan myndi reynast á alt annan veg. Að því er jeg get sjeð, eru þau lítil sem engin, ef verkfræðingarnir ganga svo frá þessu mannvirki, að hægt væri að hafa fulla stjórn á bæði á- og afveitum.

En þótt mikið sje nú búið að gjöra til undirbúnings þessu máli, þá getur þó ekki stjórn og þing undið að framkvæmdum á því, fyrr en lokið er þeim undirbúningi, sem nefndur er í till., er nú stendur hjer á dagskránni, og einkum tekur til nauðsynlegra samninga við eigendur landsins og annara ráðstafana um það, hvernig með landið sjálft skuli farið eftir á. Nefndin hefir talið það sjálfsagt, að hagnaðurinn við áveituna rynni ekki allur í vasa landeigendanna í Flóanum, heldur fengi landið sinn kostnað endurgoldinn á einhvern hátt í landi á áveitusvæðinu, sem láta mætti af hendi með sanngjörnu verði til manna, sem ekkert jarðnæði fá nú, en vilja gjörast bændur í sveit. Samkomulag um þessi atriði er sjálfsagt skilyrði fyrir því, að landið leggi svo mikið í sölurnar fyrir þetta mannvirki. Ef landeigendum væri veitt lán, til þess að gjöra áveituna fyrir sinn reikning, gætu þeir að vísu orðið auðugir á því, ef alt tækist vel, en öðrum myndu þeir ekki selja land, nema fyrir svo hátt verð, að lítt yrði bætt úr landþrengslum og jarðnæðisleysi á þann hátt.

Jeg vona svo, að þessi þingsályktunartillaga verði samþykt, ekki eingöngu

vegna Flóaáveitunnar, heldur vegna þess, að málið skiftir alt landið, eða mörg hjeruð þess. Ef þessi áveita tekst vel, koma aðrar sveitir á eftir, sem vel eru til áveitu fallnar, og mætti þetta leiða til svo mikilla framfara í ræktun landsins, að engin sjeu dæmi til frá landnámstíð. Þó að túnræktin, sem vjer höfum mest sint að þessu, sje ágæt og sjálfsagt að halda áfram með hana, þá er hún ekki jafn fljóttekinn gróði og áveitur, þar sem þær hepnast vel. Ef fyrirtæki þetta kemst í framkvæmd og hepnin er með, þá rennur upp ný öld í sveitabúskap vorum, með stórstígari framförum en dæmi eru til.

Sigurður Gunnarsson: Jeg er fyllilega samdóma háttv. landbúnaðarnefnd um það, að sjálfsagt sje að rannsaka þetta mikilsverða mál sem best og ítarlegast, og eins um það, að þessi tillaga sje nauðsynleg og gangi í rjetta stefnu. En jeg vildi minnast á eitt atriði í viðbót við það, sem háttv. frsm. (G. H.) sagði.

Jeg þykist vita, að þegar farið er að hreyfa við þessu máli í alvöru, þá sje meðal annars áburðarmagnið í Þjórsá rannsakað af hæfum mönnum. Þetta vaktist upp fyrir mjer, þegar jeg heyrði háttv. framsm. (G. H.) tala um Safamýri, sem nú hefir sprottið svo vel um margar aldir. Nú er það víst, að það vatn, sem frjóvgar hana, er sambland af jökulvatni og bergvatni; það er bæði úr Þverá og Rangá, og virðist því svo, sem slíkt sambland sje mjög heppilegt.

Mjer sýndist því heppilegt, að þeir, sem eiga að gjöra tilraunir þær, er jeg gat um áðan, hefðu jafnframt Safamýri til hliðsjónar. Þessu vildi jeg að eins hreyfa til athugunar.

Ráðherra bað um nafnakall við atkvæðagreiðslu um till. á þgskj. 282, og fór hún svo, að allir viðstaddir þm. sögðu já, en enginn nei.

Fjarstaddir voru Bjarni Jónsson og Skúli Thoroddsen.

Var till. því samþ. með 23 shlj. atkv. og afgreidd til Ed.

(A. 325).

---

7. Vegalaga endurskoðun.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögunum. (A. 228).

A 27. fundi í Nd., laugardaginn 7. ág., var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 9. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Það er kunnugra en svo, að frá þurfi að segja, að ýmsir, bæði einstakir menn og heil hjeruð, eru mjög óánægð með ýms ákvæði í vegalögunum frá 1907. Og vegalagafrumvörpin, sem nú eru hjer á dagskrá, þrjú í röð, sýna þetta líka best. Þau eru öll til þess gjörð, að gjöra breytingar á rangsleitnum fyrirmælum vegalaganna, og eiga að bæta úr göllunum á þeim. Sjerstaklega vil jeg minna á það, að þótt nú verði samþ. frumvarpið um Stykkishólmsveginn svo kallaða og að viðhald hans yrði framvegis kostað af landssjóði, samkvæmt þeirri venju, sem ella gildir um aðra þjóðvegi landsins, þá vona jeg, að háttv. deild verði mjer samdóma um það, að þótt þessi eini galli á vegalögunum yrði

þar með lagaður, þá sjeu svo margir eftir samt, að ástæða sje til þess, að endurskoða lögin öll frá rótum. Og mín till. fer nú fram á það, að stjórnin sjái um, að það verði gjört, helst af öllu fyrir næsta þing.

Jeg tel það góðan vott um væntanlegt fylgi háttv. deildar við þetta mál, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem áður hefir oftast sett sig á móti öllum breytingum á vegalögunum, hefir nú verið hlyntur þeim breytingum, sem hjer hafa legið fyrir. Þetta er vottur um það, að annmarkarnir á lögunum eru að verða augljósari, einnig þeim háttv. þingmönnum, sem áður höfðu talið þau góð og gild.

Skifting laganna á vegunum í þjóðvegi og flutningabrautir er mjög af handahófi gjörð og ósamrýmanleg, þegar bornir eru saman einstakir kaflar. Þannig liggur það nær, að álíta allan veginn austur um Árnessýslu og Rangárvallasýslu þjóðveg en flutningabraut. Og sama er að segja um ýmsa aðra póstvegi og vegi, sem tengja sveit við sveit, og sveitirnar við höfuðstað landsins, eins og t. d. vegurinn frá Blönduósi um Húnavatnssýslu, og fleiri vegir.

Jeg skal kannast við það, að hjer verður oft erfitt að draga merkjalínur á milli, en eftir því sem vegunum fjölgar, þá verða þær þó auðdregnari en 1907, áður en gjörðar voru margar þær bætur og breytingar, sem nú eru orðnar. Tímarnir breytast, og það er ekki von, að lög, eins og þessi, geti átt sjer langan aldur. Því valda kröfur tímans og breyttir hagir og samgöngur. Þetta hefir háttv. deild líka viðurkent, með því að samþykkja frumvörpin um Dalaveginn og Stykkishólmsveginn.

Jeg hefði nú fyrir mitt leyti álitið það æskilegast, að láta alt breytingakák bíða, þangað til lögunum yrði breytt í heild sinni, en af því jeg hefi talið þessi frumvörp, sem hjer hafa legið fyrir, vera heldur til bóta en hitt, þá hefi jeg verið með þeim. En þótt þau verði samþykt, þá álít jeg engu síður þörf á gagngjörðri endurskoðun á vegalögunum, og því vona jeg, að till. mín á þgskj. 228 verði samþykt.

Eins og jeg hefi sagt, er grundvöllurinn undir þessari skiftingu á þjóðvegi og flutningabraut ekki traustur nje eðlilegur. Það verður að finna annan, og þá verður um leið að sjá um það, að einstökum hjeruðum sje ekki gjört rangt til með lagningu og viðhaldi vega. Viðhaldið er þegar orðið þungt í þeim hjeruðum, sem búin eru að fá vegi, svo að nokkru nemi, og það verður enn tilfinnanlegra með hverju ári. Nú leggja margar sýslur kapp á það, að leggja sýsluvegi í ákafa og fá til þess styrk úr landssjóði. Jeg tel það ekki eftir, en afleiðingin verður sú, að þessir nýju vegir krefjast enn meira viðhaldskostnaðar, og það kostar meira viðhald á akfærum vegum en að ryðja vegi og brúa keldur, eins og áður var siðurinn. Flutningabrautir eru nú að komast upp víða, smátt og smátt, og þegar viðhald þeirra kemur á sýslufjelögin, auk allra sýsluveganna, þá verður það tilfinnanlegur skattur, og hann er meira að segja þegar orðinn það sumstaðar.

Jeg skal ekki fara út í það, hvaða leið ætti að fara, til þess að fá komið á meiri jöfnuði og sanngirni í þessu efni. Sumir hafa álitið, að til mála gæti komið, að láta hjeruðin borga nokkurn hluta viðhaldsins á flutningabrautunum, t. d. $^1/_8$ eða helming. Jeg segi ekkert um það, en hitt segi jeg, að að svo búið má ekki lengur standa; annars eru allar horfur á því, að fara kunni um fleiri vegi eins og veginn vestur um Mýrarnar, að þeim verði svo illa við haldið, að til vandræða horfi. Um þann veg var svo ástatt, að hjeraðsmenn orkuðu ekki að halda honum

við, með fram af því að hann mun hafa verið illa gjörður í fyrstu, og svo getur víðar verið.

Þá verður að líta á það, að sýslurnar hafa engan tekjustofn, til þess að svara þessum gjöldum, nema verkfæramenn, og það væri mjög gott, ef hægt væri á einhvern hátt að bæta úr þessu. Þess vegna fer seinni liður tillögunnar fram á það, að stjórnin leitist við, að finna tekjustofna handa sýslufjelögunum, til þess að þau geti staðist kostnaðinn af vegaviðhaldinu, að svo miklu leyti sem hann kynni að verða á þau lagður.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta mál, en vænti hins besta um það, að tillagan verði samþykt.

Sveinn Björnsson: Þetta er án efa mikils vert mál, og skal jeg ekki að svo stöddu fara mikið út í ástæður háttv. flutningsmanns fyrir tillögunni, en að eins taka það fram, að úr því að fram er komin tillaga um endurskoðun á vegalögunum og breytingar á ákvæðum þeirra, um viðhald flutningabrauta o. s. frv., þá hefði um leið verið rjett að athuga, hvort ekki væri ástæða til að breyta til um *vegagjörðaraðferðina*, sem hingað til hefir tíðkast, um suma vegina að minsta kosti. Það hefir sýnt sig, að viðhald veganna hefir orðið afardýrt, þar sem flutningamagn er nokkuð að mun. Svo dýrt, að það hefir kostað sama sem nýjan veg á fáum árum. Og þetta mál, sem hefir svo mikla fjárhagslega þýðingu, að ekki má dragast, að það verði athugað, og jeg hygg að þetta, hve þungbært viðhaldið verður, eigi rót sína í því, hve vegirnir eru í fyrstu — ja, illa gjörðir þykir nú líklega of mikið sagt, en ófullkomnir skulum við segja.

Ef jeg hefði athugað þetta nógu snemma, þá hefði jeg komið fram með brtt. við þessa þingsál.till. *(Sigurður Sigurðsson:* Það má taka hana út af dagskrá í þetta sinn). Já, það var einmitt það, sem jeg vildi spyrja um, hvort mönnum þætti það ekki rjett. Og enn fremur vildi jeg skjóta því að þeim, hvort ekki væri ástæða til þess, þegar um svo mikið mál er að ræða, að till. komi fram frá öllu þinginu, en ekki bara annari deildinni.

Flutnm. (Sig. Sigurðsson): Jeg leyfi mjer þá að óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá og umræðunni frestað.

Þorleifur Jónsson: Þar sem þetta er merkismál, þá hefir mjer dottið í hug, hvort ekki væri rjett, að það yrði athugað í nefnd, einkum með tilliti til þess, sem háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði áðan, og þar sem hjer er nú til vegalaganefnd, þá mætti vísa því til hennar. Ef háttv. flutningsm. (S. S.) er ekki í henni, þá getur hún bætt honum við sig. Það er því tillaga mín, að málinu verði vísað til vegalaganefndar, og að hún bæti við sig tveim mönnum, ef þurfa þykir.

ATKVGR.:

Till. vísað til vegalaganefndar með 11 shlj. atkv. og umræðunni frestað, en í veganefnd sátu þeir

Jóhann Eyjólfsson,
Pjetur Jónsson,
Bjarni Jónsson,
Jón Jónsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 43. fundi í Nd., miðvikudaginn 26. ágúst, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 228, 332, n. 335).

Forseti tók málið út af dagskrá,

A 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. ágúst, var tillagan aftur tekin til frh. einnar umr.

Framsögum. (Bjarni Jónsson): Jeg býst við, að þessu máli verði vel tekið og ekki þurfi að lengja umræður um það.

Jeg skal benda á, að í nefndarálitinu á þgskj. 335 hefir nefndin í örstuttum dráttum sýnt fram á, hvaða leiðir væru helst farandi um viðhald á vegum. En hún var sammála um það, að svo mikil breyting hefði á orðið, síðan lögin um vegi voru gefin út, að nauðsyn bæri til að endurskoða þau. Síðan hafa komið þrjár athuganir til greina, er standa á þgskj. 335 og jeg þarf ekki að fara út í þær, því að jeg býst við, að menn hafi lesið þær.

Annar liður tillögunnar þótti nefndinni sjálfsagt að kæmi fram, því að sýslur verða að gjalda eitthvað til vegagjörða og vegaviðhalds, og þarf því að leita þeim að tekjustofni, og því er vert að athuga, hvort ekki sje hægt að koma því í betra horf. Þetta teljum við, að stjórnin geti gjört, þar sem hún hefir starfskröftum á að skipa, er telja má hæfa til þessa.

Seinna bætti nefndin við þriðja atriðinu, er 1. þm. Rvk. (S. B.) hafði áhuga á, — honum og öðrum manni til var bætt í nefndina —, að taka til íhugunar, hvort ekki beri að athuga vegagjörðirnar í heild sinni og bera þær saman við vegagjörðir, er nú tíðkast og best eru gjörðar, og athuga haldgæði þeirra.

Mönnum er kunnugt, að flutningabrautir og vegir út um land eru oft svo lasburða á vorin, að vagnar sökkva í á þeim og sitja jafnvel alveg fastir. Til viðhalds slíkra vega þykir nefndinni margur skildingurinn fara. Sýnist henni því tryggara, að gjörður sje styttri vegkafli á ári, en betur vandað til þess, sem gjört er, svo að þeir reynist haldbetri. Það er heldur ekki annað sjáanlegt, en farið verði að nota bifreiðar á þessum flutningabrautum, en þær eru þyngri í spori, svo að gjöra þarf vegina enn traustari, ef þær fara að ryðja sjer til rúms. En það hyggjum við helst verði með því, að fylt verði með grjóti niður fyrir alt klakahlaup; þá myndu vegirnir verða traustari og haldbetri.

Nefndinni þykir þetta mikið nauðsynjamál, og leggur til að 3. liður verði samþyktur. Stjórnin gæti látið athuga hversu mikið þetta kostaði, borið saman dýrleika þeirra vega, sem nú eru, og vega með þessu fyrirkomulagi, og að því loknu gæti þingið fengið heildaryfirlit yfir alt þetta og þá ákvarðað, hvað gjöra skuli.

Jeg skal ekki spá neinu um það, hvað ofan á verður, en jeg er fyrir mitt leyti sannfærður um, að það, sem dýrara er, borgi sig betur. Hjer er að eins um það að ræða, að verkfræðingur landsins gjöri mismunandi áætlanir með tilliti bæði til haldgæða vegarins og dýrleika.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en bið háttv. deild að samþykkja till. á þgskj. 228 með brtt. á þgskj. 332, sem jeg hefi nú mælt með.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið fyrirvaralaust, en er þó ekki að öllu leyti samþykkur nefndinni, þótt jeg hafi komið mjer saman við hana um aðalatriðin í brtt. þeim, sem hún kemur fram með. Það, sem jeg hefi að athuga við nefndarálitið, er upphafið á því. Það er ekki svo að skilja, að jeg telji ákvæði vegalaganna um viðhald vega óheppileg eða óhafandi, en jeg var á hinn bóginn ekki fráhverfur því, að finna mundi mega leið til hagkvæmari skiftingar á viðhaldskostnað-

inum. Ekki það, að hreint og beint þyrfti nýtt skipulag, heldur að laga mætti það gamla. Aðra skoðun vil jeg ekki láta eigna mjer.

Jeg hefði gjarna viljað tala meira um þetta mál, en hefi haft alt of lítinn tíma til að hugsa það að nokkru ráði. Jeg sje ekki betur en að um það muni fara líkt og svo mörg önnur, að þau verða afgreidd í flýti, þegar haugað er inn á þingið svo mörgu í einu, að okkur, sem ekki erum því meiri vinnugarpar, er ofboðið með að fást við það alt saman. Það væri t. d. vert að athuga það, hvaða gjaldstofn ætti að finna handa sýslufjelögunum fyrir álögurnar til vega, en út í þá sálma sje jeg mjer ekki fært að fara nú, því miður.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg verð að biðja hv. þm. S.-Þ. (P. J.) velvirðingar á því, að jeg gleymdi að geta þess, að hann hafði ekki viljað kveða svo ríkt að orði, sem gjört er í nefndarálitinu, og hafði jeg þó ætlað mjer það, til þess að honum yrði ekki eignað það, sem hann átti ekki í nefndarálitinu. — En þar sem hann talaði um að málinu væri flaustrað af hjer á þingi, þá er það að vísu rjett, en það er til önnur leið, til þess að vinna vel að málunum en sú ein, að fækka þeim, og hún er sú, að sitja lengur yfir þeim. Tveggja mánaða tími annað hvort ár er alls ónógur tími til löggjafarstarfs fyrir heilt ríki, eins og allir geta sjeð, og það getur ekki liðið á löngu þangað til þing verður haldið á hverju ári. — Þessu vildi jeg að eins skjóta fram nú, af því að það bar á góma, þótt það komi ekki beint þessu máli við.

Guðmundur Hannesson: Jeg álít tillögur nefndarinnar til bóta og mun hiklaust greiða þeim atkvæði mitt. En jafnframt freistast jeg til að minnast lítið eitt á eitt mál í þessu sambandi.

Allir þekkja hversu vegalögin skifta vegum vorum í flutningabrautir, þjóðvegi, sýsluvegi o. s. frv. Þess gjörist þörf að gjöra alla vegi vora að samhangandi og óslitinni heild yfir alt landið, koma þeim í eitthvert kerfi, enda hefir það nú verið reynt að nokkru leyti. En þessi skifting, í flutningabrautir, þjóðvegi o. s. frv., er á veikum grundvelli reist. Hvað gjörð og viðhald vega munar stórum í hverjum flokki vegurinn er talinn, en úr því verður allajafna mesta ranglæti. Það munar minstu, hvort þessi og þessi vegur er póstvegur eða aukapóstvegur, og getur verið örðugt að gjöra þar upp á milli, og verða þá oft þeir vegirnir framarlega, sem síður skyldi. Fyrsta sporið til þess að laga þetta, er að fá fasta áætlun um alt vegakerfi landsins. En landssjóðsstyrkur til vegalagninga ætti að miða við þjettbýli sveitanna, annars vegar, en hins vegar við, hve dýrt er að leggja veginn. Undanfarið hafa ríkustu og þjettbýlustu sveitirnar fengið vegi sína gefins (flutningabrautir) og jafnvel viðhald þeirra til skamms tíma, en strjálbygðar, fátækar sveitir hafa að eins fengið nokkurn styrk, eða jafnvel orðið að leggja vegi sína styrklaust. Að sjálfsögðu er hjer farið öfugt að, þvert á móti heilbrigðri skynsemi og allri sanngirni. Landssjóðsstyrkurinn ætti að vera minstur í þjettbýlustu hjeruðunum, en vaxa eftir því, sem strjálbygðara er, eða vegagjörðin er dýrari, *ef þar er um nauðsynlegan veg að ræða*, sem tekinn er upp í áætlunina um vegakerfi landsins. Yfir óbygðir og fjallvegi ætti landssjóður að kosta bæði lagningu vega og viðhald algjörlega, en hvergi annarsstaðar, svo langt sem sjálft vegakerfi landsins nær.

Þetta snertir nú að vísu ekki tillögu

nefndarinnar eða þingsályktunartillöguna, en jeg minnist á það hjer, úr því að það er meiningin, að stjórnin taki málið til athugunar.

Sigurður Sigurðsson: Jeg heyrði illa ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), en það sem jeg heyrði var á litlu viti bygt. Samkvæmt grundvelli kenningar hans, þá á landssjóður helst að kosta vegina þar, sem strjálbygðast er og þörfin er minst á þeim, en síst þar, sem þjettbýlast er og mest er þörfin. Jeg vil nú minna menn á það, að jafnvel þótt um þjettbýlar sveitir sje að ræða, þá er það oft tilfinnanlegt og kostnaðarsamt, að gjöra vegi um þær og halda þeim við. Kostnaðurinn fer meðal annars mjög mikið eftir því, hversu auðvelt er að ná í ofaníburð, og ef háttv. þm. veit það ekki, þá get jeg frætt hann um það, að í þjettbygðum sveitum getur það oft orðið svo örðugt og kostnaðarsamt, að afla ofaníburðar í vegi, að það nemur fullum helmingi kostnaðarins við vegalagninguna.

Háttv. þm. gat þess, að póstvegirnir væru ekki rjettur mælikvarði fyrir viðhaldi veganna, því að ekki væri sönnun fyrir því, að þeir væru fjölfarnari en aðrir vegir á landinu, en það eru þeir nú þó, yfirleitt.

Annars viðurkenni jeg það fúslega, að helsti lítill tími hefir verið til þess, að athuga málið, síðan það kom frá nefndinni, svo langt sem þó er síðan því fyrst var hreyft og síðan í það var skipuð nefnd. Og ef verulegur áhugi hefði verið fyrir því, og menn viljað einlæglega leggja gott til málanna, þá hefði átt að vera nægur tími til þess. En hitt get jeg tekið undir, að örðugt muni vera að fullnægja 2. lið, sem sje, að leita að tekjustofnun handa sýslufjelögunum, til þess að standast viðhaldskostnaðinn. Það er vandamál, og jeg gjöri ekki ráð fyrir því, þótt þingið sæti lengur yfir því máli, að það myndi finna lausn á því spursmáli, svo að dygði. Og þegar svo er ástatt, þá er ekki um annað að gjöra, en að vísa málinu til stjórnarinnar, í því trausti, að hún muni með ráðunautum sínum geti fundið heppilega leið. Jeg vona því, að það verði smþykt, þótt það væri hins vegar ekki nema gott og þakklætis vert, ef einhver gæti nú þegar í stað bent á leið, sem að haldi gæti komið, en jeg býst ekki við því.

Guðmundur Hannesson: Jeg vil að eins benda á það, að engar sannanir hafa komið fram í ræðu háttv. 1. Árn. (S. S.) um það, að jeg hafi haft rangt fyrir mjer áðan. Jeg hjelt því fram, að landssjóður ætti að leggja tiltölulega mest til veganna þar, sem strjálbygðast væri, ef nauðsynlegt er að leggja þar vegi. Að bændur leggi vegi yfir óbygðir t. d. Öxnadalsheiði, nær ekki neinni átt. Slíkir vegir, sem ekki liggja um bygðir og tengja sveitavegi saman, eru gjörðir vegna landsheildararínnar, og þá á landssjóður að kosta að öllu leyti. Alt öðru máli gegnir um þjettbýlar sveitir. Þar vaxa jarðir í verði við það, að vegir eru lagðir og fjöldi manna notar þá daglega; þar geta margar hendur unnið ljett verk, lagt vegi sína með nokkrum styrk, en því lengra sem verður á milli bæjanna, og því færri sem mennirnir eru, sem lagt geta til vegarins og hafa hans not, þess meiri styrk eiga þeir að fá, ef þeim á að vera kleif vegargjörðin, eða þeir eiga ekki að verða ósanngjarnlega hart úti. Jeg tala hjer að eins um nauðsynlega vegi, sem teknir væru í vegakerfi landsins. Nú kostar vegagjörð og viðhald eftir því í hvaða flokk vegurinn er; en

þjóðvegurinn er oft þýðingarminni en sýslu- eða hreppsvegurinn, sem settur er miklu lægra. Þjóðvegurinn yfir Skagafjörð, frá Víðimýri til Miklabæjar, er þýðingarlítill í samanburði við alfaraveginn yfir ósa Hjeraðsvatnanna. Nei, þessi núverandi flokkur veganna, og fjárveitingar úr landssjóði, sem miðaðar eru við hana, eru hvorki bygðar á sanngirni nje skynsemi. Framvegis ætti að haga þessu á annan veg og fara meira en verið hefir eftir því, hvað hjeraðsbúar sjálfir vilja á sig leggja, til þess að fá vegina greiða. Hjá því ættu ekki fjölmennustu hjeruðin að sleppa, þó sitja verði við það, úr því sem komið er, að ljúka hinum lögskipuðu flutningabrautum.

Flest af því, sem hinn háttv. þingmaður (S. S.) sagði, var á engum rökum bygt.

Einar Jónsson: Jeg ætlaði ekki að blanda mjer í þessar umræður, en gjöri það þó, vegna þess landshluta, sem jeg hefi orðið svo heppinn að búa í síðan jeg fæddist. Jeg held að þetta sje hyggileg tillaga, sem hjer liggur fyrir, því að eins og nú er varið viðhaldi veganna, þá eru flestir óánægðir með vegalögin. Væri jeg nú kaupstaðarbúi, myndi jeg líklega halda því fram, að hjeruðin ættu að halda vegum sínum við; en nú er jeg svo kunnugur í sveitunum, að jeg veit það, sem ýmsir háttv. þm. virðast ekki vita, og það er það, hve mismunandi ástandið er í ýmsum hjeruðum landsins, og að þess vegna er ekki rjettlátt, að brúka alstaðar sama mælikvarðann. Þau hjeruðin, sem ekki hafa svo sem neitt gagn af gufuskipaferðunum kring um landið, eiga svo ólíkt meira tilkall til vegagjörðastyrks en hin. En út í það skal jeg nú ekki fara mikið að þessu sinni, heldur halda mjer við hitt, að vert er að fara eftir þessari tillögu, og fá vegalögin endurskoðuð. Jeg býst nú við, að það væri sanngjarnast, að landið sjálft tæki sem mest að sjer viðhald allra vega, því að þótt erfitt yrði að gjöra svo öllum líki, myndi þó þá verða gjört sjer far um að láta alt koma sem rjettlátlegast niður, og hugsað um hvað best hagar í hverju einstöku tilfelli, og þá mundu vegamálin komast í betra horf en þau eru nú í.

Jeg veit nú ekki hvort jeg myndi bæta mikið fyrir málinu með því, að fara að halda langa ræðu, þótt jeg gæti það. Jeg sje ekki ástæðu til að vera að fara út í nál., en hins vegar sje jeg mikla ástæðu til þess, að athuga málið betur, því að um það vantar enn miklar upplýsingar.

Eggert Pálsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þessar tillögur, enda get jeg fallist á alt, sem nefndin leggur til, að bætt verði við. En þar sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) kom fram með þá skoðun, að landssjóður legði sem mest fje til vegabóta þar, sem fáment væri, en minst þar sem fjölment væri, þá álít jeg ástæðu til að setja þetta vel á sig, því að þar kemur til greina mjög sterkur og ákveðinn stefnumunur, sem getur náð til fleira en þess eina atriðis, sem hjer liggur fyrir. Við vitum að landssjóður er ekki sterk stofnun, og verður því að skamta smátt. Ef við værum fjesterkir og þyldum vel útgjöldin, þá væri ekki nema sjálfsagt, að gjöra öllum landshlutum sem jafnast undir höfði í öllum fjárútlátum landssjóðs. En getan er svo takmörkuð, að ekki verður sint nema því, sem mest kallar að, og þá er auðvitað sjálfsagt, að leggja mest fje fram þar, sem mest er von um að það borgi sig sem fljótast, og það er vitanlega þar sem fjölmennast er. Jeg held því fyrir mitt leyti, að skoðun háttv. þingmanns sje ekki rjett, og mjög svo ópraktisk.

Þegar um t. d. vegi er að ræða, þá er fyrst og fremst nauðsynlegt, að þeir sjeu góðir þar, sem fjölmennið er mest. Hitt skiftir minna fyrir heildina, hvernig þeir eru þar, sem færri eiga leið um, þótt það væri auðvitað gagnlegt og gleðilegt, að þeir væru góðir þar líka. Þeir staðirnir verða að sitja í fyrirrúmi, bæði í þessum efnum og hverjum öðrum, þar sem ríkust er vonin um að fyrirtækin verði arðberandi. Það er það eina skynsamlega.

Sigurður Sigurðsson: Jeg ætla að eins að gjöra örstutta athugasemd. Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) hefir reyndar þegar tekið fram nokkuð af því, sem jeg þurfti að segja. Okkur kemur sem sje saman um það, gagnstætt skoðun háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), að landssjóði beri fyrst og fremst skylda til, að styrkja vegagjörðina í þjettbýlum hjeruðum, en síður á útkjálkum landsins.

Háttv. 1. þm. (G. H.) tók, máli sínu til styrkingar, til dæmis tvo vegakafla, sem sýna best og sanna hans skoðun á þessu máli, sem sje veginn yfir Öxnadalsheiði og veginn um Kræklingahlíð. Jeg er líka kunnugur þarna, og veit, að það er ólíkt meiri nauðsyn á veginum um Kræklingahlíð, því að yfir Öxnadalsheiði á sjer enginn verulegur þungaflulningur stað. En um Kræklingahlíðina liggur aðalaðdráttavegur þeirra, sem þar búa, og annara nálægra sveita, bæði Þelamerkur, Öxnadals og Hörgárdals.

Þessi háttv. þm. (G. H.) fer því mjög villur vegar, þegar hann dæmir um vegi, og skoðanir hans þar eru alveg gagnstæðar heilbrigða skynsemi. *(Guðm. Hannesson:* Misskilningur). Ánægja hv. þingmanns með sínar eigin skoðanir getur hreint og beint leitt til hættulegs sjúkdóms, sem því miður ber of mikið á hjá ýmsum lærðum mönnum hjer á þingi, og sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) er ekki heldur laus við.

ATKVGR.:

Brtt. 332,1 (við 1. lið till.) samþ. með 15. shlj. atkv.

1. liður till. svo breyttur samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 322,2 (við 2. lið till.) samþ. með 16 shlj. atkv.

2. liður till. svo breyttur samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 332,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

Tillagan svo orðuð samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem *ályktun neðri deildar Alþingis.*

(Sjá A. 611).

---

8. Strandferðir.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um strandferðir. (A. 562 [Frá strandferðanefndum beggja deilda]).

Á 46. fundi í Nd., mánud. 30. ágúst, var till. tekin til meðferðar h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþ. án atkvgr.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. sept., var till. tekin til e i n n a r u m r. (A. 562, n. 561).

Framsm. (Sigurður Eggerz): Hjer gjörist ekki þörf á langri framsögu, þótt hjer sje um eitt af veiga-

mestu málunum að ræða, sem komið hafa fyrir þingið, því við 3. umr. fjárlaganna tók jeg fram þau atriði, sem mestu skifta.

Með þingsályktunartillögunni er stjórninni falið að semja við Eimskipafjelagið á þeim grundvelli, sem tekinn er fram í áliti strandferðanefndarinnar. Jeg býst við, að hv. deild hafi kynt sjer nefndarálitið. Úr landssjóði greiðist hvort árið 75 þús. til strandferðanna. En fyrirkomulag þeirra er með líku móti og gjört var ráð fyrir 1914, þannig, að ferðaáætlun B. frá því ári var lögð til grundvallar, en að eins slept síðustu ferðinni, og að öðru leyti gjörðar nokkrar smábreytingar á áætluninni, sem engu skifta.

Nefndin hefir viljað halda sjer við það, að skipin sjeu af sömu stærð og gjörð og gjört var ráð fyrir 1914, en vegna erfiðleika, er af stríðinu stafa, leit nefndin svo á, að við það yrði að una, þó þau yrðu heldur lakari, en hins vegar hefir nefndin óskað þess, að skipin jafngiltu að gæðum »Austra« og »Vestra«.

Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að ef þessar 75 þúsundir króna, er hefir orðið að samkomulagi milli strandferðanefndarinnar og Eimskipafjelagsins, að landssjóður greiði, hrökkva ekki fyrir halla þeim, sem á strandferðunum kann að verða, þá greiðist sá halli, að svo miklu leyti, sem hann stafar af breyttum kringumstæðum, vegna ófriðarins, eða af aukavátryggingu, úr landssjóði.

Eftir ítarlega yfirvegun komst strandferðanefndin að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt væri, að landssjóður tæki ófriðaráhættuna á herðar sjer, enda gæti hún orðið svo mikil, að Eimskipafjelaginu yrði hún um megn.

Annars verður landssjóður og Eimskipafjelagið að bera traust hvort til annars. Alþingi verður að treysta því, að fjelagið gæti sem mestrar hagsýni við ferðir þessar, svo komist verði hjá halla á þeim, eða hann verði sem minstur. Takist fjelaginu þetta, þá mun samúð sú, er það nú hefir áunnið sjer hjá þjóðinni, aukast.

Jeg vil geta þess, að Alþingi hefir ekki, eins og nú standa sakir, til annara að leita en Eimskipafjelagsins um strandferðir. Því þótt það hefði viljað semja við Björgvinjarfjelagið, þá er ekki víst, að það vilji taka strandferðirnar að sjer, og auk þess hafa ferðir þessar gefist illa í höndum fjelagsins.

Eina leiðin er að snúa sjer til Eimskipafjelagsins, eins og gjört hefir verið. Það er líka eðlilegasta leiðin, enda er það von vor allra, að fjelagið beri giftu til að takast þessar ferðir á hendur, bæði nú og í framtíðinni, svo að báðum, fjelaginu og landinu, megi verða til happa.

Með tilvísun til þess, sem hjer hefir verið tekið fram og til ummæla minna við 3. umr. um fjárl.frv., leyfi jeg mjer að mæla með því, að þingsályktunartill. verði samþykt.

ATKVGR.:

Tillagan samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

(A. 689).

---

9. Þegnskylduatkvæðagreiðsla.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu. (A. 518 [Frá minni hluta þegnskyldunefndar]).

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 26. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 46. fundi í Nd., mánudaginn 30. ágúst, var till. tekin til e i n n a r u m r. (A. 518, n. 517 og 650).

Framsm. minni hl. (Matthías Ólafsson): Þetta mál er borið fram af flutningsmönnum þess af einlægri sannfæringu um, að það kæmi þessari þjóð að ómetanlegu gagni, ef þegnskylduvinna kæmist hjer á.

Það er svo margt ógjört hjer á landi, er landssjóður hefir ekki kraft til að láta framkvæma, en landið eða þjóðin hefir það afl, er til þess þarf, ef viljinn væri góður. Og því fljótara miðaði þessari þjóð á framfarabrautinni, því fyr, sem þetta kæmist í kring.

Eins og kunnugt er, var skipuð nefnd til þess að íhuga þetta mál, en það hefir farið með þessa nefnd eins og svo margar aðrar hjer á þingi, að hún hefir ekki getað unnið saman, því að 3 af 5 mönnum í nefndinni hafa ekkert viljað skifta sjer af málinu. Þeir telja það ekkert annað en fallega hugsjón, en annars óframkvæmanlega.

Það hefir því sína sögu hver að segja.

Nefndarálit minni hlutans á þgskj. 517 hefi jeg orðað, en samnefndarmaður minn og samherji hefir skrifað undir nefndarálitið, og er samþykkur niðurstöðunni. Hann hefir því ekki viljað ábyrgjast orðalagið, enda hefir háttv. framsögumaður meiri hlutans (B. J.) beinst sjerstaklega að höfundi nefndarálitsins.

Í nefndaráliti meiri hlutans er því haldið fram, að með þegnskylduvinnunni væri lagður skattur á þjóðina, og hann svo þungur, að hann vægi meira en allir núverandi tollar samtals.

Jeg hefi í nefndaráliti mínu haldið því fram, að með því að hver maður á árunum frá 17—25 ára aldurs inni 12 vikna tíma, þá yrði árangurinn sá, að það kæmi vinnubrögðunum í landinu í miklu betra horf, og ungir menn myndu afkasta miklu á þeim tíma til þarfa fyrir land og lýð.

Í öðru lagi hefi jeg haldið því fram, að sjerstaklega væri þörf á því, að kenna Íslendingum hlýðni. Því að það er þjóðinni ógreiði, að skjalla hana og segja, að hún sje hlýðin. Því vinur er sá, er til vamms segir. Það væri gott, ef við gætum sagt með sanni, að þjóðin væri hlýðin og stundvís, en reyndin er ólygnust, og hún færir manni heim sanninn um það, að oss Íslendingum sje í fáu eins áfátt.

En í stað óhlýðninnar og hirðuleysisins, óverklægninnar og fjelagsleysisins, mynda hlýðni og hirðusemi, verklægni og fjelagslyndi dafna með þessari þjóð, og verða henni holt fararnesti á þeirri framfarabraut, er við vonum og vitum, að hún getur átt fyrir höndum.

Þá er eitt, sem þegnskylduvinnunni hefir verið fundið til foráttu, en það er það, að hún sje svo ápekk herskyldunni, er þjóðunum stafi svo mikið böl af. Það er víst, að af hernaði leiðir mikið böl, og hann færir mönnum bæði sorgir og tjón. En þó viðurkenna menn, að af herskyldunni leiði mikla menning; þetta veiti menningarstraumum inn í þau lönd, þar sem herskylda er.

En við þurfum ekki að verja landið okkar fyrir öðrum þjóðum, en við höfum að berjast við erfiða náttúru og margra alda vanrækt á þessu landi. Þetta má bæta, og til þess viljum við innleiða nokkurs konar hervarnarskyldu.

Með leyfi háttv. forseta, skal jeg lesa upp kafla úr ræðu, er Ágúst Bjarnason, núverandi prófessor, hjelt í Kaupmanna-

höfn, er fyrst heyrðist um þegnskylduhugmyndina. Honum fórust svo orð:

»Jeg man kvöld eitt í Zürick, einmitt þegar fyrstu frjettirnar voru að koma að heiman um þegnskylduvinnuna. Jeg var gestur hjá þýskum háskólakennara, er hafði orðið að flýja föðurland sitt, af því hann hafði orðið nokkuð djarfmæltur í garð Þýskalandskeisara, en hefir reynst ágætur ungmennaleiðtogi og er nú einn af forkólfum í alþjóðahreyfing þeirri, sem er að ryðja sjer til rúms um öll lönd og nefnist »hin siðferðilega uppeldishreyfing«. Hann fór að spyrja mig spjörunum úr, um hvernig uppeldinu væri varið hjá oss, og hafði jeg fátt og lítið af því að segja. En jeg man, að jeg gat um þegnskylduvinnuna og varð að lýsa hugmyndinni ítarlega fyrir honum. Loks sagði hann: Já, er það ekki eins og jeg hefi ávalt sagt, að það ætli að verða markmið smáþjóðanna að kenna oss stórþjóðunum og sýna oss verðmæti þess, er oss hefir aldrei til hugar komið. Nú erum vjer að baksa með þessa hervarnarskyldu og hervæðumst eins og vjer getum, til þess að myrða hvorir aðra og leggja löndin í auðn. Og svo kemur einhver minsta þjóðin og kennir oss hvernig vjer eigum að bæta og yrkja upp löndin og kenna mönnum að vinna, en jafnframt að stjórna og hlýða, og annað það, er lærist með hervarnarsyldunni. Er það eigi stórmerkilegt? En jeg þagði og skammaðist mín með sjálfum mjer, því að jeg vissi, hve langt í land hugmyndin myndi eiga hjá oss«.

Það er miklu lengri kafli um þetta, þar sem þessi maður dáir þetta, og það er hægt að finna fleiri dæmi. Sjálfur hefi jeg talað við merka menn erlenda um þetta mál, og þeir hafa talið þetta ágætt.

Eitt það tormerki, sem talið er á þessari hugmynd, er það, að ekki fengjust nógu góðir verkstjórar. En jeg er hissa á því, að þeir menn, er miklast af þessarri þjóð, skulu halda þessu fram.

Jeg er í engum efa um það, að hjer á landi má koma upp vel æfðum her, ekki til baráttu og blóðsúthellinga, heldur til friðsamlegra starfa, til að græða upp þetta vanrækta land og koma því ótalmarga í verk, sem löngu hefði átt að vera unnið.

Þeir sem hafa trú á því, að þjóð vor sje fyrirmyndar þjóð, ættu síst að efast um, að vjer gætum eignast sæmilega forgöngumenn eða verkstjóra, ef vjer kostuðum nokkru til að afla þeim þekkingar.

Það væri greiði fyrir þessa þjóð, að hver maður væri skyldaður til þess, að vinna ókeypis fyrir heill og þroska þjóðarinnar. En þó hefir meiri hlutinn ekki viljað fara þá leið, heldur að það væri bygt á frjálsum vilja. Þess vegna viljum við að málinu sje skotið til þjóðarinnar, svo að liðið yrði sjálfboðalið, eða sem næst því, að vera sjálfboðalið. Okkur datt fyrst í hug, að þetta væri borið undir þá menn eina, er væru á þeim aldri, er vinnuna eiga að leysa af hendi. En við hurfum frá því, og álitum rjettara, að bera þetta undir kosningarbæra menn, bæði vegna þess, að margir þeirra manna, er í nánustu framtíð myndu leysa þegnskylduvinnuna af hendi, eru nú of ungir til að skera úr þessu, og svo af hinu, að í raun og veru eru það kjósendur, er sjá verða af vinnunni.

Þá er það eitt, sem háttv. meiri hl. hefir gjört mikið úr, sem sje hve mikill skattur væri lagður á heimilin með þessari þegnskyldukvöð. Ekki þekki jeg dæmi til þess, jafnvel í þeim lönd-

um, þar sem er þriggja ára hervarnarskylda, að nokkur fjölskylda hafi farið á höfuðið eða komist á vonarvöl vegna þeirrar kvaðar. Og er hjer þó ólíku saman að jafna. Vjer erum lausir við alt það böl, sem hernaðinum fylgir. Og þessi stutti tími, sem mönnum er ætlað að vinna í þjónustu fósturjarðarinnar margborgar sig fyrir þá, með því að starfið mun gjöra þá að nýtari mönnum en áður. En ef tíminn skyldi ekki vera nógu langur, þá er ekki annað en lengja hann. Það geta komið þeir tímar, að ekki verður unt að fá fólk til opinberrar vinnu hjer á landi, þótt peningar sjeu í boði, enda hefir það komið fyrir. Hjer á landi er mikið að starfa, og nýir atvinnuvegir að rísa upp og í blómgun, svo að hætt er við fólksskorti. Það eru þá ekki önnur ráð fyrir hendi en þetta, eða þá að safna hingað útlendum tartaralýð, sem háttv. framsm. meiri hl. (B. J.) heldur ef til vill að reynast muni betur en ungir menn hjerlendir.

Þá sný jeg mjer að áliti háttv. meiri hl. Maður skyldi halda, af því að þetta skjal er nefnt *álit*, að þar væri einhverjar röksemdir að finna, en jeg verð að játa ófundvísi mína í þessu efni, og vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp þetta nefndarálit, með því líka, að mönnum mun ekki vera orðið það kunnugt enn, af því að því var útbýtt rjett áðan. Og leyfi jeg mjer að hnýta athugasemdum mínum við. Þar segir þá svo:

»Vjer munum, ekki deila um menn við höfund þgskj. 517, hvorki um víðsýni þeirra nje aðrar eigindir.

Þótt vafalaust mætti segja sögu þessa máls betur en hann gjörir, látum vjer oss hana litlu skifta. Þó verður að leiðrjetta þenna misskilning, að þegnskylda sje ný hugsjón. Hitt er á að líta, hvort þegnskylduvinnan muni hafa þá kosti, er hann segir. Til gleggra yfirlits skulu hjer talin og tínd þau atriði, sem höf. telur þessu máli til gildis, og jafnframt sýnt, að barnsleg oftrú villir honum sýn og vekur honum staðlausar vonir.

1. *Hlýðni og stundvísi.* Væri það satt, að Íslendingar væri óhlýðnir, þá yrði það sannarlega illur skóli, að hrúga saman fjölda ungra manna úr öllum stjettum og stöðum. Þeir yrðu að vera meira en nafnið tómt, þessir verkstjórar, ef þeir ættu að megna að kenna þeim hóp hlýðni og stundvísi, enda mundi afleiðingin að öllum jafnaði verða öfug við von höfundarins.
2. *Háttprýði og þrifnaður.* Hugsum oss, að nokkur hundruð ungir menn og konur sjeu saman komin til þess að gjöra járnbraut. Þessi lýður verður auðvitað að liggja við í tjöldum, enda var það í fyrstu talið þegnskylduvinnunni til gildis, að embættismanna- og bændasynir yrðu kasaðir saman í tjöldum. Og nú ætlar minni hlutinn að kenna þarna háttprýði og þrifnað.

   Vjer munum eigi þrátta um þetta, því að flestum mun ljóst, að hjer er um ófugmæli að ræða. Með þessum hætti yrði mönnum eigi kent þetta, nema þar væri að verki þaulmentaðir afburðamenn. Mundu þeir menn vandfundnir, og ef þeir fyndist, mundi mentun þeirra kosta margfalt meira en Alþingi er vant að láta af hendi rakna til þeirra hluta.
3. Verklagni telur minni hlutinn erfiðast að kenna, og fer það að vonum, því að hún er hið eina, sem mætti kenna að einhverju leyti.
4. Þá er sú ein von minni hlutans, að hann geti sparað landssjóði mikð fje með þessari þegnskylduvinnu,

og sjeð um, að eigi þurfi að leggja skatta á þjóðina, til þess að gjöra hafnir, brýr, vegi og járnbrautir. Þótt svo vel væri, að þegnskyldulýður yrði notaður til þessara starfa, þá væri þó með því lagður tvöfaldur skattur á þjóðina:

a. Vinnumissir á heimilum og kaupmissir einstaklinga. Yrði sá skattur einn miklu þyngri en allir núverandi tollar samtals.

b. Óbeinn skattur yrði það, að viðvaningar ætti að framkvæma þessi verk, og eyddist því hálfu meiri vinnukraftur en nauðsyn ber til.

5. Fyrirætlanir minni hlutans, að sá löstum og uppskera dygðir, eru fallegar. En hver trúir á barnaskapinn?

Þrátt fyrir góðan vilja flutningsmannanna, teljum vjer þetta mál alt svo vanhugsað og óframkvæmandi, að vjer ráðum deildinni til að fella tillöguna«.

Af þessu skjali meiri hl., sem nefnist »álit«, má nú sjá, að háttv. meiri hl. hefir ekki treyst sjer að færa nein rök gegn þegnskyldunni. »Álitið« er ekkert annað en fullyrðingar, fjarstæður og útúrsnúningur, mestmegnis óviðkomandi málinu.

Minni hlutinn hefir eigi haldið því fram, að þegnskylda væri ný hugsjón, svo þar var engan misskilning að leiðrjetta. Vitanlega er þessi hugsjón því nær jafngömul þjóðfjelagsskipuninni, í ýmsum myndum. Hjá oss er hún þó tiltölulega ung.

Meiri hlutinn vill neita því, að oss Íslendingum sje áfátt í ýmsu því, er við minni hluta menn teljum þurfa að ráða bót á, svo sem óstundvísi og agaleysi. Um þetta er þýðingarlaust að þrefa. Þetta er svo ljóst og á hvers manns vitorði, og þjóðinni er enginn greiði gjörður með því, að segja henni ekki til þess, sem henni er áttfátt í, því »vinur er sá, er til vamms segir«. En vera má, að það sje betur fallið til lýðfylgis, að skjalla fjöldann, en hitt, að segja honum beiskan sannleika. Meiri hlutinn hefir valið fyrri leiðina, en jeg ætla ekki að eiga samleið með honum á þeim vegi.

Í álitinu er verið að dylgja um það, hve hollur skóli það muni verða, að hrúga saman miklum fjölda karla og kvenna í tjöldum og kenna þeim þar, meðal annars, háttprýði og þrifnað.

Annaðhvort stafar þetta af venjulegri fljótfærni höfundar álitsins, sem allir vita að er háttv. þm. Dal. (B. J.), eða það stafar af öðru, sem naumast er hægt að nefna rjettu nafni, svo að þinglegt verði talið. Tillagan gjörir sem sje ekki ráð fyrir, að konur sjeu teknar til þegnskylduvinnu. En hvað ætti að vera því til fyrirstöðu, að menn, sem lægju í tjöldum, gætu lært háttprýði og þrifnað.

Í álitinu er sagt, að verkstjórarnir þyrftu að vera meira en nafnið tómt, ef þeir ættu að kenna þessum mikla hóp hlýðni og stundvísi.

Ef Íslendingum er svo mjög lítið áfátt í þessum efnum, þá ætti og að vera tiltölulega ljett, að leiðbeina þeim fáu, sem ábótavant væri. En jeg kannast við það, að þeir þurfa og eiga að verða mikið meira en nafnið tómt.

Vjer Íslendingar höfum að vísu verið svo óhepnir, að hjá oss hafa menn verið skipaðir í stöður, sem aldrei hafa orðið annað en nafnið tómt. En vonandi er, að vjer höfum af því lært, að slíkt er þjóðarböl, sem ekki má koma oftar fyrir.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) spyr, hvort jeg meini þetta til sín. Jeg nefndi engan í þessu sambandi; þess var ekki þörf. En ef hann fann mark sitt á því,

sem jeg sagði um »nafnið tómt«, þá má hann taka það til sín mín vegna.

Þá er meiri hlutinn, eða þó heldur háttv. þingm. Dal. (B. J.) fyrir hans hönd, að halda því fram, að vinnan mundi verða dýrari, jafnvel þeirri vinnu, sem kaup væri greitt fyrir, af því óreyndir unglingar ættu að vinna hana, sem litla eða enga æfingu hefðu.

Jeg hygg, að auðveldara sje að laga verkshátt hjá ungum manni, sem eigi hefir tamið sjer röng handtök, en að venja mann af rangri aðferð, sem hann hefði lengi tíðkað. Þannig mundi auðveldara að innræta ungum manni hollar og heilbrigðar skoðanir en að lagfæra skoðanir háttv. þingm. Dal. (B. J.).

Annars er þýðingarlaust að andmæla þessu öfugmælaáliti háttv. meiri hluta. Það er að eins óhönduleg tilraun, til að leiða athygli deildarmanna frá málefninu, og sýna að eins getuleysi höfundar til að færa rök gegn tillögu minni hl.

Út af öllu þessu veigamikla áliti sínu, vill svo háttv. meiri hluti álykta það, að fella beri tillöguna. En hver er þá tillagan? Hún fer ekki fram á annað en að spyrja þjóðina, hvort hún sje hlynt þegnskylduvinnu eða ekki. Ef þjóðin er hlynt þessu, þá sýnir það, að hún er annarar skoðunar en háttv. meiri hl. nefndarinnar, og hún vill leggja hönd á plóginn. En ef hún vill ekki sinna málinu, þá er það tákn þess, að hún er ekki svo þroskuð enn, að hún skilji þýðingu þess. En málið verður jafnvakandi fyrir því, hvernig sem um tillöguna fer. Það má tefja fyrir málinu, en hugsjónina megnar enginn að drepa.

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Jeg get verið þakklátur háttv. framsm. (M. Ó.), með því að hann hefir tekið af mjer alt ómak með að svara ræðu hans, með því að lesa upp nefndarálit meiri hl. Er það sjaldgæft, að menn ljetti þannig á ímynduðum mótstöðumönnum sínum. Má því ekki minna vera, en að vjer þökkum háttv. þingmanni fyrir það, að vera svo vingjarnlegur að bera upp álit, sem felur í sjer fullkomna hrakning á öllu því, sem hann hefir fimbulfambað um málið bæði munnlega og skriflega. En í sambandi við álit meiri hl. skal jeg geta þess, að meinlegar prentvillur hafa slæðst þar inn. Í 2. málsgr. stendur »týnd« fyrir tind í »talin og tind«. Í 3. lið »verklægni« fyrir verklagni. Í 4. lið hefir orðið skattar fallið burt, svo að þar á að standa: »þyngri en allir núverandi skattar og tollar samtals«.

Háttv. minni hl. er óánægður yfir því, hvað nefndarálit meiri hl. er stutt. Meiri hl. taldi sjer ekki skylt að koma með lengri röksemdaleiðslu en svo, sem nægði til að hrekja ástæður minni hl., enda er það háttv. minni hl., sem sækir á. Jeg hygg, að álit vort sje nægilegt til þess að sýna, að kostir þeir, sem minni hl. telur upp, sjeu ímyndaðir eða ekki til, og ætti það að vera nægilegt til þess, að fella tillöguna, nema því að eins að fyndust einhverir kostir, sem háttv. minni hl. hefði gleymt, en svo óhæverskir erum vjer ekki, að gruna háttv. minni hl. um að hafa stungið nokkurum kosti undir stól, enda er mjer kunnugt um, hve djúpvitur háttv. frsm. minni hl. (M. Ó.) er, og að hann hefir athugað málið vel og með þeim hugsanaþrótti, sem honum er runninn í merg og bein og eitthvað er meira en nafnið tómt, eins og sjá má af þessum fjórum blaðsíðum, sem álit hans nær yfir. Það má vera, að ósvífið þyki, að hrekja þessa ritsmíð með svo stuttu máli, sem álit vort er, en þegar það nægir til að sýna það, að áhugi, hlýðni, háttprýði,

atorka, fjelagslyndi, þrifnaður, stundvísi og áreiðanleiki í orðum og viðskiftum fæst ekki með tillögum minni hl., þá er kominn þessi hringur, sem kallaður er circulus vitiosus og á íslensku má nefnast hringavitleysa.

Það er ekki nýtt, að þjóta heyrist í þeim skjá, að Íslendingar sje óhlýðnari en aðrir menn. Jeg andmæli því og leyfi mjer að segja það ósatt, að þau andmæli sje sögð í smjaðurs skyni; þau eru sögð til þess, að hrinda staðlausum álygum. Einstakir menn, sem ekki hafa sjerstaklega fengist við uppeldi manna, hafa engan rjett til þess, að tala svo digurbarklega. Jeg held, að enginn hjer hafi haft yfir svo mörgu fólki að segja, að úr flokki geti talað um þetta, þótt háttv. framsm. (M. Ó.), sem þó í raun-inni er að eins framsm. sjálfs sín, með því að formaður hefir ekki samþykt rök-semdaleiðslu hans, leyfi sjer að koma með staðhæfingar í þessa átt. En þótt hann segi, að jeg sje að eins nafnið tómt, þá hefi jeg samt fengist hóti meira við kenslumál en hann, og það er víst, að aðferðir eru í aðalatriðunum þær sömu, hvað sem kent er.

Ekki tel jeg það heppilegt, til þess að venja menn á stundvísi og háttprýði, að reka menn í moldarvinnu eða þess hátt-ar; miklu mundi nær, að koma mönn-um fyrir á góðum heimilum hjá góðum húsbændum eða í skiprúm, en einmitt sjómennirnir eru gott dæmi, til þess að hrekja þessar kenningar háttv. minni hl. Óhlýðnin er hugarburður þeirra manna, sem aldrei hafa þekt aga; jeg veit ekki, hvort þeir hugsa sjer þetta hugtak vera einhverja skepnu með horn og klaufir, en því er líkust kenning þeirra. Þá er það og líka ofætlun verk-stjórunum að kenna öllum þessum fjölda, og mundu þeir að eins hljóta spott og spje nemendanna, enda hægt að koma kenslunni betur fyrir á allan hátt annan. Þessa ágætu afburðamenn mundi algjör-lega vanta, enda líklegt, að Alþingi mundi horfa í allan þann uppeldiskostn-að, sem færi til þess, að kenna verk-stjórunum. En þessu hefir háttv. minni hl. ekki gjört sjer grein fyrir.

Það þarf varla að minna á það, að þessi draumur háttv. minni hl. um hátt-prýði í moldarvinnu er hið mesta öfug-mæli. Hjer á við vísustúfurinn:

Gott er að hafa gler í skó
þá gengið er í kletta.

Þá kem jeg loks að þeim lið, sem hv. framsögum. (M. Ó.) sýndist sjálfum, að hann hefði brotið svo gjörsamlega, nefni-lega, að kaupmissir og vinnumissir mundi verða eins þungur skattur á landsmönnum og allir aðrir til samans. Hann, sem er svo kunnugur landsháttum, hefir þó líklega ekki munað eftir því, að fjöldi ungra manna er sjálfra sinna, svo að kaupmissir þeirra allra til samans nemur ekki lítilli upphæð. Það var þetta, sem jeg átti við. Til þess að hrekja þetta, sagði háttv. framsögum. (M. Ó.), að þarna eigi ekki að að vinna nema 4000 manns í 12 vikur, og finst hlægilegt, að gjöra mikið úr þeim kostn-aði, er það muni hafa í för með sjer. Nú er það fyrst, að þessi tala mun vera röng. Eftir manntali 1910, þá mundi talan vera nær 6000. En nú skal jeg gjöra það fyrir háttv. framsögum., að reikna með 4000 að eins, en jeg bið menn jafnframt að muna eftir því, að jeg slæ af 2000. Nú, ef vikukaupið er reiknað 20 kr. (sem kann ske er nú full hátt, en jafnast upp af misskiln-ingnum á fjöldanum), þá kosti þó þessir 4000 menn 960,000 kr. í 12 vikur. Þetta er þó alllagleg upphæð. En nú bætist þar að auki við það tjón, sem hlýtst af því, að taka í burtu fyrirvinnu frá fá-tækri móður, og það er tjón, sem ekki verður reiknað í fjótu bragði, ef árs-atvinna heimilisins fer í kalda kol, því

fátæk ekkja á sjaldnast hægt með að fá sjer kaupamann, í stað sonar síns, er vinnur kauplaust fyrir heimilinu. Það tjón, sem af þessu hlytist, myndi áreiðanlegu ekki nema minni upphæð en nefndi jeg áðan, ef metið skyldi til peninga. Nú stendur í tillögunni, að allir heilbrigðir karlmenn skuli taka þátt í þessari vinnu. En því á að binda sig við heilbrigða karlmenn, nú er konur hafa fengið jafnrjetti. Það væri eiginlega rjett, að koma fram með brtt. er gengi í þá átt. Konur þurfa þó sannarlega ekki síður á því að halda, að kunna þrifnað, dugnað og alla háttprýði, því þær ala þó upp borgarana í landinu. Reiknaði maður nú jafn margt kvenfólk skyldugt til þessarar vinnu, og reiknaði því að eins hálft kaup á við karlmenn, þá næmi þó öll upphæðin 1,400,000 kr., eða sem næst $1^1/_2$ miljón kr. á ári. Þá fyrst færi þetta nú að draga sig saman. Auðvitað væri þetta ekki svo hátt, nema fyrsta árið, er þessu góðgæti væri dembt yfir landslýðinn, og allir árgangarnir væru teknir í einu. Seinna yrði árskostnaðurinn náttúrlega minni, en þá mætti líka reikna með kaupmissi og fyrirvinnutjóninu. Nú bætist þar við, að sá skaði, sem hlýtst af því, að viðvaningar eru teknir og settir í vinnu, sem þeir ekki kunna til, í stað þess, að láta þá sitja kyrra að sinni iðju. Það er líka spilling á vinnukröftunum í landinu. Þessi reikningur er náttúrlega ekki alveg nákvæmur, en þó mun óhætt að fullyrða, að hið árlega kauptap, sem af þessu hlytist, væru 300,000 kr., eða $^1/_2$ miljón, ef kvenfólkið væri reiknað með, og það þegar fyrsta náðarárið væri úti.

Háttv. framsögum. (M. Ó.) vitnaði sjer til stuðnings í biskup landsins, einn háskólakennara hjer heima og svo einhvern þýskan mann suður í Sviss. Jeg sje nú satt að segja ekki, hve hagkvæmar framkvæmdir munu verða hjer á Íslandi, þótt röksemdafærsla sje sótt suður í Zürich. Einnig er jeg ekki alveg sannfærður um, að þessi háskólakennari okkar muni *nú* vilja standa við alt það, er hann hefir um þetta mál sagt áður. Annars þykir mjer tillagan of óljóst orðuð. Það er ekkert tekið fram um það, hvernig þegnskylduvinnunni skuli hagað, nje heldur hve lengi hún skuli standa yfir. Það mætti *þess vegna* láta hana ná yfir heilt ár og þá fengi þó landssjóði einu sinni að blæða. Jeg held því, að mönnum út um land þyki þetta nokkuð óljóst, er til kostninga kemur, og muni að eins ypta öxlum og brosa, og ekki gjöra sjer mikið ómak við það, að svara þessum spurningum út í loftið. Annars er þessi þegnskylduvinna að eins laus hugmyndadraumur einstakra manna, er halda, að þeir fái nauðgað náttúrulögmálunum svo, að þau verki alt öðru vísi á þeim tímum, er þeir sjálfir lifa á. Jeg vona þess vegna, að háttv. þingdeild fari ekki að taka neinu ástfóstri við þessa vanhugsuðu hugmyndasmíð, sem eiginlega ekki er þess verð, að nokkur maður minnist á hana, og skal jeg í því sambandi geta þess, að nú hefi jeg í fyrsta sinni á Alþingi talað að óþörfu.

Sveinn Björnsson: Jeg vil ekki fara í óþarfa kappræður út af þessu máli, sem háttv. þingm. Dal. (B. J.) taldi einberan hugarburð. En sje þetta mál ekki meiri hugarburður en það, að sami háttv. þingmaður hafi nú í fyrsta sinni talað að óþörfu á Alþingi, þá er málið ekki lítilsvert. Jeg tel þessa hugmynd vel þess verða, að með alvöru sje um hana talað og hugsað, og leitað fyrir sjer, hve mikið fylgi hún hafi í landinu. Mjer finst aðalatriðið vera þetta, að

menn geti fengið tækifæri til þess snemma á æfi sinni, að vinna þjóðarheildinni heill og gagn, án nokkurs endurgjalds. Því það er trúa mín, að það myndi geta orðið mörgum til góðs, að vinna landi sínu í eitt skifti dálítinn tíma, án þess að peningahagnaðurinn sje í aðra hönd. Jeg tel heldur engan vafa á því, að því skipulagi mætti koma á þegnskylduvinnuna, að við Íslendingar fengjum dálítið af þeim *aga, sem okkur óneitanlega vantar.* Við erum aldrei samhentir, vegna þess, að við höfum aldrei lært að hlýða vilja eins stjórnandi manns.

Jeg gæti til fært þó nokkrar aðrar ástæður, en finst það nægilegt, að kjósendur fái að láta í ljós, hvort þeir geti hugsað sjer þetta fyrirkomulag. Þetta er lítt hugsað enn þá, en þarf að hugsast, og það mun verða gjört, ef því er tekið alvarlega hjer á Alþingi. Jeg skal fúslega játa það, að jeg hefi ekki gjört mjer fullkomlega grein fyrir fyrirkomulaginu, en hugmyndina vænti jeg að allir skilji, en hún er þessi: Er það gott fyrir land og þjóð, að hver einstaklingur vinni landinu einu sinni á æfinni ókeypis í stuttan tíma. Annað er frekar fyrirkomulagsatriði.

Jeg get ekki stilt mig um að minnast á tvö atriði. Mjer þykir fyrst og fremst leitt, að því skuli vera dróttað að mjer, að fyrirætlun mín sje, að sá löstum og uppskera dygð. Þetta er nú reyndar líklega hugsunarvilla, en annars finst mjer fyrri hl. nefndarálitsins miður góðgjarnlega og stillilega orðaður. *(Bjarni Jónsson:* Jeg skal skýra þetta síðar). Jæja, háttv. þm. Dal. (B. J.) ætlar þá enn þá einu sinni að tala að óþörfu. Það er nú ekki í fyrsta sinn. Mig furðar enn fremur á því, að háttv. þm. Dal. (B. J.) skuli af tómri ákefð gjöra sig sekan um svo hroðalega reikningsvillu, sem háttv. þingmaður komst út í áðan, er hann fann það út, að þegnskylduvinnan myndi kosta landið 1—$1^1/_2$ miljón króna á ári. *(Bjarni Jónsson:* Jeg talaði að eins um 1. árið). Já, það rann víst upp einhver glæta fyrir háttv. þingmanni um það, að þetta væri ekki alls kostar rjett, og þá reyndi hann að klóra yfir það aftur og rjettlæta það, er hann sagði, með þessu náðarári sínu. En jeg efast mikillega um, að svo alvarlega verði tekið á þessu í byrjun, að allir menn á aldrinum frá 17—25 ára sjeu teknir þegar í stað fyrsta árið. Það mun tæplega reynast framkvæmanlegt. Enn fremur myndi aldrei fult 1000 manns komast undir þessi lög á ári. Eftir síðustu skýrslum, þá yrðu þeir aldrei nema 700—800. Og þegar svo þar frá dragast þeir, sem ekki mættu vinna sökum vanheilsu, þá hygg jeg að miljónin fari að rýrna ískyggilega, svo að jafnvel 10 sinnum lægri tala væri sanngjarnari. Og það er því meira en helmingur, sem sagt er þó, að margir haldi sjer við, þegar um ýkjur er að ræða.

Jeg vil þess vegna vekja athygli manna á því, að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir í þessari djúpu fyrirlitningu fyrir þessu máli, sem þó að flestra mætra manna dómi er hið mesta alvörumál, komist út í meiri öfgar en nokkru sinni áður, er hann hefir talað að óþörfu hjer í þingdeildinni.

Guðmundur Hannesson: Hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) hefir nú þegar í ræðu sinni tekið af mjer mesta ómakið. Báðir háttv. framsögum. (M. Ó. og B. J.) hafa reiknað skakt mannfjölda þann, er myndi ganga að þessari vinnu. Annar reiknar sem sje 6000 manns, en hinn 4000. Ef nú að eins karlmenn eru taldir, þá verða það hjer um bil 700 manns á ári hverju, eins og háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) tók fram í ræðu sinni, sem myndu falla inn

undir lögin. 1910 voru í þeim árgangi 684 menn. Þetta er nú ekki svo ýkjahá tala, og jafnvel þótt maður reiknaði manninum 20 kr. í kaup á viku, sem er þó líklega nokkuð vel í lagt, þá yrði það þó aldrei meira en um 150,000 kr. yfir þennan tíma. Þeir, sem tækju þátt í þessari vinnu, yrðu því ekki fleiri en svo, að t. d. öll Húnavatnssýsla legði ekki til nema tæpa 20 menn. Og vinnan, sem þeir leystu af hendi þennan tíma, samsvaraði því, að þeir gætu steypt 3—4 íbúðarhús, ef þeir störfuðu að húsagjörð.

Hvað sem því nú líður, þá skal jeg leyfa mjer að vekja athygli á því, að reikningar háttv. þm. Dal. (B. J.) eru ekki rjettir, enda er þess tæplega von, þar sem hann hefir víst gleymt þessum frægu logaritmatöflum, er hann talar um á hverju ári, heima hjá sjer.

Jeg get ekki gjört að því, að jeg er að nokkru leyti hlyntur þessu máli. Það talar til tilfinninga minna, og jeg vona, að framkvæmdir í því geti einhvern tíma átt sjer stað, en jeg sje, að þær eru þó töluverðum erfiðleikum bundnar.

Það er ilt t. d. að taka menn frá nauðsynlegri framleiðsluvinnu og setja þá í aðra vinnu um svo og svo langan tíma, sem, þótt hún má ske sje gagnleg og nauðsynleg í sjálfri sjer, getur þó ekki talist framleiðsluvinna.

Þó er það tjón ef til vill ekki tilfinnanlegt, því óumflýjanlegt er að vinna ýms verk, jafnvel að sumrinu, sem ekki eru bein framleiðslustörf, t. d. húsagjörð. Það er hægt að benda á það meðal annars, að eftir er að byggja upp þúsundum saman sveitabæina, og þetta verður að vinnast að meira eða minna leyti að sumrinu.

Jeg er sammála meiri hlutanum um það, að verklagni er yfirleitt ekki síðri vor á meðal, heldur en erlendis. Það er verið með samanburð við þjóðir, sem leysa af hendi hervarnarskyldu. Af því að mjer liggur mjög á hjarta hagur alþýðunnar og vinnubrögð, hefi jeg hvar sem jeg hefi farið, veitt þessu eftirtekt, og jeg hefi komist að þeirri niðurstöðu, að vjer stöndum alls ekki erlendu herskylduþjóðunum að baki, hvorki í verklagni, hlýðni eða öðru, sem sífelt er verið að tala um, að oss sje svo áfátt í.

Jeg vil ekki að svo stöddu fara lengra út í þetta mál, til að tefja ekki tíma deildarinnar. En jeg sje ekki betur en það sje rjett, að leyfa þjóðinni að láta í ljós álit sitt um málið. Það væri hugsanlegt, að það endaði þannig, að samin yrðu heimildarlög, sem leyfðu hverri einstakri sýslu að koma á fót hjá sjer þegnskylduvinnu, með einhverjum stuðningi frá landssjóði. Reynslan yrði svo að skera úr síðar, hvort tiltækilegt væri, að koma henni á um land alt.

Framsögum. minni hlutans (Matthías Ólafsson): Jeg verð aftur að snúa mjer að nefndarálitinu.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagðist í sínu áliti hrekja alt það, sem stæði í minni hluta nefndarálitinu. Jeg vil skjóta því undir dóm háttv. deildarmanna, hvort svo sje. Hann hefir engin rök fært fyrir sínu máli, og engar sannanir fyrir því, að minni hlutinn hafi rangt fyrir sjer. Hann hafði stór orð um þetta og kallaði það fjarstæðu, sem minni hl. heldur fram, en hann hefir þó ekki hrakið eitt einasta orð af því, sem í minni hluta álitinu stendur. Ef um herskyldu væri að ræða, býst jeg við, að hann myndi ekki síður kalla það fjarstæðu.

Jón Sigurðsson hjelt því fram, að það væri holt fyrir unga menn, að fara utan og inna af hendi herþjónustuskyldu, og leit svo á, að þeir myndu að því loknu koma heim sem betri og nýtari menn, til að vinna fósturjörðinni gagn. *(Sigurður Eggerz:* Það er ekki víst, að alt

sje gott og rjett, þótt Jón Sigurðsson hafi haldið því fram). Hann var enginn skýjaglópur, og hann þorði að segja þjóðinni blátt áfram, hvað honum þótti að og hvað hann vildi láta gjöra.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) þóttist hafa reynslu og þekkingu fram yfir mig, vegna þess, að hann hefir einhverntíma verið kennari. En það er nú svo gott að vita, að jeg hefi líka verið kennari, og jeg gjöri ráð fyrir, að jeg hafi staðið jafnlangt fyrir ofan mína nemendur eins og hann fyrir ofan sína.

Hann talaði um að Íslendingar væru hlýðnir. En jeg held, að því sje nokkuð ábóta vant, meðan það er alment, að verkamenn gjöra gys að verkstjórunum, og yfirleitt er virðingarleysi fyrir yfirboðurum og öllum aga á mjög háu stigi hjá þorra manna.

Annars er alt hans tal um þessa hluti tómur útúrsnúningur, eins og þegar hann sagði, að jeg vildi sá löstum, en uppskera dygðir. Ef hægt er að útrýma löstum, þá býst jeg við, að kostir komi í staðinn. Jeg veit reyndar ekki, hvernig ástand háttv. þm. Dal. (B. J.) sjálfs er, hvort í hann fara 7 andar í staðinn fyrir einn, sem út er rekinn. Það er vitaskuld, þegar maður kastar fram einhverri heimsku, þá uppsker maður stórheimsku, og að því hefir hv. þm. Dal. (B. J.) orðið, að af því að hann hjelt fram heimskulegum útúrsnúningum í áliti sínu, hefir hann orðið að halda áfram í sömu átt, af því að hann hefir eigi skap til að kannast við, að hann hafi haft rangt fyrir sjer, og því farið með lokleysuvaðal um þetta mál. Það er svo oft, þegar maður kastar fram einhverri fjarstæðu, að hún ber engan ávöxt. Jeg vona, að það fari svo með það, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir sagt í þessu máli.

Jóhann Eyjólfsson: Jeg vil gjöra örstutta grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, en ætla þó ekki að blanda mjer inn í deiluna milli framsögumannanna.

Framsögum. minni hlutans (M.Ó.) byrjaði á því, að benda því að okkur, að við höfðum fært fremur litlar ástæður fyrir málinu í nefndaráliti okkar. Það getur vel verið, að þetta sje rjett, enda var engum rökum að mótmæla. Mjer finst nefndarálit minni hlutans vera nokkuð draumkent, og jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að jeg er ekki góður að ráða drauma. Hann talaði mikið um kosti þegnskylduvinnunnar. Enda þótt benda megi að líkindum á einhverja kosti, sem henni fylgja, þá hefir það til þessa alment verið talið, að þeirri skyldu fylgdu fleiri ókostir en kostir. Meðal annars er kostnaðurinn svo mikill, að mjer er óhætt að fullyrða, að enginn háttv. deildarmanna er fær um að reikna hann út. Þessi skattur getur víða komið mjög þungt niður á mönnum. Gæti viljað til á bæ í sveit, að eini vinnandi maðurinn á heimilinu yrði tekinn, og það kann ske þegar verst gegndi, til að inna af hendi þessa þegnskylduvinnu. Setjum svo, að einstæðingsekkja sje að reyna að búa með börnum sínum, og elsti drengurinn sje á þegnskylduvinnualdri. Það má nærri því geta, hvílíkt tjón það væri fyrir ekkjuna, ef hún misti hann frá heimilisstörfunum, kann ske um hábjargræðistímann. Slík dæmi mætti sjálfsagt mörg nefna.

Mjer heyrðist framsögum. minni hl. (M.Ó.) segja, að þegnskylduvinnutíminn væri ekki endilega bundinn við þrjá mánuði. Það mætti þá alveg eins lengja hann eins og stytta, og ef hann yrði lengdur, þá yrði þessi skattur enn þá tilfinnanlegri.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði fátt, sem jeg tel mig þurfa að svara. Þó

vil jeg drepa á 1—2 atriði í ræðu hans. Hann sagði, að þetta mál svo mikilsvert, að það væri full ástæða til að bera það undir þjóðina. Jeg veit nú ekki, hvað mikið slíkt þjóðaratkvæði væri að marka. Þótt það væri borið undir alla menn í landinu, yngri jafnt sem eldri, þá get jeg ekki lagt mikið upp úr því. Hann gjörði mikið úr því, að þegnskylduvinnan myndi glæða föðurlandsástina, af því að menn lærðu að vinna fyrir landið fyrir ekki neitt. En þá er á það að líta, hvort menn gjöra það af fúsum vilja. Ef þeir gengju til þessarar vinnu, sem sjálfboðaliðar, þá væri trúlegt, að það glæddi göfugar tilfinningar, en ef menn gjöra það nauðugir, að eins af því, að það er lögskipað, þá veit jeg ekki, hvað góð áhrif það hefði á föðurlandsástina. Þá er jeg hræddur um, að vinnan yrði ekki til að glæða hana.

Háttv. framsögum. minni hlutans (M. Ó.) lagði mikla áherslu á það, að menn lærðu mikla og góða vinnu á þessu. Menn myndu verða látnir vinna eitthvað, sem þeir gætu ekki unnið heima hjá sjer. Ef menn læra enga þá vinnu, sem þeir gætu síðar haft not af heima, þá er þessum tíma illa varið; það er þó vanalega meiningin, þegar menn ganga í einhverja skóla, þá sjeu þeir, og eigi þeir, á einhvern hátt að búa sig undir lífsstarf sitt. Ef um slíkt er ekki að tala, þá er gagnið að eins þetta, að fá vinnu ókeypis fyrir hið opinbera. Jeg er viss um, að það væri hollara fyrir þjóðina, að þessi skattur yrði borgaður á einhvern annan hátt.

Einn kosturinn sagði hann að væri sá, að menn vendust á hlýðni. Jeg legg nú ekki mikinn trúnað á það. Hann sagði enn fremur, að það fylgdi herskyldunni takmarkalaus hlýðni. Það er alveg satt, en þar er líka að tefla um líf og dauða, svo það leiðir af sjálfu sjer, að þar verður að hlýða. Eina vinnan hjer á landi, þar sem um líf og dauða er að tefla, er sjómenskan. Jeg hefi róið einn 2—3 vertíðir, og veit það, að þar er mikið undir því komið, að menn hlýði umsvifalaust, enda hefi jeg þar sjeð þá mestu og fullkomnustu hlýðni, sem jeg þekki, en það er afstaðan og kringumstæðurnar, sem skapa þær reglur, eins og við hermenskuna.

Hernig sem jeg lít á þetta mál, finst mjer hjer vera um draumóra eina að ræða, og það drauma, sem jeg get á engan hátt ráðið.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Það er að eins út af þessu með reikninginn, sem jeg vildi segja nokkur orð. Jeg gæti svarað skætingi, en jeg ætla nú að gjöra það, sem menn eru ekki vanir að gjöra, og játa hreinskilnislega, að jeg hefi reiknað rangt af misskilningi. *(Matthías Ólafsson:* Það er alt misskilningur hjá háttv. þingm.). Jeg er að skýra háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) frá þessu, en ekki að tala við þann ágæta. Þetta verður þó um hálf miljón, ekki alt kaupgjald að vísu, heldur ýmislegur annar kostnaður.

Eins og menn þekkja, er það algengt erlendis, að herskyldan eyðileggur fyrir mönnum verslun og önnur fyrirtæki, sem menn hafa byrjað á. Þótt háttv. framsm. einmenningshlutans (M. Ó.) viti það ekki, að fjölskyldur hafa oft og tíðum farið á vonarvöl vegna herskyldunnar, þá er það engu síður áreiðanlegt fyrir því.

Jeg skal segja háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) það, að slíkan reikning, sem þenna, reikna menn ekki með logaritmareikningi, svo að það var óþarfi fyrir hann að blanda því inn í ræðu sína áðan.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) mintist á það, að hann legði aðaláhersluna á þetta,

að menn fengju að vinna föðurlandi sínu, án þess að fá nokkuð fyrir starfa sinn.

Ó, hve margur yrði sæll
og elska myndi landið heitt,
mætti' hann vera mánuð þræll
og moka skít fyrir ekki neitt.

Þessa alkunnu vísu hafa þeir minni hluta menn tekið upp í nefndarálit sitt. Það kann vel að vera, að það sje rjett, að einhverjir geti fundið sælu í þessu. En jeg álít hitt þó sanni nær, sem hv. þm. Mýr. (J. E.) sagði, að það er ekki það, að vera neyddur til vinnunnar, sem eflir föðurlandsástina, heldur hitt, ef menn leggja eitthvað á sig fyrir föðurlandið af fúsum og frjálsum vilja. Það er fallegt og lofsvert, sem ungmennafjelögin hafa tekið sjer fyrir hendur, að rækta skóg af eigin hvöt. Það, sem maður gjörir fús og viljugur, það gjörir maður vel, en ef maður er skyldaður með lögum til að inna eitthvert starf af hendi, þá býð jeg ekki fje við því. Jeg skil ekki í því, að menn skuli vera að sækjast eftir þessu, sem með erlendum þjóðum er álitið *malum necessarium*. Bak við herþjónustuskylduna liggur meðvitundin um, að þetta er undirbúningur til að falla í valinn fyrir föðurlandið. Töfrarnir til agans liggja í þessu. Annars er það stytst af að segja, að ein dæmisaga getur skýrt gang þessa máls.

Einu sinni bjuggu froskar í tjörn nokkurri. Þeim þótti óstjórn og agaleysi keyra svo úr hófi í tjörninni, að þeir báðu Júppíter að senda sjer stjórnara. Og Júppíter sendi þeim drumb í tjörnina. Nú þótti froskunum vænkast þeirra ráð, er þeir höfðu fengið drotnara, og settust þeir á drumbinn og undu nú vel hag sínum um hríð. En brátt rak að því, að þeir fundu til þess, að þetta var fremur atkvæðalítill stjórnari. Urðu þeir nú enn óánægðari út af óstjórninni, og báðu þeir Júppíter enn á ný að senda sjer stjórnara, sem meira kvæði að en þessum. Þá sendi Júppíter þeim vatns-hydru, og þá fengu þeir nóg af stjórninni, því að hydran gleypti alla froskana og át þá. Þetta minnir mig aftur á gamalt, latn. vísubrot, sem svo hljóðar:

Optat ephippia bos
piger, gestit arare caballus.

Sigurður Eggerz: Jeg minnist þess, að einu sinni, er jeg var staddur á fundi austan fjalls, þar sem þegnskylduvinnunni var hampað af nokkrum ungum mönnum, þá bauð jeg hlutaðeigendum að framkvæma þegar hugmyndina, með því að vinna ókeypis bæði að vegavinnu og ýmsum öðrum framkvæmdum, er á dagskrá voru. En enginn þeirra gaf sig fram í vinnuna. *(Sveinn Björnsson:* Eru Skaftfellingar svona afleitir?). Jeg sagði austan fjalls, og þar eru fleiri en Skaftfellingar einir; þannig búa t. d. Árnesingar í Árnessýslu og Rangæingar í Rangárvallasýslu, en þetta veit sá vísi þingm. Reykvíkinga vitanlega ekkert um. Það, sem dregur menn og lokkar í þessu máli, er hugsjónin fagra, að rækta landið og kenna mönnum að starfa og hlýða. En reynslan sýnir oft og einatt, að þótt hugsjónirnar sjeu fallegar, þá hjaðna þær, er virkileikinn kemur til greina. Það getur vel verið, að ef þessu máli, þessari hugsjón, verður fylgt með ofurkappi með þjóðinni, að hún sigri í bili, en jeg býst við því, er til framkvæmdanna dregur, að það sjáist brátt, að sá sigur verður að eins Pyrrhusarsigur.

Því hefir verið hampað æði mikið í þessu máli, að á þennan hátt lærðu menn aga. En til þess, að sá gæti orðið árangurinn, þá þyrftu þó þeir, sem agann eiga að innræta, að kunna sjálfir að skipa. En til þess þyrftum vjer að eignast verkstjóra, sem helst yrðu að ganga á fyrir-

myndarskóla, læra sjálfir aga og læra að kenna aftur, bæði það og annað. En aðalatriðið í málinu er, að þessi vinna er illa fallin til að kenna aga með henni.

Hvað snertir hervarnarskylduna og það, sem henni hefir verið talið til ágætis í þessu sambandi, þá er svo langt frá því, að þjóðirnar skoði herskylduna lán fyrir sig, þvert á móti stynja þær undir okinu og vildu svo óendanlega gjarna losna undan því. *(Sveinn Björnsson:* Það er annað 3 mánuðir eða mörg ár). Þetta minti mig á eitt atriði, er jeg ætlaði að koma að, en það er það, að til þess að mönnum lærist agi, þá þarf til þess meira en 3 mánuði, hvort heldur sem það er í sambandi við hervarnarskyldu eða annað. Mönnum lærðist varla mikill agi á þessum 3 mánuðum. Annars er leikfimi betur löguð til að kenna mönnum aga, heldur en þegnskylduvinnan. Þar læra menn að hlýða skýrum og ákveðnum skipunum. Á hana þyrftu því ungir menn og ungar konur að leggja meiri stund en átt hefir sjer stað hingað til.

Nei, tíminn er of stuttur, til þess að nokkuð verulegt verði lært. En þó tíminn sje stuttur, verður því ekki neitað, að þetta yrði alldrjúgur skattur, er legðist á þjóðina. Og það var rjett tekið fram áðan, að það kæmi mjög þungt niður á einyrkjaheimilinu, er sonur ekkjunnar er tekinn frá forystulaulausu heimilinu, og gamla konan, lúin og slitin verður að sjá á bak einu stoðinni sinni, þó ekki sje nema um 12 vikna tíma.

Menn gleyma sem sje einu, sem er þó svo ósköp auðsætt, að þó menn vinni ekki þegnskylduvinnu, þá er þó verið að rækta landið. Drengur ekkjunnar ræktar kotið þeirra, gjörir það byggilegra. Það er því hægt, að gjöra garðinn frægan á annan hátt en með þegnskylduvinnu. Það er ljóst, að þann tíma, sem þegnskyldumennirnir eru í sameiningu að rækta landið á ákveðnum stað, þá eru ýmsir smáblettir, sem ræktaðir hefðu verið af sömu höndum, ef þær hefðu unnið heima hjá sjer, óræktaðir. Með öllu er því óvíst, að ræktuðu blettirnir verði í raun og veru samanlagðir stærri, þó þegnskylduvinnan komist á.

Hugsjónin er að vísu falleg, en það er erfiðleikum bundið að framkvæma hana, og á því strandar. Jeg er viss um, að það er ekki meira gagn að þessu, praktiskt sjeð, en heimspekilegu tilraununum til að bæta vinnubrögðin í landinu. Ef á að kenna fólki að hlýða, þá er að leggja áherslu á leikfimi í skólunum, en vegavinnan er ekki vel fallin til þess.

Með þessari stuttu athugasemd vildi jeg hafa gjört grein fyrir atkvæði mínu. Jeg lít þannig á, að ekki gjörist þörf á atkvæðagreiðslu um þetta, því að á þingmálafundum má ræða um málið, og hvernig þar verður í það tekið af kjósendum er ný bending til þingsins, hvort það eigi að ráðast í nokkrar framkvæmdir í þessu máli.

Það er sýnilegt, að áður en kemur til sjálfra framkvæmdanna, verður að stofna skóla, til að kenna verkstjóraefnum, og verður þá að athuga, hvort með öllu þessu sje ekki lagður svo drjúgur skattur á þjóðina, að hann verði henni alltilfinnanlegur eins og stendur.

Framsm. minni hl. (Matthías Ólafsson): Þá hafa nú flestir þeir, er væntanlega ætla að leggjast móti þessari tillögu, látið sitt ljós skína hjer í deildinni, en fremur bar það ljós daufa birtu. Að minsta kosti hafa ræður háttv. andstæðinga lítið upplýst málið. En þær hafa upplýst annað, sem jeg

veit þó ekki hvort þeim herrum hefir verið ljóst, en það er, hvernig ákveðinn þingflokkur tekur í málefni, sem líklegt væri til að hefja þjóðina á hærra þroskastig, og hve mikið þeir vilja á sig leggja, til að manna þjóðina. Jeg er, fyrir mitt leyti, ánægður með, að þjóðin fái að sjá, hverjar mótbárur þessir garpar hafa fært fram gegn tillögunni, og hve veigamiklar þær eru.

Jeg legg svo málið í dóm háttv. deildar og er þess fullviss, að ræður háttv. andstæðinga muni reynast málinu bestu meðmælin.

Þorleifur Jónsson: Jeg býst nú að vísu við, að þessi hugmynd hafi nokkurt fylgi hjá þjóðinni sem stendur, að minsta kosti hjá yngri kynslóðinni. Ungmennafjelögin munu víða vera fylgjandi þegnskylduhugmyndinni, og getur það verið mjög eðlilegt. Hugmyndin er í sjálfu sjer ekki lastandi, og kostum þegnskyldunnar hefir í seinni tíð verið mest á lofti haldið, en litlar athugasemdir komið fram um agnúa þá, sem á þessu máli eru þó vitanlega.

En þrátt fyrir þetta fylgi, sem þegnskyldan hefir fengið hjá Ungmennafjelögunum, hefi jeg ekki trú á, að þetta sje neitt sjerlega heppilegur uppeldisskóli fyrir þjóðina, því að það, sem vantar, er að hafa vel færa og mentaða menn, til þess að geta stjórnað öllum þessum lýð svo, að hann mannist. Af þessari sök, að jeg hefi enga trú á, að hægt sje, að ala upp verkstjóra á fám árum, er jeg gjörsamlega mótfallinn þessari hugmynd. Maður hefir einmitt reynslu fyrir því, að þar sem margir unglingar safnast saman, t. d. við uppskipun, í vegavinnu, eða öðru þess háttar, þá er það síður en svo, að það sje vanalega góður uppeldisskóli, nema þá að verkstjórinn sje yfirburðamaður. Og ætli að eitthvað líkt geti ekki orðið með þegnskylduna, því mennina vantar, er kunna að stjórna og ala lýðinn upp. Menn gætu fremur átt á hættu, að unglingar af góðum heimilum, vel upp aldir, spiltust hreint og beint. Því misjafn sauður yrði þar í mörgu fje, og ekki þarf að hugsa, að þau yrðu öll til góðs, þau áhrif, sem unglingarnir yrðu þar fyrir; það er jeg sannfærður um, jafnvel þótt stjórnin væri þolanleg, hvað vinnuna sjálfa snertir.

Jeg hefi ekki trú á, að trúmenska, háttprýði og alls konar siðsemi dafni fremur í hafnarvinnu og þess konar fjelagsskap, þar sem alls konar lýður safnast saman, en á heimilunum og í skólunum.

En svo eru margar fleiri hliðar á þessu máli, sem ekki hefir verið hreyft við. Það er mikið prjedikað um, hvað landið græði við þetta; það fái þarna vinnukraft fyrir ekkert. En er það nú víst, að svo sje? Einhver kostnaður held jeg að hljóti að verða við þetta. Er það ekki landið, sem á að fæða fólkið, meðan það er að vinnunni? Jeg býst við því, að fólk, sem vinnur í öðrum landsfjórðungum en það á heima í, fæddi sig ekki sjálft. Nei, landið verður að fæða fólkið. Við skulum segja, að 800 manns vinni árlega í 12 vikur. Ef fæðið er reiknað 1 kr. á dag fyrir manninn, og minna mundi það ekki verða, þegar landið ætti að útvega fæðið, þá kostar fæðið einungis, fyrir allan skarann í 12 vikur 67,200 krónur. Auk þessa er það venja erlendis, að menn, sem eru í herþjónustu, eru klæddir að einhverju leyti. Það væri því ekki til of mikils ætlast, þó að landið legði þegnskyldumönnum til hlífarföt og skófatnað, og gæti það ekki orðið minna en 10 kr. kostnaður á mann, og er lítið í lagt, en það mundi þó nema að minsta kosti 8 þús. kr. Þá þyrftum við um 20 verkstjóra, því að minni hyggju er það alveg nóg, að ætla hverjum verk-

stjóra 40 manns til að stjórna, það er ofætlun að heimta, að hann stjórni fleirum, enda mundi það reynast nóg fyrir þenna eina mann, að kenna svo mörgum mönnum aga, hlýðni, verklagni, stundvísi og allar þær dygðir, sem ætlast er til að menn læri. Dagkaup þessara verkstjóra gæti ekki verið minna en 7 kr. á dag. Kaup þeirra yrði þá í þessar 12 vikur 11,760 kr., en allur kostnaðurinn samanlagður yrði alt að 90 þús. kr. En þó yrði þetta að líkindum meira, því að mjer skilst, að landinu sje skylt að greiða fararbeina að heiman og heim.

Menn munu nú samt segja, að þarna fáist mikil vinna fyrið lítið endurgjald, en jeg er ekki alveg viss um það, þegar þess er gætt, að mikill hluti þessara manna eru unglingar, þetta 17 ára og eldri, þá er ekki hægt að leggja á þá eins mikla vinnu og þroskaða menn, það væri alveg nóg, að ætla þeim 8 stunda vinnu á dag, 10 stundir væri of mikið. Auk þess er ekki hægt að ætlast til, að óvanir menn afkasti eins mikilli vinnu, t. d. við vegagjörð, eins og æfðir og leiknir vegagjörðarmenn.

Þetta er ein hliðin á þessu máli, en það er eins og menn hafi himininn höndum tekið, af því að þetta sje alt saman »gratis« fyrir landið.

Og svo er annað enn. Halda menn, að þessir 800 menn gjöri ekki eitthvert gagn, vinni ekki neitt nytsamt fyrir þjóðina, þó að þeim sje ekki smalað saman í vegavinnu, járnbrautarlagningu eða hafnarvinnu? Jeg veit ekki betur en að flestir þessir menn sjeu að vinna heimilum sínum gagn, og vinnukrafturinn til sveita að minsta kosti er nú aðallega mest unglingar og aldrað fólk, en þjóðfjelagið er nú samansett af mörgum smá heimilum, svo að alt ber að sama brunni. Og menn þessir vinna margir ókeypis, t. d. þeir, er vinna fyrir örvasa foreldrum. Og jeg held, að það geti verið mjög mikið vafamál, hvort það er gróði fyrir þjóðfjelagið, að að taka unglinginn frá heimilinu, sem er kann ske eina stoð ekkjunnar, eða fátækra og heilsulítilla foreldra, um hábjargræðistímann, og láta hann fara á eitthvert annað landshorn og »púla« þar »fyrir föðurlandið« við vegavinnu, hafnargjörðir eða járnbrautarlagningu eða hvað sem er. En jeg held að í raun og veru sje það engum vafa bundið, að þetta er tap en ekki gróði, þegar á alt er litið.

Það verður fyrst, eins og háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) tók fram, að undirbúa verkstjórn, og hvað kostar það landið? Það er svo margt í þessu máli, er þarf að athuga. Þetta er sjálfsagt falleg og góð hugsjón, en samt er spursmál, hvort ekki fellur af henni mesta göfgin, ef fara á að lögskipa hana.

Menn leggja oft og einatt á sig í sveitunum nokkurs konar þegnskylduvinnu, með því að hlaupa undir bagga með þeim mönnum, sem verða fyrir einhverju áfelli. Ef t. d. einyrkinn legst veikur um bjargræðistímann og hefir engan fyrir sig að bera, þá hlaupa menn til og vinna hjá honum, ekki svo og svo mikill fjöldi í einu, heldur skifta menn því niður á sig, svo að það verði þiggjanda að sem bestum notum.

Þetta má alveg eins kalla þegnskylduvinnu, og hún er betri heldur en hún væri lögskipuð. Af því að jeg hefi þá skoðun, að alls ekki sje vert að lögbjóða þegnskylduvinnu hjer fyrst um sinn, einkum vegna þess, að jeg hefi enga trú á, að hún verði neinn uppeldisskóli fyrir þjóðina, þá álít jeg með öllu óþarft að bera málið undir þjóðina. Það getur að vísu verið, að hægt sje að telja þjóðinni trú um, að þessi hugsjón sje svo fögur, að hún megi ekki vera á móti henni. En

mjer finst skylda þingsins að rannsaka málið ítarlega og aðgæta allar hliðar þess, áður farið er að setja lög um þetta, jafnvel þótt meiri hluti þjóðarinnar fengist til að vera með því.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. september, var tillagan tekin til f r h. e i n n a r u m r.

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Jeg finn ekki ástæðu til þess að segja að svo stöddu annað en það, að nú er enn meiri ástæða til þess að fella þessa tillögu en áður, og vona jeg, að háttv. deild gangi vel frá henni.

Framsögum. minni hl. (Matth. Ólafsson): Þegar mál þetta var síðast til umræðu hjer í deildinni, munu hafa komið fram allar þær mótbárur, sem hægt var til að tína gegn því.

Það er því vert að athuga, hverjar þær mótbárur voru og við hve mikil rök þær hafa að styðjast. Andstæðingar málsins hjeldu því fram:

að málið væri draumórar, sem aldrei gætu rætst,

að ómögulegt myndi reynast að fá nýta verkstjóra,

að kostnaður landssjóðs yrði afarmikill,

að þjóðinni væri ekki eins ábótavant og haldið væri fram af flutningsmönnum,

að þetta fyrirkomulag legði afarþungan skatt á þjóðina í vinnutjóni þeirra manna, er að þegnskyldunni ynnu,

að óvanir menn framleiddu minna verk, og því yrði vinnan landssjóði jafnvel dýrari en launuð vinna.

Jeg vil nú í fám orðum athuga þessi andmæli, mjer liggur við að segja öfugmæli, eins og einn háttv. þm. komst að orði um kosti þá, er jeg hafði talið þegnskylduvinnunni til gildis.

Það er nú algild rökfræðisetning, að af því, að einn hlutur *sje* til, geti menn ályktað að hann *geti* verið, og það er jafnvel til önnur rökfræðisetning, sem einnig er rjett, að af því, að eitthvað er ekki til, geti menn ekki ályktað að það geti ekki verið til.

En nú vill svo vel til með þetta mál, að það má heimfæra undir fyrri setninguna.

Þegnskylduvinna hefir sem sje verið til í flestum löndum um allalngan tíma. Það kemur ekki málinu við, að víðast er hún samfara hernaði og nefndist þá hervarnarskylda. Það hefir oft verið tekið fram, að á slíkri hervarnarskyldu höfum vjer Íslendingar ekki þörf. En vjer höfum þess meiri þörf til annara starfa, til að bæta þetta vanræktа land, sem vjer búum í. Alt tal um draumóra er því út í loftið, ekkert annað en vandræða-tiltæki andstæðinganna, til að leiða athyglina frá málefninu.

Að ómögulegt myndi reynast að fá nýta verkstjóra er engu minni fjarstæða. Hví skyldum vjer Íslendingar vera það síðri öllum öðrum þjóðum, að meðal vor fyndust eigi efni í sæmilega verkstjóra? Nú er það alkunna, að á friðartímum eru hermenn notaðir til að vinna lík verk og ætlast er til að þegnskyldulýður vor vinni, og þá eru liðsforingjarnir sjálfsagðir verkstjórar, þótt verkfræðingar, að sjálfsögðu, leggi ráðin á. Jeg get ekki gjört svo lítið úr oss Íslendingum, að vjer getum ekki lært það, sem annara þjóða menn geta lært.

Það er fjarstæða að halda, að liðsforingjar annara þjóða sjeu allir *afburðamenn*. Þeir eru að sjálfsögðu eins og

fólk er fiest, en hafa þá þekkingu, sem útheimtist til að taka liðsstjórn að sjer. Sama mundi verða hjá oss.

Þá er sú mótbára, að kostnaður landssjóðs myndi verða mjög mikill. — Því skal ekki neitað, að það myndi kosta nokkurt fje, að fá vel lærða og nýta verkstjóra. En ef vjer hugsum nokkru sinni til að vinna þau stórvirki, sem vjer eigum óunnin, og sem vjer *þurfum* að vinna í nánustu framtíð, svo sem hafnagjörðir, brýr, vegi og áveitur, þá þurfum vjer að leggja mikið fje fram og afla oss nýtra verkstjóra, svo að þau verk fari ekki aflaga. — Sú mótbára er því einnig fánýt, þótt hún kunni að láta vel í eyrum alþýðu.

Þá er ágreiningurinn um, hve ábótavant oss sje í stundvísi, aga og hlýðni.

Það er á hvers manns vitorði, sem satt vill segja, að í þessum efnum er oss sjerlega ábótavant, og andstæðingar þessa máls fá engan hugsandi og heilskygnan mann til þess að votta það, að í þeim efnum sje alt hjer eins og á að vera. Þjóðin er sjerlega óstundvís og hikandi, og það tjáir ekki að leyna sjálfan sig þessu.

Svo er nú þessi mikli skattur, sem þegnskylduvinnan á að leggja á þjóðina í vinnutjóni. Þetta lætur vel í eyrum lítt hugsandi manna, en væri það ekki vel gjört, ef unt væri að hjálpa mönnum til að losa sig við það tjón, sem þeir bíða af slæpingnum? Hvern skatt leggur deyfð vor og óstundvísi á oss? Jeg er viss um að það má meta hann alt eins hátt og háttv. þm. Dal. (B. J.) mat atvinnutjónið við þegnskylduvinnuna. Og menn eyða árum saman til þess að búa sig undir lífsstöðu sína, jafnvel þótt fátækir sjeu, t. d. búfræðingar, sem oft vinna tvö sumur til þess, að fá sjer verklega æfingu, og er ekki fárast um það, þótt oft sje ekki hægt að benda á greinilegan árangur af því, því að oft vill svo til, að slíkir menn lenda í alt annarri vinnu og óskyldri. Nei, það yrði ekki tilfinnanlegt fyrir nokkurt heimili, þótt synir þess eyddu í þessu skyni 12 vikum, jafnvel af besta tímanum. Það væri ekki nema einu sinni á æfi þeirra, og þeir kæmu heim aftur færari en þeir fóru.

Loks er sú mótbáran, að þessir ungu og óvönu menn eigi að verða svo dýr vinnukraftur fyrir landssjóð. Það er einmitt best, að mennirnir sjeu ungir. Það er hægra að kenna þeim að vinna vel, sem ekki hafa þegar vanist á röng handtök. Þeir taka betur tilsögn, eða er ekki til gamalt máltæki um það, að örðugt sje að kenna gömlum hundi að sitja rjett?

Það er aldrei annað en fagurt að gjöra urðina að gróðrarbletti, og það er ekki hægt að koma því betur í framkvæmd á nokkurn annan hátt en þann, að koma á þegnskylduvinnu hjer á landi, og því verr, því lengur sem það dregst.

Það gæti orðið til ómetanlegs gagns fyrir alla upprennandi unga menn á landinu, ef þeir gætu átt kost á því, að koma saman og kynnast. Ef þegnskylduvinna væri komin á, þá ættu menn úr ýmsum hjeruðum kost á þessu. Þeir lærðu að þekkja hverir aðra, lærðu að þekkja mismunandi skoðanir á ýmsum málum, lærðu að þekkja hugsjónir annara; í þessu öllu saman yrði þeim mikill fengur. Þeir mundu eignast góða vini, sameiginlegar hugsjónir og sameiginlegar vonir, og ættu miklu fremur tök á að láta þær rætast eftir en áður. Þá yrði þjóðlífið okkar ekki eins ömurlegt og það er nú, og landið ekki heldur.

Jeg hefi tekið það fram, að ef tíminn, sem þegnskylduvinnan ætti að standa, þætti ekki nógu langur, þá væri jeg ekki á móti því, að lengja hann. Undir öllum kringumstæðum vil jeg koma því

þannig fyrir, að þetta komi að sem bestum notum. Þetta á ekki að vera húmbug; það á að koma að gagni landi og lýð. Það mætti heita nokkuð undarlegt, ef við lútum ekki sömu lögum í þessu efni og allar aðrar þjóðir.

Jeg vona, að háttv. deildarmenn verði mjer sammála um það, að rjett sje að skjóta þessu undir atkvæði allrar þjóðarinnar. Jeg býst reyndar við því, að þótt atkvæði yrðu greidd um málið, þá yrðu margir menn á móti því, og gæti jafnvel komið fyrir, að meiri hlutinn yrði það, en eitt er víst, að þá yrði málið rætt, og það er ekki nema holt hverju góðu máli.

Framsögum. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Jeg skal lofa því, að vera ekki langorður um þetta mál.

Háttv. framsm. minni hlutans (M. Ó.) segir, að við sjeum öllum öðrum þjóðum framar að óstundvísi og skorti á hlýðni. Þessi ósannindi er bráðnauðsynlegt að leiðrjetta. Jeg hefi farið um önnur lönd, og þekki þetta áreiðanlega miklu betur en háttv. þingmaður, og jeg hefi ekki orðið þessa var. Og þótt þetta væri nú eins og háttv. þingmaður segir, þá yrði það að engu gagni, að lögleiða þegnskylduvinnu hjer á landi. Það yrði sannarlega illur skóli, að hrúga saman fjölda ungra manna úr öllum stjettum og stöðum, til þess að kenna þeim hlýðni og stundvísi. Sömuleiðis vill háttv. þingmaður kenna þeim háttprýði og þrifnað. Við skulum nú hugsa okkur, að nokkur hundruð ungir menn og konur væru saman komin, til þess að vinna að vegavinnu, eða einhverju þess háttar. Þessi lýður yrði auðvitað að liggja í tjöldum. Hvað ætli yrði þá úr háttprýðinni og þrifnaðinum. Það eru auðvitað falleg orð, þetta, sem hv. framsögum. minni hlutans (M. Ó.) lætur alt af klingja hjer í deildinni, að það eigi að klæða landið, en jeg get fullvissað háttv. þingmann um það, að þetta er ekki aðferðin. Hjer eru menn rifnir út úr atvinnu sinni, frá þeim verkum, sem þeir kunna, og settir til að vinna þau verk, sem þeir hafa engan áhuga á og ekkert vit á.

Hv. þm. (M. Ó.) leggur mikla áherslu á það, að menn kynnist í þessari þegnskylduvinnu, og hve mikið gagn geti leitt af þessum kunningskap manna á meðal. Jeg skal ekki gjöra lítið úr gagninu, en jeg skal benda honum á, að menn hafa víðar tækifæri á að kynnast en í vegavinnu og því um líku. Jeg er ekki eins viss um neitt eins og það, að þessi þegnskylduvinna hefir ekki áhrif til menningar. Það er ómögulegt, að láta fara fram andlega kenslu samhliða moldarmokstri og því um líku.

Þegar menn eru að bera þessa þegnskylduvinnu saman við herskyldu í öðrum löndum, þá minnir það mig á ályktun í rökfræðinni, sem kölluð er á dönsku »Positiv Slutning i anden Figur«. Það hefir aldrei þótt góð regla, að fara eftir henni. Til þess að menn skilji, við hvað jeg á, þá skal jeg setja hjer dæmi upp á þess konar ályktun. Ef sagt er t. d. snjórinn er hvítur — sykrið er *hvítt*, þess vegna er snjórinn sykur, þá er það alveg sams konar, eins og þegar verið er að bera saman herskyldu og þegnskylduvinnu. Við vopnaæfingarnar hafa menn það sífelt í huga, að það geti komið fyrir á hverri stundu, að þeir verði að fórna lífi sínu fyrir föðurlandið. Úr þegnskylduvinnunni getur aldrei orðið annað en moldarmokstur eða eitthvað þess háttar. Er það ekki talsvert ólíkur grundvöllur?

Jeg er viss um, að það eru engar líkur til, að vonir háttv. þingmanns rætist, um að þetta mál verði til blessunar fyrir land og lýð.

Mjer hefir verið legið á hálsi fyrir

það, að jeg hafi sagt, að minni hlutinn ætlaði að sá löstum. Jeg get ekki gjört annað betra en að vísa til nefndarálits hans á þgskj. 517.

Þar segir svo:

»Hugsunarháttur allrar þjóðarinnar yrði innan fárra áratuga breyttur til hins betra. Tortrygnin, öfundin, einræningsskapurinn, fjelagslyndisleysið, áhugaleysið, óstundvísin, og með henni ýms óreiða í orðum og gjörðum, mundi væntanlega með öllu hverfa. Agaleysið færi í sömu gröfina, og á moldum þessara bresta og lasta mundu vaxa áhugi, hlýðni, háttprýði, atorka, fjelagslyndi, þrifnaður, stundvísi og áreiðanleiki í orðum og viðskiftum«.

Er þetta nú ekki alveg sama og jeg hefi sagt, að minni hlutinn vilji sá löstum og uppskera dygðir?

Guðmundur Hannesson: Jeg neyðist til þess, að gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Jeg ætla ekki að fara út í orðadeilur þær, sem orðnar eru á milli meiri og minni hlutans. Jeg verð í þessu máli nokkurn veginn mitt á milli þeirra beggja.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) hefir lýst því í allítarlegri og góðri ræðu, hve erfitt og kostnaðarsamt það yrði, að sjá fyrir nógum og góðum verkstjórum. Það er alveg rjett hjá honum. Til þess að þetta komi að notum, þá yrði þetta að vera nokkurs konar skóli, og kennarar við slíka skóla eru ekki gripnir upp úr grjótinu.

Fyrir mjer stendur þetta mál svo, að yrðu nú greidd atkvæði um það, þá er jeg nærri því viss um, að meiri hluti þjóðarinnar yrði á móti því. En væri nú ekki hugsanleg önnur leið í þessu máli? Væri ekki hugsanlegt, að semja heimildarlög og lofa svo sýslunum hverri fyrir sig að gjöra ákvæði um, hvort þau skyldu koma til framkvæmda eða ekki? Jeg býst við því, að það yrði hvort sem er haft þannig, að menn úr hverri sýslu yrðu látnir vinna innan hennar, oftast að þeim verkum, sem þeir þektu og væru vanir við.

Þá hefir mjer komið til hugar, að bygging steynsteypuhúsa væri vel fallin til þess, að vinna að í þegnskylduvinnu. Hjer bíða nú 5—6 þúsund sveitabæir, sem þarf að byggja upp sem fyrst. Ekki væri það ólíklegt, að þessu miðaði fyrr áleiðis, ef þegnskylduvinna kæmist á. Jeg hygg, að það væri nytsöm fræðsla fyrir flesta sveitamenn, að læra að steypa góðan vegg og vel af hendi leystan. Þeir gætu þá síðar steypt hlöður og ýms útihús sjálfir. Væri slík vinna alstaðar á landinu, þá væri hægt að steypa upp 140 bæi á ári. Jeg bygg, að það væri nauðsynlegra, að kenna mönnum að búa til vandaða steinsteypu en margt annað, sem kent er nú á tímum. Jeg sje hins vegar, að taka mætti fleira en þetta til að kenna; get þó ekki fallist að öllu leyti á álit minni hlutans, en er, eins og jeg hefi þegar sagt, mitt á milli þessara miklu óvina. En jeg mun greiða atkvæði með því, að þjóðin fái að segja álit sitt um málið.

Sigurður Sigurðsson: Jeg skal lofa því, að verða ekki langorður. Mig langar til þess að spyrja að því, hvort nokkur hafi athugað, hvað þessi atkvæðagreiðsla mundi kosta. Í öðru lagi vil jeg geta þess, að jeg tel að betur hefði farið á því, að þessi atkvæðagreiðsla hefði náð til allra manna, sem komnir eru til vits og ára. (*Sveinn Björnsson:* Menn geta nú verið nokkuð gamlir, þó þeir sjeu ekki komnir til vits). Jeg skal geta þess, að þetta mál hefir verið mikið rætt á ungmennafjelagsfundum. Jeg hefi verið á mörgum fundum, þar sem mál þetta hefir verið til umræðu,

og alstaðar hafa flestir eldri mennirnir verið á móti því, en yngri mennirnir því meðmæltir. Þess vegna hefði jeg helst kosið, að allir, sem orðnir eru 18 ára, fengju að greiða atkvæði um málið. Jeg verð að segja það, að þetta er mjög merkilegt mál. Hitt má vel vera, að ekki verði gott að koma því í framkvæmd, svo í lagi sje, og eitt er jeg viss um, að þegnskylduvinna verður aldrei framkvæmd á þann hátt, sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) talaði um. Það, sem unnið er að, verður að vera eign hins opinbera, og undir yfirumsjón stjórnarinnar, en ekki fyrir einstaka menn. Annars skal jeg ekki fara út í það, að ræða málið frekar en gjört hefir verið.

Jeg tel það rjett, að reyna, hvernig atkvæðagreiðsla fer um þetta mál. Það er nógu fróðlegt að sjá, hvernig henni reiðir af, og því mun jeg greiða atkv. með tillögunni. En hræddur er jeg um, að atkvæðagreiðslan muni ekki ganga að óskum þeirra manna, sem umfram alt vilja fá þegnskylduvinnu hjer á landi komið á.

ATKVGR.:

Till. 517 samþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Eggerz,
Einar Arnórsson,	Jóhann Eyjólfsson,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Magnús Kristjánss.,
Hannes Hafstein,	Sigurður Eggerz,
Hjörtur Snorrason,	Þorleifur Jónsson.
Jón Magnússon,	
Matthías Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Sveinn Björnsson,	
Þór. Benediktsson.	

Einn þingm. fjarstaddur.

Tillagan afgreidd til efri deildar.

(A. 696).

---

10. Reikningslaganefndartillögur.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ágúst, var útbýtt

Tillögum út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1912 og 1913. (A. 345).

Á 36. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. ágúst, voru till. teknar til fyrri umr.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Þetta mál, fjáraukal. 1912—13 og landsreikningar sama ár, standa í svo nánu sambandi hvort við annað, að það, sem sagt hefir verið um tvö seinni málin, getur að mestu leyti gilt um þetta. Jeg gjöri ráð fyrir, að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer þessar tillögur, sem nefndin áleit ekki ófyrirsynju fram bornar.

Fyrsta tillagan er fram komin vegna þess, að það hefir átt sjer stað undanfarið, að vaxtagreiðsla af veðlánum landssjóðs hefir dregist um skör fram. Það er óhæfilegt ástand, þegar slíkt dregst ár frá ári, og þess vegna er því beint til stjórnarinnar, að gjöra ráðstafanir til, að vextirnir verði framvegis innheimtir á rjettum tíma.

Önnur tillagan er viðvíkjandi skuld hlutufjelagsins Iðunnar. Eins og kunnugt er, var fjárhagur eldra fjelagsins tekinn að hallast, en landssjóður átti hjá því allstóra fjárhæð. Þess vegna er full þörf á, að stjórnin hafi glöggar

gætur á meðferð þessa bús, ef svo má að orði komast, og gjöri ráðstafanir til, að landið geti fengið sem allra mest upp í þessa skuld, og helst skuldina alla.

Þriðja tillagan er um það, að stjórnin gjöri framvegis sitt ítrasta til þess, að hindra það, að skrifstofukostnaður við æðstu stjórn landsins fari svo mjög fram úr áætlun, eins og verið hefir. Það er ekki nema eðlilegt, að þessi kostnaður fari eitthvað fram úr áætlun, því að það er nokkuð mikið gjört að því hjer á þinginu, að vísa málum til stjórnarinnar til undirbúnings. Þetta hefir oft töluverðan kostnað í för með sjer. Jeg verð að telja það rjett af þinginu, þegar það vísar málum til stjórnarinnar, sem sjáanlega hafa aukakostnað í för með sjer, að það jafnframt sjái fyrir því fje, sem með kann að þurfa, svo að fjárveitingin þurfi ekki að koma eftir á. Það getur oft valdið ágreiningi, en ef sjeð er fyrir hæfilegri fjárveitingu fyrir fram, þá er loku skotið fyrir það.

Fimta tillagan er komin fram út af því, að nefndin hefir orðið vör við, og fengið upplýsingar um það frá kunnugum mönnum, að eftirlitið með bændaskólunum er varla jafn fullkomið, eins og það var, meðan þeir hjetu búnaðarskólar og stóðu undir eftirliti amtsráðanna. Enda er ekki við því að búast, að stjórnarráðið geti eins vel litið eftir þessum skólum eins og nefnd manna, sem býr í nánd við skólana og á jafnan hægt með að kynna sjer ástand þeirra og skólabúanna yfirleitt. En það hefir mikla þýðingu, að þetta sje alt í sem bestu lagi.

Þá er 6. tillagan, um að dagpeningar starfsmanna landsins verði færðir niður til muna. Þeim hafa undanfarið verið greiddar 6—8 kr. á dag, þegar þeir hafa verið á ferðalagi í landsins þarfir. Þetta sýnast vera nokkuð háir dagpeningar, þegar landið borgar annan ferðakostnað þeirra og þeir hafa þar að auki föst og sæmileg laun. Nefndin leggur til, að þessir dagpeningar fari ekki fram úr 5 kr. framvegis.

Þá hefir nefndin fundið ástæðu til að geta þess, að reikningar efnarannsóknarstofunnar hafa undanfarið ekki komið fyrr en seint og síðar meir. Það sýnist ekki vera ástæða til, að slíkt eigi sjer stað. Eðlilegast væri, að reikningurinn kæmi fram svo snemma, að tekjurnar, ef nokkrar væru, kæmu á þann reikning, sem þær, að rjettu lagi, eiga að tilheyra.

Þá kem jeg að 8. og síðustu tillögunni. Henni víkur svo við, að stjórnarráðið hefir beint því til þingsins, að því bæri að taka ákvörðun um, hvernig það ætti að haga sjer gagnvart láni, sem á sínum tíma var lánað út á niðursuðuverksmiðjuna á Ísafirði. Jeg get nú ekki sjeð, að þetta heyri fremur undir þingið heldur en undir stjórnarráðið. En úr því að stjórnarráðið hefir beint þessu til þingsins, verður naumast hjá því komist, að þingið láti uppi álit sitt um það. Sá dráttur, sem orðinn er á þessu máli, er auðvitað alveg ótækur, en jeg býst við, að þinginu verði ekki gefin sök á honum. Það virðist vera sjálfsagt, að þingið skori á stjórnina að selja þessa eign, og að öðru leyti rannsaka, að hve miklu leyti fyrrverandi eigandi sje fær um að greiða það, sem þá kynni að vanta á fulla greiðslu skuldarinnar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til, að fjölyrða meira um þetta. Jeg hygg, að tillögurnar sjeu allar á góðum rökum bygðar, og nefndin væntir þess, að þær verði teknar til greina.

Ráðherra: Út af ræðu háttv.

framsm. (M. K.) vildi jeg leyfa mjer að gjöra örfáar athugasemdir.

Eftir því, sem mjer hefir verið skýrt frá, munu varla vera mikil brögð að því, að vextir af veðlánum sjeu úti standandi. Ef það er borið saman við útistandandi vexti í öðrum stofnunum, t. d. í bönkunum, þá mun sá samanburður ekki verða landsstjórninni í óhag.

Viðvíkjandi h. f. Iðunn skal jeg geta þess, að það hefir greitt vexti til 3. des. 1914. Það lán, sem viðlagasjóður á þar, að upphæð 35,000 kr., er trygt með 1. veðrjetti í verksmiðjunni, og verð jeg að telja það nægilega tryggingu, enda hefir nýja fjelagið tekið láníð að sjer. Það er því engin ástæða til, að ganga að fjelaginu fyrir þessu láni, sem jeg hygg, eins og jeg tók fram, að sje nægilega trygt með fasteign þeirri, sem fjelagið á.

Viðvíkjandi þriðju tillögunni, um skrifstofufje stjórnarráðsins, skal jeg geta þess, að til þess kostnaðar voru í seinustu fjárlögum, 1914—1915, veittar 18000 kr., en hann varð um 20,000 kr. Það lítur svo út, að reikningslaganefndin hafi furðað sig á þessum kostnaðarauka. En jeg skal leyfa mjer að benda á það, að meðal annars hefir orðið að bæta við einum starfsmanni á 3. skrifstofu, vegna vörutollsins. Líka má geta þess, að kol og annað eldsneyti hefir hækkað mjög mikið í verði, og kemur það líka niður á stjórnarráðinu, en það á nú að vísu ekki að öllu við þetta tímabil. Jeg hygg, að ef þessi hækkun er borin saman við hækkun á öðrum starfsmönnum landsins, t. d. póst- og símamönnum, þá mundi sá samanburður ekki verða stjórnarráðinu í óhag. Þess má enn fremur geta, að símskeytakostnaður fer stöðugt vaxandi. Ekki er því til að dreifa, að starfsmenn stjórnarráðsins sjeu svo vel launaðir, ekki þeir óæðri að minsta kosti. Það er einungis vegna »yfirproduktionar« á lögfræðingum, að hægt er að fá menn til að vinna fyrir svo lág laun. Ella mundi þess alls ekki kostur.

Um 4. liðinn, að skora á stjórnina, að leita jafnan aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslum, er það að segja, að sú tillaga er rjettmæt, enda hefir jafnan verið venja að gjöra það.

Um 5. liðinn er mjer ekki vel kunnugt. Jeg veit ekki, hvort ástæða er til að skipa sjerstaka nefnd, til að hafa á hendi eftirlit með bændaskólunum. Mjer er ekki kunnugt um, að forstöðumönnum skólanna hafi farið starf þeirra illa úr hendi. Jeg veit ekki heldur, hvort nefndin hefir athugað það, hvort það sje samþýðanlegt lögunum um bændaskóla, að skipa slíka nefnd. Jeg hefi ekki haft tíma til að gjöra það, en það er hægt að athuga það, áður en málið kemur til seinni umræðu. Það mun vera svo, samkvæmt 6. gr. laganna, að landsstjórnin hafi á hendi yfirumsjón með þessum skólum, en hitt skal jeg ekki segja til fulls, hvort nefndarskoðun sje ósamrýmanleg lögunum. Jeg skal athuga það nánar síðar.

Um 6. liðinn, út af dagpeningum starfsmanna landsins, verð jeg að segja það, að það getur aldrei munað miklu, hvort þeir fá 5 eða 6 kr. Mjer er nær að halda, að þeir sjeu ekki ofhaldnir af að fá 6 kr., því þeir þurfa ár frá ári að takast á hendur dýrar ferðir. *(Sigurður Sigurðsson:* Þeir fá auk þess annan ferðakostnað greiddan). Jeg veit það, en við getum ekki búist við, að starfsmenn landsins ferðist eins og ómagar eða hreppakerlingar.

Í öðrum löndum fer þetta nokkuð eftir því, hvernig embættismaðurinn er settur. Það eru gjörðar hærri kröfur til æðri embættismanna, að þeir ferðist ríkmannlegar en aðrir lægri embættis- eða sýslunarmenn. Í Noregi fara þess-

ar ferðakostnaðarupphæðir eftir sjerstökum »scala«, og virðist það ekki óeðlilegt. Menn verða að gæta þess, að fólkið gjörir beinlínis kröfur til þess, að starfsmenn landsins ferðist nokkurn veginn ríkmannlega, og það er á nokkru bygt. Auk þess er aðgætandi, að ávalt verður dýrara og dýrara að ferðast á landi hjer. Og það verða menn einnig að taka til greina, einnig um dag- eða fæðispeninga svo nefnda.

Viðvíkjandi 7. lið skal jeg kannast við það, að þar er rjettmæt aðfinsla að því, að reikningar efnarannsóknarstofunnar hafa ekki komið eins fljótt og skyldi.

Um 8. lið, niðursuðuverksmiðjuna á Ísafirði, er það að segja, að fjárnám hefir þegar verið gjört í henni. Hvort heppilegt sje að selja strax, læt jeg ósagt. En jeg býst ekki við, að mikið fáist af »debitor«, eins og sakir standa nú. Það er annars leitt, hvernig farið hefir verið með þetta lán, sem upphaflega var veitt samkvæmt fjárlögum 1912 og 1913. Hvort lánveitingin hafi verið heppileg, veit jeg ekki um, enda ber jeg enga ábyrgð á því.

Sigurður Sigurðsson: Það eru tvær smáathugasemdir út af tillögum reikningslaganefndarinnar, sem mig langar til að gjöra. Hin fyrri er viðvíkjandi bændaskólunum og eftirlitinu með þeim. Stjórninni hefir hingað til verið ætlað að líta eftir þeim, og það hefir hún gjört, eftir því, sem jeg veit best. Jeg hygg, að viðvíkjandi meðferðinni á jörðunum og húsum skólanna sje alt gott að segja. Þessu var áður nokkuð ábóta vant á Hólum, en nú er orðin breyting á því. Annars mætti minna á það, að í landsreikningunum koma ekki fram reikningsskil skólabúanna, eða í hverju eftirgjaldið eftir bú og jörð er fólgið, og við þetta mun tillagan miðuð. Fjárlaganefndin athugaði þetta og endurskoðendur landsreikninganna hafa óskað eftir, að skýr skilagrein þessa kæmi fram í landsreikningunum.

En þessu er nú svo háttað, að jörðin og búið er leigt skólastjórum, en þeim er aftur á móti heimilt að inna það af hendi í jarða- og húsabótum á skólajörðinni. Þetta hafa þeir gjört, og oftast frekar en eftirgjaldinu nam. En reikningar yfir þetta hafa ekki komið fram, og væri æskilegt, að breyting yrði á því eftirleiðis. Að öðru leyti er mjer óhætt að fullyrða, að skólajarðirnar eru vel setnar og búskapurinn í góðu lagi.

Hitt er viðvíkjandi 6. athugasemdinni, um dagpeninga embættismanna. Niðurstaða fjárlaganefndar og reikningslaganefndar hefir orðið svipuð, að því er þenna lið snertir. Fjárlaganefndin vildi, að upphæðin væri hin sama fyrir alla, en ekki þannig, að sumir fengju 8—10 kr. á dag, en aðrir ekki nema 5—6 kr. Jeg skil það svo, að þessir dagpeningar sjeu að eins fæðispeningar, því að auk þeirra er mönnum greiddur allur annar ferðakostnaður, hestleiga, borgun fyrir fylgd o. s. frv. Mjer virðist engin ástæða til þess, að ákveða þessa dagpeninga hærri en reikningslaganefnd leggur til. Það er jafnvel gífurlega hátt, þegar litið er til þess, hvaða dagpeninga ýmsir aðrir starfsmenn hins opinbera fá, þar sem *allur* ferðakostnaðurinn á dag nemur ekki meiru en 5—6 kr. Auk þess er á það að líta, að þessir eftirlitsmenn landsstjórnarinnar, sem hjer er um að ræða, svo sem landritari, biskup og landlæknir, eru hálaunaðir menn, og því síst ástæða til, að fara hærra með dagpeningana en reikningslaganefndin leggur til.

Framsm. (Magnús Kristjánsson): Hæstv. ráðherra hefir nú svar-

að ræðu minni, og er jeg að sumu leyti ánægður með svar hans, en að sumu leyti ekki.

Það er vel farið, að breyting er orðin á um útistandandi vexti af veðlánum, svo að búast má við, að það verði í góðu lagi framvegis. Um það hefi jeg ekki meira að segja — tek orð hæstv. ráðherra trúanleg.

Sömuleiðis er ánægjulegt að heyra um Iðunni, að hið nýja fjelag hefir tekið að sjer skuldina til landssjóðs, svo að þar er engin hætta á ferðum. Samt sem áður tel jeg fullar ástæður hafa verið fyrir hendi hjá endurskoðendum, að gjöra athugasemdir viðvíkjandi þessu, því að af svörum stjórnarinnar varð það ekki sjeð, hvernig málinu var varið.

Jeg held, að hæstv. ráðherra hafi ekki tekið eftir orðum mínum viðvíkjandi skrifstofukostnaði stjórnarráðsins. Jeg var ekki svo mjög að fárast yfir því, hve mikill hann væri, en jeg álít það heppilegra, að stjórnin gjörði grein fyrir því fyrir fram, hve mikið hún þyrfti að nota, svo að hægt væri að komast hjá aukafjárveitingu. Jafnframt tók jeg það fram, að rjett væri, að þingið veitti fje í fjárlögunum, þegar það vísaði málum til stjórnarinnar, til þess að greiða kostnaðinn, sem það hefði í för með sjer.

Þá hefir hæstv. ráðherra látið þá skoðun í ljós um 4. athugasemdina, að hún væri rjettmæt, svo að jeg þarf ekki að minnast á hana.

Um bændaskólana get jeg ekki talað af eigin þekkingu — vantar kunnugleikann —, en í nefndinni sat maður, sem er víst manna best kunnugur högum þeirra og hann fullyrti, að hægt væri að hafa nánara eftirlit með þeim en nú ætti sjer stað. Býst jeg við, að hann hafi þar átt við hið sama og háttv. 1. þingm. Árn. (S. S.) var að tala um. Það vantar alla greinargjörð fyrir því, hvernig jarða- og búsafgjaldið er innt af hendi, og þótt það sje greitt með umbótum á jörðinni, þá er það ekki rjett, að byggja á frásögnum hlutaðeigandi einna, þótt mjer detti ekki annað í hug en að þeir sjeu hinir samviskusömustu menn. Jeg býst við, að á jörðum sjeu tvenns konar hús, bæði í þarfir skólans og búsins. Kostnaðinum við þau verður að halda vel aðgreindum. Jeg held, að full ástæða sje til þess, að athuga það nánar, hvort farið er eftir fyrirmælum laganna um bændaskóla, að því er þetta atriði snertir. Jeg vil ekki deila mikið við stjórnina um eftirlitið, en jeg býst samt við því, að þótt hún eigi að hafa yfireftirlit með skólunum, þá útiloki það ekki, að samin sje reglugjörð fyrir þá með fyrirmælum í svipaða átt og nefndin hefir stungið upp á. Jeg gjöri þetta ekki að neinu kappsmáli, því að jeg finn, að mig brestur kunnugleika.

Viðvíkjandi dagpeningum embættismanna skal jeg geta þess, að eins og hjer stendur á, þá virðist svo, sem þeir sjeu fullsæmdir af því fje, sem nefndin hefir stungið upp á. Jeg verð að álíta 5 kr. á dag fullnóga fæðispeninga, þegar þess er gætt, að þeir halda óskertum launum sínum, og fá auk þess allan annan ferðakostnað borgaðan. Og ef maður vill vera smásmuglegur, þá má gjöra ráð fyrir því, að matur mundi kosta þá eitthvað heima fyrir, ef þeir sætu heima þann tíma, sem fer í ferðalagið.

Sjöundu athugasemdina hefir hæstv. ráðherra fallist á.

Um niðursuðuverksmiðjuna á Ísafirði skal jeg ekki orðlengja. Athugasemdin er fram komin vegna þess, að stjórnin hafði í svörum sínum snúið sjer til þingsins um álit þess. En jeg hygg, að það eigi allerfitt með það, og verði að treysta stjórninni. Jeg hefi svo ekki fleira um að tala. Það er ekki mikið, sem milli ber.

Það hefir sýnt sig, að flestar athugasemdirnar hafa verið rjettmætar, eftir því sem reikningar lágu fyrir. Skal jeg svo ekki lengja tímann með lengri ræðu.

Bjarni Jónsson: Jeg skal geta þess út af 6. lið athugasemdanna, að mjer virðist hann bygður á sannsýni og vera í samræmi við annan sparnað þingsins, sem menn hafa nú alt af á vörunum. Liðurinn fer fram á það, að færa niður óþarfan ferðakostnað hálaunuðustu embættismannanna. Mjer virðist það óþarft að greiða þeim úr landssjóði 8 kr. á dag, til þess að kaupa sjer mat, sem þeir þurfa ekki að borga, eða borga að eins dreng 1 krónu virði fyrir að gæta hesta. Jeg vil ekki velta fje í þessa menn fram yfir aðra. Og fyrst landið hefir ekki efni á að borga nauðsynlegum starfsmönnum sínum, þá á síst við, að vera að ryðja í hálaunaða embættismenn fæðispeningum um skör fram. Jeg minnist þess hjer um árið, þegar viðskiftaráðunautarinn var að senda reikninga sína, þá var farið svo nákvæmlega í sakirnar, að veður var gjört út úr óþarfa kaffibollum, sem hann hafði drukkið. Jeg tek þetta fram til þess að gleðja þá mörgu menn hjer, sem alt af eru að tala um sparnað, hallalaus fjárlög o. s. frv. Þarna hafa þeir tækifærið, þótt í litlu sje, til þess að sýna, að það er ekki bara á vörunum, sem þeir hafa þessa hugsun.

Þá er önnur hlið á málinu, og hún er sú, að mjer virðist það hart, að þeir starfsmenn landsins, sem best eru launaðir, skuli hafa svona háa fæðispeninga, en lægra launaðir starfsmenn, svo sem t. d. ráðunautar, hafa mikið minna. Um leið og jeg felst á tillögu nefndarinnar vil jeg geta þess, að jeg legg það inn í hana, að hún eigi jafnframt við aðra embættismenn eða fasta starfsmenn landsins, svo sem ráðunautana. Búnaðarfjelagið er í raun og veru ekki annað en ein af skrifstofum stjórnarráðsins, og ráðunautur þess því embættismaður landsins, alveg eins og t. d. hinn vinsæli grísku-dócent. Jeg vil, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) fái hjer eftir 5 kr. á dag í fæðispeninga, bæði vegna þess, að jeg vil ekki gjöra upp á milli fastra starfsmanna landsins, og líka vegna þess, að hann er ágætis maður, t. d. hefir hann kent vatninu í Miklavatnsmýri að renna upp í móti. Það má líka hafa til hliðsjónar. Jeg mun því greiða atkv. með þessum lið.

8. lið mun jeg greiða atkvæði á móti. Þingið hefir engin gögn í höndum, til þess að geta sagt nokkuð um það mál. Það er stjórnin, sem verður þar að gæta hagsmuna landsins og hefir best tök á því. Þar verður að fara eftir því, sem landinu og hlutaðeigandi manni er haganlegast. Jeg vil því fella þennan lið, og vísa málinu aftur til stjórnarinnar.

5. lið mun jeg greiða atkvæði með. Jeg tel það sjálfsagt, að stjórnin hafi ríkt eftirlit með skólum þeim, er þar eru nefndir.

Að öðru leyti skal jeg ekki tala nema um 3. athugasemdina. Þetta má nú segja svona með hógværum orðum, ef ekki á að liggja í því áskorun um að takmarka vinnukraft stjórnarinnar. Jeg vil ekki að það sje gjört, því að það kemur oft fyrir, einkum í stórmálum, að stjórnin hefir ekki nægum mannafla á að skipa hjá sjálfri sjer, og hlýtur því að leita til sjerfræðinga, og fara þá sum árin fram úr tilætluðum fjárveitingum. Jeg veit, að störf hennar vaxa sífelt með allri þeirri skriffinsku, sem nú tíðkast, og skal jeg ekki lasta það, að sem mest og best sje skrifað, en það er ekki rjett, að setja stjórninni mjög þröng takmörk í þessu, hver sem hún er. Jeg treysti því, að engin stjórn fari þar úr hófi fram; það skyldi þá vera

ef hún ætti frændlið, sem hún þyrfti að annast um. Jeg segi ekki að svo hafi verið hjer hingað til, en það getur alt af hugsast. Og þótt svo væri, þá er það mál svo vaxið, að jeg fer ekki út í það. Það á ekki við, að þingið sje að saka stjórnina um slíkt. Ef hjer er að eins verið að biðja stjórnina að vara sig á öllum óþarfa, þá er jeg með því, en ef hitt er meiningin, að banna henni sjálfsagða starfskrafta, þá er verr farið en heima setið, og sjerstaklega nú, þegar alt er svo dýrt og öllum svo illa launað, að ástæða væri til hækkunar. Skal jeg í því sambandi nefna einn mann í stjórnarráðinu, einmitt af því, að út af veru hans þar hefir orðið úlfaþytur. Landið hefir þó sannarlega ekki skaða af honum, og það væri nær að láta hann njóta dugnaðar síns við skrifstofustörf og ríða heldur undir stjórnina að borga honum betur. Jeg á hjer við Gísla Ísleifsson. Síðan hann kom í stjórnarráðið hefir hver einasta stjórn hælt honum fyrir framúrskarandi dugnað, en launin eru alt of smá. Vil jeg því skora á stjórnina að auka þau.

Ráðherra: Þótt einhver sparnaður kynni að verða af tillögum háttv. landsreikninganefndar, þá býst jeg við, að umræðurnar hjer á þingi um hann myndu eta hann upp.

Mjer skildist svo á háttv. framsm. (M. K.) sem hann væri ekki mjög harður út af aukafjárveitingum, og væri á því, að ekki bæri að ætla of lágt til æðstu stjórnar landsins, og er jeg þar á sama máli. Það hefir sýnt sig á landsreikningnum fyrir 1912--1913, að útgjöld hafa farið 10 þús. kr. fram úr áætlun. Nú er áætlunin 112 þús. á fjárhagstímabilinu, eða 56 þús. kr. á ári í frumv. stjórnarinnar, og sýnir það, að hæstv. fyrv. stjórn hefir einnig verið á því, að hækka þyrfti áætlunina. Enginn efast um það, að starfskraftar stjórnarráðsins eru ónógir, síst of miklir. T. d. þurfti að bæta við fullkomnum manni vegna vörutollsins. Símareikningar kiefja og mjög mikils starfs. Hvernig stendur annars á því, að ekki skuli hafa komið fram aðfinnslur við einn lið, sem sje alþingiskostnaðinn, því að það er þó líka liður í landsreikningnum?

Um búnaðarskólamálið skal jeg taka það fram, að það er rjett hjá háttv. reikningslaganefnd, að það er ekkert á móti því frá sjónarmiði laga frá 10. nóv. 1905, þótt þessi nefnd væri sett, og ekkert á móti því, að málið sje athugað rækilega.

Því, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, er jeg að mestu samþykkur. Það er þýðingarlaust, að takmarka nokkuð frekar fjárveitingar til starfa í stjórnarráðinu, því að þau verður að vinna, hvort sem þingið hefir ætlað til þeirra of lágt eða of hátt, svo að þá liggur ekki annað fyrir en að greiða það, sem fram yfir kann að vera.

Hann mintist í því sambandi á styrk til vina og frænda, og kemur það ekki mjer við, því að jeg hefi ekki enn þá fengið tækifæri til þess, að veita neinum neitt í stjórnarráðinu. *(Bjarni Jónsson:* Jeg nefndi ekki heldur slíkt, hvoki um hæstv. núverandi ráðherra, nje hæstv. fyrirrennara hans). Það mun og vera óhætt, því að þótt jeg sje hjer ekki til þess að taka hans málstað, þá veit jeg ekki til, að neitt slíkt verði um hann sagt; hann veitti þarna eina stöðu, svo jeg vissi til, og hefi jeg ekkert við þá veitingu að athuga.

Mjer dettur eitt í hug út af bændaskólunum, sem ef til vill þyrfti að athuga, og það eru dagpeningar starfsmanna búnaðarfjel. á ferðalögum. Jeg held, að reikningslaganefndin hafi ekki gjört það, en einhvers staðar hefir þó komið fram athugasemd um það, að

rjett væri að fara með þá eins og póst- og símamenn, og jeg er á því. Jeg held, að háttv. nefnd hafi verið full hörð, þegar hún skamtaði þeim þessar 5 kr. Það er hæpið, að þær dugi, ef menn eiga ekki að þurfa að ferðast alveg eins og hreppakerlingar. Maturinn kostar nú 4 kr. á 1. fari á skipum, eða 4,50, og þá er ekki eftir af dagkaupinu nema 1 kr., eða þá 50 aurar. Ef þeir láta sjer nægja með einn aukakaffibolla, þá játa jeg, að það hrekkur, en þá er líka upp talið það, sem þeir mega drekka. *(Rödd:* Þeir geta drukkið vatn). Já, en þrátt fyrir það eru það óskrifuð lög, að allir, sem sæmilegir farþegar vilja heita, verða að gefa einhverja drykkjupeninga, hvort sem þeir drekka nokkuð eða ekki neitt, sumir 10%, aðrir meira, fæstir minna. Jeg vildi fyrir mitt leyti ekki eiga að ferðast á 1. farrými fyrir 5 kr. á dag, og er jeg þó ekkert gefnari fyrir að sólunda fje en alment gjörist. Ef þetta er t. d. borið saman við ferðalög alþingismanna og miðað við þá daga, sem þeir eru á ferðinni, þá held jeg að þeir verði ekki verr úti.

Einhver nefndi ráðunauta Búnaðarfjelags Íslands í sambandi við þetta. Jeg hefi auðvitað ekkert á móti því, að Búnaðarfjelagið borgi þeim fæðispeninga og ferðakostnað, en það kemur ekki stjórninni við. Ef t. d. háttv. samþingismaður minn (S. S.) teldi sig vanhaldinn í þeirri grein, þá ætti hann að snúa sjer þangað, en ekki til mín.

Bjarni Jónsson: Jeg neyðist til að gjöra örlitla athugasemd, því að þó að landið sje nú svo illa statt, að háttv. efri deild lýsi yfir því, að það hafi ekki ráð á 20 þús. kr. í júlímánuði, þótt líf lægi við, þá er jeg nú samt samdóma hæstv. ráðherra um þetta stórmál, að hækka þessar 5 kr. upp í 6 kr., og jeg myndi ekki hika við, ef brtt. kæmi í þá átt. En þar sem hann segir, að embættismenn, eins og ráðunautar Búnaðarfjelags Íslands, sjeu ekki undir sig gefnir, þá skil jeg það ekki. Þeir eru þó launaðir úr landssjóði, og þegar þeir þurfa að ferðast um og gefa leiðbeiningar, þá er sjálfsagt, að þeir hafi ekki verri skildaga en aðrir starfsmenn landsins. T. d. ef það væri nú háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), þá væri það nóg, að hann er alt of lágt launaður, ekki nema 1500 kr. á ári. Jeg sný ekki aftur með það, að ef landið ætlar að láta menn beitsla vatnsföll og láta árnar renna upp á móti, þá sjer það ekki sóma sinn, ef það sjer ekki vel fyrir þeim.

Ráðherra: Mjer þykir háttv. þm. Dal. (B. J.) vera undarlega fáfróður um Búnaðarfjelag Íslands. Því eru ákveðin 54 þús. kr. í fjárlagafrumv., og það fje er borgað til stjórnar þess, og ræður hún alveg, hvernig hún úthlutar því, og hvaða menn hún hefir í sinni þjónustu. *(Bjarni Jónsson:* Þetta er nýr ráðherra). Að nokkru leyti er þetta rjett, því að þetta er ein, tiltölulega ný grein af framkvæmdarstjórn landsins. Annars gleður það mig, hve umhugað háttv. þm. (B. J.) er orðið um háttv. samþingismann minn (S. S.). Jeg hefi sjaldan sjeð hann brosa svo hýrt við honum. »Á þeim degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir«, og vildi jeg óska, að það stæði sem lengst.

Framsm. (Magnús Kristjánsson): Hæstv. ráðherra hefir viðurkent, að athugasemdir nefndarinnar sjeu rjettar, og eigi tillagan því að samþykkjast, svo að við erum þá að verða sammála, og þarf þá ekki að deila um þetta lengur.

Hann furðaði sig á því, hæstv. ráðherra, að ekki hefðu komið fram aðfinslur við alþingiskostnaðinn, og skal

jeg gjöra grein fyrir því, hvers vegna það er ekki. Í fyrsta lagi hefir nefndin ekki fundið til þess, að hann hafi keyrt úr hófi, og svo álítur hún og fleiri, að þingið starfi svo mikið, að það sje langt frá því að vera ofborgað. Því er að vísu af sumum haldið fram, að þeir sjeu óþarflega málugir, sumir þingmennirnir. Það er nú eins og það er virt, og varla verður það með rökum sagt um okkur þessa nefndarmenn, að við aukum þingkostnaðinn fram úr hófi fyrir mælgi sakir. En ef þeir eru einhverjir mælskugarparnir, sem má segja um, að þeir tali bæði í tíma og ótíma, þá þeir um það. Nefndin áleit, að það lægi fyrir utan hennar verksvið að víta það, og þar sem málfrelsi er í rauninni sjálfsagt í þinginu, þá getur hún ekki talið það eftir, þótt þeir tali að sumra dómi nokkuð fram yfir það, sem nauðsyn krefur. Það kom því ekki til mála, að gjöra neinar athugasemdir út af þessu, og það vona jeg að hæstv. ráðherra viðurkenni.

Þá var samanburður á ferðakostnaði alþingismanna og annara. Hann held jeg að verði örðugur, þar sem aðrir hafa engin árslaun og ekkert nema dagpeninga sína. Þá er engin furða, þótt þeir »beri eins mikið úr býtum« í dagpeninga, eins og hæstv. ráðherra komst að orði, eins og hinir, sem hafa föst laun, sem nema 10—20 krónum á dag, auk dagpeninga og ferðakostnaðar, en þingmenn hafa ekki nema 8—10 kr. á dag, og engin föst laun. Þetta er því engan veginn sambærilegt.

Út af því, sem minst var á Búnaðarfjelag og bændaskóla í þessu sambandi, þá er jeg þar á gagnstæðri skoðun hv. þm. Dal. (B. J.). Því verður ekki neitað, að það fjelag er sjálfstæð stofnun, sem ekki þarf að gjöra Alþingi grein fyrir starfsemi sinni, og búnaðarþingið hefir á hendi ótakmörkuð umráð yfir fje þess, án þess að það, mjer vitanlega, þurfi neitt að leita til stjórnarráðsins í því efni. Aftur á móti standa bændaskólarnir beinlínis undir stjórnarráðinu, svo að hjer er óliku saman að jafna.

Ráðherra: Jeg held, að háttv. þm. Ak. (M. K.) hafi misskilið mig. Jeg nefndi kostnaðinn við Alþingi, og það var ekki meiningin með því, að fást um það, hvað mikið menn töluðu. Það stendur ekki í neins manns valdi, að afstýra *málæði* því, sem við gengst hjer á þinginu. En hjer er á margs konar annan kostnað að líta, t. d. við útgáfu Þingtíðindanna og skrifstofuna. Í fyrra var bent á það, að hann væri ofmikill, og hefir hann nú verið minkaður með betri ráðsmensku hæstvirtra forseta og skrifstofustjóra.

Háttv. þm. (M. K.) má ekki skilja mig svo, sem jeg sje að telja eftir mönnum þingfararkaup, en hitt stend jeg við, að þeir verða ekki verr úti en aðrir, sem ferðakostnað hafa frá hinu opinbera.

Jeg veit ekki nema það væri heppilegra, að Búnaðarfjelag Íslands stæði undir stjórninni, að því er reikningsfærslu snertir, þótt svo sje ekki nú, enda hafa áður heyrst raddir hjer á þingi í þá átt.

ATKVGR.:

1. tölul. á þgskj. 345 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. tölul. tekinn aftur.
3. tölul. samþ. með 11 : 1 atkv.
4. tölul. samþ. með 14 shlj. atkv.
5. tölul. samþ. með 12 : 1 atkv.
6. tölul. samþ. með 12 : 3 atkv.
7. tölul. samþ. með 12 shlj. atkv.

8. töluliður samþyktur með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til síðari umr. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. ág., var málið tekið til síðari umr. (A. 424, 444).

Sveinn Björnsson: Jeg og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) eigum saman eina brtt. á þgskj. 444. Það er einungis lítilfjörleg breyting, sem hún fer fram á, nefnilega það, að hækka fæðispeninga opinberra starfsmanna úr 5 kr. upp í 6 kr. á dag. Þessi breyting er í samræmi við álit fjárlaganefndarinnar, en sú nefnd hefir líka haft þetta mál til íhugunar. Við álítum, að það sje sanngjarnt, að allir opinberir starfsmenn landsins af líku tagi hafi sama kaup, og álítum, að það megi ekki vera minna en 6 kr. á dag.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta smámál, en vona, að háttv. deild sjái sjer fært að ganga inn á þessa tillögu okkar.

Framsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi ekki haft tækifæri til að bera mig saman við landsreikningsnefndina um þessa brtt., enda er það ekki von, því hún er ekki komin fram, fyrr en nú á síðustu stundu.

Jeg fyrir mitt leyti gjöri þetta ekki að neinu kappsmáli, en sje þó ekki, að komið hafi fram neinar verulegar ástæður fyrir þessu. Því þótt það sje skoðun fjárlaganefndarinnar, að hækka beri fæðispeninga starfsmanna landsins, þegar þeir eru á ferðalagi, þá er það ekki ástæða, sem að sjálfsögðu beri að taka til greina.

ATKVGR.:

Brtt. 444 samþ. með 16 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Hannesson,
Einar Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Guðm. Eggerz,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Kristjánss.,
Jón Magnússon,	Stef. Stefánsson,
Matthías Ólafsson,	Þór. Benediktsson.
Pjetur Jónsson,	
Sigurður Eggerz,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Sveinn Björnsson.	

Jóhann Eyjólfsson, Sig. Sigurðsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hl.

Einn þingm. fjarstaddur.

Tillögurnar allar samþyktar með 19 samhljóða atkvæðum og afgreiddar til efri deildar.

(A. 463).

---

11. Ábyrgðarfjelög.

Á 63. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um ábyrgðarfjelög (A. 1007).

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpunum, eftir tilmælum flutningsmanns, til þess að mega þá þegar samstundis taka till. til meðferðar hvernig ræða skuli, svo og að því loknu

að mega þá væntanlega taka hana til einnar umr., og galt deildin jákvæði við hvorutveggja.

Flutnm. (Sv. Björnsson): Eins og menn muna, var samþ. hjer í deildinni till. til þingsál. um að skora á stjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumv. til laga um stofnun innlends lífsábyrgðar- og slysaábyrgðarfjelags, og stjórninni heimilað að verja 5000 krónum til þessa. Er til efri deildar kom, var tillagan afgreidd með rökstuddri dagskrá, sem skorar á stjórnina að rannsaka og undirbúa undir næsta þing stofnun innlends lífs-, *sjó-* og slysaábyrgðarfjelags, og ætlast til, að stjórnin mætti verja nauðsynlegu fje úr landssjóði til þessa.

Þessi tillaga, sem hjer er fram komin, fer fram á það, að Nd. taki undir með hv. Ed. í þessu máli. Jeg vona, að allir geti orðið mjer sammála um að samþ. þessa tillögu.

Sigurður Eggerz: Jeg mun verða með þessari tillögu. Hún fer í alveg sömu átt og sú rökstudda dagskrá, sem jeg bar hjer fram í hv. deild, er brunatryggingin var hjer til umr. Í fullu samræmi við það leyfi jeg mjer að mæla með því, að þingsályktunartillagan verði samþyt.

ATKVGR.:

Tillagan samþykt með 15 : 1 atkv., og afgreidd til ráðherra, sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 1011).

12. Mælir og vog.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um mæli og vog,

eins og hún var samþykt við eina umr. í Ed. (A. 942).

Á 60. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. september, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ, án atkvgr.

Á 63. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. september, var tillagan tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

Till. samþykt með 22 shlj. atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu þessir

já:

Björn Hallsson,
Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,
Guðm. Hannesson,
Hannes Hafstein,
Jóhann Eyjólfsson,
Pjetur Jónsson,
Sigurður Eggerz,
Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,
Sveinn Björnsson,
Þorleifur Jónsson.
Þór. Benediktsson.

Enginn þingmaður sagði nei.

Eggert Pálsson, Benedikt Sveinsson, Einar Arnórsson, Einar Jónsson, Guðm. Eggerz, Jón Jónsson og Magnús Krist-

jánsson greiddu ekki atkvæði, og töldust með þeim, er sögðu já.

Þrír þingmenn voru fjarstaddir.

Till. afgreidd til ráðherra, sem *ályktun Alþingis.*

(Sjá A. 1012).

II.

Þingsályktanir um skipun nefnda.

1. Sjávarútvegsnefnd.

Á 4. fundi í Nd., mánudaginn 12. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun sjávarútvegsnefndar (A. 23).

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. júlí, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stak upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 6. fundi í Nd. miðvikudaginn 14. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flutningsm. (Guðm. Eggerz): Slík nefnd sem sú, er hjer ræðir um, var skipuð á þinginu 1913, og voru þá allir sammála um, að sú nefndarskipun væri sjálfsögð. Eins og menn vita, er sjávarútvegurinn annar aðalatvinnuvegur þessa lands, og nefndin var skipuð í því skyni, að sjá málum sjómannastjettarinnar sem best borgið. Það eru allir sammála um nauðsyn þessarar nefndar, svo að jeg sje ekki ástæðu til að tala sjerstaklega fyrir tillögunni. Hún talar best fyrir sjer sjálf.

ATKVGR.:

Sjö manna nefnd samþ. með 21 shlj. atkv.

Í nefndina kosnir með hlutfallskosningu þeir

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson,
Guðmundur Eggerz,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

---

2. Dýrtíðarnefnd.

Á 4. fundi í Nd., mánudaginn 12. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga og gjöra tillögur um dýrtíðarráðstafanir o. fl. (A. 26).

Á 6. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. júlí, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. í einu hljóði.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 15. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flutningsm. (Sveinn Björnsson): Eins og kunnugt er, hófst heimsstyrjöldin mikla í fyrra meðan þingið var hjer saman komið. Var það þá þegar ljóst, að bráðnauðsynlegt var að þingið gjörði ýmsar ráðstafanir hennar vegna, og það var líka gjört með nokkrum lögum, og þá einkanlega með lögum frá 1. ágúst 1914. Þá var sett nefnd til aðstoðar landsstjórninni og henni þá um leið gefnar ýmsar heimildir, sem þurfa þótti, þar á meðal til þess, að verja handbæru fje landssjóðs til vörukaupa, til að stöðva lán úr landssjóði, banna útflutning á vörum, ef þurfa þætti, og eins að taka vörur eignarnámi hjá framleiðendum, eða öðrum.

Síðasta grein þessara laga var á þá leið, að þau skyldu þegar öðlast gildi og gilda þangað til næsta þing kæmi saman. Samkvæmt þessu er þá svo komið nú, að síðan 7. þ. m. hefir stjórnina brostið þessar heimildir, ef hún þyrfti þeirra með. Þeirra hefir nú að vísu aldrei þurft allra, en sumra þó, og enginn er kominn til að segja, að þeirra geti ekki þurft. Þau voru samin, þessi lög, í byrjun, þegar kvíðinn fyrir ófriðarvoðanum hafði gripið menn, þótt mönnum væri þá ekki full ljóst, hvað fram undan var. Nú hefir ófriðurinn bráðum staðið yfir í heilt ár, og ætti þá að vera hægra að segja um, hvað nauðsynlegast er að gjöra, til þess að fyrirbyggja yfirvofandi hættur. Það er að vísu erfitt, að segja nokkuð fyrir með nákvæmni á þessum tímum, en jeg er sannfærður um það, að hvað sem því líður, þá má þingið ekki sitja auðum höndum, horfa upp á það, að þessi lög frá því í fyrra falli úr gildi, en bæta engu við í þeirra stað. Jeg gjöri líka ráð fyrir því, að það sje vilji þjóðarinnar, að þingið taki þetta mál til meðferðar nú, og því hefi jeg komið fram með þessa tillögu, að kosin verði sjerstök nefnd, til þess fyrst og fremst, að draga úr afleiðingunum af fyrirsjáanlegri dýrtíð. Alt hækkar í verði ekki hvað síst aðflutta varan, og áreiðanlega hefðu afleiðingarnar orðið verri, en þær þó hafa orðið, ef ekki hefðu verið gjörðar sumar af þessum ráðstöfunum, sem heimilaðar voru í fyrra, og svo bráðabirgðalögin um skipun verðlagsnefndar. Jeg gjöri nú ráð fyrir, að sú ráðstöfun nái samþykki þingsins, og skal því ekki tala frekar um hana.

En fyrir utan þetta, sem nú hefir verið talið, þá hefir nú og íslenska varan hækkað mjög mikið í verði; er það að vísu gott fyrir framleiðendur; en við það vaknar þó og annað alvörumál. Verð á kjöti er nú t. d. orðið gríðarmiklu hærra en áður. Vjer vitum að vísu ekki nákvæmlega, hvað það kann að verða í haust, en ekki lætur fjarri því, að það muni verða helmingi hærra en áður var, og getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir sjávarþorpin og kaupstaðina, sem ekki framleiða kjöt, eða þá í mjög litlum mæli. Af slíku getur hlotist hrein og bein neyð fyrir þá, sem ekki eru framleiðendur sjálfir. T. d. hlýtur það að verða mjög tilfinnanlegt fyrir Reykvíkinga. Jeg bendi á þetta af því, að eitt af því, sem tilfinnanlegast er, ef ekki verður útvegað með nálega eðlilegu verði, er einmitt kjöt, og reyndar mætti líka nefna fisk, og það ætti ekki að vera ókleift. Það er alkunnugt, að mikið hefir mönnum tekist að gjöra í þá átt annars staðar, og ef þessi nefnd yrði vel skipuð, ætti hún að sjá þau úrræði, að jeg vænti, að það myndi duga.

Enn fremur vildi jeg lauslega drepa á það, hvort ekki mætti jafnframt hafa það í huga, sem gjört hefir verið ann-

ars staðar, en það er að leggja á svo kallaðan stríðsskatt. Ófriðurinn hefir haft þær afleiðingar bæði hjer og annarsstaðar, að einstakir menn, einkum sumir kaupmenn, hafa grætt miklu meira fje, en ella mundi. Ófriðurinn hefir beinlínis kastað fje upp í hendur þeirra, fyrirhafnarlaust eða fyrirhafnarlítið, og hefir þá í öðrum löndum verið lagður sjerstakur skattur á þessa menn fremur venju. Þetta vil jeg benda væntanlegri nefnd á að taka til athugunar, því að vjer vitum það, að hætt er við því, að erfitt verði um fjárhaginn þessi árin. Hætt við að ýmsar tekjugreinar kunni að verða lægri en vant er, og mætti þá ef til vill fylla eitthvert skarðið með þessu.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta mál að sinni. Jeg vænti þess, að því verði vel tekið, og ef einhverjir hv. þm. hefðu eitthvað sjerstakt við það að athuga, þá væri það heppilegt, að þeir ljetu það í ljósi við nefnd þá, er væntanlega verður kosin, eða þá við umr. hjer í deildinni.

ATKVGR.:

Tillagan samþ. með 22 shlj. atkv.

Fimm manna nefnd samþ. og í hana kosnir með hlutfallskosningu þeir

Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson,
Sveinn Björnsson.

---

3. Landbúnaðarnefnd.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun landbúnaðarnefndar. (A. 27).

Á 6. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. júlí, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti lagði til, að ein umræða væri höfð um tillöguna, og var deildin því samþykk.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 15. júlí, var tillagan tekin til einnar umr.

Flutnm. (Jón Jónsson): Okkur flutningsmönnum þessarar tillögu, þótti rjett, að kosin væri á þessu þingi nefnd, til að íhuga landbúnaðarmál, svo sem siður hefir verið til, að undanförnu.

Meðal annara framfara, sem við teldum æskilegar, er t, d. það, að rafmagn yrði notað meira en gjört hefir verið, bæði til suðu og annars, og ætlum við, að það mundi geta haft mikla þýðingu til hagsmuna fyrir landsmenn. Það hefir verið erfitt hingað til, vegna kostnaðarins, og hyggjum við því þörf á að löggjafarvaldið láti það mál til sín taka.

Jeg skal ekki að þessu sinni tala meira fyrir þessari tillögu, en óska þess að eins, að hún verði samþ.

ATKVGR.:

Till. samþ. með 19 shlj. atkv., og í nefndina kosnir með hlutfallskosningu þeir

Bjarni Jónsson,
Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,
Björn Hallsson,
Guðm. Hannesson.

Síðan fekk nefndin við sig bætt, með samþykki deildarinnar, þeim

Hirti Snorrnsyni og
Jóhanni Eyjólfssyni.

4. Þingskapanefnd.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. júlí, var útbýtt
Tillögu til þingsdlyktunar um skipun nefndar til að íhuga og koma fram með tillögur um þingsköp handa Alþingi. (A. 29).

Á 6. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. júlí, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Eftir tillögu forseta var ákveðin ein umr. um málið.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 15. júlí, var tillagan tekin til einnar umr.

Ráðherra: Í stjórnarskrárfrv. því, er hlaut konungsstaðfestingu 19. júní þ. á., eru ýmsar breytingar gjörðar á stjórnskipunarlögum vorum, sem leiða það af sjer, að óhjákvæmilegt er, að breyta þingsköpum Alþingis í samræmi við það. Í 8. gr. gömlu þingskapanna er t. d. ákvæði, sem byggist á því, að nokkurir þingmanna sjeu konungkjörnir, og margt fleira mætti nefna. Í fyrra kom af þingmanna hendi fram frumv. um breytingar á þingsköpunum. Það var afgreitt frá Nd., en Ed. samþykti rökstudda dagskrá um að skora á landsstjórnina, að undirbúa málið fyrir næsta þing. Það hefir ekki verið gjört, enda ekki vel hægt að gjöra það, fyrr en vitað var, hvort stjórnarskrárfrumvarpið fengi staðfestingu eða ekki.

Nú er staðfestingin fengin.

Í gildandi þingsköpum er, sem sagt, ýmislegt, sem óhjákvæmilegt er að breyta, en auk þess eru í þeim ýms atriði, sem margir góðir menn fella sig illa við. Ef þingið afgreiðir ekki nú þessar nauðsynlegustu breytingar,sem jeg nefndi og af breytingu á stjórnskipunarlögunum leiðir, verður stjórnin nauðbeygð til, að setja bráðabyrgðalög um þær fyrir næsta þing, ef það á að vera hægt, að heyja það lögum samkvæmt. Jeg hefi talið rjett, að fara fram á, að nefnd verði skipuð hjer í deildinni, til þess að athuga málið og koma fram með tillögur um það.

Mjer er kunnugt, að í ráði er, að sams konar tillaga til þingsályktunar verði borin fram í Ed. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en vona að deildin taki því vel, og að nefndin verði skipuð í samræmi við þingsályktunartill. á þgskj. 29.

ATKVGR.:

Tillagan samþ. með 21. samhlj. atkv. og í nefndina kosnir með hlutfallskosningu þeir

Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,
Jón Magnússon,
Guðmuudur Eggerz,
Bjarni Jónsson,
Þórarinn Benediktsson,
Guðm. Hannesson.

---

5. Strandferðanefnd.

Á 5. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. júlí. var útbýtt
Tillögu til þingsdlyktunar um skipun nefndar, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um strandferðir. (A. 28).

Á 6. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. júlí, var tillagan tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. orðalaust.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 15. júlí, var tillagan tekin til einnar umr.

Ráðherra: Í fyrra sumar var tillaga eins og þessi borin fram í báðum deildum og samþykt. Af ástæðum, sem jeg mun bráðum greina, tel jeg heppilegt, að sams konar tillaga verði einnig borin fram nú.

24. október 1913 voru samningar gjörðir við eimskipafjelag Björgvinjar, um að fjelagið hjeldi uppi ferðum frá Austur- og Vestur-Noregi um Færeyjar og umhverfis Ísland. Samningurinn, sem er prentaður í Stjórnartíðindunum 1913, B. 265, átti að gilda frá í apríl 1914 til í apríl 1916. Samningurinn kom til framkvæmda í apríl 1914, eins og til var ætlast, og er fjelagið skyldugt að halda uppi strandferðum til í apríl að ári, en þá er samningstíminn útrunninn. Sem þóknun fyrir strandferðirnar og póstflutninginn fær fjelagið 30 þús. kr. á ári.

Enn fremur var gjörður samningur um strandferðir við stórkaupmann Thor E. Tulinius fyrir hönd fjelags eins, sem ekki er nafngreint í samningnum (Stjt. 1913 B. 271). Sá samningur skyldi gilda bæði fyrir 1914 og 1915. Reyndar segir í samningnum, að Tulinius hafi heimild til, að segja honum upp fyrir 1. ágúst 1914, ef hann, fyrir fjelagsins hönd, vilji ekki halda uppi ferðunum 1915. En það hefir ekki verið gjört, og gildir samningurinn því enn og til ársloka næstu. Þetta fjelag fær einnig 30 þús. kr. þóknun á ári.

Loks hefir verið ákveðið í fjárlögum 1914—1915, að Eimskipafjelagi Íslands skyldi greiða 40 þús. kr. á yfirstandandi fjárhagstímabili, ef það kæmist á fót og tæki til starfa á árinu 1915.

Þessi skilyrði eru bæði uppfylt, og styrkurinn þegar að nokkru leyti útborgaður, og verður greiddur, það sem eftir er, á sínum tíma.

Eins og kunnugt er, heldur Sameinaða gufuskipafjelagið danska uppi ferðum milli Danmerkur og Íslands og kringum landið. En það er ekki styrkt af landsfje, heldur ríkissjóði Dana.

Með lögum nr. 53, 10. nóv. 1913, var landsstjórninni veitt heimild til að kaupa hluti í Eimskipafjelagi Íslands fyrir alt að 400 þús. kr., gegn því, að fjelagið hjeldi uppi strandferðum umhverfis landið með tveimur eða fleiri strandferðaskipum. Ferðirnar skyldi hefja svo fljótt, sem því yrði við komið, í síðasta lagi 1. apríl 1916. Svo var til ætlast, með öðrum orðum, að Eimskipafjelagið tæki við strandferðunum, er samningurinn við Björgvinjarfjelagið gengi úr gildi. En ef samningar við Eimskipafjelagið tækjust ekki, einhverra hluta vegna, var stjórninni leyft að kaupa eða leigja skip til strandferða og henni heimilað að taka lán til þess, alt að 450 þús. kr. Sú lántökuheimild var síðar hækkuð upp í 500 þús. kr. með lögum nr. 41, 2. nóv. 1914. Mun það hafa verið gjört með hliðsjón af því, að búist var við, að verðið á strandferðaskipum yrði hærra en upphaflega var ráðgjört, vegna ófriðarins.

Hinn 4. febr. 1914 var gjörður samningur milli landsstjórnarinnar og Eimskipafjelagsstjórnarinnar, um að landssjóður keypti hluti í Eimskipafjelaginu fyrir 400 þús. kr. Var samningur þessi bygður á lagaheimildinni, er jeg gat um áðan (l. nr. 53, 10. nóv. 1913). Af þessari upphæð voru greiddar samkvæmt samningnum 100 þús. kr. 1. júní 1914, en eftirstöðvarnar skyldi greiða fyrir 1. febr. 1915. Það hefir ekki verið gjört.

Samkvæmt samningnum átti Eimskipafjelagið að halda uppi strandferðum frá 1. apríl 1916 með 2 strandferða-

skipum eða fleirum, enda skyldi landssjóður samkvæmt samningnum 4. febr. 1914 greiða sanngjarnan styrk til þeirra ferða. Tilætlunin var sú, eins og sjá má af 5. gr. og 4. gr. samningsins, að 300 þús. krónurnar skyldi lagðar í hluti til kaupa í strandferðaskipunum. Ef fjelagið fullnægir nú eigi skilyrðunum um strandferðirnar, sem ekki er útlit fyrir, að það geti bókstaflega gjört að sinni, sýnist landssjóður, *eftir tjeðum samningi*, óbundinn um hlutakaupin. En svo er að sjá, sem þingið í fyrra hafi ætlast til, að samningnum við Eimskipafjelagið yrði ekki riftað, jafnvel þótt svo færi, að það gæti ekki int af hendi þá skyldu, að halda uppi strandferðunum. Þetta má sjá á skjölum frá samgöngumálanefnd þingsins í fyrra. Og í þingsál.-till., sem þá var samþykt, er landsstjórninni heimilað að semja við fjelagið um strandferðir á árunum 1916 og 1917, fyrir alt að 77300 kr. hvort árið.

Nú er svo komið, vegna styrjaldarinnar miklu, að ekki er útlit fyrir, að hægt verði að afla strandferðaskipa fyrst um sinn. Að vísu er hægt að komast að samningum um smíði á skipum. En verð á efni í skip hefir hækkað svo gífurlega síðan ófriðurinn hófst, að skip kosta nú 70—80% meira en áður. Það er því varla viðlit, að leggja út í kaup á nýjum skipum að svo stöddu. Og er þá einsýnt, að Eimskipafjelagið getur ekki tekið að sjer strandferðirnar í apríl næstkomandi á þann hátt, sem til var ætlast upphaflega, að leggja til þeirra *nýj* skip.

Þá er spurningin sú, hvernig fara muni um strandferðirnar.

Stórkaupmaður Thor E. Tulinius, sem á eitt skip, »Ísafold«, er verið hefir í förum kringum strendur landsins, hefir skrifað stjórnarráðinu og skýrt frá, að hann vildi helst vera laus við strandferðirnar næsta ár. Er svo að skilja á brjefi hans, sem hann þykist ekki hafa haft hagnað af strandferðunum. Hins vegar hefir Tulinius sent stjórnarráðinu tilboð, sem annað hvort er komið eða kemur bráðlega til þingsins, um að selja landinu skipið »Ísafold«. Um þetta hefir stjórnarráðið hvorki sagt til nje frá. Jeg get þó skýrt frá því, að mjer hefir sagt maður, sem vit hefir á skipum og er vel kunnugur þessu skipi, að ekki væri ráðlegt að ganga að þessum kaupum.

Mjer er ekki kunnugt um, hvort Björgvinjarfjelagið vill halda áfram strandferðunum. Jeg hefi ekki leitað hófanna hjá því, aðallega fyrir það, að í Kaupmannahöfn átti jeg tal við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, og hann taldi líklegt, að fjelagið gæti fengið skip á leigu með viðunandi kjörum, og tekið að sjer strandferðirnar með þeim leiguskipum. Hann kvað fragtskipin vera aðallega dýr, en síður þau skip, sem bæði eru ætluð til farþega- og vöruflutnings. En þannig þurfa strandferðaskipin að vera. Bjóst framkvæmdarstjórinn við, að geta sagt af eða á um þetta, þegar hann væri kominn heim. Nú er hann kominn, og mun gefa væntanlegri nefnd í máli þessu upplýsingar í þessu efni. Bæði vegna þessa, og eins af því, að þingið fór í hönd, vildi jeg ekki að svo komnu leita fyrir mjer hjá Björgvinjarfjelaginu, þar sem von var um, að þess þyrfti ekki við.

Allir hljóta að vera á eitt mál sáttir um, að þetta mál sje mjög mikils varðandi fyrir landið, og sjálfsagt, að þingið gjöri sjer far um að íhuga það sem best. En til þess er nefndarskipunin sjálfsögð.

ATKVGR.:

Tillagan samþ. með 22 shlj. atkv. og kosnir í nefndina með hlutfallskosn. þeir

Magnús Kristjánsson,
Eggert Pálsson,
Pjetur Jónsson,
Sigurður Eggerz,
Hjörtur Snorrason,
Jón Jónsson,
Sveinn Björnsson.

6. Þegnskyldunefnd.

Á 7. fundi í Nd., fimtudaginn 15. júlí, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að athuga þegnskyldumálið. (A. 40).

Á 8. fundi í Nd., föstudaginn 16. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 17. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flutnm. (Matthías Ólafsson): Það eru nú liðin 12 ár síðan, að tillaga í þessa átt var borin fram á Alþingi. Mjer hefir aldrei blandast hugur um, síðan jeg fyrst heyrði þessa máls getið, að fegurri hugmynd hefir aldrei verið varpað fram í þessum sal, nje líklegri til þess að verða landi og lýð til blessunar.

En hugmyndinni var tekið með kæruleysi, og sumstaðar mætti henni allmikil mótspyrna, en aðallega drap hana áhugaleysi almennings. Það er þó ekki rjett að orði komist, að hún hafi verið drepin. Hugmyndin dó ekki, en hún hefir sofið. Góðar hugsjónir deyja ekki, og er gott til þess að vita. Öllum góðum hugsjónum safnast áhangendur, fyrr eða síðar, og svo hefir farið um þessa fögru hugsjón.

Síðari árin hafa þegnskyldumálinu unnist fleiri og fleiri áhangendur. Mentaskólinn og, að jeg held, flest ungmennafjelög landsins, hafa tekið það á sína stefnuskrá. Á búnaðarþinginu hefir það verið til umræðu, og fengið góðar undirtektir. Kveður nú alstaðar við annað hljóð en fyrst, er þessu máli var hreyft. Menn eru farnir að sjá, að hugmyndin er bæði hyggileg og þjóðræknisleg, og að mikið gott muni leiða af henni fyrir landið, ef hún kemst í framkvæmd.

Það er sjerstaklega fyrir tilmæli Mentaskólanemenda, að jeg hefi borið fram þessa tillögu. Mjer er það ljúft verk, ef það gæti orðið til þess, að málið kæmist í framkvæmd, áður en langt um líður. Hins vegar tel jeg ekki heppilegt, að hrapað verði að því. Slíkt mál sem þetta á að vera vel undir búið og ætti að berast undir þjóðina, áður en til framkvæmda kæmi. Jeg get ekki sagt svo mörg lofsorð um málið, sem jeg kysi. Verði tillagan samþykt, sem jeg vona að hún verði, vildi jeg óska, að í nefndina veldust þeir menn, sem af alúð vilja vinna að því, að hrinda málinu áleiðis.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að þessu sinni, mjer gefst ef til vill tækifæri til þess síðar. Jeg vil að eins mæla hið besta með nefndarsetningunni.

ATKVGR.:
Tillagan samþykt með 16 samhljóða atkv.
Kosnir í nefndina með hlutfallskosningu þeir
Bjarni Jónsson,
Matthías Ólafsson,
Jóhann Eyjólfsson,
Þorleifur Jónsson,
Sveinn Björnsson.

III.
Þingsályktanir teknar aftur.

1. Forðagæslumálið.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um forðagæslumálið. (A. 171). [Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.]).

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, var tillagan tekin til einnar umr.

Forseti tók tillöguna út af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 26. ágúst, var till. tekin til frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur Hannesson): Landbúnaðarnefndin hefir komið sjer saman um, að taka tillögu þessa aftur, vegna þess, að hún er að mestu samhljóða till. þeirri frá forðagæslunefndinni, er nú var samþykt.

Það, sem skilur, er örlítið, en jeg skal þó geta þess, að í tillögu landbúnaðarnefndar var tekið fram, að stjórnin skyldi ekki grenslast eftir þessu, fyrr en á næsta vori. Má þá sjá, hversu forðagæslulögin reynast þennan veturinn. Annað var það, að sumum í landbúnaðarnefndinni fanst sem þgskj. 108 væri stílað þannig, að það ýtti dálítið undir þá, sem væru á móti forðagæslulögunum. Nefndin vildi að þessu leyti vera hlutlaus.

Tillagan
tekin aftur.

---

2. Þorlákshafnarkaup.

Á 26. fundi í Nd., föstudaginn 6. ágúst, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um kaup á Þorlákshöfn. (A. 244).

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var það samþykt án atkvgr.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. ágúst, var tillagan tekin til einnar umr.

Forseti tók tillöguna út af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. ágúst, var tillagan aftur tekin til einnar umr.

Forseti tók till. aftur út af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. ágúst, var tillagan enn tekin til einnar umr.

Flutnm. (Sigurður Sigurðsson): Eins og kunnugt er, og menn sjálfsagt muna, þá var þetta mál hjer fyrir aukaþinginu í fyrra. Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) flutti þá frumvarp um hafnargjörð í Þorlákshöfn, og var þar gjört ráð fyrir því, að þingið styrkti það fyrirtæki og veitti lán til þess. Nefndin, sem kosin var þá í málið, breytti frumvarpinu og lagði það til, að stjórninni væri heimilað að kaupa þessa jörð með gögnum og gæðum, eða taka hana eignarnámi, það af henni, sem nauðsynlegt kynni að þykja, ef til þess kæmi, að gjöra þar höfn.

Við umræðurnar kom það þá glögt í ljós, hver nauðsyn er á því, að eitthvað verði í þessu gjört, og þarf jeg ekki að endurtaka það. En geta skal jeg þess, að eftir því, sem útvegurinn þar austan fjalls eykst, eftir því verður þörfin enn meir aðkallandi á umbótum til öryggis eða hafnargjörðar.

Lendingar eru alstaðar afleitar, eintómar hafnleysur, og Þorlákshöfn eini staðurinn, sem hægt er að leita til í brimi. Þó er hún ekki algjörlega einhlít, því oft kemur það fyrir, að þar gjörir ófæran sjó, og þá eru allar bjargir bannaðar þeim, er á sjó sækja.

Jeg vil geta þess í þessu sambandi, að útvegurinn á þessum slóðum, og sjerstaklega í Þorlákshöfn, hefir aukist nú upp á síðkastið. Frá því 1874 hafa gengið þaðan til jafnaðar frá 18 til 20 og upp í 24 skip á ári, með hjer um bil 16 mönnum hvert. En næsta vetur mun vera fullráðið, að þaðan gangi 30 skip, með 15—17 manns til jafnaðar, eða með öðrum orðum hjer um bil 500 manns alls. Þetta er stór floti og mikill manngrúi, sem hættir þarna lífi sínu á vetrarvertíðinni, þegar allra veðra er von.

Í næstu veiðistöð, Selvogi, hefir undanfarið gengið einn bátur til fiskjar. Nú er áætlað, að þrír bátar gangi þaðan, með hjer um bil fimtíu manns.

Í Herdísarvík hefir enginn útvegur verið í mörg undanfarin ár, en í vetur er kemur eiga að ganga þaðan sex skip, með hjer um bil hundrað manns samtals.

Í veiðistöðvunum milli Ölfusár og Þjórsár hafa að undanförnu gengið margir opnir bátar til fiskjar, en nú hefir sá útvegur breytst í mótorbátaútgjörð. Úr þessum þremur veiðistöðvum þar, Eyrarbakka, Stokkseyri og Loftsstöðum, ganga nú ekki nema sex eða sjö bátar, með hjer um bil hundrað manns. En aftur á móti hefir mótorbátum fjölgað svo, að nú er gjört ráð fyrir, að frá Eyrarbakka gangi sjö, frá Stokkseyri seytján, og auk þess einn úr Selvogi. Þetta verða því alls tuttugu og fimm mótorbátar, með hjer um bil eitt hundrað og fimtíu mönnum samtals. Það kemur því á daginn, að úr þessum veiðistöðum milli Ölfusár og Þjórsár og utan Ölfusár ganga alls 45 opin skip og 25 mótorbátar, með hjer um bil 900 mönnum samtals. Þegar á þetta er litið, og hins vegar aðgætt hafnleysið á þessu

svæði, þá get jeg ekki skilið, að neinum manni fái dulist, að nauðsynlegt er að gjöra eitthvað frekara en gjört hefir verið, til þess að tryggja líf þessara manna, er á sjó sækja úr þessum veiðistöðvum.

Að tilhlutun Fiskveiðafjelags Íslands og eftir óskum manna alment þar eystra, þá hefir verið rannsakað lítillega, hvar hentast mundi að koma upp sæmilega góðri fiskiskipahöfn og hvað hún mundi kosta. Jón verkfræðingur Ísleifsson hefir gjört lauslega áætlun um kostnaðinn. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að Þorlákshöfn er eini staðurinn á þessum slóðum, þar sem mönnum hefir komið til hugar, að hægt væri að koma upp slíkri höfn, án þess að hún kostaði of fjár. Jeg veit, að til tals hefir komið að byggja höfn bæði á Eyrarbakka og Stokkseyri, en öllum, sem um þetta hafa hugsað og sem nokkuð þekkja til, dylst ekki, að höfn þar, á hvorum staðnum sem væri, mundi kosta geysi mikið fje. En hins vegar býst jeg við, að höfn í Þorlákshöfn þyrfti ekki nauðsynlega að verða svo afardýr. Samkvæmt bráðabirgðaáætlun Jóns verkfræðings Ísleifssonar gjörir hann ráð fyrir, að hún mundi kosta hjer um bil 670,000 kr. Hann gjörir ráð fyrir fiskiskipahöfn, og þó sjerstaklega mótorbátahöfn, er jafnframt væri hægt að nota sem höfn fyrir trollara og enda stærri skip, ef þau þyrftu að leita þangað vegna óveðurs eða af öðrum ástæðum. Jón Ísleifsson hefir einnig gjört áætlun um tekjur þær og gjöld, er höfnin leiddi af sjer, eftir að hún væri komin upp. Jeg skal að eins leyfa mjer að nefna aðaltölurnar. Hann áætlar árlegar tekjur af höfninni 91,500 kr., en gjöldin áætlar hann 50,900, eða sem næst 51,000 kr. á hverju ári.

Til samanburðar við þetta skal jeg leyfa mjer að upplýsa, að tekjur þær, er nú fást af allri eigninni Þorlákshöfn, nema árlega hjer um bil 6000 kr., og er þó ef til vill ekki alt talið með. Þetta sýnir, að jafnvel nú gefur eignin af sjer álitlegar tekjur, og er sannarlega vert að athuga það, þegar um kaup á jörðinni er að ræða.

Máli þessu, um kaup á Þorlákshöfn, var í fyrra vísað til stjórnarinnar. En jeg hygg, án þess þó, að jeg vilji fullyrða neitt um það, að stjórnin hafi harla lítið í þessu máli gjört eða getað gjört. Enda má vel vera, að hún hafi þóttst hafa öðrum hnöppum að hneppa en að sinna þessu máli. Og eftir því, sem jeg veit best, þá hefir nýja stjórnin vitanlega ekki gjört mikið heldur.

Jeg tek þetta fram til þess, ef vera mætti, að fyrrverandi ráðherra, hv. þm. V.-Sk. (S. E.), kynni að geta gefið einhverjar upplýsingar í þessu efni. En jeg vil líka taka það fram um leið, að þetta má á *engan* hátt skoðast sem ásökun til fyrrverandi stjórnar, um að hún hafi af *dæmtu* ráði lagt undir höfuð sjer að greiða fyrir málinu, eða vanrækt skyldu sína í þessu efni.

Einstaka menn hefi jeg heyrt finna að því, að tillagan á þingskj. 244 fer fram á, að stjórnin leiti fyrir sjer um kaup á jörðinni Þorlákshöfn, án þess að *till.* minnist nokkuð á, hvert verð myndi vera sanngjarnt að kaupa fyrir. Sumir hafa sem sagt talið þetta galla á tillögunni. En það er um þetta atriði eins og svo margt annað, að ýmislegt er hægt að segja bæði með því og móti. Ef í tillögunni hefði verið nefnt ákveðið verð, er kaupa mætti jörðina fyrir, þá gæti það, ef til vill, orðið þess valdandi, að seljandi jarðarinnar hjeldi sjer fast við það, *jafnvel* þó að það verð væri hærra en honum hefði upprunalega dottið í hug að selja jörðina fyrir. Þess vegna getur það verið varasamt, að láta nokkuð ákveðið uppi um verðið, eða

hvað mest mætti gefa fyrir hana. Hins vegar ber jeg það traust til stjórnarinnar, að hún fari þann veg í þessu efni, er telja má eðlilegastan og rjettastan í alla staði. En jeg vil leggja áherslu á á það, að ekki verði horft um of í verðið, þó að það kunni að þykja nokkuð hátt, ef eignin fæst keypt á annað borð. Jeg held sem sje, að það muni verða erfitt fyrir þing og stjórn, að gjöra það, sem gjöra þarf, ef eignin heldur áfram að vera í einstakra manna höndum. Enda er ekki nema eðlilegt, að þing og stjórn verði treg til þess að lána fje til fyrirtækisins, meðan svo er högum háttað. Og *þess vegna* er það, að jeg legg áherslu á, að jörðin verði keypt hið fyrsta, því að þau kaup munu verða undirstaða til þess, að fleiri ráðstafanir verði gjörðar til endurbóta á lendingu eða hafnargjörðar í Þorlákshöfn.

En ef nú fást ekki kaup á jörðinni, þá felur tillagan í sjer áskorun til stjórnarinnar, um að leggja fyrir næsta þing frumvarp um eignarnám á jörðinni, eða þeim hluta hennar, sem nauðsynlegur sje, til þess að hægt sje að koma hafnargjörðinni í framkvæmd.

Jeg vona, að tillögu þessari verði vel tekið. Mjer getur ekki dulist, að hjer er að ræða um afarmikið nauðsynjamál. Hjer veltur á því — og það er ekki neitt smáræði, — að tryggja eignir manna, er nema að minsta kosti 250 þús. kr., og líf hjer um bil 1000 manna, er sjó stunda nú í þessum veiðistöðum, er jeg hefi áður nefnt. Og útvegurinn mun áreiðanlega aukast að mun, ef þessi hafnargjörð kemst í framkvæmd.

Jeg þarf tæpast að taka það fram, því að það er alkunna, að þessar verstöðvar eru afarfiskisælar, sjerstaklega þó Þorlákshöfn. Þess skal þó hjer getið, að á vertíðinni 1912 — en vertíðin er vanalega 10—11 vikur — fengust 248,000 af þorski á 22 skip; 1913 fengust á 24 skip 190,000 fiskar og árið 1914 á jafnmörg skip 220,600 fiskar, eða rúmlega það. Og í marsmánuði einum 1915 fengust 171,500 fiskar á 24 skip. Þetta sýnir, að fiskistöðin Þorlákshöfn er að öllum jafnaði fiskisæl, enda hefir hún frá alda öðli verið álitin besta fiskistöðin austan fjalls.

Langt er síðan fyrst var farið að hugsa um höfn á þessum stað, enda vona jeg nú, að senn fari að líða að því, að það komist í framkvæmd. En fyrst af öllu álít jeg nauðsynlegt, að landið fái eignarheimild á jörðinni, og þess vegna vona jeg fastlega, að þessi tillaga mín nái fram að ganga. En hepnist það ekki, að fá jörðina keypta, vona jeg, að stjórnin sjái sjer fært, að undirbúa frumvarp um eignarnám á henni, eða því af henni, er telja má nauðsynlegt til undirbúnings og framkvæmda á hafnargjörð þar.

Það hefir verið minst á að skipa nefnd í málið. Jeg sje nú satt að segja ekki, að ástæða sje til þess að setja þessa einföldu tillögu í nefnd. En ekki skal jeg þó vera því mótfallinn, ef það mætti verða til þess, að greiða málinu veg til góðs gengis og skjótra framkvæmda, og myndi jeg þá helst kjósa, að málinu yrði vísað til sjávarútvegsnefndarinnar. Þar eru að minsta kosti tveir menn, er fjölluðu um þetta mál í fyrra. Jeg er óhræddur að hleypa því til nefndarinnar, því jeg þekki svo hugarfar þessara tveggja manna, að jeg veit, að þeir eru málinu fylgjandi eindregið, og líka ber jeg fult traust til hinna annara, er í nefndinni sitja.

Jeg get þess vegna gjarna óskað, að málinu sje vísað til sjávarútvegsnefndarinnar, í fullu trausti þess, að nefndin greiði götu þessa góða málefnis.

Sigurður Eggerz: Jeg vil að eins gjöra örstutta athugasemd út af því, er háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði,

að stjórnin í fyrra hefði lagst mál þetta undir höfuð. En öll þessi langa og skörulega flutta kjósendaræða hv. þingmanns sýndi einmitt ljóslega, að stjórnin hafði ekki lagst þetta undir höfuð, því að útreikningarnir, er gjörðir voru um hafnarkostnaðinn, og sömuleiðis teikningarnar, voru einmitt gjörðar að undirlagi stjórnarinnar, og einmitt þess vegna fjekk háttv. þingmaður tækifæri til þess að halda þessa snjöllu tölu hjer í deildinni.

Jeg fjekk Jón verkfræðing Ísleifsson til þess að gjöra teikningarnar og áætlunina, og sömuleiðis átti jeg tal við ábúanda jarðarinnar, og verslunarstjóra einn þar eystra, sem áhuga hafði á málinu, en sem nú er að vísu dáinn. Jeg óskaði líka eftir ákveðnu tilboði um sölu jarðarinnar, er jeg hafði því næst hugsað mjer að leggja fyrir þingið. Málinu var að vísu vísað til stjórnarinnar á síðasta þingi, en hún hafði enga heimild til þess að kaupa jörðina. Það eina, sem fyrir stjórninni lá í fyrra, var að athuga skilyrðin fyrir kaupunum og hafnargjörðinni. Þegar jeg fór frá, var ekkert tilboð komið. Ábúandi sagði, að sjer væri ekki vel við að gjöra tilboð, sem stæði svo yfir þingtímann, vegna þess, að hann gæti vel fengið betra tilboð frá öðrum í millitíð. En þessi jörð verður áreiðanlega ekki ódýr, og víst er um það, að fulla gætni þarf að viðhafa frá stjórnarinnar hendi, ef kaupin eru gjörð, því hræddur er jeg um að þessi jörð sje farin að komast í spekúlationsáttina. Jeg kannast að vísu við, að hún hún er verðmæt, og því gott að fá hana fyrir nokkurn veginn góð kjör. (*Pjetur Jónsson:* Skapleg kjör). En sje farið með gætni, þá má vel vera, að komast megi að skaplegum kjörum. En þó nú stjórnin hefði haft heimild til þess að kaupa jörðina í fyrra, þá efast jeg mikillega um, að hún hefði notað sjer þá heimild, vegna þess, að á ófriðarárum þarf landssjóður sem mest fje til öryggisráðstafana fyrir land og lýð. Og þó að vel gæti verið gott að kaupa jörðina undir vanalegum kringumstæðum, þá er nú og var þá full ástæða til þess að fara varlega. Jeg mun styðja þá tillögu, að málið verði sett í nefnd, því enginn efi er á því, að þetta þarf að athuga mjög nákvæmlega. Og jeg get ekki sjeð, að fráfarandi stjórn hafi getað gjört nokkuð annað í þessu efni en hún gjörði.

Guðmundur Hannesson: Hv. þm. V.-Sk. (S. E.) hefir tekið fram flest þau atriði, er jeg vildi sagt hafa. Jeg er samþykkur því, að málinu verði vísað til nefndar, og þá náttúrlega til sjávarútvegsnefndarinnar. En jeg vildi fara nokkrum orðum um þá tillögu háttv. flutningsm. (S. S.) að festa kaup á jörðinni. Hann færði sem ástæðu, hve margir bátar gengju frá þessum slóðum, og hve hættan væri mikil fyrir þá nú. En það er auðsjeð, að bátarnir eru jafn illa staddir eftir sem áður, þó fest sjeu kaup á jörðinni, ef ekki verður gjörð þar höfn jafnframt.

Háttv. flutningsm. (S. S.) fór mörgum orðum um lendingarleysið. Kjarni málsins er þessi: Það stoðar ekki að festa einungis kaupin, eins og jeg tók fram áðan, ef hafargjörðin dregst von úr viti. Hvað snertir upplýsingar þar að lútandi, þá eru þær fengnar betri nú en í fyrra. Þá var gjörð áætlun um lendingabót, — garð á þurru landi að mestu leyti, svo að jafnt þyrfti að setja upp báta eftir sem áður. Verkfræðingurinn, sem áætlunina gjörði, fullyrti, að ekki væri víst, að þannig lagaður garður yrði full tryggilegur, til þess að lendingin yrði sæmileg. Nú liggur fyrir ábyggileg áætlun um það, hvernig úr þessu megi bæta á viðunanlegan hátt. Með þessu er sjeð fyrir bátahöfn, sem ef til

vill mætti nota sem höfn fyrir millilanda- og strandferðaskip, ef á þyrfti að halda. En þegar þetta liggur nú ljóst fyrir, þá verður manni næst fyrir að spyrjast fyrir um, hverjar horfur sjeu á því, að höfnin verði bygð.

Kostnaðurinn er ekki veruleg mótbára í mínum augum. Sjö hundruð þúsund króna framlag til hafnargjörðar er að vísu mikill kostnaður, en ætti þó ekki að vaxa í augum, ef ekki væri annað til fyrirstöðu. Þingið hefir nú nýlega gjört ráðstafanir til þess, að gjörð verði föst áætlun um hafnir og lendingar á fiskveiðasvæðinu öllu. Er nú ástæða til að rjúka í að byggja höfn í Þorlákshöfn, áður en þessari rannsókn er lokið? Er það ætlun flutningsmanns (S. S.), að Þorlákshöfn eigi að sitja fyrir öllum öðrum? Jeg tel það vafamál. Þá er annað atriði. Hversu myndi höfn þessi bera sig, ef bygð væri? Tekjur og gjöld hafnarinnar byggjast vitanlega á því, hversu mikil bátaútgjörðin er, og hver gjöld bátarnir borga. Jeg hygg, að fullhátt sje að áætla 500 kr. á hvern bát fyrir hafnarafnot. Þetta er töluvert gjald og mjer hefir skilist á sjómönnum þeim, sem jeg hefi talað við, að svo hátt gjald mundi illa þokkað. Það er enginn vafi á því, að hafnargjörðir eru hið mesta nauðsynjamál fyrir fiskveiðar vorar. En hins vegar er það athugandi, hvort þörfin er ekki meiri annarstaðar, og auðvitað sjálfsagt að láta þá staði sitja fyrir, þar sem þörfin er brýnust. En hvar er hún brýnust? Ekki þar, sem mannslífin eru í mestri hættu, þó leiðinlegt sje að segja, heldur þar, sem arðsvonin er mest. Jeg álít ekki, að lítil veiðistöð, með svo sem 10—30 bátum og lífshættulegri lendingu, eigi að ganga fyrir öðrum, sem 200—300 bátar myndu nota.

Jeg fyrir mitt leyti álít það varhugavert, að leggja út í svo dýra höfn, sem Þorlákshöfn er, meðan málið er ekki betur undirbúið. Og jeg er ekki einn um þessa skoðun. Jeg hefi átt tal við fjölmarga sjómenn, sem líta svo á, að Þorlákshöfn sitji alls ekki fyrir. Nú er það sagt, að jörðin kunni að hækka í verði og landssjóður skaðist á biðinni. Mjer sýnist hjer engin hætta á ferðum. Hafnarvonin er eina verulega verðmæti jarðarinnar, og að nokkru leyti hefir hjer landssjóður tögl og hagldir. Ef útlendingar kaupa jörðina, þá byggja þeir höfnina. Við það er tæpast skaði skeður. Hún verður þá eflaust til afnota fyrir almenning, og landssjóður sleppur við það stórfyrirtæki, og ekki flytja útlendingarnir höfnina út úr landinu. Ef við getum brúkað útlendinga til nokkurs, þá er það til þess, að byggja fyrir okkur slík mannvirki. Annars munu ekki mikil líkindi til þess, að útlendingar kaupi jörðina fyrst um sinn. En að kaupa hana nú, án þess að gjöra þar höfn, er að eins til þess, að festa fje landssjóðs í eign, sem eflaust getur tæplega svarað vöxtum af fjenu. Og vjelbátarnir eru jafnilla settir fyrir því.

Niðurstaðan hjá mjer verður sú, að málið verði sett í nefnd, sem athugi það vel. Gjöri tillögu um sjávarútvegsnefnd.

Matthías Ólafsson: Hjer hafa orðið miklar umræður, og vildi jeg ógjarnan lengja þær. En jeg hjó eftir einu hjá háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.). Það var um hvar byrja ætti, og mjer skildist svo, að hann kæmist að þeirri niðurstöðu, að það væri þar, sem þörfin er brýnust, sem byrja ætti. Hvort er nú meiri eða brýnni þörf annarstaðar en hjer, þar sem, auk fólksfjölda og hafnleysis, eru fiskisæl mið. Jeg get ekki betur sjeð en að útvegurinn og útgjörðin frá Þorlákshöfn sje í hættu stödd, ef ekki er ráðin bráð bót á því,

enda óhugsandi, að ekki verði meira eða minna manntjón á næstu árum, einkum þar sem útgjörðin er nú orðið mest megnis vjelbátaútgjörð. Eins og allir vita, er sjór mikill og illur fyrir þessum hluta landsins, og þegar ófært er um sundin fyrir framan Eyrarbakka, er einnig ófært á Stokkseyri og í Þorlákshöfn; auk þess er aðalvindstaðan svo, að ómögulegt er að komast til Vestmannaeyja, og þá auðvitað vonlaust að komast út fyrir Reykjanes. Frá mínu sjónarmiði er þetta aðalástæðan, að draga úr hættunni, en hún er líka mikils virði.

Nú er komin fram tillaga um, að landið kaupi þessa jörð, og ef ekki gengur saman um kaupin, þá er hægt að taka jörðina eignarnámi. Það er raunar satt, að verðið er hátt og kostnaðurinn við hafnargjörðina mikill eftir áætluninni, en þetta á líka að verða góð höfn, sem rúmar að minsta kosti 150—170 vjelabáta og auk þess 2 stór farmskip; þetta ætti því að verða mjög viðunanleg höfn, og jeg lít svo á, að menn ættu ekki að horfa í að kaupa jörðina. Við höfum að vísu ekki handbært fje, en verðum þá að taka fje að láni, til að sjá lífi manna borgið og auka framleiðslu landsins. Vjer getum ekki til lengdar komist hjá að byggja hafnir á miklu fleiri stöðum.

Ef vel semdist um kaupin, er ekki heldur hundrað í hættunni, því að ekki kæmi til þess, að það þyrfti að borga eignina út á fjárhagstímabilinu. Ef ekki semdist um kaupin, er altaf hægt að taka jörðina eignarnámi. Álít því rjettast að samþykkja tillöguna; engin ástæða til, að setja hana í nefnd, tillagan skýrir sig sjálf, og því ekkert fyrir nefnd að gjöra.

Einar Jónsson: Jeg lít svo á, að háttv. þingmenn eigi að trúa samvinnumönnum sínum í deildinni til að gefa rjettar skýringar um sjerstök atriði eftir kunnugleika, sem ætið hlýtur að vera misjafn eftir atvikum, og jeg vona, að þeir hafi ekki reynt mig að ósannindum, enda veit jeg ekki til, að jeg hafi verið álitinn maður ósannsögull í alvarlegum málum. Jeg er nú búinn að vera sjómaður þar eystra í 15 ár, og jeg verð að segja það, að Þorlákshöfn er neyðarhöfn Stokkseyringa og Eyrbekkinga, einkum fyrir vjelbáta, sem nú eru óðum að ryðja sjer til rúms, en geta þó því að eins leitað hafnar í Þorlákshöfn, að þar komi mótorbátakví. Tillagan ber það með sjer, að hjer sje farið fram á mjög nauðsynlegt mál, og jeg þori að fullyrða, þegar um kaup á jörðinni er að ræða, að landið er ríkara en áður, ef það kaupir Þorlákshöfn, og líkindin fyrir því, að höfn og bátalægi kæmist þá fljótt í lag, miklu meiri, heldur en ef einstakir menn eiga jörðina.

Það vill nú svo vel til, að ráðherra er vel kunnugur á þessum slóðum, og hans umsögn og skýringar því í alla staði á rökum bygðar. Mjer fyrir mitt leyti finst mjög sanngjarnt að samþ. tillöguna. Það sýnir og ljóslega, hve afar nauðsynleg höfn í Þorlákshöfn er, að það er algengt, að bátar frá Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn róa að morgni í besta veðri en komast svo ekki til lands vegna brims, þegar á daginn líður, á neinum öðrum stað en Þorlákshöfn.

Sanngjarn og skynsamur maður, eins og hv. 1. þm. Húnv. (G. H.) er, hefir enga ástæðu til að tala um það, sem hann er gjörókunnugur og hvorki kann eða veit nein deili á. Hann segir það satt, að höfnin verður dýr, en fjeð brestur ekki, ef viljann vantar ekki til að bjarga mörgum mannslífum og hafa annan margfaldan arð af eigninni, væri henni sómi sýndur — en mannslífin gilda mest; þau verða ekki metin til peninga. Ann-

ars kann jeg illa við, að menn sjeu að blanda sjer í mál, sem þeir hafa engan kunnugleika á. Jeg fyrir mitt leyti álít langhyggilegast, að samþykkja tillöguna. Sannsöglir menn og kunnugir eiga að ráða. Jafnkunnugur maður og hæstv. ráðherra er full fær um að ráðstafa þessu á sem bestan hátt. Þorlákshöfn er kapitalsjörð, og ef hv. 1. þm. Húnv. (G. H.) hefði haft fyrir því, að setja sig inn í málið, mundi hann líta öðruvísi á það. *(Guðmundur Hannesson:* Í hverju liggur þetta kapital?) Jeg veit nú ekki, hvort jeg er við því búinn, að telja upp alla kosti jarðarinnar nú og þegar höfn er komin.

Í 1. lagi er þar þrautalending, bæði fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri, og við það hafa margar skipshafnir bjargast fyrr og síðar.

Í 2. lagi fiskisæl veiðistöð, svo fiskisæl, að engin verstöð sunnanlands kemst þar til jafns.

Í 3. lagi er hún mikil sauðjörð. Tún stór og vel ræktuð, trjáreki o. fl. o. fl.

1. þm. Húnv. (G. H.) væri vel haldinn af að búa þar, ekki síst ef höfn og bátalægi kæmist í verk. Því fylgdu svo margir kostir, sem öllum hljóta að vera augljósir, og jeg vil ekki þreyta háttv. þingmenn á, að koma hjer með í upptalningu.

Pjetur Jónsson: Jeg fyrir mitt leyti verð dræmur að greiða atkvæði með þessari þingsályktunartillögu. Áður en slegið er föstu, að ráðast í þessa dýru hafnargjörð í Þorlákshöfn, verður að gjöra sjer fyllilega grein fyrir, hvaða hafnir og lendingarbætur er álíka brýn þörf að gjöra, eða meiri, og jafnframt hvað landið treystist til, þegar slíkt yfirlit er fengið. Jeg hygg líka, að kaup á jörðinni verði eigi með neinum viðunandi kjörum, undir þessum kringumstæðum, svo mjög sem »svindlað« hefir verð með þessa eign. Þá vil jeg og benda á, hvað hægt er að gjöra með álíka upphæð og þarf til þessarar fyrirhuguðu hafnar, alt að 700,000 kr. Það er meira en öll Fóaáveitan kostar. Fyrir sama fje er einnig hægt að beisla Markarfljót og Þverá og græða upp nýtt land, frjósamara og arðsamara, en nokkurn annan blett á öllu Suðurlandsundirlendinu, og mundi það framfleyta fleira fólki en til mála gæti komið, að yrði í Þorlákshöfn, — framfleyta því ekki einungis eins vel, heldur miklu farsællegar fyrir menningu landsins. Jeg vil að eins benda á þetta til samanburðar, svo að menn stari sig ekki alt of blinda á þetta fyrirtæki út af fyrir sig. Jeg ber mikla virðingu fyrir sjávarútveginum, en kýs samt heldur að rækta landið og fjölga fólkinu þar.

Sigurður Sigurðsson: Jeg þakka háttv. þingm. V.-Sk. (S. E.) fyrir svarið. Annars var jeg ekki neitt að ámæla honum, þótt jeg segði, að jeg vissi ekki til, að stjórnin hefði gjört neitt í þessu máli. Jeg man ekki betur en að það væri að tilhlutun Fiskifjelagsins, og eftir ósk manna þar eystra, að Jón verkfr. Ísleifsson gjörði mælingarnar á Þorlákshöfn veturinn 1913—1914. Jeg er ekki að skamma neinn ráðherra, hvorki þann fyrrverandi eða núverandi, þó að jeg segi þetta. En sannleikanum mun það vera samkvæmast, að fyrrverandi ráðherra hafi ekki átt upptökin að því, að byrjað var þarna á mælingum þenna fyrrnefnda vetur.

Háttv. 1. þingm. Húnv. (G. H.) hafði ýmislegt að athuga við þetta mál, eins og fyrri daginn, og var það alt á sömu bókina lært. Hann vill slá á frest öllum ráðstöfunum til hafnargjörðar í Þorlákshöfn, og telur að ýmsir aðrir staðir

eigi að ganga fyrir, hvað hafnargjörðir snertir. Jeg hefi ekki haldið því fram, að *byrja* ætti á Þorlákshöfn, á undan öllum öðrum stöðum, þar sem nauðsynlegt er að gjöra höfn. En hinu held jeg fram, að nauðsynlegt sje að festa kaup á jörðinni sem fyrst. Það er og auðsætt, að vegna þess, hvað mikill útvegur er í Þorlákshöfn og nærliggjandi veiðistöðum, þá hlýtur að reka að því mjög bráðlega, að byrjað verði þar á hafnargjörð og undirbúningi til þeirra framkvæmda.

Þá var það, að kostnaðurinn við hafnargjörðina yrði mikill. En jeg vil þá benda háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) á það, að þetta er ekki gjört fyrir Árnessýslu eina. *(Pjetur Jónsson:* Það hefi jeg ekki heldur sagt). Jeg veit, að hv. þm. S.-Þing. (P. J.) var miklu mildari í orðum en háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.). En sannleikurinn er sá, að í verstöðum þeim, sem hjer ræðir um, stunda menn sjó úr Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og hjeðan úr Reykjavik. Hjer er því um höfn að ræða, er hefði almenna þýðingu fyrir alt Suðurlandsundirlendið að minsta kosti. Auk þess myndi fiskiskipafloti hjeðan úr Reykjavík oft nota sjer höfnina, t. d. er ilt væri veður, er skipin þyrftu að taka vatn og matvæli, leggja af sjer sjúklinga o. fl.

Tillagan ræðir ekki um það, að byrja eigi á hafnargjörð í Þorlákshöfn á undan öðrum stöðum á landinu. Jeg er eins og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) ánægður með það, að komin er fram tillaga um rannsókn á öllum hafnarstæðum, og að hafnargjörðum sje komið í kerfi, eins og t. d. er um síma- og vegamál. En þó að Þorlákshöfn verði ekki fyrsti staðurinn, þar er höfn verði gjörð, þá ætti hún samt að vera ofarlega í tölu þeirra staða, er slíkt gæti komið til greina um.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) sagði eitthvað á þá leið, að þegar velja ætti stað til að gjöra höfn á, þá ætti ekki að taka tillit til þess, hversu mörg mannslíf væru í hættu, eða hve margir stunduðu þar sjó, heldur hvar arðurinn yrði mestur. Jeg skil það vel um lækni, að hann sje ekki næmur fyrir því, þó að einn maður eða jafnvel nokkrir menn hrökkvi upp af. En þegar um höfn er að ræða, þá verður að taka mest tillit til þess, hversu margir stunda þar sjó, og hversu mikil lífshætta sje því samfara fyrir þá, er það gjöra. Og það er engum vafa bundið, að austanfjalls er meiri hætta á því, að ná eigi til lands, ef ilt er í sjó, en víða annarstaðar. Og þar sem margir stunda þar sjó, verður að líta á þetta.

Auk þessa er það ósannað mál, að það það borgi sig verr að gjöra höfn í Þorlákshöfn en annarstaðar. Hv. 1. þm. Húnv. (G. H.) hefir ekki komið fram með nein rök í því efni. Jeg hefi aldrei lagt neina sjerstaka áherslu á það, hvar byrjað væri, en treysti stjórninni til að sjá um, að það verði gjört þar, sem nauðsynin til þess er mest.

Jeg skal svo ekki þreyta hv. deild með lengra máli; þakka hlýlegar undirtektir þeirra þingmanna, er talað hafa með þessu máli, og reynt að greiða götu þess. Býst jeg svo eindregið við því, að háttv. deild samþykki þessa þingsályktunartillögu mína.

Ráðherra: Jeg skal ekki lengja mikið umræðurnar, því að tekið hefir verið margt fram með og móti. Í fyrra var lagt hjer fyrir Nd. frumv., er fór í líka átt og þingsályktunartillaga sú, er hjer er um að ræða, en var vísað aftur til stjórnarinnar til undirbúnings, af því

að málið þótti ekki þá undirbúið nægilega. Sama er að segja um tvö önnur mál, er voru nokkuð svipuð, en verkfræðilega rannsókn á þeim vantaði, að þá var ekkert um þau ákveðið.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) hefir skýrt frá því, er gjört hefir verið í þessu máli í hans stjórnartíð. En jeg skal bæta því við, að fullnaðaruppdráttur af höfninni kom ekki til stjórnarráðsins fyrr en 10. eða 11. maí í vor. Var því ekki hægt að taka þetta mál upp í fjárlögin, enda vafasamt, hvort það að öðru leyti hefði verið unt, þar sem málið var ekki heldur undirbúið á annan hátt.

Jeg er ekki hissa á því, þó að ekki hafi komið fram tilboð um kaup á Þorlákshöfn frá eigendunum. Jeg hefi átt tal við einn eigendanna, og vilja þeir fyrst, áður en þeir hafa látið nokkuð uppi um verð það, er jörðin kynni að fást fyrir, að þingið gjöri tilboð í hana.

Jeg skal út frá þessu taka það fram, að þar sem sú athugasemd hefir verið gjörð, að óheppilegt sje, að ekki er tiltekið í tillögunni hámark verðs á jörðunni, að um það getur verið álitamál. Það, sem mælir með því, að hámark verðs sje tilgreint, er það, að þá færi stjórnin ekki hærra, ef samninga yrði leitað, og að því leyti væri það varlegra fyrir þingið. En á hinn bóginn er það óheppilegra, að ákveða nokkuð um þetta, því að væri það gjört, þá myndi seljandi halda sjer við það hámark, sem tilgreint væri, og ekki láta jörðina fyrir minna, þar sem þá líka stjórninni væri heimilað að semja á þeim grundvelli. Jeg vil benda á þetta, til þess að þessar tvær hliðar á málinu verði athugaðar, ef það yrði sett í nefnd.

Það, sem segja má, að stjórnin hafi ekki gjört, er það, að hún hefir ekki lagt fram frumv. til laga um heimild til eignarnáms á jörðinni, enda mætti lengi um það deila, hvort slíkt hefði verið tímabært eða rjett, þar sem málinu var vísað til stjórnarinnar í fyrra, en ef til vill á mismunandi grundvelli, að því er sum atriði málsins snertir.

Um nauðsyn þessa máls þarf ekki að endurtaka það, sem sagt hefir verið, því að engin veruleg mótmæli hafa komið fram í umræðunum um það. Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) hefir ekki beint talað móti því, að nauðsyn bæri til þessa, en hitt, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að ekki dygði að einblína á einn stað, heldur þyrfti að rannsaka, hvar bráðust þörf væri á hafnargjörðum, það er vitanlega alveg rjett; enda hefir nýlega verið samþykt þingsályktunartillaga hjer í deildinni um það, að stjórnin skuli láta rannsaka, hvar tiltækilegast og mest þörf sje á, að hafnir verði gjörðar og lendingar bættar. Og þar sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hjelt því fram, að tillaga sín bryti ekki bág við áður nefnda tillögu, nje heldur við skoðun háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) á því, að fengið yrði heildaryfirlit yfir allar hafnir og lendingarstaði, þá sje jeg ekki ástæðu til að óttast það, að höfn verði gjörð í Þorlákshöfn á undan öðrum stöðum, er nauðsyn bæri til hafnar. Till. fer því að eins fram á það, að tryggja landinu eign á jörðinni, ásamt því sjávargagni, er hún hefir til að bera.

Nefnd sú, er í fyrra fjallaði um málið, áleit nauðsynlegt, að tryggja landinu eignarrjett á jörðinni, meðal annars af því, að nefndin leit svo á, að óheppilegt væri, að lagt yrði fram fje úr landssjóði til umbóta á jörðinni, án þess að stjórn og þing gæti haft hönd í bagga með, hvernig með væri farið, að jörðin kæmist ekki í hendur útlendinga og braskara. Enda mætti, ef þarna yrði gjörð höfn, leggja á hæfileg uppsáturs-

gjöld, en íþyngja þó ekki um of útvegsmönnum í Þorlákshöfn.

Það mun hafa verið aðallega þetta, er vakti fyrir nefndinni í fyrra. Og hafi þetta verið rjett þá, fæ jeg ekki sjeð, að nein breyting hafi á því orðið síðan.

Sigurður Eggerz: Það gleður mig, að hæstv. ráðherra hefir tekið í sama strenginn og jeg, um að stjórnin hafi gjört það, er gjöra bar. Og þar sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að jeg hefði ekki látið gjöra neitt í þessu máli, þá vil jeg láta þess getið, að jeg greiddi Jóni verkfræðingi Ísleifssyni 200 krónur fyrir teikningar og ýmsan undirbúning málsins, er sýnir þó, að jeg hefi undirbúið málið. *(Ráðherra:* Jeg hefi greitt honum 150 krónur, er eftir stóðu). Jeg vonast því til, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hafi ekkert að athuga við þá fjárveitingu, úr því hún lenti í því kjördæmi, sem ekki þarf að spara við.

Jeg er á sama máli og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) um gildi mannslífanna, en jeg vil þó vona, að þau hafi líka gildi í öðrum kjördæmum landsins. En mig rekur minni til þess, að háttv. 1. þm. Árn. talaði ekkert í þá átt, er tillagan um að brú yrði gjörð á Jökulsá á Sólheimasandi, sem hefir þó orðið 40 mönnum að fjörtjóni, lá hjer fyrir á þingi, og greiddi meira að segja atkvæði á móti henni. Svona mikils virði voru mannslífin honum þá, enda var það utan hans kjördæmis.

Eggert Pálsson: Jeg kannast við það, að miklar umræður eru orðnar um þetta mál, en þó hefi jeg talið mjer rjett að athuga ýmislegt, er fram hefir komið í umræðunum.

Háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) talaði mjög sljett og felt um málið, eins og hans er siður, en mjer virtist, að umræli hans sönnuðu ekki annað en það, að hann hefði ekki nægilega opin augu fyrir því, hvernig atvinnuvegum landsins er í raun og veru háttað. Mjer skildist, að hann væri aðallega að hugsa um, að hafnir yrðu gjörðar að eins á fáum stöðum á landinu og þá vitanlega þar, sem fiskisælast væri. Þetta er mjög eðlileg hugsun, ef því væri þannig háttað hjer á landi, að sjávarútvegsstjettin og landbúnaðarstjettin væru verulega sundurgreindar. En því er ekki þann veg farið, og það mun svo verða um óákveðinn tíma, að mikill hluti þjóðarinnar stundar báða þessa atvinnuvegi nokkurn veginn jöfnum höndum. Væri hjer því að eins um sjerstaka sjávarútvegsstjett að ræða, þá væri nægilegt, að gjörðar yrðu sæmilega góðar hafnir á fáeinum stöðum á landinu, og þeim öllum, er sjávarútveg stunduðu, vísað þangað, til þess að lifa þar af atvinnugrein sinni.

En þar sem því er nú þannig háttað, að víðs vegar á landinu stunda menn báða þessa atvinnuvegi jöfnum höndum, þá verður að athuga og umbæta verstaði víðar en á fáeinum stöðum. Það verður að umbæta hafnir og lendingar á sem flestum stöðum, til þess að fiskisæld hafsins í kring um strendur landsins geti sem flestum landsbúum að notum komið, einnig þeim, sem meðfram stunda landbúnaðinn.

Fyrir austan fjall og víðar er því þannig háttað, þó að landið sje þar gott, að ekki er unt að lifa eingöngu á landbúnaðinum, og allra síst eins og samgöngum er enn þá háttað. Menn reyna því að auka tekjur sínar með því, að hlaupa að sjó, er minst er að gjöra, og þá vitanlega sem næst sjer. Og því fremur er ástæða fyrir menn að leita ekki langt í burtu til fiskveiða, þar sem beint fram undan hjeraðinu eru ágætis fiskimið. Því að eins og mörgum mun

kunnugt, er Þorlákshöfn með allra bestu verstöðum á landinu, hvað fiskisæld snertir. Fyrir því mundu menn ekki, hvort sem nokkuð eða ekkert verður gjört, til þess að tryggja líf þeirra manna, er fiskveiðar stunda í Þorlákshöfn, leita þaðan, þótt gjörðar yrðu hafnir eða góðar lendingar annarstaðar á landinu.

Spurningin er því eingöngu þessi, hvort þingið vill gjöra nokkuð til að tryggja líf og eignir manna þarna eystra. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) benti á það, að sú upphæð, er lögð myndi verða til að koma upp höfn í Þorlákshöfn, yrði svipuð þeirri upphæð, er ætluð er til Flóaáveitunnar. Þetta er að vísu rjett. En hins vegar er að líta á það, að ef það er einlægni þingsins, að leggja í Flóaáveituna, þá liggur það í augum uppi, að fólki muni fjölga á þessu svæði að miklum mun. En getum við þá hugsað okkur það, að það fólk alt geti í framtíðinni lifað eingöngu á landbúnaði, fremur en nú? Það er og verður spurningin.

Það mætti ef til vill svara þessari spurningu játandi, en þó með því ákveðna skilyrði, að samgöngurnar bötnuðu að miklum mun frá því, sem nú er. En ef landbúnaðarafurðir hækka ekki að miklum mun í verði, sem ekki getur orðið, nema með bættum samgöngum, svo sem járnbrautarlagningu, er sýnist nú sem stendur ekki blása sem byrlegast fyrir, þá geng jeg út frá því sem alveg gefnu, að þar sem fólki mun áreiðanlega fjölga á áveitusvæðinu við framkvæmd vatnsveitunnar, að þá muni það samt sem áður ekki verða frekar en nú megnandi þess, að lifa eingöngu á landbúnaði, og hljóti því að leita sjer lífsviðurværis við sjávarsíðuna, og því helst í Þorlákshöfn, sem næst liggur og reynst hefir tiltölulega fiskisæl. Þegar því Flóaáveitan kemst í verk, verður vafalaust reyndin þessi. En ef svo yrði, mundi það þá reynast verra fyrir landssjóðinn, að hafa eignast Þorlákshöfn áður? Þessa verða menn að gæta, því að með aukinni sjósókn þaðan, vex jörðin í verði að miklum mun. Það hlýtur öllum að skiljast. Rjettast hefði vitanlega verið að kaupa Þorlákshöfn, þegar hún var til kaups hjer á árunum, því að síðan hefir hún vaxið mjög í verði, en við því verður nú ekki gjört. En þegar eftir að Flóaáveitan hefir komist á, mun hún hækka enn meira í verði. Og við því ber nú að sjá, með því að ná eignarrjetti á jörðinni áður.

Hjer er því um praktiska ráðstöfun að ræða. En auðvitað verður að gæta þess, að gefa ekki óviturlega hátt verð fyrir jörðina. Enda treysti jeg þingi og stjórn til þess, að haga sjer viturlega í þessu máli. Það er líka opinn vegur fyrir stjórnina til að ná fyrir landssjóðs hönd eignarrjetti á jörðinni, þótt eigendur vildu ekki gefa hana fala fyrir hæfilegt verð, eins og 2. málsgrein tillögunnar sýnir. Því að fengist jörðin ekki með sæmilegu verði, mætti grípa til eignarnáms í henni. En komi aftur á móti fram sanngjarnt tilboð um kaup á jörðinni, þarf að sjálfsögðu ekki að grípa til þess. Þá fellur alt í ljúfa löð.

Jeg vil því biðja menn vel að athuga, hvort ekki sje ástæða til að gefa þessa kaupheimild, sem hjer er farið fram á. Hitt liggur ekki fyrir, að gjöra þessi kaup nú. Hjer er um að ræða bestu verstöð á Suðurlandi, og eina staðinn, sem komið geti til tals sem höfn á því svæði. Og hvað hina fyrirhuguðu Flóaáveitu snertir, þá ætti hún ekki að draga úr, heldur miklu fremur að stuðla að því, að landið tryggi sjer eignarrjett á þessum þýðingarmikla stað.

Forseti: Jeg hefi meðtekið skjal

með áskorun um, að umræðum sje hætt, og skal jeg leyfa mjer að bera það undir háttv. deild.

ATKVGR.:

Tillaga um að fresta umr. samþykt með 13 shlj. atkv.

Till. vísað til sjávarútvegsnefndar með 19 shl. atkv., en í þeirri nefnd áttu sæti þeir

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Guðmundur Eggerz,
Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Benediktsson,
Sigurður Gunnarsson.

Á 49. fundi í Nd., fimtudaginn 2. sept., var till. enn tekin til frh. einnar umr. (A. 244, n. 625, 704).

Afbrigði frá þingsköpum voru leyfð um þgskj. 704, er var of seint fram komið.

Framsögum. (Matth. Ólafsson): Jeg hefi eiginlega engu við það að bæta, sem stendur í nefndarálitinu. Þó verð jeg að geta þess, að það varð lítilsháttar ágreiningur í nefndinni um það, hvort rjett væri að tiltaka upphæðina, sem stjórnin mætti gefa fyrir eignina. Sumir nefndarmennirnir, og þar á meðal jeg, voru á þeirri skoðun, að það væri ekki rjett að gefa upp verðið. Aftur á móti vildi háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) halda því fram, að það sje efasamt, hvort þingsályktunartillaga geti gefið ráðherra leyfi til að verja fje úr landssjóði. Um það skal jeg ekki þræta, því að það er algjörlega lögfræðilegt spursmál.

Nú er hjer komin brtt. frá háttv. 1. þm. S.-Múl. (Þ. B.) um það, að í stað orðanna »neðri deild Alþingis« komi Alþingi. Mjer sýnist þessi brtt. koma nokkuð seint fram. Jeg verð að líta svo á, að það sje alveg nóg, að önnur deildin skori á ráðherra. Jeg verð að leggja það til, að þessi brtt. verði ekki samþykt, því að hún getur orðið til þess, að málið komist ekki í gegn um þingið.

Þórarinn Benediktsson: Eins og menn sjá, hefi jeg skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Það hefi jeg gjört aðallega af þeirri ástæðu, að mjer þótti málið ekki eins vel undirbúið eins og jeg hefði óskað. Fyrir nefndinni lá ekkert, sem benti í þá átt, fyrir hvað væri hægt að fá þá eign keypta, sem hjer um að ræða. Hins vegar býst jeg við, að það sje ekki gott að neita því, að þetta sje í sjálfu sjer nauðsynjamál, og varð það því að samkomulagi í nefndinni, að setja þetta takmark á verðið, sem sett er í brtt. á þgskj. 625. Jeg fyrir mitt leyti hefði felt mig best við, að ekkert hefði verið gjört í málinu á þessu þingi, annað en það, að fela stjórninni að útvega tilboð og gjöra annað það, sem nauðsynlegt má telja til undirbúnings.

Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 704. Hún er við byrjun fyrri liðs tillögunnar á þgskj. 244, og fer fram á það, að í stað orðanna »neðri deild Alþingis« komi Alþingi. Jeg álít, að það sje sjálfsagt, að þingsályktunartillaga sem þessi, sem hefir mikil útgjöld í för með sjer, komi frá báðum deildum Alþingis. Jeg vil ekki, að sá rekspölur komist á, að fjárútgjöld sjeu heimiluð af neðri deild einni. Jeg get því að eins greitt þingsályktunatillögunni atkvæði, að báðar brtt. verði samþyktar. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um þetta mál.

Benedikt Sveinsson: Það er satt að segja furðu lítið að græða á störfum nefndarinnar í þessu máli. Málinu var, eins og kunnugt er, vísað til stjórnarinnar í fyrra, og eftir því sem fyrverandi ráðherra segir, hefir hann látið gjöra afarmikið í málinu, en þó ekki orðið ágengt. Það er undarlegur dómur á þessari jarðeign, að ekki skuli vera hægt að fá ábyggilegt tilboð um verð hennar.

Nefndin virðist fálma í algjörðri blindni, þar sem hún ber nú fram tillögu um að heimila stjórninni alt að 50,000 kr. til að kaupa jörðina fyrir, því að það er vitanlegt, að á jörðinni hvíla 80,000 kr., og hvernig getur mönnum þá dottið í hug, að hún fáist fyrir 50,000 kr.? Það er því alveg þýðingarlaust að fela stjórninni, að kaupa jörðina þessu verði. Nefndinni virðist vera ókunnugt um þetta, þótt undarlegt sje, þar sem hún mun þó eitthvað hafa kynt sjer málið, og þetta er alls ekkert leyndarmál. Hún getur sjálfsagt fengið yfirlýsingu um það, hvað á jörðinni hvílir, hjá sýslumanninum í Árnessýslu. Ef nefndinni er ókunnugt um þetta, tel jeg rjettast að málið verði nú tekið út af dagskrá, svo að hún geti undirbúið það betur. En það er hjegómi og barnaskapur, að fela stjórninni að kaupa jörðina á 50,000 kr., þegar menn *vita*, að hún fæst alls ekki keypt fyrir það verð, eða neitt því líkt.

Ráðherra: Eftir þeim upplýsingum, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) hefir gefið, er það að sjálfsögðu rjettast, að taka málið út af dagskrá. Jeg veit auðvitað ekki, hvort þessar upplýsingar eru rjettar eða rangar, en býst þó heldur við, að þær sjeu rjettar, úr því að hann staðhæfir þetta svo fastlega. Nefndin þarf þá að leita sjer upplýsinga, fyrst og fremst með því að útvega sjer veðbókarvottorð um, hvað mikið hvílir á jörðinni.

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) ávítar nefndina fyrir störf hennar. Honum er þó fullkunnugt um, hvernig þingið tók í þetta mál í fyrra; að það ákvað, að gjöra ekki neinar frekari ráðstafanir, fyrr en landið væri búið að eignast jörðina. Þáverandi ráðherra lagði mikla áherslu á að fá málið í sínar hendur, en eftir því sem hann segir sjálfur, hefir honum ekkert orðið ágengt. Nú vildi nefndin enn á ný fela þetta mál núverandi ráðherra. Hún vildi ekki fastákveða neina vissa upphæð, en ætlaði að trúa stjórninni fyrir því. Sje það rjett, sem háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) sagði, að jörðin væri veðsett fyrir 80,000 kr., þá er ekki hægt að búast við, að hún fáist undir því verði. En úr því að þessar upplýsingar eru fram komnar, álít jeg nauðsynlegt að leitað verði frekari upplýsinga, og óska því, að málið verði tekið út af dagskrá.

Ráðherra: Maður veit ekki, hvað samþykt kann að verða hjer í deildinni í þessu máli, en verði heimild til stjórnarinnar samþykt til að kaupa jörðina fyrir 50,000 kr., þá er það sama sem að útiloka kaupin. Ef 80,000 kr. hvíla á eigninni, finst mjer það gjörsamlega útilokað, að hún fáist undir því verði. Ef það kæmi í ljós, að það væri ómögulegt að fá eignina keypta fyrir 50,000 kr., þá er það auðvitað hreinn og beinn barnaskapur, að samþykkja þessa tillögu um heimild fyrir stjórnina, til að verja 50,000 kr. til þessara kaupa.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 4. september, var tillagan loks tekin til frh. einnar umr.

Framsm. (Matthías Ólafsson): Þegar mál þetta var síðast á dagskrá, komu fram ýmsar upplýsingar, sem gjörðu það að verkum, að nefndinni fanst ekki vert, að málið yrði borið undir atkvæði þá.

Síðan hefir nefndin gjört sjer far um, að kynna sjer málið betur, og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að það sje ekki heppilegt að fela stjórninni að kaupa jörðina nú, þar sem hún mun ekki vera föl fyrir þá upphæð, er þingið mundi vilja ganga að.

Jeg átti tal við einn eigandanna í hlutafjelaginu Þorlákshöfn í gær, og hann sagði, að eignin mundi ekki að svo stöddu föl fyrir minna en 110 þús. kr. Í fundarbyrjun nú barst nefndinni brjef frá eigendunum; fylgdi þar með ályktun, gjörð 25. febr. þ. á., þar sem samþykt var að bjóða eignina út fyrir 120 þús. kr., og engin líkindi eru til þess, að frá því verði verði hopað. Þar sem nú nefndin gat ekki útvegað tilboð frá eigendunum, þá vill hún þó leggja það til, að ráðherra leiti fyrir sjer um ákveðin tilboð. Þess vegna tekur nefndin tillöguna aftur, en leyfir sjer í hennar stað að bera fram svo hljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

Í því trausti, að ráðherra Íslands leiti sjer vitneskju um, hvort Þorlákshöfn fáist keypt og með hvaða verði, áður en næsta þing kemur saman, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Að ákveða verðið 50 þús. kr., eins og er í brtt. á þgskj. 625, mundi vera alveg þýðingarlaust, og ekki er gjörlegt að fela landsstjórninni kaup á jörðinni fyrir það verð, sem eigendurnir nú munu heimta fyrir hana, eftir því sem fjárhagur landsins er nú. Það getur verið, að þingið 1917 sjái fram á bjartara útlit, enda liggi fyrir ákveðin tilboð frá eigendunum, svo það sjái sjer fært að kaupa jörðina.

Sigurður Sigurðsson: Jeg stend upp, til þess að mæla á móti hinni rökstuddu dagskrá og sömuleiðis brtt. á þgskj. 625. Jeg gjöri að vísu ráð fyrir því, að andmæli mín hafi lítið að þýða, en jeg vil gjöra mitt til, og verð að álíta bæði dagskrána og brtt. spor aftur á bak í málinu.

Við fyrri umræðu þessa máls var sýnt fram á það, að það hefði sína kosti, en líka sína galla, að tiltaka nokkuð um verðið. Með því að tiltaka verðið, væri það víst, að eigendurnir mundu aldrei selja eignina fyrir neðan hina tilteknu upphæð. En ef verðið væri ekki tiltekið, mundi auðveldara en ella fyrir landsstjórnina að semja við eigendurna. Jeg skal ekki fara langt út í sannvirði eignarinnar. Jeg skal að eins minna á það, að þegar rætt var um þessa tillögu hjer áður í sumar, þá var þess getið samkvæmt skýrslum Jóns verkfræðings Ísleifssonar, að eignin renti sig eins og stæði að minsta kosti upp á 100 þús. krónur.

Þótt stjórnin hafi ekki fengið ákveðin tilboð um verð jarðarinnar, þá undrar mig það ekki, þar sem hún aldrei mun hafa leitað þeirra í verulegri alvöru. Það orð hefir leikið á, að jörðin mundi ekki föl fyrir 150 þús. kr., en nú er sagt, að hún sje boðin fyrir 120 þús. kr. Jeg get vel ímyndað mjer, eftir þessu, að hún verði komin niður í 100 þús. kr. eða jafnvel enn lægra verð á næsta ári eða árum. En verðið er þó í mínum augum ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er, að landið festi kaup á eigninni, því það er skilyrði þess, að eitthvað verði þarna að hafst.

Annars er tillaga okkar á þgskj. 244 svo vaxin, að það er alveg óhætt að samþykkja hana óbreytta fyrir þá, sem bera traust til stjórnarinnar í þessu máli.

Mjer þykir það skrítið, að háttv. meðflutningsmaður minn (M. Ó.) skuli nú verða til að flytja fram rökstudda dagskrá og þannig tefja málið, þar sem hann hefir áður til þessa sýnt lofsverðan áhuga á því og viljað framgang þess flestum öðrum fremur.

Framsm. (Matthías Ólafsson): Háttv. sessunautur minn (S. S.) hefir tekið hart á nefndinni fyrir frammistöðu hennar, og sjerstaklega á mjer sem meðflutningsmanni að tillögunni. Jeg ætla nú að reyna að afsaka mig.

Afstaða mín er sú, að ef nefndin fengi samþykta rökstudda dagskrá í málinu, get jeg ekki sjeð, að nokkur minsti munur sje á því og að fá samþykta þingsályktunartillögu, því að í báðum tilfellunum mun ekkert verða úr kaupunum, meðan svo er ástatt, sem nú. Og ef ráðherra getur lagt fyrir næsta þing ákveðin tilboð, þá má landssjóður vera ánægður með að þurfa ekki að greiða verðið fyrr en þá, ef þingið vill þá sinna kaupunum.

Hin rökstudda dagskrá er að engu leyti vantraust til stjórnarinnar, að eins það felur hún í sjer, að vjer viljum ekki skipa ráðherra að kaupa eign, sem vjer sjálfir sjáum, að er of dýr. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) ætti að vera það ljóst, að nefndin gat ekki farið öðru vísi að.

Jeg skil ekki, hvernig þessi háttv. þm. (S. S.) fer að finna það út, að hin rökstudda dagskrá og þingsályktunartillagan sjeu ósköp fjarskyldar. Í þingsályktunartillögunni er ráðherra falið að kaupa eignina, en í dagskránni er honum falið að útvega þinginu upplýsingar um söluverð jarðarinnar. Jeg hefi orð hæstv. ráðherra fyrir því, að honum detti ekki í hug að kaupa jörðina fyrir það verð, sem hún nú er boðin fyrir. Þess vegna mundi alt vera í sama stappinu 1917, ef þessi þingsályktunartill. væri samþykt. En með dagskránni fengist það, að ráðherra mundi semja frv. um eignarnámsheimild, og allir vita, hver munur er á framgangi máls, sem stjórnin leggur fyrir, eða einstakir þingmenn.

Það er því engin ástæða til þess að álasa mjer, þótt jeg hafi sjeð, að allar leiðir, sem jeg vildi fara, voru ófærar. Upphaflega vildi jeg, að þingið legði fram fje til hafnargjörðar í Þorlákshöfn, þrátt fyrir það, þótt jörðin væri eign einstakra manna; var það vegna sjávarútvegarins, sem mjög mundi hafa blómgast við það. En þegar jeg sá, að það var komið í óefni, og þýðingarlaust var að skipa stjórninni að kaupa jörðina, þá sá jeg ekki aðra leið en þessa rökstuddu dagskrá.

Það er ekki nema gott, að vonir hv. 1. þm. Árn. (S. S.) rætist, sem sje, að jörðin lækki í verði. En ekki get jeg búist við því. En þótt svo verði ekki, getur þingið 1917 samið eignarnámsheimild á jörðinni.

Sigurður Eggerz: Það er að eins stutt athugasemd.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að stjórnin hefði sýnt verulegan áhuga í að úvega tilboð um jörðina. Jeg hefi margreynt að fá tilboð og ekki tekist, enda má sjá, hve örðugt það er, af því, hve nefndinni nú hefir gengið illa að fá svör frá eigendunum. En sannleikurinn er sá, að jörðin er í spekúlation, og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er óafvitandi í spekúlationinni; þess vegna er

svo ilt að eiga við málið, af því, hve margir eiga hagsmuni sína undir verðhækkun jarðarinnar og þeim spekulationum, sem lega jarðarinnar hefir vakið. Ekki svo að skilja, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sje að spekúlera fyrir eiginn reikning; til þess er hann alt of heiðarlegur maður. En mjer finst kenna nokkurrar óaðgætni hjá honum, er hann vill gefa stjórninni ótakmarkað umboð til að kaupa. Það verður að fara gætilega í að veita slík ótakmörkuð umboð, hvaða stjórn sem á hlut að máli, og alveg eins þó jörðin lægi fyrir utan kjördæmi stjórnarinnar. Og leiðinlegt er, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) skuli vera að hleypa pólitík inn í málið, með því að gefa í skyn, að dagskráin feli í sjer vantraust til stjórnarinnar. Jeg held, að stjórnin muni ekki fara frá, þótt þessi rökstudda dagskrá verði samþykt, og þótt margar slíkar rökstuddar dagskrár verði samþyktar. Hv. samþingismaður ráðherra (S. S.) getur sofið rólega fyrir því.

Sigurður Sigurðsson: Það þýðir ekki að deila um málið. En því mótmæli jeg hiklaust og algjörlega, að jeg sje kominn inn í þessa »spekulation«, sem háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) var að tala um, og enn fremur mótmæli jeg því, að jeg vilji, að jörðin sje keypt fyrir sem hæst verð. Jeg vil þvert á móti, að jörðin sje keypt fyrir sannvirði, og á þeim grundvelli vil jeg gefa stjórninni umboð til kaupanna.

Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) virðist hafa vantraust á öllum stjórnum, síðan hann sat sjálfur við stýrið. Jeg fyrir mitt leyti mundi hafa trúað hverri stjórn sem var fyrir þessu máli, og jafnvel honum, þótt ekki geti jeg sagt, að jeg bæri óskorað traust til hans í öðrum málum, meðan hann var við völd. Jeg held, að hverri stjórn mætti treysta til framkvæmda í þessu máli, og þá ekki síður núverandi ráðherra en öðrum.

ATKVGR.:

Rökstudd dagskrá frá þm. V.-Ísf. (M. Ó.), sjá A. 771, samþ. með 16 : 4 atkv.

Till. á þgskj. 244 *tekin aftur.*

IV.

Þingsályktanir, fallnar.

1. Stjórnarskrárstaðfesting.

Á 6. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar út af staðfestingu stjórnarskrárinnar. (A. 35).

Á 8. fundi í Nd., föstudaginn 16. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var þar samþ. án atkvgr.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 19. júlí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Flutnm. (Sigurður Eggerz): Áður en jeg vík að tillögu þeirri, sem hjer er til umræðu í háttv. deild, vildi jeg leyfa mjer að minnast örfáum orðum á nokkra þætti úr síðustu sögu stjórnarskrármálsins, en þetta mál og afskifti þingsins af því verður sá hluti hinnar nýju stjórnmálasögu vorrar, sem mun vekja mesta eftirtekt, og sá er grunur minn, að sá þátturinn, sem verið er nú að vefa í dag, muni á sínum tíma vekja meiri eftirtekt, en ýmsa kann nú að gruna.

Á þinginu 1913 var stjórnarskrárfrv. það samþykt, sem nú er orðið að lögum. Ríkisráðsákvæðinu var slept í frv., en í stað þess sett ákvæði um, að konungur ákvæði, hvar málin væru borin upp. Meiri hluti nefndarinnar í neðri deild, sem fjallaði um málið, talar ekki neitt um, hvar hann búist við að málin verði borin upp, en tekur að eins fram, að hann telji rjett, að það sje tekið beinum orðum fram í stjórnarskrárfrv., að konungur ákveði uppburðinn.

Minni hlutinn í neðri deild tekur aftur á móti fram, að það sje allra hluta sjálfsagðast, að úrskurður sá, sem konungur felli um uppburðinn, sje gjörður á ábyrgð Íslandsráðherrans.

Framsögumaður neðri deildar nefndarinnar mintist, að jeg hygg alls ekki á þetta atriði, en framsögum. efri deildar nefndarinnar segir, að úrskurðurinn verði að sjálfsögðu gjörður á ábyrgð Íslandsráðherrans.

Yfirleitt mun óhætt að fullyrða, að Alþingi bjóst fastlega við því, að ákvæðin, sem gjörð yrðu í þessu máli, væri eingöngu gjörð á ábyrgð Íslandsráðherrans, en hins vegar munu margir hafa búist við því, að málin yrðu fyrst um sinn borin upp í ríkisráði. Hefði nú ákvörðun um uppburðinn eingöngu verið gjörð á ábyrgð Íslandsráðherrans, var fengin ótvíræð viðurkenning fyrir því, að uppburðurinn væri sjermál, og að fenginni viðurkenningu, hefði þingið unað við, að málin væru borin upp í ríkisráðinu. Því viðurkenningin var aðalatriðið; breytingin alt af möguleg að henni fenginni.

Þingið 1913 vildi því engan veginn hopa frá hinum sjálfsagða rjetti vorum, að uppburðurinn væri sjermál, sem breyta mætti eftir reglunum um sjermál, en vildi að eins vinna það til, til þess að fá þessa viðurkenningu, að una fyrst um sinn jafnvel við uppburðinn í ríkisráðinu.

En langt er frá því, að í þessari ákvörðun Alþingis felist viðurkenning á því, að uppburðurinn sje eingöngu »formelt teoretiskt« spursmál, því vitanlega vakti það fyrir þinginu 1913, að á sínum tíma yrðu málin tekin út úr ríkisráði, sbr. og vilja þingsins 1911, er feldi ríkisráðsákvæðið úr stjórnarskránni, án þess að gjöra neinar sjerstakar ákvarðanir um uppburðinn.

Næsti þáttur í málinu er ríkisráðsfundurinn 20. okt. 1913. Samkvæmt skilmálum þeim, sem settir voru í því ríkisráði fyrir staðfestingu stjórnarskrárfrumvarpsins, þá var það að vísu svo, að úrskurðurinn um uppburðinn átti að undirritast af Íslandsráðherra einum, en sá böggull fylgdi skammrifi, að sem skilyrði fyrir úrskurðinum var sett það ákvæði, að honum yrði ekki breytt, nema önnur skipun væri gjörð af Ríkisþingi og Alþingi, og um breytingarskilyrðin var gefið út opið brjef í sama ríkisráði. Enn átti að auglýsa þetta í Danmörku.

Um þessar ráðstafanir í ríkisráði 20. okt., hafa staðið harðar deilur, en sá,

sem hóf þær einna fyrstur, var núverandi ráðherra. Leit hann svo á, að samningar hefðu verið gjörðir um málið milli forsætisráðherrans og Íslandsráðherra. Eru nú öllum kunnar deilur þessar, og er óþarfi að fara frekar inn á þær að svo stöddu, en eftir deilur þessar, eða mitt í þeim, kom þingið 1914 saman, og hefst þá 3. þátturinn í málinu.

Þingið 1914 vildi slá 2 flugur í einu höggi: vernda sjermálarjett vorn og koma stjórnarskrárfrumvarpinu fram.

Til þess að vinna hvorttveggja, var fyrirvaraleiðin farin. Mun jeg síðar víkja nánar að fyrirvaranum, en læt mjer hjer að eins nægja að taka fram, að fyrirvaraþingið vildi koma málinu í sama horf, eins og þingið 1913.

4. þátturinn í málinu er ríkisráðsfundurinn 30. nóvember 1914. Um hann hafa staðið miklar deilur, og mun jeg ekki fara langt inn á hann að svo stöddu, en læt mjer að eins nægja, að víkja að því, að jeg bar málið þannig fram fyrir konung, að jeg lagði fram fyrirvara Alþingis, kvaðst honum samþykkur, og óskaði með tilvísun til hans, að stjórnarskráin yrði staðfest. Ef konungur hefði ummælalaust staðfest stjórnarskrána, og úrskurður hefði verið gefinn út um uppburðinn, þannig, að í honum hefði staðið að eins, að málin skyldu borin upp í ríkisráði, þá hefði jeg tekið slíkri staðfestingu, með því að jeg hefði litið svo á, að konungur hefði með þögninni gengið inn á fyrirvara Alþingis.

Slík þögn hefði verið samþykki á fyrirvaranum, sbr. og orð núverandi ráðherra á þingi 1914:

> »Samþykki konungur stjórnarskrána andmælalaust, þá verður að líta svo á, að hann gangi að kröfum vorum og skoðun í þessu efni«.

En er konungur, í stað þess að staðfesta stjórnarskrána ummælalaust, tekur fram dönsku skilmálana fyrir staðfestingunni, þá mælti jeg svo meðal annars:

> »Um leið og jeg verð að halda fast við þá íslensku skoðun, sem felst í þingsályktuninni, að uppburður íslenskra sjermála fyrir konungi sje sjermál, sem ráðið sje til lykta og breyta megi eftir þeim reglum, sem gilda um íslensk sjermál, þá get jeg, svo leitt sem mjer þykir það, ekki lagt stjórnarskrána fram fyrir yðar hátign til staðfestingar, nema það komi um leið greinilega og ljóslega fram, að Ísland haldi þessum sínum gamla rjetti«.

Með öðrum orðum, í ríkisráði 30. nóv. 1914 legg jeg þann skilning í fyrirvarann, að samkvæmt honum sje ætlast til, að konungur gangi inn á hann með þögninni, eða á yfirlýstan hátt. Og þessum skilningi er slegið föstum með yfirlýsingu alls þingsmeirihlutans, sem bar fyrirvarann fram.

Eftir ríkisráðsfundinn 30. nóv. hefjast allmiklar deilur um málið. Sambandsmönnum eða flokksstjórn þeirra þykir jeg hafa gengið lengra en Alþingi ætlaðist til í málinu, og krefst þess, að stjórnarskráin verði staðfest, að því er mjer skilst með þeim boðum, sem mjer voru gjörð í ríkisráði 30. nóv. 1914.

Í hörðum hnapp stendur þar á móti allur þingmeirihlutinn, stuðningsmenn mínir, og eftir þeim móttökum, sem jeg fjekk hjer á landi, liggur mjer við að ætla, að mikill meiri hluti þjóðar þessarar hafi fylgt mjer að málum, en jafn víst er hitt, að Danir voru mjer allir andstæðir.

En hvort sem jeg hefi litið rjett á þetta eða eigi, víst er um það, að málstaður, sem hafði 24 þingmenn að baki sjer, hafði ekki ástæðu til að örvænta, ef fast hefði verið fylgt.

Svo reka viðburðirnir hver annan; foringi minni hlutans er kallaður á konungsfund, 2. þm. Eyf. (H. H.), Þremenn-

ingarnir eru kallaðir á konungsfund. Tilboðin koma heim. Einar prófessor Arnórsson verður ráðherra, og síðasti atburðurinn er staðfesting stjórnarskrárinnar 19. f. m.

Jeg vil ekki að svo stöddu draga athyglina frá aðalmálinu, með því að tala um aðferðina í því, en jeg mun halda mjer fast við kjarna málsins, og mun jeg þá sjerstaklega víkja að staðfestingarskilyrðunum. En áður en jeg geng frekar inn á þau, verð jeg enn frekar að minnast á fyrirvara Alþingis.

Um hann hafa staðið harðar deilur. Hann hefir verið talinn loðinn, tvíræður o. m. fl., en þó aðallega af þeim mönnum, sem hafa hallast á sömu sveif og danska valdið í þessu máli. Jeg fæ þó ekki annað sjeð, en að kjarnaatriði fyrirvarans sjeu ljós og ótvíræð; þessi atriði:

> »Enn fremur ályktar Alþingi að lýsa yfir því, að það áskilur að konungsúrskurður sá, er boðaður var í fyrrnefndu opnu brjefi, verði skoðaður sem hver annar íslenskur úrskurður, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslandsráðherra eins, og án nokkurrar íhlutunar af hálfu dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda«.

Og enn heldur Alþingi því fast, að uppburðurinn framvegis sem hingað til sje sjermál.

Jeg sje ekki annað, en að orð fyrirvarans um þau atriði, sem mestu skifta máli sjeu svo ljós, að á þeim verði ekki vilst, og ekki gjörist þörf að leita í öðrum flokki að skýringum, svo sem í umræðum o. fl. — En þó litið sje í umræðurnar, þá sýna ummæli t. d. formanns stjórnarskrárnefndarinnar og þm. Dal. (B. J.), að viðurkenningar er óskað, en í sumum ræðunum er ekkert að græða á hvoruga hliðina.

En mestu skiftir í málinu, að allur þingmeirihlutinn, eins og jeg tók fram áðan, hefir, með því að fallast á meðferð mína á málinu í ríkisráði, einnig fallist á þann skilning minn á fyrirvaranum, að hann krefði, að konungur með þögninni eða á yfirlýstan hátt, gengi að honum.

Hjá þessu komast þeir ekki, mínir trúu stuðningsmenn, hæstv. ráðherra og hinir þrímenningarnir. *Verbum semel emissum irrevocabile volat.* Samkvæmt því, sem að ofan er sagt, virðist mjer mega ganga út frá því sem gefnu, að alþingismeirihlutinn, sem allur á nú sæti á þessu háa Alþingi, hafi litið svo á, að fyrirvarinn krefðist þegjandi eða yfirlýstrar viðurkenningar konungsvaldsins. Eftir að hafa gjört þessar fáu athugasemdir um fyrirvarann, vík jeg að því atriðinu, sem mestu skiftir í þessu máli, hvort hæstv. ráðherra hafi fullnægt fyrirvara Alþingis með staðfestingunni, eða með öðrum orðum, hvort þingskilyrðið hafi verið tekið til greina, eða hvort því hafi verið synjað með afskiftum konungsvaldsins af málinu.

Jeg hygg, að allir sje mjer sammála um, að konungur hafi ekki lagt þagnarsamþykki á skilmála Alþingis, því svör konungsvaldsins eru í löngum og miklum umbúðum. Með þögninni hefir konungur ekki gengið inn á fyrirvara Alþingis. Þá er að líta á hitt, hvort konungur hafi á yfirlýstan hátt gengið að þingviljanum. Þó vjer lesum skilmálana dag eftir dag, viku eftir viku, þá myndum vjer ekki finna einn staf í viðurkenningaráttina. Um þetta ættum vjer allir að geta verið sammála. Og jeg býst helst við, að hæstv. ráðherra sje mjer sammála um þetta. En ef svo er, þá er þingskilyrðunum ekki fullnægt sbr. yfirlýsingu alls meiri hlutans um framkomu mína í ríkisráði.

En þá er næst að athuga, hvort fyrirvara Alþingis sje þá ekki synjað með staðfestingarskilyrðum konungsvaldsins.

Sú synjun gæti verið tekin fram berum orðum, þannig, að konungsvaldið segðist ekki taka fyrirvara Alþingis til greina. Slík synjun liggur hjer ekki fyrir. En sú synjun getur líka falist í því, að það, sem sagt sje og aðhafst í málinu af konungsvaldsins hálfu, sje í stríði við fyrirvarann.

Jeg hefi reynt, að athuga þetta mál með eins mikilli stillingu og hægð, eins og mjer er unt, og jeg fæ ekki betur sjeð, en að öll meðferð á konungsúrskurðinum, allar umbúðirnar um hann, sjeu aðrar en þingið ætlaðist til.

Jeg skal leyfa mjer að minnast fyrst á, að forsætisráðherra Dana tekur þátt í umræðunum um staðfestinguna með Íslandsráðherra. Um sumt eru ráðherrarnir sammála, um sumt eru þeir ósammála. Það, sem ráðherrarnir eru sammála um, er, að öll deilan um ríkisráðsspursmálið sje »formel teoretisk« deila. Konungur tekur því næst upp, að um þetta sje enginn ágreiningur. Mjer er ómögulegt að skilja, að Íslandsráðherrann hafi haft heimild til að segja, að spursmálið sje eingöngu »formelt teoretiskt«, því ef svo væri rjett á litið, væri engin praktisk hlið á spursmálinu. En nú sýnir okkar pólitíska barátta, að á þessu máli er ein óneitanlega praktisk hlið, sú hlið, að vjer höfum skoðað það sjálfsagt framtíðarspursmál að taka málin út úr ríkisráðinu, undan danska kontrollinu, en með því að viðurkenna, að spursmálið sje eingöngu »formelt teoretiskt«, þá viðurkennum vjer áframhaldandi rjett Dana, til að hafa kontrol með málum vorum, því strax og málið væri tekið undan kontrollinu, þá væri það orðið mikið meira en »formelt teoretiskt«, þá væri það orðið mjög svo praktiskt spursmál, þá feldi það einmitt fyrst í sjer aðalóskir vor Íslendinga, að vera lausir við alla formlega íhlutun frá danskri hlið. Og sannast mun nú, að dag frá degi munum vjer una verr og verr við þá dönsku íhlutun, nema fullkomin bragarbót verði gjörð. Jeg er sannfærður um, að hæstv. ráðh. hefir með þessari »formel teoretisku« kenningu gengið inn á meira en hann ætlaði sjer að ganga inn á, gengið inn á hluti, sem eru ósamrímanlegir fyrirvara Alþingis. Og undarlega væri þá komið skapi Alþingis, ef það vildi taka undir með ráðherranum og segja: Vjer viðurkennum, að öll ríkisráðsdeilan sje »formelt teoretiskt« spursmál. En þetta ætlast tillögumennirnir í efri deild til, að sú háttv. deild lýsi yfir, en hæstv. ráðh. verður að koma í veg fyrir, að því verði lýst yfir. Þingið 1911 sýnir best af öllu, að oss var fult alvörumál að taka málin alveg út úr ríkisráðinu. Og þó þingið 1913 færi þá millileið í málinu, að fela konungi að ráða uppburðinum, þá var með því meiningin, að fá viðurkenningu konungs á því, að vjer gætum sjálfir með honum ráðið uppburðinum, en á móti því, að málin væru fyrst um sinn borin upp í ríkisráði. Með öðrum orðum, af þingsins hálfu er það sett sem skilyrði fyrir uppburðinum í ríkisráði, að vjer á sínum tíma gætum tekið málin undan danska kontrollinu út úr ríkisráðinu. Og því lagði þingið svo mikla áherslu á það atriði, að úrskurðinum mætti breyta eins og hverjum öðrum konungsúrskurði? Einmitt af því, að það vildi eiga á sínu valdi, að draga málin undan danska eftirlitinu.

En því verr, eins og jeg hefi marg tekið fram, ráðherrarnir eru sammála um, að spursmálið sje eingöngu »formelt teoretiskt« og konungur vor felst á þetta. En það, sem ráðherrarnir eru ekki sammála um, hvað er þá það? Forsætis-

ráðherrann segir, að danska skoðunin á þessu máli sje sú, að uppburðinum megi ekki breyta, nema jafntrygg skipun komi í staðinn.

Með öðrum orðum, þarna leggur forsætisráðherrann aftur áherslu á það, að eftirlitið, sem nú sje, þurfi að haldast áfram, því sú skipun, sem nú er, er undir eftirliti dönsku ráðherranna. Og enn segir forsætisráðherrann, til frekari áherslu, að eftirlitið þurfi að vera, vegna sambandsins milli Danmerkur og Íslands. Ráðherra Íslands vísar aftur til fyrirvara Alþingis og telur sig þarna hafa mótmælt forsætisráðherranum. Við skulum ganga inn á, að hjer sje um mótmæli að ræða, en hvað skeður svo á eftir? Eftir að hans hátign konungurinn hefir heyrt báða ráðherra sína tala, tekur hann upp orð forsætisráðherrans, þar sem hann lýsir dönsku skoðuninni, og segir, að Alþingi megi ekki búast við, að hann breyti uppburðinum, nema jafntrygg skipun þeirri núverandi sje gjörð. Með öðrum orðum, konungur tekur alls ekki til greina mótmæli Íslandsráðherrans, en tekur þvert á móti upp skoðun forsætisráðherrans. Allir skilmálar konungsvaldsins eru á þá leið, að slá því föstu, að eftirlitið á málunum sje nauðsynlegt. Einmitt á þetta eftirlit leggja Danir aðaláhersluna, og jeg þykist viss um, að Danir mundu ganga inn á, að málin væru tekin út úr ríkisráðinu, ef þessu »formella kontrolli« væri slegið föstu á einhvern hátt. Þeir menn eru til, sem halda því fram, að konungur segi orð sín í ríkisráðinu fyrir eigin reikning, eða með öðrum orðum, að enginn beri ábyrgð á þeim. Ef svo væri, þá gæti kritik á orðunum verið *crimen læse majestatis*, en konungurinn er vitanlega ábyrgðarlaus, og því hljóta orðin að vera töluð á ráðherra ábyrgð. En á ábyrgð hvaða ráðherra? Væntanlega á ábyrgð Íslandsráðherrans. En ef svo væri, þá neitar konungur með því, að taka fram dönsku skoðunina á ábyrgð Íslandsráðherra, fyrirvara Alþingis, og ef þingið lætur þar við sitja, þá felst það á það, eða afneitar einnig sínum fyrirvara. Aðrir hafa sagt, að Íslandsráðherrann gæti ekki tekið ábyrgð á þeirri skoðun, sem hann í ríkisráðinu hafi rjett áður mótmælt hjá forsætisráðherranum, en þar til er því að svara, að Íslandsráðherrann, eftir að konungur hefir heyrt þau mótmæli, án þess að taka tillit til þeirra, undirritar, og fellur með því frá mótmælunum og beygir sig undir konungsviljann.

En hugsum oss nú, að Íslandsráðherra beri ekki ábyrgð á öðrum orðum konungs en þeim, sem væri í samræmi við skoðun hans — hver ber þá ábyrgð á hinum orðunum? Auðvitað forsætisráðherrann. En ef svo er komið, að konungur tekur ákvörðun í þessu máli á ábyrgð Íslandsráðherrans og forsætisráðherrans, þá sjest best, hvað orðið er af sjermálarjettinum. Og segjum loks, að alt, sem konungur segði, væri á ábyrgð forsætisráðherrans, þá hefir Íslandsráðherrann með undirritun sinni gengið að þeim skilyrðum, sem konungur setur á ábyrgð forsætisráðherrans, og þá er kominn á gamli samningurinn, sem hæstv. ráðherra ámælti Hannesi Hafstein fyrir að hafa gjört í ríkisráði 20. okt. 1913.

Þá er eitt eftir mínum skilningi mjög athugavert í orðum konungsvaldsins, og það er tilvísunin til fyrri ríkisráða; þó hún líti mjög sakleysislega út, þá er jeg sannfærður um, að með henni er verið að byggja brú milli þess, sem nú gjörist og fyrri ríkisráða, og sýnir það, hvað konungsvaldið heldur öllu fast í þessu máli.

Því hefir verið haldið fram, að opið brjef frá 20. okt. 1913 úr sögunni. En hvernig þá? Annað hvort þyrfti að upphefja það, eða þá eitthvað verður

að vera í þessum nýju skilmálum, sem útilokar það? En hvað er það í þeim, sem útilokar það? Ekki neitt, sem jeg sje. Hæstv. ráðh. kann nú að segja, að samkvæmt fyrirvaranum hefði ekki verið ætlast til, að afturkalla opna brjefið; það er rjett. En ef fyrirvarinn hefði verið tekinn til greina, þá var opna brjefið þar með óbeinlínis afturkallað; en nú er fyrirvarinn ekki viðurkendur, og því stendur opna brjefið í allri sinni dýrð í fullu gildi.

Hæstvirtur ráðherra er því verr og miður lentur á sama skeri og H. H. En það, sem hann þá skoðaði sem sker, heitir nú höfn. — Hringferðin er fullkomnuð.

En þegar vjer nú lítum fljótlega yfir þetta mál, það sem hefir gjörst í því, þá verð jeg að taka fram þau atriði, sem jeg hefi margoft tekið fram, en ekki fyrr en nú á Alþingi.

Hverjar eru kröfur vor Íslendinga í þessu máli?

Vjer viljum ráða einir með konungi uppburði sjermála vorra.

Um þetta deilum vjer ekki.

En um þau goðasvör, sem konungsvaldið hefir gefið oss í hvert skifti, deilum vjer.

Eftir ríkisráði 20. október 1913 taldi H. H. sjermálarjetti vorum borgið.

Vjer Sjálfstæðismenn mótmæltum því allir.

Eftir ríkisráðsfundinn 30. nóv. töldu sambandsmenn sjermálarjetti vorum borgið með svörum konungsvaldsins.

Vjer mótmæltum að sjálfsögðu.

Og nú loks eftir síðasta ríkisráðsfundinn er sami ágreiningurinn um málið.

Með öðrum orðum, svör konungsvaldsins hafa jafnan orkað tvímælis. Um þau hefir verið deilt. Og engin furða er, þótt um þau hafi verið deilt. Svörin hafa verið og eru enn, vafin í svo miklar umbúðir, að menn hafa flækst í sjálfum umbúðunum. Svörin eru þannig vaxin, fela í sjer svo margar lögfræðilegar krókaleiðir, að alls ekki má búast við því, að menn alment geti verið vissir um, hvað felst í svörunum. Er þá rjett, að taka á móti svörunum þannig vöxnum, að þjóðin á erfitt með að skilja, hverju svarað er?

Er ekki með því verið að leggja seinasta úrskurðinn í þessu máli í hendur sjerfræðinganna, lögfræðinganna? Og er það holt fyrir heila þjóð, að eiga sjálfstæðið undir því, hvernig þeir einir líta á málið?

Er ekki sjálfsagðara að fara beinni leiðina, biðja um hrein og ótvíræð svör?

Og er þessu máli yfirleitt svo farið, að svörin gætu ekki verið skýr og ótvíræð?

Vissulega ekki. En sannleikurinu er sá, að óskýru svörin eru neitun rjettarins, því ef viðurkenna ætti rjettinn, þá væru engin útlát að gefa greinileg svör.

Í ríkisráði 30. nóv. lagði jeg málið skýrt fram, og vildi fá skýr svör, — á því fjell jeg sem ráðherra.

En hitt þykir mjer meira umhugsunarefni, ef skýru ótvíræðu leiðirnar hjer í þessu landi verða skoðaðar á sama veg og danska valdið skoðar þær.

Persónulega tek jeg mjer það ekki nærri, — en framtíðarpólitík okkar má ekki við því, að hreinni leiðirnar verði oft snúnar úr höndum vorum.

En er nú ekki síðasta smiðshöggið riðið á í þessu máli? Vissulega, að því leyti til, að stjórnarskráin er staðfest. En hins vegar hlýtur þó nú að ákveðast, eftir afstöðu þingsins til hinna nýju staðfestingarskilmála, að hverju leyti þeir binda landið. Jeg vil hreinskilnislega skýra frá því, að hreinasta, óruggasta, tvímælalausasta leiðin í þessu máli hefði verið sú, að mótmæla skilmálunum og sanna umboðsleysi ráðherrans. En þessa leið hefi jeg ekki farið, af því mjer var ljóst, að svo mikla karlmensku

hefir þetta þing ekki, að til neins sje að fara þá leið, enda liggja til þess margar ástæður, sem jeg að svo stöddu mun ekki minnast á.

En í stað þess hefi jeg og meðflutningsmenn mínir komið með þá tillögu, sem hjer liggur fyrir. Tillagan er öryggisráðstöfun. Hún er þannig orðuð, að allir, af hvaða flokki sem eru, sem vilja fara varlega í málum vorum út á við, geta greitt atkvæði með henni.

Tillagan fer fram á það, að háttv. Nd. lýsi landið óbundið af öðrum skilmálum fyrir staðfestingu stjórnarskrárinnar en þeim, er felast í fyrirvara Alþingis.

Það er allra hluta sjálfsagðast, að vjer, sem lítum svo á, að Alþingisfyrirvaranum sje ekki fullnægt, leggjum mikið kapp á, að tillagan sje samþykt; það er allra hluta sjálfsagðast, að þeir, sem eru í vafa um, hvort skilyrðunum sje fullnægt, greiði atkvæði með þessari tillögu. En þá er loks að líta á, hvernig afstaða þeirra manna verður til tillögunnar, sem fullvissir eru um, að fyrirvaranum sje fullnægt. Jeg hefi reynt að setja mig í þerra spor, og þá sjerstaklega í spor hæstv. ráðherra.

Einnig frá þessu sjónarmiði virðist mjer allra hluta sjálfsagðast, að tillagan sje samþykt, því að bæði er nú svo, að öllum getur skjátlast í skoðunum sínum, og svo er hitt, að það væri óneitanlega ákjósanlegt fyrir hverja stjórn sem er, og fyrir Alþingi alt, að þau yrðu málalokin, að engum stæði óhugur af þeim.

Svona horfir málið áreiðanlega við, þegar litið er á það með landsheill fyrir augum; en hvernig það lítur út, eftir flokkshuganum, það get jeg ekki dæmt um.

En í svona málum eiga flokkadeilurnar að víkja fyrir landsheillinni; í svona málum ber hverjum ráðherra sjerstaklega að vera ráðherra alls landsins.

Enn þá á seinasta augnabliki treysti jeg því, að þessi háttv. deild samþykki þessa öryggisráðstöfun.

Sú von byggist aðallega á því, að jeg treysti því, að háttv. deild, þegar í alvöruna er komið, muni sjá, að skylda vor allra er, að láta ekki undir höfuð leggjast, að gjöra nokkra þá röðstöfun, sem gjöri aðstöðu vora öruggari.

Í sjálfstæðismálum vorum eigum vjer vanalega Dani á móti oss í einum hnapp.

Ef vjer bærum giftu til að standa allir saman um áhugamál vor gegn erlendu valdi, þá værum vjer lengra komnir en nú er raun orðin á.

Getur þessi tillaga ekki sameinað oss, þessi tillaga, sem er eingöngu öryggisráðstöfun, og borin fram með þeim einlæga huga, að styðja afstöðu vora út á við?

En hvernig sem málinu reiðir af hjer í háttv. deild, um eitt er jeg viss, ef þjóðin ætti að greiða atkvæði um till. þessa, þá er enginn vafi á því, hvernig atkvæðin fjellu.

Hjer stöndum vjer nú, fulltrúarnir, í nafni þjóðarinnar. Vjer höldum nú seinasta þættinum í þessu máli í höndum vorum.

Á þessi þáttur að verða að sterkum lið í sjálfstæðisbaráttu vorri, sem síðar megi vitna til — eða á hann að vagga oss inn í andvaraleysið og vefja oss fastar og fastar inn í umbúðirnar, sem erlent vald hefir vafið um sjálfstæðisóskir vorar?

Jeg treysti því, að þegar atkvæði falla í þessu máli, gleymum vjer öllu öðru en því, að landið á í hlut.

Svo endurtek jeg það — þessi tillaga er komin fram að eins sem öryggisráðstöfun, hefir ekkert annað mark.

Ráðherra: Jeg þarf ekki að svara

löngu máli. Ræða háttv. frummælanda (S. E.) var nokkuð á annan veg en jeg bjóst við. Jeg átti von á stórskotahríð frá honum, en raunin er orðin nokkuð önnur. Endir ræðu hans virtist mjer eiga að vera nokkurs konar öryggispípa fyrir frelsi landsins. Þetta hlýt jeg að segja að eru vonbrigði, eftir allan þann mikla gauragang og þau miklu ólæti, er hafin hafa verin hjer í bænum af hálfu nokkurra manna og háttv. framsögum. (S. E.) hefir einna helst staðið fyrir. Hugði jeg, að þeir herrar, andstæðingar mínir, yrðu mjög æstir, færu grenjandi og bitu í skjaldarendur, eins og berserkja var siður til forna. Ekki er þó svo að skilja, að mjer falli það miður, að heldur er gætt hófs. En þótt tillaga sú til þingsályktunar, er háttv. framsm. (S. E.) kom fram með, eigi ekki að vera neitt annað en öryggisráðstöfun, þá hygg jeg þó, að í henni felist annað og meira. Hún gæti ekki verið komin fram, nema flutningsmaður áliti, að jeg hefði gjört eitthvað annað en jeg átti eða mátti gjöra í ríkisráðinu 19. júní þ. á. Og þar sem öllum er kunnugt, að jeg á að hafa, eftir skoðun Ingólfsmanna, viljandi eða óviljandi teflt frelsi landsins í voða, þá furðar mig ekki, hvað tillagan er hörð. Jeg bjóst við grenjandi hríð úr sorta þeim, er lá í loftinu. Jeg hafði búist við vantraustsyfirlýsingu og síðan landsdómsákæru. Vera má, að hægt sje af stað farið og þetta sje forynja eða undanfari einhvers meira.

Hjer í deildinni hefir háttv. framsm. (S. E.) reynt að rökstyðja það, að í tilefni af stjórnarskrárstaðfestingunni 19. júní þ. á. felist ýmislegt það, er þingið 1914 hafi ekki gefið heimild til. Þetta er skoðun flytjanda tillögunnar og hans fylgifiska, sjerstaklega »Ingólfs«. Þeir prjedika nú sýknt og heilagt, að rjetti landsins sje steypt í glötun, eða að minsta kosti sjeu þar mikil spjöll á orðin, ef þingið kæmi ekki fram með eftirvara, er afneiti því, er jeg hefi gjört. Mjer hafa fallið illa þessar aðfarir þeirra, ekki mín vegna, heldur vegna annars. Þar sem þessir menn hafa prjedikað, að frelsi og rjettur landsins sjeu fyrir borð borin, þá munu bæði innlendir og útlendir óvinir landsins hagnýta sjer þessi ummæli þingmannanna síðar meir. Og er vjer höldum því fram, að engu hafi verið glatað, koma þeir með ummæli þessara manna, til sönnunar rjettleysi landsins. Gengur þetta svo langt, að eitt blað hjer í bænum er stórfegið og prentar með stóru letri, ef útlendur blaðamaður segir, að frelsi voru sje glatað og vjer höfum komið illa og ómannlega fram við landið okkar. Þeir hrína upp af kæti yfir þessu, þessir íslensku ættjarðarvinir, er nú þykjast einir vilja varðveita frelsi landsins. Jeg skil ekki þessa föðurlandsást.

Síðast í dag hjelt einn aðalfrömuður þessara manna langa ræðu, þótt hæg væri og þingleg, um það, að rjettindum vorum sje í voða teflt. Hann rakti sögu málsins nokkuð.

Sem kunnugt er komst ákvæðið »í ríkisráði« inn 1903, er Alberti taldi það »forfatningsmæssig Nödvendighed«, að mál vor væru þar borin upp fyrir konungi. Þá reis upp flokkur í landinu, er taldi grundvallarlög Dana lögleidd hjer og sjermálarjett vorn þar með eyðilagðan. Ef þetta er rjett, þá gat ekkert í húfi verið í vor. Ýmsir eru nú á þeirri skoðun, að sjermálarjetti vorum hafi þá verið glatað. Og ef sú skoðun væri rjett, hvernig ætti jeg þá að drepa líkið? Sennilega hörfa þeir nú frá þessari skoðun. Árið 1907 er málið tekið upp, ríkisráðsákvæðið felt burtu, en málið varð þá óútrætt. Alþingi 1911 afgreiðir svo frumvarp; orðin »í ríkisráði« voru feld í burtu, án þess nokkuð

kæmi í staðinn. Eigi svo að skilja, að sannað væri, að tilgangur þingsins hafi verið sá, að málin yrðu ekki borin upp í ríkisráði, heldur var það tilætlunin, að konungur geti látið bera málin upp fyrir sjer þar, er hann vildi. Konungur lætur þá ráðherra (Kristján Jónsson) flytja þinginu 1912 þau skilaboð, að hann fallist ekki á þetta, nema lög um samband landanna verði áður sett og samþykt. Alþingistíðindin 1912 bera þetta með sjer. Árið 1913 er málið aftur tekið fyrir á Alþingi. Fann þá einhver upp það snjallræði, að málin skyldu borin þar upp, sem konungur ákvæði. Búist var þá eindregið við sjerstökum konungsúrskurði um uppburðinn á ábyrgð ráðherra Íslands. En að ætlast hafi verið til að koma málunum út úr ríkisráðinu, sjest hvergi og er hreinasti misskilningur. Kvað svo ramt að þessu, að einn þingmaður í Nd. kallar þetta grímuklædda ríkisráðssetu. Það var hv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Jeg tek þetta fram af því, að sagt hefir verið, að jeg hafi skýrt ranglega frá þessu á fundi. Og hvar stendur það skrifað, að málin hafi að eins átt að vera borin þar upp til bráðabirgða? Má líka nærri geta um þetta, þar sem hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) ljet í ljós vafa um, að konungur mundi geta fallist á orðin »þar sem konungur ákveður«. Svo kemur fyrirvarinn 1914, og hann ber ótvírætt og ómótmælanlega með sjer, að tilgangurinn væri að bera málin upp í ríkisráði. Fyrirvarinn endar á þessa leið: »Heldur Alþingi því þess vegna fast fram, að uppburður sjermála Íslands fyrir konungi *í ríkisráði Dana*« o. s. frv. Út úr þessu er ekki hægt að smokra sjer.

Því næst vjek háttv. flutnm. (S. E.) sjer að því, er gjörðist 20. okt. 1913. Jeg játa það, að jeg var ekki á sama máli og háttv. þáverandi ráðherra (H. H.), enda álít jeg, að hjer sje um annað að ræða. Jeg furða mig ekki á því, að háttv. flutnm. (S. E.) heldur þessu fram, en á hinu furðar mig, að háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) tekur í sama strenginn. Í sínu góða blaði, Þjóðviljanum 1913 (27. árg.) tbl. 56, segir hann eftir málalyktirnar 20. okt. 1913:

> Flokksstjórn sjálfstæðismanna hefir íhugað þetta atriði nýskeð, og niðurstaðan þar orðið sú, að sjálfsagt sje, að vjer ráðum engu síður til nú en áður en konungssvarið barst oss, að stjórnarskrárfrumvarpið sje samþykt óbreytt á aukaþinginu að sumri . . . . aðalatriðið, að danskir ráðherrar blandi sjer eigi inn í málin, og yfirlýsing Zahle's fjekkst um það. Hitt, þ. e. hvar málin eru borin upp fyrir konunginum — hvort það er gjört í ríkisráðinu eða einhversstaðar annarsstaðar — skiftir oss á hinn bóginn alls engu, en því hefir á fyrrgreindan hátt, þ. e. með úrfellingu ríkisráðsákvæðisins úr stjskr., verið slegið föstu, sem fyrr getur.

Því næst felst háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) á orð Zahles, þar sem Zahle segir, að uppburðurinn í ríkisráði sje til þess, »að dönskum ráðgjöfum yðar hátignar veitist kostur á hluttöku í dómi um, hvort í lögum eða ályktunum, sem ráðherra Íslands ber upp, felist ákvæði, er varði sameiginleg ríkismálefni, er að eins verði tekin ákvörðun um í sameiningu við dönsk löggjafarvöld«.

Jeg get ekki betur sjeð en háttv. þm. (Sk. Th.) hafi gjört sig ánægðan með orð Zales, þetta svokallaða »kontrol«. Á þingi 1914 var svo hv. þm. N.-Ísf. (Sk.Th.) með fyrirvaranum en eftir því, er jeg hygg, aðallega til þess, að ekki yrði ágreiningur í flokknum, er hann hefir álitið að gæti spilt. Það er aðallega tvent í mála-

lyktunum 20. okt. 1913, er sjálfstæðismönnum fjell illa, sem sje, að breyting á skipulaginu væri bundin við staðfestingu nýrra sambandslaga, og auglýsingin í Danmörku. Þeir, sem vilja lesa umræðurnar 19. júní þ. á., hljóta að sjá, að hvorugt er lengur til fyrirstöðu.

Þá hjelt háttv. flutnm. (S. E.) því fram, að fyrirvarinn sje óbrotinn. Getur vel verið að svo sje fyrir hans góða höfuð, en sumir hafa þó látið alt annað í ljós. Háttv. þingm. N.-Þing. (B. S.) var reiður yfir því í fyrra, hversu loðinn hann væri. Og jeg heyri, að þeir eru enn ósammála um þetta atriði.

Takmark fyrirvarans var, að fyrirbyggja að nokkuð það yrði gjört í framkvæmdinni, er að óliði gæti komið, (sbr. »áskilur«.Og nú hefir konungur fallist á fyrirvarann. Og andstæðingar mínir hafa játað, að ekki hafi þurft beinnar viðurkenningar við, heldur óbeinnar. Þess vegna er nóg, að ekki komi neitt það fram hjá konungi, er brjóti í bág við fyrirvarann. Jeg hefi ekki heldur skilið svo framkomu háttv. fyrrv. ráð. (S. E.) í ríkisráðinu 30 nóv. 1914 svo, að hann hafi ætlast til, að fá beina viðurkenningu, enda nú fengin viðurkenning hans sjálfs um, að eigi hafi svo verið.

Jeg skal nú leyfa mjer í stuttu máli að ganga í gegn um umræðurnar í ríkisráði 19. júní þ. á. Það er þá fyrst »Forestillingen«, sem 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði á þingmálafundi í Hafnarfirði, að væri í samningsformi. *(Björn Kristjánsson:* Danir segja það sjálfir). Enginn danskur maður er til svo skyni skroppinn. Fyrst er þar skýrt frá samþykt stjórnarskrárinnar á Alþingi 1913 og 1914. Þá kemur fyrirvarinn í danskri þýðingu (þeirri sömu og 30. nóv. 1914). Síðan kemur skýrsla um það, að enginn andblástur hafi komið fram um það, að málin yrðu borin upp í ríkisráði. Og nú viðurkenna andstæðingar mínir, að það sje rjett. Þá er nefndur geigur sá, er komi fram í þingsályktunartillögunni og sagt, að hann sje sprottinn af ótta við það, að auglýsing sú í Danmörku, sem boðuð var um afstöðu konungs til úrskurðarins, mundi verka sjerstaklega á ríkisrjettarlegt eðli úrskurðarins. Þessu er ekki neitað. Svo er ein dauðasynd, er jeg á að hafa gjört mig sekan í, er jeg segi, að þessi geigur sje formlegs fræðilegs eðlis. Því verður ekki neitað, að þessu er þannig farið, þótt andstæðingar mínir segi, að hann sje meira.

Háttv. flutnm. (S. E.) talaði um »kontrol« í þessu sambandi og einhverja »praktiska hlið«. Þessu víkur nú svo við, að meðan málin eru borin upp í ríkisráðinu, veit Íslandsráðherra hverjir um þau tala og hvað þeir tala, og á stjórnskipulegan rjett til þess, að svara því. Það er rjettur hans og skylda, að mótmæla, ef þess þarf. Ef einhver atriði koma fram í danskri löggjöf, sem fara í bág við rjett Íslands, þá er honum rjett og skylt, að mótmæla. Og sama rjett eiga danskir ráðherrar, ef íslensk löggjöf skyldi fara í bág við rjett Danmerkur. Þetta er jafnræði frá lagalegu sjónarmiði og engum heilbrigðum manni dettur í hug, að halda því fram, þótt mótmæli hafi komið fram í ríkisráði gegn einhverju íslensku löggjafarmáli, að Íslandsráðherra hafi þar með gjört það að sammáli. Það væri viðlíka viturlegt, eins og að halda því fram, að maður öðlaðist eignarrjett á túni annars manns, ef hann ræki á það kýrnar sínar. Það stendur ekki í neins manns valdi, að hamla því, að hans hátign, konungurinn beri sig saman við hvern þann mann, sem hann trúir, og þá er komið »faktiskt kontrol«, svo að í framkvæmdinni verður enginn munur á þessu, og þá er atriðið sannarlega formlegs fræðilegs eðlis, úr því að við get-

um ekki losað um þessi mál, eins og sambandið nú er. Hitt er annað, að við höldum því fram, að það, hvar mál vor sjeu borin upp, sje sjermál vort, og gjörum ekkert það, er geti svift okkur þeim rjetti, sem við teljum okkur þar eiga.

Síðan leggur Íslandsráðherra það til, að konungur staðfesti stjórnskipunarlögin með tilvitnun til þess, sem hann sjálfur (Íslandsráðherra) hefir talað. Í þessu felst þó væntanlega ekkert rjettarafsal. Þetta var nú sjálf »Forestillingen«, og á hana skrifar svo konungur eftir venju: »Indstillingen bifaldes«. En með því nú að Danir hafa ætíð haft aðra skoðun á málinu en þá, er jeg fylgdi, þá hefir nú forsætisráðherrann talið sjer rjett og skylt að taka fram skoðun Dana. Jeg hefi nú reyndar heyrt það sagt, að jeg hefði þá átt að segja honum að þegja. *(Skúli Thoroddsen:* Var það ekki rjett?). Jeg skal láta »Þjóðviljann« frá 1913 svara því. Þar stendur svo, að atburðirnir í ríkisráði 20. okt. það ár, hafi engin áhrif á afstöðu flokksins til málsins, og að Zahle hafi sagt, að ekki yrði hlutast til um málin, nema að athuga, að ekki felist í þeim — — etc. Allir sjá að þessi hv. þm. (Sk. Th.) hefir þá ekki talið það nema rjett, sjálfsagt og óskaðlegt, þótt forsætisráðherrann talaði þetta. *(Skúli Thoroddsen:* Þetta er »probatio diabolica«! Það er tekið fram í blaðinu, að forsætisráðherrann hefði ekki átt að blanda sjer í sjermálin). Það er satt, að þar stendur, að það væri »leiðara«, að því skyldi ekki vera mótmælt, en það raskar ekki því »reella«, og þá býst jeg nú við, að við sjeum komnir yfir þetta örðuga atriði. Enda fór jeg alveg eins að og háttv. þingm. vildi, því að jeg taldi það rjett, að taka til máls á eftir forsætisráðherranum og lýsa yfir því, að jeg væri honum ekki samdóma um þetta atriði, — gæti ekki fallist á skoðun hans.

Þá loks talar hans hátign, konungurinn. Jeg hafði nú áður sýnt fram á það, að ekki væri ágreiningur um það, að málin yrðu borin upp í ríkisráðinu, og þau orð tekur hann upp. En svo kemur þessi »kriminella« setning: »Eins og jeg hefi áður sagt í ríkisráði«, og haldið er fram að eigi að taka yfir alt það, er hann hafði þar áður sagt um málið, fyrr og síðar. Það sjer nú hver maður, sem les setninguna til enda, og annars skilur mælt mál, að þetta nær ekki nokkurri átt, því að hvorki eru skilyrðin frá 20. okt. 1913, nje 30. nóv. 1914 tekin þar upp, og engin tilvísun er þetta í eiginlegri merkingu, enda held jeg að háttv. flutningsm. (S. E.) sje ekki á því, að þetta sje svo, heldur sje hann hins vegar hræddur við það af einhvers konar hjartveiki, að ef til vill kunni að mega líta svo á.

Jeg veit ekki glögt, hvort hv. flutningsm. (S. E.) meinti það, — en svo virtist þó helst vera — að opna brjefið frá 20. okt. 1913 væri enn í gildi. Ef það væri rjett, þá hefði það einnig haldist í gildi, ef hann hefði tekið við staðfestingunni með þögn konungs, enda hafa ýmsir haldið því fram, t. d. háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). En nú vill svo vel til, að konungur hefir hjer alt önnur ummæli, en í opna brjefinu. Þar var svo um mælt, að engin breyting gæti á uppburðinum orðið, nema staðfest væru ný sambandslög, en hjer segir konungur að eins, að Alþingi »megi ekki vænta þess«, að því verði breytt »í sinni stjórnartíð«. Hann segir hvergi, að breyting á konungsúrskurðinum skuli bundin við ný sambandslög, nje að til þess þurfi neinn atbeina danskra stjórnarvalda, en það var kjarni fyrirvarans, að honum yrði breytt án þeirra íhlutunar. Kon-

ungur segir ekkert, sem komið geti í bága við það, að honum verði breytt þannig, og ef það er rjett, sem háttv. flutningsmaður hjelt fram, að ekki hafi þurft yfirlýsingu konungs berum orðum til þess, að fyrirvaranum væri fullnægt, þá er þetta líka nóg. Því að ef ekkert er sagt eða gjört, sem kemur í bága við orð fyrirvarans, þá er það sama sem þegjandi viðurkenning á honum, og ekkert slíkt hefir verið gjört eða sagt, er brjóti bág við fyrirvarann.

Háttv. flutningsm. (S. E.) endaði ræðu sína á því, að ef þjóð vor ætti nú að greiða atkvæði um þessa tillögu, þá myndi ekki standa á »já«-unum. Jeg veit ekki vel, á hverju hann byggir þá skoðun. Ekki verður það að minsta kosti sjeð af þeim þingmálafundum, sem haldnir hafa verið síðan staðfestingarskilmálarnir voru kunnir orðnir, að kjósendur hafi verið óánægðir með það, sem gjört var. Að vísu var einn fundur haldinn í Hafnarfirði, þar sem þingm. kjördæmisins fengu því framgengt, að kjósendur gáfu sjálfum sjer vantraustsyfirlýsingu, en fólu þingmönnunum að reyna að botna í málinu. Sá fundur mun hafa verið einna tvíbentastur. Að vísu var þar feld ánægjuyfirlýsing yfir gjörðum stjórnarinnar með 26 : 19 atkv., en það segir ekkert, því að það byggist á sama grundvelli og hitt, sem sje þeim, að kjósendur vildu ekki eiga í því, að leggja höfuð sín í bleyti um málið, heldur fólu þingmönnunum það. Hins vegar hefir á mörgum fleiri fundum verið lýst eindreginni ánægju yfir staðfestingunni, bæði í Borgarfjarðar- og Árnessýslu og í Reykjavík, þar sem mestur hávaðinn stendur af háttv. flutningsmanni (S. E.). Hitt er satt, að sumir þingmálafundir voru haldnir áður en skilyrðin yrðu kunn, og þeir eru mislitari. Sumir hafa talað um það, að aðferðin væri óviðkunnanleg. Hjer er nú eitt harðvítugt sjálfstæðisblað, »Íslendingur«, sem kemur út á Akureyri. *(Sigurður Eggerz:* O, það er nú ekki sjerlega harðvítugt). Það er fult eins eindregið og háttv. flutningsm. (S. E.), en það fagnar því eindregið, að stjórnarskráin hlaut staðfestingu með þeim skilmálum, sem orðið er, og telur gott, að jeg skyldi bera gæfu til að fá málinu framgengt, svo vel sem raun varð á.

Jeg skal nú ekki segja, hvernig þjóðin kann að líta á þessa tillögu, en eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, ætti ekki að vera mikil von um yfirgnæfandi atkvæðafjölda meðal kjósenda landsins með henni. Það eru nokkrir kjósendur hjer í einu kjördæminu, sem hneigjast að skoðun háttv. flutningsm. (S. E.) í þessu máli, sem hann segir að svo miklar umbúðir sjeu um, að engir aðrir en lögfræðingar geti ráðið við það. Mjer virtist þó ekki betur, en báðir háttv. þm. G.-K. (B. K. og K. D.) treystu sjer ofurvel til að gjöra sjer grein fyrir því út í æsar, þótt ekki sjeu þeir lögfróðir. Annars er þetta skraf háttv. flutningsm. (S. E.), alt nokkuð út í hött, því að er ekki margt torskilið, sem þó er svo merkilegt, að gjöra verður sjer grein fyrir því og byggja á því? Eru ekki millirikjasamningar flestir á frönsku, og er t. d. ekki »Gamli sáttmáli« gamalt og torskilið skjal? Jeg veit, að háttv. flutningsm. (S. E.) hefir svo gott »höfuð«, að hann skilur þetta mál erfiðislítið, ef hann vill.

Þetta er ekki flokksáhugamál, og jeg kæri mig ekki mikið um það. Jeg býst við, að allir háttv. þm. muni greiða um það atkvæði, eins og samviska þeirra býður þeim. En hitt vil jeg segja, að þeir sem álíta, að þingviljanum sje fullnægt, þeir geta ekki vel verið með tillögunni, því að það er hlægilegt, að vera að slá varnagla, sem engin þörf er

á. Það væri eins og ef einhver færi að fara í klofhá vatnsstígvjel í brakandi þerri, til þess að vera viss um að bleyta sig ekki, ef hann þyrfti að bregða sjer út á götuna.

Bjarni Jónsson: Þetta mál er að mínu viti mjög ljóst frá upphafi, einfalt og auðskilið. Vera má, að ekki sjeu mjer allir samdóma um sögu þess, og verði jeg því að víkja að henni nokkrum orðum.

Sambandsmálinu, þ. e. samningunum um samband Danmerkur og Íslands, lauk svo, að Danir virtu oss eigi svars 1909. Þá tók Alþingi aftur upp kröfuleiðina 1911, því að meiri hluti þjóðar og þings taldi þá staðreynt, að eigi væri semjandi við Dani. Þingið gjörði þá ýmsar breytingar á stjórnarskránni, og þar á meðal var sú, að ríkisráðsákvæðið var tekið úr henni. Var það gjört í þeim tilgangi, að sýna og sanna, að þetta ákvæði væri íslenskt löggjafarmál. Gjört til þess, að herða á orðum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) og fleiri manna úr hans flokki um það efni. Manna, sem höfðu jafnvel látið það um mælt, að þeir skyldu ganga í Landvarnarflokkinn, ef það sýndi sig, að vjer fengjum ekki ráðið þessu máli fyrir Dönum. Þetta átti að vera til þess að undirstrika þessi orð þeirra og sanna það, sem rjett er, að það vald, sem setur lög, og það eitt, hljóti að geta breytt þeim. Varð alt þingið á einu máli um þetta. En konungur sagðist eigi mundu geta fallist á þessa breytingu og stjórnin lagði málið eigi fyrir þingið 1912, og gekk málið ekki fram á því þingi. Næsta ár, 1913, var það enn tekið upp, og enn var ætlun þingsins hin sama, enda hafði það aldrei verið reynt til þrautar 1911, hvort konungsvaldið myndi eigi láta undan, því að stjórnin hætti við að leggja málið fram, og það kom aldrei til úrslita. Nú vildu menn sjá, hvort málið ynnist ekki með festu. En hitt er rjett hjá hæstv. ráðherra, að þá var skift um orðalagið og sett: »Þar sem konungur ákveður«. En þetta er nú í rauninni alveg sama. Enginn fullorðinn maður skilur þessi orð öðruvísi en svo, sem nú verður sagt: »Þar sem þingbundinn konungur Íslands ákveður eftir tillögum Íslandsráðh. eins og á hans ábyrgð«. Með þessu er átt við, að málið sje alíslenskt sjermál, enda kom þessi skilningur fram á þinginu 1913 í báðum deildum og var auðvitað ekki mótmælt.

Þá varð það næst til tíðinda, að 20. okt. 1913 hafði ráðherra Íslands þau ummæli í ríkisráðinu, að hann gekk þar inn á alt annan skilning, þar sem samið var um málið á þann hátt, að það hefði eigi orðið á voru valdi, ef þing og þjóð hefðu samþykt gjörðir hans eftir á. Þjóðin aftók það í kosningunum og þingið setti það skilyrði fyrir staðfestingu stjórnarskrárinnar, að úrskurður konungs í þessu máli yrði »skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður«. Það er með öðrum orðum, að ekki yrði dregið úr rjettum skilningi á orðum stjórnarskrárinnar. Því að þingið vissi vel, hvað það hafði ætlað sjer: að flytja þetta ákvæði frá íslensku löggjafarvaldi yfir í hendur hins íslenska úrskurðarvalds, *til þess að sanna með þeim flutningi, að ákvæðið um það, hvar íslensk mál sjeu borin upp fyrir konungi, sje að öllu leyti á valdi vor Íslendinga.* Þetta getur enginn vjefengt, því að það var öllum vitanlegt, sem þá sátu á þingi, bæði af flokkafunda-umræðum og öðrum viðræðum manna á milli, fyrir utan umræðurnar í sjálfum þingsalnum. Utan um þetta er ekki hægt að komast, og því er það ekki rjett, að fyrirvarinn væri óskilmerkilegur. Hann var skýr.

Það er nú af þessu auðsætt, að hverjum manni var það gjörsamlega óheimilt, að ábyrgjast undirskrift konungs

undir stjórnarskrána, nema fullnægt væri þessu ákveðna skilyrði. Bæði er það öllum vitað, að þingið er æðsta vald landsins, og að enginn hefir því vald til að breyta þeim skilyrðum, er það setur, og eins hitt, að atkvæði þingmanna með stjórnarskránni voru bundin þessu skilyrði. Þess vegna má enginn breyta því, nema hann gefi þingmönnum kost á að taka aftur atkvæðin, þ. e. nema málið sje tekið upp að nýju frá rótum.

Mönnum er nú í minni það, sem gjörst hefir í vetur í þessu máli, og þá síðast það, er hæstv. núverandi ráðherra undirritaði með konungi staðfestingu stjórnarskrárinnar, með þeim ummælum, er höfð voru þar um á ríkisráðsfundi Dana 19. f. m. *(Einar Arnórsson:* Mánaðarafmæli síðan í dag). Gott, ef hæstv. ráðherra hefir einhverjar gleðilegar endurminningar í því sambandi, en hins vildi jeg minnast, að menn greinir mjög á um það, hvort skilyrði þingsins hafi verið fullnægt með framkomu hans þar, eða eigi. Hæstv. ráðh. og nokkrir með honum segja svo vera, en vjer erum margir ósammála þeim í því efni. Í fyrra sumar kom oss mjög vel ásamt um það, sjerstaklega mjer og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), hvernig staðfestingin ætti fram að fara, til þess að skilyrði Alþingis yrði fullnægt, þ. e. að sannað yrði, að vjer Íslendingar hefðum málið á voru valdi. Á þann hátt, að konungsvaldið skrifaði orðalaust undir, samkvæmt tillögum ráðherrans fyrir Ísland, er þá vitnaði til fyrirvarans í tillögunum og í sjálfum úrskurðinum, en engir aðrir segðu neitt.

Með þessum hætti töldum við mega fá viðurkenningu þess, að málið væri eingöngu á valdi Íslendinga, án þess að afturkallað væri opna brjefið, svo sem fyrirvari háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J) fór fram á. Þetta ætla jeg, að komið hafi fram í ræðu framsm. í Nd., en það var núverandi hæstv. ráðherra. Þetta hlaut því að verða sú aðferð, sem ráðherrann krefðist að væri við höfð. Að minsta kosti var sjálfsagt að vitna til fyrirvarans í sjálfum úrskurðinum, en allra sjálfsagðast þó fyrir núverandi ráðherra, því að í nefndaráliti meiri hl. í Nd. um þetta mál, þar sem hann var skrifari og framsm., stendur þetta:

> »Jafnframt telur meiri hlutinn æskilegt til frekari tryggingar, að í væntanlegum konungsúrskurði verði skírskotað til þingsályktunartillögunnar á þingskjali 438, ef hún verður samþykt«.

Þetta gat alt verið Dönum og konungi að meinalausu. Úr því að fyrirvaranum átti að fullnægja á annað borð, var útlátalítið að láta það í ljós á skýran og ótvíræðan hátt. Hitt var að eins til þess að vekja efasemdir hjá þeim, sem ekki eru eins trúaðir í þessu máli og þeir þurftu að vera, til þess að vera ánægðir með þau málalok, sem nú eru fengin.

Það var áreiðanlega vilji þingsins, að yfir lyki milli sín og konungsvaldsins um þetta mál, og að danskir ráðherrar væru vandir af því, að hamla konungi Íslands að stýra landinu eftir þingræðislögum rjettum. Þessum vilja þingsins fylgdi fyrverandi hæstv. ráðherra fram með þeirri festu, er sæmir þingræðisráðherra. Hann gjörði ekki annað en skyldu sína, og þær þakkir, sem hann hefir fengið fyrir það, eru ekki annars eðlis en þær, sem hver maður fær fyrir að gjöra skyldu sína. Og hefði enginn Íslendingur látið bilbug á sjer finna, þá er það mín föst og óbifanleg sannfæring, að konungsvaldið hefði látið undan þinginu og að staðfestingin hefði fengist með þeim hætti, sem jeg og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) töldum öruggari í fyrra.

En Íslands óhamingju verður alt að vopni. Nú er ekki hægt að vita, hvort konungsvaldið hefði látið undan eða ekki, því að nú er stjórnarskráin staðfest með þeim flækjum, sem kunnar eru orðnar og framdar voru í ríkisráði Dana 19. f. m. Hjer var annari aðferð beitt en skyldi, en við það skal jeg ekki dvelja. Jeg vil vera manna friðsamastur, eins og minn er vandi. En það verð jeg að segja, að umræðurnar í ríkisráðinu voru flóknar, og flóknastar þó, ef niðurstaðan á að vera sú, sem hæstv. ráðherra segir, að gengið hafi verið inn á fyrirvarann. Ef hann gæti sannað bæði mjer og Dönum, að svo hafi verið gjört, þá tæki jeg því með fögnuði. En því fer mjög fjarri, að hann hafi gjört það. Ræður hans um þetta mál hafa verið æði slitróttar, sem ekki er að furða, því að þær hafa aðallega verið stílaðar til þess, að kasta sinni hnútunni í hvern, en þá er eðlilegt að þráðurinn vilji slitna.

Ef svo ótvíræðlega hefði verið gengið frá þessu máli, að það gæti ekki orkað tvímælis, að fyrirvaranum væri fullnægt, þá væri það útkljáð svo, að enginn ágreiningur væri um, að það væri oss í vil. En í stað þess munu nú einmitt rísa af því hinar megnustu deilur, ef Íslendingar leggja ekki allir niður rófurnar.

Nú mun jeg telja fram nokkur af þeim gögnum, sem Danir munu færa fram gegn oss í þeirri deilu, hvort sem það verður fyrir hlutlausum dómstóli, t. d. í Haag, eða annarstaðar. En hugsum oss, að það verði fyrir dómstóli, sem á að meta þeirra gögn og vor og dæma um, hvern veg nú standi þetta ríkisráðsmál. Ef vjer hugsum oss það, þá verður oss ljósara en ella, að vjer þurfum að hafa einhver gögn til þess að vinna málið.

Þeir munu segja það fyrst, að öll meðferð málsins í ríkisráðinu sýni, að konungsvaldið hafi eigi skoðað úrskurð konungs sem hvern annan íslenskan konungsúrskurð. Og þar með sje skilyrði þingsins haft að engu.

Þeir munu halda því fram, að lengra verði umræðurnar í ríkisráðinu danska 19. júní 1915 alls eigi teygðar Íslendingum í vil, en að málið sje í sínu gamla, þokkalega ásigkomulagi (status quo), og sje því efalaust, að rofið sje skilyrði Alþingis, sem vildi hafa viðurkenning, þótt það heimtaði að eins þegjandi viðurkenningu.

Ef einhver vill efast um, að Danir muni halda því fram, að málið sitji í sama farinu, þá vil jeg benda þeim hinum sömu á það, hvað blað dönsku stjórnarinnar segir 30. júní þ. á.:

> »— — En þar sem Einar Arnórsson ráðherra, jafnframt því, sem hann leggur þetta frumvarp fram fyrir konung til staðfestingar, leggur einnig til, að út verði gefinn konungsúrskurður, sem ákveður, að íslensk lög og mikilsvarðandi stjórnaaráðstafanir framvegis sem hingað til verði bornar upp í ríkisráðinu, og þar sem konungur lýsir yfir því, að hann muni ekki á sínum stjórnarárum gjöra neina breytingu á þessu, nema annað jafn tryggilegt fyrirkomulag sje sett í staðinn, þá er í raun og veru það band varðveitt, sem eftir stjórnarskipunarlögunum 1903 er hið eina, sem knýtir Danmörk, og Ísland saman ríkisrjettartengslum«.

Þetta gæti blaðið ekki sagt, nema því að eins, að danska stjórnin telji skilyrði Alþingis rofið. En úr því að danskt stjórnarblað játar, að þetta sje eina bandið, þá ættum vjer eigi að knýta

það, úr því að það er á voru valdi að slíta það.

Það heyrir eiginlega til niðurlagi ræðu minnar, en jeg get sagt það strax, að þetta er ekkert band, nema þingið samþykki það með þögninni eða á annan hátt. Ráðherrann getur ekki einn skuldbundið landið á nokkurn hátt, nema þingið á eftir viðurkenni þá skuldbindingu. Ef þingið slær varnaglann, er skuldbinding ráðherrans að engu hafandi, hversu ríkt sem henni er haldið fram.

Enn munu Danir halda því fram eftir orðum ráðherra, að vjer höfum ætið verið þeim sammála um kjarnann í málinu, að málin skyldi bera upp í ríkisráðinu. Jeg tel þeim vorkunn að þessu leyti, því orð ráðherra falla á þá leið og voru svo skilin og undirstrikuð af konungi og forsætisráðherranum. Mjög einföld sönnun er til fyrir því, að þetta er ekki rjett sagt. Hvað gat þá þinginu gengið til að hreyfa málinu? Enda vita það allir, að þótt þingið vildi vinna það til, að málið gengi fram, að láta sjer lynda, að mál vor væru borin upp í ríkisráði um stundarsakir, þó með því skilyrði, að oss væri heimilt að taka þau þaðan, hvenær sem væri, þá var fyrirætlunin ávalt sú, að taka málin þaðan. Það var til þess, að ná málunum út úr ríkisráðinu, að þessu var hreyft. Það vita allir. Og jeg efast ekki um, að það hefði verið gjört við fyrsta tækifæri, eftir að viðurkenning var fengin fyrir því, að vjer gætum það. Hitt, að vjer vildum þola, að málin væru um stundarsakir borin upp í ríkisráðinu, var að eins til þess, að þoka málinu áleiðis. En ef þingið staðfestir þessi ummæli hæstv. ráðherra, þá sjái hann fyrir vörnum í þessu atriði og hans menn. *(Ráðherra:* Það skal gjört). Það er hægt að tala digurbarkalega, þegar maður er hvorttveggja í einu, bæði málaflutningsmaður og dómari. Þegar maður er einungis málaflutningsmaður, er alt verra. Það er annað að flytja þetta mál fyrir alþjóðadómstóli hlutlausum en hjer á þinginu, þar sem hæstv. ráðherra veit, að hann hefir meiri hlutann með sjer. Enginn Íslendingur ætti heldur nokkru sinni að fallast á, að þetta mál sje að eins formlegt fræðiatriði eða »formelt theoretiskt«, eins og þeir kalla það. Það er þvert á móti það, sem á útlendu máli er kallað »vitalt«. Það er lífsspursmál fyrir oss, að ná öllum vorum málum út úr ríkisráðinu danska, undan dönsku eftirliti.

Loks munu Danir og, er frá líður, halda því fram, að ríkisráðsmálið hafi 19. júní 1915 verið útkljáð sjer í vil. Munu þeir byggja það á ýmsu.

T. d. munu þeir segja, að eftirlitsrjettur sinn með málum vorum hafi verið viðurkendur í þessum umræðum. Vil jeg geta mjer til, hvernig þeir munu styðja það. Þeir munu segja, að ráðherrann danski hafi fyrir hönd Dana lýst yfir þeirri kröfu þeirra, að þeir hefðu eftirlit með íslenskum málum, og einhvern stað, til þess að framkvæma það eftirlit. Þótt ráðherra Íslands vísaði í þingsályktunartill. í mótmælaskyni, þá munu þeir halda því fram, að þar sje ekki sjerstaklega að ræða um eftirlitið, heldur að eins um það, að koma því fyrir á annan hátt en áður hafði verið. Þeir munu segja, að þessi almennu mótmæli ráðherra Íslands snerti því ekki ræðu danska ráðherrans. Einnig munu Danir lýsa yfir því, að konungur hafi fallist á ræðu danska ráðherrans, eftir að hafa heyrt ræðu ráðherra Íslands.

Þá er þetta »citat« konungs: »eins og jeg hefi áður sagt í ríkisráðinu«. Það kom inn í síðustu ferð ráðherrans, því það var ekki í skjali því, er prímenn-

ingarnir höfðu með sjer úr sinni för. Nú munu Danir skýra þessa tilvitnun svo, að konungur hafi með henni viljað hnýta þenna vilja sinn við ástæður þær, er fram komu fyrir þeim vilja á fyrri ríkisráðsfundinum. Eða hví var þetta sett inn, ef það átti ekkert að þýða? Danir geta sagt, að um eftirlitið hafi konungur og ráðherrann danski verið sammála, og ráðherrann íslenski ekki mótmælt þeim, eða þótt hann hafi gjört það, þá hafi hann tekið mótmæli sín sín aftur, með því að skrifa undir þetta þegjandi og hljóðalaust.

Þá munu Danir bera það fram, að þessi úrskurður geti ekki talist sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, þar sem þau skilyrði eru sett fyrir að breyta honum, sem danski ráðherrann tekur fram í ræðu sinni og konungur endurtekur orðrjett, eftir að hafa heyrt mótmæli ráðherrans íslenska. Og einnig munu þeir segja, að ráðherra Íslands hafi fallið frá mótmælum sínum á síðasta augnabliki með undirskrift sinni, eftir alt það, sem fram hafði farið.

Að síðustu munu Danir koma með loforð konungs, að þessu fyrirkomulagi skuli ekki breytt í stjórnartíð hans. Og þeir munu halda því fram, að þetta loforð hafi verið gefið á ábyrgð beggja ráðherrranna, hins íslenska engu síður en hins danska, eftir allri meðferð málsins að dæma. Jeg sje heldur ekki, með hverju móti hægt er að útiloka þann skilning. En um leið og Dönum er gefið þetta loforð, eru þeir dregnir inn sem þriðji málsaðili og samningur gjörður við þá, Í þessu sambandi skiftir það engu máli, hvort loforðið nær yfir lengri eða skemri tíma.

Þessu munu Danir halda fram, ef til þess kæmi, að hlutlaus dómstóll ætti að skera úr þrætumálum vorum, og þeir munu halda því til streitu.

Því er gott til þess að vita, að enn stendur í voru valdi að ónýta öll þessi vopn Dana, og þótt þeir kynnu að finna einhver fleiri, en það er með því, að samþykkja þessa tillögu, sem hjer liggur fyrir. Ef ráðherrann hefir ekki umboð frá þinginu, þá hafa loforð hans fyrir landsins hönd ekkert gildi. Þetta umboð hefir hann ekki fengið enn þá. Það er þetta þing, sem á að velja um það tvent, að synja honum um það, með því að samþykkja þessa tillögu, eða veita honum það með þögninni eða á annan hátt. Það væri ekki nema mátulegt á Dani, að við ónýttum vopnin í höndum þeirra, eftir þá aðferð, sem þeir hafa haft í þessu máli. Við værum, satt að segja, ekki gáfaðir, ef við gjörðum það ekki.

Það hefir komið hjer fram í ræðum manna, að við, flutningsmenn tillögunnar, værum að ráðast á frelsi landsins, með því að gjöra rjettindi þess vafasöm, og að við hjálpuðum öfundarmönnum þess, sem síðar kynnu að vitna í ummæli okkar hjer. En erum við ekki að reyna að opna augu þingsins fyrir seinasta leiknum á borðinu? Og sá leikur er viss sigurleikur. Hann nægir til þess, að máta Dani og rjetta hlut vorn. Við sýnum öllum þingheimi voðann, til þess að hann sjái við honum. Við teljum það heilaga skyldu okkar. Nei, það hvílir engin ábyrgð á okkar herðum, eftir að við höfum gjört það, sem við nú höfum gjört. Ábyrgðin hvílir á herðum þeirra, sem ekki vilja leika þenna eina leik, sem ekki kostar neitt og engum er til ógagns.

Málið er gengið fram, stjórnarskráin staðfest, svo að ekki er hægt að bera því við, að með þessu lendi hún í strand. Með þessari yfirlýsingu gætum við slegið niður alla tvíræðni í þessu máli, sem gjörir málstað vor Íslendinga vafasam-

an. Það er til mikils að vinna, en litlu til kostað.

Jeg læt svo útrætt um málið. Gjöri jeg það meðfram af brjóstgæðum, svo að menn geti fengið hvíld eftir þessar löngu umræður.

Sigurður Gunnarsson: Jeg er ekki fær um, nú sem stendur, að fara mörgum orðum um tillögu þá, sem hjer liggur fyrir. Enda gjörist þess naumast þörf. Jeg hefi reynt að fylgjast með í því, sem talað hefir verið og ritað um ríkisráðsdeiluna, bæði áður en stjórnarskráin var staðfest 19. júní s. l. og síðan. Mjer hefir ekki dulist, að rökfærsla háttv. flytjenda og fylgismanna till., sem fyrir liggur, hefir stefnt öll að því, að reyna að sanna, að hæstv. ráðherra hafi ekki gætt þess, um leið og stjórnarskráin var staðfest, að fyrirvara Alþingis væri fullnægt, og að hann hafi þar með hreint og beint stefnt landsrjettindum vorum í voða. Hin eina rökrjetta niðurstaða af þessari rökfærslu hefði áreiðanlega verið sú, að hv. tillögumenn hefðu komið hjer á þinginu fram með beina vantraustsyfirlýsingu á ráðherrann, og staðið og fallið með henni. Jeg vil segja, að frá þeirra sjónarmiði hafi það verið bein skylda þeirra. En að koma með slíka tillögu, sem hjer liggur fyrir, tel jeg þeim tæplega samboðið, og í fullkomnu ósamræmi við alla rökfærslu þeirra, bæði nú og áður.

Jeg sagði áðan, að tillögumenn hefðu, að mínu áliti, rangt fyrir sjer. En setjum nú samt svo, að þeir hefðu rjett fyrir sjer; þá er mjer spurn: Á hvern hátt gæti tillaga þeirra bætt úr skák? *Staðfesting stjórnarskrárinnar er þegar orðinn hlutur*, og það er ofseint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann. En mín skoðun er sú, eins og jeg hefi oftar en einu sinni tekið fram, að tillögumönnum skjátlist, enginn skaði sje skeður við staðfestinguna 19. júlí, landsrjettindum vorum sje ekki tefit í voða, og fyrirvara Alþingis fullnægt. Að fara að hafa yfir aftur öll þau skýru rök, sem fyrir þessu eru færð fyrr og nú, álít jeg óþarft. Get að miklu leyti látið mjer nægja að skírskota til þeirra. Jeg fæ ekki annað sjeð en konungsúrskurðurinn um uppburð málanna í ríkisráði, *sje algjörlega íslensk stjórnarráðstöfun*, eins og Alþingi ætlaðist til, og sem breyta má á sama hátt og hún er til orðin — með undirskrift Íslandsráðherra eins, ásamt konungi. Efni konungsúrskurðarins er stutt og ljóst, sem sje þetta, að íslensk lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skuli borið upp fyrir konungi í ríkisráði hans framvegis, eins og hingað til. Svo mörg eru þau orð og ekki fleiri.

Auglýsingin til Dana með undirskrift forsætisráðherrans danska, er fallin burtu. En nun var aðalþrætueplið eftir ríkisráðsfundinn 20. okt. 1913. Jeg fæ því ekki annað sjeð, en að tillaga háttv. flutningsmanna sje bæði þýðingarlaus og óþörf, nema ef hún á að vera dálítil tituprjónsstunga til hæstv. ráðherra, og þá jafnframt fylgismanna hans.

Þar sem því tillagan er bæði í ósamræmi við alla aðferð og rökfærslu tillögumanna, og óþörf frá mínu sjónarmiði, þá álít jeg rjettast að víkja henni hægt og rólega á bug, og skal jeg leyfa mjer að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá, sem jeg vænti að verði borin undir atkvæði að umræðum loknum:

> *Sökum þess, að neðri deild Alþingis telur staðfestingarskilmála stjórnarskrárinnar 19. júní 1915 í fullu samræmi við fyrirvara Alþingis 1914, lýsir deildin ánægju sinni yfir staðfestingu stjórnarskrárinnar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá«.*

Jeg vildi ekki draga það lengur, að

koma fram með þessa tillögu, til þess að háttv. deild gæti áttað sig á því sem fyrst, hvort hún teldi ekki rjett, að taka þessari þingsályktunartillögu á þenna hátt, er jeg nú legg til.

Jón Magnússon: Aðstaða vor Heimastjórnarmanna til fyrirvarans hefir frá upphafi verið öll önnur en Sjálfstæðismanna.

Þeir töldu hættu fyrir rjettindi landsins stafa af því, sem gjörðist á ríkisráðsfundinum 20. október 1913, og opna brjefinu s. d. Var það aðallega ákvæðið, sem bætt var við yfirlýsingu konungs, um það, að hann mundi staðfesta stjórnarskrárfrumvarp Alþingis 1913 á sínum tíma, og gefa þá jafnframt út úrskurð, nafnfestan af Íslandsráðherra, þar sem eitt skifti fyrir öll yrði ákveðið, að íslensk lög og mikilsvarðandi stjórnarathafnir yrðu, hjer eftir sem hingað til, bornar upp fyrir konungi í ríkisráði Dana. En ákvæðið var þetta, að á þessum konungsúrskurði verði engin breyting gjörð, nema gefin verði út lög um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands, samþykt bæði af Ríkisþinginu og Alþingi, þar er ný skipan verði á gjörð, og skyldi þetta auglýst í Danmörku með kgl. auglýsingu, nafnfestri af forsætisráðherra Dana.

Það var bygt á því, að ákvæðið um, að engin breyting gæti orðið á væntanlegum konungsúrskurði, nema áðurgreindum skilyrðum um sambandslög væri fullnægt, væri tekið upp í úrskurðinn sjálfan. En er þáverandi ráðherra, H. H., í byrjun þingsins 1914 lýsti því, að þetta skilyrði ætti ekki að taka upp í konungsúrskurðinn, hefði aldrei verið tilætlunin, þá var sem mönnum fjelli allur ketill í eld, og virtist þetta mjög draga úr ugg Sjálfstæðismanna við málið.

Þeir hjeldu því samt enn fram, að ráðstöfun sú, sem gjörð hefði verið á ríkisráðsfundinum 20. október 1913, hafi, eftir atvikum þeim, er þar til lágu, falið í sjer samkomulag milli fulltrúa Íslands af annari hálfu, og fulltrúa Dana af hinni hálfu, um það, að uppburður mála vorra í ríkisráðinu skuli bundinn skilyrði, sem löggjafarþing Íslands rjeði eigi yfir, og að þar með væri stefnt í þá átt, að uppburðurinn yrði ekki lengur sjermál vort, heldur í raun og veru sammál Íslands og Danmerkur. Þetta átti fyrirvarinn að fyrirbyggja, að áliti meiri hlutans 1914, og taldi hann nægilegt, að þingið í fyrirvaranum lýsti þeirri ákveðnu skoðun sinni, að ráðstöfunin, þar sem hún hafi eigi verið gjörð með heimild í stjórnarskrárbreytingunni sjálfri, sje eigi bindandi fyrir Ísland.

Vjer Heimastjórnarmenn litum alt öðruvísi á þetta mál. Vjer töldum enga þá ráðstöfun gjörða á ríkisráðsfundinum 20. okt. 1913, er miðaði á nokkurn hátt að því, að gjöra uppburð íslenskra mála að sammáli, eða leggja ákvæðið um það á nokkurn hátt undir löggjafarvald Dana. Oss virtist uggurinn út af því, sem gjörðist í ríkisráðinu 20. október, vera kominn af því, að menn rugluðu saman tveim ólíkum, en hliðstæðum ráðstöfunum, er þar voru gjörðar, önnur íslensk stjórnarráðstöfun, gjörð af konungi á ábyrgð Íslandsráðherra eins. Það var ákvæði um kosningar hjer, og boðskapur til kjósenda á Íslandi, um að konungur muni, um leið og hann staðfestir stjórnarskrárbreytinguna, gefa út þann úrskurð, samkvæmt 1. gr. hennar, með undirskrift Íslandsráðherra, að málin skuli borin upp í ríkisráði hans. Hitt var dönsk stjórnarathöfn, yfirlýsing konungs gagnvart Dönum, um að hann mundi á sínum tíma gefa út auglýsingu, nafnfesta af forsætisráðherra Dana, um það, að þessi ráðstöfun hafi verið gjörð um uppburð íslenskra mála í ríkisráði,

og að hann muni ekki breyta henni, nema breytt verði sambandinu milli landanna. Þetta var ekki gjört eftir tillögum eða vilja Íslandsráðherra. Þessi danska auglýsing gat ekki breytt stjórnskipulegum rjetti Íslands. Vjer litum svo á, að svo framarlega sem það væri rjett, og það drögum vjer alls eigi í efa, að uppburður mála vorra fyrir konungi sje, eigi síður eftir stjórnarskrárbreytinguna en áður, stjórnskipulegt sjermál vort, þá verði því eigi breytt, nema á stjórnskipulegan hátt. Vjer minni hluta menn á þinginu í fyrra ljetum þó tilleiðast að samþykkja fyrirvarann, meðal annars fyrir þá sök, að sumir okkar höfðu við þá afstaðnar kosningar lýst því, að þeir teldu ástæðu geta verið til, að Alþingi samþykti einhverja yfirlýsingu í þá átt, að þingið hjeldi fast við þá skoðun sína, að uppburðurinn væri eftir sem áður sjermál, og höfðu að minsta kosti margir af oss þá bygt á því, að skilyrði konungs um óbreytileik yrði tekið upp í úrskurðinn. Fyrirvari sá, er samþyktur var, var og með vilja svo orðaður, að vjer gátum samþykt hann, þótt vjer teldum hann í rauninni óþarfan.

Aðalskoðanamunurinn milli meiri og minni hlutans var þá þessi. Meiri hlutinn taldi stofnað til þess með því, sem gjörðist í ríkisráðinu 20. október 1913, að gjöra uppburðinn að sammáli, og þetta átti fyrirvarinn að fyrirbyggja. Minni hlutinn hjelt því fram, að ekkert slíkt fælist í því, sem þá gjörðist. Og þegar konungur svo á ríkisráðsfundinum 30. nóvember f. á. lýsti því, *út af fyrirvaranum*, að það, sem gjörðist á ríkisráðsfundinum 20. október 1913, megi ekki skilja svo, að uppburður sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði sje með því lagður undir löggjafarvald Dana eða dönsk stjórnarvöld, og þegar hann jafnframt tjáði sig fúsan til að staðfesta stjórnarskrána, þá litum vjer Heimastjórnarmenn svo á, að fyrirvara Alþingis væri fullnægt. Þótt vjer værum ekki í neinum efa um, að uppburðurinn hlyti að rjettu lagi að skoðast sjermál vort, og það hafði verið viðurkent áður, þá þótti oss það mikils vert, að konungur í ríkisráði sínu, í áheyrn allra dönsku ráðherranna, lýsti þessu beinum orðum, að uppburðurinn sje sjermál, og að það sje að eins fyrirkomulagsatriði, að málin eru borin upp í ríkisráðinu.

Er fyrrverandi ráðherra (S. E.) svo eftir þessa yfirlýsingu neitar að nafnfesta stjórnarskrárbreytinguna með konungi, þá litum vjer svo á, að ráðherrann hefði brotið í bág við yfirlýstan vilja Alþingis 1914. Því var það, að eftir að kunnugt var orðið það, er fram fór á ríkisráðsfundinum 30. nóv. f. á, var af vorri hálfu, Heimastjórnarmanna, gefin út yfirlýsing um það, að vjer krefðumst þess, að stjórnarskrárbreytingin yrði staðfest fyrir næsta reglulegt Alþingi, svo að öll sú mikla stjórnmálavinna, sem í hana hafði verið lögð, færi ekki forgörðum fyrir, að okkar skoðun, handvömm eina. Vonuðumst vjer þá til, að einhver af meiri hlutanum yrði til þess, að taka á sig ábyrgðina á þessu nauðsynjaverki, og að nógu margir úr þeim flokki hyrfu að því ráði með honum. Meiri hluta þingmennirnir litu samt í heild öðru vísi á gjörðir ráðherra vors á ríkisráðsfundinum 30. nóv. f. á. Töldu hann hafa gjört rjett. Virtist þar mestu um orka auglýsingin, sem birta átti í Danmörku, nafnfest af forsætisráðherranum, um að úrskurðinum um uppburð íslenskra mála í ríkisráðinu skuli ekki breytt, nema annað fyrirkomulag jafntrygt yrði upp tekið. Að auglýsingin í Danmörku um þetta skyldi talin af svo miklu atriði, þótti oss Heimastjórnarmönnum nokkuð kynlegt. Því hafði verið lýst af vorri hálfu við umræðurnar á síðasta þingi

hvað eftir annað, að við það gætum vjer ekki ráðið; það væri algjörlega dönsk ráðstöfun, sem ekkert gildi gæti fengið fyrir okkur. Og það var þá ekki int í þá átt af Sjálfstæðismönnum, að hún væri neitt athugaverð eða hættuleg landsrjettindunum. Þvert á móti.

Af því, sem jeg hefi nú rakið, hlýtur það að vera ljóst, hver afstaða Heimastjórnarþingmanna til staðfestingar stjórnarskrárinnar 19. júní þ. á. er og verður að vera. Vjer verðum að telja það þarft og þakklætisvert starf, er þrímenningarnir tóku sjer fyrir, þegar þeir fóru að vinna að því, að fá stjórnarskrárbreytinguna staðfesta fyrir þetta þing, og vjer töldum oss skylt, að styðja að því eftir mætti. Því hljótum vjer Heimastjórnarmenn að lýsa ánægju vorri yfir staðfestingunni, og oss er ljúft, að flytja hæstv. ráðherra þakkir fyrir framkvæmdir hans í þessu efni.

Það er enn verið að reyna að leggja þann skilning inn í gjörðir ráðherra á ríkisráðsfundinum, að þær stefni í þá átt, að gjöra uppburð mála vorra í ríkisráði að sammáli, og er það nú framkoma hæstv. ráðh. á ríkisráðsfundinum 19. júní, sem á að vera þannig. Jeg fæ ekki sjeð, að þessi skilningur hafi við neitt að styðjast. Jeg get ekki hugsað mjer, að nokkur maður með óbrjálaðri skynsemi geti í alvöru trúað því, að birting forsætisráðherra í Danmörku á umræðunum í ríkisráðinu geti haft nokkra rjettarlega þýðingu fyrir Ísland. Og eftir því, sem á undan var farið, og Alþingi hafði verið kunnugt alt frá 1912, var varla að vænta, að konungur kvæði óríkar á en þetta, að Alþingi mætti ekki *búast við*, að hann breytti ákvæðinu í sinni stjórnartíð, nema eitthvert jafntryggilegt fyrirkomulag væri tekið upp. Að forsætisráðherrann kveðst ekki hverfa frá sinni skoðun á málinu, það getum vjer ekki hindrað. Það hefir víst enginn búist við, að danska stjórnin færi beint að samþykkja fyrirvarann. Sú eina stjórnarráðstöfun íslensk, sem gjörð er á þessum ríkisráðsfundi, er, að ráðherra vor nafnfestir stjórnarskrána með tilvísun til fyrirvarans, og jafnframt úrskurð, sem ákveður, að íslensk mál skuli framvegis, eins og hingað til, borin upp í ríkisráði.

Það virðist því auðsætt, að vjer Heimastjórnarmenn hjer í deildinni munum hallast að og samþykkja dagskrártillögu þá, sem hjer er fram komin og að öllu kemur heim við vora skoðun á málinu, enda virðist þingsályktunartillögunni sjálfri þannig háttað, að frágangssök sje, að samþykkja hana.

Fyrirvari síðasta þings, eða yfirlýsing, sem var afgreiddur jafnframt því, sem stjórnarskrárbreytingin var samþykt til fullnustu í þinginu, og áður en hún var staðfest og væntanlegur konungsúrskurður var út gefinn, gat þó haft nokkra þýðingu, en jeg fæ ekki sjeð, hvaða gagn sú yfirlýsing, sem þingsályktunartillagan fer fram á, getur unnið. Ef nokkur skynsamleg hugsun hefir ráðið framkomu hennar, þá hlýtur hún að vera bygð á þeirri skoðun, að með því, sem gjörðist í ríkisráðinu 19. júlí í sambandi við úrskurð þann, er þá var út gefinn, sje rjettindum landsins stofnað í hættu, uppburðurinn gjörður að sammáli. Jeg skal láta ósagt, hvort úr því yrði bætt með einhliða yfirlýsingu þingsins svona eftir á, ef skoðun flutningsmannanna væri rjett, sem jeg ætla vera hina sömu, er Ingólfur hefir flutt nú npp á síðkastið. Væri svo, þyrfti minsta kosti miklu öflugri aðgjörðir af þingsins hálfu en hjer er farið fram á. Þessi þingsályktunartill. væri allsendis ónýt. Ef þessi skoðun er röng, sem *jeg tel* efalaust, eins og jeg hefi þegar drepið á, þá er þingsályktunartillagan ekki einungis óþörf, heldur verri en það, því

að hún hefir í sjer fólginn efa um það, sem ekki á að vera neinn efi um, og er jafnvel óhyggilegt að láta uppi nokkurn efa um. Það má ekki minna vera, en að hver sá maður, sem telur sig færann um þingmensku, geti gjört sjer sjálfum grein fyrir, hvort rjettindum landsins hafi hjer verið stofnað í hættu eða ekki. Sjerstaklega virðist mjer gjört nokkuð lítið úr þingmönnum, ef þeim er ekki treystandi til, að segja af eða á um það, hvort fyrirvaranum er fullnægt eða ekki. Annaðhvort er fyrirvaranum fullnægt eða ekki. Annaðhvort hefir ráðherrann breytt hjer rjettilega, eða hann hefir brotið á móti yfirlýstum vilja þingsins. Hafi hann brotið á móti vilja þingsins, á þingið að lýsa því einarðlega og láta hann fara úr ráðherrastólnum.

Þeir, sem aftur á móti eru sömu skoðunar og vjer um það, að hæstv. ráðh. hafi breytt rjett, þeim er skylt, að lýsa því jafneinarðlega, og mega ekki greiða atkvæði með slíku viðrini, sem þessi þingsályktunartillaga er, sem ekkert gagn getur gjört, heldur þvert á móti, að jeg ekki tali um, að það væri rangt af þeim, sem telja hæstv. ráðh. hafa gjört rjett, að samþykkja yfirlýsingu, sem varla getur skilist öðru vísi en svo, að hún hafi í sjer fólgna aðfinslu að gjörðum hans, enda svo á flutningsmönnum að heyra, að hún sje með vilja þannig orðuð, til þess að veiða hikandi sálir.

Skúli Thoroddsen: Háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) fjellu orð í þá átt, að honum væri það ljúft, að færa núverandi ráðherra vorum þakkir sínar fyrir aðgjörðir hans í stjórnarskrármálinu, og skil jeg það svo, sem hann segi þá, í nafni »Heimastjórnar«-flokksins: »Sundrung Sjálfstæðisflokksins var oss öllum *svo hjartfólgið málefni*, að nýja ráðherrann, og »Þremenningana« getum vjer nú allir faðmað að oss!«

Hitt, að honum hafi verið það ljúft að þakka, er á málsúrslitin er litið, skil jeg á hinn bóginn **alls eigi.**

Hvað var það, sem Alþingi 1914 vildi?

Þegar litið er á »fyrirvarann« svo nefnda, þá er það tvent, er þar blasir við manni, sem vilji Alþingis:

a.[1]) að konungsúrskurðinum, er út yrði gefinn, *mætti æ breyta, ef vildi, sem hverjum öðrum* **alíslenskum** *konungsúrskurði*, og

b. að málið — þ. e. um uppburð ísl. mála fyrir konunginum — væri viðurkent **alíslenskt** sjermál að vera.

Þetta er öllum ljóst, eða ætti þó að minsta kosti að vera það, — ljóst, *hvort* sem á »fyrirvarann« sjálfan er litið, *eða* á framkomu fyrverandi ráðherra vors (S. E.), *eða* á »yfirlýsingu 24 þingmanna«, *þar á meðal núverandi ráðherra vor* (hr. **E. A.**) *einn*, — enda honum þá enn eigi *ráðherra-vonirnar* vaknaðar.

En **er því nú náð, er Alþingi 1914 vildi?**

Ad. a. Er því þá náð, að konungsúrskurðurinn sje sama eðlis, sem hver annar ísl. konugsúrskurður?

Í þessu efni nægir, að benda á:

1. að konungsúrskurðurinn á vera *al-óbreytilegur í tíð núverandi konungs vors.*

Er svo um ísl. konungsúrskurði yfirleitt? *Nei!*

2. Nýja konungsúrskurðinn, eða rjettara sagt: Ríkisráðsfundargjörðirnar á að birta Dönum, — með samþykki ráðherra Íslands.

Það er **ekki** gjört nema í því skyni, að í því felist þá eitthvað, sem dönsku þjóðina þykir þó varða nokkru, — gjört henni til tryggingar.

---

[1]) Til *glöggvunar* hefi jeg, við leiðrjettingu ræðunnar, sett: *a*+*b*, og fleira, sem sýnir sundurliðunina. Sk. Th.

Henni er — með öðrum orðum **lofað** *því, að svona skuli það vera.*

Það er **samið** svona við hana!

En er þá þetta það, sem al-títt er um íslenska konungsúrskurði yfirleitt? *Nei!*

3. Þá er *tilorðning konungsúrskurðarins* að öðru leyti, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) benti mjög rækilega á.

Forsætisráðherra Dana *semur*, á ríkisráðsfundinum, við ráðherra Íslands, — *kemur sjer saman við hann um það, hvers eðlis, og hvernig, nýi konungsúrskurðurinn skuli vera.*

Er þá svo um aðra íslenska konungsúrskurði? *Nei!*

Auglýsinguna til Dana — sbr. kgl. auglýsinguna 20. okt. 1913 — *má og enn gefa út, hvenær sem vill!* Það er ekkert, sem hindrað geti það, þ. e. þyki sú árjetting þá eigi allsendis óþörf, sem komið er.

En hví vildu nú Danir fá þenna samning?

Þeir vildu vera **alveg vissir**, *um það, að sjermál Íslands yrðu æ borin upp fyrir konunginum í ríkisráðinu áfram*, sem verið hefir, *vildu eiga það víst*, að uppburður mála vorra fyrir konunginum væri skoðaður sem »sam-mál«, svo sem þeir telja vera.

Þeir vildu eiga það *alveg víst*, nema »eins góð trygging« kæmi í staðinn; — en um það dæma þeir sjálfir!

En var ráðherra Íslands þá *svo grunnhygginn*, að hann sæi eigi, að um samning við Dani var að ræða, — einmitt um alveg sams konar samning, sem hann sjálfur hamaðist mest á móti á undan kosningunum síðustu, og á aukaþinginu í fyrra?

Engan veginn!

Það sýndu og fyrstu orðin hans á flokksstjórnarfundi, er hann var nýkominn heim úr siglingunni.

Hann viðurkendi það þá *skýrt, og einlæglega*, að um fullnægingu »fyrir-varans« væri eigi að ræða, þar sem dönsku leyni-tilboðin væru annars vegar.

En hvað var það þá, sem hringsnúningnum olli?

Það **eitt**, *að hann var* — **eini vegurinn upp í ráðherra-sætið.**

Ad b. En þá kem jeg að hinu: **Fjekkst það þá**, *sem í »fyrirvaranum« var áskilið*, **að málið væri viðurkent íslenskt sjermál að vera?**

Því fer **mjög** fjarri, og skal í því skyni að eins benda á þetta:

1. *að forsætisráðherra Dana blandar sjer í málið á ríkisráðsfundinum*, eins og um »sam-mál«, en eigi um al-íslenskt sjermál, væri að ræða.

Þetta gjörir hann, þrátt fyrir ákvæðin í 1. og 2. gr. stöðulaganna frá 2. jan. 1871, þar sem Danir viðurkenna þó »sjerstök landsrjettindi«, og »sjerstakleg málefni« vor, — gjörir það og, þrátt fyrir ákvæðin í 1. gr. stjórnarskrár vorrar frá 5. jan. 1874, þar sem segir: »hefir landið löggjöf sína, og stjórn, út af fyrir sig«, þ. e. í sjermálunum.

Sbr. og enn fremur: að ísl. löggjafarvaldið hefir sjálft sett »ríkisráðsákvæðið« í stjórnarskipunarlögin frá 3. okt. 1903, þ. e. *slegið því þá og föstu*, að það, hvar mál vor eru borin upp fyrir konunginum, væri íslenskt sjermál.

2. Ríkisráðsfundargjörðirnar 19. júní 1915 sýna þá og ljóslega, að *svo* fjarri fer því, að konungurinn viðurkenni, að málið sje sjermál, að hann tekur þvert á móti í strenginn með danska forsætisráðherranum, er heldur fram dönsku skoðuninni, að málið sje »sam-mál«, og þessu samsinnir svo ráðherra Íslands, þ. e. tekur á sig ábyrgðina af tjeðri framkomu konungs, — fellst á, eða *gjörir þann samning*, að »sam-mál« skuli það talið.

3. Ráðherra Íslands mótmælir því og

eigi á ríkisráðsfundinum 19. júní síðastl., er danski forsætisráðherrann blandaði sjer þar í málið, — viðurkennir því þar með, að það, hvar íslensk mál eru borin upp fyrir konunginum, »viðurkennir«, að það sje málefni, sem til danska forsætisráðherrans taki, enda þótt um málefni ræddi, sem konungur Íslands, á ábyrgð ráðherra Íslands, *ætti aleinn að útkljá*.

Vita mátti og ráðherra Íslands, að eigi þurftum vjer í þessu efni — þótt minni máttar sjeum — að lúta vilja Dana.

Það er íslenski landsdómurinn, sem bær er, að dæma um það, hvor skoðunin er rjettari, — skoðun vor, eða danska skoðunin, er málið telur »sam-mál«.

En alt og sumt er, að **eyða** er í lögin — þ. e. laga-ákvæði vantar — til að skera úr ágreiningi, er upp kynni að koma milli íslenska og almenna löggjafarvaldsins, þ. e. til að skera úr, hvort mál er ísl. sjermál, eða teljast ber til »sam-málanna«, er stöðulögin frá 2. jan. 1871 eigi telja íslenska löggjafarvaldið ná til.

Ráðherra Íslands hefir því, — svo sem nú hefir all-ítarlega sýnt verið — **í báðum atriðunum, sem »fyrirvarinn 1914« vildi fá framgengt, gengið beint gegn »fyrirvaranum«**, þ. e. hefir haft að engu ályktanir Alþingis 1914, og fyrri kenningar sjálfs sín.

Og niðurstaðan er þá og sú, að þrátt fyrir það, er gjörðist á ríkisráðsfundinum 19. júní 1915, þá er *enn söm deilan milli Dana, og Íslendinga, sem fyrr*, þ. e.: Danir telja málið »sam-mál«, en Íslendingar telja það sjermál, — viðurkennandi **alls eigi** ráðherra Íslands hafa haft umboð, til að semja svo við Dani, sem orðið er.

»Fyrirvari« Alþingis 1914 var »fullmaktin«, eða umboðið, sem Íslendingar gáfu ráðh. sínum, og Dönum var það kunnugt, þ. e.: þeir voru þess vitandi, að hann gat eigi, svo að gilt væri, farið út fyrir það, — gat því eigi bundið Alþingi, nje Ísland.

En einmitt hjer í felst þá og **eina hjálpin**, þó að svo fari, sem vitað er, að verður, að Alþingi láist nú, að mótmæla, sem skylt er.

Annars hefi jeg, á öðrum stað, lýst nokkuð aðförum núverandi ráðherra vors í máli þessu, og þarf því eigi, að fjölyrða hjer um það, — hefði jeg slept því, að sýna honum sjálfan hann frekar í spegli, en orðið er, hefði hann eigi eitthvað verið að ybbast við mig, í ræðu sinni.

Jeg hefði þá slept því, að minna enn á það, hvað peninga-ilöngunin, og metnaðargirndin, hefir leitt hann út í, og rifja því að eins stuttlega upp þetta:

1. Fyrst, þegar á »utanstefnurnar« var minst, þá var hann þeim **algjörlega** mótfallinn, sem vjer sjálfstæðisflokksmennirnir yfirleitt.

Á hinn bóginn langaði hann þó þegar, ósköpin öll, er kunnugt var orðið, að hann var einn þeirra, er fyrir valinu urðu.

En með því að oss, sem í flokksstjórninni vorum, duldist þá eigi, hvað — og hver — valinu á mönnunum hafði ráðið, þá var þeim **bannað**, að semja, — *var eigi treyst til þess*, af mjer, eða öðrum, enda þá og enn eigi gleymt orðið, hverjir verið höfðu »uppkastsmenn«, og »bræðingsmenn«, áður.

2. Heimkomnir, úr siglingunni, höfðu þeir »þremenningarnir« það og fyrst á vörunum: »Höfum engu lofað!«.

Á hinn bóginn spurðu þeir þó: »Geta menn gengið að nokkru, sem eigi fullnægir »fyrirvaranum?«.

3. Þá er og *leyndin*, sem höfð var, þ. e. ekkert mátti vitnast, um »leynitilboðin« dönsku, en makkað svo áfram, símskeyta-leiðina, við danska valdið, á bak við oss hina, sem í flokks-stjórninni

vorum, þ. e. samningunum áfram haldið, að oss alveg óafvitandi.

En þegja áttum vjer áfram, — sífelt, að þegja, *svo að ráðherra, og fjelagar hans, kæmu sjer þá þess betur við, að ginna menn úr Sjálfstæðisflokknum til fylgis sjer.*

Aðal-yfirsjón vor: **Að vjer þögðum þá og alt of lengi.**

Annars get jeg eigi, í þessu sambandi, stilt mig um, að minnast á, að jeg heyrði núverandi ráðherra vorn segja í morgun, á lesstofu Alþingis, við annan þingmann: »Gamanið í efri deild á morgun, — í neðri deild í dag!«, þ. e. hann átti við, að þá yrðu umræðurnar um stjórnarskrármálið.

Jeg hefi getið þessa, þar sem það sýnir svo glögglega: **al-tilfinningarleysið**, — sýnir, að það, að gjöra það, sem *rangt* er, það er — sem tíðast — að eins **gaman.**

Sýnir þá og, að það er ráðherranum það engu síður, þótt *að því snúist, er hverri þjóð æ á að vera dýrast*, þ. e. rjettindi sjálfs landsins.

Það er *gaman, — ekkert, nema gaman*, þótt **dýrt spaug** *ætti það reyndar að verða:*

1. að *ganga þvert á móti vilja Alþingis*, — og eta alt ofan í sjálfan sig, að eins í því skyni, að geta orðið ráðherra.
2. að gjöra **undirboð**, þegar ráðherra Íslands, sem var, hafði fylgt fram vilja þingsins, gagnvart erlenda valdinu.

En þannig hefir þá Ísland, og íslenska löggjafarvaldið, verið gjört *hlægilegt*, bæði í augum Dana sjálfra, og annara.

Og hvaða afleiðingar getur það haft, og hlýtur jafnvel að hafa, í sjálfstæðismálum landsins, ef gjörð eru þannig undirboð?

Það sjá allir, hve **afar-óheppilegar** þær geta orðið.

Ráðherra lætur, sem honum þyki það kynlegt, að jeg leggi nú áherslu á þetta, þar sem svo hafi þó eigi verið, seint á árinu 1913, er fyrst varð hjer kunnugt um framkomu þáverandi ráðherra (H. Hafstein's) í ríkisráðinu.

Það er satt, að flokksstjórn Sjálfstæðisflokksins, sem þá var, og sem jeg var einn í, var málefni þetta þá eigi ljóst, varð og að kveða upp úr nær þegar, hvort hún vildi, að snúist yrði gegn stjórnarskrárfrumvarpinu, eður því framfylgt.

Á hinn bóginn *sannfærðumst vjer þó þegar*, er núverandi ráðherra vor hafði, — rjett á undan kosningunum, og eftir fleiri mánaða algjörða þögn, af hans hálfu, sem og annara, — bent á hættuna, þ. e. á þrengingu íslenska sjermála-svæðisins, *og það var oss sjálfsagt*, þ. e. að láta þá sannfærast.

En það eru *snúningar*, sem alt annars eðlis eru, sem núverandi ráðherra vor hefir leyft sjer í málinu, eins og *margsýnt* hefir þegar verið.

Ráðherra vor var og t. d. Sjálfstæðisflokksmaður núna nýskeð, þ. e. sjálfan þingsetningardaginn, en orðinn síðan næsta daginn »heimastjórnar«-maður — kaus þá með þeim í nefndir. En síðan var hann í sjer-flokki orðinn, og loks sótti hann, sem kunnugt er, um upptöku í, eða þó kosningasamband við »Bændaflokkinn« (!).

Þá ljet ráðherra og, sem hann furðaði mjög á því, að eigi væri harðar í sakir farið, gagnvart honum, en gjört er, í þingsályktunartillögunni, af oss Sjálfstæðisflokksmönnum.

En til þess er því að svara:

1° *að* vjer buðum ráðherra, að lýsa yfir því, að í þingsályktunartillögunni ætti ekkert vantraust til hans að felast, heldur væri hún að eins borin fram *til öryggis*, vegna rjettinda landsins.

Svo langt vildum vjer því ganga, til þess að fá því þó framgengt, sem oss var — **alt.**

En ráðherra veit, hvernig hann tók þessu, — tók því eigi ólíklega á fyrsta kvöldfundinum, er það bar á góma, enda »heimastjórnar«-menn þá og að mun hræddir orðnir, og vildi þá og það happið til, að ráðherra alsnerist þá yfir nóttina, þ. e. *var orðinn allur annar daginn eftir.*

2º *að* vjer sjálfstæðisflokksmennirnir, vildum þá og, ef unt væri, að hjá því yrði komist, að »heimastjórnar-mennirnir« fengju þann vilja sinn, að Sjálfstæðisflokkurinn *al-sundraðist*, — vildum, að samkomulag næðist, og alt kæmist í samt lag, sem fyrr, ef auðið væri.

3º *að* ráðherra hefir og sýnt sig mjög duglegan, að fá menn til fylgis við sig, — *fá þá til þess, að lúta að eins hans eigin vilja*, hvað sem skoðun þeirra sjálfra á málefninu liði.

Það er kunnugra, en frá því þurfi að segja, að sumir þingmenn hafa **alls engan frið haft á sjer**, — ráðherra verið sí-boðandi þá á einn fundinn eftir annan.

Menn hafa verið *sí-þreyttir*, og átt þá ýmist, að svara að vörmu spori, ýmist þessari, eða hinni, lögfræðislegu spurningunni frá ráðherra, — hvað þeir segðu um það, eða hvernig þeir litu á þetta, o. s. frv., og jankað þá ef til vill að lokum, eða sagt alls ekkert, þ. e. orðið fegnir að kaupa á sig friðinn.

Þetta höfum vjer Sjálfstæðisflokksmennirnir alt orðið að íhuga, og þar í felst þá og *aðal-ástæðan* til þess, að eigi var frekar í sakir farið, en gjört var.

Oss var það þá nóg, — og **varð** *að vera það nóg, gætum vjer þá fengið það fram, sem mestu skifti*, þ. e. gætum vjer þá þó komið fram *höflegum mótmælum*, öryggis landsins vegna.

En jafnvel þetta tekst oss nú *ekki*, þar sem meiri hluta þingmanna er það **alt**, að styggja eigi núverandi ráðherra á nokkurn hátt.

Á hinn bóginn ber þó bæði »rökstudda dagskráin«, sem borin er fram hjer í deildinni, sem og þingsályktunartillagan, sem borin er fram í efri deild, það **ljóslega** með sjer, að styðjendur ráðherra vilja þó eigi, að hnekt sje í nokkru rjettindum landsins, en er *það eitt* **alt**, *að geta þó komið því svo fyrir, að þeir hjálpi núverandi ráðherra.*

Þeir láta því svo — sbr. bæði »rökstuddu dagskrána«, og þingsályktunartillöguna í efri deild —, *sem »Fyrirvara« Alþingis 1914 sje fullnægt*, þ. e. láta, sem þeir skilji ekki annað.

En einmitt í þessu skilningsleysi þeirra — eða rjettara: uppgjörðar- skilningsleysi, hvað eigi fáa þeirra snertir — **felst þá og björgin,** *því að jafnskjótt er þingið verður svo mönnum skipað* — eða núverandi ráðherra vor er farinn að eldast svo í tigninni — *að hjálpin við hann er eigi lengur orðin mönnum alt, þá segja menn, sem er,* **að á ríkisráðsfundinum 19. júní 1915 var »Fyrirvaranum« ekki fullnægt, en vilja Alþingis 1914 algjörlega traðkað.**

Og þá, þegar svo er komið, **þá koma og fram mótmælin,** *og þá í enn öflugri mynd, en nú var fyrirhugað*, atvikanna vegna.

Sem *ný*, **mótmælandi, enn kjarnyrtari, þingsályktun, koma þau þá fram,** *þ. e. kjósi menn þá eigi, að fara þá leiðina, sem enn er þó öflugri, þ. e. láta Landsdóminn þá skera úr, hvað rjettast var.*

Guðmundur Eggerz: Þegar fyrirvarinn í stjórnarskrármálinu var samþyktur í fyrra, leit jeg svo á, að til þess, að fyrirvarinn kæmi að tilætluðum notum, mætti ekkert það fram koma við staðfestingu stjórnarskrárinnar frá konungsvaldsins hálfu, sem benti til þess,

að dönsk stjórnarvöld ættu að hafa afskifti af uppburði sjermála vorra fyrir konungi.

Ef konungur vor í ríkisráðinu 30. nóv. 1914, eftir fyrstu tölu fyrv. ráðherra Sigurðar Eggerz, hefði lofað samþykkt stjórnarskrárinnar, og ekki önnur ummæli haft en þau, að Íslandsráðherra legði fram úrskurð um, að öll lög og mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir skyldu borin upp fyrir konungi í ríkisráðinu, hefði jeg talið fyrirvaranum fullnægt, enda er mjer kunnugt um, að þáverandi ráðherra mundi hafa viljað staðfestingu stjórnarskrárinnar á þeim grundvelli.

Fyrirvarann gat Hans hátign konungurinn ónýtt á ýmsan hátt.

1. Í fyrsta lagi með því að krefjast þess af Íslandsráðherra, að úrskurður sá, er boðaður var í opnu brjefi 20. okt. 1913, yrði þannig að orðalagi eða efni, að fyrirvarinn ónýttist.

2. Í öðru lagi með því að krefjast einhverrar þeirrar ráðstöfunar af danska yfirráðherranum, sem kæmi í bága við fyrirvarann.

3. Í þriðja lagi með því að segja eitthvað það í ríkisráðinu, undir umræðunum um staðfestingu stjórnarskrárinnar, annaðhvort á ábyrgð Íslandsráðherra eða forsætisráðherra, sem gat spilt málstað vorum.

Þegar jeg í vetur, ásamt 23 öðrum þingmönnum, lýsti yfir því, að jeg væri sammála meðferð fyrv. ráðh. á stjórnarskrármálinu í ríkisráðinu 30. nóvbr. 1914, var það af þessum ástæðum.

Jeg taldi ekki samrýmanlegt fyrirvaranum, *að* yfirráðherra Dana gæfi út auglýsingu þá, sem boðuð var í ríkisráðsumræðunum 20. okt. 1913.

Jeg var enn fremur sammála fyrv. ráðherra um það, að hann átti ekki að viðurkenna þá skoðun konungsvaldsins, að sambandinu milli Íslands og Danmerkur væri þannig varið, að nauðsynlegt væri, að íslensk mál væru borin upp í ríkisráðinu.

Þetta veit jeg, að hæstv. ráðherra er mjer sammála um, því hann hefir áður ritað, að um engin mál landsins hafi dönsk stjórnarvöld nokkurn lögformlegan íhlutunarrjett — að rjettum lögum.

Þá get jeg ekki heldur sjeð, að Íslandsráðherra bæri að gangast undir það, að engin breyting gæti orðið á uppburði sjermálanna, nema því að eins, að lögfest yrði jafntrygg tilhögun fyrir konungsvaldið, sem ríkisráðsuppburðurinn.

Um það þarf ekki að fjölyrða, að meiri hluti Alþingis var í vetur á einu máli um það, að ekki mætti staðfesta stjórnarskrána á þeim grundvelli, er oss var boðinn í ríkisráðinu 30 nóv. 1914. En hver er þá staðfestingargrundvöllurinn 19. júní 1915, og hvernig var umræðunum í ríkisráðinu varið?

Á þinginu 1914 í umræðunum um fyrirvarann kemst hæstv. ráðherra svo að orði um uppburð íslenskra sjermála:

> »En jeg verð að halda því fram, að dönsk stjórnarvöld hafi ekki átt rjett á að hlutast til um þetta mál, og að Íslandsráðherra hafi ekki átt að láta þau afskifti ómótmælt«.

Jeg tók þessi orð á þinginu í fyrra sem ákæru til Íslandsráðherra (H. H.), fyrir það að láta *mótmælalaust* forsætisráðherra Dana vaða uppi í ríkisráðinu 20. október 1913, en hvað skeði í ríkisráðinu 19. júní. Það, að forsætisráðherrann heldur þar veigamikla ræðu um staðfestingu stjórnarskrárinnar, *ómótmælt* og *eftir fyrirfram* ákveðnu samkomulagi við Íslandsráðherra.

Yfirleitt sje jeg ekki betur en staðfestingargrundvöllurinn fyrir stjórnarskránni 19. júní 1915 sje nokkurn veginn sá sami, sem lagður var 20. oktbr. 1913.

Það er búið með ræðum og ritum að sýna fram á þetta. Mjer kemur því ekki til hugar, að ganga ítarlegar inn á þetta atriði. Orð mín mundu verða endurtekning af fyrri ræðum hjer í deildinni.

Þetta vil jeg þó taka fram:

Hvaðan kemur ráðherra heimild til þess, að fullvissa konungsvaldið um, að uppburðurinn sje í eðli sínu »formelteoretisk«?

Forsætisráðherrann gleypir auðsjáanlega með ánægju þessa útskýringu Íslandsráðherra á því atriði, er oss hefir þótt einna mest skifta máli í sjálfstæðisbaráttu vorri.

Enda eru dönsku blöðin þegar byrjuð að brýna Íslendinga á því, hve barnalegt hafi verið fyrir oss að hefja baráttu við Danmörku um atriði, sem Íslandsráðherra í ríkisráði segi, að hafi enga raunverulega þýðingu.

En það er þó best, að forsætisráðherrann er svo sem ekki ánægður með þá yfirlýsingu, að uppburðurinn sje formlegs eðlis, því hann bætir við, að þessu atriði verði ekki breytt, nema ný skipun verði á gjörð, er feli í sjer líka tryggingu sem þá, er nú er.

Mjer virðist konungurinn 19. júní 1915 standa alveg á sama grundvelli í þessu máli, eins og 30. nóv. 1914. Mjer skilst einnig, að Hans hátign styrki þessa skoðun mína. Orðin »eins og jeg hefi áður sagt í ríkisráði«. Ætli það eigi ekki við umræðurnar í heild sinni í ríkisráðunum 20. okt. og 30. nóv.?

Jeg skal ekki frekar ræða um staðfestingargrundvöllinn. En á annað atriði mætti minnast í þessu sambandi, samúðina milli landanna Íslands og Danmerkur.

Það er víst, að hvorki með stjórnarskrárstaðfestingunni nje fánaúrskurðinum er samúðin aukin, þvert á móti.

Þessi tvö mál hafa enga friðarbrú lagt á milli landanna. Má líka vera, að sundurlyndið við Dani verði Íslands tryggasti rjettarvörður.

Á stjórnarskrárstaðfestinguna hafa bæði jeg og aðrir minst; hún er þannig til orðin, að hún er mörgum Íslendingum hrygðarefni. En svo jeg víki að fánanum, er alls engin ástæða fyrir íslensku þjóðina að vera Dönum þakklát fyrir hann. Vjer eigum alt annan og miklu viðtækari fánarjett.

Orð mín mega ekki skiljast svo, að jeg sje andvígur nýja fánanum.

Jeg vil, að hann sje notaður, og skoða fánann skref í rjetta átt.

Úr því jeg byrjaði að tala um samkomulagið á milli Dana og Íslendinga, vil jeg geta þess, að ekki eiga Danir eingöngu sök á þeirri úlfúðaröldu, sem risin er gegn þeim. Skuldin er einnig að sumu leyti Íslendinga megin. Stjórnmálamenn vorir koma ekki ávalt eins hreint fram gegn dönsku þjóðinni, sem æskilegt væri.

Jeg tek sem lítið dæmi yfirmálning danska flaggsins á Gullfossi í Vestmannaeyjum. Jeg býst við því, að formaður Eimskipafjelags Íslands hafi látið mála yfir flöggin á Gullfossi, ekki til þess, að lítilsvirða danska fánann, — jeg vil ekki misbjóða fána nokkurrar þjóðar, — heldur fyrir þá sök, að honum hafi fundist ótilhlýðilegt að sjá *erlent* flagg á íslensku skipi. Þetta átti að segja Dönum, að við Íslendingar óskum ekki að sjá Dannebrog á skipum vorum.

En hvað skeður?

Þegar Danir frjettu um yfirmálninguna og tóku að vanda að kasta hnútum að oss, þá tóku blöðin, Lögrjetta og Ísafold, að afsaka þenna sýnanlega verknað, yfirmálninguna, og endirinn á öllu varð sá, að yfirmálarinn varð danskur maður. Hann tók á sig ábyrgðina.

En svo jeg víki að stjórnarskránni, þá hygg jeg, að samúðin við Dani auk-

ist ekki, þótt meiri hlutinn hjer í háttv. deild slái úr höndum minni hl. það vopn, sem hann telur nauðsynlegt í framtíðarbaráttunni við Dani. Jeg á við þingsályktunartillöguna.

Jeg minnist þess, að framsögumaður meiri hlutans í fyrirvaranum sagði á þinginu í fyrra, að meiri hlutinn hefði komið fram með tillögu til fyrirvara fyrir þá sök, að sumir hjeldu því fram, að opna brjefið frá 20. október 1913 hefði skaðað oss, og kynni þá til brjefsins að verða vitnað af miður vönduðum dönskum stjórnmálamönnum.

Halda nú þessir hinir sömu menn ekki, að danskir stjórnmálamenn muni vitna í það, ef Alþingi fellir þessa till.?

Jeg öfunda alls ekki þá háttv. þingm., er fella þessa tillögu. En hitt veit jeg, að þessi dagur verður merkisdagur, hver sem úrslitin verða, í stjórnmálabaráttu Íslands gegn Danmörku.

Jeg er þess viss, að það verður einhvern tíma talað um fulltrúana frá 1915, eins og vjer nú, svo jeg taki dæmi, minnumst mannanna frá 1851 og 1871.

Öll þau ár, sem vjer höfum barist gegn erlenda — danska — valdinu, hefir það verið eitt einkennið fyrir Dani, að þeir hafa staðið sameinaðir gegn oss. Hins vegar hefir það verið einkennið fyrir íslensku þjóðina, að hún hefir staðið sundruð gegn Dönum.

Þótt þannig væri ástatt 1851 og 1871, getum við þó öruggir skírskotað til þjóðfundarins og þingsins 1871, þegar um sjálfstæði vort er að ræða. En sannarlega minnumst vjer ekki þeirra Íslendinga sem stjórnmálamanna, sem árið 1851 vildu hnýta oss aftan í Eydani og Jóta. Ekki minnumst vjer þeirra, er vildu taka því frumvarpi, er gjörði Ísland að dönsku amti.

Einn hinna konungkjörnu hjelt því fram 1851, »að þingið, með því að hafna grundvallarreglunum í stjórnarfrumvarpinu, ofurseldi sig og landið tómri óvissu«.

Ef undanhaldsmennirnir 1851 hefðu ráðið, væru allar líkur til þess, að Danir hefðu sett sama stimpilinn á oss og á Vestindisku eyjarnar og Grænland. Þetta er ekki 1. flokks stimpill.

Þeir, sem 1851 buðu konungsvaldinu og Dönum birginn, þeir hinir sömu verndu sjálfstæði íslands.

Eða hvernig var það 1871?

Undanhaldsmennirnir, minni hlutinn, sagði um meiri hlutann »að hann vildi í stjórnfræðisefnum standa kyrr í sömu sporum, þangað til hann gæti tekið stökk í þau spor, sem hann ætlaði að standa í til eilífðar«.

Undanhaldsmennirnir vildu viðurkenna lögin frá 2. jan. 1871 sem bindandi fyrir Ísland, og gleypa við stjórnarskrárfrumvarpi því, er lagt var fyrir þingið.

Kvað svo ramt að, að einn þingmaður — J. Hjaltalín — mælti á þinginu:

> »Hjer eru mótmæli móti lögum konungs, og þetta kunna menn ekki að skammast sín fyrir«.

Það var mikilhæfur maður, sem ljet sjer þessi orð um munn fara, en til allrar hamingju fyrir sjálfstæði þessa lands, varð hann og hans skoðunarbræður 1851 og 1871 í minni hluta.

Jeg hefi minst á þessi tvö þing, til þess að benda á það, að undanhaldsmennirnir hafa ekki verndað eða verið forverðir þessa lands.

Jeg hefi minst á þessi 2 þing í þeirri von, að þeir, sem á komandi árum eiga sæti í þessari háttv. deild, geti jafnóruggleg skírskotað til fulltrúanna 1915, eins og vjer nú til fulltrúanna 1851 og 1871, þegar um sjálfstæði landsins okkar er að ræða.

Vjer stöndum nú miklu betur að vígi gegn erlenda valdinu en um 1851 og 1871.

Fjárhagur vor er nú allur annar og framfarir á öllum sviðum. Vjer finnum, að aldrei þarf Ísland að biðja um danska hjálp.

Mjer skilst svo, að ef þessi tillaga verður feld, þegar litið er á, hvað á undan er gengið, hafi konungsvaldið borið sigur úr býtum í stjórnarskrárbaráttu vorri, og til þessa var þó aldrei stofnað. Og sannarlega hefir hið háa Alþingi ekki sjerstaklega ástæðu til þess, að beygja sig fyrir órjettmætum kröfum danskra ráðherra, því einmitt eru það Danir, sem sí og æ hafa verið aðalþröskuldurinn fyrir öllum framförum hjá íslensku þjóðinni.

Allar vorar rjettarbætur höfum vjer orðið að toga og teygja frá Dönum, og þegar vjer loks höfum fengið þær, var þreytan og kostnaðurinn við að ná þeim orðinn svo mikill, að ekkert var eftir í garð Dana, nema úlfúðin.

Björn Hallsson: Jeg ætla ekki að fara langt út í þessar deilur, lofa fyrrv. og núverandi ráðherra að leiða saman hesta sína, án þess að blanda mjer í þeirra sakir. En fyrst málið er hjer komið til umræðu, sem jeg tel verr farið, verð jeg að skýra frá minni afstöðu.

Háttv. flutnm. (S. E.) talaði mjög stillilega, sem rjett var. Hann beindi orðum sínum til stuðningsmanna sinna og deildarinnar yfirleitt. Jeg virði auðvitað mikils sannfæringu hans, en sammála honum get jeg ekki orðið. Jeg tel ekki rjett, eins og háttv. flutnm. (S. E.) gjörði, að slá svo mjög á viðkvæmnis- og tilfinningastrengi okkar þingm. Heppilegast held jeg sje, að hver og einn athugi rólega, og án þess að fara eftir tilfinningunum, hvað rjett sje í þessu máli.

Jeg held líka, að enginn vilji breyta á móti sannfæringu sinni, og því óþarft að bregða mönnum um það, að þeir svíki málstað sinn. Fyrrverandi ráðherra skírskotaði til yfirlýsingarinnar 30. mars 1914. Yfirlýsingin tekur það fram, að þeir, sem hana gefa, sjeu þáverandi ráðherra sammála um það, að það hefði ekki verið rjett, að taka á móti staðfestingarskilyrðunum frá 20. okt. 1913. Hins vegar get jeg hreint ekki sjeð, að hægt sje að halda stuðningsmönnum fyrrv. ráðherra endalaust föstum á þessari yfirlýsingu, sem gilti auðvitað kjarna málsins, þann, að taka ekki gömlu staðfestingarskilyrðunum. En nú eru staðfestingarskilyrðin öll önnur og betri. En í seinni tíð hefir Sigurður Eggerz farið lengra en þingið 1914 ætlaðist til. Fyrirvarann skildi jeg svo, að hann ætti að fyrirbyggja, að vjer afsöluðum okkur nokkrum rjetti og að konungsúrskurðurinn yrði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, annað skildi jeg ekki við fyrirvarann, og jeg held síðasta þing ekki heldur. En í seinni tíð hefir flutningsmaður (S. E.) og hans menn haldið því fram, að fyrirvarinn ætlaðist til beinnar viðurkenningar Dana fyrir því, að uppburður sjermálanna í ríkisráði væri sjermál okkar. Þessarar beinu viðurkenningar krafðist ekki síðasta þing og bjóst ekki við að fá. Jeg lít því svo á, að fyrirvaranum sje fullnægt. Engu sje afsalað og konungsúrskurðurinn sje sem hver annar íslenskur konungsúrskurður. Við þessi málalok má því una, og óþarft að setja þetta lengur á oddinn. Tillöguna, sem fram hefir komið, skil jeg sem frítt orðaða vantraustsyfirlýsingu á ráðherra. Hreinna hefði verið, að koma með beina vantraustsyfirlýsingu. Jeg skil ekki tillöguleiðina, og lít svo á, að málið sje til lykta leitt. Hafi ráðherrann gjört rangt, þá ætti hann að fá van-

traustsyfirlýsingu og síðan landsdóm. Jeg álít því, að það sje gagnstætt þessari tillögu, að ráðherra sitji við völd.

Síðan jeg sá staðfestingarskilyrðin, hefi jeg ekki getað sjeð, að ráðherra hafi brotið á móti fyrirvaranum og verðskuldi því vantraustsyfirlýsingu. Hins vegar er jeg flutnm. (S. E.) alveg sammála um það, að aðferðin sje ekki aðalatriði. Með aðferðina er jeg ekki ánægður, enda þótt ráðherra hafi þar ýmsar málsbætur, en jeg lít svo á, að skilmálarnir sjeu fyrir öllu. Jeg get ekki kannast við það, að einstöku þingmenn hafi snúist í þessu máli. Því vísa jeg frá mjer. Skilyrðin eru nú alt önnur en 1914; mesti agnúinn, danska auglýsingin og opna brjefið, er dottið úr sögunni. Konungsúrskurðurinn er íslenskur. Þótt tekið sje fram, að ekki megi vænta breytingar í stjórnartíð þessa konungs, þá er alls ekki sagt, að konungur breyti honum ekki, og því síður, að slík breyting sje að nokkru bundin við dönsk stjórnarvöld.

Jeg hefi nú skýrt frá minni afstöðu í málinu og tel fyrirvaranum fullnægt, og mun jeg því greiða atkvæði með þeirri rökstuddu dagskrá, er fram hefir komið, og ekki tala aftur í málinu; nógir munu samt verða til, að þreyta háttv. deild.

Flutnm. (Sigurður Eggerz): Eiginlega skyldi maður ætla, eftir þær umræður, er fram hafa farið, að flutningsmaður hefði mörgu að svara, en svo er ekki, því að mjer virðist alt óhrakið, er jeg hefi sagt. Hæstv. ráðherra sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum. Búist við stórskotahríð, að farið yrði grenjandi og bitið í skjaldarrendur. Jeg veit ekki, hví hann hefir haft þessar vonir. Jeg held, að samviskan hafi verið óróleg síðustu nótt, og hafi því framleitt þessar geigvænlegu myndir í huga hans. Hann veit, að jeg hefi ætíð talað stillilega, því fyrir mjer vakir einungis, að gjöra það, sem jeg tel rjett í málinu.

Þegar jeg tók við ráðherraembættinu, fylgdi það með, að jeg varð að flytja þetta mál fyrir konungi. Menn vita, hvernig það gekk. Það var kallað strand. En nú hefi jeg orðið að berjast við ýmsa menn hjer heima, ekki af persónulegum ástæðum, heldur af því, að þeir hafa farið hringsnúning í þessu máli. Ráðherra þarf ekki að ætla, að jeg gjöri þetta af persónulegum ástæðum. Jeg öfunda hann alls ekki af ráðherrastólnum, og síst af þeim stuðningi, er hann nú hefir — Heimastjórnarstuðningnum. Því jeg efa ekki, að Heimastjórnarflokkurinn muni búa honum veglega hvílu.

Jeg efast ekki um það, annað eins og hæstv. ráðh. hefir gjört fyrir Heimastjórnarflokkinn. Mjer dettur í hug út af því maður, sem hjet Prokrustes. Hann var ákaflega gestrisinn, svo, að hverjum þeim, er hann sótti heim, ljet hann til reiðu hvílu sína. Og þessu fylgdu engir ókostir, aðrir en þeir, að kubbað var neðan af fótum þeirra, sem voru lengri en rúmið, en hinir teygðir, sem styttri voru, uns þeir voru jafnlangir því. Jeg vildi að eins benda hæstv. ráðherra á það, vegna gamals kunningsskapar, að hann skuli vara sig á því, ef hann yrði einhvern tíma lagður í Heimastjórnarhvíluna. Þá gæti svo farið, ef berserksgangur kæmi á þá góðu menn, og ef þeim þætti hann of frekur, að þá kubbuðu þeir af honum hans pólitísku fætur. Og ef hann þætti ofstuttur, ja, þá yrði hann teygður og teygður.

Það mun ekki eiga við, að koma með alt of margar líkingar hjer, en nú dettur mjer þó í hug önnur. Það var þegar hann Per Gynt átti kost á því, að

verða tengdasonur Dofrakóngsins. Honum þótti að vísu upphefð í þessu, en það fylgdu því svo margir, ansi skrítnir skilmálar. Fyrst og fremst átti hann nú að ganga með rófu, og hann hafði reyndar ekki svo mikið á móti því, en þegar bölvaður karlinn vildi líka fara að stinga úr honum augun, þá þótti Pjetri nóg komið af svo góðu. Skökku augun fældu hann frá tengdunum. Jeg segi nú þetta ekki af því, að jeg telji Heimastjórnarflokkinn neinn tröllaflokk, heldur er það að eins til að benda hæstv. ráðherra á, að ýmsar skyldur kunna að fylgja hinum virðulegu tengdum við Heimastjórnarflokkinn.

Hæstv. ráðherra mintist á till. þá, er fyrir liggur, og taldi hana meira en öryggisráðstöfun; taldi, eins og hv. þm. Snæf. (S. G.), að í henni fælist títuprjónsstunga til sín (ráðh.). Þótt nú svo væri, sem ekki er, þá ætti það að vega meira hjá honum, sem til gagns og friðar horfir fyrir landið, ef tillagan yrði samþykt, en hitt, þótt hann yrði sjálfur fyrir einhverri lítilfjörlegri títuprjónsstungu. En auk þess hafði jeg þegar tekið það fram í framsögunni, að till. væri ekkert annað en öryggisráðstöfun, og það er undarlegt, að geta ekki skilið það, að nokkur þingm. geti komið fram með tillögu, er eingöngu miði til tryggingar fyrir landið. Það er eins og það væri sá eini leiðandi kraftur í okkar pólitík, að hefna sín á ráðherrum. Jeg játa það, að jeg hefði talið það öruggustu leiðina, að sanna umboðsleysi hæstv. ráðherra, en þar sem hitt lá um leið í augum uppi, að þingið er nú svo skipað, að ekkert viðlit hefði verið að koma slíku fram, þá er næstbesta leiðin valin af praktiskum ástæðum. Og jeg er í engum vafa um það, að ef Danir halda einhverju öðru fram en vjer um staðfestingarskilmálana, þá getur þingið ætíð hnekt því, með því að vísa til þessarar till., verði hún samþykt.

Það kom dálítið flatt upp á mig, að hv. 2. þm. Rvk. (J. M.) skyldi fara að læða því fram hjer í deildinni, að þessi tillaga væri veiðibrella; væri ætluð til þess að veiða menn. Væntanlega hefir átt að liggja í því, að hún væri eitthvað hættuleg, en við skulum þá athuga það, hverjum hún gæti gjört mein, þótt hún yrði samþykt.

Það er nú óhugsandi, að nokkur maður geti orðið særður af þessari tillögu, nema að eins einn, sem sje hæstv. ráðherra, og ætti hann þó jafnvel ekki að verða það, þegar hann sjer, að hún er í fullri einlægni fram komin frá nokkrum þingmönnum, sem líta svo á, að staðfestingarskilmálarnir fullnægi eigi fyrirvara þingsins í fyrra. Hann ætti að hugsa málið betur, því að honum hlýtur þó að vera það áhugamál, að sem best sje frá því gengið, svo að allir geti orðið ánægðir. Og það er alveg voði, ef þingið fellir nú þessa tillögu af hræðslu við það, að hæstv. ráðh. kunni að finnast hann þar fá einhverja örlitla títuprjónsstungu. Það get jeg fyrir mitt leyti ekki kallað annað en samviskuleysi, því að jeg veit, að hjer eru þó nokkrir menn í deildinni, sem ekki geta sagt um það með vissu, hvort fyrirvaranum sje fullnægt eða ekki. Þetta er ekki sagt til að móðga þá að neinu leyti, en hjer er um svo flókna lögfræðilega möguleika að ræða, að það er óhugsandi fyrir aðra en sjerfræðinga, að ráða úr þeim til hlítar. Og þegar þeir rífast nú jafnvel um þá innbyrðis, hvernig eiga þá hinir að vera fullvissir? Þeirra fullvissa hlýtur að vera trú og ekkert annað, og þegar svo er, þá er það óverjandi, að sýna ekki þá varkárni, að samþ. þessa tillögu.

Um það, sem hæstv. ráðherra sagði

um ríkisráðsákvæðið frá 1903, þarf jeg ekki margt að tala. Ef hann vildi byggja á því, þá hefðu sömu ástæðurnar gilt um það, sem gjörðist í ríkisráði 20. okt. 1913, og þá engin ástæða verið til þess að finna að því. En jeg kannast yfirleitt ekki við það, fremur en hann hefir gjört, að vjer sjeum innlimaðir með ríkisráðsákvæðinu í stjórnskipunarl. 3. okt. 1903.

Hann sagði, að það stæði hvergi skrifað, að uppburður sjermálanna í ríkisráði hefði eingöngu átt að vera til bráðabirgða. Að vísu er ekki hægt að sanna þetta bókstaflega, en í þessu efni nægir að vitna í öll gögn málsins yfirleitt, sem sýna, hvað vakað hefir fyrir þinginu.

Jeg vil enn víkja að því, sem hæstv. ráðh. hefir enn eigi gefið neitt fullnægjandi svar við. Jeg endurtek það, og legg áherslu á það, að hann hafði engan rjett til þess að segja, að það, sem vjer höfðum á móti uppburði sjermálanna, væri að eins »formelt teoritiskt«, svo framarlega sem það er rjett, sem jeg hefi sagt, að það hafi vakað fyrir þinginu, að taka málin undan dönsku eftirliti. Hæstv. ráðh. getur aldrei komist fram hjá því, að svo framarlega sem uppburður sjermálanna í ríkisráðinu er andstæður rjetti, sem Íslendingar telja sinn, þá er hann annað og meira en »formelt teoretiskt spursmál«.

Mjer skildist svo á hæstv. ráðherra, sem hann vildi gjöra lítið úr skýrleik fyrirvarans. Jeg veit að deilt hefir verið um það, hvað í honum felist, en það er óþarfi, því að hann er ótvíræður. Þau orðin, sem máli skifta, eru svo ljós, að á þeim verður ekki vilst. Það er ómögulegt að villast á því, að hann heimtar það, að breyta megi hinum væntanlega konungsúrskurði eins og hverjum öðrum konungsúrskurði, og að hann í öðru lagi ætlast til, að málið haldi áfram að vera íslenskt sjermál. Ekki er heldur hægt að villast á því, hvern skilning háttv. meiri hl. þingsins, sem á sínum tíma studdi mig svo drengilega, hafi lagt í fyrirvarann. Þegar gengið er inn á það, að framkoma mín í ríkisráðinu hafi verið rjett, þá hlýtur það að vera viðurkent, að jeg hafi að minsta kosti haft rjett fyrir mjer í kjarnaatriðum málsins, en þau voru þessi, að gjöra sig ekki ánægðan með minna en þegjandi samþykki konungs, með því að í því felist viðurkenning á fyrirvaranum. En þegar hann í þess stað tekur fram dönsku skilmálana, þá varð að krefjast þess af ráðherra, að hann ljeti það koma skýrt fram, að það var ekki samrímanlegt við kröfur vorar.

Það getur verið, að einhverjir iðrist þess nú, að hafa stutt mig þá, en með traustsyfirlýsingunni var þessu nú einu sinni slegið föstu, og yfirlýsingin getur skoðast sem »autentisk« skýring á fyrirvaranum.

Um eftirlitið þarf jeg ekki að segja fleira en jeg hefi sagt. Það verður að gjöra mun á »formellu« eftirliti, sem vjer getum aldrei viðurkent, og »faktisku« eftirliti. Jeg veit það, að hvar sem sjermálin yrðu borin upp fyrir konungi, þá yrði ef til vill aldrei girt fyrir það, að Danir hefðu »faktiskt« eftirlit með þeim. Við það getur enginn ráðið, hvort hans hátign, konungurinn, vill spyrja einhvern í hljóði, hvað honum lítist um það og það mál. En »formelt« eftirlit megum vjer ekki viðurkenna, og þess vegna hefir hæstv. ráðherra ekki leyfi til að segja, að ríkisráðsspursmálið sje eingöngu »formelt teoretiskt«.

Um opna brjefið skal jeg að eins segja það, að hæstv. ráðh. hefir ekki heldur getað sannfært mig í því efni. Til þess að opna brjefið fjelli úr gildi,

þurfti það annaðhvort að vera upp hafið beinlínis, eða þá eitthvað annað að vera tekið fram, sem útilokaði gildi þess. Nú vita allir, að það hefir eigi verið beinlínis upp hafið, og því fer svo fjarri, að nokkuð gjörðist á ríkisráðsfundinum í vor, sem útilokaði gildi þess, að bæði forsætisráðherra og konungur segja, að konugsúrskurðinum verði eigi breytt, nema önnur jafntryggileg skipun verði á gjörð, og það stendur hvergi, hver eigi að gjöra þá skipun, ef til kæmi; það gæti einmitt staðið í opna brjefinu. Það kann að vera, að það hafi ekki verið ætlun þingmeirihlutans, að heimta opna brjefið kallað aftur, en ef gengið var inn á fyrirvarann, þá var það óbeinlínis afturkallað.

Um þingmálafundina, sem hæstv. ráðherra var vitna í, er það að segja, að jeg efast um, að málstað hans sje jafnmikill stuðningur að þeim, og hann heldur. Sannleikurinn var sá, að málið var mjög lítið undirbúið undir þá fundi. Við vorum t. d. á einum fundi uppi á Akranesi, hæstv. ráðherra og jeg, og þar fjekk hann eitthvað um 20 atkv. sjer til stuðnings, eftir að við vorum búnir að berjast svo, að við höfðum með löngum ræðum ýtt burt af fundinum um 80 manns af kjósendum.

Svo var hæstv. ráðherra eitthvað að tala um vantsstígvjel, en jeg verð að biðja hann fyrirgefningar á því, að jeg man ekkert í hvaða sambandi það var. *(Ráðherra:* Það gjörir ekkert til).

Jeg man svo ekki fleira, sem jeg þurfi að svara hæstv. ráðherra, en vil að eins taka það fram, að mjer er það full alvara að óska þess, að það væri hann, sem hefði rjett fyrir sjer í þessu máli, en jeg rangt. Það væri best fyrir landið. En því er nú verr og miður, að það er öfugt.

Þá kem jeg að háttv. þm. Snæf. (S. G.), sem hjer hefir borið fram rökstudda dagskrá. Hann var hissa á því, að till. frá okkur var svona væg. Jeg er sannfærður um það, að jafn sanngjarn maður, og þessi háttv. þm. er, hlýtur að skilja það, að margir menn hljóta að leggja aðaláhersluna á það, sem þeir hyggja, að bjargað geti landinu, en ekki hitt, sem hann kallar títuprjónastungur. Hann talaði um, að þetta væri að byrgja brunninn of seint, en jeg er hræddur um, að hann hafi sjálfur dottið í ráðherrabrunninn. Sannleikurinn er sá, að það er enn ekki of seint að byrgja brunninn. Ef svo væri, þá hefði jeg aldrei komið fram með þessa tillögu. En einmitt af því, að enn er hægt að gjöra þessa öryggisráðstöfun, þá taldi jeg mjer skylt að koma fram með hana.

Jeg skal játa það, að mig furðar á þessari rökstuddu dagskrá, því að ef slíkt yrði samþykt hjer, sem jeg þó vona enn að ekki verði, þá þýddi það ekkert annað en það, að slá öllum þeim skilmálum föstum, sem hæstv. ráðherra fjekk stjórnarskrána staðfesta með.

Háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) gekk inn á þessa gömlu deilu, sem staðið hefir milli Heimastjórnar- og Sjálfstæðisflokksins um skilmálana, alla tíð síðan jeg kom frá Kaupmannahöfn. Jeg ætti nú líklega að biðja hæstv. ráðh. að svara þessu fyrir mig, því að hann barðist svo vel á móti skoðunum andstæðinga okkar í því máli. En af því að jeg veit ekki, hvort sambandi hans er nú svo varið við Heimastjórnarflokkinn, að hann vilji gjöra það, þá býst jeg við, að jeg verði að gjöra það, en lítið þó, því að málið hefir verið svo mikið rætt í blöðunum. Kjarna-atriðið er þetta, að ef jeg hefði gengið að skilyrðum konungs fyrir staðfestingunni, með því að undirskrifa stjórnarskrána þá, þá var enginn vafi á því, að þingskilyrðin hefðu þar með verið útilokuð. Þingið heimtaði að konungsúrskurðinum mætti breyta á

venjulegan hátt, en konungsskilmálarnir voru þeir, að honum yrði ekki breytt, nema önnur skipun yrði gjörð á sambandinu. Það er eiginlega óþarfi að segja nokkuð meira en þetta, því að í þessu felst alt saman. En jeg get þó ekki stilt mig um að taka það fram í sambandi við þetta, að jeg held, að eftir þennan ríkisráðsfund hafi Sambandsflokkurinn tekið aðra stefnu en æskilegt hefði verið. Því að þegar svo er komið málum, að búið er að synja um staðfestingu laga, er þingræðisráðherra hefir borið fram, þá virðist það eðlilegast, að öll þjóðin komi sjer saman um það, án flokksgreinarálits, að knýja fram staðfestinguna. Og vjer þurfum aldrei að hugsa til þess, að fá málum vorum framgengt í Danmörku, án þess að vjer sjeum allir samhuga. Meðan vjer erum svo deildir, að danska valdið veit það, að það getur snúið sjer til eins flokks hjer til liðveislu við sig gegn öðrum, þá er engin von á því, að vjer getum það. Og jeg er nú kominn á þá skoðun, að vjer eigum sem minst að hætta oss út í ágreiningsmál við Dani, því að vjer höfum, enn sem komið er, ekki nóg þol til að halda þeim fram eins og þörf væri á.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) mintist á það, að jeg hefði reynt að koma of nálægt tilfinningum manna hjer. En jafnvel þótt jeg hefði eitthvað komið við þær, þá álít jeg það ekki skaða, því að þær tilfinningar manna eru vanalega hreinastar, sem þeir ala í brjósti sjer fyrir landi sínu og velferð þess, og því rjettara að taka tillit til þeirra, en tilfinninga gagnvart flokki eða ráðherra.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að tala meira að svo stöddu; jeg gjöri ráð fyrir, að jeg fái oftar tækifæri til þess. En jeg endurtek það, að jeg vona það enn á seinustu stundu, að menn verði einhuga um þessa öryggisráðstöfun gegn erlenda valdinu. Eftir því þurfa þeir aldrei að iðrast.

Sveinn Björnsson: Hjer hefir verið mikið talað um umbúðir í dag, en jeg sje ekki, að þær hafi minkað við umræðurnar, og hafa háttv. tillögumenn þar ekki látið á sjer standa. Allar ræður þeirra hafa verið umbúðapappír að meira eða minna leyti, og sjálf er tillagan ekki annað en umbúðapappír utan um vantraust til hæstv. ráðherra. Jeg vildi nú reyna að taka eitthvað af þessum pappír utan af henni, og þótt jeg eigi bágt með að reyna svo mikið á þolinmæði manna, að tala jafn lengi og margir aðrir, þá þykist jeg ekki geta komist hjá því, að lýsa skoðun minni á málinu með nokkrum orðum.

Jeg ætla þá fyrst að víkja að háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann sagði, að þegar orðin »í ríkisráði« voru feld burt úr stjórnarskrárfrumvarpinu, þá hafi sá verið tilgangurinn, að gjöra það að umboðsmáli, sem áður var löggjafarmál. Þetta er alveg rjett, og þá fær ráðherra þau svör 1911, að konungur geti ekki fallist á þetta, fyrr en nýr samningur sje gjörður um samband landanna.

Þegar svo sá millivegur var reyndur, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) var upp hafsmaður að, að setja þau orð, sem nú eru í stjórnarskránni í staðinn fyrir ríkisráðsákvæðið, þá strandaði það á sama skerinu. Þáverandi konungur segir við þáverandi ráðherra, að hann geti ekki fallist á þá breytingu, nema jafnframt verði gefinn út úrskurður um, að málin skuli eftirleiðis vera borin upp í ríkisráðinu, og að þeim úrskurði verði ekki breytt, *fyrr en ný sambandslög verði samþykt, bæði af ríkisþinginu og Alþingi Íslendinga.* Í báðum tilfellum strandaði málið á sama skerinu. Á þessu tvennu vildi jeg vekja athygli.

Þegar á þetta er litið, hlýtur hverjum

manni að vera ljóst, gegn hverju fyrirvarinn var stílaður. *Hann var einmitt stílaður gegn þeim yfirlýsta vilja konungs á ríkisráðsfundinum 20. október 1913, að fyrirkomulaginu um uppburð sjermálanna yrði ekki breytt, fyrr en ný sambandslög yrðu sett, og samþykt bæði af ríkisþinginu og Alþingi Íslendinga.* Fyrirvarinn var stílaður gegn þessu konungsorði, sem átti að birta Dönum. Jeg held, að flestir, sem tóku þátt í umræðunum um þetta mál, innan sjálfstæðisflokksins, hafi vitað, að það var þar efst á baugi, að girða fyrir, að þessi konungsvilji yrði. Með það fyrir augum var fyrirvarinn samþyktur, og með það fyrir augum fjekk hann það orðalag, sem hann fjekk. Þessum aðdraganda má því ekki sleppa, þegar fyrirvarann á að skýra.

Þegar litið er á sjálft orðalag fyrirvarans, er það einkum tvent, sem er aðalatriðið, eins og líka háttv. flutnm. (S. E.) og háttv. þingm. Dal. (B. J.) hafa tekið fram. Það er þetta tvent, að Alþingi lýsir yfir því, að það haldi fast við þá skoðun sína, að uppburður sjermála vorra í ríkisráði Dana sje sjermál, og að konungsúrskurðurinn, sem boðaður var 20. okt. 1913 verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslandsráðherra eins, án nokkurrar íhlutunar af hálfu dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnvalda. Ef þetta er borið saman við gjörðir ríkisráðsfundarins 19. júní s. l., verður útkoman þessi: Fyrsta atriðinu, yfirlýsingu þingsins um, að uppburður sjermálanna sje sjermál vort, hefir háttv. ráðherra komið á framfæri, með því, að láta taka það upp í sjálfa tillöguna um að staðfesta stjórnarskrána. Jeg held, að ekki sje hægt, að hugsa sjer aðra heppilegri aðferð, enda hefi jeg ekki heyrt, að nokkur hafi neitt að athuga við hana. Þá er eftir að athuga, hvort hæstv. ráðherra hefir leyst af hendi það, sem eftir er af því, sem Alþingi *áskildi*. Fyrst áskilur þingið, að þessi margnefndi konungsúrskurður verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður. Þegar litið er á konungsúrskurðinn, liggur fyrst fyrir að rannsaka, hvernig það skjal skjal er, stjórnarfarslega sjeð. Er þessi úrskurður með sömu ummerkjum og hver annar íslenskur konungsúrskurðnr? Jeg hygg, að erfitt sje að segja, að hann sje á annan veg. Á þann hátt er hann undirskrifaður af konungi og Íslandsráðherra einum. (*Sigurður Eggerz:* Svo var einnig um úrskurðinn frá 20. okt. 1913). Það hefir ekki verið upplýst, hvorki af háttv. þm. V.-Skaft. (S. E.) nje öðrum. Að umræðurnar, sem fóru fram um þetta mál í ríkisráðinu voru birtar almenningi, breytir engu hjer um, enda hefir það verið gjört þrisvar áður en þetta skeði, án þess, að nokkur hefði neitt við það að athuga; þar á meðal var það gjört með umræðurnar 30. nóv. 1914. Að öðru formi til er úrskurðurinn eins og hver annar íslenskur konungsúrskurður. Jeg sje ekki betur en að öll ytri merki hans beri það með sjer, að hann er ekki annað nje meira. Og hver var svo meiningin með því, að hann yrði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, ef hún var ekki sú, að hann væri að öllu leyti gjörður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður? Að þessu leyti er því fyrirvaranum fullnægt. Þá liggur fyrir að athuga það, hvort úrskurðinum verður breytt, án íhlutunar dansks löggjafarvalds, eða danskra stjórnarvalda. Um danskt *löggjafarvald* þarf ekki að ræða í þessu sambandi. Það er alveg úr sögunni. Það er hvergi skýrskotað til þess í umræðunum, sem fóru fram í ríkisráðinu 19. júní þ. á. Enda held jeg, að enginn tali nú um það,

(Ráðherra: Jú, þeir, sem segja, að opna brjefið sje enn í gildi). Sú skoðun, að opna brjefið sje í gildi enn þá, hefir farið svo hægt, að jeg hefi haldið, að menn þyrðu ekki að halda henni fram í alvöru. *(Sigurður Eggerz* og *Bjarni Jónsson:* Jú, jú). Hver getur vitað, hverju haldið er fram í alvöru og hverju ekki? Jeg held, að öllum hljóti að vera ljóst, að opna brjefið getur ekki verið í gildi. Það veit hver maður, sem kann að lesa, að orð konungs í ríkisráðinu 19. júní s. l. eru *ósamrímanleg* við opna brjefið.

Þá virðist að eins eitt vera eftir, sem sje það, að konungsúrskurðinum verði ekki breytt, nema með íhlutun *danskra stjórnarvalda.* Þessi skoðun er bygð, að því er virðist, á svo litlum rökum, — er svo hugmyndafleygur tilbúningur, að mig furðar stórlega á því, að nokkur skuli halda henni fram. En mest furðar mig á því, að henni skuli vera haldið fram af alþingismönnum hjer á Alþingi, þar sem hver maður hefir gjörðir ríkisráðsfundarins 19. júní s. l. fyrir framan sig. Það fer svo fjarri því, að konungur gjöri orð forsætisráðherrans að sínum orðum, og úrskurði þannig dönsku skoðunina á málinu, að hann tekur beinlínis afstöðu frá orðum hans í sinni ræðu. *(Einhver:* Uss). Háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) þýðir ekki að segja uss, þó að það sje vel skiljanlegt frá helbrigðisfræðilegu sjónarmiði, því að hann hefir nú sagt það svo oft. *(Sigurður Eggerz:* Jeg sagði ekki uss). Það er greinilegt, að forsætisráðherrann heldur fram dönsku skoðuninni á málinu, en konungurinn hefir ekki þá skoðun. Það er fullkomlega heimilt að skilja orð hans á þessa leið: Það getur verið, að jeg breyti þessari tilhögun með uppburð sjermálanna bráðlega, en jeg læt Alþingi vita, að það má ekki *búast við því,* meðan jeg lifi. *(Bjarni Jónsson:* Hann ætlar þá að gjöra það, þegar hann er dauður). Konungurinn er eilífur, þó að Kristján X. deyi. *(Bjarni Jónsson:* Þá er líka hans tíð eilíf). Því verður ekki með rökum neitað, að það er ósamræmi milli orða konungs og forsætisráðherrans, og það er röng staðhæfing, að konungur hafi lagt sjer orð forsætisráðherrans í munn. Jeg held því fram, að ekki verði sýnt fram á það, að ráðherra Íslands hafi í ríkisráðinu, beinlínis eða óbeinlínis, gefið nokkurt loforð um það, að dönsk stjórnarvöld eða löggjafarvöld hefðu íhlutunarrjett í breytingu á konungsúrskurðinum. *Jeg held, að því verði ekki með rökum mótmælt, eins og málið stendur nú, að að forminu til hafi ráðherra Íslands, hvenær sem hann og Alþingi óska þess, fullkomna heimild til að fara fram á, að úrskurðinum verði breytt, þótt það yrði að dri, og halda því til streitu.*

Þessum fyrirvara var, að mínu áliti, samkvæmt því, hvernig hann varð til, og samkvæmt orðalagi hans, algjörlega fullnægt á ríkisráðsfundinum 19. júní s. l. En það lítur svo út, sem menn hafi nú hugsað sjer *annan* fyrirvara. Afstaða þeirra háttv. þingm., sem bera þessa tillögu fram, verður á engan hátt skilin á annan veg en þann, að þeir leggi alt aðra skoðun í orð fyrirvarans en þau gefa heimild til. Þessa skoðun mína styður líka sú geisilega áhersla, sem háttv. flutnm. (S. E.) leggur á yfirlýsingu þá, er hann fjekk frá 24 þingmönnum, eftir að hann kom af konungsfundi. Hann ímyndar sjer auðsjáanlega, að sú yfirlýsing gefi honum heimild til, að leggja nýja og breytta skoðun í fyrirvarann. En því fer fjarri, að það sje rjettmætt. Vegna þess, að háttv. flutningsmaður (S. E.) hefir ekki látið menn heyra orðalag yfirlýsingarinnar, svo sem hefði mátt vænta, þá vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa yfirlýsinguna upp, eins og hún hljóðar, svo hún sjá-

ist í Alþingistíðindunum. Hún er á þessa leið:

»Vjer undirritaðir lýsum yfir því, að vjer teljum, að framkoma ráðherra í ríkisráði 30. nóv. síðastliðinn hafi verið í fullu samræmi við þingviljann. *Sjerstaklega skal það tekið fram, að vjer áltum fyrirhugaða auglýsingu konungs til Dana ósamrímanlega við fyrirvara Alþingis*«.

Þetta er yfirlýsingin, svo mörg eru hennar orð. Af þessu hljóta menn að sjá, hvað vakti fyrir mönnum, þegar fyrirvarinn var samþyktur í fyrra. Raunar þarf ekki að vitna í yfirlýsinguna; það sást á öllum umræðunum, sem á undan fyrirvara-samþyktinni fóru, að það var *auglýsingin til Dana*, sem ekki mátti ske. Þegar hæstv. fyrrv. ráðherra (S. E.) fer með málið á ríkisráðsfundinum 30. nóv. 1914, vill konungur ekki sleppa auglýsingunni. Þá leggur ráðherrann niður völdin. Þetta er sú *framkoma*, sem hann fjekk traustsyfirlýsingu fyrir. Það vill svo til, að í yfirlýsingunni er sjerstaklega bent til auglýsingarinnar til Dana. Það var aðalatriðið. En að háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) megi lesa út úr yfirlýsingunni heimild til að búa til annan fyrirvara, það nær vitanlega ekki nokkurri átt. Jeg staðhæfi, að orðalag hennar getur ekki gefið slíka heimild. Jeg veit um sjálfan mig, að jeg ætlaðist ekki til, að mín undirskrift yrði notuð þannig. Og hið sama munu flestir hinna segja.

Þar sem jeg nú, samkvæmt því, sem jeg hefi lýst hjer yfir, er þeirrar skoðunar, að fyrirvara Alþingis hafi verið fullnægt á ríkisráðsfundinum 19. júní s. l., þá get jeg fyrir mitt leyti greitt atkvæði með þeirri rökstuddu dagskrá, sem hjer liggur fyrir.

Um tillöguna sjálfa vil jeg segja, að það var ekki ófyrirsynju, að háttv. samþingismaður minn (J. M.) hafði það orð um hana, sem háttv. sessunautur minn (G. E.) hneykslaðist svo mjög á, að kalla hana viðrini. Tillagan á, að sögn flytjenda hennar, að girða fyrir það, að gjörðir ríkisráðsfundarins 19. júní s. l. hafi í för með sjer rjettindamissi fyrir Ísland. Það er nú svo. Nú er tillagan orðuð þannig, að hún er öll bygð á fyrirvaranum frá 1914. En eins og allir vita, hefir verið gjörð tilraun til þess hjer í deildinni í dag, að teygja fyrirvarann eins og hrátt skinn, og leggja alt annan skilning í hann en nokkrum hafði dottið í hug, þegar hann var saminn og samþyktur. Það hefir, með öðrum orðum, verið reynt að búa til úr honum nýjan fyrirvara.

Og ef þessi till. verður nú samþykt, þá vaknar sú spurning, *hvaða skilningi* á fyrirvaranum sje verið að halda hjer fram í tillögunni. Við getum verið vissir um, að þetta yrði nú nýtt deiluefni. Auk þess er jeg þeirrar skoðunar, að fyrirvarinn hafi í rauninni að eins verið umboðsskjal fyrir ráðherrann. Og þar sem það umboðsskjal lá fyrir ríkisráðsfundinum 19. júní síðastl. og hinum málspartinum var fullkunnugt um innihald þess, þá væri það á engan hátt bindandi fyrir landið, þótt ráðherrann hefði farið lengra en umboð hans náði. Þetta vita allir, sem einhverja nasasjón hafa af lögum. Enda man jeg ekki betur en að háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) tæki þetta fram. Tillagan er því tilgangslaus með öllu.

En svo er annað, sem ekki verður í móti mælt, að tillagan felur í sjer aðdróttun til hæstv. ráðh., um að hann hafi ekki fengið fullnægt fyrirvaranum. Annars væri hún líka meiningarlaus með öllu. Og hvað er vantraust á einum ráðherra, ef það er ekki það, að gefa það í skyn, að hann hafi svikist undan að flytja erindi Alþingis? Þá var

hreinlegra, að koma hreint til dyranna með beina vantraustsyfirlýsingu. Þeir segjast ekki hafa treyst sjer til að koma henni fram. En þá var þetta ekki hyggileg aðferð, að vefja vantraustið innan í þær umbúðir, sem svo eru illa vafðar, að í gegnum þær skín.

Háttv. tillögumenn hafa haldið því fram, einkum háttv. framsögum. (S. E.) með ekki svo litlum tilfinningamóði, að hjer væri að eins um öryggisráðstöfun að ræða, sem hver maður ætti að geta greitt atkvæði með. Jeg þykist hafa bent á það, að á bak við liggur vantraustsyfirlýsing til hæstv. ráðh. Jeg vildi óska, vegna framsögum. sjálfs, að hann hefði talað af minna móði, því að hann og fylgismenn hans áttu kost á að fá slíka öryggistillögu samþykta, ef þeir hefðu viljað brjóta odd af oflæti sínu með því, að láta ekki þessa bersýnilegu vantraustsyfirlýsingu fylgja með. *(Bjarni Jónsson:* Þetta er ósatt). Jeg hefi nóg vitni. *(Sigurður Eggerz:* Hver bauð þessi kostaboð? *Skúli Thoroddsen:* Og hvernig var tillagan orðuð?). Þessi tillaga var aldrei orðuð, *(hlátur)*, enda hefi jeg aldrei sagt, að svo hafi verið. Háttv. framsm. (S. E.) hlær dátt, er jeg segi, að tillagan hafi aldrei verið orðuð. En getur hann fullyrt, með höndina á brjóstinu, að slík tillaga hafi ekki komið til orða? Jeg vildi ekki láta þetta ósagt, því að jeg álít þetta ósæmilegan leik, sem hjer er verið að leika.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir samið allmikið málfærsluskjal, sem hann virðist hugsa sjer, að lagt verði fyrir friðardómstólinn í Haag. Hann ætlar að sýna fram á það, að sá dómstóll muni komast að þeirri niðurstöðu, að Danir hafi fengið einhvern rjett, sem þeir ekki hafi átt áður, á ríkisráðsfundinum 19. júní síðastliðinn, og byggir það á *orðum konungs*. Jeg skal í þessu sambandi leyfa mjer að lesa upp kafla úr ræðu, er háttv. þm. Dal. (B. J.) hjelt á síðasta þingi 1914. Honum farast svo orð:

»Ef konungur nú, þrátt fyrir mótmæli, staðfestir stjórnarskrána, þá hefir hann þar með tekið aftur sitt opna brjef 20. okt. 1913 og ákvæði ríkisráðsfundarins, því að þegar Hans hátign konunginum hefir verið skýrt frá skoðun Alþingis í þessu máli, þá væri það að draga Íslendinga á tálar, ef hann staðfesti frumv. með öðrum skilningi en Íslendingar hafa lagt í það.

En ef hann staðfestir frumv. með öðrum skilningi en Íslendingar leggja í það, þá væri hans skilningur markleysa. Enginn lögfræðingur getur litið öðruvísi á það og *enginn dómstóll* dæmt það öðruvísi«.

Svo mörg eru þessi orð. Og má jeg nú spyrja: Er það jeg, sem hefi skift um skoðun í málinu, eða er það háttv. þm. Dal. (B. J.)?

Þá fór sami háttv. þm. mörgum fögrum orðum um þá miklu ábyrgð, sem hvíldi á þeim mönnum, er greiddu atkvæði móti tillögunni. Jeg dreg það ekki í efa, að hver einasti þingm. hefir gjört sjer það ljóst, hver ábyrgð hvílir á honum í þessu efni, þegar hann á að greiða atkvæði sitt. Og jeg efast ekki um, að menn fari þar eftir sannfæringu sinni einni. Jeg er þess fullviss, að landsrjettindum vorum er ekki stefnt í neina hættu. Jeg get því ekki greitt atkvæði með tillögunni. Andstæðingar mínir telja hjer mikinn voða á ferðum. En þeir áttu kost á að því, að fá öryggistillögu sína, sem þeir kalla svo, samþykta, ef þeir að eins vildu hafa hana svo úr garði gjörða, að ekki fælist í henni vantraust til ráðherra. En því vildu þeir ekki ganga að, þótt þeir vissu, að með því móti gætu þeir bjargað

landsrjettindunum, er þeir töldu í hættu. Þeir kusu heldur að hafa tillöguna eins og hún er nú borin fram, þótt þeir vissu það fyrir fram, að hún mundi falla. Á hverjum hvílir nú ábyrgðin fremur hjer? Og jeg skal bæta því við, að þessir sömu menn vildu afstýra því í vor, að stjórnarskráin næði fram að ganga. Fylgir því engin ábyrgð? Þessir menn ættu að vera dálítið varfærnari í dómum sínum og hótunum. Jeg álít þeim fullsvarað með þessum orðum: Hví sjer þú flísina í auga bróður þíns, en gætir ekki *bjálkans* í þínu eigin auga?

Þegar hjer var komið umræðunum, tók forseti málið út af dagskrá, og frestaði umr. til næsta fundar.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. júlí, var till. tekin til f r h. e i n n a r u m r.

Ráðherra: Mjer hefir heyrst það á ræðum háttv. flutnm. (S. E.), að hann búist við, að þessi þingsályktunartillaga, sem af sumum góðum mönnum hefir verið kölluð *»viðrini«*, yrði molduð hjer í deildinni. Það var því ekki nema eðlilegt, að hann hjeldi 2 hjartnæmar líkræður, sem báðar hafa endað með stuttri bæn.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) hefir tekið af mjer ómakið og svarað flestu af því, er svara þarf flutningsmönnunum. Jeg get því verið stuttorðari en ella.

Jeg skal þá byrja á háttv. þm. Dal. (B. J.). Muni jeg rjett, þá brá hann sjer til Haag í gær — hann er vanur utanförum — til þess að tala þar máli Dana. Þeir hafa hjer fengið öflugan málssvara, og er ástæða til þess að óska þeim til hamingju með hann. Annars var það ekki svo óttalegt, sem þessi háttv. þm. ætlaði að leggja Dönum í munn. Þeir áttu að segja það eitt, að meðferð málsins sýndi það, að það af Dana hendi hefði verið skoðað sem danskt mál. En hvað kemur okkur það við, er Danir segja í þessu efni. Það er ekki nema eðlilegt, að þeir skýri málið frá sínu sjónarmiði, eins og við frá okkar. Og sje það rjett, sem ekki hefir verið hrakið, og verður ekki hrakið, að tilætlunin hafi aldrei verið sú, að krefjast nú beinnar viðurkenningar þess, að uppburður sjermálanna væri sjermál, þá varðar oss það engu, hvað Danir segja í þessu efni, þar sem vjer höfum engum rjetti slept.

Jeg legg ekki mikið upp úr því, þótt danska blaðið »Politiken« frá 30. f. m. haldi því fram, að »status quo« haldist í þessu efni. Í fyrsta lagi eru þetta ekki orð Hans hátignar konungsins, og í öðru lagi ber þess að gæta, að »Politiken« er stjórnarblað, og því eðlilegt, að það haldi þessari skoðun fram, til þess að gefa ekki andstæðingum stjórnarinnar höggstað á stjórninni fyrir það, að forsætisráðherrann hefði sýnt tilslökun í málinu. Háttv. þm. Dal. (B. J.) gaf það í skyn, að þingið 1914 hefði ætlað að vinna mikinn sigur. En í hverju var sá sigur fólginn? Ekki í því, að fá viðurkenningu *Dana* á því, að uppburður sjermálanna væri sjermál. Ekki var beinnar viðurkenningar konungs á þessu atriði heldur krafist. Það eina, sem þingið fór fram á, var það, að stjórnarskráin næði fram að ganga, án þess að staðfestingin færi í bága við fyrirvara Alþingis, án þess að nokkrum rjettindum væri slept. Og við háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) höfum sýnt fram á, að ekkert slíkt skeði 19. júní síðastliðinn. Nú langar mig til þess að spyrja háttv. þm. Dal. (B. J.), á hvern hátt hann og flokksbræður hans hugsuðu sjer að sigra. Jú, þeir ætluðu að láta stjórnarskrármálið liggja í strandinu, sem það komst í 30. nóv. síðast-

liðinn, fyrir frammistöðu háttv. flutnm. (S. E.), og dúsa í því hreiðri. Svo var það víst meining þeirra að gefa fyrv. ráðherra traustsyfirlýsingu á þinginu, og beygja sig að öðru leyti fyrir konungsvaldinu. Sigur þeirra var því í því fólginn, að svínbeygja sig. Síðar meir hugðust þeir að taka málið upp að nýju og setja þá ríkisráðsákvæðið aftur inn stjórnarskrárfrumv. Fyrst að beygja sig, og síðan bæta gráu ofan á svart, með því að láta ákvæðið standa óbreytt í stjórnarskránni. Þetta er það, sem þessir herrar kalla »að fá viðurkenningu Dana fyrir því, að uppburður sjermálanna sje sjermál«.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) kom enn með þá gömlu firru, að Alþingi hefði að eins *þolað*, að málin væru borin upp í ríkisráði. Alþingi gjörði meira en að þola það, og svo vel vill til, að jeg get sannað mitt mál með orðum manns, sem hv. þm. Dal. (B. J.) mun virða, sem sje sjálfs flutningsmanns (S. E.). Á þingi 1913 er einn þingmaður í Ed., Guðjón Guðlaugsson, að skýra ákvæðið »þar sem konungur ákveður«; hann telur, að skýra megi það á tvo vegu, og sje annar sá, að uppburður málanna verði ekki í ríkisráðinu. Þessu svarar háttv. framsögum. (S. E.) svo, að »frá ríkisráðinu hopum vjer ekki«. Þetta stendur í Alþingistíðindunum 1913, 1086. dálki. Í þessum umræðum minnist þáverandi ráðherra, Hannes Hafstein, á það, að oss sje það að mörgu leyti hentugra, að uppburður sjermála vorra fari *fram í ríkisráðinu en annarstaðar*. Næst honum stendur hv. framsögum. (S. E.) upp, og mótmælir alls ekki, nje gjörir athugasemdir við þessa kenningu þáverandi ráðherra, þrátt fyrir það, að hann hafði rökstutt hana.

Hv. þm. Dal. (B. J.) telur oss lífsnauðsyn að ná öllum vorum málum undan Dönum. Ef orð hans eru tekin bókstaflega, fela þau í sjer persónusamband eða skilnað, en þau efni koma ekki þessu máli við.

Þá læt jeg skilið við prókúratorinn frá Haag og sný mjer að vini mínum, hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Ræða hans var skemtileg; hann er jafnan góður ræðumaður og gaman á hann að hlýða. Það er tekur til efnisins, þá hefir hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) svarað mestu. Jeg skal því að eins til árjettingar hnýta við nokkrum athugasemdum um fáein atriði.

Hann fann að því, að umræðurnar á ríkisráðsfundinum 19. júní hefðu verið birtar í Ríkistíðindum Dana, þótt án undirskriftar forsætisráðh. væri. Þessu hefir hann áður haldið fram og talið mig hafa unnið pólitískan höfuðglæp, er jeg reis ekki upp móti birtingunni, þannig lagaðri. En eins og jeg tók fram í gær, þá ber hv. tillögumönnum ekki vel saman; eru þeir auðhraktir úr vígjum sínum, og mun eins fara um þetta vígi.

Einn af málsvörum þeirra utan þings, og vafalaust greindasti lögfræðingurinn í þeirra flokki, hefir lýst yfir því, að birtingin væri algjörlega áhrifalaus. Enda segir þetta sig sjálft. Hvernig getur það haft stjórnskipulega þýðingu, þótt birt sje fundargjörð. Annað mál væri það, ef birtingin hefði farið fram á þann hátt, sem birt eru stjórnskipuleg atriði. En því fer fjarri. Birtingin fór fram í Ríkistíðindum Dana alveg eins og í Lögbirtingablaðinu hjer, undirskriftalaus.

Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði enn fremur, að viðurkenning Dana á því, að vjer hefðum rjett til þess að ákveða, hvar sjermál vor væru borin upp fyrir konungi, hefði ekki fengist, af því að forsætisráðherra Dana taldi þetta atriði sammál. Hjer til liggur það svar, að enginn, nema ef til vill hv. þm. N.-Ísf.

(Sk. Th.), ætlaðist til þess, að Danir viðurkendu þetta. En enginn mun halda því fram, að spilt hafi verið rjetti vorum, þótt forsætisráðherra láti í ljós skoðun, sem mótmælt er af Íslandsráðherra. Mundi t. d. hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), ef jeg þættist eiga sneið af túninu á Bessastöðum, sem jeg auðvitað á ekki, vilja halda því fram, að jeg ætti hana, þrátt fyrir það, þótt eigandinn hefði mótmælt því? Annars get jeg um þetta atriði vísað til þess, sem jeg sagði í gær, og óþarft er að ítreka, þar sem jeg vísaði til skoðana hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sjálfs, eins og þær komu fram í blaði hans 1913. Hann vill nú raunar fóðra þessi ummæli sín þá með því, að flokksstjórn sjálfstæðisflokksins hafi ekki haft tíma til að hugsa málið og gjört ákvörðun sína í fljótræði. Flokksstjórn sjálfstæðisflokksins skipa þá þessir menn, sem allir eiga enn sæti hjer á þingi: hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), hv. þm. N.-Þing. (B. S.) og hv. þm. Dal. (B. J.). En ef þá hefir hent þetta fljótræði þá, að láta sjer glepjast sýn, hvernig getur þá nú undrað, þótt mönnum nú komi til hugar eitthvað líkt og telji þá ekki hafa yfirvegað þessa tillögu sína, sem nú liggur fyrir, til hlítar? Jeg sje ekki betur en að heimilt sje að láta sjer detta slíkt í hug og heimilt að segja það. Flestum mun þykja varlega í það farandi að byggja mikið á orðum þessara manna, eftir að fengin er játning frá forustumanni þeirra um það, að flokksstjórn þeirra hafi gjört tillögur sínar um eitt allra mikilvægasta mál landsins, sem þá var á dagskrá, algjörlega í blindni.

Hv. framsögum. (S. E.) sagði annað veifið, að Danir hefðu enga afsökun í þessu máli, af því að þeim hafi verið fyrirvari Alþingis kunnur. Þar er ekki mikið, sem skilur okkur. Eins og hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) og hv. þm. Snæf. (S. G.) hafa tekið fram, að ef jeg hefði farið út fyrir umboð mitt, sem jeg hefi ekki gjört, þá væri enginn skaði orðinn, því að hinn aðilinn þekti umboðið, og mun hv. framsögum. (S. E.) geta skilið þetta. *(Sigurður Eggerz:* Hæstv. ráðh. skilur ekki sjálfan sig, eins og jeg mun sýna á eftir). Hv. framsögum. (S. E.) lofar ætíð að sýna alt og sanna á eftir, en þau loforð hans vilja reynast nokkuð afturmjó í efndunum.

Þá eru það ýms atriði í ræðu háttv. framsögum. (S. E.) og annarra, sem jeg verð að víkja að, þótt ekki snerti beint þetta mál, en varðar þó aðgjörðir mínar og annarra, sem um málið hafa fjallað. Skal jeg halda tímaröð, eins og þeir.

Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði um utanstefningar, er hann svo nefndi, þ. e. heimboð konungs til nokkurra manna í vetur. Eftir því, sem mjer skildust orð hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), vildi hann ekki beint vita heimboð konungs, nje það, að boðið var þegið. En það var annað, sem honum þótti athugavert, sem sje hverjir voru valdir. Eins og kunnugt er, urðu fyrir þessu boði þrír menn, 1. þm. Húnv. (G. H.), 1. þm. Rvk. (S. B.) og jeg. Það, sem hv. þm. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þótti athugavert, var það, að vjer værum of ungir. En þótt satt sje það um oss, að allir sjeum vjer nýir þingmenn og tveir af oss ungir að aldri og óvanir pólitiskum stórræðum, þá getur þetta þó ekki átt við um 1. þm. Húnv. (G. H.), sem bæði er roskinn maður og lengi hefir verið viðriðinn stjórnmál. Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þótti eðlilegra, að honum og hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefði verið boðið. Þetta lái jeg honum ekki, því að þeir eru oss óneitanlega eldri og reyndari. Og sama er að segja um hv. þm. Dal. (B. J.). *(Bjarni Jónsson:* Jeg mundi ekki hafa þegið það). Á hv. þm. Dal. (B. J.) sannast orð refsins, er hann náði

ekki til berjanna: »Þau eru súr«. Allir þessir þrír menn hafa prýðilegan feril að baki. Einn þeirra hefir verið sendur í mikilsvarðandi sendiför sem fulltrúi landsins, annar hefir verið viðskiftaráðunautur og sá þriðji hefir farið með eitt hið merkasta fjármálastarf landsins, bankastjórn, og sjálfsagt gjört sjer mikið far um að koma út verðbrjefum bankans og á líklega gott skilið fyrir, þótt árangur hafi orðið sá, að brjef þessi hafa eigi *selst*, heldur *lækkað í verði*. Jeg get því skilið orð hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og samsint honum í því, að óheppilegt hafi verið, að þeir voru ekki valdir til farinnar.

Sami háttv. þm. (Sk. Th.) gat þess, að vjer hefðum sagt eftir heimkomu vora, að vjer hefðum engu loforði bundist í því, hvað vjer ætluðum að gjöra. Og er það satt. En hins vegar var jeg þá þegar sannfærður um það, að óverjandi væri, að taka ekki þessu tilboði, og þegar á fyrsta eða öðrum flokksfundi, sem haldinn var um málið, lýsti jeg yfir því, að jeg væri ráðinn í að fylgja málinu fram, og ekki beygja mig, þótt jeg yrði í minni hluta. Þessu sama lýsti jeg yfir á opinberum fundi, og þetta hefi jeg efnt, sem betur fer. Er því alt hreint frá minni hálfu í þessu máli. Tillögumenn geta þess vegna ekki heldur brugðið mjer um það, að jeg hafi farið á bak við þá. En undarlegt er það af þeim, að ætla mjer þann barnaskap, að jeg fari að leita stuðnings þeirra, sem andstæðir voru í málinu, og fordæma alt það, sem jeg hefi gjört og ætla að gjöra.

Þá skal jeg víkja að leyndinni. Allir hafa játað það, að lofað var að birta ekki bráðabirgðatillögurnar. Sumir þykjast raunar hafa bundið það einhverjum skilyrðum, en það er hin mesta fjarstæða, því að oss mundi aldrei hafa komið til hugar að sýna tillögurnar, ef leyndarloforð þingmanna hefði verið nokkrum skilyrðum bundið; heldur mundum vjer hafa leitað til annarra, eða látið málið niður falla, en eiga það á hættu, að birt væru orð, sem konungur kynni að segja einhverntíma í framtíðinni. En til þess kom ekki, því að allir bundust þessu þagnarheiti, og það var bókað í gjörðabók flokksstjórnarinnar. Eins og jeg hefi áður tekið fram, lýsti jeg því yfir í upphafi skýrt og skorinort, að jeg mundi halda málinu fram, enda er það nú fullljóst, að jeg hefi ekki látið heykjast í því efni. Og til sannindamerkis um þetta, úr því að farið er að draga fram ýmislegt, sem gjörst hefir á flokksfundum, skal jeg geta þess, að einn maður úr flokksstjórninni, sem er þó tamara að læðast en stökkva, hjelt mjög mergjaða ræðu yfir okkur, af því að hann hafði heyrt, að við ætluðum ekki að láta kúgast, heldur að við ætluðum fremur að segjast úr flokknum. Vildi þessi háttv. herra láta reka mig og víst háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) einnig.

Þá sagði háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) frá aðalefni þess, sem gjörst hafði á opinberum fundi hjer, en ekki fullkomlega rjett, og mun það stafa af minnisbresti.

Þegar jeg var kominn til Khafnar, fæ jeg þá frjett þann 6. júní, að »Ingólfur« hafi nú birt tilboðið. Ef það hefir nú verið skoðun heitrofanna, er tillögurnar birtu, að tilboðið hafi verið hættulegt landinu og heill landsins hafi verið tefld í voða, þá hefðu þeir átt að birta tillögurnar fyrr, mánuði eða svo, og væri þá hjer um stórkostlega vanrækslu að ræða frá þeirra hálfu. En birtingin, fyrst þá, var alt of sein, því að hún gat ekki afstýrt því, sem jeg hafði ætlað mjer að gjöra. Og til hvers var birtingin þá? Ef þeir hefðu verið vitandi vits, mundu þeir hafa getað hindrað

framgang málsins á þenna eina hátt. Og hvað var þá unnið? Jú, þá var stjórnarskráin dauð og öll sú mikla vinna ónýt, sem lögð hefir verið í það mál. Já, og það var líka unnið, að fitjað var upp á nýjum gauragangi, útvegaður pólitískur matarforði handa vissum mönnum, sem deyja mundu pólitískum hordauða, ef ekki hjeldi áfram rifrildið. Auðvitað gátu þeir einnig unnið það með birtingunni, að jeg kæmi tómhentur heim, og ausið þá yfir mig stóryrðum út af því, og hugsast gat það einnig, að sitja hefði orðið við fyrstu kostina.

Yfirleitt mun þagnarrof þessara manna hvervetna hafa mælst illa fyrir, enda munu þeir og hafa slæma samvisku. Það bendir á, að þeir hafi sjálfir haft slæma samvisku fyrir gjörðir sínar, að þeir hafa reynt og reyna enn að klóra yfir þær. Háttv. framsögum. (S. E.) var utanbæjar, þegar birtingin fór fram, en hann hefir lýst yfir því, að hann hafi hvorki birt nje birta látið neitt af tillögunum. Það skoða jeg svo, sem hann vilji á engan hátt bera ábyrgð á birtingunni, og jeg býst við, að hann fari ekki að mótmæla þessari skoðun minni á afstöðu hans til málsins.

Það er ekki nema eðlilegt, að hann vilji afsaka sig, því að einn af okkur þremenningunum, háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), lánaði honum skjalið, daginn sem við komum. Jeg veit ekki, hvort hann hefir haft það svo lengi, að hann hafi haft nægan tíma til að afrita það, en mjer hefir aldrei dottið í hug, að gruna hann um brot á þagnarheiti sínu.

Svo var líka annar þingmaður, sem jeg lánaði skjalið með sama skilorði, að hann afritaði það ekki, nje ljeti afrita eða birta á annan hátt. Það var háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Hann hefir líka gefið yfirlýsingu í Ingólfi, um að hann hafi ekki lagt skjalið til, þótt það hins vegar hafi vitaskuld verið birt með vitorði hans og samþykki. Hann finnur þannig ástæðu til að bera þetta af sjer líka, þótt böndin hafi að honum borist fyrir *líkur*, vill ekki vera aðalmaðurinn, og ekki meira en meðsekur. Honum hefir gjört bæði að sárna og klæja. Hversu mikið sómastrik, sem þessir menn álíta að birtingin hafi verið, og í aðra röndina hjálpráð fyrir landið, reyna þeir þó að klóra yfir það á eftir, og afsaka sig með því, að þeir hafi ekki lagt til afritið af skjalinu. Það er í sjálfu sjer ekki nema ánægjulegt, að þessir menn kunni að blygðast sín fyrir það atferli, sem hjer er um ræða, og satt að segja hefir hvergi orkað tvímælis, nema vestur á Kvennabrekku í Dölum. Annars hafa allir lokið upp einum munni um það, að slíkt atferli sje gjörsamlega óforsvaranlegt. *(Skúli Thoroddsen:* Þetta er ósatt, og ekki til neins að vera að bera slíkt fram). Það telja allir heiðarlegir menn, sem óhlutdrægt hugsa, óafsakanlegt, nema mennirnir sjálfir, sem að birtingunni voru valdir, og hefi jeg engan heyrt mæla henni bót, nema þá.

Utanlands er það álitið beinlínis hörmulegt, að það skuli geta komið fyrir, að fulltrúar þjóðarinnar gjöri sig seka í slíku athæfi. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji gjöra þessum mönnum neitt mein, en mjer finst það vera skylda þingsins, að lýsa hreinni vanþóknun sinni á því, að slíkir menn skuli geta átt sæti á löggjafarþingi Íslendinga, er gjörist sekir um rof á drengskaparheiti sínu.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vjek að mjer ónotum fyrir það, að jeg hefi notið stuðnings Heimastjórnarmanna til að koma fram stjórnarskrármálinu. Jeg játa, að það sje satt, og það er langt frá því, að jeg fyrirverði mig fyrir það. En jeg get vel skilið, að háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) öfundi mig af fylgi

Heimastjórnarmanna, því að hann hefir áður klætt sig í biðilsbuxur, og leitað ásjár hjá þeim, en enga áheyrn fengið. Þannig fjekk hann hryggbrot hjá þeim á þinginu 1911. En mismunurinn þá og nú er ekki annar en sá, að þá var enginn stefnumunur innan flokksins, en nú, þegar sá munur er á stefnum, að annar parturinn hefir komið málunum fram, að óvild og þrátt fyrir mótspyrnu hins hlutans, þá á þetta að vera dauðasynd.

Hitt, sem þingmaðurinn talaði um, að jeg væri genginn í mótflokkinn, er alls ekki rjett, heldur er nokkurs konar samvinnubandalag milli minna stuðningsmanna.

Hann sagði, að það væri »fiction« að jeg hafi verið í Sjálfstæðisflokknum í byrjun þings, og dregur það líklega af því, þegar minni hluti flokksstjórnarinnar ætlaði að reka meiri hlutann í vetur! Þessir menn hafa vítt mig fyrir minar gjörðir, og það lái jeg þeim ekki. en hvað ná víturnar langt? Ekki lengra en það, að ef jeg gengi að því, sem hjer er á boðstólum, að viðrinistillögunni, þá vilja þeir láta mig hlutlausan. Ef jeg hefi unnið níðingsverk gagnvart föðurlandinu, þá hefðu þeir aldrei átt að láta mig hlutlausan. Ef maður ber stóru orðin saman við tillöguna, þá sýnast þau ekki vera neitt alvarlega meint hjá sumum. Það er eins og það sje aðalatriðið fyrir þessa herra, ef þeir gætu hangið í eða utan við einhvern meiri hluta í þinginu.

Háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) var að barma sjer yfir því, að háttv. þingm. N.-Þing. (B. S.) hefði mist bein í þingbyrjun. Jeg get ekki sjeð, að það komi málinu mikið við, en háttv. þingm. N.-Þing. (B. S.) tekur sjálfsagt undir þenna harmagrát með vini sínum, þegar honum vinst tími til. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að ekki ætti að felast neitt vantraust til stjórnarinnar í tillögunni. Það sannar ennþá betur mitt mál, hvað mikið þeim er um að gjöra að koma sjer vel við einhvern meiri hluta, þrátt fyrir illvirkið, sem þeir segja, að jeg hafi unnið. Þeir sýnast vera fúsir til, að gefa mjer »absolution« *(Skúli Thoroddsen:* Ef hæstv. ráðherra vildi vera gott barn). Nei, þess krefjast þeir ekki, heldur að eins þess, að geta verið í einhverjum *meiri hluta.* Þá fór sami háttv. þingm. (Sk. Th.) mörgum orðum um það, að menn mundi reka minni til þess, að hann hefði áður haldið fram sjálfstæðismálum þjóðarinnar. Jeg efast ekki um vilja hans, og hefi nú nýlega sjeð þess nýjan vott, á þgskj. 42, hvernig hann hugsar fyrir landinu sínu. Þar ber hann fram tillögu um, að skora á stjórnina að fara þess á leit við Dani, að þeir leggi okkur til 4—5 fallbyssubáta til að verja landhelgina. Það er sjálfsagt miklu »ökonomiskara«, að láta Dani hafa fyrir þessu, heldur en að við sjeum að braska í því sjálfir, en óneitanlega stendur þessi tillaga nokkuð undarlega af sjer við lagafrumvarp, sem aðrir góðir sjálfstæðismenn hafa borið fram, þar sem þeir ætlast til, að Íslendingar spili upp á eigin spýtur í þessu efni. Það má sannarlega heita »gefundenes Fressen«, að fá Dani til að gjöra þetta fyrir okkur!

Háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) var enn að tala um, að jeg hefði látið ráðherravonir glepja mjer sýn í þessu máli. Í fyrsta lagi stendur þetta nú ekki vel af sjer, því að 19. júní var jeg orðinn ráðherra, svo að *vonirnar* gátu ekki glapið mjer sýn, og mjer hefði þá verið innan handar að veita mjer 3000 kr. eftirlaun eins og háttv. flutnm. (S. E.) gjörði fyrir sig, ef mjer hefði ekki litist á blikuna. En svo er ekki víst, að jeg sje í þá átt veikari á svellinu, held-

ur en háttv. þingm. (S. E.) sjálfur, því að það hefir jafnan atvikast svo, þegar ráðherraskifti hafa orðið hjer á þingi, að hann hefir fengið í sig einhverja ónota kippi og ósjálfráða löngun til að opinbera það alt, sem gjörst hefir á flokksfundum og bak við tjöldin. Á þinginu 1909 birti hann í blaði sínu leynilega atkvæðagreiðslu um ráðherraval, og eitthvað svipað má víst segja um framkomu hans við ráðherraskiftin 1911, og 1914 urðu líka ráðherraskifti, en jeg veit ekki, hvort hann hefir fengið nokkra kippi í sig þá. Mjer þykir það ekkert óeðlilegt, þó að honum finnist þetta súrt í broti. Ef jeg væri í hans sporum, mundi jeg líta svo á, sem mjer væri blóðugur órjettur gjör, því að hann hefir tvo stóra kosti til að bera sem ráðherra, í fyrsta lagi takmarkalausa fórnfýsi, eins og sást 1911, þegar hann vildi offra sínu góða blaði og blómlegu atvinnugreinum, og í öðru lagi stórar og göfugar hugsjónir. Jeg lái honum því ekki, þótt honum finnist sjer órjettur gjör með með því, að það hefir ekki atvikast svo, að hann yrði ráðherra. Því að það er áreiðanlegt, ef nokkur hlutur er til, sem rjettlæti löngun manns til að vera ráðherra, þá eru það fagrar hugsjónir, sem maður hefir, eða telur sig hafa vit og vilja til að vinna fyrir.

Þá kem jeg að ræðu háttv. flutnm. (S. E.), en sem betur fer þarf jeg lítið að athuga hana, því að háttv. 1. þingm. Rvk. (S. B.) er rækilega búinn að því. Háttv. flutnm. (S. E.) kom með ýmsar líkingar í byrjun ræðu sinnar, en þær sanna varla annað en það, að hann sje meira skáld en stjórnmálamaður. *(Sigurður Eggerz:* Þær voru ekki eftir mig, heldur eftir Henrik Ibsen). Jæja, jeg ætla ekki að halda því fram, að hann sje skáld, en jeg hefði þá kann ske átt að segja, að hann væri hneigðari fyrir skáldskap heldur en stjórnmál. Hann var að tala um hvílu Procrustesar (gríska dósentinn getur leiðrjett mig, ef jeg fer ekki rjett með nafnið). Sú saga á nú best við sjálfan hann, því að hann hefir sjálfur altaf verið að höggva af kröfum sínum, gjöra þær minni og minni, teygja sig og teygja, til þess að komast í meiri hlutann, og hafnar svo í þessu viðrini, sem hann kallar þingsályktunartillögu og borin er hjer fram í deildinnni til að moldast í dag. Hann talaði mikið um spár, og spáði ýmislegu fyrir mjer, en jeg veit ekki, hversu spámannlega hann er vaxinn. En jafnhægt væri að spá fyrir *honum*. Annað eins hefir komið fyrir og það, að þessi dýrlingsgloria, sem hann vefur sig í, eða er að reyna að vefja sig í, gæti farið af honum. Hann hefir nú síðan í vor vaggað sjer í þeim draumi, að hann sje orðinn nokkurs konar þjóðhetja, og síst vildi jeg verða til þess, að spilla þessum sæta draumi hans. En komið gæti það fyrir, að hann vaknaði einn morgun eftir að hafa dreymt, að hann væri að faðma kóngsdótturina, eins og herra Sólskjöld forðum, og að það væri þá fjósstoðin, sem hann hjeldi utan um.

Hann sagði, að einn tituprjónsstingur til ráðherra ætti ekki að standa í vegi fyrir að verja rjett landsins. Jeg er honum alveg sammála um það, ef um það væri að ræða, að vernda rjett landsins, en *óþarfa* tituprjónsstingirnir, til hvers sem þeim er beint, eiga engan rjett á sjer, eins og t. d. viðrinistillagan.

Svo var hann með þessa gömlu sögu, um að almenningur gæti ekki áttað sig á því, hvort fyrirvaranum væri fullnægt eða ekki með staðfestingarskilyrðunum frá 19. júní 1915. Jeg hefi áður drepið á, að hver meðalgreindur maður ætti að geta það, en eftir þessar umræður held jeg, að jeg verði á sama máli og hann. Mjer finst ýmislegt, sem hann og hans fylgismenn hafa sagt,

benda til þess, að þeir hafi ekki fullkomlega áttað sig á þessu enn þá.

Jeg hefi nú svarað þessum þremur vinum mínum, háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og háttv. þm. Dal. (B. J.). Aðrir hafa ekki talað enn þá af þeirra flokki, og læt jeg þetta því nægja, þangað til fleira hefir komið fram.

Flutnm. (Sigurður Eggerz): Jeg verð fyrst að leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), er hann hjelt í gær. Hann kallaði tillöguna umbúðapappír. En hann verður að fyrirgefa mjer, þó jeg skilji ekki, hvað hann meinar með því. En hvernig getur hann misskilið tillöguna? Hún er svo ljós, að það er ekki unt að villast á henni. Hún lýsir landið óbundið af öðrum skilyrðum en þeim, sem felast í fyrirvaranum frá 1914. Mjer er sama, þótt háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) kallaði tillöguna viðrini. Það liggur ekki annað á bak við þau orð, en að þingmanninum er sama, hvort landið er bundið eða óbundið. En það er, vægast talað, mjög óviðeigandi, að viðhafa slík orð um tillögu, sem áskilur landinu óskertan rjett. Og það er einmitt það og annað ekki, sem ótvírætt er tekið fram í tillögunni.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu í fyrra: »Það er nægilegt, að þingið tjái landið óbundið af skilyrðum þeim, sem sett eða samþykt hafa verið andstætt vilja þingsins 1913 . . . .«

Tillagan nú felur ekki annað í sjer en það, sem hæstv. ráðherra sagði þá. En það lítur út fyrir, að hann sje nú búinn að gleyma þessum orðum sínum.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði, að fyrirvarinn væri teygjanlegur eins og hrátt skinn. *(Sveinn Björnsson:* Jeg sagði, að háttv. flutnm. (S. E.) hefði teygt hann eins og hrátt skinn hjer í deildinni). Nei, »prókurators«-sálin í háttv. þingm. (S. B.) getur aldrei þagnað. Má jeg biðja háttv. þingm. að svara mjer upp á þessa spurningu: Hvar er það óskýra í fyrirvaranum. *(Sveinn Björnsson:* Hefi jeg orðið?). Þingmaðurinn vill ekki svara, en það er víst, að það eru að eins mennirnir með »prókúrators«-sálina, sem geta sjeð nokkuð loðið eða óskýrt í honum. *(Sveinn Björnsson:* Var það þess vegna, sem háttv. flutnm. (S. E.) fjekk sjer »prókúrator« í Ingólfi?). Þingmaðurinn ætti ekki að vera að ámæla manni, sem ekki er viðstaddur hjer í salnum. Hann veit það vel, að þessi maður, sem hann mintist á, hefir altaf staðið fyrir utan pólitíska flokka og deilur, en nú ofbauð honum svo mjög atferli sumra stjórnmálamanna, að hann taldi skyldu sína að láta til sín heyra. Og rök hans eru svo sterk, að andstæðingarnir hafa ekki getað hrundið þeim. Þeir nota þá aðferð, að kalla rökin sprengikúlur, en sinn eiginn hávaða kalla þeir rök. Þeim finst víst hægast að komast sem lengst með rakaleysinu. *(Sveinn Björnsson:* Heyr á endemi). Heyr á endemi, segir háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.). Hann veit þó, að jeg hefi ekki brugðið öðrum vopnum í þessu máli en rökunum, en aðrir hafa haldið á endemisvopnunum.

Í Ísafold kom sú fregn, að jeg hefði farið í æsingaferð kring um landið. En á fundunum, sem jeg hjelt, ljetu andstæðingar mínir í ljós ánægju sína yfir því, hvað jeg talaði stilt og rólega um málið.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) lagði mikla áherslu á það, að úrskurðurinn um uppburðinn væri undirritaður af Íslandsráðherra einum, en hjer í er engin breyt-

ing frá 20. okt. 1913, því þá átti líka að undirrita hann af ráðherra Íslands einum.

Sami háttv. þingm. (S. B.) vill leggja mjög litla áherslu á umræðurnar í ríkisráði 19. júní þ. á., telur þær þýðingarlitlar. En hvers vegna voru þær þá viðhafðar? Heldur háttv. þingm., að þær væru fyrir fram búnar til, ef þær ættu ekki að hafa neina þýðingu? Eða því leggja Danir svo mikla áherslu á umræðurnar? Og því krefjast þeir þess, að eiga orð um þetta mál? Ætli þeir sjeu að því sjer til gamans, — að eins til þess? Jeg hjó eftir því hjá sama háttv. þingmanni í ræðu hans í gær, að orð konungs væru töluð án ráðherraábyrgðar. Jeg talaði um þetta í utanför minni við ýmsa stjórnmálamenn, og voru allir þeirrar skoðunar, að orð konungs í ríkisráði um mál eins og þessi væru vitanlega töluð á ráðherraábyrgð, því konungurinn er vitanlega ábyrgðarlaus.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) neitaði því, að konungur hefði gjört orð forsætisráðherrans að sínum orðum. Umræðurnar 19. júní bera það skýrt með sjer, að forsætisráðherrann segir, að danska skoðunin sje sú, að málin verði að bera upp í ríkisráði, þangað til önnur jafntrygg skipun verði gjörð. En Hans hátign konungurinn segir, að Alþingi megi ekki vænta þess, að hann breyti úrskurðinum um uppburðinn í sinni stjórnartíð, nema önnur jafntrygg skipun verði gjörð á uppburðinum. Orð forsætisráðherrans og konungsins um þetta atriði eru að efninu til hin sömu. Þetta hlýtur hv. þingmaðurinn að viðurkenna.

Hæstv. ráðherra segist hafa mótmælt skoðun forsætisráðherrans. Setjum svo, að hann hafi gjört það. En þegar konungur hefir heyrt mótmælin, tekur hann upp orð forsætisráðherrans, en ekki ráðherra Íslands. En með því sýnir konungurinn, að hann felst á skoðun forsætisráðherrans, en ekki á skoðun Íslandsráðherrans.

Hæstv. ráðherra og hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) komast aldrei hjá því, að slakað hefir verið á klónni, með því að segja, að spurningin um ríkisráðsákvæðið sje formlegs fræðilegs eðlis. Þeirra stóru orð hrekja ekki rökin. Þegar dómur sögunnar fellur í þessu máli, þá munu rökin standa óhögguð af glundroðanum, sem nú er þyrlað upp í kringum þau. Andstæðingar mínir hafa blöðin, peninga og höfðingjana sín megin. Móti öllu þessu verðum vjer að berjast.

Jeg heyrði, að það hvein eitthvað í háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), og mjer heyrðist á hljóðinu, að hann væri orðinn viss um, hvar meiri hlutinn væri.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) segir, að vjer leggjum annað í fyrirvarann en ætlast var til. En orðið »áskilur« tekur af öll tvímæli; með fyrirvaranum er áskilið, að konungsúrskurðinum verði breytt sem hverjum öðrum íslenskum konungsúrskurði.

Þá leit sami háttv. þingm. (S. B.) þannig á, að í yfirlýsingu þeirra 24 þingmanna, er mjer var gefin, felist ekki, að þeir væru samþykkir því, er jeg hjelt fram, að konungsvaldið yrði annaðhvort að ganga inn á fyrirvarann með þögninni eða á yfirlýstan hátt. En það stendur berum orðum, að þeir sjeu ánægðir með meðferð mína á málinu, og framkoma mín sje í fullu samræmi við vilja þingsins 1914. En af því leiðir aftur, að þeir hljóta að hafa fallist á meðferð mína á því atriði, sem var verulegasta atriðið í öllu málinu, hvort heimta skyldi viðurkenningu, þegjandi eða á yfirlýstan hátt, af konungsvaldinu. En auk þess er jeg svo heppinn, að hafa enn ótvíræðari yfirlýsingu frá háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), er hann kom fram með á fundi í Sjálfstæðisfjelaginu

30. des., sbr. Ísafold 104. tbl. 31. des. 1914, og með leyfi hæstv. forseta leyfi jeg mjer að lesa hana upp.

Í blaðinu segir meðal annars svo:

»Þar næst talaði Sveinn Björnsson. Lýsti hann yfir því, að ráðherra hefði komið fram í fullkomnu samræmi við þingmeirihlutann, skilning hans á fyrirvara Alþingis. Bar hann að lokum fram svo hljóðandi tillögu:

Fundurinn þakkar ráðherra framkomu hans í ríkisráði 30. nóv. þ. á., telur skoðanir þær, sem hann hjelt fram í umræðunum um stjórnarskrármálið, vera í fullu samræmi við vilja meiri hluta kjósenda fyrir síðustu kosningar og álítur vel farið, að ráðherra flutti svo ljóst við Dani skoðanir Íslendinga á deilumálunum«.

Hvernig sem háttv. 1. þm. Rvk. leitast við að mótmæla þessu nú, þá er það gagnslaust. Eina vörn hans er að segja: Nú er skoðun mín önnur. En hvers vegna? Jú, af því, að skilmáli sá, er af Íslands hálfu var haldið fram 30. nóv. 1914, gat ekki samrímst skilmálum þeim, er þrímenningarnir gátu fengið. Þegar þrímenningarnir komu heim með skilmálana, hjeldu þeir því fram, að þeir fullnægðu ekki fyrirvaranum. Um þetta gaf ráðherra og hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) oss yfirlýsingu sína munnlega. Jeg minnist þess, að rjett á eftir átti jeg tal við góðan heimastjórnarmann, og sagði honum frá því, að þeir segðu sjálfir, að fyrirvaranum væri ekki fullnægt. Og varð honum þá að orði: Það mega þeir ekki segja undir neinum kringumstæðum, því þá er þeirra mál óverjandi. Og seinna fór svo líka, að þrímenningarnir komust á þá skoðun, að fyrirvaranum væri fullnægt, og berja þetta nú blákalt fram.

Það var eitt, sem háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) hjelt fram í ræðu sinni í gær og hæstv. ráðherra undirstrikar með honum, og það er það, að fyrirvarinn hafi verið umboð, og Danir hafi þekt umboðið, og Ísland sje því óbundið, þó að ráðherra hafi gengið út fyrir það, af því Danir hafi sjálfir þekt takmörkun umboðsins. Eftir þessu skilst mjer, að það hefði aldrei verið hættulegt, þó jeg hefði gengið að skilmálunum 30. nóv. 1914, landið var þá ekki heldur bundið af þeim, lengra en umboðið náði.

Þá krafðist háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), að jeg kæmi hreint og beint til dyra með vantraustsyfirlýsingu á ráðherra. Jeg hefi tvívegis sagt, að jeg áliti það tryggast, og mjer sje ánægja að því, hvenær sem væri. En jafnframt tók jeg það fram, að jeg treysti ekki svo á karlmensku þessarar deildar, að hægt væri að koma vantraustsyfirlýsingu fram. Því hefði jeg tekið það næstbesta, að lýsa landið óbundið af öðrum skilyrðum en þeim, sem feldust í fyrirvaranum. Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði í gær, að vjer hefðum átt kost á að koma fram með tillögu, sem hefði náð fram að ganga. Jeg kannast ekki við það, enda kannaðist sami háttv. þingmaður við, að tillagan hefði aldrei verið orðuð, hún hefir þá víst svifið einhvers staðar í loftinu. Háttv. 1. þm. Rvk. sagði eitthvað í þá átt, að ef traustsyfirlýsing hefði fylgt með, þá gætu þeir orðið með tillögunni, en jeg get ekki á nokkurn hátt komið fram með slíka traustsyfirlýsingu, því þá væru mótmæli tillögunnar um leið kraftlaus, því ef þingið lýsti trausti á ráðherranum, þá væri tillagan einskis virði, því einmitt traustsyfirlýsingin væri vottur þess, að þingið liti svo á, að ráðherrann hefði í engu brugðið frá þingviljanum. En hver getur verið svo

blindur að trúa því? Annars virðast mjer aðfinslur þær, er komið hafa fram við till. hjer í deildinni, alleinkennilegar; stundum er ráðist á hana fyrir að hún sje of hörð, stundum fyrir að hún sje of lin. Stundum er svo mikið vantraust í henni til stjórnarinnar, að ómögulegt er þess vegna að samþykkja hana, stundum er vantraustið svo lítið í henni, að þess vegna er ómögulegt að samþykkja hana. (*Sveinn Björnsson:* Ekki fugl nje fiskur). Hvað hræðast háttv. þingmenn? Eru þeir hræddir við tituprjónsstingi í ráðherrann? Eða eru þeir ekki hræddastir við tillöguna af því, að hún er svo sjálfsögð og óbrotin? Dagskráin getur ekki verið borin fram í öðrum tilgangi en þeim, að verja ráðherrann gegn tituprjónastungum. Þingsályktunartillagan er borin fram til varnar landinu, dagskráin er borin fram til varnar ráðherranum. Hvað á nú að meta mest? Landið eða ráðherrann?

Heimastjórnarflokkurinn, sem væntanlega greiðir dagskránni atkvæði, er vitanlega með því, að búa sjer sjálfum til traustsyfirlýsingu. Dýpst, dýpst inni vegur líklega fögðnuðurinn yfir traustsyfirlýsingunni eins mikið, eins og þráin til að verja ráðherra gegn tituprjónsstungum. Heimastjórnarmenn láta nú aðra framkvæma það, sem þeir treystust ekki til að framkvæma sjálfir. Höfðingi þeirra hefir spent þrímenningana fyrir stjórnmálavagn sinn, og hallar sjer nú rólega aftur í vagninum og hvislar: hott, hott, hestarnir mínir. En þrímenningarnir renna lafmóðir heimastjórnargötuna.

Annars öfunda jeg hæstv. ráðherra ekkert af lofi háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.), því ræða hans var öll þannig undirbygð, að hún átti að sýna fram á, hversu haldgóðar skoðanir þeirra heimastjórnarmanna hefðu verið, og gekk öll út á það, að þeirra skoðanir hafi sigrað. Jeg get ekki látið hjá líða, að minnast fám orðum á ræðu háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.). Hann sagði, að jeg hefði brotið þingviljann 30. nóvember 1914. En jeg hefi margsýnt fram á, að jeg bar þingviljann fram. Og eftir að jeg fjekk yfirlýsingu 24 þingmanna um, að svo hefði verið, voru öll tvímæli tekin af um þetta, og get jeg því lýst þessi ummæli dauð og ómerk og vísað þeim heim til sín. Annars hjelt jeg, að þessar skoðanir heimastjórnarmanna væru moldaðar, en síðan hæstv. ráðherra vann afreksverk sitt, hefir sá draugur verið vakinn upp, og mun hann nú fylgja honum fyrst um sinn.

Háttv. þm. Snæf. hefir borið hjer fram rökstudda dagskrá, er gengur út frá því, að fyrirvaranum sje fullnægt. Jeg bjóst við því, að háttv. þm. Snæf. (S. G.) færði rök fyrir því, að sú skoðun hans væri rjett, því að sá, er tekur á sig slíka ábyrgð, verður að sýna fram á, hvað verið sje að gjöra. Ef það er rjett, að fyrirvara Alþingis 1914, sje ekki fullnægt með skilmálunum 19. júní þ. á., þá er hjer verið að slá af kröfum Alþingis 1914, en vjer verðum að krefjast þess, að þær sjeu ekki fyrir borð bornar. Ef því háttv. þm. Snæf. (S. G.) telur fyrirvaranum fullnægt, verður hann að færa rök fyrir því. Þrímenningarnir og ráðherra, sem einn úr þeirra hóp, eiga hjer allir svo náinn hlut að málinu, að eðlilegt er, að þeim sje áhugamál að halda því fram, að kröfum fyrirvarans sje fullnægt. Háttv. þingmaður Snæfellinga hefir ekki átt jafnnáinn hlut og þeir í málinu, og þar sem hann kemur þó fram með rökstudda dagskrá, verður hann að hrekja þau rök, er jeg hefi borið fram. Gjöri hann það, þá tel jeg hann hafa rjett til þess að koma fram með dagskrána, annars ekki. En dag-

skráin er, eins og jeg tók fram áðan, að eins vörn um ráðherrann, en sú vörn gæti orðið landinu dýr.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) þóttist þess fullviss, að fyrirvaranum væri fullnægt. En hann færði engin rök fyrir þessari skoðun sinni, og þar sem hann var einn af þeim þingmönnum, er gáfu mjer yfirlýsingu um það, að framkoma mín í ríkisráði 30. nóv. 1914 hafi verið samkvæm vilja Alþingis 1914, þá þykist jeg nú mega vænta þess af honum, að hann reyni að sýna fram á, að framkoma mín sje önnur nú, því ef framkoma mín er óbreytt, þá er hans breytt. En jeg hefi margsýnt fram á það, að jeg held því sama fram þá og nú, já, meira að segja ákvað stefnu mína með sömu orðum og þá.

Hæstv. ráðherra hjelt langa ræðu, en mest af því, sem hann sagði, kom málinu ekki við. Það er nærri sorglegt, að í jafn alvarlegu máli skuli vera kastað hnútum, í stað þess að koma fram með rök, og það úr ráðherrastólnum. Ráðherrastóllinn ætti ekki að vera vagga hnútukasta, en aðalverkefni hæstv. ráðherra virðist þó vera að varpa hnútum til þingmannanna. Þetta verð jeg að átelja, og jeg er viss þess, að fleiri taka undir með mjer.

Hæstv. ráðherra komst inn á fáein einstök atriði; þar á meðal mintist hann á þingið 1913. Jeg sagði, að það hefði vakað fyrir þinginu 1913, að fá viðurkent, að uppburður sjermála vorra væri sjermál. Fyrir þessu get jeg fært rök, því þingið 1913 bjóst fastlega við því. Áreiðanlega datt engum annað í hug, en að úrskurðurinn um uppburðinn yrði eingöngu gjörður á ábyrgð Íslandsráðherrans eins, án nokkurra umbúða. En ef svo hefði verið frá málinu gengið, þá var fengin viðurkenning fyrir því, að uppburðurinn væri sjermál, sem breyta mætti eftir reglunum um sjermál.

Hæstv. ráðherra var óheppinn, þegar hann fór að vísa í ræðu eftir mig og ætlaði að sanna það gagnstæða. Hann hafði bara gleymt einu litlu »ekki«, sem alveg umhverfði meiningunni; hafði slept því úr sambandinu. Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa klausu. Hún er svona:

> »Jeg get heldur ekki tekið undir ummæli háttv. þm. Strand. (G. G.) um ríkisráðsákvæðið. Það er ekki í frumv.' að neinu leyti hopað frá því, að það eigi ekki að bera málin þar upp. 11. gr. frumv. segir, að lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skuli bornar þar upp, er konungur ákveður. Við vitum ekki hvar konungur ákveður, að það verði. Jeg sje því ekki neinn hag í þessu«.

Jeg vona nú, að hæstv. ráðherra biðji mig fyrirgefningar á því, að vísa svona skakt til orða minna, og hún er honum fyrir fram veitt.

Í sambandi við þetta vildi jeg enn minnast á eitt atriði, sem mikið hefir verið deilt um. Jeg held fast við það, að þingið hafi ætlast til þess, að konungsvaldið viðurkendi gildi fyrirvarans, annaðhvort þegjandi eða á yfirlýstan hátt, og þannig bar jeg málið fram. 24 þingmenn meiri hlutans voru mjer sammála um þetta atriði, sbr. yfirlýsinguna, og háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) hefir sjerstaklega lýst yfir þessu, sbr. áður tilgreinda tilvitnun í Ísafold, og nú vil jeg, til enn frekari stuðnings, leyfa mjer að lesa ummæli hæstv. ráðherra, er standa um þetta atriði í 104. tbl. Ísafoldar 31. desbr. 1914. Þar segir þáverandi prófessor, núverandi ráðherra, meðal annars, í grein undir hans nafni:

> »Það, sem vjer vildum fá skýrt fram, var það, hvort konungur skoðaði málið sjermál eða eigi. En þá

yfirlýsingu höfum vjer alls ekki fengið«.

Það, sem vjer sjálfstæðismenn vildum fá skýrt fram, er prófessor Einar Arnórsson ritaði þessa grein, það viljum vjer enn fá skýrt fram. Hæstv. ráðherra heldur nú þverötugu fram við það, sem prófessorinn staðhæfði á sínum tíma. En allir rjettsýnir menn hljóta nú að sjá, hvort það er ráðherra eða jeg, sem hefir breytt um stefnu í þessu máli.

Hvaða meining hefði verið í allri okkar ríkisráðsbaráttu, ef hún hefði ekki verið sú, að fá það viðurkent, að uppburðurinn væri sjermál. Engin þjóð hefði lagt út í margra ára baráttu með því marki, að lenda í hringdansi þrímenninganna.

Undir greininni, sem jeg nefndi, stendur nafn hæstv. ráðherra, og jeg hlakka til að heyra, hvaða smugu hann ætlar nú að finna, til að smjúga í gegnum þetta.

Hæstv. ráðherra vjek að því í síðustu ræðu sinni, hvað meiri hlutinn hefði ætlað að gjöra, ef hann hefði ekki tekið málið í sínar hendur. Hann sagði, að það hefði víst verið ætlunin, að gefa mjer traustsyfirlýsingu, og samþykkja svo stjórnarskrána að nýju og setja þá ríkisráðsákvæðið inn aftur. Það getur verið, að hæstv. ráðherra hafi ætlað sjer að »treysta« mjer, en jeg hefi þá að minsta kosti ekki heyrt það, fyrr en nú. Hæstv. ráðherra veit það, að engin ákvörðun var um það tekin, og jeg fyrir mitt leyti áleit, að þegar svo verulegur ágreiningur var kominn upp milli konungsvaldsins og vor, þá væri rjettast að gæta allrar varúðar, bíða þingsins og taka þar sínar ákvarðanir og leysa það svo upp. En svo *gat* það líka unnist, að konungsvaldið hefði ef til vill beygt sig. Það vissi, að líkur voru til þess, að sambúðin yrði alls ekki viðunanleg framvegis, ef stórmál vor, sem borin voru fram með fullri sanngirni, hefðu ekki náð að ganga fram. Það er ómögulegt að segja, nema konungsvaldið hefði látið undan, ef vjer hefðum sýnt meiri festu. En ef menn eru svo staðlausir, að þeir þoli ekki við í 2—3 mánuði, þá er ekki von að þeir komi sínu fram.

Það, sem hæstv. ráðherra sagði í þessu sambandi um það, að við hefðum ætlað að »svinbeygja« okkur, — ja, það er nú bara eitt af þessum »málblómstrum«, sem við heyrum nú úr ráðherrastóli. *(Ráðherra:* Það er ágæt íslenska). En við höfum aldrei heyrt slíkt þaðan fyrr. En annars hygg jeg, að hæstv. ráðherra ætti sem minst að tala um þetta orð.

Hann gaf líka í skyn, að mjer hefði verið það mikið áhugamál, að sitja á þessum stóli áfram, en það er langt frá því, að svo sje, hvort sem hann trúir mjer eða ekki. *(Ráðherra:* Jeg nefndi það aldrei). Annars er það furðulegt, þegar hæstv. ráðherra er að tala um það, að við sjálfstæðismenn viljum klína okkur utan í hann. Það eru einhver djörfustu orð, sem jeg hefi heyrt. Það hefði verið eitt af því óþægilegasta, sem fyrir okkur gat komið, að þurfa að fylgja slíkum manni. Og enn merkilegra er þetta, þegar litið er til þess, að hann hefir einmitt verið að leita sjer að samastað sjálfur hjer á þingi, og ekki fundið. Fyrst gjörir hann kosningabandalag við Heimastjórnarflokkinn, og veit jeg ekki, hvort hann hefir verið rekinn þaðan eða ekki. Svo hefir hann verið sjer í flokki með nokkra menn — auk þess, sem hann var nú áður að semja við okkur — og loks hefir hann leitað inngöngu í Bændaflokkinn, en ekki fengið, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir áður tekið fram. Hann virðist því nú í rauninni vera vegalaus. Maðurinn hefir með öðrum orðum svo

stutta pólitiska fætur, að hann getur ekki hreyft sig, ef Heimastjórnarflokkurinn segir, að hann megi það ekki, og ekki einu sinni staðið á sínum eigin fótum. Hann verður því að tala gætilega við þá, sem þola hann, annars getur hann búist við því, að verða rekinn strax í stað.

Jón Jónsson: Jeg verð að segja nokkur orð, til að gjöra grein fyrir minni skoðun um ríkisráðsdeiluna, sem þegar er orðin nokkuð löng, og varla mun þó verða á enda kljáð fyrst um sinn.

Fyrst þegar stjórnarskrá vorri var breytt 1903, var ríkisráðsákvæðið tekið upp í hana, þegar vjer fengum sjerstakan ráðherra, búsettan hjer á Íslandi. Þá hófust þegar deilur um málið. Landvarnarmenn hjeldu því fram, að með þessu væri játað gildi grundvallarlaganna dönsku hjer á landi, og vjer þar með innlimaðir í danska ríkið. Þessi stefna hafði nú ekki fylgi á þingi, þar fylgdi henni ekki nema einn maður, og jeg man, að Ísafold kallaði hana þá »sjerkreddu«, og þjóðræðismenn, sem nú kalla sig sjálfstæðismenn, fjellust ekki á hana. — Jeg tel það nú að vísu rjett, að með þessu hafi ekki verið játað gildi grundvallarlaganna, en hins vegar hefði það verið æskilegt, að þetta ákvæði hefði aldrei verið tekið upp í stjórnarskrána, svo illan dilk sem það hefir dregið á eftir sjer. Þá þyrftum við ekki að vera að rífast um það núna.

1911 var aftur samþykt stjórnarskrárbreyting, þar sem þetta ákvæði var felt burt. Þá virtust allir vera orðnir einhuga um að breyta þessu, sem þingið 1903 hafði talið gott og gilt, en þá kom ekki til mála að stjórnarskrárfrv. fengist staðfest, ef svo væri að farið. Og hvernig fór nú svo? Málið lá í salti, þangað til á þingi 1913, þá kom miðlunin. Við vorum orðnir svo vanir því, að gjöra uppköst að samkomulagssamningum við Dani, og þetta var nú eina leiðin, sem mönnum hugkvæmdist þá. Jeg verð nú að kalla það axarskaft, að við fórum að reyna nokkurn milliveg, enda sjáum við nú afleiðingarnar. Við höfum síðan átt í miklum deilum út af málinu og haft tvisvar ráðherraskifti, og höfum ekkert upp úr öllu saman. Auðvitað áttum við annaðhvort ekkert að gjöra, eða þá að halda málinu til streitu þing eftir þing. Það hefði getað rekið að skilnaði á þann hátt, en það virðast menn ekki hafa tekið með í reikninginn alment, eða búið sig undir það. En það hefðum við einmitt endilega þurft að gjöra okkur ljóst.

Jeg lít nú svo á, að það hafi ekki verið ætlun þingsins 1913, að heimta, að Danir viðurkendu það, að uppburðurinn væri sjermál, heldur hafi þetta verið gjört í þeirri veru, að þægilegra yrði að fá breytingu á eftir. Ráðherra segði einhvern tíma við konung, að nú neituðum við að láta bera málin lengur upp í ríkisráðinu. En hjer ber alt að sama brunni. Konungur gat alveg eins neitað þá, og svo orðið þref, þangað til annarhvor ljeti undan. Jeg get ekki sjeð, hvaða munur er á því, þótt þetta sje lagt á vald konungs. Það er ekki rjett hjá hv. flutningsm. (S. E.), að það hafi vakað fyrir þinginu í fyrra, að fá þetta viðurkent sem sjermál, heldur verður að líta á það, að við höfðum heykst 1911, og þess vegna var farið að reyna þessa miðlun.

Þá er að líta á umræðurnar í ríkisráðinu eftir þingið 1913. Þær hafa valdið miklum deilum, og jeg er einn af þeim, sem álíta þær varhugaverðar. Hv. 2. þm. Rvk. (J. M.) sagði í gær, að hann og Heimastjórnarflokkurinn álíti, að slíkt væru firrur, og að við blönduðum þar saman tveim stjórnarráðstöfunum, íslenskri og danskri, opna brjefinu

til okkar og auglýsingunni til Dana. Þetta álít jeg ekki rjett. Hann segir, að auglýsingin sje þýðingarlaus fyrir okkur, en það er hún ekki, því að þótt hún sje önnur ráðstöfun, þá er hún þó bygð á þeirri íslensku, og þá hjeldum við því fram, að þarna væri að myndast samningsgrundvöllur. Og allir muna, hvernig ákvæði þess væntanlega samnings voru; að þar var ákveðið, að uppburðarstaðnum mætti ekki breyta, nema samþykt verði ný sambandslög af beggja hálfu. Þarna var komið ákveðið skilyrði, sem ætlast var til, að íslensk stjórnarvöld segðu að skyldi gilda. Það er nú athugavert, að við höfum engan, til að tala máli okkar í ríkisráðinu, nema ráðherra einn, og urðum því að hlíta því, sem þessi umboðsmaður gjörði þar fyrir okkar hönd. Jeg vil benda á það, að Danir hafa fyrri lagt áherslu á það, að við stæðum við orð okkar, eða rjettara sagt hans. Það var þegar Hannes Hafstein ráðherra hafði gefið þeim vilyrði um að vekja máls á því við þingið, að þeir skyldu fá hluta af botnvörpusektunum, en þingið svo vildi ekki heyra það. Þá risu þeir upp öndverðir og töldu þetta samningsrof. Þeir höfðu að vísu ekki rjett til þess, en þeir kölluðu svo samt, og ef þeir gjörðu það, þá höfðu þeir að minsta kosti miklu meiri ástæðu til að gjöra það um hitt, sem jeg nefndi áðan.

Þá sagði hv. 2. þm. Rvk. (J. M.) að það væri ekki víst, að ráðherrar þyrftu ætíð að bera ábyrgð á orðum konungs, og það er rjett, ef ekki er framkvæmd nein stjórnskipuleg athöfn. Þess þurfti t. d. ekki í ríkisráðinu 30. nóv. 1914, því að þá strandaði málið. En ef mál er afgreitt, þá verður einhver ráðherra að bera ábyrgð á því.

Svo vil jeg minnast á fyrirvarann. Jeg hefi aldrei skoðað hann annað en mótmælaskjal. Jeg verð að álíta, að þingið í fyrra hafi ekki fremur en þingið 1913 litið svo á, að viðurkenningar væri beinlínis að vænta frá Dönum, heldur að eins viljað halda fast við það, að við álitum málið sjermál. Þetta kemur fram í mínum fyrirvara, og fyrir mjer vakti ekki annað en það, að breytingar á uppburði sjermálanna yrðu engu skilyrði bundnar.

Svo kemur nú ríkisráðsfundurinn 30. nóv. 1914. Þá flutti Sigurður Eggerz ráðherra málið, og fórst það skörulega; um það vorum við allir sammála, flokksmenn hans, eins og sjálfsagt var. Þegar konungur og Danir vildu ekki í neinu víkja frá fyrri skoðunum, þá hlaut ráðherra að neita að bera upp stjórnarskrána til staðfestingar.

Þá er að líta á ríkisráðsfundinn 19. júní í ár. Þar hefir nú ýmislegt gjörst öðruvísi en áður, og um það erum við nú að rífast. Það lítur út fyrir, að sumir menn sjeu ekki enn ánægðir með það, hvernig málið gekk þar fram, og hefi jeg nú reynt að hugsa um það dálitið. Jeg lít nú að vísu svo á, að nú sje ekki að óttast dönsku auglýsinguna framar, og skilyrðunum því breytt að því leyti. En hins vegar dylst mjer það samt ekki, að hjer eru enn sem fyrr skilyrði sett fyrir breytingunum á uppburðarstaðnum, en stefna þingsins frá 1913 og 1914 var sú, að þar fyrir yrðu engin skilyrði sett. Og ekkert annað er komið í staðinn, engin viðurkenning, og sje jeg því ekki annað, en að jafn langt sje til breytinga sem áður. Jeg hefi reynt að líta á mál þetta hlutdrægnislaust, og hefi fylgt því með áhuga, og jeg get ekki sjeð, að það sje samkvæmt vilja þingsins, að konungur ákveði, að þessu verði ekki breytt í sinni stjórnartíð. Þetta er óaðgengilegt; þá getum við ekki hreyft okkur alla þá stund, sem konungur vill ekki leyfa það.

Hvað hinu líður, hvert gildi orð for-

sætisráðherrans og umræðurnar í ríkisráðinu yfirleitt hafa, er álitamál. Jeg fyrir mitt leyti tel það mjög vafasamt, að sú skoðun á málinu, er þar kom fram, sje bindandi fyrir oss Íslendinga. Annars er það merkilegt, hvað Danir líta einkennilega á þetta mál. Jeg fæ ekki sjeð annað en að það hefði verið útlátalaust, að staðfesta stjórnarskrána þegjandi og hljóðalaust. Hverju hefðu Danir slept? Ekki neinu. Málið hefði þá fengið hvíld um sinn. En ef við hefðum svo farið að fitja upp á því, að fá málin út úr ríkisráðinu, þá fyrst hefði verið kominn tími til þess fyrir Dani, að taka það til athugunar og gjöra sínar athugasemdir. En hjer var alls ekki um það að ræða, að taka málin út úr ríkisráðinu. Danir hafa sýnt hjer, eins og svo oft áður í ýmsum öðrum málum, óþarfa stífni og vakið óþarfa þjark um málið. Og þeir munu sanna, að þeir vinna ekki hug okkar og hjörtu með þannig lagaðri framkomu gagnvart Íslendingum.

Jeg sagði, að það gæti verið vafa undir orpið, hvernig litið yrði á ríkisráðsumræðurnar, og hver skoðun yrði í þær lögð. Danir vilja vitanlega láta líta svo út, sem við höfum slakað til, og gengið inn á þá skoðun, að þeir ættu að eiga hlutdeild í því, hvar mál vor væru borin upp fyrir konungi. Ef Danir breiða þessa skoðun út um heiminn, þá finst mjer ekki mega minna vera, en að vjer sláum varnaglann, og lýsum yfir því, að þetta hafi ekki verið meiningin. Og það er einmitt tillagan, sem hjer liggur fyrir, sem á að fyrirbyggja það, að Danir breiði út þessa skoðun. Jeg er ekki að segja, að þeir gjöri það, en það er hugsanlegt, og allur er varinn bestur.

Jeg ætla ekki að tala mikið um skipun þingsins núna, í sambandi við þetta mál. Að eins skal jeg geta þess, að jeg tel það ekki skifta miklu máli, þó að meiri hlutinn hafi klofnað um málið. Það út af fyrir sig er ekki stórmál í raun og veru. Hitt skiftir meiru, hver stefna þjóðarinnar er í stórpólitíkinni. Á vilja þjóðarinnar byggist skipun þingsins í framtíðinni. Og jeg lít svo á, að nú sje þjóðin meir og meir að falla frá sambandsstefnunni, en hallast aftur á móti að skilnaði. Og jeg hygg, að þess verði ekki langt að bíða, að sú stefna fái byr undir báða vængi. En það tel jeg vel farið. Finst mjer ekki vonlaust um, að jafnvel heimastjórnarmenn snúist einnig smátt og smátt á þá sveif. Ef skynsamlega og ofstækislaust er að farið, er engin fjarstæða að hugsa sjer, að allir flokkar geti tekið höndum saman í þessu efni. Þó að Heimastjórnarmenn brosi nú, þá get jeg hugsað mjer, að bros þeirra breytist í alvöru, þegar sambandsstefnan hefir ekki lengur neinn byr meðal þjóðarinnar. Jeg fullyrði, að sambandsstefnan er alt af að tapa fylgi í landinu, og þess vegna vil jeg gefa heimastjórnarmönnum það heilræði, að byggja ekki um of á svo völtum grundvelli, sem hún er.

Jeg þykist vita, að Danir þykist hafa komið ár sinni vel fyrir borð í þessu máli. En það er meira táp í þjóðinni en þeir hafa nokkra hugmynd um. Það er jafnvel meira táp í henni en menn halda hjer á þinginu.

Það er oft sagt hjer, að þjóðin hafi ekki vit á þessu og hinu. Það er vitanlega oft satt, — því er miður. En áhugi manna getur breytst og breytist, og undir eins og áhuginn vex, þá mun sannast, að fjöldi manna hefir jafngott vit á velferðarmálum þjóðarinnar og við, sem hjer sitjum.

Samkvæmt því, sem jeg hefi áður sagt, get jeg ekki annað en greitt at-

kvæði með till., sem fyrir liggur. Hún á að girða fyrir þá kenningu Dana, að uppburður sjermála vorra fyrir konungi sje sameiginlegt mál. Tillagan, eins og hún er orðuð, getur að minsta kosti ekki sakað. Mig furðar satt að segja á því, að hæstvirtur ráðherra skuli rísa öndverður gegn till., svo meinlaus sem hún er, einkum þar sem við höfum áður sagt við hann í einlægni, að við mundum á engan hátt vinna á móti honum, ef hann gengi að henni.

Aftur á móti get jeg ekki felt mig við þá rökstaddu dagskrá, sem fram hefir komið, aðallega fyrir það, að hún telur fyrirvaranum vera fullnægt. Jeg hefi heldur alls enga löngun til að lýsa fögnuði mínum yfir málalokunum, þar sem jeg tel, að hæstv. ráðherra hafi alls ekki gjört það, sem við ætluðum honum að gjöra. Enn fremur man jeg ekki betur en að það stæði í blaði hans, Ísafold, að hann ætlaði sjer ekki að binda enda á þetta mál, fyrr en því hefði verið skotið undir álit þings eða þjóðar. Á því urðu engar efndir, sem kunnugt er. Og brigðmælgi vil jeg ekki vegsama, hvort sem hún kemur fram hjá ráðh. eða öðrum. Jeg og ýmsir fleiri bjuggumst við, að kallaður yrði saman aukafundur fyrir þing, og þetta mál rætt þar. Það hefði hvorki þurft að kosta mikinn tíma nje mikla fyrirhöfn.

En hvað sem þessu líður, get jeg látið hæstv. ráðherra vita, að jeg ætla mjer ekki að snúast í móti honum, ef hann vinnur ekki á móti þeirri stefnu, sem jeg vil að verði framtíðarstefna í þessu landi. Jeg vil láta þetta sífelda þjark um smámuni falla úr sögunni. Það voru smámunir, þetta, sem nú hefir mest verið deilt um undanfarið. Það hefir ekki verið farið fram á neitt, sem nokkur slægur hefir verið í. Jeg vil, að við förum nú að snúa okkur að einhverju verulegu, að einhverju því, sem getur gjört okkur að meiri mönnum og eflt sjálfstæði landsins svo, að það geti því nafni kallast.

Ef einhver ráðherra tekur þá stefnu, mun jeg styðja hann, hver sem hann er.

Benedikt Sveinsson: Af því að jeg hefi nokkuð sjerstaka afstöðu til þessa máls, þykir mjer hlýða, að gjöra nokkura grein fyrir atkvæði mínu.

Þó að jeg sje, að ýmsu leyti, samþykkur flokksmönnum mínum, sem talað hafa í þessu máli, þá leit jeg, eins og kunnugt er, öðrum augum á þingsályktunartill. eða fyrirvarann svo nefnda á Alþingi í fyrra en flestir eða allir hv. deildarmenn.

Mjer fanst fyrirvarinn óhæfur af tveimur höfuðástæðum.

Önnur var sú, að hann var *óskýr* að framsetningu, hin, að jeg óttaðist, að hann *mundi ekki ná tilgangi sínum*, því að annaðhvort mundi konungur virða hann vettugi og staðfesta stjórnarskrána, eða, ef hann tæki hann til greina, þá mundi standa á staðfestingunni. Þetta hvorttveggja held jeg að hafi gengið eftir.

Fyrra atriðið, að fyrirvarinn sje illa saminn og óskilmerkilegur, sem er alls ótilhlýðilegt um svo mikilvægt skjal, hygg jeg, að orki ekki tvímælis, þó að smiðir hans vildu ekki kannast við það í fyrra. Það sýnir og staðfestir alt, sem fram hefir komið í málinu síðan, að fyrirvarinn er ekki svo glögglega orðaður, sem skyldi. Strax á ríkisráðsfundinum 30. nóv. í fyrra, er hæstv. fyrv. ráðherra (S. E.) lagði fyrirvarann fyrir konung, og skýrði frá tilgangi Alþingis með honum, gjörðust þau firn, að konungur vjefengdi, að ráðherrann legði rjettan skilning í fyrirvarann, eða skýrði sjer rjett frá tilætlan þingsins með honum. Jeg er ekki að segja, að þau orð

konungs hafi verið á rökum bygð, en jeg bendi á þetta til þess að sýna, hversu fljótt það varð áþreifanlegt, að veila var í formi fyrirvarans.

Allir vita, hvað á hefir gengið síðan út af því, hvernig ætti að skilja fyrirvarann, og hvað í honum væri fólgið. Deilan um það hefir ekki einungis verið milli heimastjórnarmanna og sjálfstæðismanna, heldur einnig meðal sjálfstæðismanna sjálfra. Utanstefnur hafa dunið á hvað eftir annað, stjórnarskifti, blaðaskammir með afbrigðum, og þrætur á þingmálafundum — alt út af því, hvað »fólgist« hafi í fyrirvaranum. Og nú í gær og í dag eru sömu mennirnir að þrætast um fyrirvarann hjer í þingdeildinni, sem í fyrra töldu alt gott og blessað, skýrt og skorinort í þessum fyrirvara sínum. Alt þetta sýnir svo gjörla, sem verða má, hvernig þessum mönnum hefir tekist handbragðið í fyrra sumar.

Það er síður en svo, að mjer sje það gleðiefni, að það hefir á sannast, að jeg hafði rjett fyrir mjer í þessu efni í fyrra. Það er ekkert gleðiefni, að þinginu skyldi verða svo sorglega mislagðar hönður í jafnábyrgðarmiklu máli og þessi tillaga var. Höfundar fyrirvarans skeltu skolleyrunum við því, sem honum var rökvíslega til foráttu fundið í fyrra, en nú er svo komið, að frumsmiður hans og aðalhöfundur stendur fremstur í flokki að vjefengja þann skilning, sem hann sjálfur lagði í hann í vetur.

Þrátt fyrir gallana á orðalagi og framsetningu frumvarpsins, sem komið hefir mörgu og miklu illu af stað, en engu góðu, þá verður því þó ekki neitað, að í honum *fólst* sjerstök og ákveðin merking, ef nokkurt vit átti yfir höfuð að vera í honum. Það viðurkendi jeg einnig í fyrra, »*eitt ærlegt orð*« eða setning væri þó í honum, þar sem það er berum orðum tekið fram, að Alþingi »*áskilur*, að konungsúrskurður sá, sem boðaður var í fyrrnefndu opnu brjefi, verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslandsráðherra *eins, án nokkurrar íhlutunar dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda*«.

Þetta er tvímælalaus setning, að minsta kosti er hún var skýrð af háttv. höf. og samþykkjendum fyrirvarans.

Jeg er í engum vafa um það, að fyrrverandi ráðherra (S. E.) hjelt rjettilega fram kjarna fyrirvarans í ríkisráði 30. nóv. 1914. Fyrir þessu er nú og fengin full vissa, þar sem *allir* þeir þingmenn, sem greiddu fyrirvaranum atkvæði og sjálfir hafa þá hlotið að gjöra sjer grein fyrir því, hvað í honum fælist, gáfu fyrrv. ráðherra (S. E.) yfirlýsing um, að þeir sjeu að öllu samþykkir flutningi hans á vilja þingsins í þessu efni fyrir konungi. Þar með höfðu margnefnd orð og skýringar ráðherrans um þetta í ríkisráði fengið skýlausa viðurkenningu þingmeirihlutans. Eftir þá yfirlýsingu sá jeg ekki ástæðu til að vjefengja, að slíka merkingu hefðu fylgismenn fyrirvarans lagt í hann frá upphafi, enda máttu þeir gjörst vita um vilja sinn og tilætlan. Þegar svo var komið, gat jeg því einnig lýst yfir hinu sama um skýringar ráðherra fyrir konungi, enda ritaði jeg ekki undir yfirlýsinguna, fyrr en viðurkennig allra fylgismanna fyrirvarans var fengin.

Það var að eins eitt atriði í málsgrein þeirri, sem jeg las áðan, er orkað gat tvímælis. Þetta, að þingið áskilur, að fyrirvarinn »*verði skoðaður*« o. s. frv. Á þetta benti jeg einnig í fyrra og spurði þá, *hver það væri*, sem þingið áskildi, að skoðaði fyrirvarann svo sem þar var greint, þingið sjálft eða konungurinn. Þessu svaraði framsögumað-

ur þá, núverandi ráðherra, að um það þyrfti ekki í grafgötur að fara; þarna væri auðvitað átt við *konungsvaldið*. Þann skilning hafði hann þá, og hann var einn þeirra trúu og hollu stuðningsmanna fyrrverandi ráðherra, sem skrifuðu undir, að *hann* hefði flutt málið alveg rjett og í samræmi við þingviljann fyrir konungi 30. nóv. f. á.

Nú er annað orðið uppi á teningnum. Ýmsir af fylgismönnum fyrirvarans hafa hreint og beint haft endaskifti á fyrri yfirlýsingum sínum. Nú hefir hæstv. ráðherra borið málið upp eins og staðið hefði í fyrirvaranum:

> »Þingið áskilur, að væntanlegur konungsúrskurður verði *ekki* skoðaður sem íslenskur konungsúrskurður«.

Öll framkoma hæstv. ráðherra, síðan hann fór utan í fyrra skiftið, væri í samræmi við *slíkan* fyrirvara. Eða hvar er viðurkenning konungs fyrir því, að hann skoði úrskurðinn sem hvern annan íslenskan konungsúrskurð, eins og Alþingi áskildi?

Því hefir verið haldið fram, að konungur hafi samþykt þá skoðun með þögninni. En það er ekki einu sinni svo, að hann gjöri það. Og þó að það hefði ef til vill mátt nægja, að konungur hefði þagað, þá hefði hitt verið fullkomnara, að hann hefði beinlínis lýst yfir þeirri skoðun sinni á málinu, sem þingið áskildi. Sú var og tilætlun flutningsmanna fyrirvarans í fyrra, því að í nefndaráliti meiri hl. í stjórnarskrármálinu, en þar var hæstv. núverandi ráðherra skrifari og framsögum., standa þessi orð:

> »Jafnframt telur meiri hl. æskilegt, til frekari tryggingar, að í væntanlegum konungsúrskurði verði skírskotað til þingsályktunartill. á þgskj. 438 (þ. e. fyrirvarinn), ef hún verður samþykt«.

Svona rík áhersla er þá lögð á það, að fyrirvarinn verði viðurkendur, að æskilegt er talið, að skírskotað verði til hans í konungsúrskurðinum. Jeg þarf ekki að taka það fram, að það hefir ekki verið gjört. Konungur hefir ekki heldur viðurkent fyrirvarann beinlínis á annan hátt. Og hann hefir ekki heldur gjört það óbeinlínis með þögninni.

Alt, sem fram hefir komið, bendir til þess, að konungsúrskurðurinn er *ekki* skoðaður eins og aðrir íslenskir konungsúrskurðir. Til þess að koma honum fram þarf Íslandsráðherra að semja og makka um undirbúning hans við forsætisráðherra Dana og dönsku stjórnina. Og það er ekki þar með nóg, heldur ber forsætisráðherrann skilmálana undir *formenn allra stjórnmálaflokka Ríkisþingsins* og fær samþykki *þeirra* — sem allir voru hæstánægðir — áður en málið náði fram að ganga í ríkisráði. Þegar þangað kemur, tekur forsætisráðherra til máls og hlutdeilir málið eins og hvert annað danskt mál og setur ýmisleg skilyrði, eins og hann hafi heimild til þess, jafnvel þótt hann hafi lýst yfir því 20. okt. 1913, að hann mundi á engan hátt skifta sjer af íslenskum sjermálum. Að vísu vitnar hæstv. ráðherra þá í fyrirvarann og kveðst halda fram skoðunum hans, og gat nú ekki minna verið. Það var tæplega hægt að búast við því, að hann færi að lýsa því berum orðum yfir, að *hann* fjelli frá fyrirvaranum. En það sjest hvergi, að hann gjöri það að skilyrði fyrir staðfestingu stjórnarskrárinnar, að fyrirvaranum verði fullnægt.

Konungur tekur síðan til máls, og það er svo langt frá því, að hann fallist á fyrirvarann, að hann tekur einmitt upp höfuðskilyrði forsætisráðherrans sem skilyrði fyrir staðfesting sinni; segir og, að full vissa sje fengin fyrir því, að menn sjeu sammála um það, að mál-

in skuli borin upp í ríkisráðinu. Hann skírskotar jafnframt til þess, er hann hafi áður sagt í ríkisráðinu um vilja sinn, viðvíkjandi uppburði málanna, og með þeim orðum skírskotar hann jafnframt til röksemda sinna um eftirlitið, eins og þeir háttv. flutnm. (S. E.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) hafa tekið fram, þar sem konungur tekur upp orð forsætisráðherrans, og í sambandi við fyrri umræður hans í málinu, þá verður það auðsjeð, að hann veitir engum ádrátt um, að nokkur breyting verði gjörð á þessari skipan, fyrr en annað *jafntrygt* fyrirkomulag komi í staðinn. Þetta skilyrði, sem konungur setur þarna, er jafnvel verra en skilyrðið, sem sett var 20. okt. 1913. Í því var ekkert ákvæði þess efnis, að jafn*trygt* skipulag yrði á gjört og nú er, heldur var breyting ríkisráðsákvæðisins bundin því einu skilyrði, að Alþingi og Ríkisþing samþyktu sambandslög, er *einhverja* breytingu gjörðu á fyrirkomulaginu.

Það má segja margt fleira um þetta efni, en það virðist ástæðulaust að vera að taka það upp aftur, sem háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) hefir þegar tekið það fram. En alt virðist benda í þá átt, að áskilnaði þingsins um það, að hinn væntanlegi konungsúrskurður verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, hefir ekki verið fullnægt. Hæstv. ráðherra var fremstur í flokki þeirra manna, er átöldu Hannes Hafstein fyrir það, að hafa ekki andmælt orðum forsætisráðherrans á ríkisráðsfundinum 1913, en nú á hann engu síður ámæli skilið sjálfur, þar sem hann hefir ekki andmælt orðum konungs 19. júní síðastl., er fara í sömu átt og orð forsætisráðherrans. Það var skylda hans að fá framgengt þingviljanum og aftra því, að konungsvaldið setti einhver þau skilyrði, er færu í bág við hann. En hæstv. ráðherra gengur orðalaust að skilyrði konungs. Það er ekki því að fagna, að *konungur* gangi þegjandi að íslensku skilyrðunum, heldur er það Íslandsráðherra, sem geldur dönsku skilyrðunum þegjandi samþykki. Það er því engin furða þótt Danir sjeu nú hróðugir út af úrslitunum, og blöð þeirra, svo sem stjórnarblaðið Politiken, fagni því, að ríkisráðsfundurinn 19. júní hafi orðið Dönum hinn æskilegasti.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni í gær, að vjer, sem hefðum skýrt ummælin í ríkisráðinu og haldið fram öðrum skilningi á þeim en hann, værum að berjast fyrir rjetti Dana. Slík orð hafa áður heyrst, en þau verða ekki rjettari fyrir því. Þau eru ekki annað en máttlaust hálmstrá, sem vondur málstaður er að reyna að halda sjer dauðahaldi í, en kemur að engu gagni. Jeg hygg, að það mundi reynast veill rjettargrundvöllur, að taka svo hverri yfirsjón stjórnar eða þings, sem alt væri gott og blessað og enginn skaði hefði skeð. Jeg lít svo á, að það sje miklu affarasælla að þora að horfast í augu við sannleikann, en að láta blindast svo, að menn segi, að alt sje með feldu, þótt aflaga fari,— til þess að hafa einhvern ímyndaðan rjettargrundvöll. Það er alveg hið sama og strúturinn gjörir, þegar hann er staddur í lífsháska, stingur höfðinu niður í sandinn í þeirri trú, að enginn sjái hann þá. En hann er engu öruggari fyrir því, þótt hann haldi það sjálfur í svip.

Hæstv. ráðh. sagði, að vjer fögnuðum yfir slíkum fregnum, er útlend blöð teldu Dani hafa leikið á Íslendinga í þessu máli. Það er síður en svo. Þótt jeg sje nú andstæðingur hæstv. ráðh., þá hefði jeg miklu fremur kosið, að hann hefði gjört það, sem rjett var, og jeg hefði frjett, að hann hefði unnið sjer og þjóð sinni sæmd, en ekki ósæmd. Hins vegar get jeg skilið það, að honum muni

leiðast, að blöðin skuli prenta útlendar frjettir af því, hvernig hann hefir í pottinn búið. En meðan prentfrelsi er viðurkent hjer á landi, þá getur hann ekki krafist þess, að blöðin birti ekki frjettir frá útlöndum, jafnvel þótt honum kæmi það betur sjálfum, að þjóðin fengi ekki að vita, hvað gjörst hefir, eða hvernig aðrar þjóðir líta á framkomu hans síðastliðna mánuði. Hann sagði, að illviljaðir útlendingar í vorn garð mundu síðar meir byggja á þeim skoðunum, er vjer andstæðingar hans höfum haldið fram. En hæstv. ráðh. verður að gæta þess, að *málið er ekki enn þá á enda kljáð*. Tilætlun vor er einmitt sú, að setja undir lekann og *fyrirbyggja það*, að hægt verði að halda því fram, að látið hefði verið af skilyrðum Alþingis. Þess vegna hefir verið borin fram þingsályktunartillaga sú, er nú er til umræðu, og *þingið getur enn þá bjargað málinu*, ef það skortir ekki dugnað og einurð.

Hæstv. ráðh. hjelt því fram, að vjer hefðum staðhæft það hjer á árunum, að landsrjettindin hefði verið steindrepin árið 1903. Það er að vísu rjett, að vjer landvarnarmenn töldum upptöku ríkisráðsákvæðisins skerðing landsrjettinda, og vöruðum við því í tíma, og hæstv. ráðh. fylti þá þennan flokk og skrifaði blaðagrein í þá átt. Síðar meir fann hann þá smugu, að þingið hefði ekki haft heimild til þess, er það gjörði 1903, og væri það því ógilt, að því leyti, er til rjettarafsals kæmi. Jeg hefi reynt, að klóra í bakkann með honum síðan, og jeg býst meira að segja við því, þrátt fyrir öll þau rjettarspjöll, sem gjörð eru, að frelsisþrá þjóðarinnar verði ekki kæfð svo, að þjóðin reyni ekki framvegis að klóra í bakkann og ná aftur rjetti sínum. En það verður auðvitað því torveldara, sem fleiri steinar eru lagðir í götuna.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni í gær, að enginn ágreiningur hefði verið um það, að málin skyldu borin upp í ríkisráði. Hið sama sagði hann á ríkisráðsfundinum 19. júní síðastl. Það er að vísu rjett, að á síðasta Alþingi var eigi »vakinn andblástur« gegn því, að málin yrðu borin upp í ríkisráðinu að sinni, en það er síður en svo, að sú þögn í það sinn hefði átt að gefa hæstv. ráðherra ástæðu til þess, að vera að leggja sjerstaka áherslu á það, og taka það sjerstaklega fram á ríkisráðsfundinum. Auðvitað væri öll deilan um ríkisráðsákvæðið hjegóminn einber, ef tilætlunin með henni hefði ekki verið sú ein, að *ná málunum út úr ríkisráðinu*. Það væri meiri fáfræðin í stjórnmálasögu síðari ára, að halda öðru fram. Það hefir einmitt um langan aldur verið talið eitt af *aðalatriðunum* í stjórnmáladeilu vorri, að fá sjermál vor út úr ríkisráði Dana. Íslendingar hafa ekki viljað viðurkenna, að Danir hefðu nokkurn rjett til afskifta eða eftirlits með sjermálum vorum. Enda kæmi það, eins og háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir tekið fram, í bág við viðurkenningu Dana sjálfra í stöðulögunum og stjórnarskránni, er segir, að í öllum þeim málum, er samkvæmt stöðulögunum sjeu sjermál Íslands, hafi landið löggjöf sína og *stjórn* út af fyrir sig. Þetta er svo bert, að það gegnir furðu, að heyra menn halda öðru eins fram og því, að tilætlunin hafi *ekki* verið að losa sjermál vor úr ríkisráði Dana, jafnvel þótt það hafi ekki endilega átt að gjöra á næstu árum. En til hvers viljum *vjer einir* hafa vald á þessu máli með konungi, ef vjer ætlum aldrei að neyta þess valds? Þá væri alt vort strit um þetta mál ekkert annað en fálm út í loftið, vjer værum þá að leika oss að málinu eins og barnaglingri. Allir stjórnmálamenn hafa litið á þessa kröfu til skamms tíma sem *aðalkröfuna* í sjálfstæðismálinu. Fyrir því eru til ótal

órækar sannanir, og þarf þar engra vitna við. Og það þarf ekki annað en líta í erlend tímarit, til þess að sjá, að svo hafa útlendingar líka litið á. Þeir hafa skoðað þrætu vora við Dani síðustu árin svo, að hún færi einmitt í þá átt, að ná málunum út úr ríkisráði. Jeg hefi t. d. nýfengið eitt eintak af tímariti því, er Islandsfreunde gefa út, og hefi það nú hjer við höndina, þar sem svona er litið á málið. Útlendingar geta ekki gjört sjer í hugarlund, að þetta sje ekki annað en leikur út í loftið, sem ekkert liggi á bak við. En þegar litið er á þenna grundvöll, þá verður það enn fráleitara, hvernig hæstv. ráðherra hefir farið að. Það verður því að álítast afaróheppileg framkoma af hæstv. ráðherra, að gefa forsætisráðherra Dana tækifæri til þess, að taka upp þau orð, að þetta sje »*formel teoretiskur*« steingjörfingur, sem aldrei eigi að lifga við. Og hæstv. ráðherra fellst á, að þessi ummæli sjeu rjett. Hann virðist nú vera farinn að beita sjer fyrir ýmsar gamlar, alþektar skoðanir málsvara Dana, t. d. að oss sje það *betra*, að sjermál vor sjeu borin upp í ríkisráðinu. T. d. hjelt dr. Valtýr Guðmundsson o. fl. því fram, meðan barist var fyrir »Valtýskunni«, að það væri Íslendingum betra, að mál vor væru borin upp í ríkisráðinu, því að þá gætum vjer haft eftirlit með því, að Danir gengju ekki á sjermálasvæði vort í löggjöf sinni! Jeg hjelt, satt að segja, að hæstv. ráðherra væri ofvel að sjer til þess, að taka upp slíkar rökvillur. Jeg held, að tryggingin yrði fremur lítil, þótt ráðherra Íslands sæti tvisvar á ári á ríkisráðsfundi. Danir mundu jafnvel hafa vit á því, að nota einhvern *annan* tíma en þann, er ráðherra vor væri í Höfn, til þess að koma fram slíkum málum, ef þeir óttuðust, að viðurvist ráðherra Íslands yrði þeim Þrándur í Götu. Þetta er því fremur bágborin röksemd. Til þess, að ríkisráðsseta íslensks ráðherra ætti að geta komið að nokkru haldi í þessu efni, þá yrði ráðherrann að sitja á hverjum ríkisráðsfundi og vera búsettur í Danmörku, en jeg veit ekki, hvort menn eru svo áfjáðir orðnir í að taka upp aftur »Hafnarstjórnarstefnuna«.

Hæstv. ráðherra sagði að vjer gætum »ekki losnað við, að Danir hafi *aðra skoðun* á einhverju atriði en vjer«. Satt er það, en þetta kemur ekkert því við, sem hjer er um að ræða. Þingið áskildi, að konungsvaldið legði sama skilning í ákveðið atriði, sem þingið hefði sjálft lagt, og átti heimtingu á, að því skilyrði væri fullnægt, eða þá að málið strandaði að öðrum kosti.

Háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) fór mörgum orðum um þetta mál frá sínu sjónarmiði, og leit hann, sem við mátti búast, nokkuð öðruvísi á það en háttv. þm. V.-Sk. (S. E.). Hann fór mörgum lofsyrðum um framkomu hæstv. ráðherra í þessu máli. Mjer duttu í hug orðin: »Sæt ertu tunga« o. s. frv., að svo muni hæstv. ráðherra hafa þótt þessi orð hins gamla andstæðings síns 2. þm. Rvk. (J. M.). Annars skal jeg ekki lá háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.), þótt hann fari nú lofsyrðum um hæstv. ráðherra. Að vísu var hann um tíma einna beiskastur í garð Hannesar Hafsteins fyrir það, hve hrapallega hann hefði farið að 20. okt. 1913, og gjörði mestar atlögur að honum fyrir seinustu kosningar, en því meiri hlýtur gleðin að hafa verið í þeim herbúðum yfir því, að fá hæstv. ráðherra aftur í hópinn. Og jeg get ekki annað en játað það, að það er von, að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sje ánægður yfir því, hve giftusamlega honum hefir nú tekist að koma sínum málum fram. Hann hafði tapað við kosningarnar 1914, fyrir framkomu sína í ríkisráði 20. okt. 1913, mikið fyrir afskifti núverandi ráðherra af málun-

um. En síðan hefir hann komið ár sinni svo vel fyrir borð, að hann hefir fengið máli sínu framgengt á sama hátt og hann vildi 1913. Æfintýri gjörast mörg hjá þjóð vorri. Nú hefir líka gjörst það æfintýri, að fyrv. ráðherra Hannes Hafstein hefir kosið einmitt þann mann úr liði voru, er best hafði gengið fram í því að steypa honum af stóli, og látið *hann* undirskrifa stjórnarskrána á sama grundvelli og tilætlunin var 1913. Það er því síður en svo, að þakkir háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) væru nokkuð óeðlilegar.

Hv. 2. þm. Rvk. (J. M.) tók vægt á fleiru en hæstvirtum ráðherra. Mjer virtist hann óþarflega mjúkur í garð konungsvaldsins. Hann sagði, að »ekki hefði með nokkurri sanngirni verið hægt að vænta *minni* mótspyrnu af hálfu konungs en að hann breytti ekki úrskurðinnm um sína stjórnartíð«. En hverjar eru þessar tilslakanir? Lögbirtingablaðið sýnir, hve aðdáanlegar þær eru. Þær munu þá, eftir skilningi háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.), vera fólgnar í því, að konungur ákveður ekki berum orðum vilja sinn um, hvort breytt verði úrskurðinum, nema um það skeið, sem hans lífdagar endast. En satt að segja, virðist þetta nokkurn veginn leiða af sjálfu sjer. Sanni nær virðist að kveða svo að orði, að háttv. þingmanni þótti tillaga sú, er hjer liggur fyrir nokkuð lingjörð, og gat þess til, að hún mundi svo úr garði gjörð, til þess að »veiða« menn. Jeg lái honum ekki, þótt honum finnist tillagan nokkuð væg, því að jeg er sammála honum í því, en hitt er allmerkilegt tímanna tákn, að Alþingi skuli vera svo skipað, þegar um það er að ræða, að varðveita rjettindi landsins, að þá þurfi að setja upp »veiðibrellur«, til þess að fá menn til að gæta landsrjettindanna. (*Sigurður Sigurðsson:* Og stoppar ekki til). Nei, þeir eru orðnir svo eldstyggir og og varir um sig!

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) drap á það, að hv. fyrverandi ráðherra (S. E.) hefði gengið lengra í kröfum sínum en þingið ætlaðist til. Þessi háttv. þm. (B. H.) hefir sjálfur vottað hv. þáverandi ráðherra (S. E.) traust sitt og þakklæti fyrir aðgjörðir hans í ríkisráðinu, og kemur því undarlega við að heyra slík orð úr þeirri átt. Það væri gaman að heyra skýringar hans á því, að hverju leyti fyrrverandi ráðherra hafi gengið lengra en til var ætlast. Mjer vitanlega hefir hann verið samur sem áður og ekki gengið lengra í vor en áður. Mjer skilst þetta að eins vera undanfærsla hins háttv. þm. N.-Múl. (B. H.), til þess að geta snúist frá fylgi við fyrrverandi ráðherra, sem hann hafði fylgt svo dyggilega áður.

Hæstv. ráðherra ljet sem sig furðaði á því, að tillagan væri ekki harðari. Ekki þarf hann að láta svo af því, að hann hafi ekki þekt tillöguna, því að hún var honum kunn fyrir þing. En ekki mundi hafa staðið á *mjer* að greiða atkvæði með beinni vantraustsyfirlýsingu á hann.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði, að ef tillagan væri ætluð til þess, að halda uppi rjettindum landsins, þá hefði átt að skjóta á leynifundi, til þess að ræða hana með hæstv. ráðherra. En, eins og tekið hefir verið fram, er tillagan ekki vantraust á ráðherra, heldur að eins öryggisráðstöfun og því einatt jafn aðgengileg og sjálfsögð. Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) vildi á flokksfundi, að hnýtt væri aftan við tillöguna traustsyfirlýsingu til hæstv. ráðherra, en á það fjellust menn ekki, sem ekki var von, og sannarlega nógu langt gengið til samkomulags, að láta það liggja á milli á hluta, hvernig ráðherrann hafði hagað sjer í málinu.

Þegar háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) tók að mæla bót þeim atgjörðum hæstv. ráðherra, er lutu að staðfestingu stjórnarskrárinnar, fór honum líkt og hæstv. ráðherra sjálfum, að hann gekk götu þeirra manna, sem honum höfðu áður verið andvígir í málinu, (þ. e. Heimastjórnarmanna), og sama hefði þá mátt teljast til gildis kostum þeim, sem H. Hafstein voru boðnir 1913. Þá var því haldið fram, eins og nú, að umræðurnar í ríkisráðinu sönnuðu ekkert, og að ekkert væri athugavert við birtinguna til Dana. Jeg sje því ekki, að aðstaða þessara herra sje að nokkru leyti frábrugðin aðstöðu Hannesar Hafsteins áður.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) lagði helst áhersluna á það, að auglýsingin til Dana væri fallin burtu, og að hún væri þungamiðjan. En eins og háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) hefir tekið fram, getur auglýsingin til Dana, út af fyrir sig, ekki svift Íslendinga nokkrum rjetti; hjer er ekki komið undir því *hvernig* birt er, heldur *hvað* birt er, það er að segja, um hvað orðið hefir samkomulag í ríkisráðinu milli ráðherra Íslands og hinna aðiljanna. Hvort sem það er birt eða auglýst eftir á, á einn eða annan hátt, skiftir minstu máli. En þessu hafa margir ruglað öllu saman og reynt að láta svo, sem stórmikill rjettarmunur væri á því, hvort athafnir ríkisráðs væri auglýstar með konungsbrjefi eða »opinberri birting«. En þetta er að sjálfsögðu óverulegt aukaatriði. Hitt eitt skiftir máli hvað legið hefir til grundvallar, hvað aðiljar hafa orðið ásáttir um á fundinum.

Hæstv. ráðherra gjörði gys að háttv. þm. Dal. (B. J.) fyrir það, að hann mintist á dómstólinn í Haag, og nefndi hann procurator Dana. Slík aðköst eru tæplega sæmandi ráðherra, þótt menn taki nú að venjast ýmsu miður fögru orðavali úr ráðherrastól. Það samir illa að gjöra gys að þeim mönnum, sem gjöra vilja veg þjóðarinnar sem mestan, svo að ágreiningsatriði hennar við Dani nái að jafnast fyrir opinberum alþjóðadómi. Þeir menn ættu heldur lof skilið en hróp og háðsyrði. En slíkir hnýflar einkenna hæstv. ráðherra, og er slíkt allóhöfðinglegt. Honum er títt að senda slík spörð frá sjer, sem þó detta niður á miðri leið.

Þá hjelt hæstv. ráðherra harða refsiræðu út af leynitilboðinu. Jeg ætla ekki að fara langt út í það hjegómamál. En það verð jeg að segja, að mjer þykja koma úr hörðustu átt aðdróttanir um uppljóstur samninga, er sá maður fyllist nú svo af vandlætingu, sem svo mikinn hlut átti að því, að ljósta upp »bræðingsskilmálunum« 1912. En annars er það sannast að segja, að þótt Ísafold og einstakir menn fjargviðrist út af birtingu tilboðsins, þá er það mest út í loftið og til þess að þyrla ryki í augu manna, svo að þeir athugi ekki málið sjálft og hina herfilegu frammistöðu þrímenninganna. Það gat ekki verið tilgangur þessara manna, þrímenninganna, að ferðaskýrslu þeirra yrði lengi haldið leyndri, enda sögðu þeir sjálfir, að *ekkert yrði gjört í málinu* fyrr en skilmálarnir væri birtir. Ekki stóð heldur á loforðum í Ísafold um, að bráðlega yrði skýrslan birt, »innan fárra daga«, »í næstu viku« o. s. frv. Það gat engum dottið í hug, að sá væri tilgangurinn, að binda hendur manna þangað til eftir dúk og disk. Vjer sampyktum, að málið skyldi liggja í þagnargildi »að svo stöddu«, eins og bæði »Ísafold« og 1. þm. Hunv. (G. H.) hafa orðið að kannast við, en það var komið í alt aðrar skorður; sumir þrímenninganna höfðu sýnt tilboðið hinum og þess-

um og »agíteruðu« fyrir því leynt og ljóst, gjörðu bandalag við andstæðingana og stofnuðu til stjórnarskifta með þeirra tilstyrk, þá þótti oss lítil skylda liggja á oss að halda því leyndu, — hitt miklu ríkari skylda, að láta þjóðina vita, hvað verið væri að brugga henni.

Hæstv. ráðherra sagði, að birting tilboðsins hefði mælst illa fyrir. Jeg veit ekki, hvort hæstv. ráðherra, ef öðru vísi hefði staðið á, mundi hafa gjört svo mikið úr því, þótt einir þrír þingmálafundir hefðu verið teygðir til að finna að »birtingunni«. Jeg held ekki, að svo mikið sje leggjandi upp úr því, að 17 menn af 40 á Svignaskarði og 20 af 100 á Akranesi fengjust til að víta birtinguna. Þetta örlitla minnihlutabrot fjekst þó að eins með þeim hætti, að saman lögðu Heimastjórnarmenn og tilboðsmenn eða Ísafoldarliðar, og hygg jeg ekki hæstv. ráðherra munu verða langlífan af þeim liðstyrk.

Jeg ætla óþarfa að rekja gerr meðferð málsins; hún er þjóðkunn orðin. Jeg ímynda mjer, að afleiðingarnar verði ríkar, og munu þær nægilega minna á atburðina í framtíðinni.

Jeg fyrir mitt leyti tel tillöguna, eins og hún liggur fyrir, alt of lina í hlutfalli við þann tilverknað, sem hjer er um að ræða, og hefði jeg ekki talið nægilega langt farið fyrr en svo var komið, að ráðherra hefði verið lýstur í vantraust, honum stefnt fyrir landsdóm og þar sakfeldur. En tillagan er stýluð eftir hugarfari þingmanna; kjarkinn mundi flesta þorrið hafa til meiri stórræða. Sannast hjer hið fornkveðna:

Lítilla sanda,
lítilla sæva,
lítil eru geð guma.

En þótt tillagan sje lin, mun jeg greiða henni atkvæði mitt, því að betra er að veifa röngu trje en öngu. Þar á móti verð jeg að telja hina svo kölluðu »rökstuddu« dagskrá til hneykslis þinginu, en verðugs sóma þeim, sem flytja hana og ljá henni stuðning.

Ráðherra: Jeg heyrði ekki fyrra hluta ræðu háttv. flutningsm. (S. E.), því miður, en sagt er mjer, að hann hafi verið næsta ákafur og reiður. Jeg get fyrirgefið honum reiði hans og vanstillingu. Veit, að hann getur eigi að sjer gjört í þá átt. En það er gamalt mál, að ekki sje að marka reiðs manns mál. Því mun jeg ekki svara þeim orðum hans, er hann mælti í reiði.

Þegar jeg kom inn, sagði háttv. flutningsm. (S. E.), að jeg hefði kastað hnútum til sín; þvert á móti. Jeg hefi lítið annað gjört en að lofa hann, en ekki get jeg að því gjört, þótt hann skilji ekki mælt mál, og kalli það hnútur, sem er lof.

Háttv. flutningsm. (S. E.) játar það, að flokkur sá, er þá var með honum, hafi enga ákvörðun tekið í vetur um það, hvað taka skyldi til bragðs, ef stjórnarskráin yrði ekki staðfest. Ýmsir samflokksmenn hans intu þó eftir því, en fengu þau svör, að best væri að láta þingið ráða því. Rökrjettast svar hefði það verið, að láta til skarar skríða, neita um löglega stjórn. En það þorðu þeir ekki, enda varð tæplega talið heillavænlegt, eins og á stóð.

Háttv. flutningsm. ljetst hafa vonað það, að konungsvaldið mundi beygja sig, ef nógu fast væri haldið hóp. Jeg er sannfærður um það og veit það, að það, sem nú hefir fengist, er meira en margir sjálfstæðismenn bjuggust við í fyrra.

Háttv. flutnm. skildi svo orð mín, sem jeg hefði sagt, að hann hefði langað til að sitja lengur við völdin; þetta hefi jeg aldrei sagt, en vera má, að hjer upp á megi heimfæra franska málsháttinn: Sá, sem afsakar sig, ásakar sig.

Háttv. flutnm. (S. E.) mótmælti, að hann og fjelagar hans hafi viljað hafa mök við mig eftir staðfesting stjórnarskrárinnar. Þetta kemur illa heim við vitnisburði tveggja háttv. þingmanna, þm. N.-Þing. (B. S.) og 2. þm. N.-Múl. (J. J.), sem játað hafa það satt vera, að flokksbræður háttv. flutnm. (S. E.) hafi viljað fá mig til þess að ganga að þessari till. í því skyni, að þeir ljetu mig svo hlutlausan. Og er þetta alveg rjett.

Háttv. flutningsm. skrafaði því næst langt mál um það, að jeg væri allur á bandi Heimastjórnarmanna og gæti ekki hreyft mig án þeirra vilja. Mjer þykir vorkunn, þótt háttv. flutningsm. komi þetta í hug, því að þótt hann ætti að nafni til margra stuðningsmenn í fyrra, kom hann samt engu máli fram. Ekki barðist hann fyrir stjórnarskrármálinu; það hvíldi á öðrum; og eigi rjeð *hann* um, hvernig því var til lykta ráðið. Eitt var þó áhugamál hans, en það var gjörð fánans; en svo fór þar um, sem allir þekkja, að ekki kom hann því máli fram. Fjekk engu umráðið fánagjörðartillögu þingsins 1914. Og ekki virtist hann í haust eiga mikið undir sjálfum sjer, er hann leitaði ráða hjá öðrum, hvað gjöra skyldi. Sýnir þetta, að hann taldi sig ekki tryggan, er hann þurfti að leita ráða og jafnvel fyrirmæla hjá öðrum. *(Sigurður Eggers:* Þetta eru heimastjórnarargument). Jafn rjett geta þau verið, þótt þaðan sjeu komin.

Þá fór háttv. flutnm. (S. E.) mörgum orðum um yfirlýsing 24-mannanna. En eins og margoft hefir verið tekið fram táknaði sú yfirlýsing ekkert annað en það, að þessir menn vildu ekki þiggja staðfesting stjórnarskrárinnar með þeim skilmálum, sem *þá* voru í boði. Þá er það hlægilegt, að birta kröfu, eins og háttv. flutnm. (S. E.) gjörði í Ingólfi 19. júní, um það, að engi mætti gjörast svo djarfur, að taka við staðfestingu stjórnarskrárinnar. En svo óheppilega vildi til, að jeg gat ekki tekið þessa kröfu til greina, með því að hún kom ekki út fyrr en sama dag sem stjórnarskráin var staðfest.

Mjer er sagt, að háttv. flutnm. (S. E.) hafi ekki viljað taka afstöðu til birtingar tilboðsins í Ingólfi. Þetta skil jeg svo, sem hann vilji ekki lofa það verk. En jeg veit, að hann er þó *svo* mikill drengskaparmaður, að hann mun lýsa yfir því, hvort hann sje því atferli samþykkur, eða víta það ella; því að ekki er nema tvent til.

Háttv. 2. þm. N.-Núl. (J. J.) og N.-Þing. (B. S.) röktu málið af nýju, og kom fátt fram, það er eigi hafði heyrst hjá háttv. flutnm. (S. E.) eða öðrum. Þó minnir mig, að háttv. 2. þingm. N.-Múl. (J. J.) játaði það, að fyrirvarinn hafi ekki verið ætlaður til þess, að fá beina viðurkenning fyrir skilningi vorum á ríkisráðsákvæðinu, heldur hafi hann verið að eins mótmælaskjal. Og verð jeg að fallast á þetta með honum.

En hann áleit sjerstaklega, að eitt atriði í umræðunum í ríkisráðinu 19. júní væri ekki fyrirvaranum samrýmanlegt; það er það, sem konungur sagði, að úrskurðinum yrði ekki breytt í sinni stjórnartíð. Heldur hann þá, að það gjörði nokkurn mun, þó að þessi þingsályktunartillaga yrði samþykt. Jeg get fullvissað hann um, að það gjörði úrskurðinn hvorki breytanlegri nje óbreytanlegri. Orð konungs koma ekki í bág við fyrirvarann. Hann segir hvergi, beint eða óbeint, að það þurfi atbeina danskra stjórnarvalda, til að breyta úrúrskurðinum. Konungurinn hefir absolut veto og getur boðað breytinguna fyrirfram, eða sagt fyrirfram, að hann vilji eigi breyta. Það er ekkert brot á »kon-

stitutionellum« reglum eða venjum. Konungurinn gefur það í skyn, að Alþingi megi ekki vænta þess, að úrskurðinum verði breytt, en ef Alþingi skyldi einhvern tíma krefjast þess, að málin yrðu tekin út úr ríkisráðinu, þá er ekki hægt að segja, hvað þáverandi konungur mundi gjöra.

Mig furðar á einu atriði í ræðu háttv. 2. þingm. N.-Múl. (J. J.). Eins og hann mun sjálfsagt kannast við, fekk hann að sjá bráðabirgðaskilyrðin, því að við höfðum leyfi til, að láta þingmenn kynna sjer þau og gjörðum það. *(Björn Kristjánsson:* Suma). Háttv. 1. þingm. G.-K. (B. K.) þarf síst að kvarta. *(Jón Jónsson:* Jeg fjekk þau ekki). Víst fjekk þingmaðurinn að sjá þau, og hann símaði mjer þær breytingar, sem hann vildi, að á yrðu gjörðar. Jeg segi þetta ekki honum til ámælis, því brtt. hans voru að öllu verulegu teknar til greina og uppfyltar, og þar að auki aðrar breytingar gjörðar, sem enginn hefir dirfst að neita, að hafi verið til bóta. Annars virtist mjer á orðum háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) sem hann áliti, að hjer væri engin hætta skeð, enda er það svo um suma andstæðingana, að þeir álíta enga hætta á ferðum. Þeirra besti maður, háttv. 2. þingm. G.-K. (K. D.), hefir opinberlega játað það á þingmálafundi, að engu væri glatað af rjettindunum. Ef það er rjett, þá er síst ástæða til, að vera að gjöra mjög mikinn úlfaþyt út af því, sem fram er komið.

Þá kem jeg að ræðu háttv. þingm. N.-Þing. (B. S.). Hann var að reyna að klóra í bakkann og hamra það fram, að við það, sem skeði í ríkisráðinu 19. júní hefðum við mist rjettindi, nema tillagan verði samþykt. Mjer dettur ekki í hug, að efast um, að það sje samfæring hans, að hjer sje einhver skaði skeður. En hinu vík jeg ekki frá, að aðferð hans og þeirra fjelaga er mjög óheppileg. Þeir gátu ekki vitað það fyrir fram, að tillagan yrði samþykt, og fyrst þeir gátu ekki vitað það, áttu þeir ekki að taka munninn svo fullan opinberlega, því að útlendir og innlendir óvinir geta vitnað til umræðanna í blöðunum. Aðferðin, sem þeir hefðu átt að beita, er sú, að bera málið upp á flokksfundum og ræða það þar. Það hafa þeir að vísu gjört, að einhverju leyti, en svo áttu þeir að leita fyrir sjer, hvort tillagan mundi ná fram að ganga í þinginu, fá saman fund í sameinuðu þingi fyrir lokuðum dyrum, svo að ekki kæmi fram í Þingtíðindunum röksemdir fyrir þá, sem seinna kynnu að vilja halda fram, að rjettindi landsins væru rýrð með gjörðum mínum. En nú, eftir að þessar umræður hafa farið fram, standa Þingtíðindin full af staðhæfingum, eða svokölluðum »röksemdum« um svo og svo mikil rjettindi, sem landið hafi glatað. Jeg segi þetta ekki mín vegna, því að þótt Alþingi hefði samþykt á lokuðum fundi eitthvað líkt því, sem flutningsmenn fara fram á í tillögunni, þá þurfti ekkert að berast út af umræðunum, og þeir hefðu þá alveg eins vel á eftir getað steypt mjer af stóli, því að margt má finna sjer til, til þess að koma einum ráðherra frá völdum. Sami háttv. þingm. (B. S.) hneykslaðist á því, að háttv. 2. þingm. Rvk. (J. M.) sagði, að tillagan væri orðuð svo vægt til að veiða menn. Þetta þótti honum illmæli í garð deildarinnar. Svo sagði hann sjálfur á eftir í lok ræðu sinnar, að tillagan væri svona orðuð af því að

»lítilla sanda
lítilla sæva
lítil eru geð guma«

Mjer virðist það nú vera nokkuð svipað því, sem sagt hefði verið, að hún væri orðuð til að veiða veikar sálir,

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fór um það mörgum orðum í gær af mikilli mælsku, að jeg og aðrir hefðu »agiterað«, og af því, að menn hefðu verið orðnir þreyttir, þá hefðu þeir dregist með. Jeg sje ekki betur en að orð þessara tveggja þingmanna bendi til þess, að tillagan hafi einmitt verið orðuð til að veiða. Hitt skal jeg ekki segja neitt um, hversu vel veiðin tekst. Jeg skil það vel, að háttv. þingm. N.-Þing. (B. S.) þyki tillagan of veik. Það hefði óneitanlega verið eitthvað meiri mannsbragur á henni, ef hún hefði verið eins og hann sagði, að hún hefði eftir sinni skoðun átt að vera, fyrst vantraustsyfirýsing til stjórnarinnar og síðan landskæra. Aftur segja aðrir, að ekki felist neitt vantraust í tilögunni. En það er ekki samkvæmt forsendunum, því að hún á þó að byggjast á því, að jeg hafi gjört annað og verra en jeg mátti gjöra. Hitt er rjett, sem háttv. 2. þingm. Rvk. (J. M.) tók fram, að það er kynlegt, að þessir háttv. herrar, sem álíta rjettindum landsins stefnt í glötun, skuli ekki vilja teygja sig lengra, til að bjarga landinu en raun er á orðin. Því að þótt það sje mikilsvert frá þeirra sjónarmiði, að steypa stjórninni, þá ætti þeim að þykja miklu meira um vert, að vernda rjettindi landsins. (*Sigurður Eggerz:* Hæstv. ráðherra mundi þá fallast á tillöguna, ef hún lýsti jafnframt trausti á stjórninni). Nei, þetta er ekki rjett hjá háttv. flutnm. (S. E.). Ef eitthvað það er í gjörðum ráðherra, sem hv. flutnm. (S. E.) hefir ekki getað felt sig við, þá gat hann komið með þessa tillögu og jafnframt lýst yfir því, að hann vildi þó ekki stjórnarskifti að svo stöddu. Til sanninda vil jeg benda á, að til eru þeir menn hjer í þinginu, sem líta svo á, að það sje ekki allskostar gott, sem jeg hefi gjört, en álíta þó ekki rjett, að hafa stjórnarskifti á þessu þingi.

Þá vjek hv. þm. N.-Þing. (B. S.) að birtingu hans og þeirra fjelaga í tilboðunum. Jeg get ekki sjeð annað en að það, sem hann sagði í þessu efni, sje mjög hágborið, því að ef einhverju hefði þurft að bjarga frá voða, þá kom birtingin of seint til að geta orðið að gagni. Svo fór hann að hnifla mig og sagði, að það sæti síst á mjer, að vera að víta birtinguna, því að jeg hefði gengið best fram í að birta leynimakk bræðingsmanna 1912. Þetta snertir mig ekki, því að jeg var aldrei trúnaðarmaður ur þeirra, en hitt er alkunna, að hann sat á fundum með þessum mönnum, og þeir vissu lengi vel ekki betur en að hann væri þeim sammála. Jeg vil ekki þar með segja, að hann hafi birt neitt í það skifti, enda hefir hann líklega ekki verið bundinn trúnaði; en þótt jeg hefði birt fundarályktanir þessara manna, þá hefði jeg þar með ekki rofið neitt þagnarheit, því að mjer var aldrei trúað fyrir neinu. En þetta nýja birtingarmál er í rauninni miklu alvarlegra en þeir herrar, sem að því standa, gjöra sjer í hugarlund, því að ef samskonar kæmi fyrir framvegis, myndi afleiðingin verða sú, að Íslendingum yrði hvorki trúað til orðs nje eiðs. Jeg tala ekki um það, þótt það kæmi fyrir að einhver óþektur maður lofaði að halda einhverju í þagnargildi og birti það síðan, en þegar merkir menn og málsmetandi þingmenn verða til þess, þá horfir málið öðru vísi við. Hv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að þingið væri spegill þjóðarinnar, og er það dálagleg mynd af þjóðinni, sem sá spegill sýnir, þegar jafnvel drengskaparheit manna, sem hátt eru settir hjá þjóðinni, eru að engu höfð. Ef slíkt kæmi fyrir aftur, er ósköp hætt við, að það álit kæmist á, að Íslendingum væri í engu treystandi, og skal jeg ekki reyna að lýsa því, hvílík álitsspjöll það yrðu fyrir landið. Jeg sný ekki

aftur með það, að birtingin hefir hvarvetna mælst illa fyrir, og jeg hefi engan heyrt mæla henni bót. Það gleður mig að heyra, að hv. flutningsm. (S. E.) hefir ekki einu sinni treyst sjer til að mæla henni bót. *(Sigurður Eggerz:* Jeg hefi ekki úttalað mig um það). *(Bjarni Jónsson:* Jeg hefi með höndum fundarbók sjálfstæðisflokksins og get sýnt hvað í henni stendur). Það skiftir minstu, hvað í þeirri fundarbók stendur, en hitt er rjett, sem jeg sagði, að þeir heitrofarnir lofuðu, að birta eigi trúnaðarmálin og að það hefir enginn orðið til að mæla birtingunni bót, nema þeir sem að henni stóðu.

Þá mintist hv. þm. N.-Þing. (B. S.) á, að dönsk blöð hefðu hlakkað yfir úrsliium þeim, sem orðin eru. Jeg get ekki synjað fyrir það, því að danskar blaðagreinar um það efni hefi jeg ekki sjeð, en jeg get vel trúað því, að dönsk blöð fari ekki að gefa neina játningu um það, að þeir hafi slakað til eða breytt hafi verið til hins verra, Dönum í óhag.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) sagði, að það væri ekki svo að skilja sem hann fagnaði yfir fregninni, sem hann tók upp í blað sitt úr »Gula Tidend«. Jeg get ekki skilið fregnina, eins og hún stendur í blaði þingm., Ingólfi, öðruvísi en sem fögnuð. Sje ekki svo, þá er það til að veiða fólk, svo að það haldi, að hann fari með rjett mál, því að það er eins og hann hyllist til að láta sem mest á fregninni bera, þar sem hann setur feitar og stórar fyrirsagnir fyrir lítið mál. Hann játaði það rjett vera, sem stendur í »Forestillingunni« með stjórnarskránni, að það myndi ekki verða ágreiningur um það á Alþingi, að málin yrðu framvegis borin upp í ríkisráðinu. En svo vítir hann mig fyrir það, þótt hann kannist við, að jeg hafi skýrt rjett frá í umræðunum. Hjer finst mjer það eiga vel við sem hann talaði um, að horfast í augu við sannleikann. Hitt var meiningin einu sinni, að koma málunum út úr ríkisráðinu. Það var á þeim árum, er Benedikt heitinn Sveinsson sýslumaður fjekst við þingmál. En svo bregður svo undarlega við á þingunum 1902 og 1903, að t. d. hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), sem þá sátu á þingi, skrifa undir nefndarálit og ganga inn á; að það sje hagfelt fyrirkomulag, að málin sje borin upp í ríkisráðinu. Úr því að talað er um að horfast í augu við sannleikann, þá er rjett að horfast í augu við þennan sannleika líka.

Mig minnir að sami hv. þm. (B. S.) hafi átalið það, að jeg hafi sagt, að spursmálið væri formfræðilegs efnis. Jeg læt mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt um það. Svo er nú gamla sagan um það, að jeg hefði átt að mótmæla því, að forsætisráðherrann lýsti skoðun sinni frá dönsku sjónarmiði eða blandaði henni í málið. Því kom þetta ekki strax fram eftir 30. nóv. 1914? Hæstv. flutningsm. (S. E.) mótmælti því aldrei 1914, að forsætisráðherrann lýsti skoðun sinni eða blandaði sjer í umræðurnar. Hinu mótmælti hann, að forsætisráðherra tæki að sjer ábyrgð íslensks sjermáls. En þau mótmæli voru auðvitað bygð á skilningsskorti hjá hv. flutningsm. (S. E.), því að forsætisráðh. hefir auðvitað aldrei komið til hugar að taka á sig ábyrgð í þessu máli.

Svo talaði sami hv. þm. (B. S.) um svokallað »kontrol«. Það er vitanlega rjett, að Íslandsráðherrann er ekki æfinlega í Kaupmannahöfn og getur því ekki alt af sótt ríkisráðsfundi. En hann hefir lagalega möguleika til að sitja í ríkisráðinu, og það hefir áður komið til mála, að ráðherrar yrðu tveir, og hefði annar þeirra þá búsetu í Kaupmannahöfn. Þá gæti hann setið fundi í ríkisráðinu og

tekið þátt í umræðunum um okkar málefni. En annars get jeg ekki sjeð, að þetta hefði neina praktista þýðingu, því að það er auðvitað ómögulegt fyrir okkur að meina konunginum að tala við hvern sem hann vill. Mjer skildist á háttv. flutningsm. (S. E.) í gær, að hann áliti þetta líka hollara. Það getur verið álitamál, og eins og margsinnis hefir verið tekið fram, er það álit margra mikilsmetinna manna, að hitt sje hollara. Jeg skal ekkert um það fullyrða. Hv. þm. N.-Þing. (B. S.) lagði ekki mikið upp úr því, er konungur sagði, að Alþingi mætti ekki vænta þess, að úrskurðinum yrði breytt í sinni stjórnartíð. Hann sagði, að það væri sjálfsagður hlutur, en gætti þess ekki, að konungur getur bundið, út fyrir sína stjórnartíð. Ef konungurinn hefði að eins sagt, að úrskurðinum yrði ekki breytt, þá leiddi af því, að hann hefði gilt einnig fyrir framtíðina. En með þessu er ekkert um breytileik eða óbreytileik úrskurðarins sagt eftir stjórnartíð núverandi konungs. Þá er þessi ákvörðun að engu orðin.

Þá sagði sami háttv. þingmaður, að konungur skírskotaði til ummæla sinna áður. Það er villandi að orða þetta svona. Konungur segir að eins:

> »Eins og jeg hefi áður sagt í ríkisráði, er það konunglegur vilji minn, að íslensk lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir verði framvegis, sem hingað til, bornar upp fyrir mjer í ríkisráði mínu«.

Konungur tekur að eins upp, að þetta sje vilji sinn, en um hitt hvorttveggja, auglýsinguna til Dana og að breytingin sje bundin við staðfestingu nýrra sambandslaga, drepur hann ekki á, og útilokar síðan hvorttveggja með orðum sínum.

Sami háttv. þingm. (B. S.) ásakar mig fyrir, að jeg hafi fallið frá fyrirvaranum, með því að mótmæla ekki konungi. Til þess var engin ástæða, því í ummælum konungs felst ekkert það, er sje ósamrímanlegt skoðun Íslendinga, eins og jeg hefi margoft tekið fram.

Þá mintist háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) á makk, er jeg hefði átt við forsætisráðherrann og aðra danska stjórnmálamenn, og vítti það mjög. Samtal við stjórn Dana tel jeg enga dauðasynd. Stendur og svo á, að forsætisráðherrann átti hlut að málum bæði 20. okt. 1913 og 30. nóv. 1914. Og kunnugt er mjer um það, að Sigurður Eggerz átti í ráðherratíð sinni tal við danska stjórnmálamenn um þetta mál. Við það hefi jeg ekkert að athuga, tel það alveg rjett. Miklu fremur áliti jeg það skyldu mína, að eiga tal við slíka stjórnmálamenn um málin, ef auðveldara væri þá að koma málunum fram, heldur en áður var. Getur verið, að þm. N.-Þ. (B. S.) ámæli mjer fyrir þetta. En slíkar umræður hafa að sjálfsögðu enga stjórnskipulega þýðingu. Annars hefir háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) sjerstöðu í þessu máli, og er afstaða hans til málsins í fullu samræmi við skoðun hans á Alþingi 1914. Hann taldi þá fyrirvarann ónógan og því rangt að staðfesta stjórnarskrána á grundvelli hans. Þessa afstöðu hans skil jeg vel.

Háttv. þingm. N.-Þing. (B. S.) blandar saman beinni og óbeinni viðurkenningu af hálfu konungsvaldsins. Jeg hefi margtekið fram, að af Alþingi 1914 hafi ekki verið gjörð sú krafa, að konungur gæfi beina yfirlýsingu; nóg að konungsvaldið segði ekki og gjörði ekki neitt, er bryti í bág við fyrirvarann. Þetta hafa og andstæðingar mínir hreinskilnislega játað. Og eftir skoðun sumra gjörði ekkert til fyrir rjettindi vor, þótt farið væri skemra en í fyrirvaranum feldist. Þannig fórust háttv. þm. Dal. (B. J.) orð 1914, og er ef til vill rjett.

(Bjarni Jónsson: Í öðru sambandi). Nei, einmitt í þessu sambandi, í sambandi við stjórnarskrána. En nú hefi jeg sagt, og held því algjörlega fram, að konungsvaldið hafi fallist á það, er fyrirvarinn fer fram á. Það hefir aldrei verið neitt tekið fram um það, að þessi viðurkenning mætti vera gefin með beinni yfirlýsingu, en þögn væri líka nóg. Enda virðist flutningsmanni (S. E.) nú, að þögnin sje góð og gild, og fellur þá líka alt í ljúfa löð. Það verður því ekki hægt að króa mig á þessum grundvelli.

Jeg hefi nú tekið fram það helsta, er svara þurfti í ræðum þeirra, er andmælt hafa, enda eru umræður nú orðnar langar.

Björn Kristjánsson: Jeg hafði ekki hugsað mjer, að tala í þessu máli. Mín venja er sú, að tala ekki, er jeg veit færari krafta í flokknum til að halda uppi svörum, og hefi því aldrei talað í stjórnarskrármálinu, hvorki fyrr nje síðar. En hæstv. ráðherra hefir neytt mig til að standa upp. Enda þótt jeg hafi fylgt sjálfstæðisstefnunni og jafnvel fylgt þeim, sem lengst hafa gengið í því, að fá rjett vorn viðurkendan, þá hefir mjer verið það ljóst, að þroski þjóðarinnar og þingsins er ekki orðinn nægur til þess, að geta tekið upp nægilega staðfasta og afmikla baráttu fyrir frelsi þjóðarinnar. Því veldur bæði fátækt og þolleysi fjöldans og »matrialismi« (efnishyggja) hins sterkara. Efnishyggjan hefir nú náð föstum tökum á Evrópu og kveikt þar hið geysilega ófriðarbál, og því miður hefir efnishyggjan einnig komið hingað til lands og jafnvel hjer inn í þingið og tekið sjer þar bólfestu. Þegar þannig er komið, er ekki til neins fyrir þjóðina að hefjast handa til sjálfstæðis fyrr en sú alda er yfirstaðin. »Materialisminn« kemur að baki þeirra, er það reyna, og einhverja hjálp vilja veita, og bregður þeim hælkrók. Vjer vitum líka, hvernig gengið hefir nú. Þeir menn sumir, sem hæst hrópuðu 1903 og 1911 um, að ná sjermálum vorum út úr ríkisráðinu, eru nú beint snúnir við og vilja nú umfram alt, að þau sjeu borin þar upp og að þau sjeu háð eftirliti og mati dönsku ráðherranna um aldur og æfi.

Það er vitanlegt, að nú ætluðum vjer að sigra þær skotgrafir, er vjer höfðum mist 1903, eða að minsta kosti eitthvað af þeim, en það varð nú eitthvað annað. Það fór svo, að vjer duttum í hrúgu í áhlaupinu, og því falli veldur efnishyggjan ein. Á því er enginn vafi. Jeg verð að segja það, því nóg er af yfirdrepsskapnum, þó einhverjir segi hlutina eins og þeir eru. Það er værugirni vor og eigingirni, sem veldur því, að vjer erum ekki menn til þess, að berjast fyrir sjálfstæði landsins. Vjer höfum ekki nægja sjálfsafneitun til þess. En *sjálfsafneitun* útheimtist til þess, að geta barist fyrir sjálfstæði landsins.

Jeg sagði, að jeg hefði orðið að standa upp vegna orða, sem hæstv. ráðherra hafði í garð kjósenda minna í Hafnarfirði. Hann sagði svo, þegar hann var að lýsa því, hverjar undirtektir »stórpólitíkin« hefði fengið á þingmálafundinum þar, að Hafnfirðingar einir hefðu orðið til þess, að lýsa »vantrausti á sjálfum sjer«. Þetta eru ógeðfeld ummæli úr ráðherrastóli, því í ókunnugra augum gæti litið svo út, sem Hafnfirðingar hefðu komið þarna fram sem rolur. En ef athugaður er allur aðdragandi að því, sem þarna gjörðist, þá verður þetta alt saman einkar eðlilegt. Orsökin er sem sje sú, að á fundinum höfðum við, báðir þingmenn kjördæmisins, haldið klukkutíma ræður, til þess að skýra okkar afstöðu til staðfestingaskilmála stjórnarskrárinnar, og auk

þess hafði hæstv. ráðherra talað þar oftar en einu sinni. Og að því loknu varð niðurstaðan sú, að kjósendur fjellust á skoðun þingmannanna, og annað felst ekki í yfirlýsingu fundarins. Þetta neyddist jeg til að taka fram, með því að hjer komu fram ávítur gagnvart fjarstöddum mönnum, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sjer.

En svo að jeg víki nú að málinu, sem fyrir liggur, þá álít jeg það nauðsynlegt, að það verði upplýst hjer sem mest, alveg út í æsar, því að nú hefir þjóðin verið tekin alveg eins og átti að taka hana 1908, komið að henni óviðbúinni. Og nú hefir það tekist, því að nú var umhugsunartími hennar nógu stuttur til þess, að hún fjekk ekki tækifæri til þess að átta sig. Ef hann hefði verið nógur, þá er jeg ekki í neinum vafa um það, að flestallir hefðu fallist á skoðun okkar sjálfstæðismanna. En þegar blöðin, aðalblöðin, hafa komið sjer saman um það, að draga fjöður yfir það sanna í þessu máli, þá erum við neyddir til þess, að segja meiningu okkar hjer, í þeirri von, að sannleikurinn nái þó þannig á endanum að komast út til þjóðarinnar. Jeg ætla því að leyfa mjer að fara stuttlega yfir tildrög þessa máls frá 1913.

Eins og menn muna, samþykti Alþingi þá, að sjermálin skyldu vera borin upp fyrir konungi, þar sem konungur ákvæði, *eftir* að konungsvaldið 1912 hafði þverneitað því, að taka sjermálin út úr ríkisráðinu, samkvæmt tillögum Alþingis 1911. Auðvitað vildi þingið þá ekki, og sá sjer ekki heldur fært, að girða fyrir það, að sjermálin yrðu borin upp í ríkisráðinu fyrst um sinn, því að það var ekkert aðalatriði í bili. En hitt var aðalatriðið fyrir þinginu, *að* sjermálin yrðu borin þar upp *á ábyrgð Íslandsráðherra eins, án íhlutunar dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda*, og *að* konungur með Íslandsráðherra *einum*, gæti síðar ákveðið, ef þeim kæmi saman um, að sjermálin yrðu borin upp annarstaðar. Þessu til sönnunar má benda á svar hæstv. ráðh. 31. des. 1914 í Ísafold. Þar stendur svo, þar sem verið er að tala um konungsúrskurðinn:

> »Með öðrum orðum, þingið vill algjörlega útiloka það, að aðrir en konungur og íslensk stjórnarvöld eða íslenskt löggjafarvald hafi nokkurn íhlutunarrjett um það málefni, eða að nokkurt skilyrði sje sett, er eigi sje íslenskum stjórnarvöldum eða íslensku löggjafarvaldi háð«.

Og enn fremur má sjá af sömu grein, að núverandi ráðherra áleit ekki, að fyrivarinn kæmi að haldi, nema að konungsvaldið beint *viðurkendi* fyrirvarann. Orð hans um þetta efni hljóða svo:

> »Það, sem við vildum fá skýrt fram, var það, hvort konungur skoðaði málið sjermál eða eigi. En þá yfirlýsingu höfum vjer alls eigi fengið«.

Þetta er nú sæmileg skýring á því, hvað sjálfstæðismenn, vildu og hvað þeir vildu ekki, og á þessum grundvelli átti ráðherra að bera málið fram, en frá honum var vikið í ríkisráði 20. okt. 1913, fyrir mótstöðu konungsvaldsins.

Svo gefur konungur út opna brjefið, sem dagsett er sama dag, og svo er kunnugt, að jeg þarf ekki að lesa það hjer. En það er auðsætt á orðum þess, að það ríður í beran bág við vilja þingsins. Þetta opna brjef er svo birt almenningi á Íslandi í Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindunum, sem sárfáir menn lesa. Og af því að blöðin, sem ráða mestu um stefnuna í stórmálunum,

lögðust það undir höfuð, að skýra efni opna brjefsins 20. okt. 1913, og hvað í því falst, rjeðu þau til, á síðustu stundu, að samþykkja stjórnarskrána óbreytta á næsta þingi (1914), með einhverjum fyrirvara, sem *enginn þá* hafði gjört sjer grein fyrir, hvernig ætti að vera, nje heldur hvort hann kæmi að haldi til þess, sem honum var ætlað að gjöra, en það var að hnekkja opna brjefinu frá 20. okt. 1913. Svona var tvískinnungurinn mikill, og svo mátti kalla, að enginn væri alls kostar ódeigur.

En þrátt fyrir skýringarleysi blaðanna, sýndi þó stór meiri hluti þjóðarinnar það með kosningunum 1914, að hún var *á móti efni opna brjefsins*, og fjelst víða á fyrirvaraleiðina, sem haldið hafði verið að henni. Alþingi kom svo saman með 23 þjóðkj. þingm. meiri hluta, auk eins konungkj. þingm., sem hjeldu hóp og tóku að sjer málið og ábyrgðina á því.

Opna brjefið, sem birt var hjer og í Danmörku, má nú skoða sem víxil, er konungsvaldið gaf út á Alþingi, þess efnis, *að* Alþingi samþykki að konungur ákveði með úrskurði *í eitt skifti fyrir öll*, að sjermál vor verði borin upp í ríkisráðinu á sama grundvelli og áður, og *að* á þeim grundvelli verði engin breyting gjörð, nema með samþykki Ríkisþingsins og Alþingis. Þenna víxil ætluðust Danir til að Alþingi samþykti, en það vildi hið nýkosna Alþingi ekki gjöra; leiðirnar voru þrjár, sem það gat farið, til þess að ónýta verkanir opna brjefsins:

1. að fella stjórnarskrána,
2. að breyta henni, og
3. fyrirvaraleiðin.

Fyrsta leiðin var alveg örugg, og sú eina, sem var áreiðanlega fær. Önnur leiðin var varasöm, því að ef breytt var til, og t. d. ríkisráðsákvæðið látið standa eins og það hafði áður verið, þá var eins og endurnýjuð væri samþykt á því, að alt skyldi vera á sama grundvelli og áður var. En þriðja leiðin, fyrirvaraleiðin, var stórhættuleg, því að hvort hún gat komið að haldi, fór alveg eftir því, *hvaða maður hjelt á fyrirvaranum.*

Meiri hluti Sjálfstæðisflokksins ákvað nú samt sem áður að fara fyrirvarleiðina. Treysti því, að Sigurður Eggerz ráðh. myndi fara samviskusamlega með fyrirvarann, eins og hann líka gjörði, að allra flokksmanna dómi. Þeir hafa allir lýst yfir því, og utanstefndu flokksmennirnir með, að framkoma hans í ríkisráðinu hafi verið í fullu samræmi við það, sem í fyrirvaranum falst, og engin af þeim yfirlýsingum var neinum skilyrðum bundin, þótt nú sje ef til vill verið að reyna að teygja þær og finna á þeim smugur til að læðast í gegnum. Stjórnarskráin var svo samþykt á þingi í fullu trausti þess, að fyrirvarinn yrði samþyktur af konungsvaldinu með þögn eða samþykki, **og að stjórnarskráin yrði ekki borin fram að öðrum kosti.** Reyndar gjörðu nú ekki allir fulltrúar sjer vonir um, að málið gengi fram á þenna hátt, því að ýmsir hjeldu, að staðfesting fengist ekki, ef fyrirvaranum væri haldið fast fram. En sjálfstæðismenn litu svo á, að það hefði þó þýðingu, að senda ráðherrann þessa »forsendingu«, sem sumir kölluðu, því að ef fyrirvarinn væri rækilega fram borinn, og það yrði stjórnarskránni að falli, svo að ráðherra yrði að leggja niður embætti sitt, þá væri þar með fengin full sönnun fyrir því, að konungsvaldið bæri oss ofurliði í þessu máli. Þá væri engin hætta að una við gamla fyrirkomulagið enn um sinn, úr því sem komið væri, breyta svo stjórnarskránni samkvæmt því á þessu þingi, sem samþykkja hefði svo

mátt til fullnustu á næsta ári, og una svo rólegir við málalokin, með því að þau væru þá eigi *okkur* að kenna, heldur hefðum vjer orðið að þola um sinn ofurefli konungsvaldsins. Með þessu móti var engum rjetti spilt, *þó* vjer hefðum orðið að láta ríkisráðsákvæðið gamla standa í stjórnarskránni. Svona hlaut hver hreinskilinn sjálfstæðismaður að ályktа.

Á fyrirvaranum einum og þessum skilyrðum bygðust atkvæði meiri hlutans með stjórnarskránni, á síðasta þingi, og á því bygðist samþykt hennar.

Nú er að gjöra sjer grein fyrir því, hvað fyrirvarinn var, og hefi jeg að nokkru leyti gjört það þegar, og hvernig hægt var að beita honum. Fyrirvarann má skoða sem *umboð* frá Alþingi, sem ráðherra *á að fylgja*, er hann ber fram stjórnarskrána. Af því að fyrirvarinn er ekki lög, eða t. d. inni í sjálfri stjórnarskránni, *þá verður hann alveg þýðingarlaus bókstafur, nema konungsvaldið beint viðurkenni gildi* hans *með þögn að minsta kosti, og helst með samþykki*, alveg eins og hæstv. ráðherra hafði sjálfur haldið fram í Ísafold. Og fyrrverandi ráðherra (S. E.) skildi það líka svo, að hann gæti ekki borið stjórnarskrána fram, ef því var mótmælt, sem í fyrirvaranum falst. Að taka við staðfestingu stjórnarskrárinnar á þeim grundvelli, var sama sem að falla frá fyrirvaranum, fara út fyrir umboðið. Þetta er líka í samræmi við skoðanir fleiri helstu lögmanna. Það er sýnt og sannað, að hæstv. núverandi ráðh. var þá á þeirri skoðun, að beint þyrfti að vera lýst yfir því, að fyrirvarinn væri viðurkendur. Þetta verða menn að festa sjer vel í minni, hvað þá var sagt. Þingið velur ákveðinn ráðherra, sem það treystir, til þess að fara með umboðið. Og hann má ekki bera stjórnarskrána fram til staðfestingar — **ekki afhenda Dönum samþyktan víxilinn**, nema þeir samþykki skilmálana, sem Alþingi setti fyrir því, að stjórnarskráin mætti verða að lögum, *skilmálana í umboðinu*. Umboðið mótmælir opna brjefinu frá 20. okt. 1913, eða því, að uppburður sjermála Íslands skuli verða lagður undir valdsvið dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda, með því, að Alþingi *áskilur* að konungsúrskurður sá, sem boðaður var í opna brjefinu, verði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður, enda geti konungur breytt honum á ábyrgð Íslandsráðherra *eins*, og án nokkurrar íhlutunar af hálfu dansks löggjafarvalds eða danskra stjórnarvalda o. s. frv.

Nú ber hinn þingvaldi ráðherra, Sig. Eggerz, stjórnarskrána fram 30. nóv. 1914, og eru þá þegar hafin mótmæli gegn fyrirvaranum, þótt ekki væru þau nærri eins ákveðin og þá er hæstv. núv. ráðherra átti í samningunum í vetur. Þá hættir hann við að bera stjórnarskrána fram og segir af sjer embætti. Hann skilur nákvæmlega rjett umboð sitt og fylgir því með óvenjulega mikilli dygð og ráðvendni. Hann velur *þá einu leið, sem fær var, ef fyrirvarinn ætti að ná nokkru gildi*. Þetta vona jeg að allir flokksmenn átti sig á, því að það hefir verið viðurkent af öllum, alt fram til þeirrar stundar, er þrímenningarnir fóru á konungsfund. Um það hefir oft verið talað, og enginn sá þá aðra leið, þegar það var athugað, hve sviðið var þröngt, sem hægt var að nota fyrirvarann á. *Þá* skildu með öðrum orðum allir umboð þingsins, eins og jeg skil það *nú*.

En svo tekur nýr ráðherra við embætti. Jeg sleppi alveg að lýsa öllum aðdraganda að því máli. Það má gjöra á öðrum stað og tíma. Hann tekur ekki

við sem venjulegur »Forretnings«-ráðherra. Nei, hann tekur að sjer umboðslaust af Íslendinga hálfu að afgreiða stjórnarskrána á alt öðrum grundvelli en þessum, sem þingið ætlaðist til, sem sje *á danska grundvellinum*. Öðruvísi gat það sem sje ekki orðið. Hæstv. ráðherra gat sagt sjer það sjálfur, að konungsvaldið ætlaði ekki að veita staðfestinguna upp á aðra skilmála en þá, sem í boði voru 1913, og þess vegna var engin von um staðfestingu á öðrum grundvelli en þeim danska.

Áður en jeg minnist á, hvað fram fór í síðara skiftið í ríkisráðinu, vil jeg taka það fram, *að þær ræður, sem þar eru fluttar, eru samdar fyrirfram, og skriflegar* og samþyktar af viðkomandi ráðherrum, áður en á ríkisráðsfund er komið, og þannig hefir þá það, sem þar fór fram í þetta sinn, verið undirbúið í samráði við Íslandsráðherra og með samþykki hans. Þetta má og ráða af því, sem Knud Berlin skrifar í blaðið »Köbenhavn«, *daginn áður* en ríkisráðsfundurinn var. Hann lætur þar vel yfir því, sem þar muni gjörast, en segir um leið löndum sínum, að þeir skuli ekki vera alt of glaðir, því að enn eigi Íslandsráðherra eftir að komast yfir margar »gaddavírsgirðingar« heima á Íslandi, og enn muni vera þar sjálfstæðismenn í skotgröfunum. Hvað á hann við með þessu? Hann veit, að hæstv. ráðherra var búinn að gefa eftir, og að Danir áttu að fá öllu framgengt, sem þeir vildu í ríkisráðinu í Kaupmannahöfn. En hann veit líka, að með þessu hafði hann farið út fyrir umboð, er hann hafði frá Alþingi, og að gjörningar hans voru ekki gildir, nema honum gæti tekist að fá Alþingi til að fallast á þá, enda þótt þeir væru ekki samkvæmir umboðinu. Þetta voru gaddavírsgirðingarnar, sem hann átti eftir að komast yfir, og Knud Berlin hefir líklega haldið, að þær væru sterkari, en þær ætla nú að reynast.

Eitt af því fyrsta, sem jeg rak mig á, þegar jeg las umræðurnar á ríkisráðsfundinum, var það, að farið er með stjórnarskrármálið eins og það væri sameiginlegt mál, en það gjörir ráðherrann ekki samkvæmt umboði Alþingis. Það er einnig mjög sjaldgæft, að hafðar sjeu langar umræður um málin á ríkisráðsfundum, *tilbúnar fyrir fram*, og sem svo eiga að birtast. *(Ráðherra:* Það er ekki sjaldgæft, því að það eru umræður á hverjum einasta ríkisráðsfundi). Það er sjaldgæft, að umræðurnar sjeu svo langar og fyrir fram skrifaðar; menn grípa ef til vill fram í um einstöku mál, en hitt er áreiðanlega sjaldgæft, að málin sjeu rædd svo ítarlega, sem þetta mál var rætt. En til þess liggja sjerstakar ástæður. Hjer þurfti að *semja* og birta Dönum þann samning, sem gjörður yrði, svo að þeir vissu hvað verið væri að gjöra.

Jeg skal — til þess að lengja ekki umræðurnar úr hófi — hlaupa yfir mest af því, sem gjörðist á ríkisráðsfundinum. Þó get jeg ekki stilt mig um að minnast á það, sem forsætisráðherrann segir. Fyrst er hann látinn segja:

> »Eftir ummælum þeim, sem ráðherra Íslands hefir haft, er enginn ágreiningur um það, að íslensk lög og mikilvægar stjórnarathafnir verði áfram eins og hingað til bornar upp fyrir Yðar hátign í ríkisráðinu«.

En einmitt hefir vilji Alþingis verið það, að fá málin út úr ríkisráðinu, þó ráðherra haldi því gagnstæða fram. Þá segist hann geta fallist á þá skoðun, »að spurningin um breytingu á ríkisráðsákvæðinu sje form-fræðilegs eðlis«, hafi þannig enga praktiska hlið, en því fer fjarri, að svo sje. Þá tekur hann það og fram, að danska skoðunin á þessu

formfræðilega atriði fari í þá átt, »*að því verði eigi breytt, nema ný skipun verði á gjörð, er feli í sjer líka tryggingu, sem þá, er nú er*«. Og hver á svo að ákveða þessa tryggingu? Enginn getur ákveðið hana nema Danir sjálfir. Og liggur þá ekki næst að halda, að tryggingin eigi að vera fólgin í því, sem ákveðið er í opna brjefinu 20. okt. 1913, eða með öðrum orðum í nýjum sambandssamningi? Svo talar forsætisráðherrann um eftirlitsstaðinn með íslenskum sjermálum, og um birtingu þess, sem gjörist í ríkisráðinu í þessu máli. Í öllu þessu felast ótvíræð mótmæli gegn fyrirvara Alþingis, og þessi mótmæli eru svo staðfest af konungi. Ráðherra Íslands svarar að vísu forsætisráðherranum og mótmælir hans skoðun á málinu, en þau mótmæli eru alveg þýðingarlaus, þegar hann mótmælir ekki einnig því, sem konungur hafði sagt, því að ummæli konungs sýna, að hann lítur á málið sömu augum og forsætisráðherrann, en *afneitar* skoðun Íslandsráðherra. Konungur tekur það fram, að það sje staðfest frá *öllum hliðum*, að samkomulag sje um það, að sjermálin verði borin upp fyrir sjer í ríkisráði, og hann skipar fyrir, að svo sje gjört framvegis, sem hingað til. Hann vísar til fyrri ummæla sinna í ríkisráði um þetta mál (einnig ummælanna 20. okt. 1913) þessu til styrkingar. *Þau eru grundvöllurinn, sem staðfestingin byggist á.*

Konungurinn staðfestir orð forsætisráðherrans, »að engin breyting verði á þessu gjörð, nema önnur skipun jafntrygg þeirri, sem nú er, verði gjörð«. *Þar með mótmælir hann orðum Íslandsráðherra og fyrirvara Alþingis.*

Þrátt fyrir alt þetta ber ráðherrann stjórnarskrána fram til staðfestingar, og fellur þar með frá fyrirvaranum, því að *hann tekur að sjer ábyrgðina á orðum konungsins og samþykkir þau.*

Eins og hjer er nú frá skýrt, getur engum blandast hugur um, að stjórnarskráin er staðfest upp á efni opna brjefsins 20. okt. 1913. Því að hver ákveður, hver þessi önnur skipun sje, sem á verði að gjöra til þess að breyting geti orðið á ríkisráðsákvæðinu? Danir! Þeir hafa það alveg í hendi sinni að ákveða það *samkvæmt opna brjefinu 1913*, ef þeir vilja.

Mótmæli ráðherrans við ræðu forsætisráðherrans hafa enga þýðingu, úr því að hann leggur stjórnarskrána fram undir staðfestingu og undirskrifar hana með konungi, því að þá tekur hann að sjer ábyrgð á ummælum konungs, sem eru alveg sams konar og þau ummæli, sem hann mótmælti hjá forsætisráðherranum. Dæmið er glögt; hvernig sem það er flækt og vafið, þá verður útkoman sú sama og 1913, og ekki verður nú annað sjeð en að hæstv. ráðherra hafi nú fallið frá öllu, sem hann hafði áður sagt um þetta mál.

Mótmælatilraun hæstv. ráðherra er að mínu áliti alveg sama eðlis eins og ef einhver krefði annan um skuld, og færi fram á, að skuldarinn samþykti víxil fyrir henni, en skuldarinn mótmælti skuldinni, kæmi með bakreikninga o. s. frv. Hvað mundu nú slík mótmæli þýða, ef skuldarinn samt sem áður undirskrifaði og samþykti víxilinn? Nákvæmlega eins er hjer að farið.

En eru nú nokkur ráð til þess að afneita þessum staðfestingarskilmálum, sem gjörðir eru *þvert ofan í fyrirvara Alþingis?*

Já, þau liggja í augum uppi.

Við höfum fengið stjórnarskrána, og hún verður ekki aftur tekin, en staðfestingarskilmálunum getum við mótmælt. Og við getum gjört meira, án þess að snerta eitt hár á höfði ráðherrans. Þetta hefir honum verið boðið, en hann getur ekki gengið að því. Danir

hafa sennilega verið svo forsjálir, að stemma þann ós; þeir vilja auðvitað fá sinn hluta óskertan.

Að við getum mótmælt staðfestingarskilyrðunum, liggur mjög í augum uppi, ef gætt er að því, að þessi hæstv. ráðherra, sem nú situr að völdum og undirskrifaði stjórnarskrána með konungi, er ekki valinn af þinginu. Alþingi getur því ekki borið neina ábyrgð á staðfestingarskilmálunum, alt til þessarar stundar. *En nú er stundin komin*, er skera á úr, hvort menn meta meira, landsrjettindi Íslands, eða einskis verða velþóknun eins ráðherra. Það er eðlilegt, að hæstv. ráðherra, sem sýnilega hefir gengið út fyrir umboð sitt, vilji fá samþykki þingsins eftir á fyrir því, sem hann hefir gjört, en hann getur ekki búist við því af okkur, að við stöndum aðgjörðalausir og horfum á leikinn, úr því að við erum á öðru máli en hann. Við hvorki getum nje viljum loka augunum fyrir því, að verið er hjer að sauma að rjettindum landsins.

Tillagan, sem borin er fram, er svo vægt orðuð, sem frekast var unt. Hún var orðuð þannig, til þess að gjöra það, sem mögulegt var, til að reyna að halda Sjálfstæðisflokknum saman utan um rjettindi Íslands, og mig furðar á því, að sumir þingmenn skuli hafa orðið til að gjöra gys að því, sem einungis er gjört í því skyni, að samkomulag fáist milli hinna svokölluðu sjálfstæðismanna, um að vernda rjettindi og sjálfstæði landsins.

Jeg er viss um það, að þjóðin sjer það á sínum tíma, þótt hún ef til vill sjái það ekki nú, að hjer er um þýðingarmikið atriði að tefla.

Þótt þessi tillaga yrði samþykt, þá gæti það ekki haft neina praktiska þýðingu fyrir hæstv. ráðherra. En sigur stefnunnar er undir því kominn, hvort hæstv. ráðherra vill styðja að því með fylgismönunum sínum, að samþykkja hana. (*Ráðherra:* Er bankastjórinn einn af þeim). Nei. Jeg er ekki einn af þeim, en einhverja hefir hann með sjer, og vilji hann ráða þeim til að samþykkja tillöguna, þá er sjálfstæðismáli voru borgið. Sjálfur þarf hann ekki einu sinni að greiða henni atkvæði. Menn hafa nú sjeð, að enn er hægt að bjarga málinu, þó full björgun sje ekki fengin, nema með falli ráðherrans á þessu máli. En til þess þurfum við að lyfta huganum hátt eitt augnablik. *Hærra* en við erum vanir að gjöra. Ekki til þess að ná í völd og fje, því að það kemur af sjálfu sjer, ef hugurinn stefnir nógu hátt í umhyggjuseminni fyrir *öðru* — fyrir *föðurlandinu*. Hugsunin verður að stefna svo hátt, að smámunirnir verði að reyk. Við megum jafnvel ekki horfa í það, þótt vinaböndin bresti í bili; þau eru hvort sem er ekki alt af sem traustust hjer á landi; þau eru venjulegast hnýtt einhverjum hagsmunahnútum, því miður.

Berum nú saman umhyggju okkar fyrir föðurlandinu og frelsi þess, og umhyggjusemi annara þjóða fyrir föðurlandi þeirra. Dæmin höfum við fyrir okkur, og þau alveg ný. Alþingi Íslendinga er í vandræðum út af því, að samþykkja tillögu til þess, að reyna að tryggja landinu sjálfstæði sitt í sjermálum þess, og hefir opinn leik á borði til þess. Þessi vandræði stafa af því, að sumir þingmenn halda, að einum ráðherra geðjist ekki að því, að tillagan sje samþykt. En aðrar þjóðir senda á sama tíma miljónir manna, sinna bestu sona, út á vígvöllinn, þar sem þeim er slátrað á kvalafullan hátt. Þær fórna miljónum af mannslífum og efnum sínum til þess, að vernda sjálfstæði þjóðar sinnar. Jeg spyr: Er Íslendingum að fara aftur andlega og siðmennilega?

Líti menn til tíma Jóns Sigurðssonar. Menn hafa gott af því nú á tímum, að

líta við og við aftur til hans, og þess tíma, þegar hann starfaði. Á tímum Jóns Sigurðssonar hnöppuðust bændur og prestar landsins saman um sjálfstæði landsins undir forustu hans, en embættismannastjettin í Reykjavík með þeim konungkjörnu stóð þá hinum megin móti sjálfstæði landsins. Hvað margir bændur og prestar fylgdu þá embættismannastjettinni í Reykjavík? Auðvitað stendur nokkuð öðru vísi á nú, heldur en þá. Þá var efnishyggjan (»Materialisminn«) ekki búinn að hertaka Alþingi. *(Ráðherra:* Hvað meinar þingmaðurinn með »Materialisma«?) Hæstvirtur ráðherra skilur vel, við hvað jeg á. *(Ráðherra:* Það þurfa fleiri að skilja það). Það skilja það víst allir, sem *vilja* skilja það, og þarf því engrar skýringar við.

Er það af *ótta*, að menn halda nú ekki sjálfstæðismálunum fram eins og áður?

Jeg var fyrir nokkru síðan staddur á fundi, og hitti þar gamlan kunningja minn. Hann skaut því fram, að það gæti verið hættulegt fyrir okkur, að vera með svona tillögu, eins og þá, er nú á að koma undir atkvæði, og sagði, að sumir mundu iðrast þess síðar. Jeg tók það svo, að einhver ætlaði að hefnast á mjer eða öðrum í hópnum fyrir það. Og hægast var að hefnast á mjer í þeim hóp, eins og á stóð. Af þessu getur skapast ótti hjá mörgum manni, því að menn vita, að andi mannsins er ekki enn orðinn svo göfugur, að hann geti metið rjettilega skoðanamun, þótt bygður sje á sannfæringu. En jeg hygg, að óttinn sje í raun og veru ekkert annað en ambátt siðleysis- efnishyggju og yfir höfuð andlegrar lítilmensku. Og jeg hygg enn fremur, að sá, sem gengur að þingstarfinu, sem á að vera heilagt, *með hreinum hug og hjarta og með það eitt fyrir augum, að nota krafta sína eingöngu til hagsmuna fyrir þjóðfjelagið, hann þurfi ekkert að óttast. Enginn* mannlegur kraftur megnar að vinna slíkum manni mein. Þess vegna skulum vjer ódeigir hafna dagskránni, sem fram hefir verið borin, en samþykkja tillöguna. Og þó að einhverjir, ef til vill, verði látnir gjalda þess efnalega, þá getur þó enginn skaðað andann.

Jeg skal svo ekki ræða lengur um þetta mál; jeg þurfti að segja meira, en sleppi því, til þess að lengja ekki umræðurnar langt úr hófi.

Bjarni Jónsson: Síðan jeg flutti fyrri ræðu mína hefir margt hrúgast saman, sem full þörf væri að svara, en jeg mun þó sneiða hjá því, sem mest má verða. Flutnm. (S. E.) hefir og svarað mörgu, svo að eigi þarf þar um að bæta, en þó verð jeg að inna til um nokkur atriði. Það er þá fyrst, að mig furðaði á orðum hæstv. ráðherra, er hann sagði, að sjer væri það vonbrigði, hversu mjúklega þessi tillaga er orðuð, og þóttist hafa búist við, að »meira óveður mundi koma úr sorta þeim, sem legið hefir á fjöllunum í sumar«, að mjer skildist. Jeg hjelt nú, að hann mundi verða því feginn, hversu vel rættist úr, en hann er auðsjáanlega ofurhugi og óskar þess, að hann fái nú »ærlegt regn og íslenskan storm á Kaldadal«. Jeg mun engu spá um það, hvort hvast muni á honum, eða hvort hann geti nú haldið próf á karlmensku sinni, en það er víst, að þessi tillaga verður því eigi til fyrirstöðu.

Þá heyrði jeg hæstv. ráðherra tala um margdrepin landsrjettindi, og mundi jeg þá eftir, að jeg hafði lesið um það kýmnigrein í Lögrjettu fyrir einu eða tveim árum, og nýlega sá jeg sömu greinina í einu norðanblaðinu, og nú heyri jeg þetta í þriðja sinn af munni

hæstv. ráðh. Það verður því naumast sagt, að hann sje mjög frumlegur í þetta sinn. Má vera, að hann hafi eigi stefnt þessu til mín, en blöðin ætluðu mjer það. Jeg nota því tækifærið, til þess að geta um það, að jeg hjelt því aldrei fram, að vjer hefðum leitt dönsku gröndvallarlögin í lög hjer á landi með ríkisráðsákvæðinu 1903. Jeg hafði að því leyti eins konar sjerstöðu meðal landvarnarmanna. Og þó að þessu sje haldið fram í því blaði, sem jeg stýrði þá, er það eigi af mínum toga spunnið, og verða menn þar að gæta þess, að annar maður var stjórnmálaritstjóri.

Þá sný jeg mjer að hv. 1. þm. Rvk. (S. B.). Skrafi hans um umbúðapappírinn hefir þegar verið svarað, og get jeg því leitt það hjá mjer. En þar sem hann hjelt því fram, að orðalag stjórnarskrárinnar, »þar sem konungur ákveður« væri eftir tillögu háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.), þá er það ekki rjett. Hans tillaga í Þjóðviljanum var sú, að svo skyldi orða: »í ríkisráði eða annarsstaðar«. Á þinginu 1913 var jeg í stjórnarskrárnefndinni af hendi sjálfstæðismanna. En er nefndarmenn hreyfðu tillögu þeirri úr Þjóðviljanum, þá sagði jeg, að jeg mundi kljúfa nefndina, ef »ríkisráðið« væri nefnt í stjórnarskrártillögum nefndarinnar. Þá stakk einhver upp á því, að haft væri það orðalag, sem nú er, og kvaðst jeg mundu láta mjer lynda það. Því að mjer var það þegar ljóst, að með því var sannað, að málið væri eingöngu íslenskt mál. Hv. 2. þingm. Rvk. (J. M.) getur borið mjer vitni, um að jeg segi hjer rjett frá. Ræðumaður sagði, að þingið hefði beygt af eða látið undan með þessu orðalagi, en það er ekki rjett. Í þessum orðum liggur það, að málin áttu ekki að vera borin upp í ríkisráðinu. Því að úr því það er gjört íslenskt úrskurðarmál, lagt undir íslenskt úrskurðarvald (þ. e. konung og ráðherra Íslands), þá er þar með útilokað, að úrskurðurinn geti hljóðað upp á ríkisráð Dana, því að íslenskt úrskurðarvald nær eigi til þeirrar stofnunar. En er konungur hafði sagt, að hann vildi hafa málin borin upp í ríkisráðinu, þá varð að koma þar í móti yfirlýsing Alþingis um, að það leyfði það eigi, nema með því skilyrði, að sá úrskurður yrði skoðaður sem hver annar íslenskur konungsúrskurður. Þetta var ein ástæðan til fyrirvarans.

Þar sem háttv. þm. (S. B.) hjelt því fram, að orðalag fyrirvarans væri óljóst, þá er það ástæðulaust. Hann er svo skýrt orðaður, sem þörf er á, og getur enginn komist í kringum hann. Í fyrra var og engin deila um, hvernig ætti að skilja hann, og í yfirlýsingu 24 þingm. í vetur var ljóslega sagt, hver sá skilningur væri. Áskilið var, að úrskurður þessi væri »skoðaður, sem hver annar íslenskur konungsúrskurður«, það er, yrði til á sama hátt og yrði breytt á sama hátt.

En verður honum nú breytt án tilhlutunar Dana? Ræðumaður sagði, að honum mætti breyta, hve nær sem væri. En það var leitt, að honum skyldi þá gleymast að svara því, sem jeg spurði í fyrri ræðu minni. Hvernig ætla þeir, þrímenningarnir, að hrekja það, ef Danir segja, að sjer hafi verið gefið loforð um, að þessu verði eigi breytt í stjórnartíð þessa konungs? Þeir segja, ráðherra og hans menn, að slíkt loforð hafi konungur og ráðherra ekki gefið, því að konungur mundi geta breytt, ef hann vildi. Þetta sýnir, að þeir hafa eigi viljað gefa loforðið, en þeir ættu þá og að geta sannað, að Danir hefðu eigi gilda ástæðu til þess að herma upp á þá loforðið. Því að ef þeir gjöra það, þá mundi svo fara, að þá er konungur vildi breyta úrskurðinum, mundi for-

sætisráðherra Dana rísa móti því og segja: »Þessu megið þjer eigi breyta, herra, því að 19. júní 1915 lofuðuð þjer oss Dönum því, að breyta eigi til, meðan þjer rjeðum ríkjum«. Þetta ættu þeir því, ráðherra og hans menn, að útiloka, og illa tókst sú fyndni, að fara að kalla mig talsmann Dana, þótt jeg gjörði þeim upp orðin. Þeim mátti þykja vænt um, að jeg kom fram með þessa spurningu, svo að þeir fengi ástæðu til að hrekja hana. En hví gjöra þeir það ekki?

Þá sagði háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), að tillagan væri að eins umbúðir utan um vantraust á ráðherra. Þetta er næsta undarlegt. Þeir, sem bera tillöguna fram, segja, að hún sje einungis öryggistillaga, sem orðalag hennar sýnir. En ráðherra og vildarvinir hans, vilja endilega gjöra úr henni vantrauststillögu, þótt enginn hafi mælt fyrir henni á þá leið.

Ósjálfrátt flýgur mjer gamalt máltæki í hug, að »illur á sjer ills von«, og búast þrímenningarnir við, að alt verði sjer að áfellisdómi, jafnvel þótt tekið sje fram, að það eigi ekki að vera það. Jeg sje enga ástæðu til, að ráðherra greiði ekki atkvæði með þessari tillögu, úr því flutningsmenn segja hana öryggistillögu og annað eigi.

Umræðurnar um tillögu þessa hafa verið allsnarpar og skömmóttar með köflum, og hefir enginn gengið frekar fram í því en ráðherra, og hefir hann verið ósár á að láta það fljúga, sem honum hefir dottið í hug, þótt það væru árásir á menn, en þeir hafa þá svarað honum á sama hátt. En jeg hafði hugsað mjer, að umræðurnar um þessa till. yrðu hógværar og röksamlegar, því að tillagan var borin fram í því skyni, að hjer kæmi skýrt fram í deildinni, hvort þingmenn vildu víkja frá fyrirvara þingsins 1914, eða þeir vildu sanna, að þetta mál sje alt á valdi vor Íslendinga. Hitt annað, sem menn þykjast þurfa að segja, kerskni, hnýfilyrði og ávítur, ætti helst ekki að koma hjer fram. Til þess er nógur tími á eldhúsdaginn. Hefðu menn hagað umræðum svo, þá hefði betur náðst tilgangur tillögunnar, sá tilgangur, að fá glögg skil á vilja þingdeildarinnar. Jeg gjörði mjer far um það í fyrri ræðu minni, að hnýfla engan, svo eigi ber jeg ábyrgð á flækjum þeim, sem fram hafa komið, og það er fastur ásetningur minn, að fara eins að nú, og reyna að tína saman úr umræðunum það, sem sagt hefir verið um málefnið, um vilja þingsins. Málið var upp tekið til þess, að fá að vita hann.

Jeg mun því lítt svara aðkasti að sjálfum mjer, en verð þó að minnast á tvent í ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) af því kyni. Hann og ráðherra hafa báðir vitnað til orða minna í fyrra á þinginu. En þau eiga hjer eigi við, því þar sagði jeg, að það væri markleysa, ef konungur segði eitthvað án ábyrgðar. Hjer er ekki því að heilsa; ráðherra Íslands ber ábyrgð á orðum konungs. Þettu eru því rökvillur hjá þeim. Eitt var það í ræðu þessa þingmanns (S. B.), sem jeg lýsi ósatt og getsakir. Þar á jeg við brigsl hans um, að við hefðum viljað tefja fyrir stjórnarskrármálinu. *(Sveinn Björnsson:* Það sagði jeg ekki). Það hefi jeg þó skrifað mjer til minnis. En hafi þingmaðurinn ekki sagt það, þá þarf eigi að mótmæla því. *(Sveinn Björnsson:* Jeg sagði, að þeir hefðu *ætlað* sjer að gjöra það). Nú, enginn ætlar sjer að gjöra hlut, nema hann vilji hann, og skal því yfirlýsing mín standa, að það sje ósatt mál, sem þingmaðurinn fer með. Svara jeg því eigi frekar.

Þá kem jeg að síðustu ræðu ráðherra. Jeg hafði nú búist við, að hann mundi leiða menn í allan sannleika og sýna,

hvernig vjer mættum ónýta þessi rök fyrir Dönum, sem jeg benti á í fyrri ræðu minni, að þeir mundu flytja fram. En þessu var ekki að heilsa. Hann gjörði deildinni þann greiða, að fræða hana um, að Haag væri á Hollandi, og er það þakkarverð viðleitni á, að fræða menn um torvelda hluti, en það kemur ekki mikið þessu máli við. Þó reyndi hann að svara einu atriði í minni ræðu. Jeg hafði gjört Dönum þau orð upp, að meðferð málsins í Ríkisráðinu sýndi, að það væri eigi eingöngu íslenskt mál, en svar ráðherra var þetta: »Okkur varðar ekkert um, hvað Danir segja«. Okkur hlýtur þó að varða um, hvað þeir geta sagt með rjettu um vor mál. En hjer var einmitt spurt um, hvort Dönum væri heimilaður íhlutunarrjettur með staðfestingarskilmálunum um það, hvort og hve nær megi breyta þessum íslenska konungsúrskurði, hvort þeir mundu þá eigi segja: »Þessum úrskurði verður eigi breytt, nema með sömu aðferð, sem hann var gjörður, þ. e. í samvinnu við yfirráðherra Dana«. Við því vildi jeg fá svar, en það fór heldur en ekki út í hött hjá ráðherra.

Þá sagði ráðherra, að viðurkenning Dana hefði eigi verið heimtuð, og mun það rjett vera. En heimtað var, að öll meðferð konungsvaldsins á málinu bæri með sjer, að það viðurkendi, að hjer væri íslenskur konungsúrskurður, sem hver annar. Til þess nú að konungur gæti sýnt það í verkinu, þá varð hann að sjá um, að ráðherra Dana sletti sjer eigi fram í þetta mál. Þetta gat konungur auðvitað, þar sem hann er forseti ríkisráðsins og átti auðvitað að hafa aðstoð Íslandsráðherra til þess. Að minsta kosti þess Íslandsráðherra, sem nú er, því hann hefir ritað mikla bók um rjettarstöðu Íslands, og niðurlag og niðurstaða þeirrar bókar hljóðar svo:

»Í nokkrum málum landsins er konungur einvaldur, en í öðrum málum ræður hann ásamt Alþingi, og um engin mál landsins hafa dönsk stjórnarvöld nokkurn lögformlegan íhlutanarrjett«.

Ráðherra hafði rjett eftir mjer, að þingið hefði ætlað sjer að sigra í þessu máli. Það var staðráðið í að sigra, og til þess var málið upp tekið, svo sem alkunnugt er.

Jeg get vel skilið, að ráðherra og hans menn haldi því fram, að tillagan sje óþörf af því, að vjer höfum sigrað, telji oss hafa sannað og fengið viðurkenningu konungsvaldsins fyrir því, að málið sje og verði á voru valdi. Þessa yfirlýsingu vildi jeg heyra af munni hæstv. ráðherra, en hitt veit jeg eigi, hvers vegna hann fer að spyrja um, hvernig vjer höfum ætlað að sigra í vetur, því það kemur þessum umræðum ekki við. En þó þótti mjer kasta tólfunum, er hann sagði, að Íslendingar hefðu svínbeygt sig, ef konungur hefði neitað um staðfestingu á stjórnarskránni. Jeg mótmæli því, að það sje að svínbeygja sig, eða yfir höfuð að hopa frá kröfum sínum eða rjetti, þótt konungsvaldið bryti á oss almennar þingræðisreglur fyrir óheimil afskifti annars ríkis. Það er og eigi annað en spádómur, að svo hefði farið. Ef flokkur sá, sem rjeð málinu í fyrra, hefði haldið sjer fast við gjörðir fyrrv. ráðherra, og ef engir hefðu látið bilbug á sjer finna, þá er jeg sannfærður um, að konungur hefði gjört að vilja þingsins. En hefði þó svo óliklega farið, að hann hefði ekki gjört það, þá hefði sjest, hvort þingmenn voru varbúnir við að láta skríða til skarar. Er ekki víst, að sú hefði orðið raunin á, sem ráðherra gjörði ráð fyrir í sinni ræðu, að þá hefði brostið áræði. Ef ráðherra hefði gengist

fyrir því, í staðinn fyrir þetta staðfestingargutl sitt, þá get jeg fullvissað hann um, að jeg hefði eigi orðið lakari sporgöngumaður þar en hann forgöngumaður.

Ráðherra gat þess til, að skilningur vor sjálfstæðismanna, væri bygður á fljótfærni. En gæti hann vel að sjálfum sjer og sinni æfisögu, hvort eigi mundi meiri ástæða til að óttast fljótfærni hjá honum í þessu staðfestingarmáli.

Einn hlutur er sá í þessum umræðum, sem jeg get eigi skilið, hvernig kominn er inn í þær. Það eru ummæli hæstv. ráðherra og háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) um birtinguna á hinum illræmdu leyniboðum, sem þeir fluttu til landsins. Af henni getur þó rjettindum þessa lands engin hætta stafað, og hvers vegna vilja þeir þá blanda henni inn í deiluna um þessa tillögu? Jeg ætla mjer ekki að svara því máli hjer sem mætti, en verð þó að geta þess, að illmæli þeirra um »drengskaparheitrof« er gripið úr lausu lofti. Vjer höfum ekkert loforð gefið, hvað þá drengskaparloforð. Í fundarbók flokksstjórnar stendur að eins þetta:

> »Sveinn Björnsson gat þess í upphafi, að tillögur þær, sem þeir fjelagar hefðu meðferðis, mætti eigi sýna öðrum en þingmönnum og flokksstjórnarmönnum, og gjörði þá kröfu til fundarmanna, að þeim væri haldið leyndum. Var það samþykt«.

Meira stendur ekki í fundarbókinni, en skrafað var utan um það, áður en atkvæði voru greidd. Háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að ekkert væri á móti að leyna því *að svo stöddu*, og við hinir sögðum, að engin þörf væri á að birta það, ef enginn hjeldi því fram. Þetta var því aldrei neitt loforð, hvað þá drengskaparloforð, heldur einungis fundarsamþykt, og hún *bundin ákveðnu skilyrði*, að tilboðinu yrði eigi haldið fram. Hverjum dettur í hug, að vjer höfum heitið að geyma stjórnmálalaunungar mótstöðumanna, sem vjer töldum varhugaverðar og hættulegar landi og lýð? Um sjálfan mig er það að segja, að þessi fundarsamþykt var engin kvöð á mjer, því hæstv. ráðherra sýndi mjer þetta skjal, áður en hún var gjörð og gaf mjer nægan tíma til þess að kynna mjer það, og setti mjer engin skilyrði. Hitt kann rjett að vera hjá hæstv. ráðherra, að vjer hefðum átt að birta þau fyrr. En vjer biðum, af því vjer vildum lofa ráðherra að gjöra það sjálfum, enda sögðust þeir, að minsta kosti háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), vera að reyna að fá leyfi til þess. *(Sveinn Björnsson:* Rjett). Vjer fórum eftir því og vildum ekki taka frá honum tækifærið.

Jeg hefi þá sýnt fram á það, að heitrofabrigslin eru í lausu lofti. Jeg býst við, að jeg fái síðar tækifæri til þess, að svara þessum áburði þeirra, sem vert er, en læt mjer nú nægja þetta, til þess að eigi standi í þingtíðindunum mótmælalaus fáryrði þeirra um mig og fjelaga mína.

Þá kem jeg að ræðu háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.). Hann lýsti yfir því, fyrir hönd heimastjórnarmanna, að þeir hefðu litið alt öðrum augum á fyrirvarann en vjer sjálfstæðismenn. Eftir orðum hans að dæma, eru heimastjórnarmenn ekki bærir að dæma um það, hvort fullnægt sje þeim fyrirvara, sem vjer orðuðum og samþyktum. Býst jeg því við, að þeir greiði ekki atkvæði um þessa till., sem nú er verið að ræða. Hann sagði, að hjer væri engu stefnt í voða, og bygði þar á tvennu, að konungur hefði talað hjer fyrir eigin reikning, og væri því orð hans ekki skuldbindandi, og að ekkert væri hættulegt, nema vjer gjörð-

um það á stjórnskipulegan hátt. En þessar varnir hans eru ónýtar, því að fyrra atriðið stríðir beinlínis á móti hugmyndum manna um þingbundna konungsstjórn, en hið síðara verður að engu, af því að alt, sem Alþingi gjörir, er gjört á stjórnskipulegan hátt, þögnin, hvað þá annað.

Enn sagði hann, að sig furðaði á tillögunni, því að annaðhvort hefði ráðh. gjört rjett eða rangt. Það er að vísu satt, að ráðh. hefir annaðhvort gjört rjett eða rangt, en það kemur ekki þessu máli við. Þingmaðurinn átti að hugsa sjer, að annaðhvort er rjett að samþykkja till., eða það er rangt, og þá mundi hann skjótt hafa sjeð, að öllum ber að samþykkja öryggistill., sem gjörir engum mein eða skapraun, en getur bjargað dýrmætum málstað þjóðarinnar.

Þá kem jeg nú að aðalefni þessarar ræðu minnar, að draga saman þræðina í umræðum þessum, sem hafa farið um of á víð og dreif. Er þá fyrst að líta á tilll., hverja þýðingu hún hefir. Öllum er nú vitanlegt, að menn greinir á um það, hvort fyrirvara þingsins 1914 hafi verið fullnægt með staðfestingarskilmálunum 19. júní, og jeg er einn þeirra manna, sem telja skjal það, er ráðherra kom með um staðfestinguna, ófullnægjandi. Hefði nú þessi tillaga eigi komið fram, þá hefði orðið að líta svo á, að Alþingi hefði með þögninni samþykt ummælin á ríkisráðsfundinum 19. júní, hvað sem í þeim fælist. Þess vegna var alveg óhjákvæmilegt að bera fram till., til þess að sjeð yrði, hvort eigi væri óbreyttur vilji þingsins frá fyrra ári, að krefjast viðurkenningar konungsvaldsins fyrir því, að ákvæðið um það, hvar Íslensk mál sjeu borin upp fyrir konungi, sje eingöngu íslenskt mál og engum háð, nema Íslendingum og konungi þeirra. — Nú bið jeg menn að muna það, að alt, sem jeg gjöri og segi í þessu máli er bygt á því, að Ísland og Danmörk eru tvö fullvalda konungsríki, sem hafa ekkert sameiginlegt, nema konunginn. Þess vegna vil jeg ekkert samþykkja og engar viðurkenningar gefa, beinar eða óbeinar, sem gjöri samband þessara tveggja konungsríkja þrengra. Jeg þarf eigi að sanna það, að sambandinu sje svo háttað, sem jeg sagði, því að vjer vitum það allir, Íslendingar, og vil jeg sjá þann mann, sem þorir að neita því. En benda skal jeg á góðar heimildir eigi að síður: Ríkisrjettindi Íslands, skjöl og skrif eftir Jón Þorkelsson og Einar Arnórsson, Rvík 1908; Die norwegisch-schweedische Union und ihr Bestehen und ihre Lösung af Dr. Anathon Aal og Dr. Nikolaus Gjelsvik, Breslau 1912, bls. 21 neðanmáls; Rjettarstaða Íslands eftir Einar Arnórsson, Reykjavík 1913 og kver eftir sjálfan mig, Aldahvörf, brot úr sögu Íslands 1814—1914, Reykjavík 1914, þar sem jeg hefi tínt saman nokkur skjöl viðvíkjandi Kílarfriðnum fyrir 100 árum, um hinn mikla þjóðstuld, sem þar var framinn. Þar hefi jeg fært fullar sönnur á það, að sambandið geti eigi verið þrengra en jeg nefndi.

Tillagan er nú fram komin, til þess að gjöra þennan málstað vorn vafalausan, til þess að staðfestingarummælin um stjórnarskrána í ríkisráði Dana geti eigi veikt hann nje gjört hann vafasaman. Til þess nú að sýna, hversu heimskulegt er að kalla þetta viðrinistillögu, eins og sumir háttv. þm. hafa leyft sjer, skal jeg benda á, hvern veg fræðimenn líta á viljayfirlýsing þinga.

Í Rjettarstöðu Íslands, bls. 374, segir höf.: »Svo mikið er óhætt að segja, að þingið mótmælti því glögt og greinilega, að það *vildi* lögleiða grundvallarlögin«, og leggur með rjettu áherslu á *viljann*. Nú vil jeg benda mönnum á Das Völkerrecht, eftir Franz von Liszt, Berlin

1911, § 20, II, þar sem hann talar um viljayfirlýsingar. Þar segir á bls. 158: »Viljayfirlýsingar frá einstökum ríkisborgurum, jafnvel þótt þeir sjeu í embætti, þurfa staðfestingar ríkisvaldsins eftir á, ef þær eiga að skuldbinda ríkið, eða veita því rjettindi«. Felist nú í ríkisráðsumræðunum loforð frá Íslands hálfu eða skuldbindingar, þá bindur það oss eigi, þótt ráðherra hafi samþykt, nema því að eins, að viðurkenning þingsins komi á eftir. En alþjóðarjetturinn segir (sbr. Liszt § 20, II. 3. bls. 159) að þögnin geti og verið viðurkenning: »Þögn þjóðar er því að eins sama sem bein viðurkenning á rjettarbreytingu, að þegjandi ríkið hafi fengið lögformlega tilkynningu um breytinguna, og þar með tækifæri, til að hefja mótmæli gegn henni«. Nú hefir oss verið birt á löglegan hátt, hvað fram fór, þegar stjórnarskráin var staðfest. Og þótt eigi sje þar talað um rjettarbreytingu þá verðum vjer að athuga, hvort hún er þar eigi. Og eftir öllum atvikum var því glæfralegt að þegja við.

Jeg hefi þá gjört mönnum ljóst, hvernig bestu fræðimenn í þessum greinum líta á viljayfirlýsingar þinga, og ættu menn að láta sjer segjast, þar sem jeg hefi eigi leitt þá í það öngþveiti, að þurfa að trúa mjer, heldur viðurkendum vísindamönnum og viðurkendum alþjóðalögum. Er mjer nú torskilið, að menn gjöri sig svo djarfa, að kalla tillöguna viðrini hjer eftir. Og þess vænti jeg, að hver maður sjái, að rjett er, jafnvel þeim mönnum, að samþykkja hana, sem telja hana óþarfa, því engum getur hún gjört neinn skaða. En þótt þeir þykist vitrir menn, þá vita þeir sig þó naumast óskeikula, og þá er varlegra fyrir þá að eiga eigi á hættu, að samviskan nagi þá síðan fyrir þjóðglötunarverk.

En ef meira má lítið vit, og dagskráin verður samþykt, þá verð jeg þó, málsins vegna, að bjarga svo, sem best verður, og neyða háttv. mótstöðumenn mína til þess, að láta vilja sinn skýrlega í ljós. Vjer fylgismenn tillögunnar látum með henni og atkvæðum vorum í ljós, að óbreyttur sje vilji vor frá því í fyrra, *sá, að krefjast viðurkenningar konungsvaldsins á því, að Íslendingar eigi einir að ráða því með konungi sínum, hvar mál þeirra sje upp borin fyrir konungi.* Mjer skildist á ræðu háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.), sem talaði fyrir hönd heimastjórnarmanna, að óbreyttur væri vilji þess flokks, sem í fyrra, *að mál þetta væri eingöngu íslenskt mál, og að enginn skyldi eiga þar atkvæði um, nema Íslendingar og konungur þeirra.* Nú spyr jeg, hvort þetta sje eigi rjettur skilningur *(samþykki frá heimastjórnarmönnum).* Það gleður mig, að jeg hefi skilið þetta rjett. Jeg hugsa mjer nú og, að mótstaða ráðherra og hans manna gegn tillögunni sje á því bygð, *að þeir telji fyrirvara Alþingis 1914 fullnægt og að konungsvaldið, sem þekti vel skilyrði þingsins, hafi með staðfestingu stjórnarskrárinnar fullnægt því skilyrði,* og þar með sje fengin viðurkenning þess, að málið sje alt á voru valdi og konungs vors (*Sveinn Björnsson:* Alveg rjett) og að nú sje þá fengin sú sönnun, sem þingið vildi ná, með því að flytja málið frá löggjafarvaldi Íslands og leggja það undir úrskurðarvald Íslands. Mjer þykir vænt um, að jeg hefi skilið þá rjett. Því að nú hefi jeg sýnt fram á og fengið viðurkent, að vilji þingmanna er óbreyttur, og að þess vegna eru fram komin skýr mótmæli gegn því í staðfestingarumræðunum, sem er ekki samkvæmt fyrirvara Alþingis 1914, með þeim skilningi, sem jeg hefi lýst oftar en einu sinni í þessari ræðu minni. — Þessi viljayfirlýsing hefir fullan kraft að alþjóðalögum, þótt formið sje eigi öðruvísi en þetta. Því að slík viljayfir-

lýsing er eigi bundin við neitt ákveðið form, þótt venjan sje, að hún sje skrifleg (sbr. Liszt, Das Völkerrecht, § 20, II. 4, bls. 159).

Jeg hefi nú gjört það, sem gjört verður, til þess að snúa úr höndum dönsku ráðherranna þann sigur, sem þeir þóttust hafa unnið, *mala fide* þó. Þykist jeg vita, að menn kunni mjer þakkir fyrir og hafi nú ljósari hugmynd um það en áður, að tillagan hlaut að koma fram, og að umræður þessar hafa einmitt orðið til þess, að svo greinileg viljayfirlýsing er fram komin.

Ráðherra: Jeg vildi nú gjarna eigi lengja mjög umræður úr þessu. Síðustu atriðin í ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.) glöddu mig mikillega, þar sem hann ályktaði, að hvorttveggja væri gott, hvort sem menn greiddu atkvæði með tillögunni eða dagskránni. *(Bjarni Jónsson:* Ekki rjett farið með). Hvorttveggja væri bygt á því, að vilja Alþingis yrði eða hefði átt að fullnægja, og ef sú forsenda brysti, þá væri enginn skaði skeður, þótt dagskráin yrði samþykt. Háttv. þm. Dal. (B. J.) greiðir þá væntanlega atkvæði með dagskránni, úr því að hann lítur svona á málið. Athugasemdir háttv. þingmanns um þjóðarrjettinn voru og rjettar í öllum aðalatriðum, en tillagan vor samt óþörf, vegna þess, að þingið var ekki bundið við gjörðir mínar, ef jeg hefði farið út fyrir umboð mitt.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), hjelt áðan langa og háfleyga tölu, um efnishyggju þá, er geisaði í landinu, sannan hreinleik hjartans og annað fleira, sem ekki kom tillögunni við. Enda mun og nokkuð á sama standa í þessu sambandi um, hvað það er, sem veldur ástandinu, hvort það er materialismus eða annað. Jeg varð nú samt hálfhissa á þessari ræðu. Hefi jeg aldrei heyrt sams konar ræðu hjer á þessum stað. Mun svo um fleiri, því að jeg sá, að sumir brostu, en aðrir hristu höfuðið. Þetta má þó ekki skilja svo, sem jeg sje að lasta ræðuna. Hún var efalaust góð í sinni röð, en átti að eins ekki heima hjer. Þeir háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) hafa með ræðum sínum ósannað orð háttv. flutningsm. (S. E.), um það, að ekki sje á allra meðfæri að kynna sjer þjóðarrjett. Þeir hyggja, að allir treysti sjer til þess, að gjöra grein fyrir því málefni, þó að jeg raunar sje á annari skoðun, að minsta kosti um háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.).

Jeg man ekki svo glögt mál hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um andann og holdið, en víst er um það, að jeg ætla mjer ekki að verða til þess, að krossfesta hans hold, eða deyða hans anda. Hitt er annað mál, hvort hann sjálfur hygst að krossfesta holdið, og skal jeg láta það afskiftalaust. Honum veitti víst ekki af því sjálfum. Hafa það og margir góðir gjört á undan honum, einmitt til þess, að bæta anda sinn.

Fundurinn í Hafnarfirði fól þm. málið, þar eð kjósendur vildu ekki taka afstöðu til þess. Á þetta má líta frá tveimur hliðum. Kjósendur voru sýnilega ekki sannfærðir um, að skoðanir þingmanna sinna væru rjettar, en eru á hinn bóginn tryggir og vinfastir, og vildu því eigi yfirgefa þingmenn sína að svo stöddu. Háttv. 1. þm. þeirra hjelt þar langa tölu, og mun hún hafa átt að forða kjósendum frá öllum misskilningi á málinu. Jeg tel víst, að tala sú hin mikla verði látin á þrykk út ganga. En jeg efast stórlega um, að kjósendur megi verða miklu vitrari þar af, því að ekki skildi jeg mikið þar af, þó að jeg hlýddi á. Víxildæmi háttv. þingmanns var ekki rjett; hann kann sýnilega eigi mun á víxiláskrift og til-

boði, og er það hart, að bankastjóri þjóðbanka landsins skuli ruglast á slíku. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) taldi fyrirvaraleiðina, þá, er farin var 1914, hina verstu. *(Björn Kristjánsson:* Vitanlega). En hann hefir þá öðlast æðri og betri þekkingu síðan að hann greiddi henni atkvæði. *(Björn Kristjánsson:* Beygði mig undir flokkinn). Já, þá hefir ráðlag háttv. þingmanns í það skifti verið algjörlega ófyrirgefanlegt, því að það er *siðferðislega* rangt, að fylgja flokknum þvert ofan í sannfæringu sína. Það er *stjórnarskrárbrot*, og því *lagalega* rangt, því að hver þingmaður er samkvæmt stjórnarskránni skyldur til að fylgja sannfæringu sinni og engu öðru. Loks er það *pólitískt* rangt, því að slíkt ráðlag í stórmáli er siðspillandi og mundi gagnsýkja alla pólitík landsmanna. Og hver veit, nema það hefði haft einhvern árangur, hefði háttv. þingmaður þá beitt sjer fyrir því, að önnur leið yrði farin. En við margir þeim megin álítum fyrirvaraleiðina fullkomlega trygga, og hv. þm. reyndi alls ekki til þess, að sannfæra mig um, að svo væri ekki. Jeg er ekki óvanur því nú orðið að heyra ýmsar fáranlegar kenningar um þetta mál, sbr. blaðið »Ingólf«, 12. og 19. júlí nú í sumar. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) skrifar þar mergjaðar greinar, með ýmsum nýstárlegum kenningum; meðal annars stendur þar að þrímenningarnir sjeu að breyta stjórnarskránni. *(Björn Kristjánsson:* Þetta er rangfærsla; það þarf að lesa þetta, án þess að slíta það út úr sambandi). Þetta er alveg rjett hjá mjer, en skoðun eða staðhæfing þm. er vitanlega mesta fjarstæðan, sem fram hefir komið í þessu máli. Þýðingu ákvæðisins er ekki breytt, eða heldur háttv. þingmaður, að það sje breyting á ákvæði stjórnarskrárinnar, því, að konungur ákveði um uppburð málanna, þó að konungur svo ákveði, að þau skuli borin upp í ríkisráði.

Rangt var farið með það af háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að Sigurður Eggerz hafi mótmælt því, að forsætisráðherra blandaði sjer í málið 30. nóv. 1914, því að fyrrverandi ráðherra Sigurður Eggerz hefir aldrei mótmælt því, að forsætisráðherrann danski blandaði sjer í málið, heldur að eins því, að hann á nokkurn hátt taki að sjer ábyrgð á íslenskum málum, en það datt forsætisráðherra auðvitað ekki í hug að gjöra. Háttv. þingmaður segir, að þetta sje kenning Albertis, sem nú sje verið að samþykkja á þingi, en jeg man nú ekki betur, en að háttv. þm. greiddi þeirri kenningu atkvæði á þinginu 1903. Hv. þingmaður heldur, að konungsúrskurðurinn um uppburð sjermálanna sje undirskrifaður af forsætisráðherra Dana. Þætti mjer gaman að fá frekari skýringu á því. Hygg jeg, að forsætisráðherra myndi ekki vilja bera ábyrgð á þeim úrskurði. Það er mjer með öllu óskiljanlegt, hvernig háttv. þingmaður kemst að þeirri niðurstöðu, að nú eigum við engin sjermál eftir, og megum ekki gjöra ályktun um þau, nema að fá til þess sjerstakt leyfi hjá Dönum. Er þetta svo meinleg fjarstæða, að jeg minnist ekki í fljótu bragði, að hafa heyrt eins frámunalega fráleita staðhæfingu.

Þær skýringar háttv. þm. á málinu að öðru leyti, er hann taldi gullvægar, skal jeg ekki minnast frekar á. Hefir þeim öllum verið svarað, og er því einungis óþörf tímatöf, að fara að eltast nokkuð frekar við þær.

En jeg vil að eins, áður en jeg lýk máli mínu, minnast á það atriði í ræðu háttv. þingmanns, er hann talar um, að Knud Berlin hafi skrifað í dagblaðið »Köbenhavn«, 18. júní þ. á., og látið vel

af samningunum. Ræður háttv. þingmaður þar af, að Berlin hafi hlotið að þekkja nákvæmlega til málsins. Sje svo, sem jeg að vísu tel næsta ólíklegt, þá hlýtur sú þekking hans að hafa staf-að frá símskeyti frá »Ingólfi«, eða aðstandendum þess blaðs. Því fór nú reyndar svo fjarri, að Berlin hefði nokkra hugmynd um stjórnarskrána, að hann hafði enga hugmynd um, hvort fáninn fengist, þegar hann skrifaði þessa grein sína í »Köbenhavn«. Og það má háttv. þingmaður vita, að þeir Danir, sem um málið vissu, hafa ekki ljóstað upp neinu um það, hvorki við Berlín nje nokkra aðra óviðkomandi menn, enda hygg jeg þeim alt annan veg farið en þeim mönnum, er birta ljetu hinar fyrirhuguðu umræður í ríkisráðinu, í Ingólfi hjer í vor.

Þá sagði og háttv. þingm. (B. K.), að engar umræður væru á ríkisráðsfundum. Hvað er þá gjört þar. *(Björn Kristjánsson:* Venjulega ekkert). Einmitt það. Jeg gjöri háttv. þingm. að vita það, hann hefir líklega komið þar. Annars fer því svo fjarri, að ekkert sje talað á ríkisráðsfundum, að það kemur *aldrei* fyrir, að ekki sje eitthvað talað þar, meira eða minna. Enda hygg jeg, að háttv. þingmaður muni leiðast um það í allan sannleika, ef það ætti einhvern tíma fyrir honum að liggja, að komast í ríkisráðið. Það verður væntanlega, og getur hann þá sannfært sig um þetta.

Enn fremur hjelt háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) þeirri ríkisrjettarkenningu fram, að hvert einasta orð konungs þyrfti að vera talað á ábyrgð einhvers. Þessi regla er of almenn, eins og háttv 1. þm. G.-K. (B. K.) setur hana fram.

Jeg skal taka til dæmis ríkisráðsfundinn 13. júní 1914. Þá var það, að forsætisráðherrann lagði það til, að umboðið yrði tekið af hinum 12 konungkjörnu landsþingsmönnum. Konungur var þar á annari skoðun, og vildi ekki samþykkja uppástungu ráðherra. Heldur nú háttv. þingm. (B. K.), að ráðherra hafi borið ábyrgð á þeim orðum konungs? *(Björn Kristjánsson:* Í þessu máli ber hann ábyrgð á þeim). Jeg var að sýna fram á það alment, að kenning háttv. þingm. (B. K.) væri röng, svo að hann gætti þess betur, að vera ekki að fara út á þessa hálu braut ríkisrjettarkenninganna, sem hann á jafnerfitt með að fóta sig á. Honum væri gefandi það heilræði, að fást eigi við mál, sem ekki eru hans meðfæri, eins og þetta mál alt er.

Annars voru röksemdir háttv. þm. (B. K.) þess eðlis, að ekki er ástæða til þess að vera að rekja þær allar.

Þá kom háttv. þingm. með víxildæmi sitt, og var það rjett, það sem það náði. Það er auðvitað, að maður játar skuld, ef hann skrifar upp á víxil, jafnvel þó að hann hafi einhvern tíma áður neitað að samþykkja hann. En dæmið á ekki við hjer, því að jeg hefi ekki skrifað undir það, sem þingið 1914 hafði mótmælt, því að vilja Alþingis 1914 er fullnægt með því, sem gjörðist í ríkisráði 19. júní síðastl.

Þá var háttv. þingmaður svo djarfur, að hann sló fram ýmsum staðhæfingum, sem hann gat engar sönnur vitað á, og ómögulegt er jafnvel, að hann hafi trúað sjálfur, að væru rjettar. Hann fullyrðir það, að jeg vilji ekki samþykkja tillögu þá, er hjer liggur fyrir, vegna þess, að jeg hafi *skuldbundið* mig til þess gagnvart Dönum, að gjöra það eigi. Jeg vil skora á hann, að sanna þessa fullyrðingu sína, og segja heimildir sínar að henni. Takist honum það ekki, þá stendur hann sem opinber ósannindamaður hjer á Alþingi Íslendinga frammi fyrir öllum þingheimi.

Sami háttv. þingm. (B. K.) sagði, að hægt væri að bjarga landinu, ef jeg

leyfði fylgismönnum mínum að greiða atkvæði með tillögunni. Jeg get í þessu efni hvorki leyft nje bannað. Jeg veit, að háttv. þingmenn greiða ekki öðruvísi atkvæði en eftir sannfæringu sinni, hvað sem jeg segi. Og það er ósæmileg aðdróttun til dagskrármanna, að þeir fari eftir öðru en sannfæringu sinni.

Jeg vil ekki fara út í neina spádóma um það, hvernig þessari þingsályktunartillögu reiði af hjer eða utan þings. En jeg gæti trúað því, að áður en lyki, þá opnuðust augu manna fyrir því, að þetta tafl, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) og tillögumenn hafa verið að leika nú í tvo daga, er allóþarft. Menn segja ef til vill, að það sje að nokkru leyti mjer að kenna, hve umræður eru orðnar langar. En jeg vona, að enginn lái mjer, þótt jeg reyni að bera hönd fyrir höfuð mjer, þegar að mjer er beinst, og ráðist á mig, og jeg jafnvel sakaður um föðurlandssvik. Það eru tillögumenn, sem þjarkinu hafa valdið.

Háttv. þingmaður (B. K.) var að tala um embættismannafylgið, sem alt væri mín megin. Mjer koma þessi orð allkynlega fyrir, þar sem mótstöðumenn mínir sumir eru einmitt embættismenn, og þeir ekki lágt launaðir, eins og t. d. háttv. 1. þingm. G.-K. (B. K.). Því að auðvitað er hann embættismaður, þótt hann sje skipaður af ráðherra, en ekki af konungi. Fleiri dæmi má nefna. Háttv. flutningsm. (S. E.) er embættismaður á 3000 kr. eftirlaunum. Hjer er grískudócentinn og hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.). Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) er og embættismaður á háum eftirlaunum. Embættismannafylgið er eigi síður þeirra megin.

Háttv. þingm. Dal. (B. J.) vjek þeirri fyrirspurn að mjer, hvernig jeg ætlaði að útiloka það, að Danir segðu, að við hefðum lofað þeim, að konungsúrskurðinum um uppburð sjermálanna yrði ekki breytt, án þeirra samþykkis.

Hvorki jeg nje háttv. þm. Dal. (B. J.) nje aðrir, geta bannað *Dönum* að segja eitt eða annað. Annað mál er það, að þeir geta ekki haldið því fram með rjettu, því að slíkt loforð hefir aldrei verið gefið.

Eitt af því marga, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, var, að *Danir* hefðu valið mig fyrir ráðherra. Hvernig ætlar háttv. þingm. að standa við það? Þetta er ein af þessum dæmalausu fjarstæðum, sem háttv. þingm. hættir svo við að koma fram með, og hann getur engin rök fært að. Jeg skora á hann að sanna þessi orð sín. (*Skúli Thoroddsen:* Dönsku ráðherrarnir hafa gjört það). Ef ráðherraútnefningin væri dönsk stjórnarráðstöfun, þá gæti það færst til sanns vegar, en jeg veit, að hv. þingm. dettur ekki í hug, að svo sje. Þó að jeg sje ekki valinn á Alþingi, þá get jeg frætt háttv. þingmenn um það, að meiri hluti Alþingismanna var því samþykkur, að jeg tæki við embætti.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði ýms orð, sem ekki var vel fallið, að heyrðust hjer í þingsalnum. Hann sagði meðal annars, að konungur hefði beitt valdi sínu ólöglega. Slík ummæli álít jeg skylt að átelja.

Sami háttv. þingm. gekk út frá því, að hjer væri um tvö fullvalda ríki að ræða. Ef svo væri, þá býst jeg við, að þessi margumrædda birting trúnaðarmálanna, er hv. þm. Dal. (B. J.) gjörðist sekur eða meðsekur um, kæmi nokkuð nálægt 81. gr. almennra hegningarlaga.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) var að »citera« einhverja grein eftir mig í Ísafold. Jeg man ekki, hver orð hann hafði eftir mjer — jeg hefi skrifað svo margt um þetta mál — en hafi jeg sagt eitt-

hvað, sem lengra hefir farið en fyrirvarinn, þá gat sú skoðun engin áhrif haft á framkomu mína í ríkisráði, vegna þess, að mjer var, sem ráðherra, skylt að fara að vilja þingsins 1914. Ummæli, hvort sem eru mín eða annara, utan þings gátu engu breytt, og máttu engu breyta í því efni.

Jeg hefi svo ekki fleira að svara að sinni, og vænti þess — tímans vegna — að jeg þurfi ekki að taka oftar til máls en orðið er.

Sveinn Björnsson: Jeg sje mig knúðan til þess að taka aftur til máls, vegna þess, að ræða mín í gær hefir gefið nokkrum háttv. þm. tilefni til athugasemda. Mörgum athugasemdum hefir þegar verið svarað, og skal jeg reyna að sneiða hjá þeim.

Í gær reyndi jeg að athuga deiluefnin í þessu máli, þau orð fyrirvarans, er mönnum kemur saman um að skoða sem kjarnaatriði fyrirvarans; hvers vegna jeg álíti honum fullnægt og hvers vegna afstaða mín til málsins væri sú, sem hún er.

Því verður ekki mótmælt með rökum, að skoðun Alþingis 1914 hefir verið borin fram á rjettan hátt, eins og tilætlunin var. Konungsúrskurður sá, er út hefir verið gefinn um uppburð málanna fyrir konungi, er til orðinn eins og hver annar konungsúrskurður, með undirskrift Íslandsráðherra eins og án nokkurrar íhlutunar *dansks löggjafarvalds*. Þetta má telja viðurkent af öllum. Hið eina, sem ekki er bókstaflega viðurkent, er það, hvort nefndum konungsúrskurði verði breytt án íhlutunar danskra *stjórnarvalda*. Þegar jeg í ræðu minni í gær athugaði fyrirvara Alþingis, þá gat jeg þess, að tilætlunin hefði verið sú, að væntanl. konungsúrskurður yrði skoðaður sem hver annar ísl. konungsúrskurður, nafnfestur af Ísl.ráðh. einum. Það er misskilningur, að jeg hafi nokkurn tíma haldið því fram, að konungsúrskurður sá, er getur í opnu brjefi 20. október 1913, hafi átt að vera undirskrifaður af öðrum en Íslandsráðherra. Það datt mjer aldrei í hug. En samt sem áður hefði orðið talsverður munur á þeim úrskurði og úrskurðinum, sem nú hefir verið gefinn út. Í fyrsta lagi hafði því aldrei verið slegið ótvírætt föstu, að skilyrðið um breytanleik úrskurðarins yrði ekki tekið upp í úrskurðinn, og í öðru lagi lá fyrir bein yfirlýsing konungs um það, að engin breyting yrði gjörð á úrskurðinum, *fyrr en staðfest yrðu sambandslög, sem Alþingi og Ríkisþing hefðu samþykt*. Hefði Alþingi og ráðherra Íslands gengið að þessu þegjandi, þá hefði legið fyrir loforð til Ríkisþingsins um það, að breyting gæti ekki á orðið, nema með samþykki þess. *Þetta* var hið stóra millibil, og vegna *þessa* var jeg með því, að samþykkja fyrirvarann á síðasta þingi. Af þessu er það jafnframt ljóst, að jeg get ekki fallist á ástæður háttv. 2. þm. Rvík. (J. M.) fyrir afstöðu heimastjórnarmanna í þessu máli, eins og sumir háttv. þingm. hafa gefið í skyn að jeg gjörði.

Jeg lít svo á, að hið eina, sem menn halda að geti gjört það að verkum, að úrskurðinum verði ekki breytt án íhlutunar danskra stjórnarvalda, sjeu þessi orð konungs, sem háttv. þm. segja, að hann hafi tekið upp eftir forsætisráðherranum. Það er nú eina haldakkerið. Eins og jeg hefi þegar sýnt fram á, þá er ekki hægt að líta svo á, að orð konungs komi fram í því formi, að Dönum sje lofað, að engin breyting verði gjörð á úrskurðinum án íhlutunar þeirra. Það þarf ekki annað en lesa upp orðin sjálf, til þess að sjá, að það er ósamræmi milli orða forsætisráðherrans og konungs. Og það, að konungur með orðunum »jafntrygg skipun« geti ekki átt við annað en það, sem liggur í opna

brjefinu 20. okt. 1913, eins og haldið hefir verið fram, er bersýnilega rangt. Það gjörði ráð fyrir rjetti *danska Ríkisþingsins* til íhlutunar; en í þessum tilgreindu orðum konungs liggur ekkert slíkt og engin átylla fyrir íhlutunarrjetti danskra stjórnarvalda. Ef Alþingi vildi nú koma á »jafntryggu skipulagi«, og gjörði það einmitt með því, að koma á skipulaginu sem var, þ. e. breyta stjórnarskránni og setja ríkisráðsákvæðið inn í hana aftur, þá mun enginn háttv. þm. vera í vafa um, að það sje hægt, án íhlutunar danskra stjórnarvalda. En með þess konar ákvæði yrði konungsúrskurðinum frá 19. síðastl. breytt — og án íhlutunar Dana.

Háttv. flutningsm. (S. E.) spurði mig í ræðu sinni í gær, hvort jeg áliti fyrirvara Alþingis 1914 skýran. Jeg vildi ekki svara honum í miðri ræðu hans, því að jeg hafði ekki orðið. Nú skal jeg svara honum því, að *jeg* álít persónulega, að fyrirvarinn sje skýr, en háttv. flokksbræður hans sumir hafa verið á annari skoðun, og það þegar frá byrjun, eins og t. d. háttv. þm. N.-Þing. (B. S.). Hann kvað það eina af aðalástæðunum til þess, að hann vildi ekki greiða fyrirvaranum atkvæði, að hann teldi hann ekki nógu skýran, og það hefir komið fram í ræðum fleiri háttv. skoðanabræðra flutningsm. (S. E.), að hægt sje að leggja ýmsan skilning í fyrirvarann. Háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) sagði um háttv. flutningsm. (S. E.), að hann hefði ekki breytt skoðun sinni *síðan í vetur*, en gaf í skyn, að hann hefði breytt henni 30. nóv. síðastliðinn. (*Benedikt Sveinsson:* Rangfærsla). Jeg taldi rjett, að leggja þennan skilning í orð háttv. þm. (B. S.), þar sem jeg hefi áður heyrt hann viðhafa lík orð.

Jeg skal ekki dvelja mikið við annað í ræðu háttv. flutningsm. (S. E.) en það, sem hann var að tala um yfirlýsingu hinna 23 þingmanna í vetur. Eins og jeg tók fram í gær, hefir mjer virst háttv. flutningsm. (S. E.) leggja aðaláhersluna á þessa yfirlýsingu, og mjer hefir fundist hann leggja talsvert meira upp úr henni en orð hennar sjálfrar gefa tilefni til. Þess vegna las jeg yfirlýsinguna upp og sýndi fram á, að hann hefði ekki haft heimild til þess, að skýra hana á þenna hátt, er hann gjörði. Til þess að hrekja þessi ummæli mín, hefir háttv. flutningsm. (S. E.) nú lesið orð, sem eftir mjer eru höfð í Ísafold í vetur, og tillögu, sem jeg kom fram með á fundi hjer í bæ, skömmu eftir að hann kom úr utanför sinni. Blaðið getur þess, að jeg hafi »lýst yfir því, að ráðherra hefði komið fram í fullu samræmi við þingmeirihlutann og skilning á fyrirvara Alþingis«. Og í tillögunni stendur, »að skoðanir ráðherra hafi verið í samræmi við vilja meiri hluta kjósenda fyrir síðustu kosningar«. Eins og frásögnin ber með sjer, þá er hjer sagt í 4 línum frá kortjersræðu, og því harla ónákvæmlega frá skýrt. En ræðuna ber að skoða í sambandi við ræðu hæstv. ráðherra, sem þá var, flutningsmanns nú, er hann hafði haldið áður á fundinum. Þar sjer maður, hvað hann telur aðalatriðið. Með leyfi hæstv. forseta skal jeg leyfa mjer að lesa það upp:

> »Ef jeg hefði tekið á móti staðfestingu stjórnarskrárfrumvarpsins, sem var þeim skilyrðum bundið frá hendi konungs, að samtímis væri gefin út tilkynning til dönsku þjóðarinnar, undirrituð af forsætisráðherranum, um, *að á úrskurðinum um málaframburðinn gæti engin breyting orðið, fyrr en rjettarsambandinu milli Danmerkur og Íslands væri breytt með lögum, samþyktum af Alþingi og Ríkisdegi* — var þá

hægt að breyta úrskurðinum eins og hverjum öðrum íslenskum konungsúrskurði? Því fer mjög fjarri; því konungur var þá á mjög ótvíræðan hátt búinn að binda vilja sinn við skilyrði, sem íslenskt löggjafarvald og íslensk stjórnarvöld rjeðu ekki yfir. Með öðrum orðum, uppburður málanna var þá orðinn fastur og óhreyfanlegur í ríkisráðinu, þangað til Ríkisþinginu þóknaðist að fallast á lög um sambandið. Þessu verður erfitt að neita. Eða því halda menn nú, að *auglýsingunni til dönsku þjóðarinnar* sje haldið svo fast fram frá danskri hlið, ef hún þar væri skoðuð þýðingarlaus«.

Þetta var aðalatriðið, og það var vegna þessa, að honum var neitað um staðfesting stjórnarskrárinnar. Og þessi orð þáverandi ráðherra eru í fullu samræmi við það, sem sagt hafði verið um málið á flokksfundum og viðar, þegar verið var að semja fyrirvarann.

Það var einhver, sem sagði í þessu sambandi, að auglýsingin út af fyrir sig væri þýðingarlaust atriði; það, sem þýðingu hefði, væri það, hvað í auglýsingunni stæði. Þetta er alveg rjett, og það var einmitt vegna þess, sem í auglýsingunni átti að standa, *sem sje, að úrskurðinum yrði ekki breytt, nema ný sambandslög yrðu sett*, að vjer vildum ekki hafa auglýsinguna. Og því var það, að þegar háttv. flutningsm. (S. E.) var í Kaupmannahöfn í haust og bar málið undir flokksbræður sína símleiðis, þá var það að eins eitt atriði, sem hann spurði um, sem sje *auglýsingin*.

Nei, jeg held því fram, að jeg sje alveg á sömu skoðun í þessu máli, sem á síðasta þingi. Ef nokkur hefir breytt skoðun, þá eru það háttv. flutningsm. (S. E.) og fylgismenn hans allir, nema háttv. þm. N.-Þing. (B. S.), sem hafði sjerstöðu í málinu í fyrra, og nú er í fullu samræmi við þá skoðun. En hann hefir nú fengið nokkura fleiri menn til fylgis við sig en hann hafði þá, og það eru þeir, sem skift hafa um skoðun. Og jeg man svo langt, að þá, á síðasta þingi, voru ekki eins ljúfar kveðjur milli háttv. þm. Dal. (B. J.) og háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) eins og nú.

Það hefir verið minst á eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem að vísu snertir það, en kemur þó ekki fyrirliggjandi tillögu við. Jeg ætla mjer ekki að gjöra það að umræðuefni, en get þó ekki látið vera að drepa á það stuttlega. Jeg á hjer við það, sem kallað hefir verið *rof á þagnarheiti*. Háttv. þm. Dal. (B. J.) og þeir, sem honum fylgja, hafa reynt að gjöra sem minst úr því. Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að loforð hefði verið gefið að vísu, en það hafi ekki verið drengskaparloforð. Jeg sje, að háttv. þingmaður er ekki viðstaddur, en jeg býst þá við, að einhver úr hans flokki svari, þegar jeg spyr: *Hver er munurinn á loforði góðs drengs og drengskaparloforði?*

Háttv. þm. Dal. (B. J.) las upp, sjer og sínum samherjum til afbötunar, flokksstjórnargjörð af fundi, þegar tilboðið var birt þingmönnunum. Áður en vjer ljetum flokksmenn vora heyra skjalið, ljetum vjer þá vita, hverju vjer hefðum lofað um leynd þessa, og sögðumst ekki geta gefið þeim vitneskju um það, nema þeir lofuðu því sama, sem vjer, og því lofuðu þeir hver um sig. Jeg krafðist þess þá, að loforðið væri bókað. En er gjörðabók var lesin upp, þá hafði það ekki verið bókað, en þá var því aukið við; loforðið var gefið alveg skilyrðislaust.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. S.) vildi kalla þetta hjegómamál, en jeg tel það hið *mesta alvörumál*. Jeg tel það svo mikið alvörumál, að jeg get ekki unnið í ná-

inni samvinnu við þá stjórnmálamenn, sem ekki virða meir orð og eiða en reynst hefir í þessu tilfelli. Skal jeg svo ekki fara frekar út í það.

Um sjálfa tillöguna og orð mín, sem fjellu í sambandi við hana í gær, er það að segja, að það er nú upplýst, að rjett var það, sem jeg sagði þá, að tillögumönnunum var boðið fylgi með tillögunni, ef henni væri breytt svo, að fullljóst yrði, að í henni fælist ekki vantraust til núverandi ráðherra. Jeg gjörði þessa lauslegu uppástungu á flokksfundi; var hún síðan rædd og úrslitum frestað, til þess að hæstv. ráðherra og háttv. flutnm. (S. E.) gætu borið sig saman um breytinguna. Síðan var aftur haldinn fundur um málið; þá lýsti háttv. flutnm. (S. E.) því yfir fyrir sína hönd og flokksmanna sinna, að þeir gætu ekki gengið að *neinum breytingum* á tillögunni, af hvaða ástæðu sem það hefir verið, og skal jeg ekki um það segja.

Þessu má ekki gleyma í sambandi við orð háttv. tillögumanna, er þeir segjast *alt* vilja til vinna að bjarga málinu. *Þetta* vildu þeir ekki til vinna.

Að öðru leyti er það alveg rjett hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að ástæða mín fyrir því, að telja tillöguna óþarfa, er sú, að jeg tel fyrirvaranum fullnægt og því auðvitað með öllu óheimil sú skoðun, ef fram kemur, að Ísland sje bundið öðrum skilyrðum en þeim, sem felast í fyrirvaranum, og mun sú vera skoðun flestra, sem styðja hina rökstuddu dagskrá. Og þess vegna mun jeg greiða dagskránni atkvæði. Jeg get ekki fengið mig til að lýsa vantrausti á manni fyrir það, sem jeg tel hann hafa rjett gjört. Hjer eru engin landsrjettindi í voða, síður en svo, enda mun það skoðun sumra tillögumanna, og hefi jeg heyrt að minsta kosti einn þingmann úr þeim flokki lýsa yfir þeirri skoðun á fundi.

Háttv. flutnm. (S. E.) var mjög hróðugur yfir því, að sjer hefði dottið gott í hug, með því að segja, að vjer, prímenningarnir svo kallaðir, værum þrír eykir, sem heimastjórnarmenn hefðu beitt fyrir vagninn sinn. En þótt háttv. flutnm. (S. E.) segi, að heimastjórnarmenn hafi beitt mjer fyrir vagn, stungið mjer í vasann, eða hver önnur orð, sem hann notar, þá geta þau orð hans ekki bitið á mig, með því að jeg hefi gjört alt, sem jeg hefi gjört, af bestu sannfæringu, enda veit jeg ekki, hvort hann ætlast til, að þessi orð hans verði skoðuð sem röksemd. En hitt er satt, að til eru þeir menn, sem missa sjónar á málefninu af hræðslu við, að einhver nefni þá flokksnafni pólitískra andstæðinga sinna, hvort sem gjört er með rjettu eða röngu, og kæra sig kollótta um annað, að eins ef þeim verður ekki brugðið um slíkt.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) get jeg verið sammála að öllu leyti, nema því, að hann telur eitthvað það liggja í orðum konungs, sem ekki fullnægi fyrirvaranum. Hann talaði með þeirri rósemi og sanngirni, sem sæmileg er hverjum þingmanni. Jeg get verið honum samdóma um það, að heppilegast sje, að þjóðin yfirgefi sambandsþræturnar, enda munu nú æ fleiri og fleiri snúast á þá skoðun, bæði meðal sjálfstæðismanna og heimastjórnarmanna, enda er oss þess full þörf. Og jeg sje ekki betur en að þeim 2—3 þús. kr., sem varið hefir verið í þær óþörfu þrætur, sem staðið hafa um þessa tillögu, hefði verið betur varið til einhvers annars. Ef sú stefna væri tekin upp, gætu allir flokkar í bróðerni unnið að fullu sjálfstæði þessa lands.

Jeg skal að eins geta þess, að jeg var á þeirri skoðun, að rjett væri að heyja aukaþing, og óskaði þess, og tel illa farið, að ráðherra sá sjer það ekki fært. En við nánari íhugun virðast

mjer ástæður hæstv. ráðherra fyrir því, að halda því eigi til streitu, svo gildar, að jeg hjelt þeirri skoðun ekki til streitu.

Þótt ýmislegt kunni að vera enn, sem svara þyrfti, og jeg sje nú að deyja og geti ekki borið hönd fyrir höfuð mjer oftar í þessu máli, þá læt jeg mig nú samt hjer með í andlátið.

Flutningsm. (Sigurður Eggerz): Tempora mutantur nosque mutamur in illis, segir í latínsku kvæði, þ. e. tímarnir breytast og mennirnir með. Mjer varð á að detta þetta spakmæli í hug, þegar jeg heyrði hæstv. ráðherra skora á oss sjálfstæðismenn, að lýsa yfir því, hvað vjer hugsuðum okkur að gjöra í sjálfstæðismálum vorum. Þetta er alveg sama spurningin, sem heimastjórnarmenn hafa stöðugt verið að stagast á. Sama spurningin kom fram á fundi, þar sem bæði jeg og hæstv. ráðherra vorum staddir. Þá svöruðum við báðir á sömu lund. Hæstv. ráðherra svaraði á þá leið, að sjer dytti ekki í hug að svara, nema í samráði við flokksmenn sína. Þá vorum við sammála, hæstv. ráðherra og jeg. Okkur þótti báðum hyggilegast, að farið væri varlega í jafnmiklu ágreiningsmáli, og ekki látið til skarar skríða, nema öruggur þingmeirihluti væri að baki.

Hæstv. ráðherra var með einhverjar smáhnippingar til mín í einni ræðu, sem hann hjelt. Hann sagði, að jeg hefði ekki komið nokkuru máli fram. Þessu mótmæli jeg. Aðalmál mitt var stjórnarskrármálið; því kom jeg fram á þinginu og fylgdi því á þeim grundvelli, sem jeg taldi rjettan.

Hæstv. ráðherra vildi gjöra sjer mat úr því sama, sem andstæðingar mínir hafa láð mjer, sem sje að jeg hafi sent símskeyti til miðstjórnar sjálfstæðisflokksins og óskað að heyra undirtektir hennar. Jeg sje nú ekki betur en að það væri sjálfsagt í jafnmikilvægu máli, og í öllum þingræðislöndum munu ráðherrar bera sig saman við flokk sinn, þótt um ómerkari mál sje að ræða. Jeg skýrði frá því í símskeytinu, hvaða lausn jeg gæti ímyndað mjer að fá mætti, en tók fram, að jeg hefði ekki boðið hana og hún ekki verið boðin mjer. Og jafnframt tók jeg fram í símskeytinu, að jeg væri hættur öllum samningum. Er jeg svo fjekk skeyti frá flokksbræðrum mínum um, að þeir fjellust ekki á þessa lausn, þá sendi jeg þeim símskeyti um hæl og þakkaði þeim fyrir, að þeir væru í samræmi við mig. Hjer var því að eins af minni hálfu að ræða um varúð gegn flokki mínum, og það, sem nú er að ske, sýnir, hvort ekki hefir verið þörf á varúðinni.

Hæstv. ráðherra átaldi mig fyrir grein í Ingólfi, þar sem jeg mótmælti því, að frumvarpið væri staðfest á öðrum grundvelli en Alþingis, með tilvísun til yfirlýsingar þingmeirihlutans.

Jeg hefði litið svo á, sem jeg hefði brugðist trausti þings og þjóðar, hefði jeg farið að stýra undan og stíga í aðra átt en jeg gjörði 30. nóv. í ríkisráðinu. Hv. 1. þm. Rvík. (S. B.) sagði, að jeg hefði seinni partinn í vetur og í vor haldið öðru fram en jeg gjörði í ríkisráðinu; þetta eru rakalaus ósannindi; jeg hefi ekki á nokkurn hátt haldið öðru fram síðan en jeg gjörði þá, og jeg hefi meira að segja ætíð valið sömu orðin í umræðum mínum um stjórnarskrármálið, eins og jeg notaði í ríkisráðinu 30. nóv. Jeg skil því ekki, að háttv. þm. (S. B.) geti haldið þessu fram í alvöru og vona, hans vegna, að hann gjöri það ekki.

Það hneykslaði hæstv. ráðherra mikið, að greinin, sem jeg skrifaði í Ingólf, þar sem jeg krafðist þess, að stjórnarskráin yrði ekki staðfest, nema fyrirvara Alþingis væri fullnægt, kom ekki út, fyrr en daginn eftir að staðfestingin

hafði farið fram. Það er auðvelt að sýna hæstv. ráðherra fram á, að til þess liggja auðskildar ástæður. Þegar jeg ritaði greinina, hafði jeg fyrir mjer ótvíræð loforð, sem þeir hæstv. ráðherra og hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) höfðu gefið um það, að ekkert skyldi verða gjört í málinu fyrr en fulltrúar þjóðarinnar hefðu átt kost á að kynna sjer það. Auk þessa hafði stjórnarblaðið »Ísafold« hvað eftir annað lýst yfir hinu sama. Jeg gat því ekki búist við því, að neitt yrði gjört, fyrr en þing kæmi saman. Jeg lít nefnilega svo á, að þau loforð, sem gefin eru þjóðinni sjeu ekki óhelgari en önnur loforð. Jeg heyri, að hæstv. ráðherra hlær; en jeg verð að segja, að það undrar mig stórlega, að hann skuli nú hlægja að því, að loforð sjeu rofin, jafn hátt eins og hann hefir talað undanfarið um loforðasvik í sambandi við birtingu leyniskjalanna.

Hæstv. ráðherra hefir í ræðum sínum lagt ríka áherslu á að fá að vita með vissu, hver afstaða mín hafi verið til birtingarinnar á skjölunum. Og það eru fleiri en hann, sem virðast vera forvitnir um það mál. Þó finst mjer afstaða stjórnarblaðsins »Ísafoldar« einna einkennilegust. Fyrst er því lýst yfir með miklum fjálgleik og, að því er virðist, hreinni gleði, að jeg sje algjörlega laus við þessa birtingu, og að mjer sje ekki að neinu leyti um hana að kenna. Skömmu síðar er það svo tekið fram í blaðinu, að jeg sje einn af eiðrofunum. Þá kemur í næsta blaði smágrein, sem ber þetta til baka, en lítlu síðar er Sigurður Eggerz enn á ný talinn meðal þeirra, sem »Ísafold« kallar drengskaparheitrofa! Jeg tel það alveg víst, að ef háttv. deildarmenn gætu gægst inn í huga hæstv. ráðh. og háttv. 1. þm. Rvk., þá myndu þeir ekki geta stilt sig um að brosa, er þeir heyra alvöruþungann, sem þeir tala um birtingu leyniskjalanna með. *(Sveinn Björnsson:* Af hverju myndu menn þá brosa?). Af því að þeim myndi ekki finnast ytri sakleysissvipur þessara sálhreinu manna svara til ástandsins inni fyrir í sálinni.

Jeg get ósköp vel sagt frá, hvernig á því stendur, að jeg hefi ekki kveðið upp með það, hvort jeg fjellist á birtinguna eða eigi. Ástæðan til þess var sú, að jeg vissi, að svo framarlega, sem það tækist, að blanda mjer inn í málið, þá yrði alt gjört, sem hægt væri, til þess að draga athyglina frá sjálfum málstaðnum og að birtingunni, sem alt af hlaut að verða aukaatriði. Þetta vildi jeg reyna að forðast, og því hefi jeg ekki sjeð, og sje ekki enn, ástæðu til að gefa aðra yfirlýsingu um þetta mál en jeg hefi gefið, nefnilega þá, að jeg hefi hvorki birt og ekki heldur látið birta leyniskjölin. Fyrir mjer var sjálfur málstaðurinn, íslenski málstaðurinn, alt. Og það gefur að skilja, að enginn á í öðru eins stríði, eins og jeg hefi nú átt, að gamni sínu. Mjer hefir jafnan verið kærast að lifa í friði við alla menn, en sú ábyrgð, sem jeg fann hvíla á mjer við að flytja mál Íslendinga við konung, gjörði það að verkum, að jeg fann, að nú yrði jeg að gjöra það, sem jeg gæti, og vegna þessa hefi jeg þolað mótmælalaust allan þann saur, sem á mig hefir verið kastað í þessu síðasta pólitiska illviðrahreti. Sjálfur hefi jeg reynt að láta rökin tala, en brátt mun það sýna sig, hvort það nægir í landi voru. En þeir, sem mest hafa hlaðið fúkyrðum að mjer nú, eru einmitt þeir menn, sem luku mestum lofsyrðum á framkomu mína í ríkisráðinu 30. nóv. síðastl. Árásirnar byrjuðu undir eins og þeir voru komnir heim, prímenningarnir, sem boðaðir voru á konungsfund. *(Sveinn Björnsson:* Er þessum ofsóknarummælum beint til mín?). Þeim er meðal annars beint til blað-

anna — blaða núverandi stjórnar, þeirra, sem áður töldu sig meðal sjálfstæðisblaðanna. Jeg hefi aftur á móti enga ástæðu til að víta framkomu heimastjórnarblaðsins »Lögrjettu«, því hún hefir aldrei ráðist á mig persónulega nje mína »administration«; pólitískar skoðanir mínar og þess blaðs hafa auðvitað verið þverólíkar í sjálfstæðismálinu.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni, að hann teldi það óheppilegt, að við, sem erum andstæðir honum í þessu máli, hefðum ritað og rætt opinberlega um málið, því að síðar myndi verða vísað í þær umræður vorar. Jeg get ekki með besta vilja sjeð, á hvern hátt okkur hefði verið mögulegt að sannfæra menn um að okkar málstaður væri rjettur, ef við máttum ekki rita um hann og ræða málið opinberlega, og frá sjónarmiði okkar, sem álitum staðfestingarskilyrðin óholl fyrir landið, get jeg ekki sjeð, að launungin bæti neitt. (*Ráðherra:* Það var hægt að ræða málið á þinginu). Það höfum við líka gjört. Við höfum átt fundi um málið með þeim 24 þingmönnum, sem töldust til þingmeirihlutans í fyrra og höfum gjört alt, sem við gátum, til þess að reyna að stilla til friðar í þessu máli.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði, að í boði hefði verið tillaga, sem hefði átt að geta sameinað alla. Sú tillaga var þannig vaxin, að í henni falst traustsyfirlýsing til ráðherrans. Jeg álít, að hún hafi ekki verið einhlít til að bjarga málinu. Jeg heyri að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hlær; honum finst hann víst öruggur nú í skjóli ráðherrans og þingmeirihlutans. Það hefir verið tekið fram af þeim, hv. ráðherra og háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), að óviðkunnanlegt væri, að vera að eyða fje landsins í þessar umræður hjer á þinginu. Mig furðar það stórlega að heyra slík orð af þeirra munni nú, en í fyrra þegar mestur hluti þingsins fór til að ræða um fyrirvarann og stjórnarskrármálið, þá heyrðist ekki eitt einasta orð frá þeim í líka átt.

Annað, sem jeg furða mig á, af því, sem komið hefir fram við þessar umr., er »kritikin« á tillögunni, sem við berum fram. Stundum er það talinn galli á henni, að hún sje of meinlaus, og stundum er henni fundið það til foráttu, að í henni felist vantraust til ráðherrans. Mjer finst það vera aðalatriðið, að hún komi að gagni, verði hún samþykt, og það er jeg sannfærður um að hún gjörir.

Það er eitt, sem græðst hefir á þessum umræðum. Jeg skildi svo ummæli hæstv. ráðherra, sem hann teldi það nauðsynlegt skilyrði þess, að fyrirvaranum væri fullnægt, að konungur tæki hann til greina og viðurkendi hann með *þögninni*. Svo langt er þá hæstv. ráðherra kominn nú, að hann játar, að þagnarviðurkenning konungsins á fyrirvararanum hafi verið nauðsynleg. En hvar er sú þagnarviðurkenning? Hana vantar, eins og jeg hefi rækilega bent á áður. Annars þykir mjer rjett að minna aftur á ummæli ráðherra í Ísafold 31. des. 1914. Þau voru þannig:

> »En það, sem vjer vildum fá skýrt fram, var það, hvort konungur hefði skoðað málið sjermál eða eigi. En þá yfirlýsingu höfum vjer enn eigi fengið«.

Sú yfirlýsing er ekki fram komin; það sjá allir, og þegjandi samþykki er svo langt frá að sje til staðar, sbr. allar umræðurnar 19. júní síðastl.

Jeg skal taka það fram, áður en jeg sest niður, að jeg hefi ekki fengið svör hjá hæstv. ráðherra, nema við örfáum af þeim athugasemdum, sem jeg kom með í fyrstu ræðu minni. Jeg hlýt að virða þetta svo, að háttv. andmælendur

minir treystist ekki til, að hrekja það, sem jeg hefi sagt, og jeg slæ því föstu, að hæstv. ráðherra hafi ekki haft neina heimild til að lýsa því yfir í ríkisráðinu, að spurningin um ríkisráðssetuna væri »af formel theoretisk Art«. Það er og verður »praktiskt« spursmál.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) *(Sveinn Björnsson:* »De mortuis nil nisi bene«!). Jeg skal ekki fara neitt illa með hann, af því hann er dauður. Hann sagði, að það væri ekki rjett hjá mjer, að Hans hátign konungurinn fjellist á orð forsætisráðherrans. Jeg skal benda hv. þm. (S. B.) á það, að þótt Hans hátign konurinn viðhafi ekki alveg sömu orðin, sem forsætisráðherrann, þá er efnismunurinn enginn á því, sem þeir segja. Forsætisráðherrann talar og heldur fram dönsku skoðuninni, síðan talar Íslandsráðherrann og mótmælir forsætisráðherranum. Þá stendur konungur upp og *felst á orð forsætisráðherrans og síðan er stjórnarskrán undirskrifuð og staðfest.*

Það hefir ekkert komið fram, hvorki við umræðurnar í ríkisráðinu, nje heldur við umræðurnar hjer í þingsalnum, sem sýni það, að »opna brjefið« sje ekki enn í gildi. Háttv. andmælendur mínir halda því fram, að svo sje ekki, en þeir eiga eftir að sanna mál sitt í því efni, og jeg er hræddur um að þeim veitist það allerfitt.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Jeg ætla einungis, af því að hæstv. ráðherra virtist halda, að jeg teldi mig þjóðarhetju, vegna framkomu minnar í þessu máli, og að hann taldi mikil líkindi til að jeg endaði á fjósbásnum, — þá ætla jeg einu sinni enn að lýsa yfir því, að jeg tel mig ekki hafa unnið neitt þrekvirki; jeg hefi ekki gjört neitt annað en haldið fram málum Íslands eftir því, sem jeg áleit sannast og rjettast, og það er ekki neitt þrekvirki, þótt jeg segði konungi vilja Alþingis í þessu máli. Um hitt atriðið, hvort örlagaþræðir mínir muni liggja, vil jeg ekki deila við hæstv. ráðherra.

Sigurður Gunnarsson: Jeg stend upp eingöngu af persónulegum ástæðum. Í umræðunum í gær og í dag hafa nokkrir háttv. þingmenn beint orðum sínum að mjer, á þann hátt, að þeir hafa ráðist á heiðarleik minn. Þeir hafa vænt mig þess, að jeg fylgi þessu máli, eins og jeg gjöri, af því, að jeg hafi verið gintur, en ekki af því, að það sje sannfæring mín, eða jeg telji minn málstað rjettan. Jeg kalla það hart, að bera slíkt nokkrum þingmanni á brýn.

Sá, sem fyrstur reið á vaðið með þetta, var háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Honum hefir ef til vill, fundist tíminn nú hentugur, til þess að ráðast á mig með slíkar getsakir, en það verð jeg að segja, að mjer fanst, að ummæli hans kæmu úr allra hörðustu átt. Við erum gamlir vinir, og höfum nú setið saman á 10 þingum, og jeg er hissa á því, ef hann hyggur það í alvöru, að jeg fylgi nokkru máli án þess, að jeg gjöri það af sannfæringu. *(Skúli Thoroddsen:* Jeg hefi ekki talað eitt orð til þingmannsins). Hann hjelt því greinilega fram, óbeint, ef ekki beint, að jeg hefði verið gintur til fylgis við ráðherra; jeg skil hálfkveðna vísu enn þá.

Sá, sem næstur kom með getsakir í minn garð, var háttv. þm. V.-Sk. (S. E.). Jeg hafði komið í ræðu minni með gamla málsháttinn, að seint væri að byrgja brunninn, þegar barnið væri dottið í hann. Þá þurfti háttv. þingmaður ekki meira. Þá vaknaði hin einkennilega skáldgáfa í djúpi sálar hans, og fjekk

það út, að jeg væri sjálfur dottinn í brunninn — ráðherrabrunninn. Góð röksemd það.

Jeg hafði sagt, að tillaga háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) mundi aðallega ætluð til þess, að vera títuprjónsstingur í garð ráðherra, heldur en ekki neitt, úr því hann heiktist á vantraustsyfirlýsingunni. Nú finst háttv. þingmanni það rangt af mjer, að vera að sjá eftir þessum títuprjónssting, eða vorkenna ráðherra hann. Þar til svara jeg því, að ef jeg hefði talið ráðherra flytja illa mál vort fyrir konungi, mundi jeg ekki hafa mælt hann undan neinu slíku og þó harðara hefði verið.

Enn fremur segir sami háttv. þingmaður við mig með miklum myndugleika, að jeg hafi ekki haft leyfi til að koma fram með dagskrána, nema jeg sanni honum, að fyrirvara Alþingis sje fullnægt. Jeg hefi auðvitað ekki spurt hann leyfis til að koma fram með þessa rökstuddu dagskrá, og ætla ekki að gjöra það. En þegar hann krefst þess af mjer, að jeg sanni, að fyrirvara Alþingis sje fullnægt, þá mæltist hann til of mikils, því að jeg þekki ekki svo rökfiman mann nje skýran, hjer í deildinni, að jeg treysti honum til að koma háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) eða þeim, sem honum fylgja, í skilning um, að hjer sje ekki hætta á ferðum. Jeg get með sama rjetti heimtað af honum, að hann sannfæri mig um, að rökstudda dagskráin sje ekki á rökum bygð. En jeg er viss um, að í þessu efni sannfærum við hvorugur annan, og þó við eyddum til þess mörgum klukkustundum, mundi verða unnið fyrir gíg.

Svo ætla jeg að eins að minnast lítið eitt á vagnhestana. Mjer skildist sem hann meinti ekki einungis þrímenningana, heldur og mig og þá aðra, sem þeim fylgja. Var það ekki meiningin? *(Sigurður Eggerz:* Jeg nefndi að eins þrímenningana). Jæja, jeg hefi þá ekki átt æruna. En það er ekki til neins fyrir hann að reyna að hræða mig með flokksnöfnum. Jeg álít það ekkert óhapp, þó einhverntíma beri svo að, að heimastjórnarmenn og aðrir flokkar verði sammála um eitthvert mikilsvert málefni og rjettmætt.

Þá vil jeg minnast ögn lítið á háttv. þm. N.-Þing. (B. S.). Hann hefir aldrei lagt til mín áður, en í lok ræðu sinnar sagði hann, að dagskráin myndi aldrei verða mjer nje meðflytjendum mínum til sóma. Vera má að svo fari. En jeg vil að eins taka það fram, að jeg ætla ekki að biðja hann að gæta sóma míns. Ef jeg gæti hans ekki sjálfur, er hann líklega ekki mikils virði.

Þá kem jeg að fjórða manninum, hv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Hann ljet ekki sitt eftir liggja að ráðast á mig persónulega og þá, er fylgja dagskránni, og gjörði það í rauninni greinilegast allra. Hann sagði, að alt væri undir því komið, hvort ráðhera vildi leyfa fylgismönnum sínum að greiða atkvæði með þingsályktunartillögunni og mintist í því sambandi á hagsmunasambönd. Jeg þori að segja háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) það, að orð mín á þingi hafa hvorki fyrr nje síðar verið stíluð af hagsmunasamböndum. Enn fremur sagði hann, að þeir, sem fylgja ráðherra í þessu máli, hefðu það fremur fyrir augum, hvað ráðherra geðjaðist, heldur en heill föðurlandsins. Jeg tel harla ósýnt, að háttv. þingmaður hafi meiri föðurlandsást til brunns að bera heldur en við, sem honum erum andstæðir í þessu máli, og vísa jeg þessari aðdróttun hans, sem jeg alls ekki hafði búist við af honum, heim í föðurgarð aftur.

Að lokum skal jeg taka það fram, að jeg mun standa fast við dagskrána, og jeg tek á mig ábyrgðina af því. Það mun sýna sig síðar, þegar málið verður

yfirvegað rólega, að allar hinar löngu ræður þingmanns V.-Sk. (S. E.) og fylgismanna hans hafa ekkert sannað af því, er þær áttu að sanna. Engum landsrjettindum er glatað fyrir aðgjörðir ráðherra. Alt mas um það er vindur. Læt jeg svo úttalað um þetta mál frá minni hálfu.

Guðmundur Hannesson: Jeg bjóst ekki við því, að taka þátt í þessari orðasennu, en það, sem kom mjer til að taka til máls, voru nokkur orð í ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Hann gaf það í skyn, að þeir, sem mótfallnir væru tillögu þeirri, sem nú hefir verið rædd, gjörðu það af hagsmunavon, af »materialisme«, að hugur þeirra stefndi ekki nógu hátt og eigi hugsað um föðurlandið, sem skyldi. Einhver *ótti* væri orsökin til þess, að menn væru tillögunni mótfallnir.

Jeg get ekki rannsakað »hjörtu og nýru« annara, en hvað mig sjálfan snertir, vil jeg mótmæla slíkum staðlausum og ósæmilegum aðdróttunum. Jeg óttast engan og ekkert í þessu máli, — vinn ekkert í því fyrir eigin hagsmuni. Tel mjer að eins skylt, að gjöra það, sem jeg veit rjettast. Hvers vegna get jeg þá ekki greitt tillögunni atkvæði? Blátt áfram af því, að jeg tel ekkert rjettarlega athugavert við staðfestingu stjórnarskrárinnar, hvort sem litið er til fyrirvarans eða rjettinda landsins. En mjer gengur og annað til. Jeg lít svo á, að eigi að eins felist í henni óverðskuldað vantraust til ráðherra, heldur einnig til sjálfrar deildarinnar. Það er eins og hún hafi ekki treyst sjer til að dæma um, hvort fyrirvaranum væri fullnægt eða ekki.

Jeg get að lokum ekki stilt mig um að lýsa undrun minni og óánægju yfir þessum löngu, gagnslausu og dýru umræðum um þetta mál, sem naumlega breyta skoðun nokkurs þingmanns, sem á þær hefir hlýtt.

Bjarni Jónsson: Mjer hefir verið sagt, mjer til mikillar undrunar, að hæstv. ráðherra hafi fundið ástæðu til að ávíta mig fyrir að tala ósæmilega í garð konungs. Það skal þar í móti koma frá minni hálfu, að annaðhvort hefir hann ekki heyrt rjett, hvað jeg sagði, eða hann hefir misskilið orð mín, því að jeg hefi ekki talað neitt það, sem ósæmilegt væri eða vítavert. Jeg kann ekki við, að hann eða aðrir leyfi sjer að standa hjer upp og víta orð mín, því að jeg hefi hvorki nú nje endranær gefið ástæðu til þess. Gæti þeir sinnar tungu, en ekki minnar.

Jón Magnússon: Jeg hafði ekki hugsað mjer að tala í þessu máli, nema einu sinni, en út af orðum, sem hafa fallið frá ýmsum hliðum, þykist jeg skilja, að mönnum hafi ekki verið fullkomlega ljóst það, sem jeg tók fram í ræðu minni.

Aðalinntak ræðu minnar var ekki annað en það, að skýra frá, hvað komið hefði fram frá því fyrsta af hálfu heimastjórnarmanna í þessu máli. Jeg skýrði líka frá því, hvaða skoðun hefði komið fram hjá sjálfstæðismönnum á síðasta þingi, og það hefir enginn sagt, að jeg hafi skýrt rangt frá því, svo að jeg sje ekki ástæðu til, að fara nánara út í það atriði. Jeg sýndi það líka með skýrum rökum, hvers vegna við heimastjórnarmenn hljótum að greiða atkvæði með dagskránni og á móti tillögunni, samkvæmt sögu málsins. Þetta sagði jeg fyrir hönd þess flokks, sem jeg fylgi, og átti ekki von á því, að nokkur hefði út á það að setja. Það mætti náttúrlega taka upp aftur deiluna frá síðasta

þingi, en það skilst mjer myndi verða þýðingarlaust.

En það var annað en þetta, sem aðallega kom mjer til að standa upp nú. Mjer hefir verið sagt, að háttv. flutnm. (S. E.) hafi talað í þá átt til vor heimastjórnarmanna hjer á þingi, að það væri þægilegt fyrir Dani, að hafa flokk á þinginu, sem alt af væri fús til að reka þeirra erindi. (*Sigurður Eggerz:* Jeg man ekki til, að jeg hafi sagt það). Sje þetta ekki rjett hermt, þá getur mínu máli verið lokið að þessu leyti. (*Matthías Ólafsson:* Hann sagði það.) (*Sigurður Eggerz:* Það er sagt hjer, að jeg hafi sagt þetta, og mun jeg þá skýra frá, í hvaða sambandi jeg sagði það). Hafi það ekki verið meining háttvirts flutningsm. (S. E.) að segja þetta, þá skal vera úttalað um það frá minni hlið, enda þætti mjer það sæta furðu, ef slík orð kæmu fram hjá manni, sem alt af er að hæla sjálfum sjer fyrir hæverska framkomu í þessu máli og stillilegt tal. Það var tekið óstint upp fyrir mjer, að jeg hefði ekki farið nógu virðulegum orðum um tillöguna, en jeg get ekki horfið frá því, að mjer þykir hún vera næsta vesalleg. Og þegar tillit er tekið til þess, að nú er verið að hrópa: »Varið ykkur, því að fósturjörðin er í voða«, og auk þess hefir það komið fram í einu blaði, að ef annars væri mögulegt að bæta úr því, sem gjörðist í ríkisráðinu 19. júní, þá væri eina ráðið að mótmæla og gefa ráðherranum vantraustsyfirlýsingu. Þegar tekið er tillit til þessa, er ekki hægt að segja annað en að slík þingsályktunartillaga, sem sú, er hjer er fram komin, sje viðrini. Með henni er ekki annað sagt en að þingið standi við samþykt sína frá 1914, en það virðist vera nokkuð tilgangslítið, þegar mönnum getur ekki komið saman um, hvað í þessum fyrirvara felst.

Jeg sný ekki aftur með það, að ef nokkur hætta hefði verið hjer á ferðum, þá var sjálfsagt að mótmæla, og annað gat þá ekki gagnað. Þess vegna furðar mig á því, að tillögumennirnir skuli segja, að þeir hafi komið fram með þessa vægu tillögu til að bjarga landinu, og það því fremur, þar sem þeir vissu fyrir fram, að hún myndi falla. Hvers vegna komu þeir ekki með tillöguna í þeirri mynd, sem þeir álitu rjettasta?

Jeg skal annars láta þess getið, að þegar háttv. flutningsm. (S. E.) talar um danska og íslenska skoðun á þessu máli, og segir, að við föllumst á dönsku skoðunina, þá er það alveg rangt. Vjer teljum uppburð sjermálanna alíslenskt mál, eins eftir stjórnarskrárbreytinguna eins og áður.

Ráðherra: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka aftur til máls, en það voru nokkur atriði í ræðu háttv. flutningsm. (S. E.), sem knýja mig til að taka til máls aftur.

Jeg skal strax taka það fram, út af því, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að jeg hafði ekki eftir honum nein ákveðin orð, heldur sagði jeg, að mjer hefði heyrst hann viðhafa orð í garð Hans hátignar konungsins, sem betur hefðu verið ótöluð. Jeg skal gjarna trúa því, að mjer hafi misheyrst, og læt svo úttalað um það mál.

Háttv. flutningsm. (S. E.) fór að vanda mörgum orðum um sjálfan sig og sína miklu verðleika, og mun jeg ekki gjöra mjer mikið far um að svara því. Hann gat þess, að á fundi, sem við hefðum báðir verið á, hefði komið fram fyrirspurn um, hvað við ættum að gjöra. Hann skýrði rjett frá þessu, en sú skýrsla á ekki við málið, eins og það lá fyrir frá minni hendi, og verið er að ræða um í dag. Það er engin ósamræmi í því, þótt við, sem báðir vorum í flokksstjórninni, hefðum komið okkur saman

um að þegja, þangað til einhver niðurstaða væri fengin. En sú niðurstaða var ekki fengin, þegar minni hlutinn ætlaði að reka mig og meiri hlutann úr flokksstjórninni.

Talað var um aukaþing. Jeg hefi aldrei lofað að kveðja saman aukaþing, heldur að eins sagt, að jeg hefði vilja til að gjöra það, ef jeg sæi mjer fært, og þörf yrði á. Fyrirvaranum er fullnægt, og aukaþing því óþarft. Auk þess mundi hafa reynst erfitt að kveðja aukaþing saman, meðal annars vegna birtingar þeirra heitrofanna. Það er því ekki um neinar vanefndir að ræða frá minni hendi í þessu efni. En jeg ætla ekki að skýra nánara frá þessu, því að til þess þyrfti jeg að ganga inn á »intimt« samtal, sem jeg hefi ekki leyfi til að skýra frá. Menn mega gjarna brosa að þessu, jeg mun ekki taka mjer það svo nærri.

Háttv. flutningsm. (S. E.) hefir aldrei skýrt frá afstöðu sinni til birtingarinnar. Þrátt fyrir áskoranir í þá átt, hefir hann alt af forðast að lýsa yfir því, hvort hann lofaði hana eða lastaði. Hann um það.

Getsakir háttv. flutnm. (S. E.) og hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) í garð háttv. þm. Snæf. (S. G.) og annarra, hafa verið reknar til baka, og þeim svarað á viðeigandi hátt, svo að jeg þarf ekki að eyða orðum að þeim.

En það var annað atriði í ræðu hv. flutningsm. (S. E.), sem ekki myndi hafa verið kallað »fair«, ef einhver annar hefði sagt það. Hann sagði, að við hefðum talað á móti betri vitund. Það er ekki rjett nje viðeigandi af svo virðulegum manni og merkilegum, sem hann *þykist* vera, og naumast samrýmlegt því, sem hann kallar rök í þessu máli. Út af því, sem hann talaði um rjett sinn til að koma fram með þessa tillögu, skal jeg geta þess, að hann sagði við mig fullum fetum, að þetta væri það lengsta sem hann gæti teygt sig, og það skil jeg vel. Hann sagðist ekki vita, hvort tillagan gæti orðið að gagni eða ekki, en eftir afstöðu minni, kvaðst jeg telja tillöguna óþarfa, því að hjer væri enginn brunnur, sem þyrfti að byrgja.

Háttv. flutningsm. (S. E.) kvartar yfir því í ræðu sinni, að sambúðin milli hans og Ísafoldar hafi verið erfið í seinni tíð. Jeg læt mig það engu skifta, hvernig sambúð þeirra hefir verið. En jeg tel það óviðeigandi, að blanda þriðja manninum hjer í málin, þar sem hann getur ekki haldið uppi svörum fyrir sína hönd. Öðru máli að gegna, þótt þingmenn ýmsir skjótist á skeytum, því að þeir hafa allir sömu aðstöðu. Hitt, sem flutningsm. (S. E.) segir, um staðfestingarskilmálana, er misskilningur. Þar sem Zahle segir, að engin breyting verði á gjörð, þá er það að eins danska skoðunin, sem hann heldur fram. Og jeg er búinn að sýna fram á, að orð konungs eru önnur en forsætisráðherrans. Þeir, sem athuga vel orð konungs, hljóta að sjá, að sitt hvað er sagt í þeim og opna brjefinu. Og þar sem nú orð konungs eru síðar töluð, býst jeg við, að mjer veitist ljett að sannfæra háttv. flutningsm. (S. E.) um það, að það eru þau sem gilda. Nýrri ummæli eða ákvarðanir frá sama valdi upphefja eldri ummæli þess valds.

Skúli Thoroddsen: Jeg ætlaði alls ekki að leggja annað til málanna en jeg þegar hefi gjört, en háttv. þm. Snæf. (S. G.) hefir þó **knúð** mig til þess.

Hann byrjaði ræðu sína af miklum móði, og taldi mig hafa ráðið á sig. — En jeg mótmæli því, og get jeg í því skyni vitnað til þingskrifaranna. Háttv. þingm. Snæf. (S. G.) hefir því hlotið að

dreyma mjög illa, þar sem jeg nefndi hann alls ekki á nafn nje beindi einu orði til hans, eða kom hann til hugar.

Hann sagði, að sjer þætti það hart, að ráðist væri á *heiðarleik* sinn í þingsætinu.

Hann vill þá *og slá því föstu*, að þingmönnum gangi aldrei annað en gott til allra sinna orða og gjörða hjer á þinginu, og að ljótt sje því, að ætla nokkrum þeirra nokkuru sinni nokkuð ilt. En það er hart, að heyra mann, á sjötugsaldri, tala af *jafn lítilli* þekkingu á hinu illa í lífinu.

Daglega lífið má — því miður — segja, að all-oftast sje eigi nema **blekking**, þar sem *fjöldi manna beitir einatt* **óeinlægninni, undirferlinu** *og jafnvel* **lyginni**, *jöfnum höndum við sannleikann*, — alt eftir því, hvað við þykir eiga í það eða það skiftið, svo að **giska** *verður þá og á það í hvert skiftið, hvort það, sem sá eða sá segir, sje einlægni, sannleikur, eða — hið gagnstæða.*

Mjer hefir því og oft dottið það í hug, hjer í þingsalnum, að engu væri líkara, en að jeg væri staddur á »**ónefndum stað**«. Svo oft hefi jeg rekið mig hjer **á blekkingarnar, óeinlægnina, lygina**, sem og **undirferlið**, og svo oft hefi jeg vitað hina eða þessa þingmennina greiða atkvæði, *án þess að hafa aflað sjer þeirrar þekkingar á málunum, sem ein er skilyrði þess, að ítrekuð yfirvegun málsatriðanna geti þá og leitt til* **rökstuddrar skoðunar** *á málunum.*

Vöntun sjálfstæðis, einurðar, sem og *þors*, leiðir og eigi sjaldan til þess, að greidd eru hjer atkvæði af **jábróðurhætti**, enda alls eigi dæma-fátt, að *setið sje yfir mönnum* enda heila og hálfa daga, til þess að fá þá til þess, að greiða atkvæði svo eða svo, eða lúta vilja einhvers, sem mikið á undir sjer.

Sjálfstæði annara í orðum, og gjörðum, *sem* **öllum** *er þó* **æ skylt að þrá**, *eigin sjálfstæði engu síður*, sjáum vjer því nær daglega **misboðið**, og þá eigi síður hitt, að reynt er, að nota sjer **hefnilöngun, eigingirni** eða **metnaðargirnd** o. fl., sem ilt, eða lágt, er, hjá öðrum, og eigi svo útrýmt, eða tamið orðið, sem æ skyldi.

Og þegar vjer nú rekum oss æ öðru hvoru á annað eins í lífinu, og **vitum**, *að menn eru á jörðu vorri á* **mjög mismunandi** *siðferðilegu þroskastigi*, þá megum vjer **ekki** vera þau **börn**, að ætla, að allir breyti einatt eins og þeir ættu að gjöra; — *megum* það ekki, *öryggis* vors vegna, en verðum æ að haga oss, sem forsjálir og hyggnir menn.

Vel get jeg skilið það, er háttv. þm. Snæf. (S. G.) telur ástæður sínar nú — dótturmissirinn — vera þess eðlis, að fremur hefði þó þeirra vegna átt að hlífa honum við persónulegum árásum. En það nær ekki til mín, þar sem jeg hefi engum slíkum árásum beint til hans, nje heldur heyrt aðra gjöra það.

En **einnig**, er um *sorgina, og hlutteknínguna í raunum annara ræðir*, þá er daglega lífið oss þar og oft eigi síður **blekkjandi**, en ella, — *vaninn*, að látast æ finna ríkt til með öðrum, og *segja, sem aðrir, að* **sorglegt** *sje*, er einhver missir sína, eða slys, eða óhöpp, bera að höndum, þótt **alt annað** búi þá ef til vill í hjartanu.

En svo að jeg sleppi nú þessum útúrdúr, skal jeg geta þess, að jeg efa það **ekki**, að háttv. þm. Snæf. (S. G.) hafi aflað sjer þekkingar á málinu, en þá væri líka fróðlegt að heyra þau rök, er hann hefir bygt skoðun sína á.

Hæstv. ráðherra beindi, að mjer skildist, *persónulegum árásum* í minn garð, eða var með einhverjar glósur til mín í þá átt, að mig muni oft hafa langað í ráðherraembættið.

Jeg veit ekki, hvort hann byggir þetta á því, að svo hefir reynst háttað um hann sjálfan, en þar sem hann vitnaði í það,

að blað mitt hefði tíðum haft eitthvað að segja við slík tækifæri, þá sannar það *ekki* **eitt**, *eða* **neitt**, *annað*, *en það*, *sem þær greinar bera með sjer*, **að jeg hefi þá eigi viljað láta ómótmælt blekkingum, eða lygum**, *sem beitt hefir þá verið*, því að það, að jeg hefi þá verið svo *keppinn*, eða *óheppinn*, að fá atkvæði, eða verið talinn *líklegur* til starfans, hefir þá og leitt til þess, að hinir, og þessir, er koma vildu að sjálfum sjer, eða öðrum, hafa þá enda **alls einskis** *svifist*, *til að bola mjer frá*, — **beitt mig þá æ hverju heiftartakinu á heiftartak ofan**, *og almenning þá og blekkingum, eða lygum*, svo að síður sæist þá sannleikurinn.

Annars býst jeg við, að jeg þekki nokkuð, bæði *kostina, og ókostina*, sem ráðherrastöðunni fylgja, *og hefði jeg í hana komist, eða þá sótt að mun eftir því* — sem jeg býst við, að hæstv. núverandi ráðherra geti lítið um borið — *þá hefði það þá verið af því*, **að jeg hefði þá viljað, að eitthvað gott leiddi af því**, *þjóðinni til handa*, enda skiftir það eigi litlu, að í ráðherra-sessinn komist eigi einatt þeir einir, sem *al-hugsjónalausir* eru, ef eigi og *al-tilfinningarlausir steinar*, sem sama er um öll bágindi annara, ef sjálfum líður þeim vel.

Þá gjörðu andstæðingarnir og mikið hark úr því, að vjer hefðum rofið drengskaparheit, er birt voru dönsku leynitilboðin, og jafnvel 1. þm. Rvk. (S. B.) tók **svo djúpt** *í árinni*, að hann sagðist ekki geta starfað lengur með þeim mönnum, er slíka **óhæfu** hefðu framið.

En ferst nú þessum mönnum, að tala mikið um drengskapinn? Eða hvernig var drengskapnum háttað, þegar »prímenningarnir« komu heim úr siglingunni, og málað hafði verið yfir dönsku flöggin á »Gullfossi«?

Þar var alt **borið**, — allur **drengskapurinn**, þess eðlis, að þegar Danir frjettu um tiltækið, þá þorðu þeir ekki að gangast við því, hver þeirra, sem þar var nú aðal-maðurinn, og því varð *Nielsen*, framkvæmdarstjóri »Eimskipafjelags Íslands«, og undirmaður 1. þm. Rvk. (hr. S. B.), að taka á sig ábyrgðina.

Að því er birtingu »dönsku leynitilboðanna« snertir, nægir annars, að geta þess, að **eigi** *var í fyrstu gjört ráð fyrir þagnarskyldu, nje undir hana gengist, nema 3—4 daga*, eða þá þar um.

Hitt, að ráðherra og fjelagar hans, reyndu æ, að knýja oss til þess, að *þegja þó æ lengur og lengur*, svo að þeir gætu þá því betur komið sjer við með »agitationirnar«, **átti eigi að þolast þeim**, *og var* — því miður — *lítið haldast uppi alt of lengi.*

Yfir því, sem af mjer, og öðrum, var talið *þjóðinni* **skaðlegt**, *dtti og eigi, nje mdtti þegja, nema rjett í svip.*

Allir vita, að *margur getur sá* **prakkarinn** *verið, er aðra vill fá til að þegja*, yfir hinu eða þessu, svo að hann geti þá því betur komið sjer við, með *prakkaraskapinn, óhæfuna eða óknyttina.* En hver segir, að slíkt eigi þá einatt eftir honum að láta?

Frekara finn jeg svo enga ástæðu til að segja, en **slæ því að lokum föstu**, *að jeg hafi í fyrri ræðu minni sýnt fram á það, að* **fyrirvaranum var ekki fullnægt** *í ríkisráðinu 19. júní síðastl.* Þetta hefir **ekki** verið hrakið, en gripið í þess **stað** til persónulegra árása, sem einatt sýnir mjög **veikan** málstað.

Flutnm. (Sigurður Eggerz): Það er að eins örstutt athugasemd við ræðu háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.). Hann stóð upp með miklum móði, af því að jeg hefði sagt, að Danir ættu flokk á þinginu. Jeg viðhafði ekki þau orð, en hitt sagði jeg, að meðan flokkur væri í landinu, sem væri sammála Dönum, er ágreiningsmál kæmu upp, þá væri ekki hægt að koma neinu fram. Enn

fremur taldi jeg og tel illa farið, að sambandsmenn hölluðust á sömu sveif og konungsvaldið, eftir staðfestingarsynjunina 30. nóv. 1914, því um það ættum vjer allir að vera sammála, að staðfestingarsynjanir á lögum í þingræðislandi eru mjög óheppilegar. Þó þeir væru mjer ekki að öllu leyti sammála, þá var samt eðlilegast og rjettast, að allir hefðu staðið saman. Því ef allir hefðu lagst á eitt og ekki gefið eftir, þá hefðum vjer hrundið málunum áleiðis, en meðan sundrungin ríkir, þá er ekki neinna framkvæmda að vænta. Við slíku er ekki að búast, fyrr en þjóðin skilur, að vjer verðum að standa allir eins sameinaðir og Danir, er um okkar málstað er að ræða. Ógæfan er, að vjer skiljum ekki þessa sjálfsögðu reglu. En flokkspólitíkin er svo rík, að hún er orðin landsheillinni hálfgjörður ofjarl.

Jeg skildi háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) svo, að hann furðaði sig á því, að ekki hefði komið fram vantraustsyfirlýsing til ráðherra, en jeg hefi margtekið fram, að jeg teldi öruggustu leiðina í þessu máli, að samþykkja slíka vantraustsyfirlýsingu, en það er vitanlegt, að ekki er hægt að koma henni fram, og því var sú leiðin farin, að bera þessa öryggistillögu fram.

Jeg endurtek það, að jeg vonast fyllilega til þess, að háttv. deild samþykki þessa tillögu, og sjerstaklega ætti háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.) að telja sjer skylt, að greiða henni atkvæði, þar sem hann rökstyður fyrirvarann 1914 þannig, að hann sje nauðsynlegur, til þess að óvandaðir menn gætu ekki vitnað í umræður þær, er þá hefðu farið fram um málið, Dönum í vil. Því þá ekki frá hans sjónarmiði að samþykkja þessa tillögu af sömu ástæðu nú? En því meiri er ástæðan til að samþykkja tillöguna, þar sem það ætti nú að vera orðið ljóst af umræðunum hjer í háttv. deild, að staðfestingarskilmálar þeir, sem settir eru af konungsvaldinu 19. júní, eru aðrir en skilmálar þeir, sem Alþingi 1914 setti fyrir staðfestingunni.

Um gömlu deiluna á milli heimastjórnarmanna og sjálfstæðismanna um ríkisráðsfundinn 30. nóv., sje jeg ekki ástæðu til, að fara að tala hjer, en því verð jeg þó að halda mjög fast fram, að það er rangt hjá háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.), að jeg hafi brotið vilja þingsins 1914. Það sýndi sig, að jeg var í fullu samræmi við skilning þingsins, þar sem jeg fjekk yfirlýsingu 24 þingmanna um það. Mjer virðist því harla djarft, eftir að sú yfirlýsing liggur fyrir, að bregða mjer um, að jeg hafi ekki verið í samræmi við þingviljann, og verð jeg að mótmæla þeirri staðhæfingu kröftuglega.

Hæstv. ráðherra er ekki miklu að svara. En í grein í Ísafold með hans nafni undir, stendur skýlaust, að beinnar viðurkenningar konungs þurfi á fyrirvaranum. *(Ráðherra:* Hefi skrifað það í flaustri). Hæstv. ráðherra segir, að hann hafi skrifað það í flaustri. Ja, jeg á erfitt með að sjá af blaðagrein, hvað er sagt í flaustri eða ekki. En jeg verð að líta svo á, að þau orð hafi ekki verið í flaustri skrifuð, þar sem þau eru í samræmi við yfirlýsingu þá, er hann, einn af 24, gaf mjer í vetur. Hæstv. ráðherra varð viðkvæmur og talaði um, að það væri undarlegt að minnast á blað, þar sem ritstjórinn væri ekki við. En jeg tel ekkert eðlilegra en drepið sje á, hvað stjórnarblaðið segir, þar sem slík blöð eru vanalega innblásin af stjórninni sjálfri, og hún er við. Auk þess er jeg reiðubúinn að endurtaka þessi orð, hve nær sem óskað er, utan þinghelginnar, í votta viðurvist.

Mjer skildist hæstv. ráðherra halda því fram, að opna brjefið væri að sjálfsögðu upp hafið, þar sem í hinum nýju

skilmálum væri ekki minst á, hverjir gjörðu hina þar um ræddu, jafntryggu skipun, en í opna brjefinu var það skýrt tekið fram. En mjer virðist einmitt ástæða til að ætla, að þetta sje ekki tekið fram í hinum nýju skilmálum, af því mælisnúran fyrir því, hvernig breyta skuli, sje í opna brjefinu, sem í gildi er. Ef staðfestingarskilmálarnir hefðu verið svo, að þeir í sjálfu sjer útilokuðu opna brjefið, þá væri það annað mál; þá væri það dautt, en nú er ekkert í þeim, sem útiloki það.

Jeg sje svo ekki fleira í umræðunum, sem jeg þurfi að svara frá minni hlið, og jeg endurtek það, að jeg treysti því enn á síðasta augnabliki, að háttv. deild samþykki þessa tillögu, sem eingöngu miðar til þess, að tryggja rjettindi landsins.

Ráðherra: Jeg vildi að eins gjöra örstutta athugasemd út af orðum háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Hann syndgaði á því sama, sem háttv. flutnm. (S. E.). Hann vjek að þriðja manni, sem ekki er hjer staddur.

Hann sagði, að málað hefði verið yfir flöggin á »Gullfossi« að tilhlutun okkar þrímenninganna, en við svo látið framkvæmdarstjóra Eimskipafjelags Íslands, herra E. Nielsen, bera skellinn. Það er nú alkunnugt, þótt þessi háttv. þm. (Sk. Th.) viti það ef til vill ekki, að þetta eru ósannindi. Jeg, og við allir þrír, áttum engan hlut að því, að málað var yfir flöggin, og jeg hefi ekki heldur fengið herra Nielsen til þess, að taka á sig ábyrgðina fyrir það. Jeg vissi ekkert um, að hann hefði gjört það, fyrr en hann hafði ritað grein sína í »Nationaltidende«. Og maður, sem talar af jafnmikilli andagift um sannsögli og gott framferði, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), ætti ekki að bera annað eins og þetta á borð fyrir háttv. deild.

Þetta vængjaða orð hans um »prakkarann« ætla jeg ekki að fara að eltast við, en það, ásamt fleiru í ræðu hans, sýnir fullvel menningarstig hans. Hann ber það af sjer, að sig hefði langað í ráðherradóm, og skal jeg ekki heldur þrátta um það við hann. Um það má hann best vita sjálfur.

Út af því, sem hann talaði um stjórnarfrumvörpin, skal jeg fyrst og fremst svara því, að hvorki jeg nje háttv. fyrrv. ráðherra hafði góðan tíma til undirbúnings þeirra. En hins vegar kemur mjer það nokkuð kynlega fyrir sjónir, að þessi háttv. þm. (Sk. Th.) skuli hafa mikið á móti því af stjórnarfrumvörpunum, sem fer fram á fjölgun ráðherra, því að hann hefir áður barist fyrir því í sínu góða blaði, að ráðherrar skuli eigi vera færri en þrír, og ritað vel um það, svo sem hans var von og vísa. Loks hefir hann samþykt það í stjórnarskrárfrumvarpi þingsins 1911, að fleiri skyldu vera ráðherrar en einn, og svo látið kjósa sig 1911 upp á að samþykkja það aftur.

Jeg sje ekki ástæðu til þess, að fara mikið út í það, sem háttv. flutnm. (S. E.) sagði síðast. Hann getur ekki vitað um það, hvaða greinar eru innblásnar af stjórninni, jafnvel þótt í stjórnarblaði sje, en hitt veit hann, að stjórnin ber ekki ábyrgð á því, sem þar stendur. Í því tilfelli, er hjer um ræðir, gat jeg eigi hafa innblásið neitt blað á Íslandi, því jeg var sjálfur utanlands þá, og hjer átti maður í hlut, sem ekki gat borið hönd fyrir höfuð sjer. *(Sigurður Eggerz:* Hann getur skammað mig fyrir þetta í Ísafold og gjörir það vonandi strax á morgun). Það er alveg sama. Háttv. flutningsm. (S. E.) veit, að orðin, sem reyndar voru hlægileg, voru töluð

hjer í þinghelginni. *(Bjarni Jónsson:* Ætlar nú ráðherra að fara að verða heilagur aftur?). *(Sigurður Eggerz:* Jeg skal tala orðin á morgun utan þings, ef hann vill). Já, því getur háttv. þingmaður lofað, en illa þekki jeg hann, ef hann hefir þá kjark í sjer til þess. Jeg segi ekki, að orðin hafi verið þannig, að þau hefðu bakað honum lagalega ábyrgð, en lítt voru þau þó sæmandi, og það er nú einu sinni talið rjett princip hjer á þingi, að halda óviðkomandi mönnum (þriðja manni) fyrir utan umræðurnar.

Pjetur Jónsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að blanda mjer í þessar umræður, en jeg verð að gjöra dálitla athugasemd út af því, að jeg hafði flutt nokkur orð háttv. flutnm. (S. E.) til háttv. 2. þm. Rvk. (J. M.).

Svo stóð á þessu, að í sambandi við nokkur af þeim háfleygu orðum, sem háttv. flutnm. (S. E.) hafði um heill þjóðarinnar og danska og íslenska málstaðinn o. s. frv., þá heyrðist mjer ekki betur en að hann þar á eftir segði á þá leið, að þar sem Danir ættu sjer alt af vísan flokk hjer á landi, sem kæmi skoðunum þeirra á framfæri, þá væri ekki von á góðu. Svona kom þetta nú að minsta kosti í mín eyru, en hins vegar þykir mjer vænt um það, ef orðin hafa ekki fallið svo, eða ekki verið meint svo, og þá var líka rjett, að hann leiðrjetti þau svo, sem hann gjörði. En jeg tók þetta til Heimastjórnarflokksins, af því að það hefir verið siður manna úr Sjálfstæðisflokknum, að kasta öðru eins og þessu fram um oss heimastjórnarmenn.

Áður en til atkv. væri gengið, óskuðu þessir þingmenn nafnakalls um till. á þgskj. 35:

Skúli Thoroddsen,
Guðm. Eggerz,
Bjarni Jónsson,
Sigurður Eggerz,
Benedikt Sveinsson,
Jón Jónsson.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin frá þm. Snæf. (S. G.) [sjá hjer að framan, sbr. A. 67] samþ. með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Hannesson,	Guðm. Eggerz,
Hannes Hafstein,	Hjörtur Snorrason,
Jóhann Eyjólfsson,	Jón Jónsson,
Jón Magnússon,	Sigurður Eggerz,
Magnús Kristjánss.,	Skúli Thoroddsen,
Matthías Ólafsson,	Þorleifur Jónsson.
Pjetur Jónsson,	Þór. Benediktsson.
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson.	

Einar Arnórsson greiddi eigi atkv., með því að hann taldi málið sjer of skylt, og tók forseti það til greina.

Tillagan á þgskj. 35 kom því eigi undir atkvæði, og taldi forseti hana *fallna.*

---

2. Landhelgisvarnirnar.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 17. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um landhelgisvarnirnar (A. 42).

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn, 19. júlí, var tillagan tekin til meðferðar h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Eftir tillögu forseta var samþykt ein umræða um tillöguna.

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. júlí, var tillagan tekin til einnar umr.

Forseti tók málið út af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. júlí, var tillagan tekin aftur til einnar umr.

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Jeg ætla ekki að ræða langt mál um þessa tillögu, enda mælir hún með sjer sjálf.

Eins og kunnugt er, hafa víða komið fram umkvartanir yfir því, að strandgæsluskipið gæti ekki komist yfir að annast landhelgisvörnina svo rækilega, sem þörf er á, eins og vel er skiljanlegt, er á víðáttu landhelgissvæðisins er litið, og þar sem fjöldi erlendra fiskiskipa dvelur hjer við land.

Að mínu áliti, og margra annara, væri það því **miklu heppilegra**, *að strandvarnirnar væru faldar fleinum bátum, á stærð við botnvörpungana sjálfa*, er ekki þyrftu að kosta meira, en 150—200 þús. kr., hver þeirra, eða þá þar um.

Jeg skil og ekki, að það ætti að gjöra Dönum mikið til, þó að þeir höguðu því þannig, að láta »Íslands Falk« ganga inn í flotann, en ljetu í hans stað smíða nokkra fallbyssubáta, til að sjá um strandvarnirnar.

Eins og kunnugt er, heldur Danastjórn því fram, *að Danir eigi að sjá um landhelgisvarnirnar hjer við land.* En fengjust þeir til að samþ., að vjer Íslendingar *tækjum* að oss strandvarnirnar, þá væri það vitanl. **ákjósanlegast**, og ætti oss þá síst að verða skotaskuld úr því, að geta leyst þær engu verr af hendi, en Danir gjöra.

Vjer eigum vísi til landhelgissjóðs, *sem vjer getum látið taka lán*, til þess að smíða t. d. 1—2 fallbyssubáta, til byrjunar. Sjóðnum mundi ekki vera það ofvaxið, að borga rentur og afborgun af því láni, ekki síst ef frv. þeirra háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) og háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), um aukið landssjóðstillag til sjóðsins næði fram að ganga, og þó allra helst, ef það væri þá haft *nokkuð hærra*, en þeir hafa farið fram á.

Nú hafði jeg og hugsað sem svo, að *ef þingið samþykti þessa till.*, og *ef Danir vildu ekki verða við þeim tilmælum, að haga landhelgisvörninni, eins og hún fer fram á*, **þá gæti Danastjórn því síður haft á móti því, að vjer tækjum sjálfir að oss strandgæsluna.**

Sýnist mönnum á hinn bóginn rjettara, að vjer Íslendingar tökum þegar að oss strandgæsluna, þá álít jeg og *rjett*, **að bíða ekki**, *en samþykkja þegar á þessu þingi lög, sem heimila landhelgissjóðnum lántöku, til þess að láta smíða fallbyssubát til þessa starfa.*

Hitt hlyti á hinn bóginn að taka eigi all-fá ár — þrátt fyrir það, þótt frv., sem jeg gat um áðan, nái fram að ganga — að sjóðurinn verði þess megnugur að kosta strandvarnirnar, án lántöku.

En hjer veltur mikið á því, hvort hæstv. ráðherra telur þetta hyggilegt. Álítur hann, ef vjer samþykkjum slík lög, er nú gat jeg um, að Danastjórn sættí sig við það, og rísi ekki upp á móti því? Ef hæstv. ráðherra lítur svo á, sem frá Dönum sje ekki von neinnar mótspyrnu, þá er sjálfsagt, að hika ekki við að fara þessa leið.

Mörgum hefir oft fundist, að Íslendingum væri ekki fær vegur til fullkomins sjálfstæðis, vegna þess, að þeir gætu ekki varið strendur landsins; en jeg hefi

nú sýnt fram á, að ekki þarf það að vera oss steinn í götu.

Ef hæstv. ráðherra heldur á hinn bóginn, að Danir vilji hafa strandvarnirnar sjálfir á hendi, þá er sjálfsagt, að ýta svo við þeim, að þeir framkvæmi þær þá þannig, að þær verði oss að verulegu gagni.

Því er og ekki svo varið, að Danir hafi strandgæsluna á hendi fyrir oss Íslendinga eina, heldur hafa þeir hana og á hendi fyrir sjálfa sig og Færeyinga, alla þá tíð, sem vjer leyfum, að þeir njóti jafnrjettis við oss á landhelgissvæðinu, að því er til fiskveiðanna hjer við land kemur.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið að sinni. Jeg vil að eins stinga upp á, að því verði vísað til nefndarinnar sem skipuð var í frv. um landhelgissjóðinn.

Ráðherra: Háttv. flutningsm. till. á þgskj. 42 (Sk. Th.) beindi, að því er mjer virtist, fyrirspurn til mín. Jeg heyrði því miður ekki alla ræðu hans, vegna þess, að jeg var inni í Ed. En mjer skildist fyrirspurnin vera á þá leið, hvort jeg teldi að Danastjórn mundi rísa upp á móti því, ef við samþyktum lög, sem heimiluðu landhelgissjóðnum lántöku til þess, að hann gæti látið smíða strandvarnarskip. *(Skúli Thoroddsen:* Já, fyrirspurnin var á þá leið). Jeg get ekki svarað spurningunni, svo feginn sem jeg vildi, hefi ekki hugmynd um, hverju Danir myndu svara, enda ekki haft tilefni til þess að grenslast eftir því. En fari þingið þess á leit við mig, þá færi jeg það auðvitað í tal. *(Bjarni Jónsson:* Hvað álítur ráðherra sjálfur?). Jeg er að svara fyrirspurn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Hvað jeg álít persónulega, getur engar upplýsingar gefið um það, sem að er spurt — og jeg er ekki hjerna fyrir neinum rannsóknarrjetti háttv. þm. Dal. (B. J.). Ef háttv. þm. Dal. (B. J.) vill endilega fá fram mitt álit, er fyrirspurn, þingsköpum samkvæmt, vegur til þess.

Um sjálfa tillöguna þarf ekki mörg orð. Hún er auðvitað sprottin af góðum vilja háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), til þess að strandgætslan verði sem best af hendi leyst. Jeg er ekki jafn viss um það, að till. sje heppileg, sjerstaklega þar sem komið er fram lagafrv. skylt þessari till., um að auka landhelgissjóðinn með ákveðinni árlegri upphæð. Það frv. fer í alt aðra átt en till. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), og samþykt hennar gæti trauðla komist í samræmi við framgang þess frv. Vitanlega er hægt að hugsa sjer, að það sje tilgangur háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) að auka strandgætsluna á þennan hátt, *þangað* til landhelgissjóður væri orðinn svo stór, að hann gæti annast útgjöldin til strandgætslunnar, en jeg er hræddur um, að það kynni að verða lagt Nd. til ámælis, hún sökuð um ósamkvæmni við sjálfa sig, ef þessi tillaga yrði samþykt, jafnframt landhelgissjóðsfrv. Enn fremur er það nokkuð óviðfeldið, að vera alt af að tala um sjálfstæði annað veifið og að við sjeum sjálfir færir um að annast landhelgisvarnirnar, en vera svo hitt veifið að fara fram á aukinn stuðning til strandvarnanna frá Dönum.

Jeg segi þetta ekki vegna þess, að mjer megi ekki á sama standa, þótt till. verði samþykt; hún fer ekki fram á neitt, sem jeg get ekki vel reynt að gjöra.

Bjarni Jónsson: Jeg skal ekki vera myrkur í máli, en lýsa því þegar yfir, að jeg er ósamþykkur till. þeirri, er hjer liggur fyrir. Jeg vil ekki skora á Dani, að auka skipastól sinn hjer við land. Jeg vildi miklu fremur skora á þá, að taka heim til sín þenna dall,

sem hefir verið að skrölta hjer undanfarin ár, okkur til lítillar þurftar. Hann hefir alt af verið talinn eftir af Dana hálfu; þeir hafa kallað það hjálp til Íslendinga, að hann hefir skrölt hjer á milli hafna, Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og Danir hafa jafnvel sagt, að þeir væru að framkvæma einhvern ímyndaðan herradóm hjer á sjónum með honum. Hefir það komið fram hjá sumum stjórnmálamönnum þarlendum, eins og t. d. fyrrverandi forsætisráðherra Neergaard í ræðu, sem hann hjelt einu sinni út af ákæru, sem kom fram á íslenska viðskiftaráðunautinn. Það væri æskilegt, að þessi eini vottur þessa herradóms hyrfi hjeðan sem fyrst. Ef háttv. flutnm. (Sk. Th.) þykir það betra, þá skal jeg ekkert hafa á móti því, að málið fari í nefnd, en mjer þykir ólíklegt, að sú nefnd geti gengið að því.

Jeg sje, að hæstv. ráðherra er horfinn — jeg þurfti að spyrja hann að dálitlu. Jeg gegndi fram í ræðu hans áðan, ekki af því, að jeg ætlaði að halda yfir honum neinn rannsóknarrjett, heldur til þess, að komast hjá því að halda ræðu. Jeg vildi vita það, hvort hæstv. ráðh. telur, að það gæti komið til mála, að Danir færu að skifta sjer af því, þótt Íslendingar gjörðu út skip til strandgætslu á eigin kostnað. Slík afskiftasemi ætti engan rjett á sjer og væri hin stakasta óhæverska, ef danskir valdhafar reyndu að koma í veg fyrir þetta eða láta það líta svo út, sem þeir hefðu nokkurn rjett eða vald til slíkra afskifta. Jeg vildi heyra, hvort hæstv. ráðherra væri ekki á sama máli og jeg um þetta.

Jeg vil enda ræðu mína á því, að mjer fjell vel í geð hin óprentaða uppástunga háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um að auka þennan sjóð, til þess að hægt væri að koma því í framkvæmd, að við tækjum að okkur varnirnar. Þá væri það bara tímaspursmál, að taka lán upp á hinn vaxandi sjóð. Því ætti að flýta sem mest, og hygg jeg, að þess yrði þá ekki langt að bíða, að við fengjum jafngóðar varnir og við höfum nú, þar sem ekki er nema eitt skip, og það hefir jafnvel fyrirskipun um, að eyða ekki nema ákveðnu tonnatali af kolum á skrölti sínu milli hafna.

Guðmundur Hannesson: Jeg býst við, að háttv. þm. telji það auðveldara, að vjer tökum að oss strandvarnirnar sjálfir en það í raun og veru er. Jeg hefi leitað mjer upplýsinga um kostnaðinn við úthald eins gætslubáts á stærð við vænan botnvörpung, og komist að raun um, að hann er því nær helmingi meiri en jeg gjörði ráð fyrir 1906, og gjört er ráð fyrir í tillögu þessari; í stað 50 þús. kr. á ári verði ekki komist af með minni upphæð en 90 þús. kr. Kolin ein mundu t. d. kosta ca. 50 þús. kr. á ári. Fyrir þessu hefi jeg orð manns, sem vel er kunnugur botnvörpuútgjörð. Jafnvel þótt hægt væri að nota skipið jafnframt sem æfingaskip fyrir sjómannaskólanemendur, sem þó mundu verða talsverðir erfiðleikar á, þá verður samt ekki hjá því komist, að borga mörgum föstum mönnum kaup, og þetta eykur kostnaðinn að mun. Ef árleg útgjöld verða 90,000 kr. við eitt strandvarnarskip, þá er það auðsætt, að strandgætslusjóðurinn muni ekki vaxa hratt, eftir að vjer tækjum að gæta landhelginnar, þó honum væru lagðar 30,000 kr. á ári. Þessi upphæð segði lítið til útgjörðar á einu gætsluskipi.

Að sumu leyti getum við verið Dönum þakklátir fyrir strandvarnirnar. Þær hafa gjört talsvert gagn, eins og sjest af sektum þeim, sem árlega greiðast landssjóði fyrir landhelgisbrot.

Vjer verðum að gjöra oss það ljóst,

þegar vjer erum að tala um að taka að oss strandvarnir, þá tjáir ekki að byggja á öðru en áreiðanlegum tölum. Jeg hygg, að fjárhagur vor sje svo þröngur, því miður, að oss veitist þetta fullerfitt enn sem komið er, þó ókleift sje það engan veginn. En það gleddi mig, ef við gætum framkvæmt þessa hugmynd, og hefðum sjálfir bolmagn til þess að halda uppi vörnunum.

Tillaga sú, er hjer liggur fyrir, er að mínu áliti óheppileg; Danir mundu taka henni illa, og hún er í ósamræmi við það, að vjer stefnum að því, að taka að oss strandferðirnar sjálfir.

Ráðherra: Mjer virtist það á hv. flutningsm. (Sk. Th.), að hann hefði fengið það svar, sem hann hafði óskað, við fyrirspurn sinni. En nú hefir hv. þm. Dal. (B. J.) risið upp og auðsjáanlega ætlað að »klemma« mig. Hann spyr mig um það, hvort jeg telji, að það geti komið til mála, að dönsk stjórnarvöld færu að skifta sjer af því, að við Íslendingar gjörðum sjálfir út skip til strandvarna. Jeg var búinn að segja það áður, að jeg vissi ekkert um, hvað Danir mundu gjöra; jeg hefði ekki leitað hófanna um það. Hvaða skoðun jeg hefi persónulega, er fræðilegt atriði, sem ekki kemur þessu máli við, og mjer kemur ekki til hugar, að vera að lengja umræðurnar með að tala um. Vilji háttv. þm. Dal. (B. J.) vita hana, þá getur hann borið fram fyrirspurn þar að lútandi á þingskapalegan, rjettan hátt. En jeg get trúað því, að Danir telji sjer málið ekki óviðkomandi. Þeir hafa svo margar aðrar skoðanir á sambandi landanna en við.

Benedikt Sveinsson: Jeg get ekki fylgt þessari tillögu, jafnvel þótt jeg skilji vel tilgang flutningsmanns með henni, að það sje ekki nema rjettlátt, að láta Dani finna, hvað þessi yfirráð kosta, sem þeir eru alt af að tala um. Þeir vilja halda dauðahaldi í þenna rjett, sem þeir þykjast hafa yfir landinu, en tima samt engu til að kosta. Jeg hefi þess vegna alt af verið mótfallinn því, að Íslendingar borguðu Dönum með sektafje landssjóðs tillag til strandgætslunnar, meðan það fengist ekki viðurkent, að vjer værum einráðir um landhelgisvarnirnar. Jeg hefi ekki talið rjett, að Ísland ljetti undir með Dönum, til þess að beita valdi og ofríki.

Fyrirspurn háttv. þm. Dal. (B. J.) til hæstv. ráðherra um það, hvernig hann liti á rjett Dana í þessu máli, var alveg óþörf, vegna þess, að skoðanir hans sjást skýrar í ritum hans, t. d. Rjettarstöðu Íslands. *(Ráðherra:* Þar með er ekki sagt, að Danir sjeu á sömu skoðun). Vjer vitum um skoðun Dana, en jeg vænti þess, að hæstv. ráðherra haldi sínum fyrri skoðunum og sæki þetta mál, sem alíslenskt löggjafarmál.

Fyrst þessi tillaga er fram komin, þá tel jeg rjett, að hún sje athuguð í nefnd, og þar sem þegar hefir verið kosin nefnd í landhelgissjóðsfrumv., þá tel jeg einlægast, að vísa þessu máli til þeirrar nefndar.

Það þýðir ekki að fara hjer mikið út í kostnaðinn; það atriði getur ekki orðið rannsakað við þessa umræðu. Dálítið mun það samt hafa verið athugað, og get jeg um það efni skírskotað til smágreinar, sem birtist í Andvara fyrir svo sem þrem árum.

Jeg tel það ekki brýna nauðsyn, að taka við strandvörnunum í ár eða að ári, vegna þess, að ágangur botnvörpunga verður miklu minni fyrst um sinn, vegna ófriðarins. Það er nú búið að sökkva fjöldanum öllum af botnvörpuskipum, og þó að ófriðurinn taki bráðum enda, sem óvíst er um, þá tekur það talsverðan tíma að smíða ný skip,

Þessu máli bráðliggur því ekki á, enda er tíminn nú óheppilegur að kaupa strandvarnaskip, þar sem skipasmíð er bæði erfið og dýr.

Eins mætti í þessu sambandi drepa á það, hvort ekki væri heppilegt, að landið eignaðist kafbát til strandvarna. Jeg veit ekki, hvað hann mundi kosta; hann þyrfti ekki að vera stór eða eins vel úr garði gjörður og kafbátar ófriðarþjóðanna, en gæti komið að góðu haldi og komið lögbrjótum að óvörum. Einn bátur slíkur væri meira virði en margir ofansjávarbátar. Þetta er engin tillaga, en að eins bending, sem varpað er fram til athugunar. Það eru ekki mörg ár síðan slík hugmynd mundi talin mesta heimska, -- »íslenskur« og »kafbátur« mundi til skamms tíma hafa verið talin ósamrýmanleg hugtök —, en nú er okkur þó vaxinn svo fiskur um hrygg, að enginn mun telja slíkt fjarstæðu.

Jeg skal svo ekki orðlengja málið frekara, en vænti þess, að tillögunni verði vísað til landhelgissjóðsnefndarinnar.

Bjarni Jónsson: Jeg er svo óheppinn, þegar jeg yrði á hæstv. ráðherra, að hann heldur alt af, að það sje einhver hrekkur — jeg sje að setja hann í »klemmu«. Jeg hjelt satt að segja, að við hæstv. ráðherra værum svo sammála í þessu máli, að hann hefði getað látið sjer nægja að svara fyrirspurn minni játandi. Enda þótt jeg þekki skoðanir Einars Arnórssonar í þessu máli af skrifum hans, þá þótti mjer gott að heyra, að hann væri sama sinnis, er hann sæti í þessum sessi, og vænti því, að hann svaraði spurningu minni með einu »jái«.

Það er svo, að ekki virðist mega brjóta upp á nýjum lögum, því að allir þykjast þurfa að flýta sjer heim til sín af þinginu. Þess vegna er ástæða til að leita fyrirspurna hjá hæstv. ráðherra, til þess að gjöra þeim ekki gramt í geði, sem vilja halda heim. En jeg skil ekki, að hæstv. ráðherra vilji það heldur, að jeg komi fram með fyrirspurnina á þann hátt, sem fara má samkvæmt þingsköpum.

Sveinn Björnsson: Jeg get sagt eins og háttv. þm. Dal. (B. J.), að mjer þykir till. benda í öfuga átt við það, sem jeg hjelt, að Íslendingar væru nú að hugsa um. Sjálf stofnun Landhelgissjóðsins bendir á það, að vjer ætlum oss að taka að oss strandvarnirnar sjálfir, og nú liggur hjer fyrir þinginu annað frumv., sem bendir í sömu átt, og heldur vill hraða oss á þessari leið en gefast upp við hana, enda álít jeg að hún sje gagnlegri og hagfeldari en þótt vjer fengjum 1 eða 2 báta, slíka sem hjer er stungið upp á í þessari till.

Vegna þessa, og með því líka, að ástæða er til að hraða því, að vjer tökum að oss strandvarnirnar, vegna þess, að okkur vantar einnig bæði skólaskip fyrir skipstjóraefni og spítalaskip, — en hugmyndin er, að sameina megi þetta þrent — þá hygg jeg, að þessi tillaga myndi heldur verða til þess, að draga áhugann frá hinu, og þannig fresta framgangi málsins. Það kemur og fram, að menn vilja helst snúa sjer að frumv., en ekki taka í streng með tillögunni, enda verður málið miklu hreinna, ef það er gjört.

Flutnm. (Skúli Thoroddsen): Jeg hefi ekki ástæðu til að tala mikið út af umræðum þeim, sem orðið hafa um þessa þingsályktunartillögu. Jeg þóttist benda rækilega á það í fyrri ræðu minni, að *tilgangurinn*, með tillögu þessari, *væri, meðal annars, sá*, **að knýja fram svar frá Dönum um það, hvort vjer fengjum ekki að taka sjálfir að oss strand-**

varnirnar, án mótspyrnu af hálfu Dana. Því að *vilji þeir ekki til þeirra leggja það, sem vjer getum sýnt og sannað, að með þarf, þá* **verðum vjer auðvitað sjálfir að heimta, að vjer fáum að hafa þær á hendi,** *sem vjer best getum.*

Till. er því í samræmi við þarfir, og óskir þjóðarinnar, og auðvitað höldum vjer áfram, að efla Landhelgissjóðinn, eftir sem áður. En jeg hygg, að margir landsmanna muni verða orðnir ærið óþolinmóðir, ef þeir ættu að bíða þangað til hann væri orðinn nógu öflugur til þess, að geta, án lántöku, látið smíða báta þá, sem vjer þurfum, og kostað útgjörð þeirra.

Jeg skal játa, að mjer er það ekki vel ljóst, hvað útgjörðin myndi kosta, eða hvort það er t. d. nokkuð nærri lagi, sem háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) gat upp á. En vjer gætum vel byrjað, þótt vjer hefðum jafnvel ekki nema 1—2 báta, og síst ætti oss að vera það um megn, að styðja Landhelgissjóðinn svo, að hann gæti þó innan skamms staðið straum af þeim. Sektir, sem og fje fyrir upptækan afla, og veiðarfæri, ætti að verða nóg til þess, að kosta útgjörð annars þeirra, að minsta kosti.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en að eins halda því fram, að tillögu þessari verði vísað til Landhelgissjóðsnefndar, og jafnframt, að íhuguð verði tillagan um lántöku, og loks, að að nefndin íhugi það *sem rækilegast,* **hvort ekki sje brýn nauðsyn á því, að lengra sje gengið í framlögum úr landssjóði til landhelgissjóðsins en farið er fram á í frumvarpinu,** svo að landhelgisvarnirnar verði *sem fyrst* svo úr garði gjörðar, sem nauðsyn krefur.

ATKVGR.:

Málinu vísað til Landhelgissjóðsnefndar með 12 : 8 atkv., en þá nefnd skipuðu þeir

Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,
Jón Jónsson,
Sigurður Gunnarsson.

Umræðum frestað.

Á 16. fundi í Nd., mánudaginn 26. júlí, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 42, n. 86).

Framsögum. (Matth. Ólafsson): Þegar hafa orðið nokkrar umræður um þetta mál.

Fyrir nefndinni vakti það, að láta þá skoðun koma fram, að vjer leitum ekki frekar á náðir Dana en vjer þurfum. Nefndin lítur svo á, að hjer sje um mál að ræða, er oss beri sjálfum að takast á hendur. En að fara fram á þetta við Dani nú, biðja um mörg skip til strandvarna, þegar alt er í ófriði, er alveg gagnslaust. Jeg skil það ekki, að þeir menn, sem halda því fram, að stöðulögin gildi hjer ekki, fari í alvöru að gjöra kröfur samkvæmt stöðulögunum.

Skúli Thoroddsen: Jeg hefði — málefnisins vegna — getað búist við þeirri kurteisi af háttv. nefnd, að hún hefði látið málið óútrætt, látið það sofna, í stað þess, að taka svo í strenginn, sem hún gjörir.

En nú hefir nefndin kosið, að ráða háttv. deild til þess, að fella till. mína, um landhelgisvarnirnar, og get jeg þá — eftir atvikum — einnig felt mig mjög vel við þau afdrifin, — vel unt henni þess heiðursins, er af því hlýtst.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að vjer »leituðum á náðir Dana«, ef vjer samþyktum tillögu þessa, og svo *smáa*

vill hann síst, að vjer, **stórmennin(!)** gjörum oss.

En til þessa er því að svara, að því fer þó **mjög** fjarri, að vjer snúum oss til Dana, sem krjúpandi beiningamenn, þar sem vjer höfum **rjett** til þess, að krefjast þess, að þeir inni vel af höndum verk, sem þeir eru skyldir til að sinna, — skyldir, að leysa vel af hendi, í endurgjaldsskyni fyrir það, er vjer látum þá njóta jafnrjettis við oss, að því er notkun landhelginnar hjer við land snertir.

En fyrst nefndin vill fella tillöguna, þá er nú alt á hennar ábyrgð, hvernig sem um strandvarnirnar fer. Jeg hefi bent á þann veginn, er eigi verður neitað, að að gagni gat komið, og fæ eigi meira að gjört.

Sami háttv. þingm. (M. Ó.) sagði enn fremur, að nefndin vildi, að vjer tækjum sjálfir strandvarnirnar í vorar eigin hendur. En á hvern hátt? Það sýna best umræðurnar um Landhelgissjóðinn, sem jeg get því látið mjer nægja, að skírskota til. Þær sýna það, að nefndin vill láta alt dankast, sem verið hefir, og *tímir jafnvel* **eigi,** *að leggja svo fram fje, til eflingar Landhelgissjóðnum, sem nauðsynin þó krefur*, eigi tíminn, sem líður, uns hann er nokkurs verulegs megnugur, ekki að verða alt of langur.

En nefndin um það. Jeg þvæ þá mínar hendur.

Bjarni Jónsson: Jeg er sömu skoðunar sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að þótt Danir legðu þetta fram og jafnvel meira, þá væri það ekki of mikið fyrir þann veiðirjett, sem þeir hafa haft hjer, þótt aldrei höfum vjer veitt þeim hann. Hvorki Danir nje nokkur önnur erlend þjóð hafa nokkurn rjett til veiði hjer í landhelgi. Og þess vegna vil jeg ekki, að vjer fáum nokkurn hlut frá þeim, er feli í sjer viðurkenningu vora á slíkum rjetti. Og því er jeg ósamþykkur þessari tillögu. Jeg vil einskis jafnrjettis unna þeim, vil heldur, að landið sje varnarlaust, enda er það svo, þótt þeir hafi hjer þessa skeið sína, sem liggur allajafna inni á höfnum og gjörir ekkert. Jeg vil ekki, að Danir gjöri nokkurn hlut fyrir okkur, nema vjer greiðum þeim peninga fyrir, og gætum vjer þá alveg eins gjört samninga við aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, um strandvarnir hjer. Það væri rjettast að bjóða þær út, svo að vjer fengjum sem best kjör. En það, sem mjer gjörir, að jeg vil síst leita til Dana um þetta mál, er það, að Danir líta á þetta öðrum augum, skoða land vort sem skattland sitt, er þeim sje skylt að verja. Þess vegna eigum vjer ekki að semja við þá um þetta, að þeir hafa aðra skoðun og vjer myndum ekki komast að svikalausum samningum.

Með þessum formála greiði jeg atkvæði gegn tillögunni og öllu því, sem fer í sömu átt.

Skúli Thoroddsen: Háttv. þm. Dal. (B. J.) gleymir því, að Danir hafa þenna rjett fyrir sig og Færeyinga, eftir núgildandi íslenskri löggjöf, og meðan lögunum er ekki breytt, og rjetturinn tekinn af þeim, þá eru þeir ekki of góðir til þess að borga fyrir hann, þ. e. leysa landhelgisvarnirnar hjer við land viðunandi af hendi.

ATKVGR.:

Þingsályktunartill. A. 42 *feld* með 15 : 2 atkv.

3. Slysfaramál.

A 27. fundi í Nd., laugardaginn 7. ágúst, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í slysfaramálum. (A. 254. [Frá sjávarútvegsnefnd]).

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 9. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Forseti stakk uppá einni umr., og var það samþykt án atkvgr.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. ágúst, var tillagan tekin til einnar umr. (A. 254, 293).

Framsm. (Matthías Ólafsson): Svo sem hv. deild mun vera kunnugt, hefir nú legið fyrir þrem þingum, frv. um líftryggingu sjómanna. Það hefir ekki fundið náð fyrir augum þingsins, og málið er óútkljáð enn. Um alt land hafa heyrst raddir í þá átt, að málið þyrfti að framkvæma sem fyrst. Fiskifjelag Íslands tók málið fyrir á fiskiþinginu í sumar, og skoraði á þingið að taka málið fyrir, og fá skipaða milliþinganefnd, til þess að semja lagafrumv., sem lagt yrði fyrir næsta Alþingi. Menn bjuggust við því, að á þann hátt mundi málinu betur borgið, bæði að því leyti, að milliþinganefnd myndi ganga betur frá því, heldur en þótt einstakir menn færu að semja frumv., jafnvel þótt kunnugir væru, og eins myndi frumv. ef til vill verða fleirum að geði, ef það væri þannig til komið. Sjávarútvegsnefndin hjer á þinginu gat ekki annað en fallist á, að þetta væri nauðsynjamál, sem ekki mætti lengur slá á frest. Hún komst að þeirri niðurstöðu, að ekki myndi þurfa fleiri en 3 menn í nefndina, bæði myndi það mun ódýrara en 5 manna nefnd, og gæti jafnframt gjört sama gagn.

Tillagan, sem við berum fram, er í tveim liðum, 1. á nefndin að koma fram með ráðstafanir, til þess að afstýra slysförum og 2. að semja frumv. til laga um slysatryggingar, einkum slysatryggíng sjómanna.

Í slysatryggingarfrumv. ætti að vera ákveðið, hvað borga skyldi, ef maður slasast eða ofkælist á sjó, svo og ef hann deyr. Með öðrum orðum, lögin eiga að ná yfir alt, sem komið getur fyrir manninn á sjónum, svo sem heilsubrest, slys eða dauða.

Nú er komin hjer fram breyttill. frá tveimur háttv. þingmönnum. Þar er farið fram á, að engin milliþinganefnd verði sett til að rannsaka þetta mál, heldur verði það falið landsstjórninni. Frá hverjum er svo þessi brtt. komin? Hún er komin frá tveimur bændum, sem sæti eiga hjer á þingi. Frá mönnum, sem vitanlega geta ekki haft neitt vit á slíku máli sem þessu. Frá mönnum, sem líklega hafa aldrei á sjó komið. Auðvitað varðar ekki miklu, hvaðan málin koma, en viðkunnanlegra fyndist mjer, að mál eins og þetta komi frá þeim, sem vita hvar skórinn kreppir, en ekki frá landbændum. Ætli landbændur að halda áfram, að vega í þenna sama knjerunn, þá finst mjer skörin vera farin að færast um of upp í bekkinn.

Jeg ætla ekki lengur að tala fyrir tómum bekkjum, en það væri æskilegt, að hæstv. forseti ljeti kalla menn inn, áður en atkvæði verða greidd um þetta mál, svo að hægt verði að sjá, hverjir eru með og hverjir á móti sjómannastjettinni. Jeg skal svo ekki bæta við öðru en því, að jeg óska eftir, að nafnakall verði haft um brtt. á þingskjali 293.

Guðmundur Hannesson: Jeg vona, að háttv. framsögum. (M. Ó.) taki

það ekki illa upp fyrir mjer, þótt jeg geti ekki orðið honum sammála um þetta mál. En jeg hygg, að þessi milliþinganefnd, sem hann vill láta skipa, gjöri ekki sjerlega mikið gagn, þótt hún komist á.

Það er sjáanlegt hverjum manni, að ekki minka slysin, þótt milliþinganefnd sje skipuð. Orsakir slysfaranna þekkjast allvel, og til þess að finna þær, þarf tæpast að skipa nefnd. Ekki heldur nægir lagasmíð ein, til þess að draga úr hættunni, sem yfir sjómönnunum vofir.

Nefndin gæti bent á, að slysfarir væru oft að kenna ofdirfsku og óaðgætni, en getur hún þá bætt úr þessu?

Jeg vil benda háttv. framsögum. (M. Ó.) á, að mikil líkindi eru til, að slysfarirnar minki með bættum útvegi, t. d. munu slysin ekki vera nærri því eins tíð á botnvörpungunum og stærri mótorbátum, eins og á minni og lakari bátum og seglskútum, sem við höfum siglt á hingað til. En útvegurinn breytist smátt og smátt, og milliþinganefnd gæti ekki haft nein áhrif á það, hvort það verður langt eða skamt þangað til, að allur fiskiútvegur verður rekinn á vönduðum og hæfilega stórum skipum.

Jeg vona, að með tímanum komi hjer við land upp góðar hafnir, og þá er ekki vafasamt, að slysin fara fækkandi.

Mjer er ekki skiljanlegt, að milliþinganefnd geti gjört neitt verulegt, sem gæti orðið þessu máli til góðs, og því vil jeg fremur vísa málinu til stjórnarinnar, en helst að háttv. framsögum. (M. Ó.) tæki till. aftur.

Björn Hallsson: Jeg og háttv. samþingismaður minn (J. J.) höfum leyft okkur að koma fram með brtt. við þessa tillögu. Hún er á þgskj. 293. Að við höfum komið fram með hana, er *ekki* sprottið af óvild til þessa máls, eins og mjer virtist háttv. framsögum. (M. Ó.) gefa í skyn. Heldur er það sprottið af þeirri ástæðu, að við töldum þetta fjársparnað, þar eð stjórnin myndi geta gjört sama gagn í þessu máli, sem milliþinganefnd. Í það minsta væri ráð að reyna þá leið fyrst, og skipa þá á næsta þingi slíka nefnd, ef stjórnin hefði ekki getað unnið að undirbúningi og rannsókn málsins.

Það hefir verið svo með þær milliþinganefndir, sem skipaðar hafa verið, síðan við fengum löggjafarvaldið í vorar hendur, að þær hafa gefist misjafnlega, en hins vegar kostað mikið fje, 3—10 þús. kr. hver. Við höfum þó ekki horft í kostnaðinn, hvað þessa nefnd snertir, ef við hefðum verið sannfærðir um gagnið af nefndarskipuninni, en það erum við alls ekki. Við viljum reyna að vísa málinu til stjórnarinnar og vita, hvort hún getur ekki búið það undir. Ef það reynist henni ekki fært, þá er að fara aðra leið síðar.

Jeg heyrði háttv. framsögum. (M. Ó.) segja, að landbændur hefðu ekkert vit á, hvað það væri, sem krepti að sjómönnunum. Jeg játa það, að jeg er ekki sjómaður, en mjer finst jeg þó samt sem áður geta gjört mjer grein fyrir því, hvort nefnd geti unnið til þarfa í þessu máli eða ekki. Sje ekki, að það þurfi neinn sjómann til þess. Hins vegar er það ekkert leikspil að skipa hverja milliþinganefndina eftir aðra. Í fyrra var skipuð nefnd í launamálin, og verður hún vafalaust dýr, hver sem árangurinn verður. Svo mikið er víst, að þingið verður að gæta hófs í þessu efni, vegna fjárhags landssjóðs.

Háttv. framsögum. (M. Ó.) ætlaðist víst til, að það væri hefnd á okkur, að haft yrði nafnakall um tillöguna. Jeg get frætt hann á því, að mjer er ekk-

ert illa við, að haft sje nafnakall. Jeg mun að sjálfsögðu greiða atkvæði með breytingatillögunni, og falli hún, mun jeg greiða atkvæði móti aðaltillögunni og ekki roðna mikið.

Framsm. (Matthías Ólafsson): Mjer skildist á háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.), að hann vissi talsvert um orsakir til slysanna. Það má vel vera, að hann viti eitthvað um það, en jeg verð að benda honum á, að það er ekki nóg, að hann viti einn um slíkt. Stjórnin veit ekkert um orsakirnar og hefir engin tök á að rannsaka slíkt, og því er ekkert vit í að vísa þessu máli til hennar. Eða hvernig er hægt að búast við því, að stjórnin geti rannsakað, t. d. hve mikla »barlest« þurfi að hafa í skipi, til þess að óhætt sje að sigla því um höfin. Stjórnin getur vitanlega ekki haft slík mál, sem þetta til meðferðar, því að til þess að slík rannsókn komi að notum, þarf hún að vera framkvæmd af sjerfróðum mönnum.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) hafði það á móti nefndarskipuninni, að milliþinganefndir væru alt af dýrar, kostuðu alt að 10 kr. Mig minnir, að háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) reikni mannslífið hærra en 10 þús. kr. Svo að ef nefndin með tillögum sínum bjargaði þótt ekki væri nema einum einasta manni, þá væri þó samt **beinn** hagur að nefndinni.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (B. H.) sagði einnig, að hann vildi fyrst leita fyrir sjer með að vísa málinu til stjórnarinnar, og yrði ekkert gagn að því, þá vildi hann reyna að finna einhver önnur ráð. Já, jeg hefi heyrt þetta áður. Það er gamla íslenska ráðið, að draga alt á langinn. Háttv. þm. lætur sem sjer sje ant um málið, en vill þó ekki fylgja þeim, sem árum saman hafa kynt sjer málið. Hann vill fara krókaleiðir, til þess að drepa það.

Ef að háttv. þm. (B. H.) kæmi fram með tillögu um að skipa milliþinganefnd í landbúnaðarmálum, þá dytti mjer ekki í hug að vera á móti honum í því. Jeg mundi skoða það sem svo, að hann hefði betra vit en jeg á þörfinni. Slíks hins sama ætlast jeg til af honum í sjávarútvegsmálum, að hann þá fylgi þeim, sem honum eru vitrari í þeim efnum.

Háttv. sessunautar mínir rjettu mjer hjer þingtíðindin 1913. Þá kom fram hjer í deildinni sams konar tillaga þeirri, sem hjer liggur fyrir. Þá vissi jeg ekki hvað fólst í slysatryggingu, og því var jeg á móti málinu, og færði fram sömu ástæður og háttv. andmælendur mínir núverandi. Jeg kannast fúslega við, að mjer skjátlaðist þá, og jeg get bætt því við, að mjer þykir engin minkun í að kannast við það. Jeg get því fengið háttv. sessunaut mínum (1. þm. Árn.) þingtíðindin aftur.

Mjer þykir leitt að hæstv. ráðherra skuli ekki vera viðstadddur, því jeg býst við, að hann hefði sagt eitthvað um þetta mál.

Jeg get bætt því við, áður en jeg setst niður, að verði brtt. á þgskj. 293 samþ. þá tel jeg aðaltillöguna vera orðna gagnslausa, og jeg býst þá við, að jeg taki hana aftur.

Jón Jónsson: Það er ekki rjett hjá háttv. framsögum. (M. Ó.), að till. á þgskj. 254 sje gagnslaus, ef tillagan á þgskj. 293 verður samþykt. Þótt stjórnin sjálf geti ef til vill ekki undirbúið málið, þá getur hún samt sem áður fengið aðstoð annara til þess. T. d. getur hún fengið upplýsingar hjá ráðunaut Fiskifjelagsins, sem jeg veit að er mjög fróður um alt, sem lýtur að sjávarútveginum, og myndi eflaust ekki telja

eftir sjer að láta allar upplýsingar, sem hann gæti, í tje. Eins mundi stjórn Fiskifjelagsins fús til að gefa stjórninni upplýsingar og fiskifjelög út um land. Jeg mótmæli þeirri aðdróttun háttv. framsögumanns (M. Ó.), að við þm. N.-Múl. höfum komið fram með þessa brtt. til að bekkjast til við sjávarútveginn. Tillagan er fram komin af sparnaðarástæðu. Og jeg vil benda háttv. framsögum. (M. Ó.) á, að einmitt tveir landbændur hafa flutt mikilsvert frumv., er lýtur að sjávarútvegi, frumv. um breytingu á landhelgissjóðslögum. Það er sleggjudómur að segja, að landbændur hafi ekki vit á málum, er lúta að sjávarútvegi. Þeir eru skyldir til að kynna sjer þau og gjöra það líka eftir föngum.

Jeg játa það, að það væri æskilegast fyrir stjórnina, að skipuð yrði milliþinganefnd. En geti stjórnin, með aðstoð góðra manna undirbúið málið nægilega, þá væri öllu borgið og tilgangi háttv. sjávarútvegsnefndar náð. En landinu væru sparaðar margar þúsundir króna.

Jeg get því ekki skilið, að sjávarútvegsnefndin vilji taka tillöguna aftur, þótt brtt. yrði samþykt.

Guðmundur Eggerz: Mig langar til að segja nokkur orð um þetta mál, áður en það verður afgreitt.

Hjer er ekki um neitt smámál að ræða. Það er að ræða um það, hvað við getum gjört, til þess að afstýra því, að fleiri farist nú hjer við land heldur en í nokkru öðru landi í veröldinni, að tiltölu við fólksfjölda. Það er enginn leikur fyrir sjómennina okkar, að verða að fara út í nærri hvaða veður sem er, til þess að afla sjer matar, og það er ekki nema sanngjarnt, að Alþingi reyni eftir mætti að vernda líf slíkra manna.

Hjer er komin fram brtt. við tillöguna á þgskj. 254. Jeg býst við, að hún sje fram komin mest af vanþekkingu flutningsmanna hennar á málinu. Þeir eru, eins og kunnugt er, báðir bændur uppi í sveit, og vita því manna síst, hvers með þarf, í máli, eins og þessu, en það er svo sem ekki ný bóla, að landbændur sjeu steinar í götu fyrir sjávarútvegsmálum hjer á þingi. Jeg skil það vel, að þeir, sem ekki kunna áralagið, hafi lítt vit á máli, eins og þessu, en jeg skil það ekki, að þeir skuli ekki finna það sjálfir.

Það er ákveðið í tillögunni, að milliþinganefndin skuli undirbúa frumv. um slysatryggingu sjómanna. Það hefir verið svo á síðustu þingum, að ekki hefir verið hægt að koma fram frumv. um þetta efni, af því að þingin hafa ekki álitið það nægilega undirbúið. Eina ráðið, til þess að fá málið nógu vel undirbúið, er að skipuð verði milliþinganefnd í því skyni. Það er ekki til neins að vísa málinu til stjórnarinnar. Hún hefir nóg að gjöra og auk þess engin skilyrði til að geta undirbúið slíkt mál af eigin ramleik. Það hefir verið bent á, að hún gæti fengið aðstoð annara í því efni. Það er rjett. En til þess vantar hana fje. Og yrði henni heimilað fje í þeim tilgangi, þá er ekki lengur til sú ástæða, sem hv. flutningsmenn breytingartillögunnar hafa borið fram, að kostnaðurinn yrði minni. Eða halda þeir, að stjórnin geti fengið menn til þess að vinna fyrir ekki neitt.

Jeg skal svo láta útrætt um þetta mál, en bæta því við, að jeg vona, að tillagan á þgskj. 254 verði samþ. óbreytt.

Stefán Stefánsson: Því miður gat jeg ekki verið viðstaddur, þegar tillaga þessi kom fram og var rædd í sjávarútvegsnefndinni, sökum þess, að jeg hafði löngu áður boðað til nefndarfundar í landbúnaðarnefndinni, og var því þar við bundinn á sama tíma. En hvað tillöguna snertir, þá er jeg því mótfallinn, að milliþinganefnd sje sett

í þetta mál, eins og jeg hefi stundum áður verið á móti milliþinganefndum, þegar jeg hefi ekki getað sjeð, að beina nauðsyn bæri til, og álitið stjórnina ekki síður geta gefið þinginu upplýsingar og bendingar um þau mál, er einstökum þingmönnum hefir þá verið falið, með sjerstakri nefndarsetningu. Og í þessu tilfelli er jeg enn þá ekki sannfærður um, að milliþinganefnd muni geta gjört meira gagn en stjórnin, fái hún aðstoð kunnugra manna, sem hún auðvitað alt af getur leitað til. En þessi tilhögun álít jeg að verði að mun kostnaðarminni fyrir landssjóð, heldur en að hafa hjer fasta menn mánuðum saman, má ske suma miður vel starfinu vaxna. Það er því einungis af þessari ástæðu, að jeg er milliþinganefnd mótfallinn, en alls ekki af því, að jeg vilji ekki, að málið upplýsist sem best, og ráðstafanir verði gjörðar til þess, að draga úr hættunni, ef það sýndist mögulegt. En þó menn viti, af hverju slysin hljótast, þá er jeg þó mjög hræddur um, að mönnum muni veita erfitt að fyrirbyggja þau. *(Guðmundur Hannesson:* Alveg rjett).

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) talaði mikið um, hve ilt og sorglegt væri, að sjá sjómenn leggja út að vetrarlagi og berjast við vond veður, án þess að geta hjálpað þeim eða verndað líf þeirra. Þetta er að vísu alveg rjett, en geti ekki þessir menn, sem best þekkja sjóinn, og hver fyrirhyggja er nauðsynleg fyrir sjómanninn og þann atvinnuveg, sem hann stundar, hjálpað sjer, þegar í vandann er komið, hvað myndu þeir þá geta, sem í landi sitja? Við vitum líka, að til eru ýms hjálparmeðul, til þess að varna slysum, en mjög fá þeirra eru notuð. T. d. báruflevgurinn, sem er svo handhægur og talinn nauðsynlegt öryggisáhald, mun þó vera notaður af sárafáum, að því er jeg best þekki til. En þegar jafnauðveld og handhæg tæki eru sáralítið notuð, þá má ætla, að fyrirskipanir um önnur torveldari og dýrari öryggisráð verði forsómuð. En sje hægt að hjálpa þessu við, þá er síður en svo, að jeg vilji leggja nokkurn stein í götuna fyrir það. Það, sem mjer finst, að maður ætti að gjöra í þessu máli, er að fela stjórninni það til undirbúnings fyrir næsta þing; því sje milliþinganefnd ekki bráðnauðsynleg, þá vil jeg ekki, að kastað sje út fje til slíkra starfa að óþörfu. Sjái landsstjórnin hins vegar, er hún hefir leitað álits fróðra manna um þessa hluti, að tiltök sjeu að ráða þó nokkra bót á þessari yfirvofandi hættu, þá mundi jeg alls ekki hafa á móti því, þótt þóknun yrði greidd til þess manns eða þeirra manna, er stjórnin kveddi sjer til aðstoðar.

Jeg mun því fylgja brtt. á þgskj. 293, og fái hún samþykki deildarinnar, þá aðaltillögunni á þgskj. 254, en falli brtt., þá sje jeg ekki, að jeg geti fylgt tillögunni á þgskj. 254. Jeg vildi geta þessa af því, að tillagan er komin frá sjávarútvegsnefndinni, án þess, að á henni sjáist annað en að nefndin hafi verið einhuga um hana.

Ráðherra: Jeg hefi reyndar ekki hlýtt á umræðurnar, en háttv. þingm. V.-Ísf. (M. Ó.) mun hafa beint til mín einhverri fyrirspurn, viðvíkjandi því, hvernig stjórnin liti á þetta mál. Jeg er því miður ekki neinn sjerfræðingur í þessu efni, og get því ekki talað um það af miklum kunnugleika. Ef brtt. á þgskj. 293 verður samþykt, þýðir það sama sem að fela stjórninni aðgjörðir í þessu máli. Þess er nú fyrst að geta, að stjórnarráðið hefir ekki í sinni þjónustu neinn þann mann, er hafi sjerþekkingu í þessu efni. Það, sem stjórnin mundi þá gjöra, yrði að leita til annara manna, og þá helst til stjórnar

Fiskifjelagsins, því á öðrum mönnum á stjórnin ekki völ, eða hefir að minsta kosti ekki rjett til að snúa sjer til annara, í því skyni að njóta aðstoðar þeirra. En það má segja, að hún hafi rjett til að snúa sjer til Fiskifjelagsins, því það nýtur styrks af almannafje. Jeg get ekki sagt neitt um það, hve góðum kröftum Fiskifjelagið hefir á að skipa, nje að hve miklu leyti stjórn þess getur unnið að þessu máli. En jeg býst við, að það hafi háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) í sinni þjónustu, og ef til vill einhverja menn aðra, sem færir sjeu um að vinna þetta verk. Jeg veit ekki heldur, hversu mikið verk þetta er, en sje verkið mikið, þá er það nokkuð há krafa, sem kom fram hjá háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.), að menn ynnu það fyrir ekki neitt. Menn eru ekki vanir því nú á tímum, að vinna ókeypis; menn gjöra það ekki fyrir einstaka menn og ekki heldur fyrir landið.

Jeg get ekki gjört mjer miklar vonir um, að stjórnin ein geti átt mikið við þetta mál, þegar af þeirri ástæðu, að til þess brestur hana sjerþekkingu. Hvort eða að hve miklu leyti Fiskifjelagið er fært um að sinna því, get jeg ekki sagt neitt um, eins og jeg tók fram áðan, en það er einsætt, að tryggingin fyrir því, að verkið verði vel unnið, er miklu meiri, ef ákveðnir menn verða skipaðir til að vinna það. Ef stjórnin fær heimild til þess, verða hæfir menn væntanlega fáanlegir. Það er rjett, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) tók fram, að það dugar ekki að skora á stjórnina að gjöra hitt og þetta, sjerstaklega þegar um alveg sjerfræðileg mál er að ræða. Stjórnarráðið hefir nóg að gjöra, og jafnvel meira en það getur komist yfir. Það dugar ekki að vera að samþykkja eina þingsályktunartillöguna eftir aðra, og sumar um mikilsverð málefni, og halda, að stjórnin geti afkastað öllu saman milli þinga.

Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) tók það fram, að hann vildi heimila stjórninni að verja einhverju fje til þessa máls, eða rjettara sagt, að hann vildi veita stjórninni uppgjöf saka eftir á, þótt hún verði einhverju fje til þess, án þess að tillagan um milliþinganefnd yrði samþykt. Mjer virðist það þá koma nokkuð í sama stað niður, hvort milliþinganefnd er skipuð eða ekki, ef stjórnin má hvort sem er verja fje til þessara rannsókna. En það mætti reyndar alt af segja eftir á, að það hafi verið ódugnaður af stjórninni, að fá aðra menn til að vinna starfið. Jeg endurtek það að lokum, að ef þingið vill fá tryggingu fyrir því, að verkið verði vel af hendi leyst, þá er skynsamlegast að samþykkja tillöguna á þgskj. 254 eins og hún liggur fyrir.

Björn Hallsson: Jeg vil ekki lengja umræðurnar mikið, en fyrst hv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) ljet svo lítið, að víkja nokkrum vinsamlegum orðum að háttv. samþingismanni mínum og mjer í ræðu sinni, þá verð jeg að svara honum með örstuttri athugasemd. Hann brá okkur um vanþekkingu í þessu máli. Það er nú ekki neitt nýtt, að heyra slíkt frá þeim háttv. þingmanni, enda þótt ræðurnar, sem frá honum koma, sjeu að jafnaði þær grunnskreiðustu og leiðinlegustu, sem fluttar eru í þessari deild. Eigi að síður hljóma þessi vanþekkingarbrigsl oft frá honum, en maður verður að virða honum það til vorkunnar, þótt hann hafi svo mikið traust á sjer, að hann álíti, að hann geti kent öðrum. En gallinn er, að kennarahæfileikana vantar með öllu, og þekkinguna líklega einnig. Hann sagði, að við vissum tæplega, hvað bátur væri og mynd-

um ekki einu sinni kunna áralagið, en jeg get fullvissað hann um það, að við þorum að mæta honum í róðri hve nær sem þingmanninum svo sýnist. En þetta er nú aukaatriði, og skal jeg ekki dvelja við það lengur.

Jeg hefi ekki getað sjeð það á ræðum manna, að þeir hafi á rökum bygt mótmæli sín gegn brtt. þeirri, sem við höfum flutt hjer, og get jeg fyllilega tekið undir það með háttv. samþingsm. mínum (J. J.), að það er ekki af háttv. flutningsmönnum, að taka tillöguna aftur, þótt brtt. verði samþykt, og því síður, að við flytjum hana til þess að drepa málið, eins og framsm. komst að orði. Stjórnin getur talsvert gjört í þessu máli. Hæstv. ráðherra benti á, að stjórnarráðið hefði mjög mikið að gjöra, svo að vafasamt væri, hvort það gæti bætt þessu við sig, en hann benti líka á það, að stjórnarráðið *gæti* snúið sjer til manna, sem hefðu vit á málinu, þar á meðal til stjórnar Fiskifjelagsins. Það er einmitt það, sem jeg hafði búist við, að stjórnin mundi gjöra. Jeg leit svo á, að henni mundi vera innan handar, að útvega sjer slíkt ráðuneyti, og jeg get ekki ímyndað mjer annað en að stjórn Fiskifjelagsins yrði fús til að láta í tje allar nauðsynlegar upplýsingar, og einnig mundi stjórnin mega vænta stuðnings frá háttv. framsögumanni í þessu efni. Enda þótt hæstv. ráðherra þyrfti að verja einhverju fje til að afla slíkra upplýsinga, mundi það verða langtum minna heldur en milliþinganefnd kostaði.

Jeg vil ekki kannast við það, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) sagði, að það væri orðin regla hjer á þinginu, að bændur væru ætíð á móti öllu því, er kæmi frá sjávarsíðunni. Það er sleggjudómur, eins og von var á úr þeim stað, sem ekki hefir við nein rök að styðjast. Við erum fullkomlega samþykkir því, sem kemur frá sjávarsíðunni, ef við álítum það nauðsynlegt, og engu síður heldur en því, sem kemur frá landsveitunum. Einungis viljum við fara þá leiðina, að vísa þessu til stjórnarinnar, vegna þess, að við teljum það fjársparnað, en sama tilgangi náð með því.

Jeg held það sje svo ekki fleira, sem jeg þarf að svara, enda vil jeg ekki lengja umræðurnar meira.

Framsögum. (Matthías Ólafsson): Jeg skal vera stuttorður, en mig langar þó til að svara háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) nokkrum orðum. Sjerstaklega vil jeg athuga þann hugsanagang, sem kom fram hjá honum, þegar hann talaði um, hvert stjórnin ætti að fara til að leita sjer ráðuneytis. Fyrst áleit hann, að stjórnin ætti ekki að fara neitt, heldur ráða sjálf fram úr þessum málum, en svo hallaðist hann að þeirri skoðun, að *hún ætti* helst að snúa sjer til Fiskifjelagsins. Til er stór nefnd, sem heitir Alþingi. Myndi nú ekki samkvæmt þessu vera rjett, að vísa öllum þeim málum, sem það hefir til meðferðar, beint til aðgjörða stjórnarinnar, láta hana taka við allri málasúpunni. Hún gæti svo fengið háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) til að skeggræða við sig; hann myndi sjálfsagt verða fáanlegur til að leggja ráðin á fyrir lítið. Svona kenningu vil jeg ekki heyra. Ef leita þarf ráðuneytis manna, þá er sjálfsagt að borga þeim, og það gæti farið svo, ef stjórnin þyrfti að leita ráðuneytis manna hingað og þangað, að það yrði dýrara en nefnd, en á hinn bóginn er enginn efi á því, að gagnið yrði langt um meira, ef nefnd yrði skipuð. Stjórnin hefir sjálf sagt það. En það má segja, að þá sje ullar leitað í geitarhúsi, ef farið er til Fiskifjelagsins til að fá það til að semja lög um slysatryggingu. Það er ekki þess »fag«, og jeg veit ekki til að það hafi neinum sjerfræðingi

á að skipa í því efni. Til þess þyrfti að fá menn, sem hefðu lagt sig beint eftir þessu máli í lengri tíma, og slíkum mönnum væri sjálfsagt að borga vel.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. E.) mintist nokkuð á, hvernig oft og tíðum væri ástatt fyrir sjómönnunum, og tók háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) það illa upp fyrir honum, og sagði, að menn á landi gætu ekki gjört að því. Hann talaði um, að setja löggjöf, sem ekki einungis beitti sektum, heldur gjörði það óhugsandi, að skip yrðu borguð, ef það sannaðist, að þau hefðu ekki haft lýsi. Það þarf að vera strangt alt, sem til öryggis á að vera. Í Noregi er mönnum bannað blátt áfram, að fara á sjóinn, ef eitthvað vantar, sem ákveðið er, að til öryggis skuli hafa. Svo lengi sem við gjörum það ekki hjer, hefir ekki verið gjört alt, sem hægt er að gjöra, til þess að koma í veg fyrir slys. Meðnefndarmenn mínir eru allir á sama máli og jeg um það, að rjett sje að taka tillöguna aftur, ef brtt. verður samþykt.

Að lokum vil jeg þakka háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) fyrir framkomu hans í þessu máli. Í nefndinni sagði hann ekki eitt »kvæk« á móti milliþinganefnd, og það gengur næst því að vera ekki »fair«, þegar hann kemur svo fram hjer í deildinni á eftir og leggur eindregið á móti nefndarskipun.

Bjarni Jónsson: Jeg skal játa það, að mjer finst þessi þingsályktunartillaga verða þýðingarlaus og út í loftið, ef nú á að fara að vísa þessu máli til aðgjörða stjórnarinnar. Jeg segi þetta ekki af því, að svo stendur á, að jeg er ekki stuðningsmaður núverandi stjórnar. Þvert á móti trúi jeg henni eins vel eins og hverjum öðrum til að leysa þetta starf af hendi. En jeg veit ekki til, að nokkur sá maður sje í stjórnarráðinu, sem beri skynbragð á þetta fram yfir aðra menn. Þar sem hjer er um almenn slysfaramál að ræða, er þörf á mönnum, sem kunnugir eru slíkum málum í öðrum löndum og kunna að reikna út alla máttuleika. Það verður að byrja á því að rannsaka, hvað mikið kemur fyrir af slysum, og reikna síðan út hættuna hjer í hlutfalli við áhættuna í öðrum löndum. Þá fyrst er grundvöllur fenginn til að byggja á. En svo er að fá mennina til að reikna þetta út, og teldi jeg sjálfsagt, að í slíka nefnd yrði skipaður maður eins og dr. Ólafur Daníelsson, sem er gagnkunnugur og þaulvanur öllum slíkum reikningi. Enn fremur yrði að skipa einhvern þann mann í nefndina, sem hefði sjerstaklega vit á því, hvað í einstöku tilfelli væri slysinu að kenna. Það er sjálfsagt, að setja sjerstaka nefnd í þetta mál, ef nokkuð á að sinna því á annað borð. Jeg skil ekki, hvers vegna menn heldur kjósa það form, að fela stjórninni eftir eigin geðþótta, hverjar leiðir hún fer til að afla sjer upplýsinga um þessi efni.

Guðmundur Hannesson: Því miður hafa umræðurnar ekki sannfært mig um nauðsyn milliþinganefndar. Jeg vil spyrja háttv. nefndarmenn, hvort þeir geti virkilega búist við, að nefnd manna geti afstýrt slysum hjer á landi. Mjer mun verða svarað, að þeir geti sett reglur til að fara eftir, og lagt refsingu við, ef þeim yrði ekki hlýtt. En bátar manna geta bilað jafnt fyrir því, og illa trúi jeg því, þótt eitthvað vantaði í svip af því, sem fyrirskipað yrði til öryggis, en fiskur væri nógur, að menn færu ekki á sjó, jafnt eftir sem áður. Auðvitað er það eigi að síður alt annað en lofsvert, að fara á sjó,

nema alt sje í góðu lagi. En það er ekki til neins að setja strangar reglur um slíkt, nema því að eins, að hægt sje að hafa ríkt eftirlit. Það getur verið að Norðmenn geti það, en við getum það áreiðanlega ekki. Þó eftirlitsmaður væri látinn fara um landið, þá myndu erfiðleikarnir verða honum um megn og hann fá, annaðhvort engu eða mjög litlu til vegar komið. En það er annað, sem má gjöra. Það er auðvitað ekki stórt, en gæti þó komið að góðu haldi með tímanum, og til þess þarf enga milliþinganefnd. Fiskifjelagið heldur úti blaði, sem Ægir heitir. Mjer sýnist það vinnandi vegur, að fá hæfa menn til að skrifa í það blað um orsakir slysa og leggja á ráð um, hvernig slysum mætti afstýra. Enn fremur hefir Fiskifjelagið í þjónustu sinni ráðunaut, sem sjerstaklega á að kenna mönnum meðferð og hirðingu mótorbáta, og hygg jeg, að leiðbeiningar þess manns, myndu geta komið að miklu liði. Hins vegar hygg jeg, að árangurinn af nefndarstarfi hljóti að vera mjög tvísýnn.

Um síðari hluta tillögunnar, slysatrygginguna, er það að segja, að á því máli hafa þingmenn ekki fremur vit heldur en stjórnarráðið. Vátryggingamál eru alveg sjerstök fræðigrein og það er algjörlega rjett, sem hv. þm. Dal. (B. J.) benti á, að sjálfsagt væri, að dr. Ólafur Daníelsson ætti sæti í þeirri nefnd, sem fjallaði um undirbúning þessa máls. Jeg býst við, að ef ætti að semja hjer slík lög, sem í Noregi gilda um þetta efni, þá þyrftum vjer að leita upplýsinga í Noregi, og myndi það greiðari vegur en nefndarskipun. Jeg vil engan veginn gjöra lítið úr þekkingu sjávarútvegsnefndarinnar í þessu máli, en jeg get ekki greitt atkvæði með því, sem mjer er ekki skiljanlegt, og nauðsyn nefndarskipunarinnar er mjer ekki skiljanleg.

Stefán Stefánsson: Jeg vil ekki fara að yrðast við háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) út af þessu máli, en jeg get þó ekki leitt hjá mjer að taka það fram, að það er ekki rjett, þegar hann segir, að jeg hafi ekki minst á það í nefndinni, að jeg væri mótfallinn milliþinganefnd. Um það get jeg vitnað til formanns nefndarinnar. En það vil jeg ekkert fullyrða um, hvort hann hafi heyrt það, eða veitt því eftirtekt.

Annars er það dálítið undarlegt, hvað hann leggur nú mikið kapp á þetta mál, þegar þess er gætt, að á þinginu 1913 var hann fremur mótfallinn milliþinganefnd í slysfaramálum.

Framsm. (Matthías Ólafsson): Sök bítur sekan. Það sannast á háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.). En jeg tel mig hafa rjett til að heimta það, þótt hann haldi ekki langar ræður, að hann þó skýri svo greinilega frá áliti sínu, að hann komi ekki á eftir í bakseglin.

Þó að jeg leggi kapp á þetta mál — það getur verið, að það sje minn galli, að jeg leggi kapp á þau mál, sem jeg flyt — þá virðist mjer ekki ástæða til að beita því sem vopni gegn málinu. Hvað það snertir, að jeg hafi haft aðra skoðun á þessu 1913, þá hefi jeg gjört grein fyrir því áður, af hvaða ástæðum það er.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi gjarna gjöra örstutta athugasemd. Menn hafa sagt mjer, þó ekki hafi það verið í ræðu, að jeg hafi farið með rangt mál, þar sem jeg sagði, að hægt væri að fá æfðan reikningsmann í »tarif«-reikningi. En síðan jeg talaði þessi orð hefi jeg fengið áreiðanlegar upplýsingar um

þetta, og það sem mig minti, reynst rjett að vera. Dr. Ólafur Daníelsson hefir unnið að »tarif«-reikniugi hjá besta reikningsmanni Dana í þeirri grein, og ætlaði dr. Ólafur jafnvel að gjöra þetta að lífsstarfi sínu. Hann væri því slíku starfi fyllilega vaxinn. En það er rjett, og verður varla móti mælt, að til þess að hafa þess konar reikningsstarf á hendi þarf sjerstaka kunnáttu. Það er því ekki að ástæðulausu, að jeg nefndi þetta, og það munu menn skilja. En gjöri þeir það ekki, þá vildi jeg þó láta þessa getið, til þess að það sæist þó síðar, að einn þingmanna hefði þó að minsta kosti vitað þetta.

ATKVGR.:

Brtt. 293 samþ. með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Einar Arnórsson,
Bened. Sveinsson,	Guðm. Eggerz,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Guðm. Hannesson,	Magnús Kristjánss.,
Hjörtur Snorrason,	Matthías Ólafsson,
Jóhann Eyjólfsson,	Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson,	Þór. Benediktsson.
Sigurður Eggerz,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Matthías Ólafsson: Jeg tek þingsályktunartillöguna aftur.

Stefán Stefánsson: Þá tek jeg hana upp.

ATKVGR.:

Tillagan sjálf með áorðnum breytingum *feld* með 15 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Jónsson,	Einar Arnórsson,
Stef. Stefánsson,	Guðm. Eggerz,
Þorleifur Jónsson,	Guðm. Hannesson,
Þór. Benediktsson.	Hannes Hafstein,
	Hjörtur Snorrason,
	Jóhann Eyjólfsson,
	Jón Magnússon,
	Magnús Kristjánss.,
	Matthías Ólafsson,
	Sig. Eggerz,
	Skúli Thoroddsen.

Sigurður Sigurðsson greiddi ekki atkvæði, og taldist til meiri hlutans.

Þrír þingmenn fjarstaddir.

---

4. Kornvöruforði.

Á 28. fundi í Nd., mánudaginn 9. ág., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um kaup á kornvöruforða til tryggingar landinu (A. 258).

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. ágúst, var tillagan tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók till. út af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. ágúst, var till. aftur tekin til e i n n a r u m r,

Flutnm. (Sigurður Eggerz): Norðurálfuófriðurinn geisar alstaðar í kringum oss. Eftirlitið með kaupsiglingum til vor verður harðara dag frá degi. Nú heyri jeg sagt, að skipum sje boðið að koma við í einhverri höfn á Englandi, og ef út af sje brugðið, megi búast við kolaútflutningsbanni. Enginn veit enn, hvernig stríðið getur snúist, og enginn veit enn, hvaða skelfingar eiga eftir að dynja yfir þjóðirnar. Vjer höfum enn sem komið er átt því láni að fagna, að ófriðaröldurnar hafa nálega ekki snert oss. Að vísu hafa vörur stigið mikið í verði, og kjör þeirra manna, sem af handafla lifa, hafa því verið allörðug, en hins vegar hafa afurðir vorar til lands og sjávar verið í geypiháu verði. Tilhneiging er því vitanlega rík í þá átt, að selja sem mest af þessum afurðum, og þessi háttvirta deild hefir ekki sjeð fært að gjöra þær ráðstafanir, sem dragi úr þessum eðlilega gróða, með því að veita greiðan aðgang að því, að hefta útflutning þeirra.

Jeg held, að þessi stefna sje rjett, en hún er vitanlega því að eins rjett, að jafnframt sjeu gjörðar tryggar ráðstafanir til þess, að sjá fyrir því, að nægar kornvörur flytjist til landsins. Og það hlýtur því að vera alvarlegt íhugunarefni fyrir þingið, hvort nokkur hætta sje á því, að flutningar geti tepst.

Er nokkur slík hætta á ferðum?

Mjer hefir nú skilist, að svo margar þjóðir geti flækst inn í ófriðinn og hann geti orðið rekinn með svo miklum fjandakrafti, að hin breiðu sund, sem til Íslands liggja, verði ótrygg yfirferðar. Og jafnvel nú, er ekki með öllu víst, að kornvörufarmar frá Ameríku kæmust hingað óteptir, nema sjerstakrar verndar væri leitað. En hver veit líka nema Ameríka komist inn í ófriðinn, og hver veit, hvaða áhrif það hefir á aðflutninga hingað?

Leiðirnar til Danmerkur geta vitanlega lokast á hverri stundu. Og ef allar leiðirnar lokast, þá vita allir, að stórhætta er á ferðum. Hættan kemur ef til vill aldrei, og það væri best, en hún getur líka komið í opna skjöldu, ef alt verður látið reka á reiðanum.

Bóndinn, sem setur fje sitt ekki á heyforða sinn, heldur á þá trú, að forsjónin gefi honum góðan vetur, hann þykir maður óvitur, og þingið er alt af við og við, að reyna að setja lagaskorður við slíkum ásetningi. Jeg skal nú að vísu játa, að jeg hefi ekki mikla trú á slíkri lagasetningu, en síst ætti það þing að skifta sjer af þeim sökum, sem væri svo óhyggið, að skjóta jafnmiklu velferðarmáli eins og því, hvort matvæli verða næg í landinu á komandi vetri, — skjóta því frá sjer í þeirri von, að stjórnin og forsjónin sjái landinu einhvern farborða. Því að það má öllum vera ljóst, að engin vissa er á, að samvinna verði milli forsjónarinnar og stjórnarinnar um það mál.

Stríðið kemur ekki til vor í annari mynd en þessari. Og það er skylda vor að sporna við því, að slíkt geti orðið. Vjer megum ekki leggja oss og þjóð vora í arma óvissunnar, láta reka á reiðanum, og treysta því, að alt fari vel. Vjer megum ekki friða samviskuna með heimild þeirri, sem vjer gáfum stjórninni í dýrtíðarfrumvarpi því, sem samþykt var hjer, og nú er komið til háttv. efri deildar. Ef vjer gjörum ekki frekara, þá megum vjer ekki heldur ámæla stjórninni, þótt hún dragi allar ráðstafanir þangað til sundin eru lokuð, því að hún hefir vitanlega ekki minni tilhneigingu til að reiða sig á teningskastið en þingið, enda eðlilegra, að hún sje ragari til stórræðanna en það.

Annars, satt að segja, þótt mjer virðist ekkert sjálfsagðara en að gjöra nú þegar alvarlegar ráðstafanir í dýrtíðar-

málinu, þá ber jeg kvíðboga fyrir því, að slíkar ráðstafanir dagi uppi í þeirri hálfvelgju, sem stundum rekur höfuðið upp á þessu háa Alþingi og ruglar hreinum línum í stjórnmálum vorum.

En hvað sem nú þessu líður, vjer, sem flytjum þessa tillögu, viljum ekki taka á oss ábyrgðina af drætti í þessu máli; hina ábyrgðina, sem af því kynni að leiða, að verðfall yrði á vörunni, eftir að landssjóður hefði keypt hana, viljum vjer heldur taka á herðar vorar.

En satt að segja gjöri jeg ekki ráð fyrir, að kvíðboga þurfi að bera fyrir slíkri verðlækkun, enda verður ekki fyrir alt synt.

Fyrsta spurningin, sem vaknar, er tillaga þessi er borin fram, er sú: Hvar er fjeð? Og þessari spurningu hreyfði hæstv. ráðherra í umræðunum um dýrtíðarmálið.

En fjeð er til. Samkvæmt ráðstöfun Velferðarnefndar og fyrri stjórnar, eru nú geymdar, að jeg hygg, um 600 þús. króna í banka í Ameríku. Hálf miljón af þessu fje var tekin í Íslandsbanka að láni samkvæmt heimild í fyrri dýrtíðarlögum, einmitt í því skyni, að fjeð gæti verið til í Ameríku, þegar í harðbakkana slægi.

Fje þetta stendur með mjög lágum vöxtum, c. 2%, en í augnablikinu er hins vegar dollarinn svo dýr, að á því græðist að mun, að fjeð var komið til Ameríku á undan aðalverðhækkun dollaranna.

Fjármótbáran er því fallin, og auk þess má geta þess, að þó þessu fje verði varið til matarkaupa, þá er þó til gullforði í landinu, sem nokkru nemur. En til þess að gullforðinn geti komið að liði í þessu efni, þá verður gullforðinn að vera í landinu, enda óverjandi að leyfa að gullforðinn sje geymdur annarstaðar.

Þá hefir sú mótbára heyrst gegn ráðstöfun þessari, að landið munaði svo litlu, þótt matvara væri keypt fyrir hálfa miljón króna. En þetta er ekki rjett álitið. Vitaskuld er ekki, eins og sakir standa, hægt að segja með neinni vissu, hvernig verð er á matvöru nú; en þótt ekki fengjust nema rúmar 2000 smálestir af matvöru, þá er það þó c. $^1/_6$ hluti af öllu, sem innflutt var til landsins 1913, en þá voru innfluttar 13 þúsund smálestir, og er það æðimikill styrkur að grípa til, ef í vandræði rekur, því að fyrir oss flutningsmönnum vakir, að matvöruforði sá, sem landið kaupir, verði geymdur til tryggingar, og ekki á honum tekið, fyrr en birgðir kaupmannanna fara að þrjóta, að því undanskildu, að fátækum mönnum verði, þegar harðnar að, gjörður kostur á að kaupa matvöru með innkaupsverði, eins og farið var með kolasöluna síðasta ár.

Ein aðalmótbáran hefir enn heyrst gegn tillögu þessari, sú, að þessi kaup mundu draga úr viðleitni kaupmanna til að birgja landið og að með þessu væri gengið á hag verslunarstjettarinnar. En að því er hag verslunarstjettarinnar snertir, þá sýnist mjer ekki þurfa að bera svo mjög kvíðboga fyrir henni, því verslunarstjettin mun enn sem komið er yfirleitt hafa grætt á ófriðnum, en þar sem matvöruforðinn á að geymast, þá ætti það ekki svo mjög að draga úr viðleitni kaupmannanna. Enda valt á svona tímum að reiða sig eingöngu á verslunarstjettina, sem ef til vill hefir ekki nóg bein í hendi.

Þá hefir sú mótbára komið fram, að geymslustað vantaði fyrir kornforðann. En þessi mótbára er þannig vaxin — svo vandræðaleg í eðli sínu —, að hún ætti tæplega að heyrast, því úrræðaleysið í þessu landi væri þá búið að ná hámarki sínu, ef engin tök væru á því, að geyma vöruforða fyrir landið á ófriðarári; þá mætti þó alt af búa til vöruskýli, og

yfirleitt ef húsleysið væri hjer Þrándur í Götu, þá væri þar með búið að kveða niður allar ráðstafanir, sem gengi í þá átt, að útvega landinu forða til lengri tíma.

Og vil jeg hjer enn minna á það, sem jeg tók fram í umræðunum í dýrtíðarmálinu. Ef vissa væri fyrir því, að samgöngurnar hættu 30. nóv. í haust og vöruforði væri boðinn 20. nóv. — ef stjórnin svo neitaði vegna húsleysis, að taka á móti kornforðanum, þá myndi hún jafnvel fá bágt hjá þeim, sem vernda hana með sjálfstæði sínu gegn títuprjónastungum.

Þá hafa enn heyrst mótbárur um það, að tillaga þessi komi of snemma fram, að hún hefði átt að bíða eftir heimildarlögunum, sem hjer eru á ferðini. Því hefir verið haldið fram, að stjórnin geti ekki keypt vörur samkvæmt þessari ályktun einni. Ef stjórnin treystir sjer ekki til að fara eftir tillögunni einni, þá bíður hún eftir heimildarlögunum, og þeim má hraða. Jeg sje því ekki, að þessi mótbára sje annað en ný tilhneiging til að finna ástæðu til að draga alt á langinn og gjöra ekki neitt.

Þó ekki sje minst á kolakaup hjer í tillögunni, þá er það síst af því, að vjer teljum ekki brýna nauðsyn á, að hugsað sje fyrir því, að sem mest sje flutt inn kolum, því illa færi, ef siglingar teptust til og frá landinu, vegna kolaleysis, og reynslan frá fyrra ári sýnir ljóslega, hve mikið gagn varð að kolakaupum stjórnar og Velferðarnefndarinnar, því fyrir þau kaup björguðust meðal annars margir skipsfarmar á markaðinn. Og sú reynsla verður væntanlega nægileg bending fyrir stjórnina til að ýta á kolamálið.

Það má vera, að ýmsum öðrum mótbárum en þeim, sem jeg hefi talið, verði veifað gegn þingsályktunartillögu þessarri. En vitanlegt er það, að vjer, sem minni hlutann skipum á þessu þingi, getum ekki annað en komið með þær tillögur, sem vjer teljum landi og lýð hollar, en meiri hlutinn hefir vitanlega líf þeirra í hendi sjer. En tillögur þær, sem hjer eru á ferðinni, eiga, samkvæmt eðli sínu, að standa fyrir utan pólitíska vígvöllinn, enda vona jeg, að svo verði litið á af flestum, og treysti jeg því, að þessi tillaga eins og önnur tillaga, sem borin var fram hjer í þessarri hv. deild, verði ekki fórnað á þeim pólitíska offurstalla. Allar þjóðir svo að segja reyna að sameina sig um ófriðarráðstafanir, er þær gjöra. Að dæmi þeirra eigum vjer einnig að fara í þessu máli. Ekki veit jeg betur en bæði Danir og Norðmenn leggi aðaláhersluna á að korntryggja landið, og það man jeg, að þegar jeg var í Kaupmannahöfn síðastliðinn vetur, þá voru engin mál ofar á dagskrá en slík kornvörutrygging fyrir landið. Vjer erum skyldir að gæta allrar varúðar í þessu máli, og stjórnin verður að heyra ákveðinn vilja þingsins um það, að velferð landsins sje ekki lögð undir teningskast atvikanna. Vjer viljum tryggja landið svo með matvöruforða, að vjer getum horft ókvíðnir í augu vetrarins. — Jeg er sannfærður um, að þetta er fastur og eindreginn vilji þjóðarinnar.

Pjetur Jónsson: Jeg bjóst við, að einhverjir fleiri mundu taka til máls út af þessarri tillögu en hv. flutnm. hennar (S.E.). Því miður er jeg ekki við því búinn að ræða mikið um þetta dýrtíðarmál, þar sem jeg hefi verið nokkuð mikið önnum kafinn af öðru nú að undanförnu. Jeg verð að játa, að dýrtíðarmálið sje eitt af allra stærstu málunum, sem þetta þing hefir til meðferðar, og jeg álít, að það hafi komið í ljós við umræðurnar hjer í Nd. um dýrtíðarfrv., að menn hafi ekki lagt sig eins fram í þessu

máli og átt hefði að vera. Jeg gjöri ráð fyrir, að þessi þingsályktunartill. sje fram komin fyrir það, að flutnm. hennar (S. E.) hafi sýnst, að málinu hafi ekki verið sint með eins miklum krafti og hraða og þurft hefði. Jafnvel þótt jeg sje að nokkru leyti sammála honum í þessu, get jeg ekki fallist á tillöguna eins og hún liggur fyrir.

Jeg er ekki viss um, að það sje alls kostar rjett að skora á stjórnina að kaupa þegar í stað korn, til þess að birgja landið, án alls undirbúnings. Eins og kunnugt er, er frumv. á leiðinni í gegn um þingið, þar sem stjórninni er heimiluð lántaka, til þess að birgja landið með nauðsynjavöru, bæði korni, kolum, salti o. s. frv. Jeg verð að taka þessa till. svo, að með henni sje verið að herða meira á stjórninni en þetta frv. gjörir, þegar það er orðið að lögum, sem væntanlega verður innan skams. Að *öðru leyti* er tillagan ekki um annað en það, sem frumv. segir fyrir um.

Það, sem aðallega gjörir það að verkum, að jeg get ekki fallist á tillöguna, er það, að jeg tel varhugavert, að stjórnin hrapi svo að kornkaupunum, að nauðsynlegur undirbúningur farist fyrir. Jeg álít, að hún þurfi áður að kynna sjer, hvaða útvegi kaupmenn og kaupfjelög úti um landið hafi, til þess að afla sjer vörubirgða fyrir veturinn. Jeg er hræddur um, ef landsstjórnin gjörir nú þegar, án alls undirbúnings, ráðstafanir til forðakaupa, að það geti orðið til þess, að þeir kippi að sjer hendinni, sem annars mundu birgja landið upp á venjulegan hátt. Gæti þá farið svo, að árangurinn yrði annar en til er stofnað, og að kornforðinn yrði, með þessu móti, minni í landinu, í stað þess að vera meiri.

Það er vitaskuld, að svo getur farið, ef aðflutningar til landsins teppast alt í einu, að ráðstafanir þær, sem kaupmenn og kaupfjelög kunna að hafa gjört, komi að engu haldi. En þetta sama getur líka orðið, áður en ráðstafanir landsstjórnarinnar komist í framkvæmd.

Jeg er alls ekki á móti skoðun hv. flutningsm. tillögunnar (S. E.), að rjett sje að hafa vakandi auga á því, að ekki dragist úr hömlu að birgja landið með nauðsynjavöru. En jeg vil ekki heldur, að hjer sje rasað fyrir ráð fram. Jeg hygg, að engin ástæða sje til, að vantreysta stjórninni í þessu efni, sjerstaklega þar sem innan skamms verður kosin Velferðarnefnd henni til aðstoðar. Jeg gjöri ráð fyrir, að undir eins og nefndin er kosin, þá fari hún að leita sjer upplýsinga um vöruforða í landinu og þær ráðstafanir, sem kaupmenn og kaupfjelög hafa gjört, til þess að útvega vörur.

Þar sem jeg, eins og jeg þegar hefi tekið fram, er að vissu leyti samþykkur efni tillögunnar, þá kann jeg ekki við að greiða beinlínis atkvæði á móti henni. Jeg vildi heldur víkja henni hjá, á annan hátt. Mjer hefir því dottið í hug að bera fram rökstudda dagskrá, sem hljóðar á þessa leið:

> *Í því trausti, að landsstjórnin, í samráði við væntanlega Velferðarnefnd, annist í tíma nauðsynlegar og lögmæltar ráðstafanir gegn bjargarskorti, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.*

Ráðherra: Jeg skal reyna að vera mjög stuttorður, enda ætti það að vera hægt, því að ræða háttv. flutnm. (S. E.) gaf ekki tilefni til svars í mörgum atriðum. Margt af því, sem hann sagði, var alveg rjett, t. d. það, að mál eins og þetta ættu að standa utan og ofan við alla pólitíska flokka, í hvaða landi sem væri. Um þetta er jeg honum alveg fyllilega samdóma, og vildi jeg óska, að svo yrði hjer.

Það var satt, sem háttv. flutningsm. (S. E.) sagði, að í fyrra var sú alda uppi, bæði í Noregi, Svíþjóð og Danmörku og sjálfsagt víðar, að birgja löndin upp með matvöru á ríkiskostnað. Hins vegar er mjer ekki kunnugt um, hvort menn hafa nú fundið ástæðu til að gjöra sams konar ráðstafanir. Nú horfir þetta öðruvísi við en þá. Þegar við sátum hjer á þinginu í fyrra, var ófriðurinn að byrja. Þá var, eins og líka eðlilegt var, óróinn og hræðslan mest. Nú hefir færst miklu meiri ró yfir ófriðinn og hræðslan mikið minkað. Þar með er ekki sagt, að rjett sje og sjálfsagt að taka öllu með svo mikilli ró, að ekkert verði gjört. Það dettur engum heilvita manni í hug. Hjer er um það að ræða, hvaða afstöðu þingið eigi að taka til þessa máls. Hv. flutnm. (S. E.) sagði, að stjórnin þyrfti að heyra vilja þingsins. Ef dýrtíðarfrumv., sem samþykt hefir verið hjer í Nd. og afgreitt var frá Ed. í gær, verður að lögum, þá lít jeg svo á, að stjórnin hafi fengið nægilega að heyra vilja þingsins. Samkvæmt þessum lögum á að kjósa 5 manna nefnd, á sama hátt og í fyrra, stjórninni til aðstoðar og ráðuneytis um allar framkvæmdir og ráðstafanir, sem ófriðurinn gjörir nauðsynlegar. Í fyrra, þegar hræðslan var mest, voru gefin út sams konar lög, og stjórninni og nefndinni í sameiningu falið að gjöra þær ráðstafanir, sem í þessu efni væru nauðsynlegar.

Þá sáu menn ekki ástæðu til að bera fram sams konar tillögu og þessa, hvað þá að samþykkja hana. Hvað er það nú, sem gjörir það nauðsynlegt, að reka meira á eftir stjórninni í þessu efni en þá? Velferðarnefndin, sem væntanlega verður kosin í sameinuðu þingi, verður að sjálfsögðu skipuð trúnaðarmönnum þingsins. Jeg býst ekki við, að þingið hafi ástæðu til að vantreysta nefndinni, fremur nú en í fyrra. Jeg býst við, að í hana veljist jafngóðir menn og í fyrra og með jafngóðum vilja á að gjöra skyldu sína. Það má vitanlega segja, að nefndin verði skipuð skeikulum mönnum, eins og við erum allir. En nefndin í fyrra var líka skipuð skeikulum mönnum, og þingið er sjálft líka skeikult, og jafnvel háttv. flutnm. (S. E.). Ef þingið getur ekki nokkurn veginn treyst þeim mönnum, sem það velur í Velferðarnefndina, þá er það ekki ómaksins vert, að skipa þá nefnd.

Tillagan er orðuð sem áskorun til stjórnarinnar. Má segja, að með því að samþykkja hana sje ekki svo litlum vanda ljett af stjórninni í þessu efni. Jeg vil þó benda á, að þó að tillagan nái samþykki hjer í Nd., þá er ekki þar með sagt, að meiri hluti þingsins standi á bak við hana. Til þess að samþykkja tillöguna hjer þarf ekki nema 13 atkv. Ekkert er um það víst, hvernig Ed. lítur á þetta mál. Eins víst, að meiri hlutinn þar líti líkum augum á það og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Gæti því orðið hæpið fyrir stjórnina að fara eftir tillögunni, þó að hún flyti að eins í gegn um þessa deild.

Jeg skil vel, að háttv. flutnm. (S. E.) treysti ekki stjórninni eins vel til að ráða fram úr þessu vandamáli og hann treysti þeirri stjórn, þeim manni, er að völdum sat hjer á landi í fyrra. En jeg vil benda honum á það, að engin ástæða er til að væna væntanlega Velferðarnefnd því, að hún gjöri ekki skyldu sína. Og jeg get sagt það fyrir mig, að ef jeg sit áfram í því sæti, sem jeg sit nú í, þá mun jeg fara að ráðum meiri hluta Velferðarnefndarinnar í flestum tilfellum, eins og háttv. flutnm. (S. E.) gjörði í fyrra, þegar hann var ráðherra. Tel jeg, að hann hafi farið þar rjett að.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir tekið skýrt fram þau varhugaverðu atriði, sem

snerta kaupsýsluhlið þessa máls. Við það hefi jeg engu að bæta. Út af því, sem hann sagði, að stjórnin þyrfti að kynna sjer, hve mikill vöruforði væri í landinu og hvaða ráðstafanir kaupmenn og kaupfjelög hefðu gjört, til þess að útvega vörur, þá skal jeg taka það fram, að stjórnin hefir þegar gjört gangskör að því, að afla sjer upplýsinga um þetta. Sýslumönnum hefir verið símað, eins og í fyrra, og þeir beðnir að senda stjórninni skýrslur um þessi efni. Málið horfir líkt við mjer og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að varhugavert sje, að ráðast í forðakaupin, fyrr en þessar upplýsingar eru fengnar. Enda verður gengið eftir því, að þær komi sem fyrst.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til, að fara frekar út í málið að svo komnu.

Flutnm. (Sigurður Eggerz): Jeg sje ekki ástæðu til að halda langa ræðu. Í ræðu minni áðan mintist jeg á flest þau mótmæli, sem nú hafa komið fram.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) talaði um, að hann gæti ekki fallist á, að skora á stjórnina, að kaupa kornforða handa landinu, án nokkurs undirbúnings. Mig furðar á þessum ummælum háttv. þm. (P. J.). Í tillögunni stendur skýrum orðum, að skorað sje á landsstjórnina, að gjöra ráðstafanir til að birgja landið upp með korni. Vitanlega hefir okkur flutningsmönnum tillögunnar ekki dottið í hug, að stjórnin ryki til að kaupa kornið, alveg fyrirhyggjulaust og undirbúningslaust. Nei, við ætluðumst til, að hún ljeti framkvæma allar þær rannsóknir, sem nauðsynlegar mætti telja, áður en hún færi að semja um kaupin. Það var alls ekki meiningin, að hún færi strax að síma eftir korninu, eftir fundinn í dag.

Aðalmunurinn á skoðun minni og skoðun háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) er fólginn í því, að hann lítur svo á, að ekki sje nauðsynlegt að gjöra nú þegar ráðstafanir til þess, að tryggja landið með kornforða. Hann lítur svo á, að óhætt sje að bíða. Ræða hans verður ekki skilin öðruvisi en á þessa leið.

Eftir að stjórnin hefir heyrt slík orð frá framsögumanni dagskrárinnar (P. J.), og ef dagskrá sú, sem þessi háttv. þm. (P. J.) bar fram, nær samþykki deildarinnar, þá má stjórninni vera vel um vært, þó að hún hraði ekki mikið þessu máli. Því hvað er þetta annað en bending til stjórnarinnar um, að óhætt sje að fara að öllu með mestu hægð? Með öðrum orðum, jeg get ekki betur sjeð en að dagskráin gangi í þá átt, að óhætt sje að láta reka á reiðanum og setja alt á guð og gaddinn.

Eins og jeg tók fram, þegar dýrtíðarfrumv. var til umræðu hjer í deildinni, þá getum við ekki búist við því, að fá það tilkynt með fyrirvara, hve nær aðflutningar teppast til landsins. Sist með svo miklum fyrirvara, að þá sje nægur tími til að birgja landið með matvælum. Samgöngubannið kemur alt í einu, ef það kemur, og að öllum líkindum alveg fyrirvaralaust. Eins og jeg hefi sýnt fram á, er það fyllilega á valdi þingsins að gjöra ráðstafanir til þess, að landið saki ekki, þó að samgöngubann detti yfir, og þess vegna alveg óverjandi varúðarleysi, ef það lætur þær ráðstafanir farast fyrir.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) mintist á, að áður en stjórnin rjeðst í þessi kornkaup, þyrfti hún að afla sjer upplýsinga um þær vörubirgðir, sem til væru í landinu, og þær ráðstafanir, sem kaupmenn og kaupfjelög hefðu gjört til þess, að útvega vörur til vetrarins. Þetta væri vitanlega gott og blessað. En jeg býst þó við, að stjórninni takist aldrei

að fá ákveðnar upplýsingar um þetta. Það getur á ýmsan hátt farið í handaskolum. Og þó að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) haldi það ekki, þá geng jeg út frá því sem gefnu, að kaupmenn og kaupfjelög landsins gjöri alt, sem í þeirra valdi stendur, til að útvega landinu forða, þó að stjórnin gjöri þær ráðstafanir, sem tillagan fer fram á.

Enda þótt stjórnin geti gjört þessar ráðstafanir samkvæmt heimildarlögum, þá þarf hún ekki að nota heimildina, fremur en henni sjálfri sýnist. Og það er ekki nema eðlilegt, að verði stjórnin vör við, að Alþingi álíti ekki þörf á ráðstöfununum nú þegar, þá taki hún þá ákvörðun að bíða. Svo kemur veturinn og kann ske siglingabann, og þá eru það dagskrárflytjendur, sem bera ábyrgð á því gagnvart landsmönnum, að ekkert hefir verið gjört. Jeg vil ekki bera þá ábyrgð. Hæstv. ráðherra sagði, að nú væri alt miklu rólegra en áður, og getur það verið rjett að sumu leyti. En ekki má samt gjöra of mikið úr því. Hafi verið hætta á ferðum í fyrra, þá er hún engu síður fyrir hendi nú, nema fremur sje. Yfir stríðinu er engin ró; það harðnar stöðugt, og öll þau úrræði, sem þjóðirnar beita, eru svo hörð, að engum mun hafa dottið þau í hug í byrjun ófriðarins. Við höfðum ekki á seinasta þingi hugmynd um alla þá farartálma, sem yrðu á leið kaupfara okkar. Okkur dreymdi ekki um tundurdufi á alþjóðasiglingaleiðum, og að saklausum skipum yrði sökt af ófriðarþjóðunum. En reynslan hefir sýnt okkur þettta alt. Skilyrðin eru alt af að harðna; nú seinast er komin fyrirskipun um það, að skip okkar verði að koma við í einhverri enskri höfn, ef þau vilja ekki eiga það á hættu, að verða skotin niður. Ef þingið væri ekki svona gagntekið og svæft af þessari miklu ró, þá gætu menn ekki litið rólegir á þetta og sagt, að ástandið væri ekki eins iskyggilegt og í fyrra. Enn fremur ber þess að gæta, að í fyrra vorum við svo ókunnugir því, hverjar leiðir væri heppilegast að fara, til þess að afla okkur matvöru, en síðan höfum við fengið reynslu í þessu efni, og nú liggur ekki annað fyrir en að ákveða, hvort við eigum að kaupa matvöruna nú eða ekki.

Hæstv. ráðherra sagði, að nú yrði bráðlega kosin velferðarnefnd, og þess vegna væri ekki ástæða til þess, að þingið færi að gjöra slíkar ályktanir. Jeg er alls ekki að vantreysta væntanlegri velferðarnefnd, en sjálfs er höndin hollust, og gjöri þingið sjálft ekkert, sem dugir, þá eru ekki líkindi til þess, að 5 manna nefnd, kosin af því, gjöri það fremur.

Enn fremur sagði hæstv. ráðherra, að æskilegt væri, að sams konar tillaga yrði borin fram í háttv. Ed., og það því fremur, sem ætlast væri til þess, að varið yrði $^1/_2$ miljón kr. til þessara kaupa. En jeg fæ ekki skilið það, ef þessi deild samþykti till., og ef það, sem hún fer fram á, er jafnframt leyft með heimildarlögum, að nokkur stjórn geti verið hrædd við að gjöra ráðstöfunina með þetta á bak við sig, heimildarlög, samþykt af öllu þinginu og áskorun frá þeirri deild, er mestu á að ráða um fjármál landsins. Það er óverjandi skeytingarleysi af háttv. þm., að gjöra ekkert annað en halda langar ræður og segja svo við stjórnina: »Gjörðu það, sem þjer sýnist«.

Mjer skildist það á hæstv. ráðherra, að hann liti svo á, að jeg bæri fram þessa tillögu vegna þess, að jeg hefði sjerstaka tilhneigingu til þess að sýna honum vantraust. Jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að jeg liti svo á, að þessu máli væri svo varið, að það ætti að vera fyrir utan vígvöll stjórnmálanna. Mjer hefir ekkert vantraust dott-

ið í hug með flutningi tillögunnar, enda færði jeg ljós rök fyrir því, hversu nauðsynlegt það væri, að útvega landinu nógar vörur. Mig furðar satt að segja á því, að stjórnin skuli ekki vera þakklát fyrir það að fá slíka áskorun frá þinginu. Hún hefir nóga ábyrgð samt. Jeg segi fyrir mig, að jeg mundi í sporum hæstv. ráðherra vera mjög glaður yfir því, að hafa ákveðinn þingviljann að baki mjer. Og það má hv. deild vita, að samþykki hún ekki till., þá getur hún ekki kastað steini á stjórnina, þótt hún vanræki eitthvað í þessu efni.

Jeg mintist á háttv. Ed. áðan. Jeg skal bæta því við, að svo framarlega sem þessi tillaga verður samþykt hjer í deildinni, þá verður sams konar tillaga borin fram í háttv. Ed.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Það verða mjer mikil vonbrigði, ef háttv. deild samþykkir ekki jafn sjálfsagða tillögu og þá, er hjer liggur fyrir. En fari svo, þá er ekki nema eðlilegt, að menn hæðist að fuglafriðunarlögunum, og telji þau sem tákn um alvöru þingsins í stærstu velferðarmálum þjóðarinnar.

Pjetur Jónsson: Jeg skil illa þenna ákafa háttv. flutningsmanns (S. E.), því að jeg fæ ekki sjeð, að okkur beri í raun og veru nokkuð í milli, að því er efni málsins snertir, nefnilega það, að stjórnin gjöri þær öryggisráðstafanir í þessu máli, sem nauðsynlegar sjeu. Háttv. flutningsm. (S. E.) sagði, að sá skilningur, sem mjer virtist rjett að leggja í tillöguna, að stjórnin ætti án undirbúnings að ráðast í þessi matvörukaup, kæmi ekki til nokkurra mála. En sje svo, þá er ekkert, sem milli ber, annað en það, að jeg tel þá tillöguna óþarfa.

Jeg verð að halda því fram, að nægilegt sje af þingsins hálfu það, sem heimildarlagafrumv. fer fram á. 2. gr. þess gjörir ráð fyrir því, að stjórnin kaupi matvörubirgðir handa landinu, ef þörf gjörist, og heimilar henni að taka alt að 1 milj. kr. lán í þeim tilgangi. Jeg álít það í alla staði rjett og sjálfsagt, að stjórnin fari nú þegar að grenslast eftir því, hvort hún geti fengið lánið, sem þarf, auk peninganna í Ameríku, og eins hvort hún megi vera án þeirra peninga frá öðrum útgjöldum. Jeg hefi þá von, að þessi $^1/_2$ milj. kr. í Ameríku sje handbær til kaupanna.

Háttv. flutningsm. (S. E.) lagði þá andstæðu þýðingu í dagskrána, sem liggur hjer fyrir, að hún leyfði stjórninni að bíða með þessar ráðstafanir von úr viti. Það væri allóheppilegt, ef samþykt dagskrárinnar yrði til þess, að lagður yrði þverðfugur skilningur í hana. En jeg veit, að svo verður ekki. Það var alls ekki meining mín, að bíða ætti með það, að vinna að málinu, fremur en það hefir verið meining hv. flutningsm. (S. E.), að rjúka til þess, að kaupa birgðirnar undirbúningslaust. En ef hætt er við, að lagður verði andstæður skilningur, bæði í þingsál.till. og dagskrána, þá teldi jeg það rjettast, að hv. flutningsm. tillögunnar tæki hana aftur, og væri jeg þá fús á að taka dagskrána aftur, enda fjelli hún af sjálfu sjer. Þá stæði frumv. eitt eftir, og yrði að lögum. Jeg hefi þá hugsað mjer ganginn í málinu eitthvað á þessa leið: Ráðherra hefir lýst yfir því, að þegar sje farið að undirbúa málið af stjórnarinnar hálfu. Það er auðvitað ágætt. Svo verður bráðlega Velferðarnefnd kosin, og kemur þá auðvitað fleira til athugunar. Jeg býst við, að háttv. flutnm. (S. E.) verði í þeirri nefnd, og er þá hægurinn hjá, að herða á stjórninni, ef

hún hraðar sjer ekki svo sem þörf er á. Þingið situr fram í september, svo að jeg fæ ekki annað sjeð en að það geti hert á stjórninni, hve nær sem því sýnist, ef þörf gjörist fyrir þinglok.

Háttv. flutningsm. (S. E.) sagði, að það væri á valdi þingsins, að taka ráð í tíma. En hvaða ráð eru þetta, sem þingið á að taka? Jeg hefi bent á það áður, að sú marg um talaða ráðstöfun gæti orðið til þess, að kaupmenn keyptu mikið minna korn, og svo gæti farið, að það, sem drægist frá af kornpöntunum, gæti numið meira en því, sem landið útvegaði. Og þá væri illa farið.

Jeg kann illa við það, að fá brýnslur hjá háttv. flutnm. (S. E.) um öryggisráðstafanir. Jeg er eldri maður en hann, og hefi nú í 30 ár aðallega fengist við það, að hugsa um öryggisráðstafanir undir veturinn, raunar ekki fyrir alt landið, en dálítinn part af landinu, stóra sýslu. Og jeg er búinn að fá reynslu fyrir því, hvað þessar ráðstafanir kosta, og hvers virði þær eru.

Jeg hefi svo ekki miklu við að bæta. Jeg vil ekki fortaka það, að rjett gæti verið, að draga kaupin ekki lengi, sjerstaklega ef þau yrðu gjörð í samráði við kaupmenn og kaupfjelög út um land, svo að ekkert yrði dregið úr þeirra vöruútvegunum. Við því vil jeg vara menn.

Í þessu sambandi vil jeg nota tækifærið, til að minna á það, ef til útvegana á vöruforða kemur, af stjórnarinnar hálfu, að það er ekki heppilegt, að sá forði sje allur settur á land hjer í Reykjavík. Það gjörir vöruna dýrari, að þurfa að borga uppskipun og útskipun og fragt m. m. umfram fult verð hjer í Reykjavík. Það getur auðvitað verið, að kalla megi alt landið trygt, ef vörurnar eru lagðar upp í Reykjavík, en sú trygging er ekki næg, ef t. d. ís kemur og hindrar samgöngurnar. Og þó ís sje ekki til að dreifa, getur orðið örðugt og óvíst, að ná vörunum frá Reykjavík á sumar hafnir.

Málið tekið út af dagskrá, eftir ósk ráðherra og fleiri.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. ág., var till enn tekin til frh. einnar umr.

Sveinn Björnsson: Jeg verð að segja, að mig furðaði, er jeg sá þingsályktunartillögu þá, sem hjer liggur fyrir til umræðu. Mig furðaði á, að hún skyldi koma fram nú, þegar meira en mánuður er liðinn af þingtímanum. Það er eins og háttv. aðalflutningsmaður hennar (S. E.) hafi fundið það nokkuð seint, að ástæða væri til að tryggja landið á þann hátt, sem tillagan fer fram á. Mig furðaði á því, að hún skyldi koma fram á þeim tíma, sem öllum er vitanlegt, að á ferðinni eru lög, sem heimila slíka ráðstöfun. Og mig furðaði því meir, þar sem jeg vissi, að sama hv. þm. (S. E.) var kunnugt um, að lögin frá í fyrra, sem heimiluðu slíkar ráðstafanir, gengu úr gildi 7. júlí. Honum er persónulega kunnugt um, að hvorki þurfti að hvetja stjórnina nje Velferðarnefndina til þess, að gjöra það, sem lögin frá í fyrra heimiluðu. Stjórnin og Velferðarnefndin ljetu sjer ant um að gjöra allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þóttu. Þess vegna er engin ástæða til að væna núverandi stjórn og væntanlega Velferðarnefnd þess, að þær sitji auðum höndum og gjöri ekki neitt.

Mjer hefði fundist eðlilegt, að tillagan kæmi fram, ef svo hefði verið, að heimildarlög hefðu verið samþykt, og svo hefði liðið langur tími, án þess að nokkr-

ar ráðstafanir hefðu verið gjörðar. Þá hefði tillagan átt fullan rjett á sjer.

Mig furðaði enn fremur á einu. Af tillögunni sjálfri verður ekki sjeð, hver tilgangurinn er. Jeg get hugsað mjer tvenns konar tilgang. Annar er sá, að landsstjórnin ætti að birgja landið upp með korni, til þess að tryggja mönnum nægan forða, ef í nauðir ræki, og hinn er sá, að gjöra nú þegar eða sem allra fyrst ráðstafanir til að útvega kornið með svo góðum kjörum, að hægt yrði að selja landsmönnum það með viðunanlegu verði. Því það er hugsanlegt, að kornverð yrði svo hátt, að almenningi yrði um megn að kaupa korn. Þetta er ástæða, sem talandi væri um. En slíkt kemur ekki fram í tillögunni, og jeg hefi ekki heyrt flutningsmann hennar geta um þennan tilgang. Það, sem mjer hefir helst skilist á honum, er það, að meiningin sje sú, að kaupa slatta af korni, *ekki* til þess að selja landsmönnum það við ódýru verði, heldur til þess að geyma það. Hægt er hugsa sjer, að matvælaskortur yrði á miðjum vetri. Á þá að selja mönnum kornið, og hvernig á að selja það? Það er alt óákveðið í tillögunni, og þegar af þeirri ástæðu er erfitt að greiða atkvæði um hana. Það er tæplega nægilegt, þótt háttv. flutningsm. (S. E.) skýri þetta hjer við umræðurnar. Tillögunni þarf að breyta, til þess að hægt sje að átta sig á, hver meiningin er með henni. *(Sigurður Eggerz:* Jeg tók það fram í framsögunni). Háttv. flutningsm. upplýsir þetta þá aftur, ef það hefir skotist fram hjá mjer.

Jeg vil beina þeirri spurningu til hans: Er tilgangurinn sá, að birgja landið upp með korni, til þess að landsmenn geti fengið það keypt við hæfilegu verði? Eða er tilgangurinn að eins sá, að kaupa birgðir og geyma þær, til þess að hafa eitthvað að grípa til, ef í nauðir rekur?

Annars vildi jeg stinga því að háttv. flutningsm. (S. E.), hvort hann sjái sjer ekki fært að geyma tillöguna, þangað til ástæða er til að koma fram með hana. Það eru nú ekki margir dagar þangað til Velferðarnefndin verður kosin. Þá tekur hún öll þessi mál til íhugunar og gjörir þær margvíslegu rannsóknir, sem hjer þarf að gjöra, áður en hægt er að taka tillöguna til greina, t. d., hvort korn sje fáanlegt, hvar það sje fáanlegt og hvort skip sje fáanlegt til að flytja það. Það er bágt, að greiða atkvæði um tillöguna, eins óljós og hún nú er.

Jeg vil bæta því við, út af ræðu hv. flutningsm. (S. E.), að jeg álít það rangt, ef ekki með öllu ósæmilegt, að draga þetta mál inn í pólitíkina. Það voru ögrunarorð, sem hann sagði, að þar sem hann væri í minni hluta hjer á þinginu, þá myndi meiri hlutinn að líkindum nota tækifærið, til þess að slátra tillögunni. Þetta er tilraun til að draga málið inn í flokkapólitíkina, og það vil jeg átelja.

Flutningsm. (Sigurður Eggerz): Háttv. flutningsm. rökstuddu dagskrárinnar, þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að athuga þyrfti, hvort hægt væri að fá peninga til þessara matvörukaupa, er hjer væri um að ræða, og hvort landið mætti þá vera án þeirra, ef þeir væru fyrir hendi. Jeg skýrði frá því í framsöguræðu minni, að peningar væru geymdir í Ameríku, er grípa mætti til, og það svo miklir, að þótt $^1/_2$ miljón króna væri varið til matvörukaupa, yrðu samt afgangs um 100,000 krónur. Auk þess má, ef í nauðirnar rekur, grípa til gullforða Íslandsbanka í þessu skyni, samkvæmt tilætlun þingsins í fyrra, þar sem seðlar Íslandsbanka voru þá gjörð-

ir óinnleysanlegir. Og þar sem mikið af seðlum er nú í umferð, mun gullforðinn meiri. En ef stjórnin hefir gefið Íslandsbanka heimild til að geyma gullforða sinn í Kaupmannahöfn, eins og heyrst hefir, þá er það óforsvaranlegt og gagnstætt tilætlun þingsins 1914. Því að fyrir því vakti, að auðið væri að grípa til gullforðans, ef í harðbakkann slægi. Jeg beini þessu að þinginu til þess, að það gæti þess framvegis, að gullforðinn sje geymdur hjer. Nú á tímum hafa þjóðirnar vakandi auga með því, að auka og tryggja sem best gullforða sinn.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) talaði um það atriði, hvort landið mætti vera án peninga þeirra, er til þessara fyrirhuguðu matvörukaupa færi.

Ef landið má verja fje sínu til nokkurs, þá ætti það fyrst og fremst að mega verja því til að tryggja það, að landsfólkið líði ekki af matvælaskorti. Þetta finst mjer deginum ljósara.

Að því er snertir tilmæli hv. þm. (P.J.) um það, að jeg taki aftur tillöguna og vjer flutningsm., þá er svo langt frá að jeg sjái ástæðu til þess, heldur finst mjer enn meiri ástæða nú til þess, að tillagan verði samþykt, svo að eytt verði deyfð þeirri, er hvílir yfir dagskránni.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að svara háttv. þm. (P. J.) öðru eða meira, en læt mjer nægja að vísa til fyrri ræðu minnar.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) vítti það, að tillagan skyldi ekki koma fyrr fram en nú. Mjer var að vísu kunnugt, að skipuð var dýrtíðarnefnd hjer í þinginu, en fyrst hún hefir ekki látið ljós sitt skína meir en raun varð á, þá fanst tími kominn til að kvarta, og minna hana á skyldu sína. *(Sveinn Björnsson:* Það hefði hv. flutningm. átt að gjöra, áður en nefndin var skipuð). Þó það hefði ef til vill verið rjettast, að koma með tillöguna í byrjun þingsins, þá er þó betra seint en aldrei.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) spurði, hve nær ætti að fara að nota þessar vörur. Jeg tók það skýrt og eindregið fram í framsöguræðu minni, að grípa ætti til þeirra, er í nauðirnar ræki, og enn fremur, að fátækum mönnum yrði gefinn kostur á að kaupa vörur með innkaupsverði, alveg eins og átti sjer stað með landssjóðskolin í fyrra og þá þótti gefast mæta vel. Annars get jeg vísað háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) til fyrri ræðu minnar, alveg eins og háttv. þm. S.-Þing. En vill þingið gjöra nokkuð í þessu efni, eða ætlar það að láta alt reka á reiðanum? Vill það reiða sig á stjórn og Velferðarnefnd, og jafnvel gefa bendingu um að bíða og draga alt á langinn, eins og rökstudda dagskráin, er hjer hefir komið fram, virðist benda á?

Jeg beini þessum spurningum til hv. deildar, af því að ekki virðist ástæða til að geyma ráðstafanir til matvörukaupa, þar til Velferðarnefnd kynni að verða sett á laggirnar; enda sje jeg ekki ástæðu til, að þingið trúi betur væntanlegri Velferðarnefnd en sjálfu sjer.

Eins og jeg hefi tekið fram, þykir mjer leitt að þurfa að endurtaka fyrri ræðu mína, en jeg get þó ekki látið hjá líða að minnast örfáum orðum á ummæli háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), þar sem hann talaði um það, að það væri mjög illa farið, að blanda þessu máli inn í pólitísku flokkaúlfúðina í þinginu. En jeg verð að segja það, að þessi ummæli komu mjög flatt upp á mig, því að í framsöguræðu minni tók jeg það mjög skýrt fram, að þetta mál yrði að vera utan við hinn pólitíska vígvöll.

En jeg heyrði hæstv. ráðherra tala um, að það væri verið að gjöra þetta

mál að flokksmáli, blanda því inn í pólitisku deilumálin. Mjer kemur þetta undarlega fyrir. En fylgifiskar stjórnarinnar sjá alstaðar tituprjóna, er stinga eigi í stjórnina, og alstaðar reyna þeir að vernda stjórnina á móti þessum pólitisku tituprjónastingjum. Jeg og hinir flutningsmenn tillögunnar hugsuðum, að við værum ekki að gjöra stjórninni óþægt verk með þessu. Það hlýtur að vera ákaflega »hysteriskt« stjórnarfólk, sem sjer tituprjóna á lofti, þótt verið sje að vernda landið með hyggilegum ráðstöfunum. En stjórnin ætti að þakka þinginu, ef það vill gefa henni leiðbeiningar, og þing, sem í miðjum þessum alheims-ófriði skýtur öllu, í vandræðum sínum, til stjórnarinnar, en gjörir ekkert sjálft, í það er ekki mikið spunnið. Það er sorglegt, að þetta skuli eiga sjer stað, og það er sorglegt, að þeir, sem standa stjórninni næst, skuli setja sig með oddi og eggju á móti því, ef einhverjir þingmenn reyna að ráða bót á yfirvofandi hættu.

Af ræðum þeirra háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) og hæstv. ráðherra að dæma, og eftir að jeg hefi heyrt, að málið sje gjört að flokksmáli af heimastjórnarmönnum — jeg hefi, sem sje, fulla ástæðu til að ætla, að þetta mál hafi verið gjört að flokksmáli, enda hugsa jeg að atkvæðagreiðslan um rökstuddu dagskrána muni leiða það í ljós — þá þykist jeg sjá fyrir forlög tillögunnar. En þó að hún verði drepin, þá hygg jeg þó, að hún muni hafa haft einhverja þýðingu, því skeð getur, að hún verði samt sem áður til þess að ýta við hinum sofandi sálum meiri hlutans.

Jeg treysti því, að tillagan sje svo vaxin, að jeg þurfi ekki að bera neinn kinnroða fyrir hana, og í því fulla trausti læt jeg háttv. deild skera úr um hana.

Skúli Thoroddsen: Síðan Norður-álfu-ófriðurinn mikli hófst í fyrra sumar, síðustu dagana í júlí, höfum vjer Íslendingar verið svo **afar-hepnir**, *að sima-samband við önnur lönd hefir einatt haldist.*

Matvöru- og nauðsynjavöru-aðflutningarnir hafa og eigi verið teptir, — hvorki af Bretum nje Þjóðverjum.

En þessi **yfir-hepni** vor til þessa, á þó hvorki, nje má, gjöra oss **um of** *andvaralausa.*

Vjer megum þvert á móti **alls ekki** gleyma því, þar sem heims-ófriðurinn mikli stendur enn yfir, *að enn getur það þó að borið á hverri stundu*, **að sima-sambandið við önnur lönd bili, eða að aðflutningarnir teppist**, *og hvar stöndum vjer þá, ef svo færi?*

Hverjar eru birgðirnar, af kornvöru, og annarri nauðsynjavöru, hjer á landi, sem stendur?

Mjer er ókunnugt um, hvort stjórnin hefir þegar aflað skýrslna, að því er það snertir, en hitt veit jeg vel, að bæði hagur kaupmanna vorra, og eins hitt, hve tíðar ferðirnar til annarra landa eru orðnar, veldur því, að *fjöldi þeirra* birgir sig eigi, nema smám saman.

Á hinn bóginn vitum vjer þó, að *enn hefir flotum Þjóðverja, og mótstöðumanna þeirra, eigi lent saman*, — vitum því, að **hættan fer sí-vaxandi**, *þar sem að því verður þó* **því** *fyrr að koma, sem lengur líður, að sá heljar-leikurinn verði þó háður*, og þá að líkindum í Norður-sjónum, þ. e. á því svæði, sem verslunarskip vor verða að eiga leið um, eins og verslan vorri enn er háttað.

Vjer vitum þá og, að fari svo, að Bretar, til þess að komast inn í Eystrasaltið og sækja Þjóðverja þar heim, heimti, að Danir taki upp tundurskeytin (eða hvað kallað er), sem þeir hafa lagt í Beltin — ef eigi og Eyrarsund —,

til varnar því, að herskip fari þar um, þá er eigi að vita, hvað verður, þ. e. *Danir geta þá, ef til vill* — nauðugir, viljugir — *verið orðnir viðriðnir ófriðinn, er minst varir.*

Gætu stygt Þjóðverja, ef þeir leyfðu herskipum Breta (og bandamanna þeirra) leið inn í Eystrasaltið, og lent þá í ófriðnum, en Bretar og neytt þá, ef þeir synjuðu.

En færi nú svo — sem vjer allir viljum þó vona, að eigi verði —, að Danir yrðu viðriðnir ófriðinn, eða símasambandið hætti, hvað þá, ef siglingarnar um Norðursjóinn, ef og eigi til Bretlands, al-teptust, *hvaða tök höfum vjer þá á því, að ná í svip fljótt nauðsynjum vorum frá Ameríku?*

Ekki er gott að vita, hvar skip »Eimskipafjelags Íslands« væru þá stödd — ef til vill erlendis, og því oss að *alls engum* notum, þótt kost ættum vjer þeirra ella, og hvaða skip höfum vjer þá?

Og þótt vjer gætum fengið skip í Ameríku, náum vjer þá símasambandi þangað?

Sem stendur er og engin svo nefnd »Velferðarnefnd« til, og vjer vitum jafnvel eigi á þessarri stundu, hvort lögin, sem í smíðum hafa verið, um ýmsar ráðstafanir, út af Norðurálfu-ófriðnum, ná kgl. staðfestingu, — *vitum eigi, hvort síma-sambandið við útlönd helst svo lengi, eður eigi.*

Vjer vonum, að svo verði, en vitum þó eigi, hvað að höndum getur borið.

En eins og jeg drap á, rjett áðan, munu kaupmennirnir yfirleitt allflestir, enn, sem komið er, að eins hafa birgt sig svo, að þeir gætu sjeð þörfum viðskiftamanna sinna borgið yfir sumarið, og fram á haustið, — hafa ætlað sjer, að birgja sig svo síðar yfir veturinn.

Á hinn bóginn er oss Ísleningum það **afar-brýn** *nauðsyn*, **að sjeð sje svo fyrir, að til verði í landinu nægilegur kornvöruforði, hvernig sem alt skipast, eða á hverju sem þá veltur.**

Og þó að svo færi, að aldrei þyrfti, að grípa til kornvöruforðans til manneldis, gæti það þó komið sjer vel, að geta þá, ef á þyrfti að halda, gripið til hans, til skepnufóðurs.

Vjer vitum, að vegna hafíssins hefir veðráttan verið köld, og grassprettan því víða lítil, og þó að telja megi víst, að landbúnaðarafurðirnar verði að vísu í *gífurlegu* verði á komanda hausti, þá er þó eigi víst, að svo miklu verði lógað, sem þyrfti, þegar á heyin er litið, og þá eigi síður á hitt, að margir mistu að mun af sauðpeningi sínum árið, sem leið, vegna vorkuldanna, sem þá voru.

Tækist svo *illa* til, að siglingar til útlanda teptust, er að því kemur, að flytja ætti landbúnaðarafurðirnar á markaðinn á komanda hausti, og á öndverðum næsta vetri, gæti það og leitt til þess, að margir settu þá of djarft á.

Jeg hygg því, að **happasælast, og blessunarríkast,** *yrði, ef þingið gjörði nú ráðstöfun til þess, að tryggja landinu nægan kornvöruforða í tíma.*

Öll **neyð** *á og einatt að fyrirbyggjast, sem unt er*, eins og alt annað, sem ilt er, eða hættulegt, og reynist þingið nú óforsjált, gæti svo farið, að margan hlyti sáran að iðra þess síðar.

En sje »rökstudda dagskráin« samþykt, óttast jeg, að það geti þá orðið til þess, að draga um of úr áhuga, og framkvæmdum landsstjórnarinnar, í stað þess, að þingsályktunartillögunni er þó einmitt ætlað að ýta að mun undir hana.

Og það, að dregið sje úr áhuga stjórnarinnar, — *að andvaraleysið sje örvað*, ætti þó **síst** af öllu að verða.

Aðal-atriðið, **að vera þá æ sem best vakandi, er neyðin getur að dyrum barið ella.**

Jeg var í gær að blaða í danska blað-

inu »Politiken«, og sá þar þá, meðal annars, getið um kornvörubirgðirnar, sem Norðmenn þá höfðu. — Þær voru mjög miklar, og engu síður höfðu þeir þá þó þegar — í öndverðum júní (ef eigi seint í maí) þ. á. — trygt sjer það, að geta í haust fengið að mun af korni í Ameríku.

En telji Norðmenn — slík siglingaþjóð, sem þeir eru þó — sjer það nauðsyn, að tryggja sjer kornbirgðirnar æ meiri, og meiri, og að fresta því eigi, hversu miklu fremur er oss Íslendingum, sem að öllu erum þeim þó svo margfaldlega verr settir, þá eigi þörf þess?

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) fann það að tillögunni, að hún væri *of ódkveðin*, — gætti þess eigi, hve nær selja ætti vöruna, og taldi yfirleitt alt það, er hjer að lyti, vera um of órannsakað.

En sje svo, þá er og því fremur brýn þörf þess, að stjórnin dragi þá eigi lengur en orðið er, að íhuga málið, og byrja á framkvæmdunum.

Annars fæ jeg *ekki* sjeð, að hjer sje þörf rannsókna, er talið verði.

Alt og sumt er: **Á þingið, og stjórnin, þrátt fyrir hættuna, sem yfir vofir, og á getur dottið á hverri stundinni, að vera svo óforsjált, að láta enn alt reka á reiðanum, hver veit, hve lengi?**

Auðvitað gjörist þess **alls engin** þörf, þótt varan sje útveguð, að selja hana, meðan verslanirnar eru vel birgar. — En hún á að vera til taks, og *verður* æ að vera til taks, ef *neyðin* ber að dyrum.

Hitt er og *sjálfsagt*, sem þm. S.-Þing. (P. J.) benti á, að kornvöruforðinn á ekki, nje má leggjast á land eingöngu hjer í Reykjavík.

Skipið, eða skipin, er vöruna sæktu til útlanda, ættu að vera leigð svo, að þau gætu lagt vöruna upp hjer og hvar, þ. e. á höfnunum umhverfis landið.

Hitt, að leggja hana t. d. alla á land hjer í Reykjavík, hefði eigi að eins óþarfan aukakostnað í för með sjer (uppskipun hjer — útskipun aftur — skipaleigur hjeðan o. fl. o. fl.), *en gæti og leitt til vandræða, er veturinn er á dottinn*, — skip, til að flytja hana hjeðan, á ýmsar hafnir, reynst þá al-ófáanleg, vandkvæði á orðið um sjóábyrgðina o. fl. o. fl. —

Hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) taldi mál þetta gjört að pólitísku deilu- eða ágreiningsmáli hjer í þinginu.

En hverir gjöra? Eru það þá ekki einmitt þeir — hann, og fjelagar hans —, sem þingsályktunartillöguna hafa þegar ásett sjer að fella?

Eða dylst það nokkrum, jafn sjálfsögð, sem þingsályktunartillagan, sem hjer um ræðir, er, *að til væri frálleitt sá þingmaður, er eigi greiddi henni atkvæði sitt* **hiklaust**, *ef eigi væri pólitíski flokkarígurinn þess þá valdandi, að það má ekki polast, að sá, eða sá, flokkurinn hafi komið því, eða því, fram*, eða honum sje þakkað það?

»Rökstudda dagskráin«, sem fram er komin, sýnir það því ofur vel, hve *hlægilega* næmir flokkarnir, og flokksmennirnir, eru, hverir um sig, að því er það snertir, að láta ekki mótflokkinn geta hælt sjer af því, eða því, — láta ekki svo sýnast, sem honum sje það, eða það, að þakka.

Annars skiftir það — að því er mjer virðist — *alls engu*, úr því, sem komið er, hvort þingsályktunartillagan, eða »rökstudda dagskráin«, verður þá samþykt, láti stjórnin eigi af »dagskránni« freistast til þess, að draga þá málið ella á langinn.

En hefði »rökstudda dagskráin«, þ. e.

það, að hún yrði samþykt, þau áhrif, að stjórnin yrði þá kærulausari, eða aðgjörðarlausari en ella, og tel jeg það **afar-illa** farið.

Það er **stök óforsjálni**, *ef ekkert er þegar gjört, til að birgja nú landið með kornvörum.*

Menn mega **ekki** láta hepnina svæfa sig.

En þá er æ við andvaraleysinu *langhættast*, er vel gengur, og ekkert hefir að mun lengi á bjátað.

Engin veit þó — eins og ástatt er nú í heiminum, — *hve nær hið mótdræga kann á að detta.*

Það getur orðið fyrr en varir, og þá alt um seinan, sje eigi hafist handa nú þegar. —

Guðmundur Hannesson: Jeg þyrði að vera með þessari tillögu, hvað sem stjórninni og flokkunum liði, ef ekki væri annað til fyrirstöðu. En jeg get það ekki, vegna þess, að hjer þykir tvísýnt, að nokkur nauðsyn sje á því, að stjórnin fari að brjótast í þessu, einmitt nú þegar. Jeg hefi áður fært ástæður fyrir þessari skoðun, og ekki heyrt þeim hnekt enn þá.

Hvað á að vinna með þessum matvörukaupum? Jú, það á að tryggja það, að matur sje til í landinu, sökum þess, að skipagöngur geti tepst. Það er sjálfsagt gott eitt, sem vakir fyrir tillögumönnum, en hingað til hefir enginn bent á nein líkindi til þess, að aðflutningar að landinu teppist. Eitt af tvennu hlýtur að verða, að Norðurlönd sleppi við ófriðinn eða sleppi ekki. Ef þau nú sleppa við hann, þá er nálega óhugsandi, að skipagöngur hingað heftist. Að vísu gætu samgöngurnar stöðvast að nokkru leyti við Danmörku um styttri tíma, t. d. ef sjóorustur geisuðu í Norðursjónum; en þó að slíkt bæri við, þá fer því fjarri, að um nokkra siglingateppu væri að tala, því að alt af yrði opin leið til Þrándheims og líklega alla leið til Björgvinjar. Hve stórfeldar sjóorustur sem ættu sjer stað, þá gætu þær aldrei heft umferð milli Íslands og Noregs, enda hefði slíkt enga hernaðarlega þýðingu. Og svo væri þá auk þess eftir leiðin til Ameríku.

En nú er að líta á hitt, — og það gjöri jeg ráð fyrir að vaki aðallega fyrir þeim, sem farbannið óttast, — að Norðurlönd lendi í ófriðnum, og þá sennilega fyrst og fremst Danmörk, sem kynni að lenda í ófriðnum, ef herfloti brytist gegn um sundin. Þetta ætti þá að valda flutningateppu frá Danmörku. Þó svo færi, er eigi að síður engin hætta á ferðum. Ætli það yrði þá ekki fyrsta verk Breta, að senda þennan »Digby«, sem hjer hefir verið að flækjast, eða annað slíkt skip hingað og láta setja fána sinn til bráðabirgða upp á aðra hvora stöngina hjá stjórnarráðinu? Jeg tel lítinn vafa á því. Og dettur þá nokkrum heilvita manni í hug, að Englendingar láti oss svelta, ef þeir taka yfirráðin yfir landinu til bráðabirgða, þjóð, sem þykist vernda smáþjóðir og sjer jafnvel öllum herföngum fyrir öllum nauðsynjum? Nei, þeir gætu aldrei látið það við gangast, að þjóð skorti mat, sem þeir hefðu sjálfir útilokað frá venjulegum samgöngum. Og að þeir ættu í ófriði við Danmörku, án þess að skifta sjer neitt af Íslandi, það er ótrúlegt, þar sem þeir sendu hingað skip og mann til að líta hjer eftir öllu þegar í byrjun stríðsins.

Af þessu og mörgu fleira kemur mjer fátt meir á óvart en það, ef skipagöngur hjer til lands skyldu teppast. Í raun og veru er að eins ástæða til þess, að sjá Norðurlandi, sem ísinn getur lokað, fyrir nægilegri matvöru, ef skýrslur þaðan sýna, að verslanir hefðu lítinn forða, en þessi nauðsyn er ekki ný og

kemur í raun og veru ekkert ófriðnum við.

Þó landið þyrfti að kaupa matvöru, þá er óvíst hvort það þyrfti að sækja hana fyrir sinn reikning til útlanda. Næst lægi að leita fyrir sjer hjá íslensku umboðssölunum og sjá hver boð þeir gætu boðið. Þó flutningar teptust ekki, þá kynni vörukaup að vera rjettmæt í því skyni að lækka verð á vörum, sem kynnu að vera óhæfilega dýrar hjá kaupmönnum. Þetta er í mínum augum helsta ástæðan til matvörukaupa, því aðflutningsteppan er grýla ein. Aftur er nokkru öðru máli að gegna með kol og steinolíu, jafnvel salt. Það gæti vel komið fyrir, að Bretar bönnuðu allan útflutning á kolum, en oss er lífsnauðsyn, að útvegsmenn vorir lendi ekki í vandræðum með þessar vörutegundir.

Að kaupa nú matvöru í stórum stýl, er að mínu áliti mjög athugavert, meðal annars vegna þess, að vörur eru nú mjög dýrar, en geta fallið til mikilla muna í verði, og yrði þá stór skaði á verslununni fyrir landssjóð. Víst er um það, að allir segja, að þær hljóti að falla að miklum mun, ef Dardanellasundið opnast. Og einmitt nú telja erlendu blöðin að líkur sjeu töluverðar fyrir því, að svo fari áður langt um líður.

Jeg held sem sagt, að þessi tillaga sje ráð í góðri meiningu gefið, en ekki allskostar viturlegt og sprottið af ástæðulausri hræðslu.

Flutningsm. (Sig. Eggerz): Jeg vil að eins segja það, að ef háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) hefði talað af hálfu stjórnarflokksins, sem hann mjer vitanlega stendur næst, þá færi jeg að skilja það, hvers vegna háttv. stjórn er mótfallin tillögu minni. Því að ef það er skoðunin, að hjer sje ekkert að óttast, þá er auðvitað afleiðingin sú, að ekkert þarf að gjöra. Ef þetta væri skoðun fleiri háttv. andstæðinga minna í þessu máli, þá væri gott að það kæmi beint fram. En mjer hafði nú reyndar heyrst á háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), að hann áliti hættuna töluverða, og þegar dýrtíðarmálið var hjer á ferðinni, þá sagði hann, að það gleddi sig, að jeg teldi ástæðu til að vera vel vakandi.

En hvað sem er nú um þetta, þá er jeg ekki sammála háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) um þetta mál. Jeg vildi óska, að ekkert væri að óttast, en mjer sýnist, eins og jeg sagði í gær, reynslan vera búin að benda á það, að margt verður það í þessu stríði, sem kemur öllum öldungis óvænt. Og án þess að jeg ætli að fara að ræða það, hvernig stríðið kunni að snúast og hver kjör þessu landi muni verða búin í hverju tilfelli, þá sýnist mjer ýmislegt það koma fyrir nú á dögum, að fátt sje ugglaust. Skip okkar geta orðið skotin í kaf, eins og skip annara þjóða, og eins og ófriðarþjóðirnar eyða nú miklu af kaupförum með sínum ógnarlegu morðtólum, og munu sjálfsagt eyða framvegis, þá er ekki annað sýnna en að skortur kunni að verða á þeim til nauðsynlegra samgangna. Einnig getur það vel komið fyrir, að síminn okkar bilaði eða honum yrði lokað, og ef svona færi, þá get jeg ekki betur sjeð, en að við gætum staðið uppi alt í einu bæði símalausir og skipalausir, og það gæti orðið erfitt, ef það bæri nú að höndum um miðjan vetur t. d.

Þegar jeg hugsa út í þetta, þá verð jeg að telja það með öllu óverjandi, að við reynum ekki að tryggja okkur gegn slíku, og mjer er hrein ráðgáta, hvernig á slíku getur staðið. Danir og aðrar hlutlausar þjóðir hafa nú afarmikinn áhuga á því, að útvega sjer korn. Jeg hefi talað við einn mann úr þeirra

»Velferðarnefnd«, eða matarnefnd mundi vera rjettast að kalla hana, og sagði hann, að það væri sitt stærsta áhugamál, að útvegað væri nóg af kornvörubirgðum. Þetta er áreiðanlega skoðað aðalatriðið hjá hlutlausu þjóðunum. Þetta ætti einnig að vera aðalatriðið hjá oss. En þegar þessu sjálfsagða máli er hreyft hjer, þá þarf að rannsaka alt í milli himins og jarðar, og svo lendir ef til vill við það, að alt af er verið að rannsaka, en ekkert annað gjört. En þetta er stundum venjan, þegar menn vilja skjóta sjer undan einhverjum framkvæmdum, að láta þær kafna í málamyndarannsókn.

Jeg á ákaflega erfitt með að skilja þann geig, sem virðist vera í háttv. deild við framkvæmdir í þessu máli. Margir eru þó sammála um það, að hjer geti verið hætta á ferð, ef ekkert er að gjört. En hver er nú hættan, þótt vjer keyptum oss kornvöru fyrir $^1/_2$ miljón kr.? Er það fjárhagsleg áhætta? Það þarf mjög snögga breytingu til þess, að vöruverð falli svo, að til þess geti komið til nokkurra muna. Jeg gæti jafnvel ímyndað mjer, að matvara stigi enn um sinn, svo að það yrði beinlínis hagur. Nei, það er engin ástæða til að óttast það, að vjer biðum tjón af því fjárhagslega, og reynslan er sú frá því, er í fyrra var keypt frá Ameríku, að landsmönnum líkaði það ákaflega vel. Þeir töldu það happaráð, sem þá var tekið, og allar líkur eru til, að eins færi nú. Að vísu hafa heyrst raddir um það utan þings, sem ekki hafa við neitt að styðjast, að stjórnin hafi átt að ganga á kaupmenn með þeirri ráðstöfun. Jeg vil ekki amast við kaupmannastjett landsins, en hins vegar verð jeg að játa það, að jeg vil láta velferð landsins sitja í fyrirrúmi fyrir því, að þeir fái að græða nokkur % af þessari vöru. Auk þess er á það að líta, að sú stjett hefir yfir leitt stórgrætt á ófriðinum, hjer eins og annarstaðar. Innlenda varan hefir stigið svo í verði, að kaupmenn hljóta nú að fá skuldir sínar borgaðar betur en nokkurn tíma áður.

Jeg vil árjetta það enn og aftur, að hættan er alt af til, sú, að siglingar teppist, eða verði svo erfiðar og alt svo dýrt, að fullkomin vandræði hljótist af, en hinum megin er engin hætta til við vörukaupin. Þetta er því ekki nema sjálfsögð varúð, og mig furðar á að heyra raddir á móti því, svona rjett undir veturinn.

Guðmundur Hannesson: Háttv. flutningsm. (S. E.) kom með þau rök fyrir sínu máli, að við gætum alt í einu staðið uppi símalausir og skipalausir um hávetur. Símalausir getum við nú orðið, þótt enginn ófriður sje, en það tekur þó aldrei nema svo sem 4 daga fyrir einhvern botnvörpunginn okkar að skreppa til Noregs, ef á liggur. Skipalausir verðum við aldrei. Það er engin ástæða til að óttast, að bæði milliferðaskipin okkar farist, þó alt af megi segja, að ekkert sje ómögulegt, og þó svo ólíklega færi, þá eigum við fjölda skipa, auk þeirra, sem grípa mætti til, þar á meðal eitthvað 15 botnvörpunga.

Hann virtist meta það heldur lítils, að matvörur gætu lækkað í verði erlendis. Þær gætu líka hækkað. Satt er það, að þær geta hækkað, og þá væri það ekki nema forsjálni, að vera búnir að kaupa þær nú, en ef þær hins vegar lækka til muna, þá er það þó verslunartap fyrir landssjóð, sem jeg get ekki gjört svo lítið úr, og auk þess viðbúið tap af að liggja lengi með miklar birgðir óseldar. Jeg veit ekki betur en að það sje talið efalaust, að kornvöruverð myndi lækka stórum, ef það tækist að opna Dardanellasundið. Að

minsta kosti olli það uppþoti í Ameríku, þegar það var talið líklegt, að þetta tækist. Þetta er að eins dæmi til að sýna það, að verðið geti líka lækkað.

Það er ekki nema eðlilegt, að Danir leggi mikið kapp á það, að safna að sjer matarbirgðum. *Þeir* eru á hættulegum bletti, og það er meiri hætta á því, að aðflutningar teppist þangað en hingað. Okkur geta aðflutningar orðið erfiðir og dýrir, en að þeir virkilega teppist, kemur ekki til nokkurra mála. Mjer finst, að Velferðarnefnd og stjórn muni og, af tvennu illu, vera betur settar en háttvirtar þingdeildir — að undanteknum nokkrum mönnum, sem verslunarfróðir eru — til þess að dæma um hvort hyggilegt sje að kaupa vörubirgðir eða ekki.

Ráðherra: Jeg ætlaði ekki að tala nema einu sinni, en það voru nokkur orð í ræðu háttv. flutningsm. (S. E.) sem jeg kunni mjög illa við að heyra úr hans munni, og því stóð jeg upp aftur.

Hann var að tala um óþarfa rannsóknir, og var helst svo að skilja, sem hann vildi engar rannsóknir hafa á því, hverjar birgðir til væru í landinu og hve miklar, og hafði þar um háðuleg orð. Jeg vil nú benda á það, að í fyrra, þegar hann hjelt á stjórnartaumunum, þá voru þó slíkar rannsóknir gjörðar, eftir því sem kostur var á. Nú eru gjörðar sams konar ráðstafanir og hann ljet gjöra þá með ráði Velferðarnefndar, eins og rjett var, og þó gjörist hann svo djarfur að segja, að það sje gjört til þess, að skjóta sjer undan því, að gjöra skyldu sína. Þetta er harður áburður, sem jeg hafði ekki búist við úr þeirri átt, og jeg veit ekki hvaða ástæðu hann hefir til að láta sjer slíkt um munn fara.

Hann talaði líka um það áður, að þessi till. hans ætti að vera til þess, að vekja samvisku hins sofandi meiri hl. Þetta er blátt áfram ósvífni. Og ekki veit jeg til þess, að hann hafi unnið svo öðrum fremur að dýrtíðarlöggjöfinni hjer, að honum komi það nokkur rjettur til þess, að væna aðra menn slíku. Það er ætíð óviðeigandi, sjer staklega þegar alls ekkert er til að byggja á.

Háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem annars var stiltari og þinglegri, sem vænta mátti, í ræðu sinni, kom þó með eitt atriði, sem mjer þótti kynlegt, sem sje það, að dagskráin, sem hjer var borin fram af háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) miðaði til þess, að draga úr áhuga stjórnarinnar, með tilliti til þess, að sjá landinu fyrir nægum forða. Mjer skilst hún vera svo orðuð, að langt sje frá því, að hún gefi stjórninni nokkra minstu átyllu til þess, að vanrækja nokkrar framkvæmdir, sem æskilegar kynnu að vera í þá átt, eða nauðsynlegar. Í henni felst ekkert annað en það, sem þingið í fyrra lagði í hendur stjórnar og Velferðarnefndar. En í þingsál.till. háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) felst þessi viðbót, að þessa ráðstöfun skuli gjöra þegar í stað, hvernig sem ástand og horfur eru nú, og í því getur ekki annað legið en það, að hann er hræddur um að stjórn og Velferðarnefnd muni ekki gjöra það, sem hann kallar skyldu þeirra. Annars hefði hann ekki getað komið fram með þetta.

Hann talaði mikið um það, að þetta muni verða gjört að flokksmáli. Jeg skal nú ekkert um það segja, en ekki kæmi mjer það ókunnuglega fyrir, þótt það sýndi sig við atkvæðagreiðsluna, að það væri flokksmál hjá honum og hans mönnum. Jeg sagði það síðast, að jeg teldi tillöguna ekki nægilega, ef hún væri ekki einnig samþykt í háttv. Ed. *(Sigurður Eggerz:* Jeg hefi lýst því, að líka eigi að flytja hana þar.) Jeg skil

þá svo, að ef hún fæst samþykt hjer, þá sje það tilætlunin, að bera upp samhljóða tillögu þar, og get þá að því leyti gengið inn á, að þetta sje þinglegt.

Jeg fæ ekki skilið, að það sje holt, að þingið sjálft skipi fyrir um hverjar ráðstafanir skuli gjörðar í þessu efni. Jeg er ekki viss um, að háttv. þingdeild hafi fengið það yfirlit yfir málið, sem nauðsynlegt er, til þess að samþykkja þessa tillögu; því menn verða vel að athuga það, að þetta er framkvæmdarstarf, eða algjörlega »administrativt«, sem stjórnin í samráði við Velferðarnefnd, hlýtur að eiga miklu hægra með að rannsaka og ráða fram úr en háttv. þingdeild, enda ber og stjórninni, en ekki þinginu, að fara með slík störf. Jeg endurtek það, að jeg skil ekki hver nauðsyn hefir borið til þess, frekar nú en í fyrra, að koma með þessa þingsályktunartillögu, nema ef vera skyldi sú, að nú situr önnur stjórn við stýrið. Að hve miklu leyti þessi ástæða á við rök að styðjast, ber mjer ekki að leggja neinn dóm á hjer; það er háttv. þingdeild, sem úrskurðarvaldið á að hafa í því máli.

Einar Jónsson: Jeg á sannast að segja ilt með að skilja í þeirri mótspyrnu, sem þessi þingsályktunartillaga hefir mætt hjer í deildinni hjá ýmsum þingmönnum. Jeg fæ ekki annað sjeð en að tillagan sje nauðsynleg og rjettmæt í alla staði, og það gæti ekki á nokkurn hátt orðið að tjóni, þó að skorað væri á stjórnina að kaupa kornvöruforða til tryggingar því, að matvöruskortur verði eigi í landinu, þó að flutningar teptust síðar. Það má auðvitað vel vera, að svo fari, að menn sjái eftir á, að þessa hefði ekki þurft. En þar sem að hæstv. ráðherra sagði áðan, að hann fengi ekki skilið, að þessi þingsályktunartillaga hefði meiri rjett á sjer nú en í fyrra, þá finst mjer þar til að svara, að þó að eitthvað hafi verið vanrækt í fyrra, þá er enginn ástæða til þess, að vanrækja það í ár, enda hættan á viðskiftateppu við önnur lönd því meiri, sem stríðið stendur lengur. Og þar sem hæstv. ráðherra gefur í skyn, að þessi þingsályktunartillaga muni aðallega sprottin af pólitískum illvilja í garð núverandi stjórnar, þá skil jeg ekki hvers vegna hann heldur þessu fram, þar sem heimild sú, sem þingið veitir stjórninni til ráðstafana og framkvæmda, vegna stríðsins, verður með þessu að eins rýmri en ella, og getur því fremur álitist traust, en illvilji í garð stjórnarinnar.

Jeg er algjörlega samþykkur háttv. flutningsm. (S. E.), að það getur aldrei skaðað, að gjöra þessar ráðstafanir. Það má vera, eins og jeg sagði áðan, að það komi á daginn, að þessa hefði ekki þurft með, og jeg vildi óska þess, en hver er sá af okkur, sem er fær um fyrir fram að benda á þá einu rjettu leið, til þess að stilla og koma í veg fyrir allskonar vandræði, sem af styrjöldinni kann að stafa, áður lýkur. Jeg treysti mjer að minsta kosti ekki til þess, og svo mun fara um flesta. Í svona tilfellum verða menn því að eins að gjöra það, sem þeir sjá hyggilegast í svipinn. Meira er ekki hægt að gjöra.

Það, sem mjer þykir helst að tillögunni, er það, að mjer þykir fjárupphæðin, sem farið er fram á að veita til þessarar tryggingar, oflítil. Jeg hefði ekki verið því mótfallinn, að hún væri hærri. Því að ef athugað er, hve mikið fæst fyrir þessa upphæð, þá mundi láta nærri, að það myndi nægja, til þess að birgja Reykjavík eina með að eins örfáar kornvörutegundir, og meira ekki. Jeg

álít því, að upphæðin samsvari tæpast þörfinni, sem á daga gæti drifið, en álít það samt betra en ekki neitt.

Jeg álít tillöguna skynsamlega, eins og jeg áður hefi tekið fram. Því þótt jeg vantreysti ekki stjórninni til hins besta í þessu efni, þá álít jeg þó, að þingið gjöri ætíð rjettast í því, hve góð sem stjórnin og meðráðamenn hennar kynnu að vera, að setja ekki alt sitt traust til hennar í lausu lofti.

Flutningsm. (Sigurður Eggerz): Jeg hafði ekki búist við því, að þurfa að tala meira í þessu máli.

Hæstv. ráðherra virtist vera mjög særður af ummælum mínum, og taka þau nærri sjer, því auðheyrt var, að ræða hans kom frá instu hjartarótum, svo viðkvæm var hún í hans eigin garð. En jeg á — jeg verð að halda því fast fram — erfitt með að sjá, að ítarlegar, margvíslegar rannsóknir þurfi að gjöra, áður en tillaga þessi er samþykt. Jeg sje ekki, að hjer þurfi að gjöra neinar rannsóknir, aðrar en þær, að sjálfsagt er, að stjórnin leiti fyrir sjer um það, hvar heppilegast sje fyrir hana að festa kaup á vörunni. Og þótt gott sje að grenslast um í hverjum hrepp og kauptúni á landinu, hve mikið þurfi þar af korni, þá þarf ekki að gjöra það á undan þessum kornkaupum, því við vitum allir hjer í háttv. deild, að sá kornforði, sem nú er til í landinu, er alt of lítill, til þess að nægilegur sje, og markaður þess vegna nógur alstaðar á landinu. Þeir, sem veifa þessari rannsóknarkreddu, eru því ekki aðrir en þeir, sem vilja sneygja sjer undan, að gjöra nokkuð verulegt í málinu.

Jeg get ekki sjeð annað en að dagskrá sú, er háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) kom fram með, beri vott um væran og góðan svefn hjá meiri hlutanum, sje hún borin fram í hans nafni, og er víst spurs mál, hvort hann fer ekki að hrjóta bráðlega.

Hæstv. ráðherra sagði, að við, sem fylgdum þessari þingsályktunartillögu, hefðum ekkert gjört til þess, að flýta fyrir þessu máli. En jeg hygg þó, að þessi tillaga mín hafi orðið til þess, að háttv. Ed. hraðaði málinu sem mest, og afgreiddi það svo fljótt, sem hún gjörði, og sömuleiðis hygg jeg, að þakka megi tillögu minni það, að svo virðist, sem háttv. Nd. ætli að hraða málinu sem mest, og vinda bráðan bug að því, að kjósa velferðarnefnd. Jeg hefi þess vegna fulla ástæðu til þess, að vera ánægður með það, að tillagan skuli hafa orðið til þess, að koma þessu til leiðar.

Hæstv. ráðherra var að vola yfir einhverjum tituprjónastingjum til sín, eins og reyndar svo oft áður. Þetta er algjörður misskilningur hjá hæstv. ráðh. *(Ráðherra:* Jeg mintist aldrei á tituprjónastingi). Það eina, sem vakti fyrir okkur, var það, að við álitum það skyldu okkar, að skiljast ekki svo við þetta mál, að ekkert væri gjört, og alt væri látið reka á reiðanum. Enda væri leitt fyrir þingmenn, er kjósendur þeirra spyrja þá um, hvað gjört hafi verið í þessu máli, að þurfa að svara á þá leið, að þingið hafi ekkert gjört, en þeir ali þá von í brjósti, að stjórnin ef til vill mætti gjöra eitthvað. Slíkt væri ófyrirgefanlegur aumingjaháttur, að skilja svo við málið.

Jeg skal og lýsa yfir því, út af því, er hæstv. ráðherra sagði um það efni, að þetta myndi flokksmál hjá mjer, að jeg bar tillöguna fram, án þess að flokkurinn vissi nokkuð um það. En annað mál er það, að jeg hygg flokkinn svo skipaðann, að hann muni sýna sjálfstæði sitt í þessu máli, sem öðrum, og greiða tillögunni atkvæði sitt. Og þá vona jeg, að bændaflokkurinn finni sig ekki síður knúðan til þess, að greiða at-

kvæði með tillögunni, enda sýna það og þau nöfn, er standa undir henni, því einn af flutningsmönnunum er einn af aðalmönnum bændaflokksins.

Hæstv. ráðherra kvað þetta mál vera eingöngu administrativt, en jeg verð að álíta, að ákvörðunin um að kaupa vörurnar, sje mál er snerti löggjöfina, eftir eðli sínu. Annað mál, þótt fela verði stjórninni ákvarðanir um slík mál, er ekki næst til þingsins. Það eru innkaupin sjálf, sem eru eingöngu administrativt starf, enda viljum við fela það stjórninni, eins og tillagan ber með sjer, svo það er síst ástæða til þess að segja, að tillagan feli í sjer nokkurt vantraust til stjórnarinnar. Jeg get ekki verið samþykkur hæstv. ráðherra í því, að ekki sje meiri þörf á að gjöra innkaupin nú en í fyrra. Fyrst og fremst bar öfriðinn í fyrra svo seint að, að langt var liðið á þingtímann, og því erfitt til umsvifa fyrir þingið, og málið nýtt, og svo er það fullkomlega rjett, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) tók fram í ræðu sinni, að þótt menn hafi ef til vill verið óvarkárir í fyrra, þá sje það engin ástæða til þess, að vera óvarkár í ár, heldur fremur hið gagnstæða.

Mjer dettur í hug maður, sem átti stóran barnahóp. Hann hafði í 10 ár látið brunn standa opinn í landareign sinni. Nágranni hans kom að máli við hann eitt sinn, og kvað þetta óvarlegt, vegna barnanna. Maðurinn svaraði, að alt hefði nú farið vel í 10 ár, og hann sæi því enga ástæðu til að leggja í þenna kostnað. En hvað skeður? Jú, á 11. árinu dettur eitt barnið ofan í brunninn, og druknað þar. Hefði nú bóndinn farið að ráðum nágranna síns, og byrgt brunninn, þá hefði þetta slys aldrei komið fyrir. Þess vegna finst mjer sú ástæða hæstv. ráðh. heldur veigalítil, að rjett sje að »sluxa« í ár, fyrst »sluxað« var í fyrra. *(Ráðherra:* Jeg talaði aldrei um, að »sluxað« hefði verið í fyrra). Jeg er þakklátur háttv. 1. þm. Rang. (E. J.), fyrir hans hlýju orð í garð till. Það er alveg rjett hjá honum, að $^1/_2$ miljón er ekki mikil upphæð, og síst skyldi jeg verða til þess, að draga úr því, að meira fje yrði veitt til þessarar ráðstöfunar, ef hið háa Alþingi sæi sjer það fært, en jeg vil þó benda hv. deild á, að fyrir þessa fjárhæð er þó hægt að kaupa $^1/_6$ af allri þeirri kornvöru, er fluttist til landsins árið 1913. Og það er áreiðanlegt, að þegar þetta bætist við þann forða, sem kaupmenn hafa nú þegar, og sem þeim ef til vill kann að takast að útvega framvegis, þá er þetta þó svo góð trygging, að jeg álít, að landinu ætti að vera borgið ef ekkert sjerstaklega ófyrirsjáanlegt kemur fyrir.

Sveinn Björnsson: Jeg hefi aldrei verið þess letjandi, að ráðstafanir yrðu gjörðar til þess, að afstýra þeim voða er leitt gæti af Norðurálfuófriðnum, og þess vegna vil jeg ekki taka á móti þeirri ásökun þegjandi, að jeg »fljóti sofandi að feigðarósi«, eins og meiningin var hjá háttv. flutnm. (S. E.). Háttv. flutnm. (S. E.) má vita það, ef hann á annað borð hefir verið sjer þess fyllilega meðvitandi, hvað hann sagði í þessari tölu, er hann flutti nú síðast af þessum mikla móði, að þessi ásökun er algjörlega ástæðulaus, eins og líka er algjörlega ástæðulaust, að bera þeim mönnum hjer í háttv. deild, sem ekki greiða þingsályktunartillögunni atkvæði, það á brýn, að það sje sökum þess að þeir vilji ekki gjöra, eða láta gjöra, neinar fulltryggilegar ráðstafanir. Það má lofa svo einn að lasta ekki annan, og þegar háttv. flutnm. (S. E.) tildrar sjálfum sjer upp sem landsbjörg og landsins höfuðstoð og styttu, þá væri það lafhægt fyrir hann, án þess að lasta aðra, sem ekki eru á sömu skoðun um

eitthvert atriði sem hann. Og þegar hann reynir að skifta mönnum í tvent, öðrum sem alt vilja gjöra, en hinum, sem ekkert vilji gjöra, þá liggur ekkert það fyrir í umræðum þeim, er fram hafa farið um þetta efni hjer í sumar, er gefi tilefni til slíkra aðdróttana.

Það er ekki af því, að jeg álíti ekki brýna nauðsyn, að hafa sem best vakandi auga á öllu nú, að jeg er ekki fylgjandi þessari tillögu. Það er af því, að jeg álít, að hún sje óskýr, óljós, vanhugsuð og yfir höfuð eitthvað það í kring um hana, sem jeg álít rjettast að kalla »humbug«. Það er »humbug« að vaða fram í jötunmóði með þessa tillögu, einmitt þegar verið er að gefa stjórninni heimild til þess, að kaupa allskonar nauðsynjavörur, korn, kol, steinolíu o. m. fl. Það ríður t. d. ekki síður á, að landið sje vel birgt af kolum og ýmsum fleiri nauðsynjavörum en korni. Og ef hugur fylgdi svo máli, sem hv. flutnm. (S. E.) lætur, þá hefði hann með þessari tillögu sinni átt að skora á stjórnina, að birgja landið að fleira en kornvöru. *(Sigurður Eggerz:* Það hefi jeg og gjört). Jú, en fyrst eftir að háttv. 1. þm. Húnv. (G. H.) var búinn að benda á, að það væri nauðsynlegt. *(Sigurður Eggerz:* Nei, jeg gjörði það strax í framsöguræðunni). Jafnskjótt sem dýrtíðarlögin verða samþykt, þá verður kosin Velferðarnefnd, sem í samráði við stjórnina á að gjöra áætlun um, hvað eigi að kaupa af vörum, hvar eigi að úthluta þeim og hvar sje nauðsynlegt að liggja með birgðir. Þetta alt er nauðsynlegt að athuga, en það verður aldrei hægt með einni þingsályktunartillögu, að ákveða hve mikið þurfi af kolum, hve mikið af steinolíu o. s. frv. í hverjum stað. Mergur málsins er, að vakandi auga þarf að hafa á því, að tryggja landið sem best að öllu leyti. En að bera fram af slíkum móði og háttv. flutnm. (S. E.) hefir gjört áskorun þessa efnis, er að eins snertir eitt einstakt atriði, er humbug, og það því meira, sem umr. lengjast um þetta. Háttv. flutnm. (S. E.) kvað sig og tillögu sína hafa gjört það að verkum, að flýtt hefir verið fyrir dýrtíðarmálinu. Sjálfsánægjan var bersýnileg, og ekki vil jeg verða til þess, að svifta hann henni. En jeg vil að eins leyfa mjer að benda á, að dýrtíðarnefndin lagði *áherslu* á, að þessu yrði flýtt sem mest gegnum þingið. Vilji hv. flutnm. (S. E.) vjefengja þetta, þá getur hann flett upp í þingskjölunum, það stendur þar með ljósu letri. Sama hafði nefnd sú, er sett var í málið í Ed., ákveðið, og það áður en hún sá þessa merkilegu tillögu háttv. flutnm. (S. E.).

Og ástæðan til alls þessa er sú, að hann vill geta sagt við kjósendur: Það var jeg, sem sá um, að þessar ráðstafanir væru gjörðar, svo að landinu væri engin hætta búin. *(Sigurður Eggerz:* Þetta er ósatt). Jeg skrifaði upp hjá mjer ummæli háttv. flutnm. (S. E.), svo að jeg veit að þetta er rjett.

Jeg get endurtekið það, er jeg sagði í fyrri ræðu minni, að hyggilegra hefði verið að kjósa þessa nefnd, þegar lögin voru samþykt, og láta hana annast um öll kaup. Ef menn hefðu svo orðið óánægðir með ráðstafanir hennar, þá var alt af nægur tími til þess, að koma með slíka þingsályktunartillögu, svo að háttv. flutnm. (S. E.) þyrfti ekki að standa orðalaus fyrir kjósendum sínum, þegar þar að kemur. Nei, rjetta leiðin var að samþykkja þessa heimild til stjórnarinnar og veita til þess ca. 1 miljón króna. Í *því* fólust öll þau ákvæði, er nauðsynleg voru. Hitt, hve marga sekki eða tunnur skuli kaupa af hverri tegund fyrir sig, er áreiðanlega betur komið í höndum stjórnarinnar og Velferðarnefnd-

arinnar en að flækjast fyrir þinginu marga daga í röð. Og þegar svo langt er komið, að háttv. flutnm. (S. E.) leyfir sjer að láta sjer þau orð um munn fara, að þeir sjeu unnandi sjálfstæði landsins, er sjeu fylgjandi þingsályktunartillögu hans, en við hinir ekki, þá er skörin farin að færast svo upp í bekkinn, að segja má um þá: »Fyrirgef þeim, því þeir vita ekki hvað þeir gjöra«. Jeg fullyrði að minsta kosti fyrir sjálfan mig, að jeg er fullkomlega eins unnandi sjálfstæði þessa lands, og háttv. flutnm. (S. E.) og hans fylgifiskar. Aðrir svara fyrir sig. Jeg heimta, að vera laus við slíkar aðdróttanir, sem háttv. flutnm. (S. E.) hefir komið hjer fram með, algjörlega að ástæðulausu.

Hið eina rjetta er það, að gjöra ráðstafanir til þess, að keypt verði, ekki að eins korn, heldur einnig kol, olía, salt og aðrar nauðsynjar, sem þarf til þess, að tryggja landið gegn þeirri hættu, sem af ófriðnum kann að leiða. Og þegar dýrtíðarfrumv. hefir verið afgreitt, hefir þingið gjört sitt til að koma þessu í framkvæmd.

Hitt getur vel verið, að einhverjum þeirra manna, sem ekki vildu tryggja landið gegn voða, með því að heimila landsstjórninni, að leggja útflutningsbann á íslenskar afurðir, finnist þessi tillaga einhverskonar plástur á samviskur sínar. Um það skal jeg ekki ræða. — Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að ef till. yrði ekki samþykt, en korn samt sem áður keypt, þá væri það fyrir áhrif þessarar tillögu. Jeg ann háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og háttv. flutningsm. (S. E.) þess fullkomlega, að bera þá hugmynd í brjósti, að þeir hafi gjörst bjargvættir landsins, með því að bera þessa tillögu fram. En það hygg jeg, að geti orðið álitamál, hvort sú hugmynd hafi við rök að styðjast. Í þessu máli er það ekki höfuðatriðið, með hve miklum móði *talað* er, eða hve miklir leikarataktar eru viðhafðir hjer í deildinni, heldur það hvað *gjört* er.

Flutnm. (Sigurður Eggerz): Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) hefir nú haldið langa ræðu í þessu máli, og jeg býst við, að öllum, sem á þá ræðu hafa hlýtt, hafi skilist, að aðalefnið var það, að þingm. (S. B.) var að verja sínar særðu tilfinningar. *(Sveinn Björnsson:* Jeg er dauður). Það er nú gott og blessað að vísa til þess. En til er sú kenning, að þeir sem hafa lifað illa, verði að líða fyrir það, þegar þeir eru dauðir. Hvort hún hefir við rök að styðjast, læt jeg ósagt. En hvað sem því líður skal jeg lofa því, að fara svo vægilega með háttv. þm. (S. B.) sem jeg get. Honum er óhætt að vera inni þess vegna.

Háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sagði, að þessi tillaga væri óskýr. Hvar er óskýrleikinn, má jeg spyrja? Það er skorað á landsstjórnina að kaupa korn fyrir $^1/_2$ milj. kr. Það er ákveðin upphæð, og það er ákveðið, hvað kaupa skal. Hvað á þetta að vera skýrara? Nei, þessi mótbára er hjegóminn einn. Á þeim grundvelli verður ekki ráðist á tillöguna. — Háttv. þm. (S. B.) sagði að till. væri »humbug«. Hvað er »humbug« í tillögunni? Ef hún er »humbug«, þá er það »humbug« að kaupa korn fyrir landið. Því að hún er ekki um annað. En ef það er heppilegt að kaupa kornforða handa landinu, eins og nú stendur á, þá er tillagan líka heppileg. *(Sveinn Björnsson:* Jeg sagði, að það væri »humbug« í kringum till.). Það kann að vera, að nú sje »humbug« í kring um flutnm. hennar, *(Sveinn Björnsson:* Eða það.), en það er alls ekki í kringum tillöguna sjálfa.

Háttv. þingmaður (S. B.) sagði, að það væri svo ákaflega margt, sem þyrfti

að kaupa, til þess að tryggja landið, ekki að eins korn, heldur líka kol, olíu, salt o. s. frv. Og því þótti honum einkennilegt, að í tillögunni er að eins nefnt korn. Þetta þarf honum ekki að þykja undarlegt, því ef það er margt, sem þarf að kaupa, þá er það ekki verra að byrja einhverstaðar. Og ekki skilst mjer það vera fjarstæða, að byrja einmitt á þeirri vörunni, sem nauðsynlegust er, til þess að koma í veg fyrir hungursneyð í landinu. Ef það er »humbug« að firra landsfólkið hungri, þá má fiest nefnast því nafni, og þá er jeg hræddur um, að háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) sje sjálfur nálægt því að vera »humbug«.

Háttv. þm. (S. B.) sagði, að mjer hefði ekki dottið í hug að minnast á kol og olíu í þessu sambandi. En í framsöguræðu minni lagði jeg einmitt áherslu á kolaspursmálið. Jeg sagði, meðal annars, að reynsla síðasta árs hefði sýnt það, hversu mikla þýðingu það hefði haft, bæði fyrir togaraútgjörðina og siglingar til landsins, að kolin væru keypt á landssjóðs kostnað. Og jeg bætti því við, að þar sem stjórnin hefði fyrir sjer þessa reynslu frá fyrra ári, þá mundi hún telja sjer skylt að ýta á kolamálið. Í rauninni hefði mátt búast við því, að stjórnin hefði þegar gjört einhverjar ráðstafanir í þá átt. Sömuleiðis mintist jeg á steinolíuna. Þessi ummæli háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) geta því ekki verið sprottin af öðru en því, að hann hefir ekki gefið sjer tíma til að hlusta á framsöguræðu mína.

Háttv. þm. (S. B.) talaði um — eins og þegar önnur þingsályktunartill. var hjer til meðferðar í deildinni — að þessi tillaga væri rædd hjer dag eftir dag og með því sóað stórfje og eytt dýrmætum tíma. Hann hefir þá gleymt ástæðunum til þess, að tillagan var ekki útrædd um daginn. Hann hefir gleymt því, að það var fyrir þá sök, að hann sjálfur og hæstv. ráðherra þurftu að bregða sjer í skemtiferð austur í sveitir. Vegna þess tók hæstv. forseti málið út af dagskrá, þó að flutningsmaður hennar mótmælti því. Jeg hefi svo sem ekkert við það að athuga, að jafnmiklir menn ljetti sjer dálítið upp. En hitt væri gott, að þeir tækju ekki þann tíma til þess, að störf þingsins þyrftu ekki að truflast við það.

Þar sem háttv. þingm. (S. B.) talaði um Sjálfstæðismenn í þessu sambandi, og þóttist hafa ástæðu til þess út af ummælum mínum, þá skal jeg minna hann á, hvernig orð mín fjellu. Það kemur leiðinlega oft fyrir, að þessi háttv. þingm. (S. B.) tekur skakt eftir. Honum heyrist stundum alt annað en það, sem sagt er, og svo gjörir hann stóra árás á misheyrnina. Það, sem jeg sagði, var það, að jeg hefði alls ekki borið þetta mál undir Sjálfstæðisflokkinn, með því jeg hefði álitið, að honum kæmi það ekkert við sem flokki. Þetta mál ætti að standa langt utan og ofan við alla flokkapólitík. En svo sagði jeg um leið, að jeg gengi út frá því sem sjálfsögðu, að menn Sjálfstæðisflokksins mundu greiða tillögunni atkvæði, því það mundu allir gjöra, sem væru unnandi sjálfstæði landsins. Og við þetta stend jeg. *(Sveinn Björnsson:* Ekki er lítið »humbugið«). Háttv. 1. þm Rvk. (S. B.) getur aldrei sannfært deildina nje þjóðina um það, að það sje »humbug« að kaupa korn handa landinu, eins og nú stendur á. *(Sveinn Björnsson:* Það hefi jeg aldrei sagt). Ef hann getur ekki sýnt fram á það, þá getur hann ekki heldur sýnt fram á, að tillagan sje »humbug«. *(Benedikt*

Sveinsson: Bændunum finst það ekki). Nei, það veit jeg. Þá væri líka íslenskum bændum illa í ætt skotið.

Jeg vona, að tillagan fái góðan byr hjer í háttv. deild, og að hún strandi ekki á óeðlilegum skerjum.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin frá þm. S.-Þing. (P. J.), sjá A. 363, samþykt með 15 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Guðm. Hannesson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Guðm. Eggerz,
Jóhann Eyjólfsson,	Hjörtur Snorrason,
Jón Jónsson,	Sigurður Eggerz,
Jón Magnússon,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Kristjánss.,	Þór. Benediktsson.
Matthías Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson	
Sveinn Björnsson.	

Einn þingmaður fjarstaddur.

Einar Arnórsson greiddi ekki atkv., með þeirri greinargjörð, að sjer væri málið of skylt. Var það tekið til greina.

Einar Jónsson greiddi ekki atkvæði, og taldist með meiri hlutanum.

Forseti taldi tillöguna á þgskj. 258 þar með

fallna.

---

5. Lífsábyrgðarfjelag.

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 20. ágúst, var útbýtt *Tillögu til þingsályktunar um innlent lífsábyrgðarfjelag.* (A. 458. [Frá meiri hl. brunabótanefndar]).

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Eftir tillögu forseta var samþykt ein umræða um tillöguna.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. ágúst, var tillagan tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið út af dagskrá eftir ósk flutningsmanna.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. ágúst, var tillagan aftur tekin til e i n n a r u m r.

Frsm. (Sveinn Björnsson): Mjer skildist af umr. hjá hverjum einasta manni, er talaði hjer í dag um innl. brunabótafjelag, að hjer væri um merkilegt mál að ræða, og það væri lífsnauðsyn, að koma slíkum stofnunum, sem ábyrgðarfjelögum, á innlendar hendur. Það hljóti að hafa stórvægilega fjárhagsþýðingu fyrir þetta land.

Næði þessi stefna fram að ganga, skapaði það kaupendur að innlendum verðbrjefum, sem við nú getum ekki selt. Í öðrum löndum eru sams konar fjelög bestu kaupendur verðbrjefa, og er þess vegna meiri ástæða fyrir okkur að hrynda þessu máli sem fyrst áleiðis, þar sem af því stafar aukin peningavelta og aukin menning. Því nú eru menn alment farnir að sjá það, hversu mikil nauðsyn er á því og hvílík siðferðisskylda það er fyrir menn, að tryggja líf sitt, til þess að þeir geti sjálfir sjeð sjer farborða, er árin færast yfir þá, svo að þeir sjeu ekki öðrum til byrði.

Jeg hefði helst kosið, að þetta þing stigi það mikla skref, að fela stjórninni þetta mál til að undirbúa það fyrir næsta þing og leggja þá fram frv. til laga, er miðaði að því, að gjöra innlendar sem flestar tegundir ábyrgðarstarfsemi.

Þegar þetta var rætt í nefnd þeirri, sem tillagan er komin frá, þá var mönnum það ljóst, að brýn nauðsyn væri á því, að koma brunabótatryggingum í annað horf, koma þeim á innlendar hendur. En hins vegar óaði sumum nefndarmönnum við því, að stíga undir eins svo stórt skref, að taka fyrir hvers konar ábyrgðarfjelög. Þess vegna er hjer ekki annað tekið fyrir en lífsábyrgðarfjelög og slysaábyrgðarfjelög, ef fært þykir. Fer því tillagan fram á, að stjórnin undirbúi og leggi fyrir næsta þing lög um stofnun landslífsábyrgðarfjelags.

Það er alkunnugt, að við lífsábyrgð eru einna einfaldastir útreikningar allra ábyrgðarfjelaga. Það er hægt að reikna það út í hverju landi, hvernig haga þarf iðgjöldunum, svo nákvæmlega, að áhættan verði engin til þess að gjöra. En til þess að gjöra úr garði slíka útreikninga hjer og tillögur, þá álítur nefndin að þurfi talsvert ítarlegar rannsóknir á dánarprósentu manna á öllum aldri og heilbrigðisástandi þjóðarinnar öllu o. fl., o. fl. Þess vegna þýðir ekki að óska þessa, nema þá sje jafnframt heimilað stjórninni fje í þessu skyni. Þess vegna leggur nefndin það til, að stjórninni skuli vera heimilt, að verja til þessa alt að 5 þús. kr., til rannsókna og undirbúnings, og ef þingið felst á þetta, þá gjörir hún ráð fyrir að fjeð verði veitt í fjárlögunum. Það er eina rjetta leiðin, sem fara á, þegar gjört er ráð fyrir að stjórnin þurfi að nota fje út af þingsályktunartill., enda hefir hún verið tekin upp hjer í háttv. deild, út af einni þingsályktunartill., sem hjer var samþykt fyrir nokkru um Flóaáveituna.

Jeg vona nú, að háttv. þingdeild sjái hvílíkt nauðsynjamál þetta er og veiti því greiðan gang gegnum þingið. Nefndin hefir, eins og jeg tók fram áðan, ekki viljað fara lengra en þetta, en sjálfur segi jeg það fyrir mig, að þótt meira fje ætti að verja til þessa, þá hefði jeg ekki á móti því.

ATKVGR.:

Tillagan samþ. með 17 : 2 atkv. og afgreidd til Ed.

(A. 555).

---

6. Kolanámurannsóknir.

Á 55. fundi í Nd., fimtudaginn 9. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um undirbúning rannsókna á kolanámum á Íslandi. ([Frá fjárlaganefnd]. A. 852).

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 10. septbr., var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr., og var það samþ. án atkvgr.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 11. septbr., var tillagan tekin til einnar umr.

Forseti tók till. út af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. septbr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Framsögum. (Pjetur Jónsson): Sú grein er gjörð fyrir þessari tillögu í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar, að jeg

get látið mjer nægja, að skirskota til þess. Tillagan felur í sjer að eins áskorun til stjórnarinnar um að gjöra þær ráðstafanir, sem þurfa til undirbúnings undir kolanámuvinslu. Fjárlaganefndin vildi ekki mæla með fjárveitingu til rannsóknanna, út í bláinn. Það lá engin áætlun fyrir um það, hvað slík rækileg rannsókn mundi kosta, en nefndin telur hins vegar nauðsynlegt, að málið sje rannsakað, og vill því fela stjórninni eftirgrenslan á því, hvað rækileg námurannsókn kosti.

Bjarni Jónsson: Jeg stend að eins upp til þess, að geta þess, að kolarannsóknir eru með öllu óþarfar hjer á landi. Menn vita það til fullnustu, að hjer á landi eru engin kol til, nema surtarbrandskol, og má vel vera, að vel borgi sig að vinna þau, en til þess hefir nú verið veitt lánsheimild, sem jeg tel alveg rjett. En rannsókn á kolum er alsendis óþörf, eins og öllum jarðfræðingum ber saman um. En ef menn trúa því ekki, getur þingið látið dr. Helga Pjeturss ferðast um landið og senda þinginu skýrslu. En jeg tel ekki þinginu samboðið, að samþykkja þessa tillögu.

Ráðherra: Eins og kunnugt er, var hjer í deildinni á dögunum lagt til að veita tilteknum manni 12 þús. króna lán úr viðlagasjóði, til að vinna kol. Nú liggur hjer fyrir tillaga um að rannsaka kolanámur. Mjer þykir þetta horfa skringilega við. Jeg vil nú spyrja: Ætlar þingið að láta rannsaka þær námur, sem ætlast er til, að veitt verði lán til að vinna? Ef svo er, þá er hjer að ræða um contra dictio. Í öðru lagi: Hver getur verið tilgangur deildarinnar, er hún fyrst neitar um fje til námurannsókna, en skömmu síðar ber fram þingsályktunartillögu um námu rannsóknir? Ætlast þingið til þess, að stjórnin gjöri þessa rannsókn með tvær hendur tómar? Það má geta því nærri, að námufræðingur fæst ekki fyrir ekki neitt. Þetta er einhver sá skritnasti krabbagangur, sem jeg veit dæmi til, að þingið hafi tekið. Jeg tel, að miklu skynsamlegra hefði verið, að samþykkja fjárveitingu í fjárlögunum til kolarannsókna.

Annars er orðið svo mikið af þingsályktunartillögum og rökstuddum dagskrám, að það væri að bera í bakkafullan lækinn, að bæta nú enn við, og tæplega hægt að búast við því, að stjórnin, þótt öll væri af vilja gjörð, geti sinnt þeim öllum á að eins tveggja ára tíma.

Í fróðleiks skyni skal jeg telja upp þær rökstuddar dagskrár, sem samþyktar hafa verið nú á þinginu og skora á stjórnina:

1. Að endurbæta peningamál landsins, sjerstaklega Landsbankans.
2. Leita álits sóknarnefnda um legkaup.
3. Afla söluboðs á Þorlákshöfn.
4. Að athuga stimpilgjald.
5. Hvorki meira nje minna en gjöra tillögur um öll skatta- og tollamál landsins.

Af þingsályktunartillögum frá þessu þingi morar. Þessar hafa verið samþyktar, og ætlast hefir verið til að stjórnin ynni ákveðin verk:

1. Um verkmannamálið.
2. Um húsmannamálið.
3. Um eignarrjett útlendinga á fasteignum.
4. Um rannsókn hafnarstaða á landinu.
5. Um Flóaáveituna.
6. — endurskoðun vegalaganna.
7. — þegnskylduvinnuna.
8. — Sauðárkrókshöfn.
9. — strandferðir.

10. Um mæli og vog, er líklegt að verði samþykt í háttv. Ed,, þar sem hún er á döfinni.
11. Um forðagætslu, að leita álits sýslunefnda og hreppsnefnda þar um, og væntanlega að semja ný lög um þau efni.

Ýmislegt er og eftir af dagskrám og þirgsályktunartillögum frá þinginu 1914, sem ekki hefir enn verið sint, svo sem

1. Um bjargráðasjóðinn.
2. Um fækkun sýslumannsembætta, sem þó að nokkru mun heyra undir launanefndina.
3. Um að semja lög um hlutafjelög, og að endurskoða einn örðugasta kaflann í hegningarlögunum, um fjársvik.
4. Um grasbýli.
5. Um opinber reikningsskil og gjaldheimtu, sem nú er að nokkru leyti fullnægt, þótt enn sje það erfiðasta eftir, þ. e. tolleftirlitið.

Hjer á ofan bætist nú enn þessi tillaga. Þingið ætlast víst til þess, að stjórnin geti gjört alt þetta, ella mundi það tæplega hafa samþykt tillögurnar. Jeg skal taka það fram, að jeg hefi ekki neitt sjerstakt á móti þessari þingsáltill., en jeg tel ósanngjarnt, að fella niður fjárveitingu um rannsóknirnar, en koma síðan með þingsályktunartillögu um þær. Jeg skal og geta þess, að útlit er til þess, að fjelag, sem nýstofnað er, taki að sjer þetta hlutverk, rannsóknirnar.

Það mun vera rjett hjá háttv. þingm. Dal. (B. J.), að allir jarðfræðingar eru sammála um það, að hjer finnist ekki kol, önnur en surtarbrandskol. Og þegar svo er, þá er óþarft að veita fje til rannsókna, heldur ætti þá að veita fje til að vinna námurnar, en það getur ekki verið verk stjórnarinnar.

Sveinn Björnsson: Háttv. þm. Dal. (B. J.) gat þess, að jarðfræðingar væru sammála um, að hjer fyndust ekki steinkol. Þetta mun vera rjett hjá hv. þingmanni, að vísindamenn hafa látið uppi þetta álit sitt, og bygt það aðallega á kenningum sínum um aldur landsins, sem þá greinir þó á um suma. En hvað sem því líður, þá er öllum það vitanlegt, að hjer eru til brúnkol eða surtarbrandskol, og nýlega hafa verið sýnd hjer sjerstaklega góð sýnishorn, sem reynst hafa vel til eldsneytis, þótt ekki væru steinkol. Þess vegna væri gott að rannsaka, hvort hjer er um heila námu að ræða, því að ef svo væri, þá væri mikið unnið, þótt að eins nægði til eldsneytis á heimilum.

Enn fremur má benda á það, að leirblandinn surtarbrandur hefir fundist víðar í heiminum, t. d. í Svíþjóð, og var þar fyrst reynt að vinna hann til eldsneytis, en ekki gafst það vel. Aftur á móti komust menn upp á aðferð til þess að brenna úr leirinn með sjálfum kolunum, sem í eru, og hafa með því náð að framleiða afar ódýran tígulstein.

Þetta er mál, sem út af fyrir sig er mjög merkilegt, eins og ef steinkol fyndust. Jeg skal engan dóm leggja á það, hvort steinkol geta fundist hjer á landi, en þau kol, sem þegar hafa fundist, eru góð brúnkol, og sömu kol og fundist hafa í Svíþjóð. Jeg tel þetta mál svo mikilsvert, að jeg vil láta landið rannsaka það, hvernig hægt sje að notfæra sjer þau. En sjálfsagt er að halda málinu vakandi.

Háttv. neðri deild vildi ekki fallast á till. mína í málinu, en efri deild samþykti hana. Jeg játa það fúslega, að mikið er búið að hlaða á stjórnina af rökstuddum dagskrám, en þingið hefir lítinn undirbúningstíma og veitist örðugt að koma öllum áhugamálum sínum í framkvæmd. Það neyðist því til að

beina sumum þeirra til stjórnarinnar í því trausti, að hún gjöri sitt besta til að greiða götu þeirra.

Um þetta mál er það að segja, að ekki er ætlast til að stjórnin gjöri mikið í því. Ekki er um annað að ræða en að stjórnin leiti sjer upplýsinga um, hve mikið mundi kosta, að hafa námuverkfræðing lítinn tíma, og hversu mikið mundu kosta þau verkfæri, er þarf til námugraftar. Þó ekki sje tillagan stór, þá miðar hún þó í rjetta átt.

Framsm. (Pjetur Jónsson): Hv. 1. þm. Rvk. (S. B.) hefir tekið af mjer ómakið að mestu í þessari umræðu. Það er ekki svo undarlegt, þó að hæstv. ráðherra sje orðinn óþolinmóður yfir öllum þessum áskorunum á stjórnina, en hart er það, að það skyldi einmitt lenda á þessari tillögu, að þolinmæðin brast.

Ástæður fjárlaganefndarinnar til þess, að bera fram þessa tillögu, er í stuttu máli þessi, eins og áður hefir raunar verið tekið fram, að fjárlaganefndin gat ekki fallist á, að veita fje til rækilegrar námurannsóknar á meðan engin vitneskja var um það, hvað fullkomin rannsókn kostaði. En hún var málinu hlynnt, og þess vegna vill hún fela stjórninni, að útvega þessa vitneskju.

Hæstv. ráðherra hefir ekki gætt þess, þegar hann talaði, að þessi tillaga er framlögð af fjárlaganefndinni áður 3. umr. fjárl. í þessari deild fór fram, og í engu ósamræmi við tillögu nefndarinnar. Hún var á móti því, að veita Guðm. E. Guðmundssyni lán til kolagraftar, og er það enn. En þótt nú þingið veiti lansheimildina til Guðm. E. Guðmundssonar, þarf það ekki að teljast í ósamræmi við þessa tillögu í rauninni. Þótt krukkað verði í eitt fjall, veitir víst ekki af því, að ítarleg rannsókn komist á yfir höfuð fyrir því, ef hún kostar ekki því meira, og eftir því á stjórnin að komast. Skil jeg ekki í öðru en að námufjelagið muni hjálpa stjórninni til að koma þessari eftirgrenslan í verk.

Benedikt Sveinsson: Hæstv. ráðherra fanst mikið ósamræmi í því, að veita fyrst fje til námugraftar, svo að fella tillöguna um námurannsókn, og heimta svo af sjer, að sjá um að rannsaka hversu mikið kunni að vera af kolum í jörðu hjer á landi. Þess ber að gæta, að »vísindalega« rannsóknin var ekki miðuð við þá kolanámu, sem fje var lánað til að reka, heldur átti að rannsaka aðrar kolanámur fyrir þá peninga, og eru þessi tvö atriði því óskyld. Það, sem olli því, að tillagan var feld, var það, hve fjárhæðin var mikil, 25000 krónur, án þess menn þó vissu hve mikið slík rannsókn myndi kosta.

Þar sem fjárlaganefnd beinir þessu máli nú til stjórnarinnar, án fjárveitingar, þá er hjer auðvitað höfð í huga alt önnur rannsókn heldur en fyrst var í ráði. Það er einungis ætlast til, að stjórnin kynni sjer, hvað kosta mundi að fá erlendan námufræðing, t. d. eitt sumar, og hve mikil og dýr áhöld hann mundi þurfa til rannsóknarinnar. Þetta ætti að vera hægt að gjöra með litlum tilkostnaði. Eins og hæstv. ráðherra benti á, er nú einnig stofnað fjelag, sem ætlar að rannsaka námur hjer á landi, og gæti það ef til vill tekið ómakið af stjórninni og landssjóði.

En með því að hæstv. ráðherra virðist standa ógn nokkur af tillögunni, þá ætla jeg nú að gjöra honum greiða og leyfi mjer því að bera fram svofelda rökstudda dagskrá:

Í trausti þess, að stjórnin leiti upplýsinga um það, ef unt er, hvað kosta muni ítarleg rannsókn á surtar-

brandsnámum hjer á landi, og leggi þær fyrir næsta reglulegt Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

(Sigurður Sigurðsson: Dagskráin talar um surtarbrand en ekki kol). Jeg get ekki verið að breyta nafninu, og sje enga ástæðu til að kalla surtarbrandinn »brúnkol« eða öðrum þýskum eða erlendum nöfnum. Þessi kolategund heitir surtarbrandur á vora tungu. Það er gamalt og gott íslenskt orð frá heiðni, og vafalaust til orðið af því, að mönnum hefir þótt kynlegt, að finna þessa svörtu eldibranda niðri í jörðinni og ætlað, að þeir væri leifar eftir Surtarloga.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi að eins segja örfá orð, ef ljettasóttin kynni að batna háttv. 1. Rvk. (S. B.). Hann reyndi að vjefengja þá skoðun, sem jeg ljet í ljós viðvíkjandi kolunum, en það er nú ekki annað en málaflutningsbragur. Jarðfræðingum kemur raunar ekki saman um aldur landsins og Helgi Pjeturss hefir sýnt fram á, að það væri gamlar íshrannir, sem aðrir kalla eldfjallaösku, en hann segir alveg það sama um kolin sem hinir. Það hefir aldrei verið talað um annað en surtarbrand í þessu landi. Og þó að þm. (S.B.) tali um einhvern leirkendan surtabrand, þá finst mjer það of lítilfjörlegt, til að setja jafn stórt bákn á stað og landsstjórnin er, til að rannsaka það. Jeg held, að það sje alveg nóg, að hann er sjálfur fullur áhuga á því. *(Sveinn Björnsson:* Mig vantar aura). Ojæja, það er ekki svo dýrt að láta Ásgeir Torfason rannsaka einn fjórðung af grjóti. Það getur hver maður kostað. En að láta stjórnina fara að rannsaka, svona út í bláinn, jafn smávægilegt sem það, hvað námutæki kosta, finst mjer mesta fjarstæða.

Það var ekki annað sem jeg vildi segja.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Þing. (B. S.), sjá A. 1004, samþ. með 13 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Hallsson,	Guðm. Hannesson,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Hjörtur Snorrason,
Jón Jónsson,	Jón Magnússon,
Pjetur Jónsson,	Þór. Benediktsson.
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánsson.	

Eggert Pálsson, Bjarni Jónsson, Einar Arnórsson, Jóhann Eyjólfsson og Sveinn Björnsson greiddu eigi atkvæði, og töldust til meiri hlutans, nema Einar Arnórsson; forseti tók ástæður hans gildar.

Tillagan þar með

fallin.

F.

Fyrirspurnir.

---

1. Loftskeytastöð í Reykjavík.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 17. júlí, var útbýtt

Fyrirspurn til ráðherra um loftskeytastöð í Reykjavík. (A. 43).

Á 13. fundi í Nd., fimtudaginn 22. júlí, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyð með 13 samhljóða atkv.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 7. ágúst, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að ráðherra hafði þá tjáð sig við því búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Björnsson): Í 6. gr. laga frá 22. okt. 1912 um ritsíma- og talsíma, er heimild handa landsstjórninni til að reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægilegan kraft til sambanda við útlönd, eftir nánari ákvörðun landsstjórnarinnar, og í samræmi við gildandi samninga. Þegar þingið samþykti þessi lög, þá var það ætlun þess, að tekið yrði $^1/_2$ milj. kr. lán, bæði til símalagninga og svo til þessarar loftskeytastöðvar. Eftir því, sem mjer er best kunnugt, var svo þetta lán tekið árið 1913, og hafa síðan fyrir það verið lagðir ýmsir nýir símar, en við loftskeytastöðva-málinu hefir ekki verið hreyft.

Á þinginu í fyrra var kosin nefnd hjer í Nd. í símamálin, og spurðist hún fyrir hjá stjórninni um það, hvað stöðinni liði. Þessu svaraði stjórnin með brjefi, dags. 24. júlí 1914, er prentað var svo sem fylgiskjal með nefndarálíti símanefndarinnar á þgskj. 396. Þar eru greindar ýmsar ástæður til þess, að málið hafi dregist. Reynt hafði verið að fá dönsku stjórnina til þess, að láta gjöra fyrirhugaða loftskeytastöð í Færeyjum svo kraftgóða, að hún gæti haft samband við þessa stöð, en úr því hefði svo ekkert orðið. Enn fremur stóð þar svo, ef jeg mætti lesa með leyfi hæstv. forseta:

> »*Landssímastjórninni er það ljóst, að nú er kominn tími til að setja upp þráðlausa stöð til viðskifta við skip á sjó, og mun hún hið fyrsta stinga upp á því við landsstjórnina, að hvort sem Færeyjastöðin verður bygð um leið eða ekki, þá verði á árinu* **1915** *sett upp þráðlaus stöð nálægt Reykjavík*«.

Eftir að þetta brjef kom til nefndarinnar, varð það að ráði hjá meiri hl. hennar, að skora á stjórnina, að láta reisa hjer sem fyrst Marconi-skeytastöð, sem dragi að minsta kosti 1400 kilóm. Þrátt fyrir þessa beinu áskorun er ekki

farið til þess enn þá, og jeg veit ekki til þess, að neinar ráðstafanir sjeu enn gjörðar til þess, að fá það gjört á þessu ári. Þetta er því undarlegra, sem þetta mál er miklu meira vert en flest annað, sem þetta lánsfje hefir verið látið ganga til, því að samband hjeðan við skip umhverfis landið hefir jafnvel nú þegar um mörg ár verið nauðsynlegt, og þörfin fyrir það eykst ár frá ári, eftir því sem flotinn okkar vex, og það ætti að geta orðið að ómetanlegu gagni. Í því augnabliki, sem loftskeytastöð væri komin upp hjer í Reykjavík, þá myndu allir íslensku togararnir þegar fá sjer loftskeytatæki. Kostnaðurinn er ekki svo mikill við þetta heldur, ekki nema 6 þús. mörk, eða 10 þús. frankar, eftir upplýsingum landsímastjóra. Fyrir utan þetta er og á það að líta, að nú er það víðast hvar um hinn mentaða heim orðin tíska, að bæði vöruflutningaskip og þó einkum farþegaskip hafi þessi tæki, og t. d. hafa bæði skipin, sem Eimskipafjelag Íslands þegar hefir látið smíða, verið búin út með þeim, og hefir sú ráðstöfun hvarvetna þótt góð og heppileg, þótt hún hafi haft töluverðan kostnað í för með sjer. Enn fremur hefir Sameinaða gufuskipafjelagið danska nýtt skip á prjónunum, sem bráðum fer að sigla hingað, og líka hefir loftskeytatæki, og bæði það fjelag og önnur, sem hingað sigla, myndu þegar leggja öllum skipum sínum þau til, um leið og loftskeytastöð yrði reist hjer. Jeg skal ekki fara út í það, að lýsa því, hve þýðingarmikið þetta væri, ekki einungis þegar hætta væri á ferðum, heldur og þar fyrir utan, auk þægindanna.

Jeg álít nú þetta mjög miður farið, að þessi dráttur hefir orðið á framkvæmd málsins, því að það hefði mátt gjöra ráð fyrir því, að þegar *bæði* lágu fyrir *skýlaus orð* landsímastjórnarinnar um það, að stöðina ætti að reisa, *og* eins *áskorun* símanefndar til stjórnarinnar um að gjöra það, að þá hefði það verið gjört svo tímanlega á árinu, að stöðin hefði verið komin í starfrækslu, þegar skip Eimskipafjelags Íslands tóku að sigla hingað.

Jeg skal að eins drepa á það, að fyrir utan gagnið, sem hefðist af sambandinu við skipin, þá getur þráðlaust skeytasamband komið til vara í stað símasambandsins, ef það bilar. Ef dýrleiki eða annað hindrar það, að reisa nú þegar svo stóra stöð, sem ráð hefir verið gjört fyrir, þá má það þó með engu móti dragast, að reisa þessa sjálfsögðu stöð til gagns hjer við landið, og mætti þá stækka hana síðar, eftir því sem landssímastjóri hefir upplýst.

Af þessum ástæðum hefi jeg leyft mjer, að gjöra þessa fyrirspurn, og vænti nú, að háttv. deild fái frá hæstv. ráðherra upplýsingar um það, í fyrsta lagi, hvers vegna þessu máli hefir verið frestað svo, þrátt fyrir tvímælalaus loforð landssímastjórnar og áskorun símanefndar í fyrra, og í öðru lagi um það, hverjar ráðstafanir hæstv. stjórn hefir nú gjört, til þess að flýta fyrir málinu.

Ráðherra: Jeg býst ekki við, að segja hjer margt um þetta mál, sem háttv. deild sje ekki fullkunnugt þegar áður.

Fyrirspurninni á þgskj. 43 má skifta í þrent. Í fyrsta lagi er þar spurt, hvers vegna sje enn ekki reist loftskeytastöð sú í Reykjavík, sem gjört er ráð fyrir í lögunum frá 1912, og aftur í nýrri lögum nr. 35 frá 20. okt. 1913. Í öðru lagi er þar spurt, hvort ekki hafi verið tekið lán í þessu skyni árið 1913, og í þriðja lagi, hvaða ráðstafanir stjórnin hafi gjört í þessu efni.

Jeg held, að jeg verði að svara fyrstu

spurningunni síðast, því að svörin við annari og þriðju spurningunni verða væntanlega svör við henni jafnframt.

En áður en jeg fer að svara þessum einstöku spurningum, vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um undanfara málsins, og er þá fyrst að athuga leyfisskrá þá frá 28. júlí 1906, er þá var gefin út til handa Stóra Norræna ritsímafjelaginu. Háttv. fyrirspyrjandi talaði ekki um þetta sjerstaklega, en það er nauðsynlegt til skýringar málinu. Samkvæmt 6. gr. í þessari skrá, hafa ekki aðrir en þetta fjelag leyfi til símalagningar, eða »annara til almenningsnota ætlaðra rafmagnssambanda« milli Íslands og annara hluta Norðurálfu, með þeirri undantekningu þó, að ef Ísland vill, þá er því heimilt að setja á stofn þráðlaust hraðskeytasamband milli Færeyja og einhvers staðar í nánd við Reykjavík, ef fjelagið fær sömu borgun fyrir símskeyti send með loftskeytatækjunum, eins og fyrir sæsímaskeyti til og frá eða gegn um Ísland. Enn fremur er það tekið fram, að ef slíkt samband kemst á, og verður reglulega notað, þá færist á meðan tillag landssjóðs til fjel., sem nefnt er í 2. gr. skrárinnar, niður um 13 þús. kr. á ári.

Það er þá eftir þessu heimilt að reisa þessa stöð, sem hjer er um að ræða, með því skilyrði, að landið fái ekki aðra borgun fyrir hraðskeytin en þessa niðurfærslu á borguninni til fjelagsins eftir 2. gr., sem þá yrði ekki nema 22 þús. kr. á ári. Sömuleiðis er það heimilt eftir þessari sömu 6. gr., að reisa hjer stöð til sambands við skip á sjó úti, og til þess að reisa slíka stöð, þarf enga samninga við Stóra Norræna. En þá kemur nú spurningin um það, hvort reisa megi stöð, til þess að senda þráðlaus hraðskeyti, er nái lengra en kringum Ísland og til Færeyja. Ef koma ætti á hraðskeytasambandi milli Íslands og einhvers annars lands, utan Norðurálfu, þá skal fjelagið eiga kost á að athuga það mál, samkv. 7. gr. leyfisskrárinnar, og að öllu jöfnu hafa forgangsrjett, til þess að taka að sjer fyrirtækið, ef það vill. Í þessu sambandi ætti helst að geta komið til mála hraðskeytasamband við Ameríku. Nú er þá eftir að athuga það, hvort vjer gætum komist í loftskeytasamband við eitthvert annað land í Norðurálfu, auk Færeyja. Það ætti nú líklega helst að geta verið Noregur, og þá sennilega við Bergen, eða Skotland.

Eftir leyfisskránni tel jeg oss ekki heimilt, að stofna slíkt samband, nema þá með samkomulagi við Stóra Norræna. En geta skal jeg þess, í sambandi við þetta, að þegar ritsímalánið var tekið 1913, þá slakaði fjelagið nokkuð til á rjetti sínum, sem það hafði samkv. leyfisskránni. Svo stendur sem sje skrifað í skuldabrjefinu — og það má skoða sem samning um þetta efni — að þegar liðin eru þau tuttugu ár, sem til eru tekin í skránni, þá megi falla burtu þær takmarkanir *og skuld*bindingar, sem um þetta eru í 6. gr., ef lánið er að fullu greitt, þó aldrei fyrr en leyfistíminn er út runninn. Er þá svo að sjá, sem 6. gr. gæti orðið úr gildi numin að þessu leyti, þá er svo væri komið.

Eins og jeg þegar hefi drepið á, er hjer þá um fjóra möguleika að ræða:

1. Minsta stöðin, sem að eins stæði í sambandi við skip kringum landið.
2. Stöð, sem að eins næði sambandi við Færeyjar.
3. Stöð, sem næði til Noregs eða Skotlands, og
4. Stöð, sem drægi alla leið til Ameríku.

Svo að maður taki nú 3. möguleikann fyrst, þá ætti sú stöð að hafa afl til skeytasendinga á hjer um bil 1400

kílómetra færi. Landssímastjóri hefir gjört áætlun um, að slík stöð myndi kosta um 150 þús. kr. Jeg átti nú í ferð minni til Kaupmannahafnar tal við umboðsmann Marconifjelagsins þar um þetta, og gjörði hann ráð fyrir, að hún yrði nokkru ódýrari, eða um 130 þús. kr. Þetta sagði hann að ætti að vera 10 »kílóvatta« stöð, en jeg er nú ekki svo vel að mjer, að jeg geti skýrt það öllu nánar. Aftur á móti ætti $1^1/_2$ »kílóvatt« að vera nægilegt fyrir stöð, sem eingöngu hefði samband við skip umhverfis landið, og taldi hann, að hún myndi kosta 28—30 þús. kr., en jeg sje, að landssímastjóri hefir áætlað hana á 40 þús. kr. Þá er nú eftir stöðin, sem ætti að ná til Ameríku, og er sagt, að það þurfi að vera 150 »kílóvatta« stöð, og muni kosta eitthvað $^3/_4-1$ miljón króna, svo að það virðist útilokað, sennilega um langan tíma, að það borgi sig að reisa hana.

Jeg hefi þá talað um þessar fjórar mismunandi stöðvar, sem til greina gætu komið, og nefnt hvað heyrst hefir, að hver þeirra um sig myndi kosta, og eins og áður er sagt, þá eru áætlanir landsímastjóra alt af nokkru hærri; það munar þetta einum til tveim tugum þúsunda. Jeg skal geta þess, að þessi umboðsmaður Marconifjelagsins, sem jeg gat um áðan, hefir átt í brjefaskiftum, út af byggingu stöðva, fyrir Marconifjelagið í Lundúnum, og sagði fjelagið, að efni til þeirra væri nú 10 % dýrara en í meðalári, vegna stríðsins, en hins vegar fengist víst hæglega leyfi til útflutnings á öllu slíku til Íslands, ef á þyrfti að halda. Og jeg skal enn fremur geta þess, að þær áætlanir þessa manns, sem jeg gat um áðan, voru bygðar á þessari 10 % verðhækkun.

Jeg skal þá víkja að því, að svara 2. spurningunni um það, hvort ekki hefði verið tekið lán til loftskeytastöðvar árið 1913. Samkvæmt heimild þeirri í lögunum, er háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.) mintist á, var heimilað nægilega stór lántaka, til þess að leggja síma og kaupa talsímakerfi o. fl., er 5. og 6. gr. símalaganna greinir. Og þar á meðal loftskeytastöðin, er getur um í 6. gr. símalaganna. Mátti nota þetta lán til þess, að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, í samræmi við gildandi samninga. Eða með öðrum orðum: Það er heimilað að reisa loftskeytastöðina fyrir einhvern hluta þessa láns, *án þess*, að segja megi að lánið ætti *sjerstaklega* að taka til þess, að reisa hana. Þessi lánsheimild var notuð 1913. Lánið var tekið í lok nóvembermánaðar og innborgað 1. desember sama ár í reikning landssjóðs við Privatbankann, að því er jeg ætla. Lánsupphæðin var 500,000 kr., og var ekki sjerstaklega ætluð til þess, að reisa loftskeytastöð fyrir, eins og jeg áður hefi tekið fram. Spurningin á þgskj. 43, er því ekki allskostar rjett orðuð; það er að eins heimild til þess að verja af láninu til þess fyrirtækis. Þessu láni hefir verið varið eftir fyrirmælum símalaganna, smátt og smátt notað til þess, að leggja síma fyrir, og reisa stöðvar. Síðast, er jeg fjekk reikning yfir lánið, voru eftirstöðvar af þessu láni 112,085 kr. En síðan hafa verið veittar 15,000 kr. til síma frá Djúpavogi til Hornafjarðar og enn fremur samþykt að veita 24,500 kr. til aukalínu frá Reykjavík og að Kalastaðakoti. Enn þá er þá ónotað af láninu 72,585 kr., auk vaxta, sem bætst hafa við. Jeg hefi þá svarað 2. spurningunni og sný mjer að hinni 3., um það, hverjar ráðstafanir stjórnin hafi gjört, til þess að reisa loftskeytastöðina. Mjer virðist sem byrjað hafi verið á ráðstöfunum þar að lútandi árið 1913, þegar leitað var hófanna við dönsku stjórnina, og símastjóri hjer stóð í brjefaskiftum við dönsk

»autoritet«, viðvíkjandi því, hvort Danir hefðu ekki í huga, að reisa loftskeytastöð í Færeyjum. Úr því hefir ekkert orðið, og Danir virðast hættir að hugsa um það, þó að landsímastjórinn gjöri sjer vonir um að svo muni verða (sbr. Alþt. 1914 A. bls. 600). Að öðru leyti hefir ekki verið gjört neitt að ráði, annað en að seint á árinu 1913 komu fram tvö tilboð um loftskeytastöð, annað frá fjelagi, er »Telefunken« heitir, hitt frá frá frönsku fjelagi »La societé française Radioelectrique«. Bæði tilboðin voru einungis um samband við skip. Þau munu hafa þótt óaðgengileg, því að hvorugu var tekið. T. d. átti stöð sú, er franska fjelagið hugsaði sjer að reisa, að eins að vera til bráðabirgða. Skylda átti að vera, að kaupa hana eftir 30 ár en halda henni við þann tíma.

Jeg skal þó geta þess, að í júnímánuði í fyrra, hafði stjórnin málið í huga. Vilhjálmi Finsen ritstjóra var veittur örlítill styrkur, 300 kr., til þess að fara utan og kynna sjer fyrirkomulag loftskeytastöðva. En hann er hinn eini sjerfræðingur hjer á landi í þeirri grein. Hann fór og utan, en bæði var nú þá, að stríðið var byrja, og svo hitt, að fararstyrkurinn var mjög af skornum skamti, svo að jeg veit ekki hvort för hans hefir orðið að tilætluðum notum.

Jeg hygg nú að jeg hafi svarað 2. og 3. spurningu háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), um lántökuna og ráðstafanir um að koma upp stöð. Sýnist mjer þá ekki þurfa að fara frekar út í 1. spurninguna, vegna þess, að svarið við henni er innifalið í því, er jeg hefi nú sagt, og má draga út úr því hvers vegna stöðin hefir ekki verið reist. Vel má líka vera, að fyrirrennarar mínir hafi gjört fleira en mjer er kunnugt um, í þessu efni, því að jeg hefi ekki annað fyrir mjer haft en þau skjöl, er fyrirliggjandi eru í stjórnarráðinu og að þessu lúta.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Björnsson): Jeg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir þær skýringar, sem hann hefir gefið hjer á ýmsu því, er áður stóð óljóst fyrir mönnum í þessu loftskeytamáli. Jeg var samt ekki alls kostar ánægður með svar hans. Jeg fæ það út úr því, að þrátt fyrir skýlausa yfirlýsingu landsímastjórnarinnar, að stöð *skyldi* reist 1915, þá get jeg ekki sjeð, að neitt hafi verið gjört í því efni, og það þess heldur, sem þingið skoraði á stjórnina að herða á þessu máli. Jeg veit, að samkvæmt þingsköpum er ekki hægt að koma fram með yfirlýsingu í beinu sambandi við þetta, en mjer finst þó rjett, að þingið láti til sín heyra um það, að þetta sje ekki dregið á langinn að ástæðulausu, og mun seinna koma fram með tillögu í þá átt, ef mjer þykir ástæða til.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra örstutta athugasemd. Þegar jeg var í Höfn, átti jeg tal við samgöngumálaráðherrann danska um þráðlausa stöð á Færeyjum. Hafði komið til tals milli fyrirrennara míns og danskra stjórnarvalda, að Íslendingar reistu stöð á Færeyjum í sambandi við Dani, en þeir þurfa þar þráðlausar stöðvar vegna smásambands milli tveggja eyja, þar sem »kabel« verður illa komið við, vegna straums. Ráðherrann tjáði mjer, að rekstur stóru stöðvarinnar yrði of dýr, vegna hins stutta sambands innan Færeyja. Jeg tók fram, að jeg, eftir atvikum, gjörði enga kröfu til samvinnu um stöð á Færeyjum, enda hygg jeg að sú skoðun sje hjer ráðandi, að litið sje varið í þráðlaust samband við Færeyjar.

Að því er snertir byggingu stöðvar hjer, sem næði til útlanda, þá átti jeg tal við fróða menn um það atriði, er jeg var í Kaupmannahöfn, og var litið

svo á, að öll vandkvæði væru á því, að reisa þá stöð að minsta kosti þá, enda var stríðið þá í byrjun. Bæði var álitið að kostnaðaraukinn við stöðina, vegna stríðsins, yrði afarmikill og fleiri ástæður komu til greina. Jeg gat því að svo stöddu máli ekki gjört frekara í málinu, en hefði jeg verið áfram, mundi jeg hafa tekið málið til yfirvegunar af nýju, undir breyttum kringumstæðum.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Björnsson): Jeg skal leyfa mjer að benda á, að þó að ýmsar þær ástæður lægju fyrir í desember, að vegna ófriðarins væri ókleift, að eiga við þetta, sakir dýrleika, þá liggja þær alls ekki fyrir nú (sbr. það, sem hæstv. ráðherra sagði), Það er vitaskuld, að verðið á efninu hefir hækkað um 10%, en það eru þó ekki nema 3000 kr., sem það munar. Og hæstv. ráðherra kvað heldur ekkert til fyrirstöðu, að koma loftskeytatækjum frá Bretlandi og hingað til Íslands, svo að þegar öllu er á botninn hvolft, þá virðast örðugleikarnir ekki vera svo miklir nú.

Ráðherra: Jeg skal leyfa mjer að taka fram út af síðustu ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (S. B.), að orð mín mátti ekki skilja svo, sem full *vissa* væri fengin fyrir því, að útflutningur tækjanna myndi leyfður frá Bretandi, heldur að hlutaðeigandi fjelag *hjeldi*, að það gæti fengið útflutningsleyfi. Jeg veit það líka, að 10% verðhækkun er engin frágangssök. En jeg veit ekki hvort jeg á að skilja orð háttv. þm. svo, að hann áliti að jeg hafi vanrækt að gjöra skyldu mína í þessu efni. *(Sveinn Björnsson:* Nei, nei, alls ekki). En mjer var ekki hægt, sökum annríkis, að gjöra meira. T. d. hefði jeg þurft að bera mig saman við landssímastjórann, og hafa hann við höndina.

Út af nefndarálitinu á þingskjali 396 á Alþingi 1914, þá held jeg, að það sje kann ske bygt á misskilningi þeirra, er undir það hafa ritað; þeir skora á stjórnina, að láta reisa loftskeytastöð, sem dragi til Björgvinjar, eða 1400 stikuþúsundir. Það hefði verið mjög æskilegt, að bent hefði verið þar á einhverjar leiðir, til þess að komast að samningi við Stóra Norræna, án mikilla örðugleika. Þeir hafa sjálfsagt haft í huga ákvæðið í ritsímal. 6. gr., en leiðina benti enginn þeirra á. Þrír af þessum mönnum skrifuðu undir álitið fyrirvaralaust, hinir með fyrirvara, og einn þeirra, háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), tók fram, að hann vildi láta stjórnina um það, hvað hún gjörði í málinu. Taldi það heppilegra en að þingið færi þá að skifta sjer af því.

Út af því, að háttv. þm. V.-Sk. (S. E.) mintist á, að óhentugur tími hefði verið, til þess að sinna þessu í fyrra, þá er það eflaust alveg rjett. En vera má, að þó að svo hafi verið þá, þá sje nú kann ske hentugt að gjöra það, vegna þess, að nú eru hugir manna farnir að sefast og verða rólegri, þar sem í fyrra ríkti eðlileg og almenn hræðsla, vegna stríðsins.

Pjetur Jónsson: Jeg stend upp vegna þess, að jeg vildi geta glöggvað mig sem best á upplýsingum þeim, er hæstv. ráðherra hefir gefið í þessu máli. Mjer skilst, sem telja megi víst, að loftskeytastöð, sem dragi til Ameríku, myndi kosta hátt upp í miljón króna, eða því sem næst. Hún myndi því verða okkur ofvaxin, og miklu stærri en hugsað var, og getur því ekki komið til greina. Enn fremur skildist mjer, að örðugleikar myndu veru á því, að fá stöð, sem dragi til Björgvinjar, þar sem til þess þyrfti sjerstaka samninga við Stóra Norræna. Eins skildist mjer líka, að tilboðin sem

til mála hefðu komið um slíka samninga, hefðu ekki þótt aðgengileg. Sje þetta ekki rjett skilið hjá mjer, þá vildi jeg mælast til þess, að jeg yrði leiðrjettur, því að þetta mál er of mikils vert, til þess að þar megi komast að nokkur misskilningur. *(Ráðherra:* Þetta er rjett skilið). Mjer virðist þá samkvæmt þessu ekki vera annað eftir en að sætta sig við, að koma upp stöð, sem hafi einungis samband við nálæg skip, *(Ráðherra:* 250 km. stöð), en þá er spurningin, hvort Alþingi hefir nokkurn tíma viljað sætta sig við stöð, er ekki dragi lengra. Jeg felst á það með fyrirspyrjanda (S. B.), að þörf sje á slíkri stöð, og jeg mun því vera fylgjandi því, að henni verði komið upp, þó að jeg á þingi 1912 áliti heppilegra, að komið yrði upp stöð, sem næði til Björgvinjar eða til Noregs.

Bjarni Jónsson: Jeg get ekki almennilega tekið þátt í þessum umræðum, vegna þess, að jeg hefi ekki fylgst með þeim frá upphafi. En jeg kom þó nógu snemma, til þess að heyra, að hæstv. ráðherra drap á nefndarálit símanefndarinnar í fyrra. Okkur, sem undir þetta skrifuðum, var fullkomin alvara með að við vildum heldur enga stöð en stöð, er skemra dragi en til Skotlands og Noregs. Okkur þótti sem stöð á Færeyjum væri einskis virði, og vildum ekki leyfa, að gjörðar yrðu ráðstafanir, er að því lytu.

Hvað snertir samning þann, sem gjöra þyrfti við Stóra Norræna, þá hafði nefndin ekki tíma til þess, að athuga það spursmál til fullnustu, en ætlaði stjórninni að sjá fyrir því, ef samnings þyrfti með. Skoðun nefndarinnar var sú, að betri væri engin stöð en stöð, er dragi ekki 1400 stikuþúsundir, og áætlað var víst, að kosta myndi 150,000 krónur.

Ráðherra: Háttv. þm. Dal. (B. J.) má vera kunnugt um það, hvað ritsímanefndin hefir meint með þessari áskorun sinni í fyrra. En þar sem nefndin, meiri eða nokkur hluti hennar, skoraði *skilyrðislaust* á stjórnina, að láta reisa slíka stöð, þá skyldi maður ætla, að tilgangurinn hefði verið sá, að stjórnin kæmi þessu í framkvæmd, gjörsamlega án tillits til þess, á hverjum kostnaði landið myndi eiga von. Sennilega hefir þó nefndin reyndar hugsað sjer, að stjórnin ljeti gjöra þetta, án þess að stöðin yrði alt of tilfinnanlega þungur ómagi, en þá verð jeg líka að segja, að nefndin hefir farið nokkuð ljett yfir spurninguna. Það er alt af hægurinn hjá, að skora í sífellu á stjórnina, að framkvæma hitt og þetta, án þess að hafa athugað, hvort það muni vera framkvæmanlegt, eins og mjer virðist ritsímalaganefndin hafi leitt hjá sjer að athuga í fyrra.

Bjarni Jónsson: Mjer liggur það í ljettu rúmi, hvert álit stjórnin hefir á störfum nefndarinnar í fyrra, en jeg vil að eins leggja áherslu á þá skoðun hennar, er jeg tók fram í ræðu minni áðan, að við vildum að stöðin yrði reist, án þess að jeg hefði þá hugmynd um hvort hæstv. núverandi ráðherra myndi gjöra verkið, eða vilja gjöra það. Jeg álít sannarlega ekki til mikils mælst, þó að stjórnin spyrðist fyrir um samninga við Stóra Norræna, sem jeg tel víst, að fá mætti, því að svo mikils góðs hefir það fjelag notið í viðskiftum við oss Íslendinga, að illa sæti á því, að vera oss mjög þungt í skauti. En það er rjett hjá hæstv. ráðherra, að jeg vil ekki, að við þurfum að sæta neinum afarkostum í samningum við Dani eða Stóra Norræna. Jeg hefi ekki næg skjöl við höndina, til þess að tala um þetta svo ítarlega, sem æskilegt væri,

en jeg býst við að tala um þetta við hæstv. ráðherra undir fjögur augu og sannfæra hann um skoðanir minar.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Björnsson): Jeg vildi einungis geta þess, að jeg gjöri ráð fyrir því, að stjórnin haldi þessu máli vakandi sem best, og stöðinni verði komið á svo fljótt, sem unt er. Jeg vildi og gjöra þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., ef hann vildi svara henni, hvort þingið gæti nokkuð það gjört í þessu efni, að hann fyrir það treysti sjer fremur til framkvæmda með það, að láta byggja nú bráðlega loftskeytastöð, sem síðan mætti auka og stækka eftir þörfum og ástæðum.

Ráðherra: Jeg skal að eins gjöra þá stuttu athugasemd, að ef reisa ætti slíka stöð — sem ekki hefir orðið úr enn, þó að stjórnin hefði heimild til þess, — og áætlunin breyttist þá eitthvað eða efnið hækkaði í verði, þá kann ske rynni á menn tvær grímur, hvort hana bæri að reisa nú þegar, eða að fresta því til hagstæðari tíma.

2. Landsbankaútibú eystra.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. sept., var útbýtt

Fyrirspurn til ráðherra um stofnun útibús frá Landsbankanum á Austurlandi. (A. 767).

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð með 16 samhljóða atkvæðum.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 10. sept., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að ráðherra hafði þá tjáð sig við því búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Jón Jónsson): Eins og kunnugt er, var á síðasta þingi samþykt þinnsályktunartillaga, þar sem skorað er á landsstjórnina, að láta ekki lengur dragast, að stofna útibú frá Landsbandsbankanum á Austurlandi. Þessi tillaga var ekki fram flutt að ástæðulausu, því að Austurland hefir nú beðið eftir þessari stofnun í 30 ár, eða frá því að Landsbankinn var stofnaður 1885. Í lögum um stofnun Landsbankans 1885 stendur sem sje: »Bankinn skal, með samþykki landshöfðingja, svo fljótt sem auðið er, setja á stofn aukabanka eða framkvæmdarstofur fyrir utan Reykjavík, einkum á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði«. Nú hefir Landsbankinn fyrir alllöngu stofnað útibú á Akureyri og Ísafirði, en bið hefir orðið á stofnun þess á Austurlandi. Þessu una menn ekki þar eystra, sem eðlilegt er, og skírskota til lagaákvæðisins, sem fyrirskipar stofnun útibúsins. Svörin hafa verið þau venjulega, þegar á þetta hefir verið minst við bankastjórnina, að ekki væri nægilegt fje fyrir hendi. Það kann að vera, að nokkuð hafi verið til í þessu, en þó er jeg hræddur um, að bankastjórnin hafi frá öndverðu ekki treyst sjer til að setja upp þetta útibú, af hvaða ástæðum, veit jeg ekki, en líklega mun það hafa stafað af þeim misskilningi, að hún þyrði ekki að leggja fje í hendur manna eystra, en þó veit jeg það ekki greinilega.

Nú til þess að vekja athygli manna manna á því, að það er alls ekki rjett, að Landsbankinn geti ekki reist útibú á Austurlandi, þá hefi jeg farið í gegnum efnahagsreikning bankans, og safn-

að þaðan skýrslum til sönnunar fyrir því, að það eru firrur hjá bankastjórninni, að telja ókleift að setja upp nefnt útibú. Það er alls ekki svo, að vjer Ausfirðingar heimtum neitt stórfje; aðalatriðið er það, að eitthvert fje verði lagt til útbúsins, sem svo má auka, ef þörf eða ástæður mæla með; auk þess mundi og skjótt safnast sparisjóðsfje og mundi það auka veltufjeð.

Skýrsla sú, sem jeg hefi samandregið, nær frá 1908 fram á þenna dag, og er á þessa leið:

1908	Innlög í sparisjóð	1.659.902.39	
	Innlög gegn viðtökuskírteini	373.200.39	2.033.102.78
	Útborgað sparisjóðsfje	1.608.247.14	
	Útb. innlög gegn viðtökuskírteini	131.021.91	1.739.269.05
	Í sparisjóði 31. desbr.	2.207.718.61	
	gegn viðtökuskírteini	537.051.33	2.744.769.94
1909	Innlög í sparisjóð	1.696.713.19	
	Innlög gegn viðtökuskírteinum	388.435.41	2.085.148.60
	Útborgað sparisjóðsfje	1.853.216.21	
	Útborgað af fje með innlánskjörum	81.051.05	1.934.267.26
	Í sparisjóði 31. desbr.	2.051.215.59	
	gegn viðtökuskírteinum	582.427.99	2.633.643.58
1910	Innlög í sparisjóð	1.656,651.82	
	Innlög gegn viðtökuskírteinum	88.284.62	1.744.935.44
	Útborgað sparisjóðsfje	1.464.951.13	
	Útborgað fje með innlánskjörum	266.187.44	1.731.138.57
	Í sparisjóði 31. desbr.	2.242.916.28	
	gegn viðtökuskírteinum	405.081.87	2.647.998.15
1911	Innlög í sparisjóð	1.793.718.19	
	Innlög gegn viðtökuskírreinum	46.846.26	1.840.564.45
	Útborgað sparisjóðsfje	1.503.177.32	
	Útborgað fje með innlánskjörum	199.557.06	1.702.734.38
	Í sparisjóði 31. desbr.	2.533.457.15	
	gegn viðtökuskírteinum	252.371.07	2.785.828.22
1912	Innlög í sparisjóð	2.013.390.99	
	Innlög gegn viðtökuskírteinum	56.263.69	2.069.654.68
	Útborgað sparisjóðsfje	1.981.493.52	
	Útborgað fje með innlánskjörum	42.972.85	2.024.466.37
	Í sparisjóði 31. desbr.	2.565.354.62	
	gegn viðtökuskírteinum	265.661.91	2.831.016.53
1913	Innlög í sparisjóð	2.502.407.23	
	Innlög gegn viðtökuskírteinum	157.171.53	2.659.678.76
	Útborgað sparisjóðsfje	2.041.248.22	
	Útborgað fje með innlánskjörum	83.744.24	2.124.992.46

	Í sparisjóði 31. desbr.	3.026.513.63	
	gegn viðtökuskírteinum	350.728.69	3.377.242.32
1914	Í sparisjóði 31. desbr.	3.213.801.71	
	Innstæða gegn viðtökuskírteinum	568.634.59	3.782.436.30
1915	31. mars:		
	Í sparisjóði og gegn viðtökuskírteinum		4.082.941.38
	30. júní:		
	Í sparisjóði og gegn viðtökuskírteinum		4.285.750.76

Nú vil jeg líta á það, hversu mikið veltufje sparisjóðsins með innlögum gegn viðtökuskírteinum hefir aukist nú síðustu árin.

Árið			kr.
1908	var veltufjeð 31. des.		2,774,769.94
1909	— —	—	111 þús. lægra
1910	— —	—	14 — hærra
1911	— —	—	138 — —
1912	— —	—	46 — —
1913	— —	—	546 — —
1914	— —	—	405 — —
1915	— —	31. mars	300 — —
—	—	30. júní	203 — —

Mjer hefir heyrst á Landsbankastjóranum, að innlögin hefðu hækkað mjög mikið nú síðustu mánuðina, svo að jeg hugsa, að þau hafi nú hækkað frá síðustu áramótum kringum 800 þúsund. Bankastjórinn hefir látið þess getið, að aldrei hafi verið eins mikið fje í vörslum bankans og á þessu ári. Hann lítur svo á, sem ástæður bankans sjeu svo góðar nú, að hann gæti hlaupið undir bagga með Íslandsbanka, ef honum lægi á. Ef þess vegna nægilegt veltufje er fyrir hendi, þá er sjálfsagt, að fylgja lögunum og stofna útibú á Austurlandi. Jeg vil geta þess, að reynslan sýnir, að meira fje er lagt inn heldur en tekið er út. Þess vegna er engin hætta að stofna útibú, þótt með tómu sparisjóðsfje sje.

Árið 1913 var samþykt, að landssjóður legði bankanum til 100 þús. kr. á ári í 20 ár, eða alls 2 miljónir króna, og nú hefir þegar verið borgað inn í bankann 200 þús. kr., 100 þús. kr. á ári. Þetta fje ætti nú að greiða fyrir viðskiftunum. Mjer hefir ekki verið kunnugt um, að neitt hafi verið gjört í þessu máli, og er því þessi fyrirspurn eðlileg afleiðing af þingsályktunartillögunni.

Ráðherra: Jeg býst ekki við, að eyða löngum tíma til að svara fyrirspurn háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.). Hann flutti í fyrra þingsályktunartillögu um það, að stofnað yrði útíbú frá Landsbankanum á Austfjörðum. Var stjórninni heimilað 1912, að setja útibú þetta hvar sem væri á Austfjörðum, en samkvæmt bankalögunum 18. sept. 1885, átti það að vera á Seyðisfirði. Í tilefni af þessari þingsályktunartillögu skrifaði svo landsstjórnin stjórn Landsbankans, til að leita álits hennar, áður en frekar yrði gjört í málinu. Þetta er það, sem landsstjórnin hefir gjört í þessu máli, og hún gat ekkert annað gjört.

Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp svar bankastjórnarinnar við þess brjefi stjórnarráðsins.

Landsbanki Íslands.
Reykjavík,
20. febr. 1915.

Vjer höfum meðtekið bjef hins háa stjórnarráðs, dags. 26. jan. þ. á., svo og þingsályktanir beggja þingdeilda, þar sem skorað er á

landsstjórnina, að hlutast til um, að stofnsett verði útibú frá Landsbankanum á Austurlandi, og æskir hið háa stjórnarráð umsagnar vorrar og tillagna um málið.

Vjer leyfum oss því að láta það álit vort í ljós, að vjer teljum það hið mesta óráð, að Landsbankinn stofni fyrst um sinn fleiri útibú en þau tvö, er hann hefir, þar sem hann hefir svo nauðalítið veltufjármagn.

Eins og kunnugt er, er veltufje bankans nú:

1. Landssjóðsseðlarnir	kr.	750,000
2. Framlag landssjóðs	—	100,000
Samtals	kr.	850,000

Auk þess hefir hann lánsfje kr. 1,900,000.00, sem hann að vísu á ekki sjálfur að endurgreiða, en hann verður þó að svara $4\frac{1}{2}\%$ vöxtum af láninu, meðan það stendur eða nokkur hluti þess. Alt annað veltufje er lánsfje, er taka má fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust. Á hinn bóginn hefir hann orðið að leggja útibúunum til hið allra nauðsynlegasta veltufje, og nam það hinn 31. des. árin 1910—1913, sem hjer segir:

	Á Akureyri	Á Ísafirði
1910:	550,625.00	587,801.00
1911:	402,604.00	611,125.00
1912:	427,959.00	439,491.00
1913:	371,275.00	452,151.00

Þegar það er athugað, að útibúin hafa jafnan minst fje með höndum um nýár, en talsvert meira á öðrum árstímum, þrátt fyrir það, að bankinn heldur í við þau, svo sem framast þykir gjörlegt, sjest, að þau komast ekki af með minna en fulla $\frac{1}{2}$ miljón hvert. Upphæðin, er bæði útibúin þurfa á að halda, til að fullnægja viðskiftaþörfinni, fer því langt fram úr hinu eiginlega veltufje bankans.

Auk þessa eru aðrar kvaðir á bankanum, sem lama starfsþrek hans, svo sem það, að hann verður að láta standa stórtje í verðbrjefum, sem sett eru að veði fyrir veðdeildinni. Sú upphæð nemur nú 750,000 kr., eða sem svarar nálega öllum varasjóðinum. Enn fremur er bankanum lögð á herðar sú kvöð, sem virðist fremur ástæðulítil, að hafa 20% af sparisjóðsinnstæðunni liggjandi í verðbrjefum, og nemur þetta nú um 660,000 kr. Vjer vonum því, að háttvirt stjórnarráð, er það athugar hag bankans, sjái, að eigi sjeu tiltök, að láta hann setja þriðja útibúið á stofn, nema bankanum bætist viðbótarveltufje til þess, er ekki mætti vera endurkræft.

Fylgiskjölin endursendast hjer með.

Virðingarfylst
Landsbanki Íslands.
Björn Sigurðsson. Björn Kristjánsson.

Til
Stjórnarráðs Íslands.

Eins og jeg sagði áðan, þá hefir landsstjórnin ekki gjört annað í málinu, og hún gat ekki heldur vel gjört neitt annað. Bankastjórnin telur það hið mesta óráð, að stofna útibúið, meðan bankinn hefir ekki meira óafturkræft veltufje. Bankinn hefir, eins og tekið er fram í brjefi hans, 750,000 kr. í seðlum, og auk þess það fje, sem landsstjórnin tók að láni handa honum, og skoðast má sem rekstursfje, úr því að landssjóður leggur honum til 100,000 kr. á ári í 20 ár, samkvæmt lögum nr. 50 1913, nema hvað bankinn greiðir vextina. Bankinn hefir því $2\frac{3}{4}$ miljón króna sem veltufje. En nú lítur bankastjórnin svo á, að það sje oflítið, til þess að hægt sje

að setja þriðja útibúið á stofn. Áður en það sje framkvæmanlegt, þurfi að auka veltufje bankans. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) mun gefa nánari upplýsingar, ef þörf krefur.

Jeg býst ekki við, að háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) muni þykja mitt svar uppörfandi, en jeg hefi ekki meira um þetta mál að segja.

Fyrirspyrjandi (Jón Jónsson): Jeg þakka hæstv. ráðherra fyrir hans greiðu svör og útskýringar. Mjer kom þetta svar bankastjórnarinnar ekki á óvart, því að það hefir löngum verið viðkvæðið hjá henni, að slík stofnun væri ekki framkvæmanleg, og gjöri jeg helst ráð fyrir sama svarinu til eilífðar. Mjer finst, að sparisjóðsfje sje einnig veltufje, og það er stórfje, komið á fimtu miljón króna, og hefir farið stórstígandi síðastliðin ár. Jeg hugsa, að nú sje einmitt tækifæri til þess, að stofna útibúið, og þótt það yrði ekki stórt í byrjun, þá yrði það þó spor í framfaraáttina og gagn fyrir alla Austfirði. Það eru margs konar innlegg, sem koma í bankann, svo hann fær veltufje.

Annars held jeg, að það ráði nokkru, hve smáum augum bankastjórnin lítur á Austfirði. Það er vitaskuld dálítill kostnaður, að koma upp útibúi, en jeg trúi því ekki, að bankastjórinn horfi í þann kostnað. Því þó að það kostaði töluvert í bráðina, mundi það margborgar sig síðarmeir.

Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að jeg hefi hjer lítils háttar samanburðarsýnishorn á búpeningi landsins frá árinu 1912.

Búfjenaður 1912:

	Nautgr.	Hross.	Sauðfje.
Suðurland:	10,794	17,433	182,911
Vesturland:	5,772	9,366	122,849
Norðurland:	6,613	14,773	165,857
Austurland:	3,106	4,265	128,584

Á hvern framteljanda:

	Nautgr.	Hross.	Sauðfje.
Suðurland:	3,33	5,33	56,00
Vesturland:	2,00	3,30	43,22
Norðurland:	2,00	4,50	50,46
Austurland:	1,61	2,22	47,00

Á þessu sjest, að nautgripir og hross eru tiltölulega fæst á Austurlandi. Á Vesturlandi koma 43 kindur á hvern framteljanda, en 47 á Austurlandi. Sauðfjeð er því langflest á Austurlandi að tiltölu, en jeg gjöri samt ráð fyrir, að ástandið sje líkt á öllu landinu yfirleitt. Vitanlega er mestur arður af sauðfjenu, en naut sjerstaklega gefa þó einnig mikinn arð af sjer, og auðvitað standa stórgripir alt af í sínu verði. Vildi að eins geta þessa, til að drepa á það, að það er ekki rjett, að berja því við, að Austfirðingum sje ekki trúandi fyrir fje. Þó að eitt kaupfjelag hafi farið um koll, þá sannar það, út af fyrir sig, ekkert um ástæður manna yfirleitt þar eystra. Annars vildi jeg mælast til þess, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) ljeti í ljós sína skoðun á málinu. Jeg býst við að bankastjórnin sjái einhvern veg nú. Jeg vil geta þess, að mjer finst landsstjórnin hafa gjört minna en skyldi. Hún átti að ýta undir bankastjórnina, en það hefir hún alls ekki gjört, að eins beiðst umsagnar hennar, og svo málið þar með úr sögunni.

Björn Kristjánsson: Jeg ætla að tala nokkur orð, af því að fyrirspyrj. (J. J.) mæltist til þess, enda þótt að jeg hafi litlu að bæta við það, sem þegar er fram komið í málinu. Bankastjórnin hefir skýrt landsstjórninni frá hag bankans, og jafnframt tekið það fram,

að hún teldi það óráð fyrir bankann, að stofnað yrði útibú að svo komnu máli, nema veltufje bankans yrði aukið; því þegar stofna á banka, verður að vera eitthvað annað fyrir hendi en tómt lánsfje, sem taka má út hve nær sem eigandi vill.

Eins og brjef Landsbankans til landsstjórnarinnar sýnir, er veltufje bankans nú 750 þúsundir í seðlum og auk þess 2 miljónir í lánsfje, sem bankinn verður þó að greiða $4^1/_2$ % vexti af. En nú standa 1 miljón krónur fastar hjá útibúunum og 750 þúsundir í verðbrjefum og 20 % af sparisjóðsinnlögum verður að standa í verðbjefum. Alt hið sama veltufjeð er þá hjá útibúunum, og það sjer hver maður, að lítil meining er í því, að skilja aðalbankann eftir veltufjárlausan. Bankinn getur þess vegna ekki lagt þriðja útibúinu til veltufje, nema því að eins, að hann fái viðbótarrekstursfje, sem þá væri óafturkræft. Ef að t. d. landssjóður legði fram 300 þúsund krónur, mundi bankinn geta lagt til það, sem á vantaði. En að kippa burtu fje hjeðan, í eins mikla viðskiftaþörf og er á Akureyri og Ísafirði, þá er bankinn ekki megnugur þess. Annars hefir bankinn ekki nema hlaupandi fje, sem kemur annan daginn og fer hinn.

Því fer fjarri, að jeg óttist að Austfirðingar reynist verri viðskiftamenn en aðrir landsmenn. En þess ber að gæta, að til þess stofna útibú þarf alt að $^1/_2$ milj. kr. Þau borga sig ekki, nema þau hafi í minsta lagi $^1/_2$ milj. króna veltufje.

Svar okkar er skrifað í febrúarmánuði og miðað við ástandið eins og það var þá. Það er yfirleitt ilt og erfitt að stofna útibú meðan styrjöldin stendur yfir, og veitir ekki af að fara sem varlegast að öllu. Útibúin borga sig ekki, þó að þau virðist bera sig á pappírnum, en það er af því, að bankinn reiknar þeim ekki fulla rentu fyrir veltufjeð. Og bankinn má ekki verða fyrir miklum halla, ef hann á að njóta trausts í útlöndum, og ef lánstraust bankans minkar, þá er það þjóðartap.

Jeg held fast við það, sem stendur í brjefi bankastjórnarinnar til stjórnarráðsins, að bankastjórnina vantar ekki viljann, heldar fje.

Ráðherra: Jeg vildi gjöra stutta athugasemd út af einu atriði í ræðu hv. fyrirspyrj. (J.J.). Hann sagði, að stjórnin hefði gjört minna í þessu máli en hennar var skylda. Jeg veit ekki, hvað hann hefir ætlast til, að stjórnin gjörði í þessu máli. En áður en því er slegið föstu, að stjórnin hafi gjört minna en henni bar að gjöra, held jeg að það sje rjett að athuga, hvað hún gat gjört, lögum samkvæmt.

9. grein laga 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, hljóðar svo:

> »Bankinn skal, með samþykki landshöfðingja, svo fljótt sem auðið er, setja á stofn aukabanka eða framkvæmdarstofur fyrir utan Reykjavík, einkum á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði«.

En í lögum nr. 28, 22. okt. 1912, er í staðinn fyrir orðið »Seyðisfirði« sett: á Austfjörðum.

Eftir lögunum er það bankastjórnin, sem hlýtur að taka ákvörðun um það, hvort útibú skuli sett á stofn, en sú ákvörðun getur ekki gilt, nema með samþykki stjórnarinnar. Stjórnin ein getur ekki tekið ákvörðun um það. Hjer þarf atbeina tveggja aðilja. Landsstjórnin getur ekki sett á stofn útibú, nema bankastjórnin telji fært, að gjöra það. Annað mál er það, að ef bankastjórnin telur fært, að gjöra það, þá getur það verið skylda — ráðsmenskuskylda — stjórnarinnar, að hjálpa bankanum til að setja á stofn útibú.

Um afskifti mín af þessu máli er það skemst að segja, að jeg hefi engan tíma haft til þess, að snúast í því. Jeg fór utan skömmu eftir að jeg tók við ráðherraembættinu, og þegar jeg kom heim var komið fram að þingi, og eins og allir vita kallar svo margt að um þingtímann, að enginn tími hefir verið til að koma slíkum ráðstöfunum sem þessum í framkvæmd.

Jeg verð því að telja, að stjórnin hafi gjört alt, sem henni bar í þessu máli. Jeg veit ekki hvaða skoðun fyrirrennari minn hefir í þessu máli, eða hvort hann hefir verið samdóma bankastjórninni. Hafi hann verið henni samdóma, þá er auðskilið, að hann hefir ekkert frekara gjört í þessu máli. En hafi hann ekki verið henni samdóma, þá gat hann reynt að telja um fyrir henni og og standa í brjefaskiftum við hana. En hvað hann hefir gjört veit jeg ekki.

Sigurður Eggerz: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að jeg tel óskir Austfirðinga um útibú þar mjög eðlilegar og mjer virðist rjett, að taka þær til greina eins fljótt og auðið er. En hitt þótti mjer eðlilegt, að í byrjun stríðsins færi Landsbankinn hægt í þetta mál, þar sem óvissan var þá svo mikil um hvaða áhrif stríðið mundi hafa á öll viðskifti vor, enda munum vjer allir sammála um, að ýmsar ráðstafanir, sem sjálfsagðar má telja á friðartímum, verða að tefjast, þegar óvissan, sem stríðið skapar, stendur nálega í hverju horni.

Jeg er algjörlega sammála hæstv. ráðherra um það, að hæpið sje, að stjórnin geti skipað Landsbankanum, að stofna útibú, en þegar sú er orðin niðurstaðan, þá er það sýnilegt, að stjórnin gat ekki gjört annað en það, sem hún gjörði, að rita bankanum um málið samkvæmt þingsályktunartillögunni.

Jeg læt þess getið, að sams konar beiðni kom frá mönnum austanfjalls, um að stofna útibú á Eyrarbakka eða Stokkseyri. Jeg bar það mál undir bankastjórnina, en hún vildi ekki heldur verða við þeirri beiðni.

Jeg er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir það svar, sem hann hefir gefið, og jeg get ekki kannast við, að jeg hafi vanrækt neitt í þessu máli, og vona að háttvirt deild verði mjer sammála um það, og háttv. fyrirspyrjandi (J. J.) hlýtur að verða mjer sammála um þetta, er hann hugsar málið í næði.

Fyrirspyrjandi (Jón Jónsson): Þau orð mín, að stjórnin hefði eigi gjört þær ráðstafanir, sem henni bar, áttu ekki við núverandi ráðherra. Það var ekki við því að búast, að hann hefði gjört neitt, nýkominn til valda, auk þess sem hann hefir haft í mörgu öðru að snúast. Jeg beindi orðum mínum aðallega til fyrrv. ráðherra (S. E.), sem var við völd, þegar þingsályktunartillagan var samþykt. Hún hljóðaði svo:

> Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um, að samkvæmt fyrirmælum laga um stofnun Landsbanka 18. 1885 og laga um breyting á nefndum lögum nr. 28, 22. okt. 1912, verði ekki lengur dregið að koma á fót útibúi frá Landsbankanum á Austurlandi.

Hjer er skorað á stjórnina, að hlutast til um það, að stofnað verði útibú á Austurlandi, og má skoða þessa áskorun þannig, að þingið hafi ætlast til, að stjórnin sýndi rögg af sjer og hvetti bankastjórnina til að koma því á laggirnar.

Jeg get ekki skrifað undir það með háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að bankinn geti ekki sett útibúið á stofn. Það er rangt hjá honum, að sparisjóðsfje sje ekki veltufje. Jeg er hjer ekki að tala

um það fje, sem stendur á hlaupareikningi í bankanum. Það er valt að treysta á það. Það getur verið tekið út hve nær sem er. En reynsla er fengin fyrir því, að sparisjóðsfje er ekki tekið út svo, að það minki og aukist á víxl, heldur vex það alt af og er nú svo mikið, að jeg get ekki skilið, að bankinn hefði ekki getað stofnað útibúið. Sparisjóðsfje hefir vaxið um $^1/_2$ miljón á 6 mánuðum, síðan um nýár, og það fje nægir fyllilega, að skoðun bankastjórnarinnar, til að stofna útibú. Jeg hygg, að útibúið gæti orðið að gagni þótt veltufje þess væri ekki nema 300 þús. krónur. Ef hagur bankans batnaði síðar, er alt af hægt að bæta við, ef þörfin krefur.

Mjer virðist mótstaða bankastjórnarinnar gegn því, að stofna útibúið, vera nokkuð út í hött. Það er hægt að sýna með tölum, að bankinn hefir hundruð þúsunda, sem hann gæti notað til stofnunar útibúsins. Auk seðlanna, lánsfjárins, innskotsfjár landssjóðs, sparisjóðsinnlaga og innlaga gegn viðtökuskírteinum eru og ávaxtaðir ýmsir sjóðir í bankanum, svo að fje hrúgast nú að honum ár frá ári.

Jeg get vel skilið, að það sje þægilegra, að hafa alt fjeð hjer, en bankastjórnin verður að sýna öðrum landshlutum sæmilega sanngirni og greiða fyrir verslun þeirra og viðskiftum.

Út af þessu máli ætla jeg að bera fram svolátandi rökstudda dagskrá:

> *Með skírskotun til ályktunar Alþingis 1914, um stofnun útibús á Austurlandi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá,*

og æski þess, að deildin samþykki hana. Hún er alveg í samræmi við þingsályktunartillöguna í fyrra, en engin ástæða til að ætla, að menn hafi skift um skoðun síðan.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla ekki að lengja umræðurnar eða endurtaka það, sem sagt hefir verið. En um dagskrána er það að segja, að hún fer fram á hið sama og stendur í lögunum, að útibúið skuli stofnað svo fljótt, sem auðið er. Jeg sje því ekki hvað háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) meinar með henni. Hún er, að jeg hygg, þýðingarlaus, en vitanlega í alla staði meinlaus, og því í raun og veru skaðlaust að samþykkja hana.

Bjarni Jónsson: Jeg vil að eins benda á, að það er ekki þýðingarlaust, að samþykkja dagskrá, þótt í henni felist ekki annað en það, sem í lögunum stendur. Því oftar sem Alþingi árjettar vilja sinn við stjórnina, því meiri von er um, að honum verði framgengt.

Fyrirspyrjandi (Jón Jónsson): Jeg get ekki fallist á, að dagskráin sje ástæðulaus. Hún er brýning til stjórnarinnar um það, að gjöra eitthvað í málinu. Reynslan hefir orðið sú, að hvorug stjórnin hefir gjört neitt í því, annað en það, að fá skriflegt svar frá bankastjórninni. *(Ráðherra:* Jeg hefi ekkert gjört). Dagskráin sýnir eiginlega ekkert annað en það, að deildin sje sama sinnis og í fyrra, og hún gæti orðið til þess, að stjórnin beitti sjer við bankann, ljeti t. d. rannsaka hag hans og komast að raun um, hvort ástæður bankastjórnarinnar eru á rökum bygðar.

Ráðherra: Mig skiftir þessi dagskrá ekki miklu máli, en jeg sje ekki betur en að samkvæmt 31. grein þingskapanna geti hún ekki komið til atkvæða svona löguð. Þegar fyrirspurn til ráðherra er rædd, má eigi gjöra neina ályktun. Jeg veit að þetta hefir verið gjört, t. d. 1913, en jeg tel það ekki vera samkvæmt þingsköpunum, og vil þá benda háttv. forseta á það.

ATKVGR.:

Rökstudda dagskráin frá fyrirspyrjanda (J. J.), sjá A. 928, samþ. með 13 shlj. atkv.

---

3. Fossar.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 10. september, var útbýtt

Fyrirspurn til ráðherra um fossa (A. 913).

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin var leyfð í einu hlj.

Á 63. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. septbr., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að ráðherra hafði þá tjáð sig við því búinn að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Björnsson): Jeg hlýt að biðja afsökunar á því, hversu seint þessi fyrirspurn kemur fram, og get því þakkað hæstv. ráðherra, að hann hefir samt sjeð sjer fært að svara henni.

Það er nú svo, eins og kunnugt er, að við eigum mikla fjársjóðu í landinu, þar sem fossarnir eru. En þeir hafa verið óhreyfðir hingað til, enda er það fyrst nú, að menn yfirleitt eru farnir að nota þetta afl, þessi »hvítu kol«, svo að ráði sje. Þetta hefir orðið til þess, að útlendingar tóku að festa augu á fossunum okkar, og mjer hefir borist til eyrna, að þeir hafi nú þegar náð tökum á bestu og stærstu fossunum í Þingeyjarsýslu, og það sama er mjer sagt um fossa á Suðurlandi.

Ef útlendingar ná hjer í fossa, geta þeir gjört það í ýmiskonar tilgangi. Þeir geta bæði notað þá til ýmiskonar stórvirkja og ýmislegra verklegra framkvæmda; líka gætu þeir notað þá til að fyrirbyggja, að þeir verði notaðir í samkepni við aðra fossa í heiminum, sem þeir eru að notfæra sjer á einhvern annan hátt. Þannig mun því vera farið með Goðafoss. Hann á fjelag í Noregi og Englandi, sem hefir keypt hann til þess, að ekki væri hægt að nota hann til samkepni við fossa í Noregi. Að minsta kosti er það víst, að þótt útlendingar hafi náð tökum á fossum hjer á landi, þá er enn ekki farið að gjöra neitt með neinum þeirra.

Nú tel jeg það óheppilegt, ef útlendingar ná tökum á öllum fossum hjer á landi, sem einhvers virði eru, áður en við röknum við, hvort þess verður nú langt eða skamt að bíða, ekki síst ef þeir eru látnir ónotaðir. Jeg tel það illa farið, er við síðar sæjum, að við þyrftum að nota einn eða fleiri fossa, nota þá sem afistöð til einhverra mikilla framfara og gagns, að við þá yrðum að kaupa þessa eign okkar aftur háu verði af útlendingum, svo háu verði, að ekki borgaði sig að nota þá.

Það var mikið talað um þetta mál 1907, og þá voru fossalögin samin, til þess að takmarka eignarrjett útlendinga hjer á fossum. En það er um þessi lög eins og svo mörg önnur, að þau hafa verið miklu fremur á pappírnum.

Síðan hefir ekki um þetta mál verið rætt opinberlega, og á meðan hefir það skeð, sem skeð hefir, að mikill hluti fossa okkar Íslendinga hefir komist á útlendar hendur.

Annars eru þessi fossamál þannig vaxin, að þau þurfi mikinn tíma til íhugunar. Þær þjóðir, er eiga fossa, t. d. Norðmenn, hafa látið sjer ant um að tryggja sjer eign á fossunum. Þeim þyk-

ir of seint að gjöra það, er til þeirra nauðsynlegu framkvæmda kemur, er fossana má nota til.

Árið 1907 kom til mála að selja Gullfoss í Hvítá í Árnessýslu í erlendar hendur. En þá var þó landinu boðið að fá fossinn á leigu fyrir 300 kr. á ári. Um þetta munu hafa verið gjörðir samningar.

Um daginn rak jeg mig á það í landsreikningunum, undir »óvissar tekjur« fyrir 1912, að þar stóð »endurgreidd leiga fyrir Gullfoss«, að upphæð 1500 kr. Jeg hefi síðan frjett, að landsstjórnin hafi afsalað sjer rjettinum á fossinum og þetta hafi verið endurgreiðsla á leigunni, 300 kr. á ári í 5 ár.

Jeg veit ekki um sönnur á þessu, en út af þessu vildi jeg þó spyrja hæstv. ráðherra, hvort rjettinum hafi verið afsalað. Ef svo er, hefir þá landsstjórnin jafnframt áskilið landssjóði endurkaupsrjett á þessum rjettindum, eða á annan hátt trygt landinu umráð yfir fossinum?

Þetta var viðvíkjandi Gullfossi.

Hitt var viðvíkjandi svokölluðum Sogsfossum.

Mjer er kunnugt um það, að landssjóður á hlutdeild í 3 fossum í Soginu, sem er á milli Þingvallavatnsins og Hvítár, ekki langt frá því, er Sogið rennur í ána. Þessir fossar eru að sögn sjerstaklega vel fallnir til að verða aflstöð, bæði af því, að fyrir aftan þá er allmikið stöðuvatn, er getur »regulerað«, og auk þess eru þarna 3 fossar, er hægt væri að sameina og leiða þá í eitt fall.

Ef menn færu einhverntíma að nota fossa hjer á landi, og jeg hefi þá trú, að þess verði ekki lengi að bíða, þá liggur þarna aflstöð, sem hlýtur að geta haft ómetanlega mikla þýðingu fyrir alt Suðurlandsundirlendið. Jeg vil benda á það, ef að járnbraut yrði lögð um þenna hluta landsins og lestin yrði knúð með rafmagni, þá væri þarna sjálfsögð aflstöð í því skyni. Einnig mætti nota þá sem aflstöð til ýmislegra verklegra framkvæmda bæði í Rangárvalla- og Árnessýslu og sömuleiðis í Reykjavík. Það mætti einnig orða það, að nota þá til að ná áburði úr loftinu, sem víða er farið að tíðkast, og væri þetta mjög hentugur staður í því skyni. Það væri ekki eins dæmi þó að landssjóður tæki fossana að sjer og seldu síðan rafmagnið. Það hafa Svíar gjört með »Trollhätten« og selja rafmagn, sem unnið er úr honum, jafnvel öðrum þjóðum, t. d. til Kaupmannahafnar, og það reynst með arðvænlegri fyrirtækjum, er landið hefir tekið í sínar hendur.

Jeg skal ekki fjölyrða þetta meira. En mig langar til að vita hversu mikið landssjóður á í þessum Sogsfossum og hvort afhent hafa verið rjettindi landssjóðs til fossanna. Það er sökum þess, að jeg geng þess ekki duldur, að ef vjer Íslendingar viljum hrynda einhverjum verklegum framkvæmdum, sem um munar, áleiðis, og nota til þess rafmagn, eru þessir fossar lang best fallnir sem aflstöð í því skyni.

Ráðherra: Jeg held, að jeg þurfi ekki að þreyta háttv. deild með löngu máli. Jeg hefi ekki haft mikinn tíma til að rannsaka þetta mál og býst því við, að svarið verði stutt. En hversu laggott það verður, veit jeg ekki.

Fyrsta spurningin í þessari fyrirspurn er um það, hve mikið landssjóður eigi í svonefndum Sogsfossum í Árnessýslu. Þar til er því að svara, að kirkjujörðinni Syðri-Brú í Grímsnesi tilheyrir $^1/_2$ Kistufoss og $^1/_2$ Írufoss.

Önnur spurningin er um það, hvort landsstjórnin hafi leigt, selt, eða á annan hátt afhent öðrum rjettindi yfir hlutdeild landssjóðs yfir fossum þessum, og skal því svarað neitandi. Að vísu hefir

verið farið fram á slíkt af útlendingum. Var það erindi Cooper og Mendel, dagsett í mars 1913, en því er neitað með brjefi 19. apríl 1913, og hefir síðan ekki verið gjört neitt í því máli.

Þriðja spurningin er, hvort landssjóður hafi afsalað sjer rjettindum þeim, er hann átti yfir Gullfossi í Árnessýslu. Það mun vera satt, er hv. fyrirspyrjandi (S. B.) sagði, að landsstjórnin hafði leigurjett til Gullfoss í 5 ár, sem sje frá 1. sept. 1907 til 1. sept. 1912 og hafði þá forrjett til leigu á fossinum, með sömu kjörum og aðrir, er rjett hafa til notkunar fossa, sbr. lög nr. 55, 22. nóv. 1907, kynnu að bjóða. En löngu áður en leigutíminn var úttrunninn, gjörðu eigendur leigusamning við aðra og hafði stjórnarráðið að vísu rjett til að ganga inn í þann samning, en vegna þess, að *þá* var eigi unt að sjá, að nein alvara væri hjá þeim mönnum, sem helst vildu fá Gullfoss, eða þeir hefðu fje til að byrja á neinu fyrirtæki, og vegna þess að leigan var stígandi upp í 1000 kr. árlega, þá lýsti stjórnarráðið því yfir með brjefi dags. 4. okt. 1912 til Sam. Johnson og Sturlu Jónssonar: »at det betragtede ethvert som helst Kontraktsforhold fra Landskassens Side, angaaende Leje af Gullfoss, til hvilken som helst, bortfaldet«. Samkvæmt þessu hefir þá landssjóður afsalað sjer öllum rjettindum yfir Gullfossi, þeim er það hafði eða kynni að hafa haft.

Fjórða spurningin er um það, hvort landsstjórnin hafi þá (þ. e. ef undanfarandi spurningu er svarað játandi) jafnframt áskilið landssjóði endurkaupsrjett á þessum rjettindum, eða á annan hátt trygt landinu umráð yfir fossunum. Þessu verður og að svara neitandi. Það hefir ekki verið gjört.

Þá hefi jeg svarað öllum fjórum liðum fyrirspurnarinnar og finn svo ekki ástæðu til að taka meira fram af minni hálfu.

Fyrirspyrjandi (Sveinn Björnsson): Jeg þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið og get látið í ljósi ánægju mína yfir því, að landssjóður á enn óskerta hlutdeild þá, er hann átti í Sogsfossunum; vænti jeg, að svo verði einnig framvegis. Hitt verð jeg auðvitað að telja illa farið, að landið skuli hafa afsalað sjer rjettindunum til Gullfoss, en hjeðan af býst jeg ekki við, að neitt sje unt við það að gjöra, því að um það alt hafa víst verið gjörðir fullgildir samningar, þótt viðkunnanlegra hefði það vissulega verið, að Alþingi hefði verið spurt að áður en svo mikilvægum rjettindum var fargað.

---

4. Björgvinjarskip.

Á 57. fundi í Nd., laugardaginn 11. september, var útbýtt
Fyrirspurn til ráðherra um samninga við Björgvinjargufuskipafjelagið (A. 923).

Á 60. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. september, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyft skuli.

Fyrirspurnin var leyfð með þorra atkvæða.

Á 63. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. septemher, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að ráðherra hafði þá tjáð sig við því búinn, að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Matthías Ólafsson): Jeg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir það, að hann hefir tekið

þessa fyrirspurn til greina, þótt tíminn væri svo stuttur, sem hann var, fyrir hann til að svara henni. Bendir það á góðan vilja hans, og eins hitt, að hann telur málið þess vert, að um það sje rætt.

Eins og kunnugt er gjörði fyrrverandi ráðherra H. Hafstein samning við Björgvinjargufuskipafjelagið, dags. 24. okt. 1913. Vil jeg nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp meginatriði samnings þessa, og eru þau á þessa leið:

1. gr. Gufuskipafjelag Björgvinjar skuldbindur sig með samningi þessum til að halda uppi gufuskipaferðum frá Austur- og Vestur-Noregi um Færeyjar og umhverfis Ísland.

Ferðir árlega skulu vera 19, með 14 daga millibili, mánuðina apríl til október, að báðum meðtöldum, og mánaðarlega frá byrjun nóvember til marsloka, samkvæmt hjálagðri áætlun, undirritaðri fyrir hönd gufuskipafjelags Björgvinjar af Kr. Lehmkuhl, dags. 2. ágúst 1913, með þessum breytingum:

Á þriðju og fjórðu vetrarferð (í janúar- og febrúarmánuðum) verður sú breyting, að skipin, eftir viðkomu sína á Ísafirði, halda áfram norður og austur um landið, með viðkomum í janúarmánuði á Steingrímsfirði, Akureyri, Húsavík, Vopnafirði og Eskifirði.

Í sumarferðunum, B. 4, B. 6, B. 8 og B. 10, frá Reykjavík til Noregs, skulu viðkomur vera á Seyðisfirði í stað Fáskrúðsfjarðar.

Í öllum sumarferðunum norður um land skal Hólmavík í Steingrímsfirði vera viðkomustaður, þó með því skilyrði, að vitalýsing sje nægileg.

Í vetrarferðunum frá Noregi til Íslands skal koma við á Seyðisfirði á undan Eskifirði.

Í sumarferðunum B. 6 og A. 9, skal Djúpivogur verða viðkomustaður í staðinn fyrir Fáskrúðsfjörð.

Í sumarferðunum A. 3, B. 8 og A. 9 skal viðkomustaður vera Reyðarfjörður fyrir Eskifjörð.

Í sumarferðunum B. 6 og A. 9, skal koma við í Þórshöfn í stað Vopnafjarðar.

Í sumarferðunum A. 5 og A. 9, frá Noregi til Íslands, skal Seyðisfirði bætt við á áætlun sem viðkomustað.

2. gr. Skipin skulu fylgja áætlun, eftir því sem þeim er frekast unt. Stærð þeirra og ferðhraði, skal vera ámóta eins og »Flóru«.

3. gr. Skipin skulu hafa nægilegt farmrúm, og á 1. farrými hæfilega mörg herbergi fyrir farþega, og að auki haganlegt 3. farrými. Þau skulu ávalt vera í gildu standi, með næga og góða skipshöfn. Allar skemdir á skipunum, skal þegar í stað lagfæra. Far- og farmgjöld skulu vera þau sömu, sem nú eru. Ef breyta þarf einstöku gjöldum, áskilur fjelagið sjer að mega gjöra það, og enn fremur áskilur það sjer hæfilega aukaborgun fyrir vörur og farþega til og frá norskum viðkomustöðum, fyrir norðan Björgvin og sunnan Stavanger.

4. gr. Ef farartálmi verður af sjótjóni eða á annan hátt, skulu jafngóð skip, svo fljótt sem unt er, taka upp ferðirnar. Ef nothæf skip fást eigi, og ferð fellur niður, ber að draga frá þóknuninni það, sem henni svarar.

Þó skal enginn frádráttur fyrir byrjaða ferð.

Hjer sleppi jeg úr nokkrum greinum, sem snerta póstflutninginn, en svo kemur:

8. gr. Fjelagið skal bera skaða

þann og útgjöld (t. a. m. ef aukaferðir þarf að gjöra með póstflutning), sem hið opinbera verður fyrir vegna atvika, sem stjórn fjelagsins, skipstjórar, skipverjar eða aðrir í fjelagsins þjónustu, hafa orðið valdandi, annað hvort af ásettu ráði eða varúðarleysi, sem þeim verður gefin sök á, þó ekki fram yfir það, sem skipsverð eða farmgjöld hrökkva til.

9. gr. Fyrir ferðir þessar skal fjelagið, sem þóknun fyrir póstflutninginn, fá greiddar árlega úr landssjóði 30,000 kr., er útborgist mánaðarlega.

10. gr. Sje samningur þessi rofinn af fjelagsins hálfu, hefir stjórnarráðið rjett til að slíta honum þegar í stað. Sje að eins um lítilvæg brot að ræða, getur stjórnarráðið ákveðið að fjelagið skuli greiða hæfilegar bætur.

11. gr. Fjelagið ber ekki ábyrgð, samkvæmt samningi þessum, þó að ferðir stöðvist eða þeim seinki, vegna þess, að skipshöfnin eða fólk það, sem annast fermingu eða affermingu, gjörir alment verkfall.

Fjelagið skal ekki heldur svara fyrir stöðvun eða seinkun skipa, sem stafa af kolaverkfalli eða útflutningsbanni í Englandi, nema fjelagið hafi sýnt vanrækslu í því, að útbúa sig með venjulegar birgðir.

Þóknun fyrir ferðir þær, sem burt falla af þessum ástæðum, greiðist þó eigi, hvernig sem ástæðunum að öðru leyti hefir verið varið.

Ef ágreiningur verður um samning þenna, svo og um það hvort stjórnarráð Íslands hafi heimild til að rjúfa hann af ástæðum þeim, sem tilteknar eru í þessari grein, skal skera úr samkvæmt þeim gjörðarákvæðum, sem tekin eru fram í samningi fjelagsins við atvinnuráðuneytið norska um sömu skipaferðir, þó að sjálfsögðu þannig, að samningsaðiljar hjer verða stjórnarráð Íslands og fjelagið.

12. gr. Samningur þessi gildir í 2 ár, frá 1. apríl 1914 að telja.

Það skal tekið fram, að enda þótt fjelagið hafi ekki sjeð sjer fært, að taka fyllilega til greina óskir stjórnarráðs Íslands, um að komið verði við á Borðeyri, Blönduósi eða Skagaströnd, í stað Hólmavíkur, í nokkrum ferðum, hefir það samt lofað, að láta skipstjóra sína rannsaka, hvort breyting þessi sje framkvæmanleg. Ef fjelagið að því búnu álítur óhætt að skifta þannig til, verður það gjört, og skal athugasemd um þetta sett í ferðaáætlun skipanna.

Fjelagið geymir sjer rjett til að sleppa viðkomum í Færeyjum að meira eða minna leyti.

Samningur þessi gengur í gildi þegar sams konar samningur milli fjelagsins og hinnar norsku stjórnar hefir hlotið samþykki Stórþingsins.

Þetta er þá samningur sá, sem nú er í gildi milli stjórnarinnar og þessa fjelags, og það er nú á hvers manns vitorði, að í ágúst í fyrra hækkaði fjelagið farmgjöld um 25% alt í einu, og það án þess, að ráðfæra sig nokkuð um það við landsstjórnina, eða tjá nokkrar ástæður fyrir því. Jeg veit nú ekki um það, hvort nokkrir af þeim einstaklingum, sem fyrir þessum búsifjum hafa orðið, hafa kært yfir þeim til stjórnarinnar, en væntanlega mun hæstv. ráðh. gefa oss upplýsingar um það. Jeg veit, að menn hafa orðið að borga þetta hækkaða gjald af því, að þeir hafa verið neyddir til þess, en þeir hefðu átt að bera sig upp við stjórnina samt sem áður.

Það sjá nú allir á samningnum, að í honum stendur hvergi, að fjelagið megi gjöra annað eins og þetta. Að vísu stendur í 3. gr., að það megi breyta »einstöku gjöldum« og heimta aukaþóknun fyrir vöru- og farþegaflutning til og frá norskum höfnum fyrir norðan Björgvin og sunnan Stavanger, en því fer svo fjarri, að fjelagið hafi látið sjer nægja með þetta, að það hefir hækkað öll gjöld, og það jafnvel stórum á milli hafna hjer við land.

Auk þess eru skip fjelagsins oft hörmulega langt á eftir áætlun, og það ekki af völdum náttúrunnar, heldur fjelagsins sjálfs. Enginn fæst um það, þótt skipum seinki, þegar ís hindrar þau, en þegar það stafar af tómu kæruleysi, þá má það ekki vera óátalið. Það er hart, þegar gjörðir eru formlegir samningar, að þeirra skuli þá ekki gæta, fremur en þeir væri ekki til. Að jeg nú ekki tali um meðferðina á farþegum á þessum skipum. Jeg skal rjett til dæmis geta þess, að jeg var á ferð með einu þeirra í vor, þar sem var slíkt háfermi af timbri úti fyrir salshurðinni, að ekki varð komist út, nema með því, að smeygja sjer á rönd með mestu gætni. Ef menn hugsa sjer nú, að svona skip lendi í ís og ótti grípi farþegana, þá sjá menn best hver óhæfa það er, að ekki komist út nema einn í einu öðru megin af farrýminu, ekki síst þegar þess er nú gætt um leið, að þau hafa að jafnaði flutt $^2/_3$ fleiri farþega en þau höfðu leyfi til. Það er þeim nú reyndar nokkur vorkun, því að fólkið treðst á skipin, en fyrir því er ekki hægt að verja aðbúnaðinn.

Jeg ætla mjer nú ekki að halda langa tölu. Tilgangur minn með fyrirspurninni er sá, að jeg vil vita hvort þeir, sem fyrir þessum ójöfnuði hafa orðið, hafa kært yfir honum, og þá hvort stjórnarráðið hefir af þeim ástæðum dregið af styrknum til fjelagsins, eða krafist af því skaðabóta samkvæmt samningnum. Yfirleitt hver gangskör hafi verið gjörð að því, að koma því til leiðar, að samningurinn verði betur haldinn af hálfu fjelagsins en hingað til hefir raun á orðið.

Eitt er það, að fjelagið lofar í 12. gr., að láta rannsaka, hvort ekki sje fært, að hafa viðkomustaði á Borðeyri, Blönduósi eða Skagaströnd, og haga sjer þar eftir, ef svo reynist. Jeg veit ekki hvort nokkuð hefir verið gjört í þessu, en helst hygg jeg, að skip fjelagsins komi aldrei á þessar hafnir.

Þá er enn sagt, að fjelagið hafi sýnt staka ógætni í því, að senda hingað sprengiefni, dynamit, með farþegaskipum. Það er auðvitað alveg óleyfilegt, og mundi hvergi þolað annarsstaðar; en það er altalað, að mikið af þessu hættulega efni hafi komið hingað til Reykjavíkur með Björgvinjarskipi, sem flutti farþega.

Ráðherra: Því er eins varið, með þessa fyrirspurn og hina, sem næst var á undan á dagskránni, að það hefir verið dregið lengi að koma fram með hana, og verður því svarið ef til vill eigi svo fullkomið sem ella hefði getað orðið.

Háttv. fyrirspyrjandi (M. Ó.) spyr fyrst að því, hvort nokkuð hafi verið gjört til þess að gæta rjettar landsmanna, út af því, er Björgvinjargufuskipafjelagið hækkaði farmgjöldin um 25 % í ágúst í fyrra sumar. Það er nú víst rjett, að þetta tiltæki fjelagsins er ekki samkvæmt 3. gr. samningsins frá 24. okt. 1913, og má því að því leyti teljast rof á þeim samningi. Og þegar stjórnarráðið varð þess vísara, bæði af eigin reynslu og umkvörtan annara, að fjelagið hafði hækkað farmgjöldin svo, skrifaði það fjelaginu brjef um þetta, 27. febr. þ. á. Mótmælti þessu eindreg-

ið, og áskildi sjer og öllum, sem sendu með skipum þess, óskertan rjett, með því að þessi hækkun væri þvert ofan í 3. gr. samningsins. Þá hækkun, sem fjelagið krafðist fyrir vöruflutning í þágu hins opinbera, var neitað að greiða, og við það hefir staðið, þótt hins vegar einstakir menn muni hafa neyðst til að sætta sig við hækkunina, eins og háttv. fyrirspyrjandi (M. Ó.) tók fram. Þessu brjefi hefi fjelagið ekki enn svarað einu orði, en jeg býst við, að það verði álitið nægileg »reservation«, þannig, að menn eigi samkvæmt því, nógan rjett til að gjöra gildandi samningsrof af hálfu fjelagsins, og má þá af hálfu *landsstjórnarinnar* væntanlega beita 10. gr. samningsins, þar sem sagt er, að stjórnarráðið geti ákveðið bætur fyrir minni háttar brot. En auðvitað gæti þetta líka orðið dómstólamál.

Þá er í öðru lagi spurt, hvort fjelaginu hafi verið greitt gjald það úr landssjóði, sem samningurinn gjörir ráð fyrir, þrátt fyrir þetta.

Já, fjelagið hefir fengið fulla borgun hingað til, samkv. 9. gr. samningsins, þ. e. 2500 kr. á mánuði til ágústmánaðloka, og stafar það eingöngu af því, að stjórnin hefir ekki sjeð sjer fært, að slíta samningum samkv. 10. gr. hans, því að hún hefir álitið, að almenningi mundi vera það mjög óþægilegt, þótt ferðirnar hafi verið óreglulegar og farmgjöldin hærri en vera átti. Það er sem sje kunnugt, að fjelagið er ekkert ginkept fyrir þessum ferðum nú, þar sem farmgjöld hafa svo mjög hækkað hvarvetna síðan samningurinn var gjörður, og myndi það því óefað nota tækifærið, ef styrknum væri haldið eftir, til þess að leggja niður ferðirnar. Ef þingið vildi að svo færi, þá myndi það þegar fást, því að jeg hygg, að fjelagið kæri sig ekki um aðrar ferðir hjeðan af en til þess, að sækja síldina til Akureyrar og Siglufjarðar í haust, en það er vafasamt, hvort landsmönnum yrði ekki bakaður meiri skaði með þessu.

Jeg býst við því, að þetta sje töluvert viðkvæmt mál. Það er að vísu gott, að eiga rjettinn á pappírnum, en það vill þó oft verða örðugt að fá honum fullnægt. Fjelagið hefir enga tryggingu sett fyrir því, að það haldi samninginn, og ef þessu yrði hreyft, þá yrði það væntanlega dómstólamál, milli fjelagsins annars vegar og stjórnarinnar og einstakra manna hins vegar.

Hefi jeg þá svarað báðum atriðum fyrirspurnarinnar, og læt hjer við staðar numið.

Guðmundur Hannesson: Háttv. fyrirspyrjandi (M. Ó.) benti á eitt atriði, í 12. gr. samningsins, sem hjer er um að ræða, þar sem fjelagið lofar því, að láta skipstjóra sína rannsaka, hvort ekki megi skifta um viðkomustaði við Húnaflóa, og þá þannig, að Blönduós komi í stað Hólmavíkur. Nú er Hólmavík sáralítill verslunarstaður í samanburði við Blönduós, og einkanlega er það nauðsynlegt fyrir Húnavatnssýslu, að skip komi við á Blönduósi í vetrarferðunum, ef unt er. Það sýnist því ekki nema rjett, að krefjast þess, að fjelagið gjörði einhverjar efndir á þessu, og vil jeg því spyrja, hvers vegna ekki hefir orðið úr því. Hjer er vissulega um brýna nauðsyn að ræða.

Fyrirspyrjandi (Matth. Ólafsson): Jeg er hæstv. ráðherra þakklátur fyrir svarið. Það var að nokkru leyti eins og jeg bjóst við, sem sje, að stjórnin hafi naumast talið það gjörandi, að fara strax í illindi við fjelagið, með því að þá misti landið ferðirnar, og yrði þá að meira eða minna leyti siglinga-

laust, en eigi hins vegar rjett sinn óskertan, ef hún vill halda honum fram á síðan.

Það er nú kunnugt, að menn eiga ekki að þurfa að borga farmgjöld, nema eftir samningnum. En nú hefir fjelagið hækkað þau frá því, sem þar er ákveðið. Þá þykir mjer nú mjög vafasamt, að það gæti hætt ferðunum, þótt landsstjórnin auglýsti, að það mætti ekki halda vörum fyrir mönnum, þótt þeir hafi ekki borgað af þeim aukagjald, sem þeir eiga ekki að borga. Með öðrum orðum, þótt þeir borgi ekki nema það gjald, sem um var samið.

Að öðru leyti get jeg tekið svarið til greina, en vona að stjórnin sjái sjer fært, að jafna um gúlana á fjelaginu í góðu tómi. Það á það margfaldlega skilið.

Ráðherra: Hvað það snertir, sem hæstv. 1. þm. Húnv. (G. H.) mintist á, þá skal jeg geta þess, að mjer er ekki kunnugt um, að komið hafi til stjórnarráðsins kvartanir yfir því, að skipin hafa ekki komið við á Blönduósi og aðra verslunarstaði í Húnavatnssýslu. Jeg skal taka það fram, að jeg hefi ekki gjört neitt í því máli. En hvort fjelagið hafi gjört nokkuð, til að láta rannsaka, hvort skipin gætu komið þarna við, er mjer með öllu ókunnugt. En hvort fyrirrennari minn, háttv. þm. V.-Sk. (S. E.), hafi gjört nokkuð, getur hann betur sagt en jeg.

Sigurður Eggerz: Jeg man ekki, að í minni ráðherratíð kæmi fram nokkrar umkvartanir yfir atriðum þeim, sem háttv. þm. Húnv. (G. H.) mintist á, en vitaskuld er erfitt að muna nákvæmlega um öll slík smámál, þegar svo langt er liðið um. Úr því jeg er staðinn upp, þá skal jeg taka það fram, að jeg vissi ekki að fjelagið hækkaði farmgjöld, fyrr en jeg kom heim úr utanför minni í vetur. En strax og jeg varð þess áskynja, skrifaði stjórnarráðið fjelaginu það brjef, sem hæstv. ráðherra gat um, en þar er kvartað yfir hækkuninni og landinu geymdur sinn rjettur. En svar upp á þetta brjef var ókomið, er jeg ljet af stjórninni. Á ferð minni í Bergen í vetur kvartaði jeg yfir óreglu þeirri, sem þá var orðin á ferðum fjelagsins, en þá var ófriðnum gefin sök á óreglunni. Síðan hefir með símskeytum og á annan hátt verið kvartað yfir óreglunni á ferðunum. Hafði jeg hugsað mjer, ef jeg hefði farið í vor á konungsfund, að eiga þá tal við fjelagið og leitast við að koma betra skipulagi á málið. Að sjálfsögðu er það rjett hjá hæstv. ráðherra, að erfitt er við fjelagið að eiga, en jeg er líka að öllu leyti á sama máli, sem háttv. fyrirspyrjandi (M. Ó.) um það, að ferðir Björgvinjarfjelagsins hafi gefist mjög illa, og væri mjög æskilegt, ef hægt væri að koma rjettmætum sökum fram í málinu.

Pjetur Jónsson: Mjer er það fyllilega ljóst, að fjelagið hefir ekki haldið samningana, að því er flutningsgjaldið snertir. Samkvæmt 3. gr. samningsins áskilur fjelagið sjer rjett til þess að að breyta einstökum gjöldum. Samkvæmt því virðist enginn rjettur til þess, eins og fjelagið þó hefir gjört, að breyta öllum fargjöldum í einu, þannig, að færa þau upp um 25%. Nú vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. ráðherra, hvort það eru hinir einstöku viðskiftamenn, sem eiga sök á fjelaginu fyrir þetta, og verða þá að sækja það, eða það er landsstjórnin fyrir hönd landsmanna.

Ráðherra: Þessi spurning, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) leggur fyrir mig, er alveg lagalegs eðlis. Jeg skal játa, að hún kemur nokkuð flatt upp á mig, og jeg er ekki viðbúinn að svara henni. En eftir því, sem mjer kemur fyrir sjónir svona við fyrsta álit, þá tel jeg, að einstakir menn eigi eingöngu sök á hendur fjelaginu fyrir þann skaða, sem þeir hafa orðið fyrir, en hins vegar tel jeg víst, að landsstjórnin eigi sök á hendur fjelaginu, ef gæta á rjettar landsins í heild sinni.

Fyrirspyrjandi (Matth. Ólafsson): Þótt jeg sje vitanlega ekki lögfróður, þá get jeg ekki skilið annað en að einstakir menn eigi aðganginn að landsstjórninni, en að landsstjórnin eigi aftur aðgang að fjelaginu. Jeg skal svo láta úttalað um þetta mál; en vona, að landsstjórnin sjái sjer fært, er tímar líða, að jafna á fjelaginu fyrir alla þá rangsleitni, sem það hefir haft í frammi.

G.

Onnur mál.

I.

Kosningar.

1. Gætslustjóri Landsbankans.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. sept., var tekið fyrir, samkvæmt dagskránni

Kosning gætslustjóra Landsbankans fyrir tímabilið frá 1. júlí 1916 til 30. júní 1920.

Kosningu hlaut

Eiríkur prófessor *Briem*,

með 11 atkv.

Auk hans hlaut Vilhjálmur Briem pastor emer. 10 atkv. og 3 seðlar voru auðir.

2. Gætslustjóri Söfnunarsjóðsins.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. sept., var tekið fyrir, samkvæmt dagskránni

Kosning gætslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir tímabilið frá 1. janúar 1916 til 31. desember 1919.

Kosningu hlaut

Magnús landshöfðingi *Stephensen*

með 18 atkv.

Auk hans hlaut Vilhjálmur Briem pastor emer. 1 atkv. og 5 seðlar voru auðir.

II.

Starfsmenn þingsins.

Á 4. fundi í Nd., mánudaginn 12. júlí, skýrði forseti frá, áður til dagskrár væri gengið, að þessir starfsmenn þingsins væru þegar ráðnir:

1. Skrifstofustjóri:

Einar Þorkelsson.

2. Starfsmenn á skrifstofu:

Pjetur Magnússon,
Einar E. Hjörleifsson,
Helgi Salomonsson.

3. Innanþingsskrifarar:

Í neðri deild.

Vilmundur Jónsson,
Pjetur Lárusson,
Páll E. Ólason,
Andrjes Björnsson,
Skúli S. Thoroddsen,
Eiríkur Albertsson,
Tryggvi Hjörleifsson,
Baldur Sveinsson.

Í efri deild.

Árni Pálsson,
Pjetur Zóphoníasson,
Jón Ásbjörnsson,
Friðrik Jónasson,
Ragnar Hjörleifsson,
Páll Guðmundsson.

4. Gætslumaður á lestrarsal:

Halldór Kr. Ármannsson.

5. Aðrir gætslumenn:

Jónas Jónsson þinghússvörður,
Kristján Helgason pallavörður,
ljóss og elda,
Magnús Gunnarsson pallavörður.

6. Þingsveinar:

Ágúst Einarsson,
Hannes Valgarður Guðmundsson,
Hjálmar Bjarnason,
Bergur Jónsson,
Lárus Sigurbjörnsson.

III.

Símanot þingmanna.

A 7. fundi í Nd., fimtudaginn 15. júlí, tilkynti forseti, áður til dagskrár væri gengið, að forsetar hefðu ákveðið um símanot þingmanna það, sem hjer segir:

Utanbæjarþingmenn hafa leyfi til að nota landssímann á landssjóðs kostnað um þingtímann til símtals við heimili sitt, eða þá símastöð, sem næst er heimili þeirra. Gæta verða þeir þó þess, að tala frá einhverjum af þessum þrem stöðum:

1. Landssímastöðinni.
2. Þinghúsinu.
3. Frá bústað sínum hjer, ef þar er sími, og þó því að eins, að þeir segi Landssímastöðinni skýrt til nafns síns.

IV.

Þinghlje.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. ágúst, að lokinni dagskrá, mælti

Forseti: Áður er fundi lýkur vil jeg leyfa mjer að lesa upp skjal, er forsetum deildanna hefir borist, svo hljóðandi:

»Vjer skorum hjer með á deildarforseta Alþingis, að hafa þriggja daga (2 virka daga og 1 helgan) vinnuhlje á störfum þingsins um miðjan þingtímann, t. d. um næstu helgi. Flestir þingmenn hafa verið svo önnum kafnir við nefndarstörf, að slíkt hlje mundi verða mönnum eigi annað en *nauðsynleg* hvíld og ljetta störfin það, sem eftir er þingtímans.

Alþingi 3. ágúst 1915.

Sveinn Björnsson.
Hjörtur Snorrason.
Eggert Pálsson.
M. J. Kristjánsson.
Jón Magnússon.
H. Hafstein.
G. Eggerz.
Pjetur Jónsson.
Björn Kristjánsson.
Sigurður Gunnarsson.
Bjarni Jónsson frá Vogi.
Matth. Ólafsson.
Einar Arnórsson.
Einar Jónsson.
Skúli Thoroddsen.
Þorleifur Jónsson.
Jóhann Eyjólfsson.
Karl Einarsson.
M. Pjetursson.
Karl Finnbogason.
Benedikt Sveinsson.
Jón Þorkelsson.
Kristinn Daníelsson«.

Skjal þetta er undirritað 23 þingm., 18 í Nd. og 5 í Ed. Út af þessu skal þess getið, að við forsetarnir höfum tekið tjeða áskorun til athugunar, en ekki sjeð okkur fært að fullnægja henni, með því að við lítum svo á, að til þess að gjöra þinghlje í fleiri daga, án sjerstaks tilefnis, þurfi samþykki meiri hl. þingmanna í báðum deildum, en slíkt samþykki vantar, þar sem áskorunin er að eins undirskrifuð af 5 þingmönnum efri deildar.

V.

Þinglenging.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. ágúst, áður til dagskrár væri gengið, mælti

Forseti: Jeg skal geta þess, að nú eru liðnar 8 vikur síðan þing var sett, og með því að sýnilegt er, að þingið

þarf að eiga lengri setu, þá vil jeg skjóta því til hæstv. ráðherra, að hann leyfi að þingið verði framlengt um 10 daga, eða til 10. septbr., að þeim degi meðtöldum.

Leyfið var veitt, og var síðan gengið til dagskrár.

Á 56. fundi í Nd., föstudaginn 10. sept., áður til dagskrár væri gengið, mælti

Forseti: Með því að nú er liðinn sá tími, er þingið var framlengt um, og enn er ýmsum störfum þess ólokið, leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hæstv. ráðherra, að hann samkvæmt umboði frá Hans hátign konunginum vilji leyfa, að þingið verði fyrst um sinn framlengt til mánudags 13. sept.

Ráðherra: Samkvæmt umboði frá Hans hátign konunginum leyfi jeg mjer hjer með að framlengja þingið fyrst um sinn fram á næstkomanda mánudag 13. sept.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 13. sept., áður til dagskrár væri gengið, mælti

Forseti: Með því að nú er liðinn tími sá, er þingið var framlengt um, en það hefir enn eigi lokið störfum sínum, vil jeg mælast til þess við hæstv. ráðherra, að hann framlengi þingið enn um tvo daga, til næsta miðvikudags, að þeim degi meðtöldum.

Ráðherra: Út af tilmælum hæstv. forseta. skal jeg hjer með lýsa yfir því, að þingið er framlengt til miðvikudags 15. þ. m.

VI.

Þinglok neðri deildar.

Á 63. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. sept., mælti

Forseti: Áður en jeg slít þessum síðasta fundi deildarinnar á þessu þingi, finn jeg mjer skylt, að þakka öllum hv. þingmönnum fyrir góða samvinnu og sjerstaklega skrifurum deildarinnar fyrir ágæta aðstoð. Sömuleiðis vil jeg þakka starfsmönnum þingsins, og þá aðallega skrifstofustjóra, fyrir vel unnið starf.

Sigurður Gunnarsson: Um leið og vjer alþingismenn neðri deildar ljúkum fundum vorum á þessu þinngi, leyfi jeg mjer, sem elsti maður í deildinni, að færa hæstv. forseta vorum bestu þökk fyrir milda og viturlega fundar-

stjórn og óska honum í nafni vor allra giftusamlegrar farar heim í átthagana, heim í hjeraðið fagra, þar sem hann hefir skipað fremsta sætið í öllum þjóðþrifamálum, bæði ungur og gamall, og jafnan notið almenningstrausts.

Heill forseta vorum!

Þingmenn tóku undir þessi orð með því að standa upp.

Forseti: Jeg þakka fyrir þessi hlýju og fögru orð, og segi svo þessum síðasta fundi deildarinnar á þessu þingi slitið.